55.	1. Styrkur til kennara Þorvaldar Thóroddsens til jarðfræðisrannsókna og til að safna til jarðfræðislýsingar Íslands	1,000. »	1,000. »	2,000. »
		1888. kr. a.	1889. kr. a.	
56.	2. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi	600. » 200. »	600. » 200, »	800. » 800. » 1,600. »
57.	3. Styrkur til búfræðings Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit			240. » » 240. »
58.	4. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir örkina.....			172. 50. 165. » 337. 50.
59.	5. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 25 kr. fyrir örkina			600. » 600. » 1,200. »
60.	6. til þess að semja skrá yfir skjalasafn stiptsamtsins.....			500. » 100. » 600. »
				alls... 5,977. 50.

61. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 17. gr.

hafa gengið 1888.....	1,189 kr. 07 a.
1889.....	1,888 — 47 —
alls..	3,077 kr. 54 a.

62. Gjöld samkvæmt lögum, sem hafa öðlazt gildi á fjárhagstímabilinu sbr. 19. gr. fjárl., lög nr. 22 4. nóv. 1887 og lög nr. 3 3. maí 1889.

útborgað árið 1888.....	3,029 kr. 38 a.
— — 1889.....	1,660 — 74 —
alls...	4,690 kr. 12 a.

63. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum, og upp á væntanlega aukafjárveitingu sbr. fjáraukalög fyrir 1886 og 1887 4. nóvbr. 1887 og fyrir 1888 og 1889 28. október 1889.

hafa verið 1888	2,355 kr. 01 a.
1889	4,290 — 69 —
alls..	6,645 kr. 70 a.

Af því sem þannig hefur verið útborgað, er á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889 beðið um með aukafjárveitingu: 1. þóknun til hins núverandi prests til Hólma í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir þann tekjumissi, sem hann hefur beðið fardagaárið 1888—89 samkvæmt lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn 229 kr. 51 a.; 2. til að gefa út «Lovsamling for Island» 21 bindi, 776 kr. 25. a.

64. Tekjuhalli, sbr. fjárl. 18. gr.
Sbr. að framan: 22. lið.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1888 og 1889.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889, veitast 12,754 kr. 61 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við ýmisleg útgjöld í 10. gr. c. á fjárlögunum til umboðsstjórnarinnar o. fl. veitast:

1.	Til að gefa út »Lovsamling for Island« XXI. bindi	776 kr. 25 a.
2.	undir 5. lið b. til vegabóta á aðalpóstleiðunum	3,000 — 00 —
		3,776 kr. 25 a.

3. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til póststjórnarinnar veitist:

Undir 2. lið til póstflutninga árið 1888	3,429 kr.	15 a.
— 1889	4,139 —	37 —
Undir 3. lið til annara útgjalda:		
c. í fæðispeninga og ferðakostnað 1888	117 —	05 —
d. til prentunarkostnaðar 1889	664 —	10 —
e. til áhalda 1888	316 —	61 —
1889	82 —	57 —
	8,748 Kr.	85 a.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. fjárlaganna A. b, (önnur útgjöld) veitast 229 kr. 51 a. í uppbót handa núverandi presti Hólma prestakalls í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir tekjumissi þann, sem hann hefur beðið fardagaárið 1888—89 samkvæmt 16. gr. laga 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumennn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að því er snertir upphæðirnar í greinum frumvarpsins, má nægja að vísa til athugasemdanna í frumvarpi til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1888 og 1889 og til þess er landhöfðingi hefur svarað upp á athugasemdir endurskoðunarmanna reikningsins.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1890 og 1891.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 10,483 kr. 29 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

B. 3:	Til hegningarhússins: til þess að byggja steingarð um svæði það, sem föngunum er ætlað við hegningarhúsið	1,560 kr. » a.
C. 1:	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 — 33 —
C. 5. b:	Til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn	5,000 — „ —
C. 5. c:	Til fjallvega	2,589 — 96 —
	alls...	9,308 kr. 29 a.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

B. III. c. 4:	Til tímakennslu í hinum lærða skóla.....	588 kr. 60 a.
B. IV. b:	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu.....	500 — „ —
	alls...	1,088 kr. 60 a.

4. gr.

Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 86 kr. 40 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

A. Skíðgarðurinn kring um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem föngunum er ætlað, er orðinn svo fúinn og hrörlegur, að brýn nauðsyn er á, svo fljótt sem unnt er, að koma upp nýjum garði. og hefur því bæjarfógetinn í Reykjavík látið gjöra áætlanir um kostnað þann, sem þessu yrði samfara, bæði ef garðurinn yrði eins og áður byggður úr viðarplönkum og eins ef hann yrði hlaðinn úr grjóti. Trjágarður, 100 álna langur

og 4½ alin á hæð, mundi eptir áætlun þeirri, er fengin hefur verið, kosta 981 kr. Grjótgarð, steinlímdan úr kalki og cementi hafa 4 boðizt til þess að hlaða, einn fyrir 1,560 kr. og hefur bæjarfógetinn í Reykjavík mælt fram með, að því tilboði verði tekið, með því það sje aðgengilegt að því er bæði traustleika garðsins og verð snertir.

Það verður þannig um þriðjungi dýrara að hlaða garðinn úr grjóti en úr viði, en hinsvegar má álíta, að þó útgjöldin verði meiri í svipinn, þá muni það þó meir en borga sig, þá er fram líða stundir, vegna þess, að steingarður stendur miklu lengur; trjágarður sá sem nú er, hefur staðið í tæp 20 ár, og þó þurft eigi alllítilla aðgjörða við hin síðari árin, en steingarður mundi standa eins lengi og hegningarhúsið sjálft. Bæjarfógetinn hefur því lagt það til, og landshöfðingi fallizt á það, að garðurinn verði hlaðinn úr höggnu grjóti og steinlímdur með kalki og cementi, og samkvæmt þessu og með hið ofangreina tilboð fyrir augum, er hjer farið fram á, að 1,560 kr. verði veittar til þess að koma garðinum upp, er nauðsyn er á að gjört verði í sumar.

B. Þar sem farið er fram á að veita í viðbót 158 kr. 33 a. til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl., þá er það afleiðing af samning þeim, sem gjörður hefur verið við bóksala Sigfús Eymundsson um að takast á hendur sölu og útbýtingu tíðindanna, og sem hófst 1. júní f. á. og skal um þetta atriði vísað til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið. Eins og sjá má á því, er þar er tekið fram, er farið fram á veiting á allri fjárhæðinni til sendinga kostnaðar, 58 kr. 33 a. árið 1890 og 100 kr. 1891.

C. Samkvæmt verksamningnum um Ölvesárbrúna hvílir sú skylda á manni þeim, er að sjer tók brúargjörðina, að gjöra þá vegi, sem þörf er á að báðum endum brúarinnar, svo að hún verði aðgengileg beggjamegin árinnar. Hinsvegar verður nauðsynlegt á kostnað landssjóðs að leggja veg yfir um mýrlendið frá brúnni að aðalpóstveginum fyrir vestan ána undir Ingólfsfjalli, og er það á að gizka þriðjungur úr mílu. Telst svo til, að kostnaður af að leggja 6 álna breiðan akveg yfir þetta svæði verði 4 kr. fyrir faðminn, eða alls hjer um bil 5000 kr. fyrir hjer um bil 1300 faðma veg. En með því að þegar er búið að ráðstafa upphæð þeirri, sem veitt er fyrir yfirstandandi ár til aðgjörða á aðalpóstleiðunum, sbr. athugasemdirar við fjárlagafrumvarpið fyrir fjárhagstímabilið 1890—91, verður því aðeins hægt að leggja veg þennan í ár, að gjöra megi ráð fyrir, að upphæð sú sem til þess þarf, verði veitt stjórninni á fjáraukalögum. Stjórnin verður að telja það mjög æskilegt og áríðandi, að vegur þessi verði lagður um leið og brúin verður byggð í sumar, því að meðan hún stendur ekki í sambandi við póstleiðina, verður hún ekki að neinum verulegum notum fyrir umferðamenn.

D. Eins og sjá má á athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, var ætlazt til þess að upphæð þeirri, sem veitt yrði á fjárlögunum til fjallvega, yrði varið til þess að ljúka við veginn yfir Mosfellsheiði, þar sem eptir var að vinna á að gizka 2,000 faðma. En með því að reynslan hefur sýnt, að bæði er tímatöf af því og kostnaðarauki að flytja verkfólk og verkfæri frá Reykjavík til vinnustaðarins og þaðan aptur til Reykjavíkur, einkum ef vinnustaðurinn er, eins og hjer var ástatt, margar mílur frá Reykjavík, þótti hentugra vera að verja allri upphæðinni, sem veitt var fyrir fjárhagstímabilið til fjallvega, sumarið 1890, heldur en að skipta vinnunni niður á tvö ár, því við það sparaðist hálfur flutningskostnaður, og ferðamenn gátu auk þess haft full not af veginum einu ári fyr en annars hefði. Það tókst líka að ljúka við veginn í fyrra haust, en hinsvegar hefur allmikið gengið til hans fram yfir fjárupphæð þá, sem veitt var. Vegagjörðin sjálf kostaði hjer um bil 2 kr. 75 a. faðmurinn, eða alls 5,789 kr. 96 a., og getur það ekki talizt dýrt, þegar þess er gætt, að vegurinn er 6 álna breiður akvegur. En sökum þess, að umferðir eru einnig á vetrum eigi alllitlar yfir Mosfellsheiði, og að vegurinn er mjög villugjarn og snjóa leggur þar mikla, hefur auk þess verið nauðsynlegt að hlaða vörður á henni og byggja sæluhús á miðri heiðinni, sbr. lög um vegi 10. nóvember 1887 25. gr.

Útgjöldin til þessa hafa alls orðið.....	1,800 kr.	„ a.
Þegar þar við bætist útgjöldin við sjálfa vegagjörðina ...	5,789 —	96 —
verða útgjöldin alls.....	7,589 kr.	96 a.

svo að 2,589 kr. 96 a. hefur verið varið fram yfir fjárveitinguna til fjallvega fyrir fjárhagstímabilið, og er það þessi upphæð, sem beðið er um í viðbót. Að vörðurnar, sem eru 100 að tölu, hafa orðið svo dýrar, kemur til af því, að af því snjó leggur svo djúpan á heiðina á vetrum, varð að hafa vörðurnar 5 álnir á hæð frá jörðu, og því láta þær standa á föstu undirlagi, en til þess varð að grafa stundum 2—3 álnir djúpt niður; þar við bætist einnig, að vörðurnar eru mjög traustlega hlaðnar, sumpart úr klofnu eða höggnu grjóti.

Eptir áliti landshöfðingja má samt sem áður með sannindum segja, að landssjóður hafi sparað ekki alllítið fje með því að ljúka við vegagjörðina með vörðum og sæluhúsi á einu sumri, heldur en að skipta því niður á fleiri ár.

Við 3. gr.

A. Samkvæmt beiðni, er rektor við hinn lærða skóla, stiptsyfirvöldin og landshöfðinginn höfðu gefið sín beztu meðmæli, leyfði stjórnarráðið, að kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, Björn Jensson, er sökum alvarlegrar taugaveiklunar hafði orðið í janúarmánuði f. á. að fá lausn frá embættisstörfum sínum það sem eptir var skólaársins 1889—90, til þess í nokkurn tíma að geta lifað í kyrrð og ró, mætti vera laus við að greiða gjöld þau, sem nauðsynleg voru til tímakennslu í kennslugreinum hans í skólanum, með því að hann var eigi svo efnum búinn, að hann væri fær um sjálfur að borga mann í sinn stað, og það því síður, sem hann eptir ráði læknis síns varð að takast á hendur ferð til Kaupmannahafnar til þess að leita sjer læknishjálpar; auk þess leyfði stjórnin, að gjöld þessi mætti greiða upp á væntanlega aukafjárveitingu af upphæð þeirri, sem veitt er í 13. gr. B.III. c. 4 á fjárlögunum til tímakennslu við hinn lærða skóla.

Björn kennari Jensson fjekk að vísu nokkra heilsubót með veru sinni í Kaupmannahöfn, en varð þó eptir skipun hlutaðeigandi læknis enn að forðast áreynslu, og hefur því orðið að takmarka kennslutíma sína við hinn lærða skóla, skólaárið 1890—91, þannig, að hann fyrstu mánuðina hefur aðeins kennt hjer um bil 7 tíma í viku, en hina tíma hans hafa annazt tímakennarar eptir samþykki stiptsyfirvaldanna; hann sótti því á ný í október næstkomandi f. á. um að mega vera framvegis undanþeginn því fyrst um sinn að borga kostnað af tímakennslunni, og fylgdu því meðmæli skólastjóra, stiptsyfirvalda og landshöfðingja, og veitti sjórnin það á sama hátt og áður til 1. janúar þ. á. Loks hefur stjórnarráðið eptir tillögum nefndra yfirvalda með brjefi 17. apríl þ. á. enn á ný veitt Birni Jenssyni hina sömu undanþágu fyrir þann tíma, sem eptir er af skólaárinu 1890—91, hefur hann að vísu, eptir því, sem á leið veturinn, sjeð sig færann um að fjölga kennslustundum sínum upp í 12 á viku hverri, en hefur þó enn eigi fengið aptur fulla heilsu. Það verður ekki enn þá skýrt frá því, hve mikil gjöldin verða 1891, en útgjöldin til tímakennslu í kennslugreinum Björns kennara skólaárið 1889—90 og mánuðina október til desember skólaárið 1890—91 hafa orðið 588 kr. 60, sem tilgreint er í frumvarpi þessu. Við umræðurnar um það mun landshöfðingi hins vegar koma fram með breytingartillögu til veitingar á upphæð þeirri, er gengið hefur til stundakennslunnar á þessu ári.

B. Skólastjórinn á Möðruvöllum hefur skýrt frá, að í fyrra haust hafi orðið vart við svamp í timburgólfinu í tveimur bekkjaherbergjum skólans. Með því skólastarfið þá var byrjað, var ekki hægt að bæta úr þessu þá þegar, en af því að gólfin í báðum herbergjunum eru meira eða minna fúin, er nauðsyn á, að þau sjeu rifin upp í vor, undir eins og skólanum er lokið, og ný góif lögð, þar eð annars má óttast, að svampurinn sem eptir greindri skýrslu enn eigi mun hafa náð veggjunum, annars valdi meiru tjóni.

Skólastjóri hefur enn fremur skýrt frá, að heppilegast væri, að veggirnir í ofangreindum tveimur bekkjaherbergjum yrðu þiljaðir innan með borðum $2^1/_2$ alin á hæð, því að herbergin eru svo mjó, að skólaborðin verða að standa upp við annan vegginn og þó er eigi nema þröngur gangur hinum meginn, þetta veldur því, að iðuglega hrynur kalkið úr veggjunum, og það þó allrar varúðar sje gætt.

Það er talið að kostnaður við báðar þessar aðgjörðir verði hjer um bil 500 kr.; og verður hann auðvitað ekki greiddur af hinni vanalegu fjárveitingu, sem veitt er til viðhalds skólahúsinu, því það eru aðeins 200 kr. árlega; það er því farið fram á, að hin umrædda upphæð til aðgjörðanna verði veitt stjórninni á fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár. Með samþykki stjórnarráðsins verður byrjað að bæta gólfin undir eins og skólaárið er á enda.

Við 4. gr.

Eptir að stjórnarráðið hafði úrskurðað í brjefi 21. ágúst 1886 (sjá stjórnartíðindin fyrir 1886 B deild bls. 126), að hinn svokallaði Brama-lífs-elixír eigi gæti talizt til „áfengra drykkja“ sem um ræðir í lögum 7. nóvbr. 1879, og útflutningsgjald ber af að greiða, barst stjórninni í fyrra haust erindi frá Tulinius kaupmanni á Eskifirði, um að fá endurgoldið aðflutningsgjald af Brama-lífs-elixír, er hann hafði verið krafinn um, og hann borgað á árunum 1881—87, og var það að upphæð alls 86 kr. 40 au. Eptir hyggju stjórnarinnar á beiðandinn, hvernig sem á er litið, heimtingu á að fá endurborgað það, sem hann hefur greitt, eptir að úrskurður stjórnarráðsins fjell, og yfir höfuð að tala virðist það eptir atvikum sanngjarnt, að öll upphæðin verði endurborguð, og er því farið fram á heimild til þess í þessari grein.

Frumvarp til laga

um

að íslenzk lög verði eptirleiðis aðeins gefin á íslenzku.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Eptirleiðis skulu lög þau, sem alþingi hefur samþykkt, og konungur staðfestir einungis vera með íslenzkum texta.

2. gr.

Um leið og lög verða staðfest, annast stjórnarráðið fyrir Ísland um opinbera þýðingu á þeim á dönsku og löggildir hana; skal hún almenningi birt í konungsríkinu á þann hátt, sem þar tíðkast um birtingar laga. Þurfi danskir dómstólar og stjórnarvöld að beita lögunum, má byggja á þýðingu þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1892.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu:

Lagafrumvarp þetta er lagt fyrir alþingi til þess að verða við áskorunum í tveimur þingsályktunum frá 1887 og 1889 til ráðgjafans fyrir Ísland, er fara fram á, að hann hlutist til um, að lög alþingis verði hjeðan af ekki staðfest af konungi nema í íslenzkum texta.

Það sem stjórninni hlaut að þykja viðsjárverðast við að breyta hinum gildandi lögum, sem fyrirskipa tvo jafnhliða lagatexta, íslenzkan og danskan, var það, að hæztirjettur er æðsti dómstóll í íslenzkum málum. En hæztirjettur hefur útaf fyrirspurn um þetta atriði, lýst yfir því, að hann fyrir sitt leyti sjái eigi næga ástæðu til þess, að mæla á móti óskum alþingis, svo framarlega sem nægilega löggilt dönsk þýðing verði gefin út af lögunum; og að því er snertir hin önnur tormerki á þessu, er stafa frá hlutdeild konungs, ríkisráðs og ráðgjafa í útgáfu íslenzkra laga og framkvæmd þeirra, þá hafa þau eigi þótt vera eins þýðingarmikil, og hefur því stjórnin álitið, að hún gæti gengið að þeirri tilhögun á þessu framvegis, sem farið er fram á.

En eins og hæztirjettur hefur tekið fram, verður það að vera hreint og beint skilyrði fyrir þessu, að um leið og lögin verða staðfest, komi í stað hins núverandi danska lagatexta dönsk þýðing laganna, er hafi það gildi, að stjórnarvöld og dómstólar, bæði þau, er sameiginleg eru fyrir allt ríkið, og þau er sjerstök eru fyrir konungsríkið, geti byggt á henni, þá er beita skal lögunum, án þess að rannsaka, hvort hún sje rjett eða eigi. En til þess að koma á fót þeirri tilhögun, er heimili stjórninni að veita hinum umræddu þýðingum slíkt opinbert gildi, og til þess yfir höfuð að gjöra svo mikilsvarðandi breytingu á hinni núgildandi lagaskipun samkvæmt konungsúrskurði 27. maí 1859, sem hjer er farið fram á, þarf eftir byggju stjórnarinnar hlutdeild löggjafarvaldsins; og skal í sambandi við það, er hjer er sagt, geta þess, að stjórnin hefur einu sinni áður farið fram á breytingu á hinum núgildandi ákvæðum um tilbúning lagatextanna, og var það í frumvarpi til laga um þingsköp fyrir alþingi, sem árið 1875 var lagt fyrir hið fyrsta löggefandi alþingi, en sú uppástunga varð árangurslaus.

Að því er snertir einstök atriði í lagafrumvarpi því, sem samkvæmt þessu hefur verið samið, skal þess einungis getið, að rjettast hefur þótt, að fela ráðaneytinu fyrir Ísland bæði að annast um sjálfa þýðinguna og löggildingu hennar; og að því er snertir hina lagalegu þýðingu löggildingarinnar, þá hefur landshöfðingi lagt það til, er álits hans hefur leitað verið um málið, að þær líkur, sem löggildingin veitir fyrir því, að hinar opinberu lagaþýðingar sjeu rjettar, skuli eigi látnar vera svo sterkar að jafngildi fullri sönnun, er eigi verði mótmælt; og hefur þessari tillögu verið fylgt. Menn munu verða að kannast við, að ef þýðingarnar eiga að geta fyllt skarð hinna dönsku lagatexta, svo að nokkurnveginn megi við una, verði staðfesting þeirra að hafa að minnsta kosti svo mikið gildi og það, er hjer er farið fram á.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla.

(Lagt fyrir alþingi 1891)

1. gr.

Borgar prestakall í Mýraprófastsdæmi skal vera Borgar og Alptanessóknir.

2. gr.

Staðarhrauns prestakall í sama prófastsdæmi skal vera Staðarhrauns og Alptartungu sóknir. Frá þessu prestakalli greiðast 400 kr. árlega í landssjóð.

3. gr.

Hítarnes prestakall skal vera Kolbeinsstaða, Akra og Hjörtseyjarsóknir.

4. gr.

Miklaholts prestakall í Snæfellsnesprófastsdæmi skal vera Miklaholts og Rauðamels sóknir.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Með lögum um skipun prestakalla 27. febrúar 1880 1. gr. nr. 62—64, var sú skipun gjörð um hin þáverandi Borgar- Staðarhrauns og Hítarnesþinga prestaköll, að hið síðastnefnda brauð skyldi leggja, niður þannig að Krossholts og Kolbeinsstaða sóknir skyldi leggja undir Miklaholts prestakall, en Akra og Hjörtseyjar sóknir undir Staðarhrauns prestakall, en hinsvegar skyldi Álptartungusókn hverfa frá því brauði undir Borgarprestakall, og skyldu breytingar þessar komast á eptir því sem brauðin losnuðu eptir 2. gr. laganna. Frá hinum nýju Staðarhrauns og Miklaholts prestaköllum skyldi árlega greiða í landssjóð 500 kr. frá hinu fyrra og 400 kr. frá hinu síðara.

Þegar því hin fyrstu af ofangreindum prestaköllum, sem laus urðu, voru veitt, var prestunum gjört að skilyrði að sætta sig við þær breytingar, sem kynnu að verða gjörðar á stærð og launum kallanna, og þá er hið síðasta af brauðunum, Staðarhraun varð laust í júním. f. á. gat hin lögboðna skipun þannig að fullu komizt á. Þess skal getið, að tvær af kirkjunum, Krossholts og Hítardals kirkjur, höfðu áður verið lagðar niður árin 1882 og 1884, og sóknir þær, sem að þeim lágu sameinaðar hin fyrri að nokkru leyti við Kolbeinsstaðasókn, og að nokkru leyti við Akrasókn, og hin síðari við Staðarhraunssókn.

En frá hlutaðeigandi kirkjuvöldum hafði stjórninni borizt það, að mikil og almenn óánægja væri meðal sóknarbúa yfir hinni fyrirhuguðu breytingu, og að það væri ósk þeirra, að hin eldri skipun mætti haldast; stjórnarráðið fyrir Ísland gaf því samþykki sitt til þess eptir tillögum landshöfðingja, að frestað yrði fyrst um sinn að koma skipuninni á, og skyldi Staðarhrauns prestakalli fyrst um sinn verða þjónað af settum presti, og hlutaðeigandi söfnuðum og prestum gefið færi á að ræða málið á safnaðarfundum og hjeraðsfundi, og því næst koma fram með mótbárur sínar og bænarskrár.

Í flestum sóknum þeim, sem hjer er um að ræða, hafa síðan verið haldnir safn-

aðarfundir, og málið verið rætt á þeim og til atkvæða gengið, einnig hefur málið verið rætt á hjeraðsfundi í Mýraprófastsdæmi, sem haldinn var í næstl. septemberm.

Frá Akra og Hjörtseyjar sóknum hefur ekkert álit komið, en á nálega öllum öðrum safnaðarfundum hefur það verið hjer um bil samhuga álit manna að mæla á móti því að skipun sú, sem ákveðin er í lögunum 27. febrúar 1880 sje framkvæmd, en mæla með því, að hin eldri skipun, sem hingað til hefur verið, haldist, svo framarlega sem það fáist ekki, að hver hreppur verði gjörður að sjerstöku prestakalli. Einungis á einum safnaðarfundi, sem sje fyrir Álptanessókn, urðu önnur úrslit málsins, því þar var með atkvæðafjölda samþykkt að láta í ljósi, að sameining Álptartungusóknar og Borgarprestakalls yrði að álítast æskileg. Á hjeraðsfundi Mýraprófastsdæmis var með 10 atkvæðum gegn 2 gjörð fundarsamþykkt, er fór fram á, að æskilegt væri, að lögunum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla yrði breytt þannig, að hin eldri skipun á Staðarhrauns, Hítarnes og Borgar prestaköllum hjeldist óbreytt. Á sama máli eru prestarnir í Borgar og Miklaholts prestaköllum og prófasturinn í Mýraprófastsdæmi, en hins vegar hefur presturinn til Hítarnesþinga hvorki sagt af eða á um málið.

Þareð svo almenn óánægja með skipun þá, sem ákveðin er með lögunum frá 1880, hefur komið fram, hafa stiptsyfirvöldin lagt það til að reynt yrði að koma fram lögum sama efnis og lagafrumvarp þetta. Stiptsyfirvöldin hafa í því efni skýrt frá, að bæði yrði Borgar en þó einkum Miklaholts prestakall of stór um sig, og of örðugt að þjóna þeim, ef þau yrðu stækkuð svo mjög sem farið er fram á í optnefnum lögum. Miklaholts prestakall nær nú yfir 2 sóknir með 38 bæjum og 234 sóknarmönnum og er um 3 mílur á lengd mest úr einu horni í annað, en yrði Kolbeinsstaðasókn sameinuð því mundu 65 bæir verða í brauðinu og sóknarmenn 433 á svæði, er væri hjer um bil 5 mílna langt, og auk þess mundu þá tvær stórar ár, Haffjarðará og Straumfjarðará, sem báðar eru örðugar yfirferðar og ástundum ófærar, verða innan endimarka prestakallsins. Borgar prestakall er nú tvær sóknir með 45 bæjum og 522 sóknarbúum. það er, eins og það nú er, mjög víðáttu mikið, og vegir víða hvar mjög illir umferðar. Ef Álptartungusókn yrði bætt við, yrðu 57 bæir og 640 sóknarmenn í hinum þremur sóknum brauðsins, og mundi það verða um 4 mílur bæði á breidd og lengd. Að því er hið fyrirhugaða Staðarhrauns prestakall snertir, er það álit stiptsyfirvaldanna, að það í rauninni yrði ekki öllu örðugra en Hítarnesþing eru nú, því það mundi verða 3 sóknir með 40 bæjum og 354 sóknarmönnum, en Hítarnesþing eru nú 3 sóknir með 52 bæjum og 434 íbúum; en hinsvegar mundi leiðin frá Staðarhrauni til annexíukirkjunnar í Hjörtsey þó verða óhæfilega löng og auk þess þeim erfiðleikum bundin, að nota yrði ferju. Stiptsyfirvöldin álíta því, að skipun sú, sem sett er í lögunum 1880 um tjeð prestaköll sjeu mjög óhentug og jafnvel ekki takandi í mál. Að sönnu verður landssjóður fyrir tekjuhalla, ef þessi skipun ekki kemst á, en hinni eldri haldið, því ekki verður Miklaholts prestakalli, eins og það nú er, gjört að skyldu að greiða neitt í landssjóð, og Staðarhraun, sem verður að láta af hendi allmikil eptirlaun til uppgjafaprestsins, verður ekki nú sem stendur fært um að greiða hærra ársgjald en 400 kr. En eptir áliti stiptsyfirvaldanna getur þessi tekjuhalli, sem er mjög óverulegur fyrir landssjóð, ekki komið til greina gagnvart þeirri krðfu, sem söfnuðirnir eiga á að fá nægilega og ekki of örðuga prestsþjónustu.

Landshöfðingi hefur einnig látið í ljósi, að skipun sú, sem ákveðin er í lögum 27. febrúar 1880, sje mjög óhentug og gagnstæð kirkjulegum þörfum safnaðanna, og hefur hann að öllu leyti fallizt á tillögur stiptsyfirvaldanna um málið; stjórnin hefur einnig samkvæmt þessu orðið að fallast á ofangreindar tillögur, og er lagafrumvarp þetta samið eptir þeim.

Frumvarp til laga

um

skipun dýralækna á Íslandi.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Á Íslandi skal skipa 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og annn í Norður- og Austuramtinu. Landshöfðingi skipar þá og ákveður um bústað þeirra, er hann hefur fengið tillögur um það frá hlutaðeigandi amtsráði.

2. gr.

Hverjum dýralækni skal veita 1200 kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landssjóði.

3. gr.

Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera honum í fæðispeninga 4 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi. Þar að auki skal honum endurgoldinn ferðakostnaður eptir ákvörðun amtmanns. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. gr.

Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er þeirra hefur beiðzt, borga hina sömu fæðispeninga og goldnir eru fyrir ferðir í þarfir hins opinbera; þar að auki skal sá, sem hefur beiðzt ferðarinnar, leggja dýralækni til fararbeina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. gr.

Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi semur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu:

Frumvarp þetta er að einni breytingu undanskilinni, sem síðar skal minnst á, samhljóða frumvarpi því um dýralækna, sem stjórnin ljet leggja fyrir alþingi 1877, en fellt var í efri deild. Um leið og að öðru leyti skal skýrskotað til athugasemda þeirra, sem fylgdu því frumvarpi, skal hjer einungis skýrt frá því, hversvegna frumvarpið nú er lagt aptur fyrir þingið.

Það hefur um langan aldur verið þörf á þeim mönnum á Íslandi, er bæru skyn á dýralækningar og meðferð á skepnum, og sem því væri hægt að leita ráða og hjálpar hjá, bæði ef næmir sjúkdómar hjá húsdýrunum kynnu að bera að höndum og svo einnig til þess að kenna mönnum skynsamlega meðferð og rækt á þeim. Þetta var einnig játað af nálega öllum við umræðurnar um hið ofangreinda frumvarp. Á þeim árum, sem liðin eru frá 1877, hefur útflutningur á lifandi fje farið mjög svo í vöxt, og þörfin á dýralæknum því enn brýnni nú en áður. Meðan enga dýralækningahjálp er að fá, er mjög svo hætt við, að þessi útflutningur, sem hefur svo afarmikla þýðingu fyrir helzta atvinnuveg

landsins, kvikfjárræktina, verði stöðvaður með influtningsbanni frá löndum þeim, sem fjeð er nú flutt til, undir eins og það frjettist eða kvisaðist, þótt ósatt reyndist, að næmur sjúkdómur á fje væri kominn upp og reynzlan hefur nógsamlega sýnt, að það er mjög örðugt að fá slíkt bann aptur kallað. Bæði vegna þess, hve nauðsynlegt það er, að gjörðar sjeu svo fljótt sem verða má, öflugar ráðstafanir gegn farsóttum er fyrir kunna að koma, einkum á kvikfje, og svo hins vegna, hve mikils það er um vert, að fullnægjandi eptirlit sje haft með heilbrigðisástandi þess fjár, sem út er flutt, og að nægileg heilbrigðisvottorð sjeu látin fylgja, þegar sá grunur leikur á, að fjárpest sje uppi, eður og gefin tryggjandi vottorð um það, að engin slík sýki sje á ferðum, ef svo er, er það því einkaráríðandi, að menn er beri skyn á dýralækningar sjeu fyrir hendi, svo að valdsmenn á hverjum stað geti fullnægt framantöldum kröfum.

En eptir því sem ástatt er á Íslandi, má því að eins búast við, að þessi hjálp fáist, að skipaðir sjeu fastlaunaðir dýralæknar.

Í lagafrumvarpinu 1877 var farið fram á að skipa 4 dýralækna, sem reyndar í sjálfu sjer er of lítið til þess, að allir hlutar landsins geti haft full not af hinni fyrirhuguðu ráðstöfun, og þetta á sjer eðlilega því fremur stað, ef skipaðir verða að eins 2 dýralæknar, eins og hjer er farið fram á. En þrátt fyrir þetta hefur stjórnin þó í samkvæmni við tillögur um það frá landshöfðingja álitið, að eigi væri vert að fara fram á meira fyrst um sinn. Hefur að einu leytinu verið haft tillit til þeirra mótmæla, að því er snertir kostnaðarhlið málsins, er haldið var fram af ýmsum og ákaft við umræðurnar í efri deild 1877, — enda þótt stjórnin fyrir sitt leyti geti eigi talið þetta kostnaðaratriði svo þýðingarmikið, þegar litið er til þeirrar nauðsynjar, sem hjer er um að ræða, — og að hinu leytinu þótti mega telja það víst, að þó ekki verði skipaðir fleiri en tveir dýralæknar, mundu þeir þó í flestum tilfellum geta gjört mikið gagn, og bætt úr hinni brýnustu þörf, bæði með því að vera leiðbeinandi fyrir valdsmenn og tryggjandi gagnvart útlöndum sem dýralækningafróðir menn og gætu því næst komið að góðu haldi, þá er bæla skyldi niður farsóttir, hvar sem þær kynnu að koma fram í landinu, þar sem hlutaðeigandi yfirvald þá gæti sent þá þangað, undir eins og þeim bærist fregn um pestina, og loks kennt mönnum skynsamlega meðferð og rækt á helztu húsdýrum landsins.

Ætlast er til að annar af hinum fyrirhuguðu dýralæknum sje í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu.

Frumvarp til laga

um

lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaða prestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

200 króna gjald það, sem greiða skal árlega í landssjóð frá Höskuldsstaða prestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi samkvæmt lögum 4. nóvember 1881 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, fellur niður.

2. gr.

Sá hluti eptirlaunanna til hins núverandi uppgjafaprests í hinu fyrverandi Höskuldsstaða prestakalli, er greiða skal af tekjum brauðsins samkvæmt lögum um eptirlaun presta 27. febrúar 1880 6. gr., skal greiðast úr landssjóði frá fardögum 1891.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sameining Holtastaða og Höskuldsstaða sókna í Húnavatnsprófastsdæmi, er ákveðin er í lögum 4. nóvember 1881 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, komst á frá fardögum 1890, þá er þáverandi prestur til Höskuldsstaða prestakalls fjekk lausn. En það hefur hingað til eigi verið hægt að fá prest í hið sameinaða brauð, og orsökin til þess er, eptir því sem bæði landshöfðingi og stiptsyfirvöldin hafa skýrt frá, sú tekjurýrnun, sem orðið hefur á brauðinu hin síðari árin, og sem er svo mikil að ætla má, að tekjurnar sjeu nú orðnar minni en svo að hægt sje að lifa á þeim. Tekjur hins sameinaða brauðs eru í brauðamatinu fyrir Ísland 3. okt. 1884, taldar 1562 kr. 92 aur., og tekjurnar af Höskuldsstaðabrauði sjer 1348 kr. 63 aur. En samkvæmt staðfestri skýrslu, sem samin var, þá er ákveða átti eptirlaun hins síðasta prests í Höskuldsstaðabrauði, hafa tekjur þeirrar sóknar, minnkað mjög mikið, sökum hinna miklu mannflutninga til Vesturheims, sem hafa átt sjer stað hin síðari árin, grasbrests og manndruknunar; en þetta hefur orðið til þess, að kirkjujarðirnar hafa eigi orðið seldar á leigu, kúgildin hafa fallið, álag jarðanna tapast, og fátækt sóknarmanna farið mjög vaxandi. Að undanskildum aukatekjum, sem eru mjög lítilfjörlegar, hafa því tekjur Höskuldsstaða sóknar hin 5 síðustu árin einungis numið:

árið $18^{84}/_{85}$	1198 kr.	48 au.
— $18^{85}/_{86}$	1155 —	57 —
— $18^{86}/_{87}$	1094 —	70 —
— $18^{87}/_{88}$	781 —	52 —
— $18^{88}/_{89}$	655 —	98 —

Í skýrslu, sem hinn síðasti prestur í brauðinu hefur látið birta, eru þar að auki 143 krónur dregnar frá tekjunum fyrir hið síðast tilgreinda ár, sökum þess að þær hafa reynzt ófáanlegar, svo að tekjurnar af brauðinu það ár hafa alls að aukatekjunum meðtöldum, en frátöldum eptirlaunum til prestsekkju að upphæð 62 kr., er á brauðinu hvíla, numið aðeins 473 kr. Að vísu má nú gjöra ráð fyrir því, að hinu sameinaða brauði bætist tekjur nokkrar úr Holtastaða sókn, en prófastur telur þær þó eigi meiri en rúmar 200 kr. á ári, en hins vegar á að greiða árlega í landssjóð 200 krónur frá hinu sameinaða prestakalli samkvæmt lögum 4. nóv. 1881, og þar við bætist, að samkvæmt 6. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um eptirlaun presta, á að greiða nokkurn hluta af eptirlaunum uppgjafaprestsins af tekjum brauðsins, en það eru þær 148 kr. 63 au., sem tekjur hins fyrverandi Höskuldsstaða brauðs eptir brauðamatinn frá 1884 voru fram yfir 1200 kr.; það sjest því, að eins og nú stendur, má ekki gjöra ráð fyrir hærri árslaunum til prestsins í brauðinu en liðugum 300 krónum. Að vísu er nú líklegt, að efnahagur sóknarmanna fari nokkuð batnandi aptur smátt og smátt, en þó ráð sje gjört fyrir því, sem bezt má verða, má þó eigi búast við svo snöggum umskiptum, að það yrði varið að draga þangað til ráðstafanir til þess, að optnefnd brauð geti aptur fengið sjerstakan prest. Að láta nágrannaprestana þjóna brauðinu, má í sjálfu sjer telja miður hentugt fyrir alla þá, er hlut eiga að máli, og væri það, eptir því sem

stiptsyfirvöldin hafa skýrt frá, sjerstökum vandkvæðum bundið í þessu tilfelli, einkum að því er snertir Höskuldsstaða sókn, er mjög erfitt yrði að veita þjónustu frá öðru brauði.

Samkvæmt tillögum hjer að lútandi frá hjeraðsfundi í Húnavatnsprófastsdæmi, er haldinn var á síðastliðnu hausti, og sem prófastur, stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa fallizt á, hefur stjórnin því talið sjer skylt að leggja fyrir alþingi frumvarp um, að ársgreiðsla sú til landssjóðs, sem hvílir á optnefndu brauði eptir 3. gr. laga 4. nóv. 1881 sje framvegis felld niður, og að landssjóður takist á hendur að greiða þann hluta af eptirlaunum uppgjafaprestsins, er hvílir á brauðinu Ef brauðið verður losað við þessi tvenn gjöld, verða tekjur þess svo miklar, að líklegt er að prestur geti lifað á þeim, en verða þó eigi meiri en svo, að æskilegt væri að orðið gæti enn meiri. Það hefur því ekki verið farið fram á, að leysa brauðið frá ársgjaldinu til landssjóðs aðeins um stundarsakir, því að líklegt er, að það þurfi jafnan á þeirri undanþágu að halda. En aptur á móti hefur þótt mega gjöra ráð fyrir, að hagur brauðsins fari svo batnandi, að það geti borið eptirlaun til uppgjafapresta, er síðar kunna að koma.

Að endingu skal þess getið, að uppástungan um, að landssjóður taki á sig að greiða öll eptirlaunin frá fardögum 1891, er sett fram eptir ósk landshöfðingja, og er sú ósk byggð á því, að þá yrði ef til vill hægt að fá prest í brauðið þegar á næstkomandi hausti.

Frumvarp til laga

um

bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

Akvæðin í lögum 9. ágúst 1889 um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. skulu einnig ná til þeirra, en hjer á landi búa til eða útbreiða eða flytja til landsins þá hluti, sem að lögun og annari gerð eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum frímerkjum og öðrum póstgjaldsmiðum.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu:

Á póstsamkomu þeirri, sem haldin var í Lissabon í febrúarmánuði 1885, var eptir uppástungu hinnar frönsku póststjórnar rætt um það af póststjórnum þeim, er tóku þátt í samkomunni, hvernig hægt væri að koma í veg fyrir þau vandkvæði, er hlotizt gæti af tilbúning þeim og sölu á hlutum, er líkjast frímerkjum, sem sannazt hafði að ætti sjer stað í ýmsum löndum. Því að það gat eigi dulizt mönnum, að slík iðja væri eigi einungis hættuleg að því leyti, sem hún hreint og beint gæti farið fram á að búa til og útbreiða falsaða póstgjaldsmiða, en þótt svo aldrei væri, að svik byggju undir, en tilgangurinn væri að eins, að búa til verzlunarvöru úr miðum, til að klína þeim á öskjur, pappír

eða hafa þá í frímerkjabækur eða nota á annan líkan hátt, þá gæti það þó leitt til þess, að óreyndir eða lítt vandaðir menn notuðu þessa muni sem frímerki. Í ýmsum ríkjum hafði það sannazt, að glæpir höfðu verið drýgðir með því sviksamlega að nota miða, er líktust frímerkjum, sem frímerki, og hlutaðeigandi stjórnarvöld höfðu einnig í hyggju, að fá lagaheimild fyrir því, að banna að búa til og selja þesshátt ar muni, þar sem slíkt væri eigi þegar bannað í lögum. En við því var að búast, að tilgangnum með þessum ráðstöfunum yrði eigi náð til fulls, nema hin ýmsu ríki yrðu samtaka í þessu, og við umræður þær á póstsamkomunni í Lissabon, er getið hefur verið um, var því gjörð ályktun er laut að því, að ríki þau, er væru í allsherjarpóstsambandinu, skyldu aðstoða hvert annað til þess að koma í veg fyrir vandræði þau, er hjer ræðir um.

Að vísu eru engar upplýsingar komnar fram um það, að neinir þvílíkir hlutir, sem hjer er um að ræða, hafi verið útbreiddir á Íslandi, og enn síður að þeir hafi verið notaðir þar á sviksamlegan hátt. En bæði vegna hættunnar, einkum ef slíkt næði mikilli útbreiðslu, og svo með sjerstöku tilliti til þess, er gjört er ráð fyrir í ályktun Lissabonfundarins, að ríkin verði samtaka í, að reisa rönd við þeim vandræðum, er ræðir um, og sem meðal annars hefur leitt til, að lög um eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða hafa komið út fyrir Danmörku 9. des. 1889, verður að álíta það rjett, að sú rjettarbót verði einnig gjörð á Íslandi, að það skuli varða við lög að flytja til landsins eptirstælda póstgjaldsmiða, og að búa þá til þar eða hafa þá til sölu, enda þótt þetta eigi sje gjört í sviksamlegum tilgangi.

Í þessu skyni er lagafrumvarp þetta lagt fyrir þingið, og þar sem lagaheimild er fengin með lögum 9. ágúst 1889 fyrir því að banna á Íslandi eptirstæling peninga og peningaseðla, er það sökum þeirrar líkingar, sem að því leyti, er hjer ræðir um, er á milli frímerkja og peninga, samiðsvo, eins og líka hin áðurgreindu lög fyrir Danmörku 9. desbr. 1889 gjöra, að beinlínis er farið fram á að láta bann það, sem er í lögum 9. ágúst 1889 ná til eptirstælingar á íslenzkum, dönskum og útlendum frímerkjum og öðrum póstgjaldsmiðum.

Frumvarp til laga

um

þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Ef manni er stefnt í dóm til þess að bera vitni í sakamáli eða almennu lögreglumáli, og ætla má, að hann bíði tekjutjón af burtveru sinni frá heimilinu, og dómara þykir eptir öllum efnahag hans ástæða til þess, að honum sje bætt tjón þetta, þá má hann veita honum 1 krónu í þóknun, hafi hann eigi tafizt fulla 4 tíma af rjettarhaldinu, en að öðrum kosti 2 kr. fyrir hvern dag, er hann mætir í dómi.

þurfi hann að ferðast meir en mílu vegar til að ná á dómstaðinn, á hann heimting á 50 aurum í ferðakostnað fyrir hverja mílu vegar, er hann fer fram og aptur.

2. gr.

Borgun skal greidd úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr, og greiðir dómarinn vitninu hana þegar eptir að yfirheyrzlunni er lokið; skal borgunar getið í þingbókinni og kemur það í stað viðurkenningar af hans hálfu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með því ætla má, að á Íslandi sje þörf á líkum lagaákvæðum og þeim, sem eru í lögum fyrir konungsríkið 20. april 1888 um þóknun til vitna í opinberum málum, og þessi ákvæði þykir munu eiga að öllu leyti við á Íslandi, þar sem lagaákvæðin um sakamál í öllu verulegu eru hin sömu og í Danmörku, hefur lagafrumvarp þetta eptir tillögum landshöfðingja verið samið samkvæmt ofangreindum lögum.

Enda þótt það sje í sjálfu sjer eðlileg hugsun, að sanngjarnt sje, að þeir, sem í þágu annara, hvort heldur hins opinbera eða einstakra manna, verða að verja tíma sínum til þess að mæta fyrir rjetti, og bera vitni, fái bætt tjón það, er þeir líða, af þeim, er þessa eru valdandi, þá þykir það þó fyrst og fremst vafasamt, hvort vitnaskyldan eigi ekki einmitt samkvæmt eðli sínu að vera, eins og hún eptir gildandi lögum er, ein af þeim mörgu skyldum, sem allir þeir, er lifa í borgaralegu mannfjelagi, mannfjelagsins vegna verði að þola endurgjaldslaust, og hvort það því ekki mundi hafa hættulegar afleiðingar í för með sjer, yrði heimting á endurgjaldi lögheimiluð. En þessar mótbárur eru þó naumast svo þýðingarmiklar, að þær sjeu einhlítar. Að svo miklu leyti hjer eru höfð fyrir augum hin ýmsu borgaralegu skyldustörf, þá ber þess að gæta, að sumpart hvíla þessar skyldur á borgurunum eptir röð, þar sem aptur á móti vitnaskyldan er undir hendingu komin, og kemur mjög ójafnt niður, sumpart er nú svo orðið um mörg þesskonar störf, að þau að miklu leyti eru orðin launuð störf, og að þeim, sem eingöngu lifa á handafla sínum, er, svo sem unnt er, hlíft við þeim kvöðum. En þegar í þessu felst takmörkun, sem hættulaust er, og þá líka ber að setja reglunni um þóknun til vitna, en það er, að þóknunin sje eigi goldin öðrum en þeim, sem í raun og veru bíða fjártjón af því að mæta fyrir rjetti og gefa skýrslu þar. Í hinum dönsku lögum er það falið dómurunum að dæma um það í hvert skipti, hvort þetta skilyrði sje fyrir hendi, og virðist ekki vera nein tormerki á því að fylgja sömu reglu á Íslandi.

Enda þótt sú hugsun verði fyrst fyrir, að vitna þóknunin eigi að ná til allra vitna, þá hefur þó rjett þótt vera, að setja enn ein takmörk, eins og gjört er í hinum dönsku lögum, og hefur því einungis verið farið fram á, að veita hana í opinberum málum. Fyrir vitnið sjálft er reyndar skaðinn og tímatöfin jafnmikil, hvort sem skýrzlu þess er krafizt í opinberu máli eða einkamáli. En þegar um einkamál er að ræða, má ekki líta einungis á hag vitnisins, heldur verður einnig hins að gæta, sem því er gagnstætt og virðist vera þýðingarmeira, en það er, hve mjög kostnaðurinn við rekstur einkamála mundi aukast, svo framarlega sem vitni í slíkum málum ættu heimtingu á þóknun, og mundi þetta opt og

einatt hamla mönnum, einkum þeim efnaminni, í því að leita rjettar síns eða gæta hans við dómstólana.

Upphæð þóknunar þeirrar, sem farið er fram á, bæði fyrir að mæta og fyrir ferðakostnað, virðist einnig hæfilega sett eptir því, sem til hagar á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja silfurbergsnámana í Helgustaðafjalli, sem landssjóður á, fyrir verð, er eigi sje minna en 18,000 krónur.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu:

Eptir að stjórnin samkvæmt lögum 19. sept. 1879 hafði keypt fyrir landssjóð þá 3 hluti úr jörðinni Helgustöðum ásamt silfurbergsnámunum, er voru sjerstök eign, og landssjóður þannig var orðinn einn eigandi að námunum, voru tveir vegir hugsanlegir fyrir landssjóð til þess að hagnýta sjer námana, og var annar sá, að selja þá á leigu og hinn að láta vinna þá fyrir landssjóð sjálfan. Um það, hvort heldur skyldi gjöra, var leitað álits hjá *prófessor* í steinafræði við háskólann, Fr. Johnstrup, er á ferð sinni um Ísland árið 1871 hafði rannsakað námana ýtarlega, og varð niðurstaðan sú, að eigi væri hugsandi til að selja námana á leigu, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn; því að, til þess að firra landssjóð tjóni, hefði leigusamningurinn orðið að vera bindandi um alllangan tíma, ársleigan hefði orðið að vera töluvert hærri en venjulegar fjárleigur af upphæð þeirri, er landssjóður átti í námunum, sökum þess, að búast mátti við, að ef þeir yrðu unnir að staðaldri, mundu þeir eptir skemmri eða lengri tíma tæmast, og af sömu ástæðu hefði orðið að heimta veð, er ekki hefði getað orðið öllu minna en verð námanna sjálfra, til tryggingar fyrir því, að leigan yrði borguð allan leigutímann, hvort sem námarnir yrðu tæmdir áður eða ekki. En eins og þá stóð á, var ekki að hugsa til að geta selt námana á leigu með þessum skilmálum.

Það var því eigi annað fyrir hendi, en að láta vinna námana fyrir landssjóð sjálfan. En þá skorti menn alla reynzlu í þeim atriðum, er sjerstaklega hlutu að koma til greina, þá er ákveða skyldi, hvernig vinna ætti námana, með því mönnum var bæði ókunnugt um, hve mikið væri í námunum af hinum ýmsu tegundum af silfurbergi, og um það, hvernig það yrði selt; eigi var þá heldur hægt að gjöra sjer neina greinilega hug-

mynd um það, hve mikill kostnaður mundi vera því samfara að vinna námana. Til þess nú að afla sjer nægilegrar þekkingar um allt þetta, áður en ályktarákvæði yrði tekið um vinnu námanna, var það afráðið eptir tillögum prófessor Johnstrups, að láta til reynzlu vinna í námunum á kostnað landssjóðs með hvíldum, og hefur þetta verið gjört tvisvar sinnum, árin 1882 og 1885. Hið gagnsæja silfurberg, sem náðzt hefur við þessar tilraunir, hefur verið sent hingað til aðgreiningar og sölu, og er nú að mestu leyti útselt, að eins lítið eitt af ljelegra taginu, er eigi var gallalaust, er óselt, og er heldur eigi að búast við, að mikið fáist fyrir það. Nú er þá fengið nokkurn veginn ljóst yfirlit yfir árangurinn af báðum tilraununum. Útgjöldin við þær hafa að viðlögðum sölukostnaði orðið alls 3,428 kr. 54 aur., og tekjurnar af sölu hins unna silfurbergs hafa verið 4,140 kr. 42 aur., þannig að ágóðinn af báðum tilraununum hefur ekki verið nema 712 kr. 18 aur. alls, Hjer eru hinsvegar ekki taldar hinar áðurnefndu óseldu leyfar af gagnsæju gölluðu silfurbergi, og heldur eigi hið ógagnsæja silfurberg, sem liggur við námana, og líklega er óseljanlegt.

Stjórnin hefur nú aptur leitað álits hjá prófessor Johnstrup, og segir hann í álitsskjali sínu, er þinginu mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, að árangurinn af fyrgreindum tilraunum sýni það, að ekki verði hægt að halda áfram að vinna námana svo að til hagnaðar verði fyrir landssjóð, einkum sakir kostnaðar þess, sem því er samfara. Í þessu verður stjórnin að vera honum samdóma, og það þótt tillit sje haft til þess, að nokkur hluti áfallins kostnaðar, eða 4—500 kr, eru útgjöld eitt skipti fyrir öll, er því eigi mundu koma fyrir við námugröptinn framvegis. Að sönnu hefur það sýnt sig, að mjög mikil eptirspurn hefur verið eptir alveg gallalausu silfurbergi, og hefur verið borgað allt að 50 krónur fyrir pundið af því, og meira mætti ef til vill fá. En þess ber að gæta, að mjög lítið er til af þessari tegund, og við síðari námagröptinn fannst miklu minna af silfurbergi, er notað yrði til sjónauka, en við hinn fyrri, en hinsvegar var kostnaðurinn við gröptinn miklu meiri. Megnið af því gagnsæja silfurbergi, sem er í námunum, er aptur á móti af gölluðu tegundinni, sem reynzt hefur mjög erfitt að selja, og hið ógagnsæja silfurberg (kalkspath), er mest er af, verður líklega yfir höfuð ekki notað til neins. Þar sem nú svo stendur á, hyggur prófessor Johnstrup, að eigi sjeu nein útlit fyrir, að það geti til lengdar borgað sig fyrir landssjóð að halda áfram námagreptinum, þar sem ágóðinn myndi eigi svara kostnaði við námagröptinn. Kostnaðurinn hefur þegar við tilraunirnar verið of mikill að tiltölu, en verður þar að auk að því skapi stærri, sem lengra kemur niður í námana, og verði námagreptinum haldið áfram, yrði að gjöra sjerstakar ráðstafanir til þess, að veita vatni frá námunum, og yrði af því mikill kostnaðarauki. Viðvíkjandi þessu kostnaðaratriði fellst prófessor Johnstrup sjerstaklega á það, er segir í álitsskjali, er Þorv. skólakennari Thoroddsen ritaði árið 1886 um, hvernig fara skyldi með námana, og verður það sýnt þingmönnum ásamt með skýrslu þeirri til landshöfðingja, er getur um í skjalinu, um námagröpt þann, sem fram fór undir umsjón hans árið 1882.

Prófessor Johnstrup hefur því fastlega ráðið til, að hætt verði við að vinna námana á opinberan kostnað. Móti því að selja þá á leigu eru enn þá hinar sömu ástæður og fram hafa verið teknar áður, og leggur hann því til, að reynt verði að selja námana. Hann telur það sennilegt, að þeir, sem á silfurbergi þurfa að halda, muni heldur vilja kaupa námana, til þess að geta hagnýtt sjer þá eins og þeir vilja, heldur en ganga að leiguskilmálum þeim, sem hjer gætu komið til greina. Eigi er nú sem stendur hægt að segja neitt víst um það, hvort selja megi námana, en af því að sjónaukasmiðir munu eiga bágt með að vera án hins ógallaða silfurbergs, er hingað til hefur ekki fundizt nema í þessum námum, þá má ætla að það sje ekki með öllu ósennilegt, að einhver einstakur

af þeim eða þá fleiri í fjelagi mundu vilja takast á hendur að vinna námana og væri að því leyti nú hentugur tími til að bjóða þá til sölu, að ætla má, eptir sögn prófessor Johnstrups, að eigi verði, áður langt um líður, neitt eptir af silfurbergi á markaðinum. Hann leggur því til að senda hið bráðasta áskorun til stærri sjónaukasmiða um að gjöra boð í silfurbergsnámana ásamt verkfærum þeim, sem þar eru, og hinu ógagnsæja silfurbergi (kalkspath), sem ætla má að enn þá liggi við námana. 10—15,000 kr. álítur hann aðgengilegt kaupverð.

Landshöfðingi er samþykkur prófessor Johnstrup í, að óráðlegt sje bæði að halda áfram að vinna námana á kostnað landssjóðs og að selja þá öðrum á leigu, en hann álítur að minnsta kaupverð ætti að vera 18,000 kr., er samsvari hjer um bil upphæð þeirri, er telja megi, að landssjóður eigi í námunum. Vegna þess, að 3 hlutir úr jörðinni Helgustöðum ásamt námunum hafa verið keyptir fyrir 18,000 kr., telur hann verð allrar eignarinnar 21,300 kr., en frá þessari upphæð ganga hjer um bil 2,800 kr. sem verð sjálfrar jarðarinnar, er byggð er fyrir 110 kr. árlega, og varla ætti að seljast með.

Stjórnin hefur einnig eptir því, er fram er komið í málinu, orðið að álíta það alveg rjett að reyna að selja silfurbergsnámana, og er með lagafrumvarpi þessu farið fram á að öðlast lagaheimild til þessa. 18,000 kr. hefur stjórnin ásamt landshöfðingja álitið að ætti að vera minnsta kaupverð. Á eina hliðina er nokkur ástæða til að halda, að þeir, er hafa kunna hug á námunum, láti ekki þetta kaupverð fæla sig frá kaupinu, og hinsvegar mun eptir reynzlu þeirri, sem fengizt hefur við tilraunirnar, eptir atvikum mega telja það viðunanlegt fyrir landssjóð, ef upphæð þeirri yrði náð aptur, er hann hefur varið til námanna, enda þótt öll eða því nær öll leiga af henni fyrir þann tíma, er landssjóður hefur átt þá, tapist.

Frumvarp til laga

um

skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um málskostnað í sumum opinberum sakamálum.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Nú hefur maður verið hafður í gæzluvarðhaldi, og er því næst sýknaður eður látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, og á hann þá heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið við það, að vera sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því, sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Hið sama er um þann mann, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr.

Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið orsök til þess, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur, ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, sturlun eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr.

Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið, þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo að hann megi gæta hags landssjóðs.

Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstakri einkamáls lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði, á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má þó einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr.

Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, skal höfða áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr.

Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi, að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr.

Eptir lát þess, er í hlut á, fer krafan til skaðabóta fyrir fjártjón til þess hjóna, er eptir lifir og niðja hins látna.

7. gr.

Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr.

Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, et um opinber sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. — Þau ná eigi til þeirrar varðhaldsgæzlu, er lokið er áður en þau öðlast gildi, nema því að eins, að eigi sje þá enn fallinn fullnaðardómur í máli því, er fangelsisvist varð útaf, eða málið á annan hátt útkljáð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fyrir almennri rjettar meðvitund liggur í sjálfu sjer sú hugsun nærri, að rjett sje að veita þeim, sem að ósekju hefur verið sviptur frelsi sínu um lengri eða skemmri tíma, með því aðvera látinn sitja í gæzluvarðhaldi, þóknun fyrir það af almannafje, er fangelsisvistin hefur átt sjer stað mannfjelagsins vegna, og hefur þetta á síðari árum víða verið umræðuefni bæði meðal lögvitringa og annara. Höfuðvandkvæðin á að koma þessu máli haganlega fyrir, eru einkum í því fólgin, að setja hæfileg takmörk fyrir því, hvenær skaðabætur skuli greiða, og í þessu efni hefur líka verið mjög mikill skoðanamunur. Eptir að mál þetta hafði rætt verið í mörg ár á ríkisþingi Dana, hefur því nú verið komið fyrir í konungsríkinu með lögum 5. april 1888 um skaðabætur til þeirra, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi o. fl., og er álitið, að ákvæði þeirra eigi líka að öllu leyti við á Íslandi. Lagafrumvarp það, sem hjer er lagt fyrir alþingi eptir uppástungu landshöfðingja, er því alveg samhljóða ofangreindum lögum, án þess aðrar breytingar sjeu gjörðar, en að þeim ákvæðum er að sjálfsögðu sleppt, sem eru í hinum dönsku lögum um dómstóla, er eigi eru til á Íslandi.

Að því er snertir einstök atriði frumvarpsins, skal það tekið fram, er nú skal greina:

Við 1. og 2. gr.

Þessar greinir hafa inni að halda hin nánari skilyrði fyrir skaðabótarjettinum. Að því er þessi skilyrði snertir, hafa einstakir menn að vísu haldið þeirri skoðun fram, að sjerhver sá, er setið hefur í gæzluvarðhaldi, og því næst er sýknaður, eða látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eigi heimtingu á skaðabótum, en menn hafa þó verið á þeirri skoðun almennt, að þetta ætti ekki svo að vera. Yrði slíkt almenn regla, mundi það allt of opt hafa þær afleiðingar í för með sjer, er bæði væru særandi fyrir rjettarmeðvitundina, og hafa mjög óheillavænleg áhrif í lífinu, einkum til dæmis, þegar svo stæði á, að sýkna yrði þá menn, sökum þess, að skýlausar sannanir ekki fengjust, er sterkur grunur með fullum rjetti framvegis hvíldi á, og ef til vill hefðu opt sætt hegningu áður. Alveg þessu gagnstætt hafa aðrir haldið því fram, að einungis þeir ættu heimtingu á skaðabótum, er sannazt hefði um, að saklausir væru. En þessi krafa hefur þó hinsvegar þótt of hörð, og því hefur hjer verið farinn sá meðalvegur, eins og sjá má, að til þess að veita skaðabætur, sje það nóg, að álíta megi eptir því sem fram er komið í málinu, að hinn sakborni sje saklaus af glæp þeim, er hann hefur verið hafður í fangelsi fyrir.

En þótt þetta skilyrði sje fyrir höndum, er það þó eptir almennum meginreglum laganna ljóst, að engar bætur ber að greiða, þegar hinn sakaði hefur sjálfur með atferli sínu valdið fangelsisvistinni (t. a. m. með því að ljúga upp á sig glæp), en þó hefur rjett þótt vera, þegar svo sjerstaklega stendur á, að hið ranga framferði þyki sprottið af afsakanlegum geðshræringum eða öðru líku, að gefa dómstólunum leyfi til þess, að neita eigi algjörlega um skaðabætur, eins og farið er fram á í 2. gr.

Það hefur þótt rjett vera að veita ávallt skaðabætur, þegar svo stendur á, að maður hefur verið settur fastur gegn lögum (smbr. 48. gr. 3. málslið stjórnarskrárinnar), þrátt fyrir það þótt brot það, er hann var sakaður fyrir, varði ekki þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi.

Við 3. og 4. gr.

Hjer eru settar reglur fyrir því, hvernig koma megi fram hinum umræddu skaðabótakröfum við dómstólana, og hefur tilgangurinn verið sá, að gjöra hlutaðeigendum sem einfaldast fyrir og vísa þeim sem hægasta og vissasta leið til þess að geta náð rjettlátum úrskurði. Þannig er það einkum, að hvervetna þar, sem höfðað er sjerstakt mál til skaðabóta, er farið fram á að veita gjafsókn í málinu; er þetta þó eigi því til fyrirstöðu, að leggja megi málskostnað á sækjanda, þá er krafan ekki er byggð á neinum rökum.

Við 5. gr.

Hinar sömu ástæður, sem eru fyrir því, að veita þeim skaðabætur, er sætt hafa að ósekju gæzluvarðhaldi, mæla, eins og auðvitað er, enn frekar fyrir því, að veita skaðabætur, þegar svo stendur á, sem sjaldan mun vera hjer á landi, að saklausum manni sje refsað samkvæmt dómi, og eru því ákvæði hjer að lútandi tekin upp í frumvarpið.

Við 6. gr.

Skaðabæturnar til hins sakaða sjálfs innibinda í sjer, auk endurgjalds fyrir fjártjón það, er hann hefur beðið, einnig þóknun fyrir þá smán og þær þjáningar, sem hann hefur liðið, en aptur á móti er farið fram á, að einungis sá hluti skaðabótanna, er lýtur að fjártjóninu, fari eptir lát hans til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

Við 8. gr.

Í lögunum fyrir Danmörku var tækifærið notað til þess að gjöra rjettarbót, sem raunar liggur fyrir utan aðaltilgang laganna, en er honum þó skyld og fyrir löngu viðurkennd sem æskileg, en það er breyting á þeirri rjettarvenju, sem hingað til hefur átt sjer stað, að því er snertir úrskurðun um sakamálskostnað, og voru því í lögin sett þau ákvæði, að hinn sakborni skuli eigi skyldaður til að greiða málskostnað, ef hann verður sýknaður, eður málið gegn honum látið niður falla án dóms, nema því að eins, að kostnaðurinn sje að öllu eða nokkru leyti sprottinn af saknæmu ólöglegu athæfi hans. Þessi regla mun eigi síður eðlileg og sanngjörn á Íslandi, og er hún því einnig tekin inn í þetta lagafrumvarp.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði hvert ár.

2. gr.

Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefur reynzt svo, að hjeraðsfundir þeir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, eru svo illa sóttir í ýmsum prófastsdæmum, að mál þau, sem fyrir liggja, verða eigi rædd, og úrslit þeirra dragast því ár frá ári. Orsökin til þessa virðist vera sú, að septembermánuður, sem hinir fyrnefndu fundir skulu haldnir í samkvæmt 10. grein áðurnefndra laga, er mjög óhentugur tími til þessara fundarhalda, bæði fyrir því að illviðri og ófærð opt þegar á þeim tíma ársins tálma löngum ferðalögum, og sökum þess að einkum sveitabændur eru þá önnum kafnir við heyvinnu og ýms önnur áríðandi störf, er eigi verður frestað. Stiptsyfirvöldin hafa því farið þess á leit, að breyting yrði gjörð á áðurnefndum lögum þannig, að hjeraðsfundirnir væru haldnir fyr á árinu, og hafa þau lagt það til samkvæmt uppástungu frá hjeraðsfundi í Húnavatns-prófastsdæmi, að þeir væru haldnir í júnímánuði. En ef júnímánuður verður tekinn til þessa, þá verður um leið að breyta um tímann, er safnaðarfundir skulu haldnir, sem nú, samkvæmt 3. grein laganna, er júnímánuður, og stiptsyfirvöldin hafa því lagt það til, að þessir fundir verði haldnir í maímánuði Er álitið að slíkt fyrirkomulag muni eigi hafa nein óþægindi í för með sjer, hvorki fyrir meðlimi safnaðarfundanna nje hjeraðsfundanna. Safnaðarfundina virðist í sjálfu sjer mega halda á hvaða tíma árs sem er, nema á vetrum, og hvað hjeraðsfundunum viðvíkur þá virðist það muni verða nokkurn veginn hægt fyrir hjeraðsmenn, hvar sem er, að koma saman að minnsta kosti síðast í júní.

Árstími sá, sem hjeraðsfundirnir eru nú haldnir á, mun meðal annars hafa verið valinn svo vegna þess, að kirkjureikningana á að leggja fram á fundum þessum, og meðan fardagaárið var reikningsár kirknanna, var eigi hægt að gjöra það fyr en á haustin.

En þessu er nú breytt með lögum 22. maí 1890 þannig, að reikningsár kirkna fellur saman við almanaksárið, og eru þá að því leyti engin vandkvæði á því að gjöra þá breytingu á tímanum, sem hjer ræðir um.

Í sambandi við áðurnefnda tillögu hafa stiptsyfirvöldin ennfremur lagt það til, að 3. grein í lögunum frá 1880 verði um leið breytt þannig, að í þeim söknum, þar sem eru yfir 1000 íbúar, skuli söknarnefndarmenn vera 5 í stað 3, líklega til þess, að störfunum í þeim söknum, þar sem fólksfjöldinn er mikill, verði skipt niður á fleiri.

Landshöfðingi hefur mælt fram með báðum þessum tillögum, og þar eð stjórninni virðist tillögur þessar hentugar, hefur hún samkvæmt því samið lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga

um

nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í opinberum lögreglumálum eptir framkomnum málavöxtum, einkum þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengur áfram. Ef mál er höfðað eptir kröfum amtmanns, bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn unglingum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga unglingnum í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta hinn unga mann sæta líkamlegri refsing í heimahúsum, og má eptir málavöxtum bæta því skilyrði við, að refsing skuli úttekin undir umsjón lögregluþjóns eða hlutaðeigandi hreppstjóra.

2. gr.

Þá er dómur í lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar eða bæjar yfirvald eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sektir, einfalt fangelsi í 8 daga, fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, eða vandarhögg eða fangelsi í 8 daga fyrir unglinga yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði

(eða ef málið er gegn unglingi, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eptir að gjörð hefur verið lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík samkvæmt lögum 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, sem auðvitað hefur í för með sjer, að opinber lögreglumál fara fjölgandi, hefur bæjarfógetinn í Reykjavík lagt það til og amtmaðurinn yfir Suður- og vesturamtinu og landshöfðingi fallizt á það, að fengin verði lagaheimild fyrir því, til þess að forðast óþarfar málalengingar og önnur vandkvæði í meðferð ofangreindra mála, að dómarinn hafi á sama hátt og á sjer stað í konungsríkinu, sjálfstætt vald til þess, án samþykkis amtmanns, ef málavextir mæla með því, að útkljá mál án dóms, annaðhvort með því að gefa hinum kærða áminningu, eða taka á móti boði hans um að gjalda hæfilegar sektir, svo og til þess að láta málið falla niður, og til þess loks, að láta framkvæma dóm í slíku máli, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Að slík tilhögun mundi vera einkar hagfeld er vafalaust, og einkum og sjer í lagi á þetta sjer stað, eins og landshöfðingi hefur tekið fram, í þeim þinghám, sem eru langt frá heimili hlutaðeigandi amtmanns. Í frumvarpi því til laga um ákvæði viðvíkjandi lögreglu, er stjórnin ljet leggja fyrir alþingi 1885, voru því og tekin upp hjeraðlútandi ákvæði (í 14. og 15. gr. frumvarpsins), og með því að stjórnin, eins og hinir fyrtöldu embættismenn, gjörir ráð fyrir því, að mótspyrna sú, sem tjeð frumvarp varð fyrir 1885, og orsök var til þess, að það var fellt, hafi eigi átt við þennan kafla frumvarpsins, er hann nú á ný lagður fyrir alþingi sem sjerstakt lagafrumvarp.

Frumvarp til laga

um

viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um

gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr.

Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr.

Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans löggiltum, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, eða löggiltum umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip.

Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, sem skipstjóri tekur á skip sitt gegn banni þessu, og greiðist sektarfjeð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt, og varðar það jafnháum sektum sem áður er talið. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

Undan skilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10.

4. gr.

Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu:

Ein af breytingum þeim, sem þingið gjörði við frumvarp það til laga um viðauka við útflutningalögin 14. janúar 1876, sem stjórnin lagði fyrir það 1889, hefur að hyggju stjórnarráðsins gjört frumvarpið ótækt sem lög, en það er sú breyting, að fellt hefur verið úr ákvæðið í niðurlagi 3. gr. frumvarpsins, sem undanskilur eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10, frá aðalákvæðinu.

Eptir lögunum 14. janúar 1876, sbr. 7. gr. þeirra hlýtur með orðunum «skip, er flytja útfara af landi», að vera átt við skip, þá er þau flytja út farþegja, sem eru innritaðir hjá útflutningastjóra sem útfarar. Ef nú fyrirmælin um vegabrjef, sem tekin eru upp í stjórnarfrumvarpið úr hinu upphaflega þingfrumvarpi, en sem vafasamt er um, hvort hentug sjeu, væru látin ná til allra slíkra skipa og farþegja þeirra allra, sem engin tvímæli er á um, að teknir eru á skip sem útfarar, og því samkvæmt lögunum frá 1876 eru skyldir að hafa skriflegan útflutningssamning, þá mundi það leggja óþolandi farartálma fyrir farþegjana á öllum þeim skipum, sem einungis í viðlögum og stöku sinnum flytja útfara af landi brott, og þá einkum farþegja á póstskipunum, þar sem almennir ferðamenn, og það yrði allur þorrinn, yrðu að leysa vegabrjef, ef að eins einn útfari væri fluttur út með. Í stjórnarfrumvarpinu mundi því vegabrjefsákvæðinu ekki hafa verið haldið, ef

ekki hefði undantekningin í 3. gr. verið. En þar sem hún var, var álitið að aðalákvæði greinarinnar myndi í raun og veru að eins koma niður á útflutningaskipum í þrengri merkingu, það er að segja þeim skipum, sem ferðina fara í þeim einum tilgangi eða þó í þeim aðaltilgangi, að flytja útfara af landi brott. Með því að takmarka skylduna til að leysa vegabrjef á þennan hátt, varð auk þess unnt að gjöra hentug fyrirmæli um úttöku álagðrar hegningar, því að vegna þeirrar samábyrgðar, sem löggjöfin að því er eiginleg útflutningaskip snertir, þykist mega krefjast af hálfu skips og hlutaðeigandi útflutningastjóra (útflutningafjelags eða línu) sín á milli, þótti eigi of hart aðgöngu að fara fram á það, að greiða skyldi sektirnar fyrir brot á móti ákvæði greinarinnar af upphæð þeirri, sem útflutningastjóri hefur að veði lagt, á sama hátt og gjört er við sektirnar eptir 1. gr. frumvarpsins.

Sje hinsvegar undanþáguákvæðinu sleppt, eins og alþingi hefur farið fram á, verður aðalákvæði greinarinnar, eins og áður er á vikið, opt og einatt mjög svo bagalegt fyrir almennar samgöngur, án þess það þó nái aðaltilgangi sínum, sem er að varna því, að skuldugir menn strjúki af landi burt, því að til þess að forða sjer undan, þurfa þeir eigi að taka sjer far með póstskipunum einmitt þá ferðina, sem þau flytja útfara sem beinlínis eru táknaðir svo í flutningssamningnum. Hjer við bætist, að við breytingu þingsins hefur þess eigi gætt verið, að eigi tjáir að halda ákvæðinu um, að sektirnar skuli taka af fje því, er útflutningastjóri hefur að veði lagt, óbreyttu, ef aðalregla greinarinnar er látin ná til allra skipa, er flytja útfara af landi. Þetta gæti haft í för með sjer hreina og beina ósanngirni og órjettlæti, einsog það, að útflutningastjóri yrði látinn sæta hegningu af því, að t. a. m. póstgufuskipsstjóri,, er hann hefði samið við um að flytja einn eða nokkra útfara til einhverrar hafnar í Evrópu, hefði um leið tekið til flutnings aðra vegabrjefslausa farþegja, en sem alls eigi hefðu verið á vegum útflutningastjóra; það gæti auk þess vel hugsazt, að fleiri en einn útflutningastjóri notuðu sömu ferð póstgufuskipsins til flutnings á útförum sínum, en þegar svo stæði á, yrði það vafasöm spurning, hver þeirra ætti þá að þola refsingu fyrir brot skipstjórans.

Eins og frumvarpið var úr garði gjört frá þinginu, gat stjórnin því eigi álitið, að það væri til þess fallið að ná lagasamþykkt, og lagði því til í allra þegnsamlegasta áliti sínu um málið, að það öðlaðist ekki konunglega staðfestingu, heldur yrði lagt fyrir þingið af nýju með þeim breytingum, sem vikið er á að ofan, og þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að fallast á þá tillögu þann 15. maí þ. á.

Að því hinar aðrar breytingar alþingis snertir, hefur ekkert verulegt þótt vera að þeim, og lagafrumvarp þetta er því að eins frá brugðið alþingisfrumvarpinu að því er 3. gr. snertir, og er hið áðurgreinda undanþágu-ákvæði aptur sett inn í hana, og auk þess er ákvæði það, sem þingið setti inn í greinina um refsingu fyrir það að selja öðrum vegabrjef sitt í hendur, ákveðið dálítið nánar. Eptir alþingisfrumvarpinu var það óljóst, hvernig koma skyldi ábyrgð til hegningar fram, og með því mál þessi eptir eðli sínu virðast beinlínis eiga að heyra undir hina almennu dómstóla, þá hefur því ákvæði verið bætt inn í, að með þau skuli fara sem almenn lögreglumál.

Það hefur komið til álita, hvort ekki ætti að sleppa algjörlega ákvæðunum um vegabjef, því að eins og þegar hefur verið á vikið, er mjög vafasamt um gagn þeirra, og hinsvegar geta þau, jafnvel enn, eins og þau nú eru, haft nokkur óþægindi í för með sjer. En þeim hefur þó verið haldið, bæði vegna þess, að það virðist sem alþingi sje annt um, að þau sjeu sett í lög, og svo af því, að þau á eiginlegum útflutningaskipum ef til vill geta þó gjört dálítið gagn, með því þau geta orðið því til fyrirstöðu, að strokumaður geti notað hinn hægasta og ódýrasta veg til þess að komast til Ameríku, með því að semja

leynilega við útflutningastjóra um flutning sem útlari með vanalegum skilmálum, en þannig að hann fyrir allra sjónum gangi á skip út sem farþegi, er ekki ætlar alfarinn af landi brott, og án þess því að hafa sýnt lögreglustjóra útflutningssamning eptir fyrirmælum útflutningalaganna.

Frumvarp til laga

um

almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er frá kl. 9 fyrir hádegi til kl. 4 eptir hádegi bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska ró helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera að ferma og afferma skip og bæta, ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja fyrir akkerum í rúmsjó, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta og sem miða til þess að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sölur mega eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar frá því kl. 9 f. h., hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, svo og þeir staðir, er menn selja mjólk og brauð.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn, svo er og veitingamönnum heldur ekki eptir kl. 9 f. h. á þessum dögum leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat.

3. gr.

Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum opinberum veitingastað halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi.

5 gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki halda neinar almennar skemmtanir og yfirhöfuð að tala mega engar æfingar eða athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6. gr.

A helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h., er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn ekki sje haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

8. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn hinn almenna bænadag, skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag hinna þriggja stórhátíða.

9. gr.

Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann opt brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nú virðist lögreglustjóra að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminningu, er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr.

Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefur um langan tíma þótt vafasamt, hvort hin gildandi helgidagalög væri hentug. Má nú án efa fullyrða, að þau sjeu svo langt frá því að vera við hæfi nútímans, og eigi svo illa við í ýmsu tilliti hjer á landi, að endurskoðun á þeim megi telja mjög æskilega ef ekki nauðsynlega. Það má óhætt segja, að ómögulegt sje að fylgja þeim fram

í öllum greinum, enda er það alkunnugt, að lögreglustjórunum hættir meir eða minna við að láta það ekki til sín taka, þó brotið sje á móti lögum þessum, en þar af leiðir eðlilega, að lögunum verður ójafnt beitt, þar sem brot á helgidagatilskipuninni eru látin engu varða í sumum þinghám, en átalin og látin varða hegningu í öðrum.

Lagafrumvarp þetta, sem lagt er fyrir alþingi eptir tillögum landshöfðingja, er samið eptir lögum þeim, er í Danmörku gilda um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar 7. apríl 1876 og 1. april þ. á., með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, eptir því sem til hagar á Íslandi. það er ekki tilgangurinn að gjöra neina aðalbreytingu á þeirri skoðun á helgidögunum og þýðing þeirra, sem frá laga sjónarmiði hefur átt sjer stað hingað til. því sú meginregla, sem þegar er sett fram í tilsk. 28. marz 1855 og þar er fram fylgt á sinn hátt, má einnig framvegis telja hina rjettu, en það er sú meginregla, að lögin eigi ekki að gjöra neinum manni það að nauðungarskyldu, að taka þátt í hinni opinberu guðsþjónustu, en að þau, þegar um þetta er að ræða, geti ekki farið fram á annað en að reisa rönd við því, að menn hafizt nokkuð það að, sem hljóti að hindra aðra frá því að nota helgidaginn á rjettan hátt. En er til framkvæmdanna kemur á þessari meginreglu, þá þykir hinsvegar mega slaka til í mörgu, og að töluvert eigi að draga úr þeim kröfum um kyrrð og ró á helgidögum, sem tilsk. 28. marz 1855 heldur fram, með því að þessar kröfur virðast að mörgu leyti vera atvinnuvegum manna meira til baga en þörf er á, og tálma bæði saklausri lífsgleði og andlegri menntun, nema frá guðrækilegu sjónarmiði, meira en þörf gjörist til þess að ná því, sem er aðaltilgangur tilskipunarinnar, og þar við bætist, að þegar ekki er hægt að halda slíkar lagaákvarðanir, heldur er optsinnis brotið á móti þeim, án þess að átalið sje, þá er hætt við, að það verði til þess að brjóta niður virðingu þjóðarinnar fyrir lögum og landsrjetti.

Hvernig ætlazt sje til í lagafrumvarpi þessu að gjöra breytingar þær, sem bent hefur verið á, má sjá á hinum einstöku ákvörðunum þess og ástæðum þeim, er um þær eru ritaðar. Hjer skulu einungis teknar fram einstaka athugasemdir viðvíkjandi hinum almennu grundvallarreglum frumvarpsins. Að því leyti sem helgidagafriðurinn er í því mjög verulega atriði fólginn, að vernda þá, er taka þátt í hinni almennu guðsþjónustu gegn ónauðsynlegri truflun, þá verður þessari vernd, þar eð hin almenna guðsþjónusta venjulega hefst ekki fyr en um hádegisbil (kl. 12) og er á enda hjer um bil kl. 2, komið til leiðar með því að friða sjerstaklega þennan hluta dagsins og nokkrar stundir undan og eptir, og má þá yfir höfuð segja, að með þessu sje um leið nægileg vernd veitt öðrum, er ekki taka þátt í hinni opinberu guðsþjónustu, en nota vilja helgidaginn í sama anda. Lengra er ekki hægt að fara, án þess að fara yfir þau rjettu takmörk fyrir því, hverju lögskipa beri í trúareínum. það er því talið nægilegt og hæfilegt, að friðun helgidagsins nái frá kl. 9 f. h. til kl. 4 e. h., nema þegar sjerstaklega stendur á og að undanskildum stórhátíðardögum, er guðsþjónustan er eigi eins bundin við fastákveðinn tíma. Í lagafrumvarpi þessu er því gjört ráð fyrir því sem meginreglu, að helgidagurinn að því leyti, sem hann kemur lögum við, hefjist fyrst kl. 9 fyrir hádegi og nái til kl. 4 eptir hádegi; en þetta er, eins og áður hefur verið tekið fram, engin breyting á grundvallarreglu hinna eldri helgidagalaga, að minnsta kosti ekki að því er snertir tilsk. 28. marz 1855, heldur felur í sjer einungis breyting á skoðuninni á því, hvað þurfi til þess að framkvæma grundvallarregluna.

það er ennfremur eigi tilgangur frumvarps þessa, að gjöra neina breytingu, að því er snertir sunnudagavinnu verzlunarþjóna, iðnaðarpilta, hjúa og annara vinnumanna, því að ákvæði um þau efni eiga ekki við á þessum stað. Að sönnu munu ákvæðin í 2. gr. eins og síðar verður tekið fram, verða til hags fyrir suma af þessum mönnum, en

það er í sjálfu sjer einungis tilgangur frumvarpsins, að skipa fyrir, hvaða sýslanir og störf skuli vera bönnuð á ofangreindum tíma, hvort sem það er húsbóndinn eða þjónar hans, sem þau gjöra. Þá er um það er sjerstaklega að ræða, hvort þörf sje á því, að tryggja mönnum úr vinnuhjúa- og verkamannaflokki hvíldardag viku hverja til hressingar, saklausrar lífsgleði og uppfræðslu, þá ber á annað að líta, en þau atriði, er til greina koma í lagasetning um helgidaga, og verður að skoða þesskonar mál í sambandi við efnahag og siðferðisástand þjóðarinnar yfirhöfuð og ráða þeim svo til lykta, ef til kemur, að haft sje hæfilegt tillit til þess annars vegar, hve æskilegar eru hæfilegar hvíldarstundir bæði fyrir sál og líkama, og þess hinsvegar gætt, að í efnalegu tilliti er þörf á að hafa sem frjálsastar hendur til þess á löglegan hátt að afla sjer lífs viðurværis.

Við 1. gr.

Eptir tilsk. 28. marz 1855 1. og 2. gr. og opnu brjefi 26. sept. 1860 er öll utanbæjarvinna bönnuð á sunnu- og helgidögum, og ennfremur öll vinna, sem skarkala veldur, enda þótt innanhúss sje. Hjer er farið fram á að gjöra verulega breytingu á þessu. Eins og áður er á vikið, er í lagafrumvarpinu gjört ráð fyrir því, að lögin geti ekki eða eigi ekki að setja sjer það mark, að neyða menn til þess að halda sunnudaga eða aðra helgidaga þjóðkirkjunnar heilaga, heldur eigi einungis að varna því, að aðrir raski ró helgidagsins fyrir þeim, er vilja nota hann á tilætlaðan hátt. Samkvæmt þessu er farið fram á, að hið almenna bann gegn allri utanbæjarvinnu sje fellt úr gildi, svo að einungis þau störf, sem hafa skarkala í för með sjer, eða eru framin á þann hátt, eða á þeim stað, að þau raska ró helgidagsins fyrir öðrum, skulu framvegis bönnuð. Hins vegar er eptir frumvarpinu leyfilegt að framkvæma utanbæjarstörf, sem ekki hafa neinn skarkala í för með sjer, eða raska að öðru leyti ekki helgidagskyrðinni, og verða því undanskilin banninu meðal annars allskonar heyannir, svo sem sláttur, þurkun og hirðing á heyji — nema því að eins að þessi störf fari fram rjett við kirkjuna meðan á guðsþjónustu stendur — svo og garðyrkja og öll vinna við fisk. Þegar reglan er ákveðin á þennan hátt, er engin þörf á að veita þesskonar undanþágur, eins og þær, er taldar eru upp í 2. gr. í tilsk. 28. marz 1855, sem sumar hverjar eru talsvert óákveðnar, því að flest af störfum þeim, sem þar ern tilgreind, eru leyfileg eptir meginreglunni. Að eins hefur þótt rjett vera að taka fram þær undanþágur frá aðalreglunni, að leyft skuli vera að afferma, ferma og bæta skip, sem í neyð hafa leitað til hafnar eða liggja fyrir akkerum í rúmsjó, með því að svo gæti staðið á, að það væri að minnsta kosti vafasamt, hvort slík störf, einkum sumar aðgjörðir á skipum, sjeu ekki bönnuð eptir aðalreglunni. Sömuleiðis eru undanskilin öll þesskonar óhjákvæmileg störf, sem miða til þess að bjarga og hjálpa sjer eða öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

Við 2. gr.

Grein þessi er mjög lítið frábrugðin hinum gildandi ákvæðum um búðarsölu á helgidögum, þar sem hún skipar svo fyrir samkvæmt hinum nýju dönsku lögum 1. apríl þ. á., að allar búðir kaupmanna og annara sölumanna skuli vera lokaðar frá því kl. 9 f. h., og að kaup og sölur megi ekki fara fram í búðunum nje undir berum himni það sem eptir er af deginum. Öll áherzlan er lögð á, að búðunum sje lokað, með því að það í kaupstöðum og í kauptúnum mundi nálega svipta sunnudaginn þeim sjerstaka blæ, sem yfir honum hvílir, ef búðir væru hafðar opnar allan sunnudaginn alveg eins og á virkum dögum. Í kaupstöðunum mundi ekki einungis sú kyrrð og ró, sem nú ríkir á götunum þar á sunnudögum, hverfa, og mundi það eigi að eins vekja hneyksli meðal margra, heldur mundi fjölmennur flokkur af bæjarbúum verða sviptur þeim eina frídegi og hvíldardegi, sem þeir

hafa, með því að flestir, einkum smákaupmenn, mundu telja sjer skylt að halda búðum sínum opnum, ef nokkrir af kaupmönnum gjörðu það, og naumast mætti gjöra ráð fyrir því, að frjáls samtök um að loka kæmust á. Í rauninni þyrfti það ekki að raska ró helgidagsins, þótt kaupmönnum væri leyft að selja hitt og þetta til þeirra, er leituðu þeirra í heimahúsum, án þess að opna búðina, en með því að þetta gæti orðið til þess, að farið væri í kringum ákvæði laganna, hefur það þótt rjettast að banna alla verzlun á ofangreindum tíma. Undanþágu frá þessu verður þó að gjöra að því er snertir lyfjabúðir, sem nauðsyn ber til, að opnar sjeu allan daginn, og virðist það þá vera þýðingarlaust að binda söluna í þeim við »læknisdóma«, eins og gjört er í 3. gr. tilsk. 28. marz 1855, bæði af því að þetta orð er nokkuð óákveðið, og svo af því að bann gegn því að selja aðra vöru en læknisdóma, verður tæplega haldið, þar sem lyfjabúðunum annars er haldið opnum, og slíkt ákvæði gæti bæði orðið til þess, að farið yrði í kringum lögin, og að menn færu að njósna hvor um annan og koma upp hvor um annan. Að þetta kann að verða lyfsölum í vil fremur öðrum sölumönnum kemur ekki helgidagalögunum við, en er í samkvæmni við meginregluna í tilskipun um lækna og lyfsala 4. desember 1672 í lok 18. gr. Enn er farið fram á aðra undanþágu, og það er að halda megi opnum allan daginn búðum, þar sem selt er brauð og mjólk, enda skal þess getið, að það hefur að minnsta kosti í Reykjavík verið föst venja, að brauðsölubúðir hafa staðið opnar allan helgidaginn, enda virðist slíkt heldur ekki geta valdið neinni truflun. Aptur á móti virðist bannið eiga að ná til sölu og afhendingar úr búðum kaupfjelaga og annara þesskonar fjelaga til fjelagsmanna og til sölu veitingamanna, ef þeir selja út úr veitingahúsum sínum annað en tilbúinn mat.

Við 3. gr.

Það virðist engin þörf að skýra nánar ákvæðin í þessari grein.

Við 4. gr.

Banninu í 4. gr. tilsk. 28. marz 1855 sbr. opið br. 26. sept. 1860, gegn því að veita »áfenga drykki« á gestgjafa- og veitingahúsum á sunnudögum og helgidögum, hefur að því sem kunnugt er, ekki verið haldið nema í Reykjavík hin síðustu árin, og ef til vill að nokkru leyti í öðrum kaupstöðum landsins, enda virðist ekki vera hægt að sjá um, að þessu ákvæði sje fylgt í veitingahúsum þeim, sem eru í minni kauptúnum og upp til sveita. Það virðist heldur ekki vera nein sjerstök ástæða til þess fremur að banna veitingar áfengra drykkja á helgidögum en endrarnær, svo framarlega sem þær fara ekki fram á þann hátt, að það raski ró helgidagsins. Í frumvarpi þessu er því gjörð sú breyting á tjeðu ákvæði, að það skuli vera bannað að halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi í almennum veitingahúsum frá kl. 9 til kl. 4. Því verður naumast með rökum neitað, að eigi tjái að leyfa slíkar gleðisamkomur, sem hæglega geta orðið mjög hávaðasamar á opinberum stöðum einmitt á þeim tíma, sem annars er leitazt við að halda uppi kyrrð og ró helgidagsins, og þá er jafnvel nytsöm störf, ef þau hafa skarkala í för með sjer, ekki mega eiga sjer stað. En hinsvegar er eptir frumvarpinu ekkert því til fyrirstöðu, að menn annaðhvort einir sjer, eða með húsfólki sínu komi á opinbera veitingastaði og á vanalegan hátt fái þar mat og drykk, ef þessir menn ekki eptir áðurlögðu ráði safnast þar að veizlu, samdrykkju eða öðrum hávaðasömum mannfundum.

Við 5. gr.

Það mun efalaust verða talið rjett, að engar almennar skemmtanir, en það eru þær er allir hafa aðgang að, megi framfara á helgidögum frá kl. 9—4. Með því að leyfi-

legt er að byrja skemmtanirnar kl. 4, virðist engin þörf vera á að gjöra greinarmun á hinum ýmsu almennu skemmtunum, sem optast nær ekki verða leyfðar þegar af þeirri ástæðu, að þeim eru samfara mannþyrpingar og hávaði. Hinsvegar er það sjálfsagt, að ekki er bannað að flytja almenna fyrirlestra, halda sýningar í fræðandi eða menntandi tilgangi, því það verður ekki talið með skemmtunum, og í sambandi við þetta skal það tekið fram, að skólakennsla í eiginlegum skilningi er heimiluð, svo sem að halda sunnudagaskóla, þareð frumvarpið hefur ekki neitt bann gegn því. Ákvæðið í 8. gr. í tilsk. 28. marz 1855 fellur því úr gildi.

Skemmtanir, er eigi eru almennar, eru því að eins bannaðar eptir frumvarpinu, að þær valdi hávaða, svo sem dans, kapp- eða verðlauna-skotfundir og því um líkt.

Við 6. gr.

Þessi grein er yfirhöfuð samkvæm 6. gr. í tilsk. 28. marz 1855. Það leiðir af þeim meginreglum sem frumvarpið er byggt á, að ekki má á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, framkvæma slík opinber störf, sem að einhverju leyti knýja borgarana til þess að koma þar. Eiginleg dómþing, hvort sem er í einkamálum eða sakamálum, má því venjulega eigi heyja á helgidögum nema málið megi ekki dragast, og getur það opt komið fyrir um rannsóknir í sakamálum og stundum einnig í einkamálum, einkum sjómálum og gestarjettarmálum. Heldur ekki má á sunnudegi framkvæma önnur dómsstörf, svo sem fógetagjörðir, skiptagjörninga, skjalaskrifarastörf, eða halda uppboðsþing og því um líkt, því verði þessi störf framkvæmd, þá neyða þau annaðhvort borgarana hreint og beint til þess að koma til þeirra, eða gjöra það þó óbeinlínis, af því þeir geta ekki setið heima án þess að bíða tjón af því, eða eiga á hættu að verða fyrir halla. Hið sama er að segja um sveita- og bæjarstjórnarfundi, og aðra fundi, er menn eru skyldir að sækja. Hinsvegar þykir ekki rjett vera að setja algilt boð um það, að engin opinber störf megi fram fara á helgidögum. Auðvitað verða bæði lögreglustörf að hafa sinn gang, og því næst virðist heldur ekki vera neitt á móti því, að embættisstörf og önnur almenn störf megi fram fara fyrir lokuðum dyrum, og að halda megi aðra fundi um almenn mál, svo sem nefndarfundi og aðra líka fundi, ef fundarmenn eru fúsir til þess, og almenningur hefur ekki aðgang að þeim.

Hvort nauðsynlegt sje að halda fund eða framkvæma gjörð, er að öðru leyti komið undir úrskurði þess, sem vald hefur til þess að kalla til funda eða ákveða gjörð. Þá er um dómþing eða dómsstörf er að ræða, er það hlutaðeigandi dómari, er úrskurðarvaldið hefur, en eigi sá, er þings beiðist eða gjörðar, því að eigi er undir því komið, hvort honum sýnist nauðsyn til bera.

Ákvæðið í enda 6. gr. er óbreytt eins og í sömu grein í tilsk. 28. marz 1855 og virðist ekki þurfa frekari skýringar við.

Við 7. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um almenn fundahöld á helgidögum. Auðvitað er hjer einungis átt við fundi um veraldleg efni, því að fundi um andleg efni, þótt eigi fari fram eiginleg guðsþjónusta, en t. a. m. einungis biblíulestur eða því um líkt, á að vera frjálst að halda allan daginn. Eins og sjá má á greininni, er farið fram á að leyfa að halda þesshättar samkomur eptir að guðsþjónustunni er lokið, án þess að leita þurfi leyfis hjá lögreglustjóra, sem hingað til hefur verið nauðsynlegt eptir 7. gr. í tilsk. 28. marz 1855. Eins og það yfirhöfuð er æskilegt, að frjálst sje að halda almennar samkomur á helgidögum sökum þeirra hinna mörgu, er eigi geta varið virkum dögum til þess, eða eiga

erfitt með það, þannig hefur ekki þótt rjett vera, að banna með öllu að halda þá fyr en eptir kl. 4 á sunnudögum. Eins og kunnugt er, er það alltítt upp til sveita, að bændur noti tækifærið til þess að ræða almenn málefni eptir að guðsþjónustunni er lokið. En ættu þessir fundir ekki að geta byrjað fyrren kl. 4, mundi það að vetrardegi til nálega gjöra það ómögulegt að halda fundi, með því að flest af kirkjufólki verður að halda á stað fyr heimleiðis.

Eptir kl. 4 er farið fram á að leyfa almenna fundi, enda þótt guðsþjónusta kynni að vera haldin eptir þann tíma, ef það ekki truflar guðsþjónustugjörðina sjálfa.

Við 8. gr.

Það er gjört ráð fyrir því í frumvarpinu, að friða beri einnig meir eptirleiðis stórhátíðardaga kirkjunnar en almenna helgidaga, og virðist þessu til rjettlætingar vera nóg að vísa til þess, að sú skoðun, að þetta eigi svo að vera, mun vera almennt ríkjandi hjá þjóðinni. Fyrir því er ákveðið í 8. gr., að sú ró, sem almennt á að ríkja á helgidögum frá kl. 9—4, eða að því er snertir störf þau, sem nefnd eru í 2. gr., allan daginn eptir kl. 9, skuli á stórhátíðunum ríkja allan daginn, en að öðru leyti er enginn munur á því, hvað leyfilegt sje eða bannað að gjöra. Til þessara helgidaga eru fyrst og fremst taldir í frumvarpinu hinir 3 fyrri helgidagar hinna 3 stórhátíða, og því næst skírdagur og föstudagurinn langi. En auk þess er hinn almenni bænadagur talinn með, af því þessi hátíðisdagur víst almennt er álitinn og eptir núgildandi lögum talinn mjög mikill hátíðisdagur, enda þótt hann hafi enga kirkjusögulega þýðingu.

Við 9. gr.

Í þessari grein eru settar reglur um kyrrð og ró þá, sem vera á kveldið fyrir helgidaga. Eins og sjá má, er farið fram á að slaka mikið til frá því sem ákveðið er í 9. gr. tilsk. 28. marz 1855, enda mun þeim ákvæðum ekki vera hlýtt til fulls.

Í greininni er fyrirskipað, að kveldið fyrir helgidag megi engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis, og alls ekki eiga sjer stað kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í 8. gr. Það eru einungis almennar skemmtanir, sem bannaðar eru, en hins vegar eru skemmtanir í húsum einstakra manna, í sjerstökum fjelögum, og samkvæmum, er ekki nema tilteknir menn hafa aðgang til, leyfilegar. Í helgidagalögum virðist ekki eiga að fyrirskipa reglur um daginn fyrir helgidag. Þesskonar lög geta einungis skipað fyrir, að þær skemmtanir, sem hentugt er að lögreglustjórinn yfirhöfuð hafi hönd í bagga með, en það eru almennar skemmtanir og ekki aðrar, skuli hætta áður en helgin hefst.

Við 10. gr.

Í þessari grein er ákveðin hegningin fyrir brot gegn fyrirmælum laganna. Það eru hinar almennu reglur hegningarlaganna, er verða að skera úr því, hver ábyrgðina beri sem frumkvöðull og hverjum skuli hegnt fyrir hlutdeild í broti, er framið hefur verið, og virðist eigi vera nauðsyn til að gefa sjerstakar reglur um það í þessum lögum. Heldur ekki hefur það þótt nauðsynlegt eins og gjört er í 10. gr. í tilsk. 28. marz 1855, að skipa fyrir, að veitingamenn skuli auk sektarinnar gjalda jafnmikið fje, og þeir kunna að hafa ábatazt við lagabrotið, þar eð ætla má, að það sje nægilegt til þess að halda veitingamönnum frá því að brjóta fyrirmæli laganna, að þeir megi búast við að missa rjettinn til að nota atvinnuveg sinn, ef þeir opt brjóta lögin. Í þessu sambandi skal þess getið, að það hefur eigi þótt alveg rjett, að skipa svo fyrir, að veitingamaður skuli hafa fyrir-

gjört rjetti sínum til veitinga, ef hann þrisvar brýtur helgidagalögin, því að sjeu brotin lítilfjörleg í sjálfu sjer og langt hefur liðið á milli þeirra, virðist það vera of strangt að láta það hafa slíka afleiðing í för með sjer, er getur eyðilagt alveg framtíð mannsins. Í frumvarpinu er því að eins mælt svo fyrir, að þessari strangari refsingu geti orðið beitt, sje brotið opt ítrekað, og hafa því dómstólarnir frjálsari hendur í dómum sínum.

Það hefur eigi þótt ástæða til að taka upp hegningarákvæðið í 12. gr. í tilsk. 28. marz 1855, enda mun því aldrei hafa verið beitt.

Við 11. og 12. gr.

Akvæðið í 11. gr., sem er eins og ákvæðið í enda 13. gr. í tilsk. 28. marz 1855, og seinustu greinina um, að eldri lög skuli falla úr gildi, virðist ekki þörf að skýra nánar.

Frumvarp til laga

um

að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að afhenda þjóðjarðirnar Svaðkot, Gvendarhús og Brekkuhús á Vestmannaeyjum til Vestmannaeyja prestakalls í skiptum fyrir Kirkjubæjarjarðirnar, Bænhús, Syðstabæ og Garða, sem eru brauðsins eign, með þeim kjörum, að greitt verði hjer eptir frá tjeðu prestakalli árlega í landssjóð 21 alin eptir verðlagsskrá, og að presturinn borgi í landssjóð álag það, er metið kann að verða á hinar 3 síðastnefndu jarðir, þá er afhendingin fer fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sóknarpresturinn í Vestmannaeyjum hefur farið þess á leit, að þrjár þjóðjarðir á eyjunum, Svaðkot, Gvendarhús og Brekkuhús verði við næstu ábúandaskipti fengnar handa prestakallinu í skiptum fyrir þrjár Kirkjubæjarjarðir, Bænhús, Syðstabæ og Garða, sem eru eign prestakallsins. Ástæðurnar fyrir beiðni þessari eru, að jarðnæði prestssetursins sje of lítið, með því tæplega fáist af því 3 kýrfóður, og sje það því æskilegt, að það verði gjört rýmra með því að leggja undir prestssetrið áðurgreindar þjóðjarðir, sem liggja rjett hjá því og því innan handar að vinna þaðan. En Kirkjubæjarjarðirnar eru hinsvegar hálfa mílu frá prestssetrinu.

Umboðsmaður skýrir svo frá, að af þjóðjörðunum sem eru 8,6 hdr., 8,6 hdr. og 7,3 hdr. að dýrleika, sjeu tvær hinar fyrstnefndu leigðar hvor um sig fyrir 75 álna afgjald á ári, og að afgjaldið af hinni síðastnefndu, Brekkuhúsi verði jafnmikið við næstu ábúanda skipti, en ársafgjaldið af Kirkjubæjarjörðunum, sem eru að dýrleika 6,23 hdr., 6,23 hdr. og 6,01 hdr., sje 68 álnir af hverri; og mælir hann með þessari beiðni, af því það annarsvegar sje mjög haganlegt fyrir prestakallið sökum þess hve þjóðjarðirnar liggja vel við, og með því að hins vegar ávallt mundi verða hægt að selja Kirkjubæjarjarðirnar á leigu fyrir 68 álna árlegt afgjald, verði landssjóður ekki fyrir neinum halla við skiptin,

sjeu þau aðeins bundin þeim skilyrðum, að eptirgjaldsmunurinn, 21 alin árlega verði greiddur í landssjóð af prestakallinu og presturinn auk þess sje skyldaður til að borga í landssjóð það álag, sem metið kann að verða með löglegri skoðunargjörð á Kirkjubæjarjarðirnar við afhendinguna.

Hlutaðeigandi prófastur, stiptsyfirvöld og landshöfðingi hafa allir mælt með beiðninni um jarðaskiptin með áðurgreindum skilmálum, og er því með lagafrumvarpi þessu leitað heimildar til þess að koma þeim fram.

Frumvarp til laga

um

iðnaðarnám.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Nú taka handiðnamenn, verzlunarmenn eða aðrir iðnaðarmenn unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, og skulu þeir þá annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að lögreglustjóri á þeim stað, er þeir eru búsettir, riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Óheimilt skal þeim að taka menn til kennslu, er nú skal greina:

1) Iðnaðarmenn, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;
2) þeir, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því að kennslusamningum hefur verið slitið;
3) þeir, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera; má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að reynslutímanum meðtöldum, sem getið er um í 5. gr. Þar að auki er lærlingurinn ekki bundinn við samninginn lengur en til tvítugs. Vilji hann þá ekki halda áfram að njóta kennslunnar allan þann tíma, sem ákveðið er í samningnum, er meistarinn heldur ekki lengur bundinn við hann.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsrúm, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan tilsagnartíminn varir, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði meistarinn og lærlingur hans, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr.

Lærlingur skal sýna meistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja meistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr.

Sje handiðnalærlingur yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarlærlingum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 um morguninn. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má meistarinn að jafnaði ekki fá lærlingnum neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi.

9. gr.

Meðan kennslutíminn varir skal meistarinn vaka yfir hegðun og siðferði lærlingsins og eptir megni hindra það, að aðrir hafi siðferðisspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja hann til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans eða honum er um megn, og heldur ekki má að jafnaði fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr.

Kennslutímanum skal þannig varið, að lærlingurinn læri smátt og smátt þá námsgrein, er hann hefur verið settur til, svo vel sem unnt er. Þá er kennslutíminn er á enda, skal meistarinn fá honum námsbrjef, er votti, hve lengi hann hefur verið í kennslu, og hvort hann sje orðinn fullnuma í iðn sinni. Nú hefur meistarinn ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og er það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er meistarinn þá skyldur til að greiða piltinum skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.). — Ef meistarinn hefur vísvitandi gefið rangt vottorð í námsbrjefinu, varðar það refsingu eptir 156. gr. alm. hegningarlaga.

11. gr.

Nú sýkist lærlingur, er býr hjá meistara sínum, og er meistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, en þó eigi

lengur en 6 mánuði, og sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða lærlingurinn hefur fengið einhverja töluverða langvarandi meinsemd, skal meistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir, að meinsemd sú varð vottföst, er piltrinn hefur orðið fyrir, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækningu hins sjúka manns.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta ef lærlingurinn sýkist, eða svo verður um samið síðar, er lærlingurinn verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast meistarinn ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til lærlinga, er eiga heima hjá meistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett meistarans til þess að segja samningnum slitið, ef lærlingur verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá meistaranum.

12. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka lærling annars til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr.

Nú hefur maður ástæðulaust yfirgefið nám sitt og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, sje þess beiðzt innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samning uppleystan, eður og leggur málið í gjörð, og verður þá eigi af apturfærslu að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1) þá er meistarinn deyr:
2) þá er meistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldsþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er meistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er lærlingurinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og meistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr.

Meistarinn getur slitið samningnum:

1) vegna sjúkdóma samkvæmt því er segir í 11. gr.;
2) ef lærlingurinn gjörir sig sekan í tiltakanlegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr.

Lærlingur, foreldrar eða forráðamaður hans vegna geta slitið samningi:

1) ef meistarinn misþyrmir lærlingnum, eða gjörir sig sekan í öðru tiltakanlegu broti á skyldum þeim er á honum hvíla gagnvart honum;

2) ef meistarinn skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá þeim hrepp, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje lærlingurinn til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að lærlingurinn verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef meistarinn er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef pilturinn vegna sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum meistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr.

Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði meistaranum og lærlingnum eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar

18. gr.

Nú verður ágreiningur milli meistara og lærlings um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2. og 4. eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund; skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr.

Meistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., sætir sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu sætir og sá meistari — nema þyngri refsingaákvæði eigi við — sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar lærlingi úr námsvist, og sá lærlingur, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr. — nema meistarinn út af því hafi beitt húsaga — eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef lærlingur er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli meistara og lærlings, er snerta námið,

eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaða bætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr.

Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við lærlinga, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr. — sbr. 3. gr., 1., 3. og 4. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr. — og 18. gr.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu:

Það er algengt á Íslandi eins og annarsstaðar að handiðnamenn taki menn til kennslu í iðn sinni, og við ber, að verzlunarmenn gjöri það einnig. En þrátt fyrir þetta eru í lögum engin ákvæði um þetta efni. Það vantar því allar reglur til tryggingar því, að kennslunni sje svo komið fyrir, að viðunandi sje fyrir báða hlutaðeigendur, og þegar ágreiningur hefur orðið milli meistara og lærlings, hafa menn ekki haft öðru til að dreifa en ákvæðum hjúatilskipunarinnar 26. janúar 1866, þar sem þeim hefur orðið komið við. Nú er að vísu svo ástatt á Íslandi, að það mun ekki koma tiltakanlega opt fyrir, að á slíkum lögum þurfi að halda, en landshöfðingi hefur þó álitið, og stjórnin fallizt á það, að málefni þetta sje í sjálfu sjer svo þýðingarmikið, að full ástæða sje til að skipa fyrir um það með lögum á Íslandi eins og í öðrum löndum, til þess að hindra vanbrúkun og til þess yfirhöfuð að tryggja námsvistina eins vel og tilgangurinn með henni krefur. Eptir tillögum landshöfðingja er því frumvarp þetta lagt fyrir þingið, og er það í öllu verulegu samið eptir ákvæðum þeim, er nýlega hafa öðlazt gildi í Danmörku með lögum 30. marz 1889 um iðnaðarnám, og virðast þau einnig geta átt við á Íslandi með einstaka breytingum, er einkum lúta að því, að engar eiginlegar verksmiðjuiðnir eru á Íslandi, nje heldur neinir »tekniskir« skólar.

Það er tilgangur laganna að sporna við því svo mjög sem unnt er, án þess þó að skerða um of samningsfrelsi manna, að námstíminn sje vanbrúkaður þannig, að kennslan sje látin sitja á hakanum, en lærlingurinn hafður til aðstoðar við vinnu hinna fullorðnu. Er slíkt ekki einungis til skaða fyrir hinn unga mann sjálfan, er hann verður að beita vinnukrapti sínum og stundum slíta sjer alveg út, án þess að fá annað en æfingu í því, sem lítið er undir komið, en fer á mis við það, sem mest er í varið, og verður þannig aldrei því vaxinn að komast í sjálfstæða stöðu, heldur er það einnig tjón fyrir mannfjelagið og iðnaðinn, því efling hans er undir því komin að duglegir menn verji kröptum sínum til hans, en þeirra er þá varla von. Til þess að lærlingurinn geti fengið fullkomna kennslu, verður að skylda meistarann til að nota hann og kenna honum á þann hátt, að hann, að svo miklu leyti, sem meistarinn hefur getað við ráðið, sje orðinn fullnuma í iðninni, þá er námstíminn er á enda, en hins vegar verður meistarinn, sem þá fyrst, er fer að síga á seinni hluta námstímans, getur búizt við að fá endurgjald fyrir það, er hann hefur orðið að gjöra fyrir lærlinginn, að hafa tryggingu fyrir því, að samningurinn verði heldur ekki rofinn frá hans hálfu. Það verður ekki búizt við því, að munnlegir samningar sjeu nógu fullkomnir eða nógu tryggjandi til þess að veita báðum samningsaðilum nauðsynlega tryggingu um langt tímabil, og er það því eitt af aðalákvæðum í frumvarpinu, að námssamningar skuli ætíð vera skriflegir, er þeir eru gjörðir við unglinga, er eigi eru sjálfum sjer ráðandi. Það er auðvitað að samningsaðilar verða

að vera sem mest sjálfráðir um hin einstöku atriði í samningnum, en það virðist þó æskilegt, að hið opinbera búi til sýnishorn af námssamningi, til þess að vekja athygli manna á þeim atriðum, er hvor aðila um sig ætti að gjöra ákvæði um.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þessa getið:

Við 1. gr.

Lögin virðast eiga að koma til greina í hvert skipti sem iðnaðarmenn taka unglinga til kennslu í iðn sinni, er yngri eru en 18 ára, hvort sem námstíminn á að vera langur eða stuttur.

Það hefur komið til íhugunar, hvort 16 ára aldurinn ætti ekki að vera takmörkin í þessu efni, sökum þess, að eptir íslenzkum lögum eru þeir, sem eru fullra 16 ára að aldri, bærir um að ráða sig sem hjú, enda hefur landshöfðingi farið þessu fram. Stjórnarráðið hefur engu að síður álitið, að rjettar væri að setja takmörkin eins og gjört er í hinum dönsku lögum, við 18 ára aldurinn, þá er menn verða yfir höfuð persónulega myndugir, því að stjórnin gjörir ráð fyrir, að vart megi búast við því, að sextán ára gamlir unglingar hafi fremur á Íslandi en í konungsríkinu fengið nægilegan þroska til þess að taka svo mjög þýðingarmikla ákvörðun fyrir framtíð sína, sem það er að gjöra námssamninga fyrir sjálfa sig. Það má óefað gjöra ráð fyrir því, að hinum unga manni veiti ekki af þeirri lagavernd, sem frumvarpið ætlast til, allt til þess hann er 18 ára, og hinsvegar virðist einkum ekki að vera nein veruleg og enn síður fullkomin líking milli þess myndugleika, sem veittur er sem sjerstök undanþága frá hinum almennu reglum unglingum frá 16—18 til þess að ráða sig sem hjú, og þeirri undanþágu, sem hjer er um að ræða fyrir þá frá þeirri fyrirhyggju, sem löggjöfin að öðru leyti ber fyrir óþroskuðum námsmönnum. Sjerstaklega skal það tekið fram, að vistarráðin eru einungis bindandi fyrir 1 ár í senn eptir 2. gr. í tilsk. 26. jan. 1866, en námssamningar geta verið bindandi í mörg ár.

Við 2. gr.

Að þeim mönnum, sem um er að ræða í þessari grein, sje ekki trúandi fyrir að hafa unglinga til kennslu, virðist ekki þurfa frekari skýringar við.

Við 3. gr.

Samningur sá, er foreldrar eða forráðamenn gjöra fyrir hönd hins unga manns, verður að vera bindandi fyrir hann fram yfir 18 ára aldurinn. Endurgjald það, sem meistarinn fær fyrir fyrirhöfn sína við tilsögn lærlingsins, mun að jafnaði mest verða fólgið í þeirri aðstoð, er hann veitir meistaranum við vinnu sína, en þessi hjálp fær þá fyrst nokkra þýðingu fyrir meistarann, þegar námið er komið nokkuð langt á leið. En hins vegar verður þó að vernda hinn unga mann fyrir því, að foreldrar hans eða forráðamaður ráði yfir vinnu hans óhæfilega langan tíma eptir að hann er orðinn sjálfum sjer ráðandi. Það er því farið fram á, að ekki megi ákveða lengri námstíma en 5 ár, og hinsvegar, að lærlingurinn geti sagt samningnum lausum eptir að hann er orðinn tvítugur að aldri. Þó hefur sanngirni þótt mæla fram með því gagnvart meistaranum, að bæta við öðru ákvæði, er gjörir það að verkum, að lærlingurinn verður þegar að segja til þess, er hann hefur náð tvítugs aldrinum, hvort hann vilji halda náminu áfram eða ekki.

Við 5. gr.

Bæði með tilliti til þess, hve þýðingarmikið námið er og vegna þess, hve kennslutíminn er langur að jafnaði, hefur rjett þótt vera að ákveða reynslutíma fyrir báða aðila.

Við 7. og 8. gr.

Það er eigi hægt að gefa nákvæmar reglur um það, hvernig námstímanum skuli varið, en hinsvegar hefur verið talið hættulaust að setja almenn takmörk þeim tíma, er

að jafnaði megi láta lærlinginn vinna, án þess það þurfi að koma í bága við þá tilhögun, er hafa verður við hverja námsgrein, eptir því sem eðli hennar krefur.

Við 9. gr.

Reglunni um húsaga í hjúatilsk. 26. jan. 1866 20. gr. hefur verið fylgt að því er námspilta snertir. En námsstúlkum hefur þótt rjett að hlífa alveg við húsaga eins og gjört er í hinum dönsku lögum.

Við 10. gr.

Þessi grein miðar til að tryggja það, að námstímanum sje í raun og veru varið til kennslu, og er því meistaranum gjört að skyldu að gefa út námsbrjef, og veitir hegningin fyrir að gefa vísvitandi röng vottorð, trygging fyrir því, að þau sjeu áreiðanleg.

Í hinum dönsku lögum er það ákveðið sem aðalregla, að námsmaðurinn nái svo miklum framförum að hann, er kennslutíminn er á enda, geti gengið undir sveinspróf, þar sem hægt er að leysa það af hendi, og hefur landshöfðingi farið fram á, að þessari reglu væri haldið í lagafrumvarpi þessu. En þar sem engin lagaheimild er nú sem stendur á Íslandi fyrir þesskonar prófum sem þeim, er heimild er fyrir í hinum dönsku atvinnulögum, hefur þótt rjettast að sleppa þeim í þessu frumvarpi. Ef sveinspróf verða í lög leidd á Íslandi, er nægur tími til að ákveða um slík próf í þeim lögum í líkingu við það, sem ákveðið er í hinum dönsku iðnaðarnámslögum um það efni.

Við 11. gr.

Verði námsmaður sjúkur án þess að honum sjálfum eða meistaranum sje sök á því gefandi, hefur það eptir öllu eðli námsvistarinnar þótt rjettast, að lærlingur, sem býr hjá meistaranum, sje látinn hafa meiri rjett gagnvart honum en hjú gagnvart húsbónda sínum; en standi öðruvísi á, eru ákvæði hjúalaganna beinlínis látin við eiga.

Við 14.—17. gr.

Það virðist ekki þörf á að skýra frekar ákvæðin í þessum greinum, sem eru samhljóða hinum dönsku lögum, um það hvenær námssamningar falli af sjálfu sjer úr gildi og hvenær meistarinn eða lærlingur geti sagt þeim slitið.

Við 18. og 20. gr.

Þá er ágreiningur verður milli meistara og lærlings um eitthvað það, sem komið verður að vera undir álitum, svo sem hvort meistarinn hafi borið nægilega önn fyrir kennslu lærlingsins, hvort annar hvor þeirra hafi brotið verulega þær skyldur, sem á honum hvíldu eptir námssamningnum, og hvaða skaðabætur þá eigi að gjalda þeim, er tjónið hefur beðið, er farið fram á að vísa þeim málum í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað; í gjörð er lögreglustjóri oddviti og með honum tveir menn aðrir, sem tilkvaddir eru sinn af hvorum málsaðila. Mál um brot á móti ákvæðunum í 1., 2. og 12. gr. er farið fram á, að höfðuð verði af hálfu hins opinbera og farið með sem almenn lögreglumál. Þá er loks farið fram á, að reka sem einkalögreglumál þau mál milli meistara og námsmanna, er rísa af náminu, og ekki verða lögð í gjörð.

Hegningarákvæðin í hinum dönsku lögum, sektir frá 5—200 kr. virðast einnig eiga við á Íslandi.

Við 21. gr.

Í þessari grein er stungið upp á því, að lögin skuli einnig eiga við, þá er námssamningar eru gjörðir við menn yfir 18 ára, nema hvað snertir skylduna til að hafa skriflegan samning og önnur þarað lútandi ákvæði, og ákvæðið um gjörðardóma.

Frumvarp til laga

um

breyting á 1. gr. í lögum 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum.

(Lagt fyrir alþingi 1891.)

1. gr.

Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 100 kr. virði, skal greiða gjald til hlutaðeigandi kirkju, 1/2 krónu af hverjum þúsund krónum af virðingarverði húsanna. Sama gjald skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 100 kr. virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, nema þau sjeu notuð við ábúð á jörð, sem metin er til dýrleika. Upphæð sú, sem gjaldið er greitt af, skal ávallt vera deilanleg með 100; það, sem þar er fram yfir, skal ekki koma til greina gjaldinu til hækkunar.

2. gr.

1. gr. í lögum 19. september 1879, um kirkjugjald af húsum er felld úr gildi.

3. gr.

Þessi lög öðlast gildi þann 1. janúar 1892.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Akvæðið í 1. gr. í lögum 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, ef þau eru ekki notuð við ábúð á jörð, sem metin er til dýrleika, hefur í framkvæmdinni verið látið ná til allra húsa í kaupstöðum og verzlunarstöðum, enda þótt þau hafi notuð verið við ábúð á jörðu, sem metin er til dýrleika, með því að álitið hefur verið að löggjafinn hafi ætlazt til þess að um kirkjugjaldið skyldu vera hinar sömu reglur og um húsaskattinn, sem skipaður er með lögum 14. desbr. 1877. Það hefur nú samt þótt vafasamt, og það ekki ástæðulaust, hvort þetta væri samhljóða orðum laganna, og er nú nýlega uppkveðinn landsyfirrjettardómur, sem ákveður að ekki skuli greiða kirkjugjald af húsi einu í Reykjavík, sem notað er við ábúð á jörðu, er metin er til dýrleika.

Með því að það mundi gjöra tilfinnanlegt skarð í tekjur hlutaðeigandi kirkna, einkum Reykjavíkur dómkirkju, ef allar húseignir í kaupstöðum og verzlunarstöðum, sem notaðar eru við ábúð á jörð eða jarðarparti, sem metin er til dýrleika, eða sem jörð fylgir, er metin er til dýrleika, ættu að vera undanþegnar kirkjugjaldi, er farið fram á það í frumvarpi þessu eptir tillögum landshöfðingja, að ofangreindum lögum verði breytt á þann veg, að það sje skýlaust ákveðið, að kirkjugjald skuli greiða af öllum húseignum í kaupstöðum og verzlunarstöðum.

Með því að menn ennfremur greinir á um það, hvort gjaldið skuli greiða af minni upphæð en 100 krónum af virðingarverði húsanna, hefur tækifærið verið notað til að gjöra uppástungu um, að ekki skuli greiða kirkjugjald af minni upphæð en 100 kr., eins og á sjer stað með húsaskattinn.

Frumvarp til laga

um

líkskoðun.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

1. gr.

Ekkert lík má jarðsetja, nje loka kistu yfir líki eða flytja það burtu langan veg, áður líkskoðun hefur farið fram og dánarvottorð gefið verið samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sjer stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sje vakað yfir því, nje heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sje áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefur á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sje prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sje grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð hefur gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aptur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

2. gr.

Sje löggiltur læknir eigi búsettur lengra en ½ mílu frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara, þá skal hann lík skoða, en ef lengra er frá bústað læknis, skulu það gjöra 2 líkskoðunarmenn, nema vandamenn hins framliðna eða aðrir rjettir hlutaðeigendur vilji heldur kalla lækni til eða lögreglustjóri skipar, að svo skuli vera. Hjeraðslæknar og aukalæknar þeir, er laun fá úr landssjóði, eru skyldir til líkskoðunar allsstaðar í umdæmum sínum, ef lögreglustjóri kveður þá til þessa, eða vandamenn hins framliðna eða aðrir, er hlut eiga að máli. Í Reykjavíkurkaupstað hvílir hin sama skylda í forföllum hjeraðslæknis á hverjum löggiltum lækni, er þar er búsettur.

3. gr.

Í hverjum þeim hreppp, þar sem líkskoðunarmenn skulu vera eptir ákvæðinu í 2. gr., eða, ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum að þessu leyti er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar, skulu vera tveir líkskoðunarmenn og auk þess einn eða tveir varalíkskoðunarmenn, er komið geti í hinna stað, þá er þeir hafa lögleg forföll. Utan Reykjavíkur skal og nefna tvo menn til þess að halda líkskoðun í löglegum forföllum hlutaðeigandi læknis á þeim stöðum, þar sem honum samkvæmt 2. gr. er skylt að skoða líkin sjálfur. Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varalíkskoðunarmenn eptir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sjer þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til þess að biðja sjer lausnar, og metur lögreglustjóri þessar ástæður.

4. gr.

Eptir að líkskoðun hefur fram farið, gefur sá eða þeir, er hana hafa framkvæmt, út dánarvottorð. Vottorðið skal samið á þann hátt, er landshöfðingi skipar fyrir um, á prentuðum eyðublöðum, sem í því skyni skulu gefin út.

Þá er líkskoðunarmenn skulu líkskoðun halda, má hún eigi fram fara, fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð merki til rotnunar hafi sýnt sig áður. Undantekning frá þessari reglu má að eins gjöra samkvæmt lögum þeim, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir, svo og í þeim tilfellum, er landshöfðingi tiltekur nákvæmar.

5. gr.

Landhöfðingi lætur semja leiðbeiningu handa líkskoðunarmönnum, er lýsir hinum helstu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum til hvers líkskoðunarmanns, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sjer til hjeraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

6. gr.

Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sje að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefur látið í ljósi, að ekkert sje því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefur banað sjálfum sjer, eða lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endrarnær er hafin hefur verið rannsókn út úr mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en lögreglustjóri hefur skoðað það, ef nauðsyn krefur með lækni, er hann hefur til þess kvaddan, og eigi fyr, en lögreglustjóri hefur ritað á dánarvottorð það,sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sje neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sé grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðuráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari, leyfa, að líkið sje grafið, þó svo, að það sje eigi gjört fyr en sex dagar eru liðnir frá því, að slysið vildi til, eða líkið fanst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unnt hefur verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða' er fyrir hendi eru, svo sem að láta sækja lækni eða leyta hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eptir 201. gr. almennra hegningarlaga.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sje svo vaxið að þyngri refsing sje viðlögð. Mál út af brotum þeim, er aðeins sæta refsingu eptir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð skal greiða lækni 2 kr. Sömu borgun fá líkskoðunarmenn til jafnra skipta. Ef tómthúsmenn, daglaunamenn, hjú eða aðrir í líkri stöðu eiga að greiða borgunina eða vandamenn þeirra, skal aðeinsgreiða hálfa borgun. Þá er grafið er á kostnað fátækrasjóðs, greiðist full borgun.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Þá er læknir heldur líkskoðun, skal hann ætíð hafa fararbeina ókeypis. Sje hann í þessu skyni sóttur lengra en hálfa mílu frá bústað sínum af vandamönnum hins látna eða öðrum, er hlut eiga að máli, skal hann auk þess fá borgun eins og fyrir almenna sjúkravitjun. Sje hann sóttur af lögreglustjóra fær hann borgun af almannafje á þann hátt, og hingað til hefur átt sér stað. Enga borgun skal greiða fyrir vottorð um að barn sje andvana fætt, er læknir sá gefur, er sóttur hefur verið til sængurkonunnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1892.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Nú sem stendur eru ekki í íslenzkum lögum nein fyrirmæli um ráðstafanir til þess að forðast það, að þeir menn verði jarðsettir, er óvíst var um nema lífga hefði mátt, nje um nauðsynlega rannsókn á líkum, er rekið hafa á land, á mönnum er dauðir finnast eða burðum kvenna, eða á mönnum, er orðið hafa sjálfum sjer að bana, hafa orðið bráðkvaddir eða farist af slysum og því um líku. Til þess að bæta úr þessum skorti hefur landshöfðingi lagt það til, að lagt verði fyrir alþingi frumvarp til laga um líkskoðun, byggt á lögum fyrir Danmörku frá 2. jan. 1871 og 4. maí 1875 og lögum 29. marz 1878 fyrir Færeyjar, og er í lagafrumvarpi þessu að fáeinum breytingum undanskildum fylgt frumvarpi því, er hann í þessu skyni hefur samið, og sem því nær var alveg samhljóða ofangreindum lögum fyrir Færeyjar, þar sem eins hagar til í öllu verulegu og á Íslandi í því sem hjer getur komið til greina. Að því er snertir einstök ákvæði frumvarpsins, skal það tekið fram, sem nú greinir.

Við 1. og 2. gr.

Það mun eigi þurfa frekari skýringar við, að líkskoðun, er miðar til þess að tryggja það, að enginn sje jarðsettur, fyr en hann er í raun og veru dáinn, er falin á hendur löggiltum læknum allsstaðar þar, sem því verður viðkomið. Það er því farið fram á að gjöra það að skyldu að nota lækni til þessa allstaðar þar, sem eigi er lengra til hans en hálf míla, en auk þess skulu embættislæknar vera skyldir til þess að framkvæma líkskoðun allstaðar í umdæmum sínum, þegar þess verður krafizt af þeim. Í Reykjavík er auk þess farið fram á að leggja þessa skyldu á herðar hverjum þeim lækni, sem þar er búsettur þegar eigi nær í hjeraðslækni,

Við 3. gr.

Í konungsríkinu er mönnum frjálst að takast líkskoðunarstarfið á hendur eða færast undan því, en hjer hefur það þótt hentugast eins og á Færeyum að gjöra það að almennu en borguðu skyldustarfi.

Við 6. gr.

Að læknisrannsóknar er ekki skýlaust krafizt í þeim tilfellum er hjer ræðir um, eins og í konungsríkinu, heldur falið lögreglustjóra í hvert skipti að kveða á um, hvort sækja skuli lækni eða ekki, kemur bæði til af því, að sökum hinnar miklu vegalengdar mundi það opt

verða miklum erfiðleikum bundið að ná í lækni, og hinsvegar eru drukknanir þær venjulegustu slysfarir á Íslandi, er menn farast af, og hið opinbera mun þá sjaldnast hafa nokkra ástæðu til að heimta, að læknir skoði líkð.

Við 8. gr.

Að því er ferðakostnað snertir, hefur þótt rjett að láta líkskoðunarmenn sæta sömu kjörum og þá menn, sem nefndir eru í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og fl., en að því er lækna snertir, þykir rjettara að þeir fái alltaf fararbeina ókeypis, einnig þá er þeim er s k y l t að halda líkskoðun.

Frumvarp til laga

um

að selja þjóðjörðina Miðskóga í Miðdalahreppi.

(Lagt fyrir alþingi 1891).

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja þjóðjörðina Miðskóga í Miðdalahreppi fyrir verð, er eigi sje minna en 750 kr. og borgist á þrem næstu árum með þriðjungi hvert árið. Kaupverðið skal tryggt með 1. veðrjetti í jörðinni og skal gjalda 4 hundruðustu í ársleigu af því er óborgað er, þangað til því öllu er lokið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta;

Þá er viðlagasjóður fjekk ekki í eindaga goldnar leigur af láni, er jörðin Miðskógar í Miðdalahreppi var að veði fyrir, var haldið uppboð á henni 1888, en er það varð árangurslaust. var hún lögð landssjóði út til eignar; hefur hún því næst frá fardögum 1889 verið byggð á leigu fyrir 30 kr. árlegt afgjald. Bóndi einn í Miðdalahreppi hefur nú farið þess á leit að fá nefnda jörð keypta fyrir 750 kr., er borgist á þrem næstu árum með þriðjungi hvert árið. Með því landssjóður hefur eignazt jörðina fyrir

1.	upphæð veðskuldarinnar	600 kr. „ a.
2.	leigur af henni 4% frá 11. júní 1886 til 11. júní 1889	72 — „ .
3.	kostnað við fjárnám og uppboð það sem reynt var árangurslaust	49 — 75 .
	eða alls . . .	721 kr. 75 a.

verður hann eigi fyrir neinum halla, ef jörðin er seld með þessum skilyrðum, og er því eptir tillögum landshöfðingja farið fram á að fá heimild þá sem þarf til þess að selja jörðina, eins og áður segir.

Nd. **22. Frumvarp**

til laga um lausamenn. Frá Þorláki Guðmundssyni og Páli Briem.

1. gr. Hverjum manni, sem er 21 árs að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, með því að fá lausamennskuleyfi hjá hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem lögheimili hans er, enda hefur hann rjett til að fá lausamennskuleyfið, ef hann sannar fyrir hreppsnefndinni eða bæjarstjórninni, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum húsráðanda í hreppnum eða bænum, sem eigi er á sveit. Lausamennskuleyfið skal veitt brjeflega, og ritar oddviti undir og innsiglar það fyrir hönd hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar, og skal honum í ómakslaun greidd fyrir brjefið 1 króna af karlmanni, en 50 aurar af kvennmanni.

Lausamennskuleyfið gildir meðan hlutaðeigandi hefur sama heimili, en breyti hann um heimili og vilji halda áfram lausamennskunni, verður hann að fá lausamennskuleyfi af nýju.

2. gr. Ef sá, sem hefir lausamennskuleyfi, greiðir eigi lögboðin gjöld, svo sem honum ber, er húsráðandi sá, er hann hefur heimili hjá, skyldur að inna þau af hendi fyrir hann.

3. gr. Hver, sem er heimildarlaust í lausamennsku, eða gjörir sig sekan í flakki, skal sæta sektum allt að 100 krónum. Sömu sektum skal sá sæta, sem hylmir yfir með lausamanni, til þess að hann komist hjá að greiða lögboðin gjöld.

4. gr. Þeir menn, sem hafa fengið leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilsk. 26. maí 1863, halda þeim rjettindum, er leyfisbrjef þau veittu þeim.

5. gr. Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu halda skrá yfir alla þá, er hafa lausamennskuleyfi í hreppnum eða bænum, og skal þess getið við hvern einn, hvenær leyfið er dagsett.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr. Tilskipun 26. maí 1863 er hjer með úr lögum numin, að því er snertir lausamenn.

Nd. **23. Frumvarp**

til laga um afnám Maríu- og Pjeturslamba. Flutningsmenn: Jón Jónsson þm. N.-M., Jón Jónsson þm. N.-Þ., Þorv. Kjerúlf.

Fóðurskylda svonefndra Maríu-og Pjeturslamba skal afnumin við næstu prestaskipti í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefur viðgengizt.

Nd. **24. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. Flutningsmenn: Þorvarður Kjerúlf og Árni Jónsson.

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisábúðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar, þannig, að verðið samsvari 25-földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig, að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þjóðjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin af fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr. Nú er þjóðjörð byggð í smærri hlutum, og má selja hana einhverjum af ábúendunum alla.

6. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á næsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi. Flutningsm.: Jón Jónsson þm. N.-Þ. og Þorvarður Kjerúlf.

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að fá sjer leyfisbrjef hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbrjefið borgar karlmaður 10 kr. og kvennmaður 5 kr.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 2. gr. nefndrar tilskipunar.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum. Flutningsm.: Jón Jónsson þm. N.-Þ. og Þorvarður Kjerúlf.

1. gr. Rjett er, að hreppsnefndarmenn fái þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reglum þeim, er settar eru með þessum lögum.

2. gr. Ef meiri hluti gjaldenda þeirra, er kosningarrjett eiga að lögum, samþykkir á lögmætu hreppaskilaþingi, má veita þeim manni, er gjaldheimtu hefur á hendi fyrir sveitarsjóðum, þóknun, er sje allt að 4% af hinu innheimta, en ábyrgjast skal hann, ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis af þeim tekjum, er lögtaksrjettur fylgir.

3. gr. Hreppsnefndarmanni þeim, er hefur á hendi bókfærzlu og brjefagerð fyrir hreppsnefndina, má veita þóknun af sveitarsjóði, allt að 50 kr. árlega, ef gjaldendur samþykkja, á sama hátt og fyrir er mælt í 2. gr.

4. gr. Fyrir fundahús og sendiferðir í þarfir sveitarsjóðsins má borgun

greiða af sveitarsjóði, er eigi sje þó hærri, að því er fundahús snertir, en 6 kr. fyrir hvern fund.

5. gr. Sjerhver ágreiningur, er rísa kann út af lögum þessum, heyrir undir fullnaðarúrskurð sýslunefndar.

Nd. **27. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli. Flutningsm. Jón Jónsson þm. N.-Þ.

Sú 15 Rdl. aukaþóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefir verið skylt að greiða prestinum á Presthólum samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskipti.

Ed. **28. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Flutningsmaður Jón A. Hjaltalín.

1. gr. Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarsstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar

senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakann þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

11. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

12. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal odd-

viti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið: síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördœmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.

16. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnar-

innar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarsstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

19. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Annar kosnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

20. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

21. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. grein til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Ed. **29. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á Íslenzku. Frá Jóni A. Hjaltalín.

2. gr. falli burt.

3. gr. verði 2. gr.

Nd. **30. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. Flutningsmaður Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.

1. gr. Kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar hefur hver sá, sem er 21 árs að aldri, og hefur átt heimili í hreppnum næsta ár áður en kosningin fór fram, og sem hefur óflekkað mannorð og stendur ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

2. gr. Nefndarmenn eru valdir til þriggja ára; að ári liðnu ganga úr nefndinni 2, 3 eða 4, eptir því hvort tala nefndarmanna er 3, 5 eða 7. Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr nefndinni skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal ganga úr nefndinni eptir 3 ár. Samkvæmt þessu fara nefndarmenn alltaf frá á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna áður en þessi 3 ár eru liðin, skal sá, er í hans stað er kosinn, að eins vera í nefndinni það sem eptir er af kjörtímanum. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný, en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka við kosningu fyr en aptur eru liðin 3 ár. Sá, sem er sextugur, getur skorast undan kosningu. Sá, sem er í hreppsnefnd, má ekki eiga sæti í sýslunefnd.

3. gr. Eigi hreppurinn fje í sjóði við lok reikningsárs, sem ekki lítur út fyrir að þurfi að brúka áður en næsta niðurjöfnun fer fram, skal hreppsnefndin koma því á vöxtu gegn nægilegri tryggingu.

4. gr. Hreppsnefndin má, án samþykkis sýslunefndar, borga úr sveitarsjóði fyrir sveitarstjórnarstörf, svo sem oddvitastörf, innheimtu á sveitarfje, ferðakostnað í hreppsþarfir, bæði til fundarhalda og annara erinda, sem hreppsnefndin felur mönnum á hendur. Sömuleiðis má hreppsnefndin veita úr sveitarsjóði fje til alþýðufræðslu, til eflingar landbúnaði og sjávarútvegi í sveitinni, og til annars þess, er sveitina varðar, án þess leita þurfi samþykkis sýslunefndar.

5. gr. Hreppsnefndin skal skyld, að senda sýslunefndinni eptirrit af fundargjörðum sínum, svo fljótt sem kostur er á eptir hvern fund.

6. gr. Um kosningarrjett, kjörgengi, lengd kjörtíma og um, hvernig haga skuli kosningu til sýslunefndar gildir hið sama sem fyrir er mælt hjer að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndar-kjörskránum, þegar kjósa á sýslunefndir. Um það, hvernig kosningin fer, skal senda hlutaðeigandi amtmanni skýrslu, svo það verði tilkynnt amtsráðinu. Sýslunefndarmaður má aldrei eiga sæti í amtsráði.

7. gr. Sýslunefndin hefur sama rjett fyrir sýslufjelagið, án þess að leita þurfi samþykkis amtsráðs, eins og hreppsnefndirnar fyrir sveitarfjelagið.

8. gr. Amtsráðsmenn skulu kosnir á manntalsþingum, á sama hátt og sýslunefndarmenn skal sýslumaður að loknum kosningum telja saman atkvæðin ásamt tveim mönnum, er sýslunefndin kýs til þess. Kjörgengir í amtsráð eru að eins þeir, er kjörgengir eru til alþingis. Þó skulu þeir vera búsettir innan amtsins. Um kosningarrjett, lengd kjörtíma og um, hvernig haga skuli kosningum til amtsráðs, fer eins og fyrir er mælt um sýslunefndir og hreppsnefndir hjer að framan. Ef tveir eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti. Að ári liðnu gengur meiri hlutinn úr í fyrsta sinn, en hinn hlutinn að þrem árum liðnum, og síðan allt af á víxl. Gildir hið sama um amtsráðin í því tilliti, eins og fyrir er mælt hjer að framan um sýslunefndir og hreppsnefndir.

9. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 3. gr., 5. gr., 26. gr. 3. og 4. liður, 30. gr. í tilskipun 4. maí 1872.

Nd. **31. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Flutningsmenn: Jón Jónsson þm. N.-Múl. og Jón Jónsson þm. N.-Þ.

1. gr. Þegar auglýst hefur verið að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup umsóknarbrjef allra þeirra, er um brauðið hafa sótt, til hlutaðeigandi prófasts, ásamt athugasemdum þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram til sýnis 2 vikur á hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið áður aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem umsóknarbrjef koma frá, skal á þessum fundi öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem heimili eiga í prestakallinu, og ó-spillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru 21 árs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12 maí 1882.

2. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. í lögum 8. jan. 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **32. Tillaga**

til þingsályktunar um fjárveitingar til búnaðarfjelaga. Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson, 1. þm. Ísfirðinga.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja 5 manna nefnd, til þess að semja og koma fram með ákveðnar reglur fyrir útbýting þess fjár, sem veitt er af landsjóði til búnaðarfjelaga.

Nd. **33. Tillaga til þingsályktunar.**

(Frá fjárlaganefndinni).

Neðri deild alþingis ályktar að setja 5 manna nefnd, til að íhuga og gjöra tillögur um breytingar á ferðum landpóstanna og um fjölgun þeirra.

Md. **34. Frumvarp**

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur. Flutningsmenn: Árni Jónsson, Jón Jónsson þm. N.-Þing., Ólafur Briem, Jón Jónsson þm. N.-Múl.

1. gr. Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landssjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer tryggingu fyrir lífeyri, eptir að hann er 70 ára að aldri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landsstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2^1/_3$ ár; en ef hann kaupir sjer tryggingu fyrir lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_3$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskýrteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður, sem hefur safnað sjer ellistyrk, fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að fá alla vöxtuna af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landsstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. Flutningsmenn: Árni Jónsson, Jón Jónsson þm. N.-Þ., Ólafur Briem, Jón Jónsson þm. N.-M.

1. gr. Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $^1/_8$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2\%$ af hennifyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með annari málsgrein 8. greinar sömu tilskipunar, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Nd. **36. Frumvarp**

til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfelt að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlað er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í dagpeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingaruppástungur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykir þær á rökum byggðar, og sendir þær síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingaruppástungurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp, eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur til tekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3 gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt og hvernig kostnað við það skal greiða.

6. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna er renni í fátækrasjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um breyting á farmannalögum 22. marz 1890. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

Undanskilin þessum lögum eru öll þau íslenzk fiskiskip, er hásetar á þeim gera sig út sjálfir að mat, og eiga meiri eða minni hluta afla síns í stað kaups, nema því að eins að eigandi eða útgerðarmaður skipsins æski þess.

Ed. **38. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum.

Hin heiðraða efri deild hefur kosið oss undirskrifaða til að segja álit vort um frumvarp þetta. Samhuga álit vort er að ráða deildinni að fallast á frumvarpið með þeim breytingum, er hjer fylgja:

1. Við 1. gr.
   Orðin „fram og aptur", er standa aptast í seinni lið greinarinnar, falli burt.
2. Við 2. gr.
   Í stað: „yfirheyrslunni er lokið; skal borgunar" — komi: „búið er að fá skýrslu þess; borgunarinnar skal".
   Í stað „hans" komi „vitnisins".

Efri deild Alþingis 7. júlí 1891.

L. E. Sveinbjörnsson, form. Jón A. Hjaltalín, skrifari og framsögum. J. Havsteen.

Ed. **39. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi o. s. frv.

Hin heiðraða efri deild hefur kosið oss, sem ritum nöfn vor hjer undir, til þess að segja álit vort um frumvarp þetta. Vjer höfum rætt það með oss á fundum, og er það samhuga álit vort, að ráða deildinni til að fallast á frumvarpið með þeim breytingum, sem hjer fylgja:

1. Við fyrirsögnina: í stað „málskostnað í sumum opinberum sakamálum" komi: „greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo á stendur".
2. Við 1. gr. Fyrsti liður orðist þannig: „Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir".
3. Við 1. gr. Annar liður: a) Í stað: „Hið sama er" komi: „svo er og".
   b) Á eptir orðunum: „sökum þess" bætist inn í: „að".
4. Við 2. gr. a) Í stað orðanna: „verið orsök til þess" komi: „verið þess ollandi".
   b) Í stað: „sturlun" komi: „fáti".

5. Við 3. gr. . . . . „Að því er hann snertir, er lokið, þó skal amtmanni skýrt frá þessu“ lesist: „Að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu“.
6. Við 8. gr. „Opinber“ falli burt.
7. Við 9. gr. a) Byrjun 9. gr. orðist þannig: „Lög þessi ná eigi til þeirrar varðhaldsgæzlu . . .“
   b) „gidi“ lesist: „gildi“.

Efri deild Alþingis 7. júlí 1891.

L. E. Sveinbjörnsson, form. Jón A. Hjaltalín, skrifari og framsögum. J. Havsteen.

Nd. **40. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kirkjugjald af húsum. Frá Sigurði Stefánssyni, 1. þm. Ísfirðinga.

Í stað orðanna: „sem eru fullra 100 króna virði“ á seinni staðnum í 1. gr. komi: „sem eru fullra 500 króna virði“.

Nd. **41. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson og Skúli Thoroddsen.

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, er gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Ed. **42. Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Nefndin hefur nákvæmlega yfirfarið frumvarpið og rætt það. Nefndin er samdóma þeirri meginreglu frumvarpsins, sem og er samkvæm helgidagalöggjöf vorri, að það sje alls ekki verkefni lagasetningarinnar að þröngva nokkrum manni til að taka þátt í hinni almennu guðsþjónustu, heldur sje hitt eingöngu hlutverk löggjafarinnar, að varna því að aðrir raski friði helgidagsins og trufli með því guðrækni þeirra manna, er nota vilja helgidaginn á rjettan hátt. En nefndin fær eigi betur sjeð en að sú almenna friðun, er frumvarpið veitir helgideginum, sje of takmörkuð, bæði eptir almennum hugsunarhætti landsmanna og eptir því, er til hagar allvíða hjer á landi, þar sem messufólk verður að fara jafnvel fleiri mílna langan veg til kirkju sinnar. Lögin mega eigi, að ætlun nefndarinnar, gefa neitt

tilefni til að rýra kirkjurækninа, hvað þá heldur að gjöra vinnufólki og verkamönnum næsta torvelt, ef eigi ómögulegt, að sækja kirkju, ef sóknin er víðlend og vegir seinfarnir. Nefndin vill því einhuga ráða til þeirrar breytingar á frumvarpinu, að fyrir friðunartakmarkið „frá kl. 9 fyrir hádegi til kl. 4 eptir hádegi“ verði sett „*til miðaptans*“, það er hið sama tímatakmark, sem tilsk. $^{28}/_{3}$ 1855 til tekur. Önnur sú efnisbreyting, er nefndin vill ráða til að gerð sje á frumvarpinu, er sú að hinn almenni bænadagur sje felldur úr 8. gr., og því eigi gjörður friðhelgari en aðrir vanalegir messudagar. Ástæða fyrir þessari breytingu er fyrst sú, að hinn almenni bænadagur virðist eigi, að því leyti oss nefndarmönnum er kunnugt, að hafa náð neinni sjerlegri helgi í meðvitund landsmanna fram yfir sunnudagana. Önnur ástæðan er sú, að sjómönnum kemur næsta bagalega, að þurfa að halda hann sjerlega helgan, einkum í fiskileysis- og gæftaleysis-árum, með því að hann er æfinlega á vetrarvertíðinni. Mundi því, einkum í flestum sjávarsveitum, þykja óhagfelt og óviðkunnanlegt, að láta bænadaginn halda sæti sínu meðal stórhátíða kristninnar. Nefndin ræður því h. h. efri deild til að fallast á frumvarpið með þessum efnisbreytingum og nokkrum orðabreytingum.

Breytingartillögur nefndarinnar.

Við 1. gr. a, Fyrir: „frá kl. 9 fyrir hádegi til kl. 4 eptir hádegi“ komi: til miðaptans.
b, Fyrir: „ró helgidagsins“ komi: friði helgidagsins.
c, Fyrir: „fyrir akkerum á rúmsjó“ komi: um akkeri fyrir opnu hafi.
Við 2. gr. Orðin: „frá því kl. 9 f. h.“ falli úr á báðum stöðunum.
Við 4. gr. Fyrir: „opinberum“ komi: almennum.
Við 5. gr. Fyrir: „má ekki halda neinar almennar skemtanir og yfir höfuð að tala engar æfingar eða“ komi: má hvorki halda neinar almennar skemtanir, nje heldur mega nokkrar þær.
Við 6. gr. Fyrir: „á meðan“ komi: meðan.
Við 7. gr. Fyrir: „ekki sje“ komi: sje eigi.
Við 8. gr. a, Orðin: „hinn almenna bænadag“ falli úr.
b, Fyrir: „hinna þriggja“ komi: þeirra þriggja.
Við 11. gr. Fyrir „áminningu“ og „auglýsingu“ komi: áminning og auglýsing.

Alþingi, 8. júlí 1891.

J. Havsteen formaður. Arnljótur Ólafsson skrifari og framsögumaður. Sighvatur Árnason.

Ed.

43. Frumvarp

til laga um þingfararkaup alþingismanna. Flutningsmenn: Jón A. Hjaltalín, Sighvatur Árnason og Friðrik Stefánsson.

1. gr. Alþingismenn skulu hafa í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem alþingi stendur yfir, 6 kr.

2. gr. Ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þá daga, er alþingismenn þurfa til þingferðar og heimferðar frá þingi, frá heimili þeirra og til þess, fá þeir þá borgun, er hjer segir:

1. Úr Norður-Múlasýslu 728,00

2.	— Suður-Múlasýslu	624,00
3.	— Austur-Skaptafellssýslu	520,00
4.	— Vestur-Skaptafellssýslu	286,00
5.	— Rangárvallasýslu	156,00
6.	— Vestmannaeyjasýslu	210,00
7.	— Árnessýslu	84,00
8.	— Gullbringu- og Kjósarsýslu	32,00
9.	— Borgarfjarðarsýslu	84,00
10.	— Mýrasýslu	110,00
11.	— Snæfellsnessýslu	208,00
12.	— Dalasýslu	208,00
13.	— Barðastrandarsýslu	338,00
14.	— Ísafjarðarssýslu	416,00
15.	— Strandasýslu	260,00
16.	— Húnavatnssýslu	260,00
17.	— Skagafjarðarsýslu	364,00
18.	— Eyjafjarðarsýslu	416,00
19.	— Suður-Þingeyjarsýslu	468,00
20.	— Norður-Þingeyjarsýslu	572,00

3. gr. Útgjöld þau, sem nefnd eru í 1. og 2. gr. greiðist úr landsjóði.

4. gr. 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis er úr lögum numin.

Nd.

44. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum (samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 100 kr. virði, skal greiða gjald til hlutaðeigandi kirkju $^1/_2$ krónu af hverjum þúsund krónum af virðingarverði húsanna. Sama gjald skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 500 kr. virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, nema þau sjeu notuð við ábúð á jörð, sem metinn er til dýrleika. Upphæð sú, sem gjaldið er greitt af, skal ávallt vera deilanleg með 100; það, sem þar er fram yfir, skal ekki koma til greina gjaldinu til hækkunar.

2. gr. 1. gr. í lögum 19. september 1879 um kirkjugjald af húsum er felld úr gildi.

3. gr. Þessi lög öðlast gildi þann 1. janúar 1892.

Nd.

45. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar frá fjárlaganefndinni (33). Frá Jóni Jónssyni, þm. N-Þ., Sigurði Stefánssyni, Árna Jónssyni og Þ. Kjerúlf.

Aptan við tillöguna bætist: „Svo og til að íhuga reglur þær og fyrirskipanir, er póstmenn eiga að fylgja í störfum sínum“.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Eiríki Briem og Indriða Einarssyni.

Bókarinn hefur 2000 kr. í árslaun.

Fjehirðir hefur 2000 kr. í árslaun.

Enn fremur hefur fjehirðir $^1/_5$ af þúsundi af innborgunum og útborgunum samkvæmt reikningi bankans fyrir hvern ársfjórðung.

Nd. **47. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 19. sept. 1879 um kirkjugjald af húsum, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni, þm. N-Þ., J. Jónassen, Páli Ólafssyni, Eiríki Briem, Jóni Jónssyni, þm. N-M.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: „sem eru fullra 100 kr. virði", komi: „sem eru fullra 500 kr. virði".
2. Við fyrirsögn frumv. orðin: „1. gr. í" falli burt.

Nd.

48. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Flutningsmenn: Benedikt Sveinsson 2. þm. Eyfirðinga, Sigurður Stefánsson 1. þm. Ísfirðinga.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu

málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið

var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að, það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á, að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem

hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar, sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á, að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundar sakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum, skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstakleg málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed. **49. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um líkskoðun.

Vjer sem kosnir höfum verið af hinni heiðruðu efri deild, til að segja álit vort um frumvarp þetta, höfum íhugað það, og viljum vjer ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið, með þeim breytingum sem hjer fara á eptir.

Við 1. gr. Í staðinn fyri orðin: „Ekkert—veg“ komi: „Ekki má loka kistu yfir líki nje jarðsetja það, nje —nema um sjórekin lík sje að ræða— flytja það burtu langan veg“, og svo frv., eins og í frumvarpinu, að öðru leyti en því, að á eptir orðinu „dánarvottorð“ í þriðja málslið 1. gr. leggjum vjer til, að skotið sje inní þessum orðum.: smbr. lög nr. 3, 12. apríl 1878 1. gr.

Við 2. gr. Í stað orðanna: „½ míla“ komi: 1 míla.

Við 8. gr. Í þriðja málslið fyrir orðið: „hálfa mílu“ komi: eina mílu.

Efri deild alþingis, 8. júlí 1891.

E. Th. Jónassen	Friðrik Stefánsson	Grímur Thomsen.
form. og framsögumaður.	skrifari.	

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um strandferðir og vegi.—Flutningsmaður Jens Pálsson.

I. kafli.

Um strandferðir.

1. gr. Landsjóður Íslands heldur úti á sinn kostnað gufuskipi í strandferðum við landið eigi skemur ár hvert en 7 mánuði.

2. gr. Ferðir skipsins skulu ákveðnar með ferðaáætlun, sem landshöfðingi semur samkvæmt tillögum alþingis.

3. gr. Í strandferðaskipinu skal vera farþegarúm handa eigi færri en 100 mönnum, og vörurúm fyrir eigi minna en 50 smálestir (tons).

4. gr. Í framkvæmdarstjórn strandferða þessara skal vera framkvæmdarstjóri, er landshöfðingi skipar, og meðráðamaður, er hið sameinaða alþingi kýs til tveggja ára framkvæmdarstjóra til ráðaneytis og til eptirlits af þingsins hálfu.

5. gr. Samningar framkvæmdarstjóra um leigu eða kaup á strandferðaskipum fyrir Ísland er ekki bindandi fyrir landsjóðinn nema meðráðamaður riti á hann samþykki sitt.

6. gr. Landshöfðingi getur vikið frá framkvæmdarstjóra og meðráðamanni hans, hverjum fyrir sig, þegar honum þykir ástæða til. Þegar sæti verður autt í framkvæmdarstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna störfunum um stundarsakir.

7. gr. Landshöfðingi gefur framkvæmdarstjórninni erindisbrjef, og er hún ávallt skyldug, að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar viðvíkjandi strandferðunum og rekstri þeirra, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta.

8. gr. Landshöfðingi ákveður fargjöld og flutningsgjöld eptir tillögum framkvæmdarstjórnarinnar. Framkvæmdarstjóri annast afgreiðslu skipsins, og er að jafnaði með því á ferðum þess.

9. gr. Framkvæmdarstjóri hefur 1000 krónur í árslaun, og auk þess 5 % af brútto-tekjum landsjóðs af strandferðaskipinu, en meðráðamaður fær 300 krónur fyrir starfa sinn.

10. gr. Aðal-afgreiðslustöð skipsins er í Reykjavík

II. kafli.

Um skiptingu á vegum

11. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppavegir.

12. gr. Aðalflutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn hjeraða er flutt um, að kaupstöðum og öðrum helztu hafnstöðvum og frá þeim. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, sýsluvegir nje hreppavegir. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli, og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kaupstaði og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje fjallvegir. Hreppavegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir nje sýsluvegir.

13. gr. Hverjir vegir skuli vera aðalflutningabrautir ákveða amtsráð eptir tillögum sýslunefnda, og liggja þau ákvæði undir samþykki landshöfðingja.

14. gr. Aðalpóstleiðir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestsbakka, 5. frá Prestsbakka til Eskifjarðar.

15. gr. Fjallvegir skulu þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum vera: 1. Kollafjarðarheiði, 2. Steingrímsfjarðarheiði, 3. Grímstungnaheiði, 4. Kaldidal-

ur, 5. Uxahryggir, 6. Mosfellsheiði, 7. Fjallabaksvegur milli Búlandssels í Skaptártungu og Galtalækjar á Landi.

III. kafli

Um aðal-flutningabrautir, aðal-póstvegi og fjallvegi.

16. gr. Aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir og fjallvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

Svo skal vegi gjöra á aðalflutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður, og amtsráða.

Á aðalpóstvegum og fjallvegum skal, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, bæta torfærur með vegar-ruðningum og brúargjörð, svo að þeir verði hvervetna greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

Landshöfðingi ráðstafar vegagjörð á aðalpóstvegum og fjallvegum, eptir tillögum amtsráðanna.

Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

IV. kafli.

Um sýsluvegi.

17. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

18. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu þannig, að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn, sem heimili hafa í hreppnum, og eru 20—60 ára, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum.

19. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

20. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá aðalflutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu, þar sem því verður við komið, gjörast akfærir, vera að minnsta kosti 5 álna breiðir og hafa eigi meiri halla en 1 á móti 10. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á aðalpóstvegum og fjallvegum.

21. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

V. kafli
Um hreppavegi.

22. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver maður verkfær, 20—60 ára, að vinna $^1/_2$ dagsverk á ári að hreppsvegi í hrepp þeim, sem hann á heimili í, og leggja sjer til auk fæðis nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Húsbændur láta vinna skylduverk þetta fyrir heimilismenn sína. Heimilt er þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá í sveitarsjóð innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum, sem nemi $^1/_2$ dagsverki eptir verðlagsskrá.

23. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegabótasjóði sýslunnar.

24. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim dagpeninga allt að 3 krónum fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

25. gr. Skyldur skal hver verkmaður, sem eigi hefur leyst sig undan skylduvinnu samkv. 22. gr., að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans, en gjaldi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

26. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

27. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

VI. kafli.
Almenn ákvæði.

28. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

29. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma,—úr landssjóði, sje vegurinn aðalflutningabraut eða aðalpóstvegur, úr sýslusjóði, sje vegurinn sýsluvegur og úr hreppssjóði, sje hann hreppsvegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landssjóði, sýslusjóði eða hreppssjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

30. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

31. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og viðhalda þeim, og svo sæluhús við fjallvegi. — Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landssjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

32. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

33. gr. Með lögum þessum er tilskipun 15. marz 1861, lög nr. 19 15. okt. 1875 og lög nr. 25 10. nóv. 1887 úr gildi numin.

34. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Ed. **51. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um nokkrar ákvarðanir, er snerta opinber lögreglumál.

Nefnd sú, sem kosin hefir verið til þess, að íhuga þetta mál, hefir rætt það vandlega, og lætur nú uppi svolátandi álit sitt um það.

Þótt athugasemdir þær, sem prentaðar eru aptan við frumvarpið, virðist benda til þess, að svo hafi verið til ætlazt, að ákvæði frumvarpsins skyldu að eins ná til þeirra almennu lögreglumála, sem rísa af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum, þá fer frumvarpið sjálft langtum lengra, og á við öll almenn lögreglumál. Það er með öðrum orðum svo víðtækt, að með því gjörast breytingar á öllum lögum, þar sem svo er fyrir mælt, að með mál út af brotum gegn þeim skuli farið sem almenn lögreglumál. Nefndin gat nú eigi með nokkru móti fallizt á þetta, og varð jafnvel að álíta ákvæði frumvarpsins ísjárverð, og vera á þeirri skoðun, að mesta nauðsyn væri á því, að beita allmörgum lögum, sem að eins gjöra ráð fyrir því, að brot gegn þeim komi fyrir almennan lögreglurjett, með fullum strangleika, svo sem sjer í lagi tolllögum, verzlunar- og siglingalögum, sóttvarnarlögum, fiskiveiðalögum o. fl. Aptur á móti eiga ákvæði frumvarpsins vel við um mál út af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum, eins og slíkar samþykktir venjulega eru, og er eigi í þeim um nein stórbrot að ræða.

Í samhljóðun við þessa skoðun nefndarinnar eru eptirnefndar breytingar gjörðar á fyrirsögn frumvarpsins og báðum greinum þess, og svo nokkrar orðabreytingar:

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist á þessa leið: „Frumvarp til laga um ákvarðanir er snerta nokkur almenn lögreglumál“.
2. 1. gr. a. Í stað orðanna: „opinberum lögreglumálum eptir framkomnum málavöxtum“ komi: „þeim almennu lögreglumálum, sem rísa af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum“.
   b. Í stað orðsins: „lengur“ komi: „lengra“.
   c. Í stað orðsins: „kröfum“ komi: „boði“.
   d. Fyrir aptan orðið: „amtmanns“ bætist við: „eða kröfu“.
   e. Í stað orðsins: „unglingum“ komi: „börnum“.
   f. Í stað orðsins: „unglingnum“ komi: „barninu“.
   g. Í stað orðanna: „hinn unga mann“ komi: „barnið“.

h. Orðin í niðurlagi greinarinnar: „og má eptir málavöxtum . . . . . hlutaðeigandi hreppstjórar“ falli burt.

3. 2. gr. a. Fyrir framan orðið: „lögreglumáli“ bætizt við: „slíku almennu“.

b. Í stað orðsins: „yfirvald“ komi: „stjórn“.

c. Í stað orðsins: „sektir“ komi: „sekt“.

d. Orðin: „einfalt fangelsi í 8 daga, fangelsi við vatn og brauð í 5 daga“ falli burt.

e. Milli orðanna: „eða fangelsi“ bætist: við „einfalt“.

f. Í stað orðsins: „unglinga“ komi: „börn“.

g. Í stað orðsins: „unglingi“ komi: „barni“.

Nefndin ræður svo hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem nú voru taldar.

Alþingi, 9. júlí 1891.

J. Havsteen	Arnljótur Ólafsson	L. E. Sveinbjörnsson.
form. og framsögumaður.	skrifari.	

Nd. **52. Ályktan**

neðri deildar alþingis samþykkt við eina umr.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja 5 manna nefnd, til að íhuga og gjöra tillögur um breytingar á ferðum landpóstanna og um fjölgun þeirra, svo og til að íhuga reglur þær og fyrirskipanir, er póstmenn eiga að fylgja í störfum sínum.

Nd. **53. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, eins og það var samþykkt við 1. umr. í Nd. Frá Ólafi Ólafssyni.

1. Eptir aðra grein komi svolátandi grein, sem verður 3. gr.:

„Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. En eigi má gjöra breytingu á takmörkum sókna eða prestakalla og eigi leggja niður kirkju nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeraðsfundarmanna, þeirra sem hlut eiga að máli og eru á fundi, samþykki breytinguna“.

2. Eptir 3. grein komi 4. grein svo látandi:

„Þeim safnaðarfulltrúum, er hjeraðsfund sækja, skal greiða í ferðakostnað og fæðispeninga 2 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman til að sækja hjeraðsfund. Hjeraðsprófasturinn leggur úrskurð á, hve marga daga hver hjeraðsfundarmaður má telja.

Hlutaðeigandi sóknarnefndir niðurjafna gjaldi þessu og innheimta það samkvæmt lögum Nr. 21 22. maí 1880, og hefir það hin sömu rjettindi“.

Nd. **54. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sölu þjóðjarða.

Vjer, sem kosnir höfum verið af hinni heiðruðu neðri deild til að segja álit vort um frumvarp þetta, höfum íhugað það, og viljum vjer ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið, með þeim breytingum, sem hjer fara á eptir:

1. Við 1 gr. Í stað „embættisábúðar“ komi: embættisbústaðar.
2. — 2. — Á eptir orðunum: „verðið samsvari“ bætist inn í: að minnsta kosti.
3. — 3. — Í staðinn fyrir „$^1/_{10}$“ komi: $^1/_5$.
4. — 5. — Málsgreinin: „Nú er þjóðjörð“ o. s. frv., falli burt.

Neðri deild alþingis, 9. júlí 1891.

Árni Jónsson, formaður. Jón Þórarinsson. Ólafur Briem, skrifari og framsögum.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landstjórnina til að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi sölu á ósútuðum aðfluttum húðum. Flutningsm.: Þorv. Kjerúlf, J. Jónassen, Þorlákur Guðmundsson.

Landstjórninni veitist heimild til að setja löggildar reglur, og leggja sektir við af út ef er brugðið, fyrir því, hvernig fara skal með ósútaðar, aðfluttar húðir, svo þær geti eigi valdið miltisdrepi í nautum og hrossum.

Ed. **56. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

Hin heiðraða efri deild hefur kosið oss til að segja álit vort um frumvarp þetta.

Eptir að vjer höfum íhugað frumvarp þetta, er samhuga álit vort að ráða deildinni til að fallast á frumvarpið óbreytt, þar eigi verður hjá því komist að breyta skipun hinna umræddu prestakalla í þá átt, sem fram á er farið.

Efri deild alþingis, 9. júlí 1891.

E. Th. Jónassen form. og framsögumaður. Á. Thorsteinsson skrifari. Skúli Þorvarðarson.

Ed. **57. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaða prestakalli í Húnavatnssýslu prófastsdæmi.

Hin heiðraða deild hefur kosið oss til að kveða upp álit vort um frumvarp þetta, og er það á þessa leið:

Ástæður þær, sem taldar eru til frumvarps þessa, eru einkum fólgnar í því, að tekjurnar af Höskuldsstaðasókn hafi rýrnað svo, að nú vilji enginn sækja um hið sameinaða brauð Höskuldsstaði og Holtastaði og því þurfi að nema burt árgjald af brauðinu og ljetta af því eptirlaunum þeim, er á því hvíla.

Prestakall þetta hefur orðið fyrir svo mikilli rýrnan, að eigi mun verða hjá því komizt að ljetta á því að miklum mun kvöðum þeim er á því hvíla, en þar hinar töldu ástæður rýrnunarinnar virðast vera um stundarsakir, og eptir því sem ætla má eigi til langframa, telur nefndin eigi nægа ástæðu til að losa brauðið við árgjald og eptirlaun að öllu en einungis um stundarsakir. Nefndin álítur 5 ára eptirgjöf hæfilega til reynslu, en innan þess tíma mætti svo ákveða, hvort brauðið, sem hefur talsverðar tekjur af fasteign, skuli njóta eptirgjafar lengur.

Breytingartillögur

nefndarinnar eru því:

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist: „Í fimm ár frá fardögum 1891 skal". Í niðurlagi greinarinnar. Í stað: „fellur", komi: „falla".
2. Við 2. gr. Á eptir: „úr landssjóði", komi: „í fimm ár".

Alþingi, 9. júlí 1891.

E. Th. Jónassen, form. Á. Thorsteinsson, skrifari og framsögum. Skúli Þorvarðarson.

Nd. **58. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi. Frá Jens Pálssyni.

Á eptir þessum orðum 2. gr.: „er kosningarrjett hafa til alþingis", komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Slíka almenna fundi í hjeraði skal halda á tímabilinu 15. maí til 15. júlí, að báðum dögum meðtöldum.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Lárus Halldórsson.

1. gr. Hver sem segir sig úr þjóðkirkjunni, skal frá þeim tíma vera undanþeginn öllum lögboðnum gjöldum til prests og kirkju.

2. gr. Þegar prestakall eptirleiðis er veitt, skal það tekið fram í veitingarbrjefinu, að presturinn verði að hlýta þeirri tekjurýrnun, er leitt getur af lögum þessum.

3. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu einskis í missa af tekjum sínum, heldur skal tekjuhalli sá, er af lögum þessum leiðir, endurgoldinn þeim úr landssjóði, samkvæmt skýrslu, er þeir gera ár hvert, og sóknarnefnd og hjeraðsfundur votta, að sönn sje.

4. gr. 16. gr. í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn, er úr lögum numin.

Nd. **60. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar: Skildinganes, Bústaði, Klepp og Laugarnes undir Reykjavíkurkaupstað: Flutningsmaður: J. Jónassen.

Jarðirnar: Skildinganes, Bústaðir, Kleppur og Laugarnes í Seltjarnarneshreppi skulu frá fardögum 1892 sameinaðar Reykjavíkur lögsagnarumdæmi.

Ed. **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Af öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem eru fullra 500 kr. virði, skal greiða gjald til hlutaðeigandi kirkju ½ krónu af hverjum þúsund krónum af virðingarverði húsanna. Sama gjald skal og greiða af öðrum húsum, sem eru fullra 500 kr. virði, þótt eigi standi þau í kaupstað eða verzlunarstað, nema þau sjeu notuð við ábúð á jörð, sem metin er til dýrleika. Upphæð sú, sem gjaldið er greitt af, skal ávallt vera deilanleg með 100; það, sem þar er fram yfir, skal ekki koma til greina gjaldinu til hækkunar.

2. gr. 1. gr. í lögum 19. september 1879 um kirkjugjald af húsum er felld úr gildi.

3. gr. Þessi lög öðlast gildi þann 1. janúar 1892.

Ed. **62. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Enginn útflutningastjóri eða umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eða meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr. Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eða umboðsmenn hans hafa um samið eða auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr. Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþega um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans löggiltum, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabrjef frá lögreglustjóra umdæmisins, eða löggiltum umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip.

Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, sem skipstjóri tekur á skip sitt gegn banni þessu, og greiðist sektarfjeð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

Nú afhendir maður öðrum vegabrjef sitt, og varðar það jafnháum sektum sem áður er talið. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

Undanskilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10.

4. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um bann gegn eptirstæling frímerkja og annara póstgjaldsmiða. (Eptir 3. umr. í E. d.).

Ákvæðin í lögum 9. ágúst 1889 um bann gegn eptirstæling peninga og peningaseðla o. fl. skulu einnig ná til þeirra, er hjer á landi búa til eða útbreiða eða flytja til landsins þá hluti, sem að lögun og annari gerð eru verulega líkir að ytri ásýndum innlendum eða útlendum frímerkjum og öðrum póstgjaldsmiðum.

Ed. **64. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Árna Thorsteinsson.

Við 8. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður:

Hinn almenna bænadag skal halda ár hvert 1. nóvembermánaðar eða allra heilagra messu, í fyrsta sinn árið eptir að hann síðast er haldinn samkvæmt eldri lögum.

Ed. **65. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Frá Jóni A. Hjaltalín.

1. 18. gr. falli burt.
2. 19.—21. gr. verði 18.—20. gr.
3. Í 21. bætist inní á eptir orðunum: „19. gr. til“, „36. gr. og 37. gr. til“.

Ed. **66. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 2. gr.: Í stað: „þá borgun er“, komi: „borgaða eins og“.

Nd. **67. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Frá Benidikt Sveinssyni og Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. bætist: „Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874“.

Nd. **68. Frumvarp**

til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum. Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson og Skúli Thoroddsen.

1. gr. Konum er heimilt með sömu skilmálum og körlum að njóta kennslu og ganga undir burtfararpróf hins lærða skóla í Reykjavík.

2. gr. Konur eiga enn fremur rjett á að njóta kennslu á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík og öðrum menntunarstofnunum, er stofnaðar kunna að verða, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er um karlmenn eru sett í því efni. Rjett er þeim og, að ganga undir burtfararpróf við skóla þessa með sömu skilyrðum og karlmenn.

3. gr. Konur hafa allan sama rjett sem karlmenn til að njóta góðs af styrktarfje því, sem lagt er menntunarstofnunum þeim, er getur um í lögum þessum, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið.

4. gr. Með því að ganga undir próf þau, er getur um í lögum þessum, öðlast konur aðgang að embættum landsins með sömu skilyrðum sem karlmenn.

5. gr. Með lögum þessum er tilskipun nr. 27. 4. desbr. 1886 úr gildi felld sem og aðrar ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **69. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Ólafur Ólafsson.

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. **70. Frumvarp**

til laga um sjereign og myndugleika giptra kvenna. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Ólafur Ólafsson.

1. gr. Það skal vera sjereign giptrar konu, nema öðru vísi sje ákveðið í hjúskaparmála, er hún átti á giptingardegi, eður henni síðar kann að áskotnast við arf eður gjöf.

2. gr. Rjett er, að giptar konur verði hálf-myndugar og full-myndugar í fjármálum á sama aldri og karlmenn.

3. gr. Með samningum sínum skuldbindur gipt kona eingöngu sjálfa sig og sjereign sína, og má sækja hana að lögum, án þess að bónda hennar sje til stefnt, enda eru samningar hennar að öllu óskuldbindandi fyrir fjelagsbúið.

4. gr. Bóndanum eru óheimil hvers konar umráð yfir sjereign konunnar, nema lögmætt samþykki hennar komi til; sjereign konunnar verður og eigi tekin til lúkningar skulda þeirra, er á bóndanum eða fjelagsbúinu hvíla.

5. gr. Allar gjafir milli hjóna skulu ógildar gagnvart skuldheimtumönnum, nema sannað sje, að gefandinn hafi að minnsta kosti átt gjafarandvirðið umfram skuldir, þá er gjöfin fór fram.

Ed. **71. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Flutningsmaður: Sighvatur Árnason.

1. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 4. og 5. gr.) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

2. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

3. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum með töldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

4. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám, skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

5. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 9., 10., 11. og 17. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Ed. **72. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna. Frá Skúla Þorvarðarsyni og Þorleifi Jónssyni.

					Landveg.	Sjóveg.
1.	Við 2. gr.	1. Í stað:	728.00	komi:	450	300
2.	— — —	2. - —	624.00	—	450	300
3.	— — —	3. - —	520.00	—	400	
4.	— — —	4. - —	286.00	—	250	
5.	— — —	5. - —	156.00	—	100	
6.	— — —	6. - —	210.00	—	150	80
7.	— — —	7. - —	84.00	—	70	
8.	— — —	8. - —	32.00	—	30	
9.	— — —	9. - —	84.00	—	70	30
10.	— — —	10. - —	110.00	—	100	40
11.	— — —	11. - —	208.00	—	200	80

12.	Við 2. gr. 12.	Í stað	208.00	komi	200	100
13.	— — — 13.	- —	338.00	—	250	100
14.	— — — 14.	- —	416.00	—	300	150
15.	— — — 15.	- —	260.00	—	200	175
16.	— — — 16.	- —	260.00	—	200	175
17.	— — — 17.	- —	364.00	—	250	200
18.	— — — 18.	- —	416.00	—	300	225
19.	— — — 19.	- —	468.00	—	350	250
20.	— — — 20.	- —	572.00	—	400	275

21. — 3. — Aptan við greinina bætist: »og ávísast af forsetum þingdeildanna«.

22. Við 4. gr. Greinin verði þannig: »Ef alþingismenn eiga heima í útlöndum og fara þaðan til þings eða frá þingi þangað, þá gildir um þá 37. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis, en að öðru leyti er sú grein úr lögum numin».

Nd. **73. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Skúla Thoroddsen, G. Halldórssyni, Páli Ólafssyni, Sigurði Stefánssyni, Þ. Guðmundssyni, Sv. Eiríkssyni.

Orðin í 1. gr.: »sem heimili eiga í prestakallinu — — — ef þeir eru 21 árs», falli burtu, og í stað þeirra komi: »sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára«.

Nd. **74. Nefndarálit**

í málinu um frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi.

Nú er vjer, sem neðri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi, höfum rætt það og athugað, skulum vjer gjöra hinni heiðruðu deild grein fyrir skoðun vorri á málinu.

Auðvitað er það fullkomið álit vort, að mikla nauðsyn beri til að fastir dýralæknar sjeu skipaðir hjer á landi, og að vjer í því efni eigum að fara að dæmum annara þjóða, er komnar eru langt fram úr oss í kvikfjárrækt sem öðru, og vjer könnumst enn fremur við, að hið löggefandi alþing vort hefði átt að láta það vera eitt sitt fyrsta starf að styðja slíkt mál, en þrátt fyrir þessar og aðrar þessum líkar ástæður, verður oss það þó fyrir, að leggja það til við hina háttvirtu deild, að hún hafni frumvarpinu að þessu sinni.

Að því, er vjer vitum bezt, eigum vjer nú enga innlenda menn, og eigum heldur ekki von á fyrst um sinn, er lagt hafi fyrir sig dýralækningar, en útlendir menn, þeir, er hjer á landi hafa verið reyndir, hafa að vorri hyggju eigi orðið að því liði, er ætla mætti, og dregur margt til þessa.

Vjer verðum að ætla, að maður, sem er kunnari hugsunarhætti Íslendinga í búskaparefnum en útlendur maður getur verið, hljóti að verða ráðsvinnari en hann og úrræðabetri að hafa sitt fram, og þess utan lægnari að hafa menn á sitt mál, og styður eflaust mest að þessu fullkomin kunnátta í tungu landsmanna; auk þess hlýtur innlendur maður að þekkja betur búskaparlag manna og aðferðir þeirra í flestu því, er að kvik-

fjárrækt lýtur, svo sem öflun og meðferð heyja, fjárgeymslu á vetrum og sumrum, inni og úti, gjafalag, kynbótatilraunir og margt fleira, en það mundi vekja vantraust, ef slíkur maður, er hann ætti tal við alþýðumenn, reyndist með öllu ókunnur, hvernig til hagar um kvikfjárrækt vora, og hlyti það að draga mikið úr áhrifum þeim, er maðurinn annars mundi hafa, og veikja allar framkvæmdir hans og almennings í gagnlegum fyrirtækjum í þá átt. Nú vill þess utan svo vel til, að um mörg undanfarin ár hefir eigi borið á verulegum farsóttum í kvikfjenaði, svo sem kláða, er gjöri það að knýjandi nauðsyn, að dýralæknar sjeu þegar fengnir, en bæri slíkt að, væri svo sem sjálfsagt, að fengnir yrðu slíkir menn, þótt útlendir væru til að ráða bót á því, sem auðið yrði; að vísu hefur af og til fyrirfarandi ár borið að miklum mun á miltisdrepi, í nautum einkum, en nú liggur frumvarp fyrir þinginu, sem vjer vonum, að geti þó orðið að nokkru gagni, ef það nær fram að ganga í þinginu og ná staðfestingu.

Vjer leggjum því til við hina háttvirtu deild, í stað þess að ráða til að gjöra frumvarp þetta að lögum, að fje það verði veitt á fjárlögunum, sem þeir Sigurður Magnússon, kand. í læknisfræði, og stúdent Karl Nikulásson hafa sótt um til þingsins, og að fje þetta veitist þeim sem námstyrkur í dýralækningafræði við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn.

Alþingi, 11. júlí 1891.

J. Jónassen,	Þorv. Kjerúlf,	Þ. Guðmundsson.
form. og framsögum.		skrifari.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði hvert ár.

2. gr. Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr. Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Nd. **76. Nefndarálit**

um frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir.

Hin heiðraða Nd. hefur falið undirritaðri nefnd að segja álit sitt um »frv. til laga um, að stjórninni veitist heimild til að afhenda nokkrar þjóðjarðir í skiptum fyrir aðrar jarðir«.

Nefndin hefur nákvæmlega íhugað makaskipti þau, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, og kosti þá, sem þeim eru taldir til meðmæla í ástæðum frumvarpsins. Sömuleiðis hefur nefndin haft undir höndum ýms skjöl, er snerta þetta mál, svo sem um-

„ókn prestsins í Vestmannaeyjm, álit umboðsmanns, prófasts og stiptsyfirvalda, og eru skjöl þessi öll meðmælt frumvarpinu.

Nefndinni þótti sjer skylt að gæta að því, hvort makaskiptin mundu verða landssjóði í hag eða óhag, en til þess að dæma um það svo glöggt, sem skyldi, vantar ýms þau skilríki, er nauðsynleg þykja, er um jarðasölu er að ræða, svo sem lýsingu jarðanna og mat til peningaverðs, og munu þau skilríki ekki fást að svo stöddu.

Það eitt gat nefndin sjeð með vissu, að landssjóðsjarðirnar eru að tiltölu miklu lægra leigðar, en jarðir prestakallsins, og virðist nefndinni þær, af þeirri ástæðu, útgengilegri ábýli, auk þess sem þær eru hundraðafleiri, stærri jarðir, lífvænlegri ábýli. Einnig væri ekki óhugsandi, að jarðarhundruð landssjóðs mætti með tímanum byggja fyrir jafnmikið eptirgjald, sem hundruð prestakallsins, og ef tillit væri tekið til þess, yrði að koma til meiri milligjafar en frumvarpið gjörir ráð fyrir.

Nefndinni virðist það og mjög athugavert að presturinn gjörir ráð fyrir að leggja býlin undir prestssetrið, búa á þeim með því, ef makaskiptin fengist. Teljum vjer það ekki ráðlegt að fækka býlum á Vestmannaeyjum. Þar mun vera fremur þröngt um jarðnæði. Eins og kunnugt er, lifa eyjabúar mest af sjávarafla, en að því þarf ekki orðum að eyða, hvert hagræði það er fyrir sjávarbónda, að geta haft grasnyt að styðjast við.

Nefndin verður og að ætla, að presturinn gjöri of lítið úr ábúðarjörðu sinni. Að minnsta kosti telur brauðamatið 1854 þar 4 kúa tún, þó prestur nú telji að eins 3. Auk þess er það alkunnugt, að prestssetrið er langstærsta býlið á eyjunum, og að aldrei hefur verið kvartað um að prestur hefði of lítið jarðnæði, og hafa þar þó til skamms tíma verið efnaðir prestar og miklir búmenn.

Af þeim ástæðum, sem hjer eru taldar, leyfir nefndin sjer að ráða h. h. deild frá því að aðhyllast frumvarpið.

Alþingi, 11. júlí 1891.

Þ. Guðmundsson, form. og framsögum. B. Sveinsson. Páll Ólafsson, Árni Jónsson. Sigurður Stefánsson. skrifari.

Ed.

77. Frumvarp

til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. (Eptir 2. umr. Ed.)

1. gr. Ef manni er stefnt í dóm til þess að bera vitni í sakamáli eða almennu lögreglumáli, og ætla má, að hann bíði tekjutjón af burtveru sinni frá heimilinu, og dómara þykir eptir öllum efnahag hans ástæða til þess, að honum sje bætt tjón þetta, þá má hann veita honum 1 krónu í þóknun, hafi hann eigi tafizt fulla 4 tíma af rjettarhaldinu, en að öðrum kosti 2 kr. fyrir hvern dag, er hann mætir í dómi.

Þurfi hann að ferðast meir en mílu vegar til að ná á dómstaðinn, á hann heimting á 50 aurum í ferðakostnað fyrir hverja mílu vegar, er hann fer.

2. gr. Borgun skal greidd úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr, og greiðir dómarinn vitninu hana þegar eptir að búið er að fá skýrslu þess; borgunarinnar skal getið í þingbókinni, og kemur það í stað viðurkenningar af hans hálfu.

Ed. **78. Frumvarp**

um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo á stendur. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef állta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Svo er og um þann mann, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess ollandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur, ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstakri einkamáls lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði, á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila. og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má þó einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, skal höfða áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi, að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveð-

ið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er í hlut á, fer kratan til skaðabóta fyrir tjártjón til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirrar varðhaldsgæzlu, er lokið er áður en þau öðlast gildi, nema því að eins, að eigi sje þá enn fallinn fullnaðardómur í máli því, er fangelsisvist varð út af, eða málið á annan hátt útkljáð.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, er gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Nd. **80. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Frá Páli Briem, Árna Jónssyni, Ólafi Briem, Þ. Guðmundssyni, Lárusi Halldórssyni, Þ. Kjerúlf.

Við 2. gr. Orðin: „og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor“ falli burt.

Nd. **81. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. Frá Ól. Ólafssyni, Sigurði Jenssyni, Páli Ólafssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni og Eiríki Briem.

En eigi má gjöra breytingu á takmörkum sókna eða prestakalla og eigi leggja niður kirkju nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, sem hlut eiga að máli, sjeu á fundi og samþykki breytinguna.

Nd. **82. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.

Nefndin hefur íhugað og rætt mál þetta; telur hún það í alla staði rjett og sanngjarnt, að hreppsnefndarmönnum sje veitt hæfileg þóknun fyrir starfa sinn. Sveitarstjórnin, einkum oddvita- og gjaldkerastörfin, er umfangsmikið og vandasamt verk og því alls ekki sanngjarnt að gjöra einstökum mönnum í sveitarfjelaginu að skyldu, að hafa störf þessi á hendi árum saman fyrir alls enga borgun. Þóknun sú, er frumvarpið fer fram á, er svo lítil, að hún getur vart orðið sveitarsjóðunum mjög tilfinnanleg, og þar sem hún er komin undir samþykki gjaldenda sjálfra, getur hún trauðlega orðið óvinsæl hjá þeim, en hinsvegar veitir hún töluverða trygging fyrir því, að sveitarstjórnarstörfin verði betur af hendi leyst en ella.

Nefndin hefur gjört nokkrar breytingar á frumvarpinu, sem mestmegnis eru orðabreytingar, og ræður hún hinni háttvirtu neðri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.

1. 1. gr. falli burtu.
2. 2. gr., sem verður 1. gr., orðist þannig:

Ef meiri hluti gjaldenda þeirra, er kosningarrjett eiga að lögum, samþykkir á hreppskilaþingi, má veita þeim manni, er gjaldheimtu hefur á hendi fyrir sveitarsjóðinn þóknun, er sje 4 % af hinu innheimta gjaldi, en ábyrgjast skal hann, ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis af þeim tekjum, er lögtaksrjettur fylgir, nema lögtak hafi reynzt árangurslaust.

3. Við 3. gr. sem verður 2. gr. Í stað orðanna: „Hreppsnefndarmanni — hreppsnefndina“ komi: „Oddvita hreppsnefndar“.
4. Við sömu grein: Í stað: „allt að 50 kr.“ komi: „25—75 kr.“
5. 4. gr. falli burtu.
6. Á eptir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., svohljóðandi:
   Samþykki það, sem um er rætt í 1. og 2. gr., gildir fyrir 3 ár í senn.
7. 5. gr. verður 4. gr.

Alþingi 11. júlí 1891.

Jón Jónsson	Sigurður Stefánsson	Eiríkur Briem.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Nd. **83. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Hin h. neðri deild vísaði til vor frumvarpi til laga um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Frumvarp þetta fer fram á stórkostlegar breytingar á sveitarstjórnartilskipuninni, og eru breytingar þessar flestar svo lagaðar, að vjer getum ekki fallizt á þær. Sjerstaklega þykja oss ákvæði frumvarpsins um kosningarrjett og kjörgengi í sveitarstjórn varhugaverð, og sama er að segja um ákvæði þess um fjárveitingarvald og álögurjett hreppsnefndar.

Frumvarpið fer fram á að veita öllum, konum sem körlum, sem eru 21 árs, kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar; en yrði þessi ákvæði í lög leidd, getur auðveldlega svo farið, að sá hluti hreppsmanna, sem litlar eða engar byrðar ber fyrir sveitarfjelagið, svo sem vinnumenn og vinnukonur, og óráðnastur er að aldri og reynslu, ráði einn öllu um sveitarmálefni; mundi sú tilhögun vart hafa góðar afleiðingar fyrir sveitarfjelagið.

Það er kemur til ákvæða frumvarpsins um fjárveitingarvald hreppsnefnda og sýslunefnda, þá erum vjer því að vísu hlynntir, að sveitarstjórnir hafi sem frjálsastar hendur í því efni, en oss þykir of langt farið, að sveitarnefndir geti að eigin vild, hvað sem sýslunefnd og gjaldendur sjálfir segja, greitt fje úr sveitarsjóðnum og lagt gjöld á sveitarfjelagið. Það eru víst sárfá dæmi til þess, að sýslunefndirnar hafi misbrúkað vald sitt gagnvart hreppsnefndunum það er kemur til fjárveitinga úr sveitarsjóðunum, og þetta þarf því síður að óttast, sem nú er orðin algjörð breyting á skipun amtsráðanna; má búast við, að amtsráðin verði hjer eptir kunnugri en áður þörfum og lögum sveitarfjelaganna, og setji sig ekki á móti fjárveitingum, sem miða sveita- og sýslufjelögum til framfara á einhvern hátt.

Oss virðist því rjettast að láta reynsluna fyrst um sinn skera úr því, hvort hin nýju amtsráð muni ekki beita valdi sínu í þessu efni svo frjálslega, að þörfin, sem hingað til kann að hafa verið á auknu fjárveitingarvaldi sveitanefnda og sýslunefnda, hverfi.

Takmarkanir þær, er frumvarpið fer fram á á kjörgengi í sýslunefnd og amtsráð, virðast oss og mjög óhagkvæmar, og geta í mörgum tilfellum orðið til þess, að útiloka beztu og færustu menn í sveitunum frá því, að geta átt sæti í sýslunefnd og amtsráði. Amtsráðskosningunum virðist oss einnig óheppilegar fyrir komið samkvæmt þessu frumvarpi, heldur en eptir núgildandi lögum.

Af þessum aðalástæðum getum vjer ekki ráðið hinni háttvirtu Nd. til að samþykkja frumvarp þetta.

Alþingi, 11. júlí 1891.

Jón Jónsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.	Eiríkur Briem.

Ed. **84. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku.

Hin heiðra efri deild hefir kosið oss í nefnd til þess að segja álit vort um frumvarp þetta.

Nefndin hefir ekki getað orðið á einu máli um tillögur sínar.

Meiri hluti nefndarinnar vill að vísu ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarp þetta, þó að eins með þeim breytingum, sem hjer er stungið upp á. Meira hluta nefndarinnar þótti ýmislegt athugavert við 2. gr. frumvarpsins og þó einkum það, að alþingi skuli afsala sjer þeim afskiptum og þeirri meðverkun, sem það að lögum hefir heimtingu á í hverju því verki, sem á að gilda sem lög fyrir Ísland. Svo er og það, að

útleggingin, sem talað er um í 2. gr., gæti orðið sífelldum breytingum undirorpin, ef fara ætti eptir ákvæðum 2. gr., eins og þau standa í frumvarpinu. Þetta gæti leitt til mjög óheppilegrar rjettar-óvissu.

Af þessum ástæðum leyfir meiri hluti nefndarinnar sjer að leggja til, að í stað 2. gr., sem nú er, komi svo hljóðandi grein.

»Um leið og landshöfðingi sendir stjórnarráðinu fyrir Ísland lög þau, sem alþingi hefir samþykkt, skal hann senda danska þýðingu á þeim; skal hún birt almenningi í konungsríkinu og á Íslandi á þann hátt, sem þar er ákveðið um birting laga. Þurfi danskir dómstólar eða stjórnarvöld að beita lögunum, skal byggja á þýðingu þessari. Þýðing landshöfðingja er í gildi, þangað til næsta alþingi, er hún skal lögð fyrir, hefir tekið hana til rannsóknar og samþykkt hana með þeim breytingum, er það kann að gjöra á henni, og búið er að birta hana á þann hátt, er áður segir«.

Alþingi, 11. júlí 1891.

L. E. Sveinbjörnsson form. og framsögum. Jón A. Hjaltalín

Ágreiningsálit.

Minni hluti nefndar þeirrar, sem kosin hefir verið í þetta mál, og sem klofnað hefir í tvennt, getur eigi fallizt á breytingu þá, sem meiri hlutinn vill gjöra á 2. gr. frumvarpsins, er minni hlutinn aðhyllist að öllu leyti.

Minni hlutinn útlistar eigi að sinni mótmæli sín gegn þeirri tilhögun, sem meiri hlutinn álítur æskilega, en skal að eins stuttlega geta þess hjer, að rjettar-óvissa sú, sem meir ihlutinn minnist á, mundi verða langt um meiri með því fyrirkomulagi, sem tillaga hans fer fram á, en ef þau ákvæði yrðu að lögum, sem felast í 2. gr. frumvarpsins.

Það sem beinlínis mælir með því, að frumvarpið verði tekið gott og gilt, eins og það liggur fyrir, er að það langt um fremur, en frumvarp breytt samkvæmt tillögum meiri hlutans, fullnægir hjer að lútandi ályktunum alþingis frá 1887 og 1889: í frumvarpinu er danski textinn eigi settur í háan sess; hann er ekki annað en útlegging, sem *má* byggja á, og sem má vefengja, en eptir tillögum meiri hlutans er útleggingin nokkurs konar lagatexti, sem annar liður löggjafarvaldsins á að fjalla um.

Hingað til hefur stjórnarráðið ásamt landshöfðingja, sem einatt sendir útleggingu sína til stjórnarinnar á lagafrumvörpum þeim, sem alþingi hefur samþykkt, annazt um samningu hins danska lagatexta, er hefur sama gildi og íslenzki textinn, án þess nokkrir annmarkar hafi fundizt á danska textanum, það jeg veit til. Hafi nú stjórnarráðinu hingað til verið trúandi fyrir þessu verki, má eins gjöra það eptirleiðis, þeim mun fremur sem þá eigi er spursmál um annað en einfalda útlegging.

Með þessum ummælum vill minni hlutinn ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 13. júlí 1891.

J. Havsteen.

Nd.

85. Frumvarp

til laga um samþykktir um kynbætur hesta. Flutningsmaður Ólafur Briem.

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um kynbætur hesta.

2. gr. Samþykktir þessar skal gjöra á þann hátt, er segir í lögum 14.

desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og skulu að öðru leyti ákvæði tjeðra laga gilda um slíkar samþykktir.

Nd. **86. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd. — Frá Ól. Ólafssyni, Sigurði Jenssyni, Páli Ólafssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni og Eiríki Briem.

Aptan við 3. gr. bætist:

En eigi má gjöra breytingu á takmörkum sókna eða prestakalla, og eigi leggja niður kirkju nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeraðsnefndarmanna þeirra, sem hlut eiga að máli, sjeu á fundi og samþykki breytinguna.

Nd. **87. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um sölu silfurbergsnámanna í Helgustaðafjalli.

Vjer, sem hin heiðraða Nd. kaus í nefnd til að athuga frv. til laga um sölu silfurbergsnám. í Helgustaðafjalli og segja álit vort um söluna, höfum nú lokið þessum starfa vorum.

Af skýrslum þeim, er vjer höfum átt kost á, en þær eru 4 talsins, 2 eptir skólakennara Thoroddsen, 1 eptir prófessor Johnstrup og 1 nafnlaus (Struer?), verður eigi fortakslaust ráðið úr því, hvort ráðlegra sje í peningalegu tilliti að selja eða selja eigi. Prof. Johnstrup ræður að vísu til þess, en ástæður þær, er hann færir fyrir sölunni, eru þó að vorri ætlan eigi svo styrkar, að þær geti breytt þeirri skoðun vorri á málinu, að hjer beri enga verulega nauðsyn til að selja þegar í stað. Hann byggir sína tillögu einkanlega á því, að kostnaðurinn við námubrotið fari vaxandi, en gallalausa silfurbergið þverrandi, og mun það vera satt, að því er snertir þau tvö skipti, er náman hefir verið unnin, síðan landssjóður keypti hana alla, en verði það lagt í kostnað, og það verður eigi nema í eitt skipti fyrir öll, sem skólakennari Thoroddsen ræður til, en það er að brjóta berghlein þá frá námunni, sem liggur fyrir framan hana, og vinna hana svo með þrepbroti, þá verður námubrotið upp frá því með sama kostnaði í hvert sinn og hún er unnin, og að líkindum miklu kostnaðarminna og eflaust haganlegra en hingað til með brunngraptaraðferð þeirri, sem við hefir verið höfð; um það verður aptur á móti eigi sagt með neinni vissu, hvort skæra og gáralausa silfurbergið fer þverrandi eða eigi, en hitt þar á móti er alveg víst, að silfurbergstegund sú, er höfð er í sjónauka (optisk verkfæri), og sem enn hefir eigi orðið komizt hjá að viðhafa, hefir hvergi fundizt annarstaðar í heiminum til þessa dags. Að vísu getur Thoroddsen þess í skýrslu sinni, að við Djúpadal hafi hann fundið enda stærri silfurbergsnámu en þessa, sem að öllu ytra áliti sje eins, hvað bergtegundir snertir, en vel skært silfurberg fann hann þar þó eigi. Vjer ætlum, ef lítið er tekið af silfurbergi í senn, svo eptirsókn verður mikil en vinnukostnaður lítill, og nú er upp tekið silfurberg innan skamms á þrotum, að verðið hækki, og muni landssjóður þannig eigi hafa þann stórskaða af námunni, að eigi sje til þess vinnandi fyrir hann, að heita eigandi að þessum eina gagnlega náttúrukjörgrip lands vors, er svo stendur algjörlega einn og sjer í flokki meðal náttúrugripa heimsins.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu Nd. til að hafna frumvarpinu, og bíða með söluna þangað til síðar.

Alþingi, 13. júlí 1891.

Lárus Halldórsson,	Þorv. Kjerúlf,	Sigurður Gunnarsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Ed. **88. Frumvarp**

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar er til miðaptans bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera að ferma og afferma skip og bæta, ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja um akkeri fyrir opnu hafi, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta og sem miða til þess að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

2. gr. Kaup og sölur mega eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar, hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, svo og þeir staðir, er menn selja mjólk og brauð.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn, svo er og veitingamönnum heldur ekki á þessum dögum leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat.

3. gr. Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi.

5. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má hvorki halda neinar almennar skemmtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

7. gr. Almennna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h., er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

8. gr. Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag þeirra þriggja stórhátíða.

9. gr. Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann opt brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr. Nú virðist lögreglustjóra að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminning er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsing mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr. Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Ed.

89. Frumvarp

til laga um líkskoðun. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Ekki má loka kistu yfir líki nje jarðsetja það, nje—nema um sjórekin lík sje að ræða—flytja það burtu langan veg áður líkskoðun hefur farið fram og dánarvottorð gefið verið samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sjer stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sje vakað yfir því, nje heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sje áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefur á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sje prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sje grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð (sbr. lög nr. 3, 12. apríl 1878, 1. gr.) hefur gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aptur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

2. gr. Sje löggiltur læknir eigi búsettur lengra en 1 mílu frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara, þá skal hann lík skoða, en ef lengra er frá bústað læknis, skulu það gjöra 2 líkskoðunarmenn, nema vandamenn hins framliðna eða aðrir rjettir hlutaðeigendur vilji heldur kalla lækni til, eða lögreglustjóri skipar, að svo skuli vera. Hjeraðslæknar og aukalæknar þeir, er laun fá úr landssjóði, eru skyldir til líkskoðunar allsstaðar í umdæmum sínum, ef lögreglustjóri kveður þá til þessa, eða vandamenn hins framliðna eða aðrir, er hlut eiga að máli. Í Reykjavíkurkaupstað hvílir hin sama skylda í forföllum hjeraðslæknis á hverjum löggiltum lækni, er þar er búsettur.

3. gr. Í hverjum þeim hrepp, þar sem líkskoðunarmenn skulu vera eptir ákvæðinu í 2. gr., eða, ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum að þessu leyti er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar, skulu vera tveir líkskoðunarmenn og auk þess einn eða tveir varalíkskoðunarmenn, er komið geti í hinna stað, þá er þeir hafa lögleg forföll. Utan Reykjavíkur skal og nefna tvo menn til þess að halda líkskoðun í löglegum forföllum hlutaðeigandi læknis á þeim stöðum, þar sem honum samkvæmt 2. gr. er skylt að skoða líkin sjálfur. Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varalíkskoðunarmenn eptir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sjer þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til þess að biðja sjer lausnar, og metur lögreglustjóri þessar ástæður.

4. gr. Eptir að líkskoðun hefur fram farið, gefur sá eða þeir, er hana hafa framkvæmt, út dánarvottorð. Vottorðið skal samið á þann hátt, er landshöfðingi skipar fyrir um, á prentuðum eyðublöðum, sem í því skyni skulu gefin út.

Þá er líkskoðunarmenn skulu líkskoðun halda, má hún eigi fram fara, fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð merki til rotnunar hafi sýnt sig áður. Undantekning frá þessari reglu má að eins gjöra samkvæmt lögum þeim, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir, svo og í þeim tilfellum, er landshöfðingi tiltekur nákvæmar.

5. gr. Landshöfðingi lætur semja leiðbeiningu handa líkskoðunarmönnum, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum til hvers líkskoðunarmanns, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sjer til hjeraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

6. gr. Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sje að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefur látið í ljósi, að ekkert sje því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefur banað sjálfum sjer, eða lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endrarnær, er hafin hefur verið rannsókn út úr mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en lögreglustjóri hefur skoðað það, ef nauðsyn krefur með lækni, er hann hefur til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefur ritað á dánarvottorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sje neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sje grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari leyfa, að líkið sje grafið, þó svo, að það sje eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því, að slysið vildi til, eða líkið fannst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unnt hefur verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendi eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eptir 201. gr. almennra hegningarlaga.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sje svo vaxið að þyngri refsing sje viðlögð. Mál út af brotum þeim, er að eins sæta refsingu eptir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr. Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð skal greiða lækni 2 kr. Sömu borgun fá líkskoðunarmenn til jafnra skipta. Ef tómthúsmenn, daglaunamenn, hjú eða aðrir í líkri stöðu eiga að greiða borgunina eða vandamenn þeirra, skal að eins greiða hálfa borgun. Þá er grafið er á kostnað fátækrasjóðs, greiðist full borgun.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Þá er læknir heldur líkskoðun, skal hann ætíð hafa fararbeina ókeypis. Sje hann í þessu skyni sóttur lengra en eina mílu frá bústað sínum af vandamönnum hins látna eða öðrum, er hlut eiga að máli, skal hann auk þess fá borgun eins og fyrir *almenna*

sjúkravitjun. Sje hann sóttur af lögreglustjóra fær hann borgun af almannafje á þann hátt, og hingað til hefur átt sjer stað. Enga borgun skal greiða fyrir vottorð um að barn sje andvana fætt, er læknir sá gefur, er sóttur hefur verið til sængurkonunnar.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1892.

Ed. **90. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarsstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn,

nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

11. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

12. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er

fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.

16. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskrár þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 3 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti

af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarsstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

19. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

20. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. til 36. og 38. til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **91. Frumvarp**

til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo á stendur. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Svo er og um þann mann, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess ollandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur, ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstakri einkamáls lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur

hann vill í hjeraði, á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má þó einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, skal höfða áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi, að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er í hlut á, fer krafan til skaðabóta fyrir fjártjón til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirrar varðhaldsgæzlu, er lokið er áður en þau öðlast gildi, nema því að eins, að eigi sje þá enn fallinn fullnaðardómur í máli því, er fangelsisvist varð út af, eða málið á annan hátt útkljáð.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. (Eptir 3. umr. Ed.)

1. gr. Ef manni er stefnt í dóm til þess að bera vitni í sakamáli eða almennu lögreglumáli, og ætla má, að hann bíði tekjutjón af burtveru sinni frá heimilinu, og dómara þykir eptir öllum efnahag hans ástæða til þess, að honum sje bætt tjón þetta, þá má hann veita honum 1 krónu í þóknun, hafi hann eigi tafizt fulla

4 tíma af rjettarhaldinu, en að öðrum kosti 2 kr. fyrir hvern dag, er hann mætir í dómi.

Þurfi hann að ferðast meir en mílu vegar til að ná á dómstaðinn, á hann heimting á 50 aurum í ferðakostnað fyrir hverja mílu vegar, er hann fer.

2. gr. Borgun skal greidd úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr, og greiðir dómarinn vitninu hana þegar eptir að búið er að fá skýrslu þess; borgunarinnar skal getið í þingbókinni, og kemur það í stað viðurkenningar af hans hálfu.

Ed. **93. Breytingartillaga**

við frv. til laga um líkskoðun. Frá nefndinni.

Í 6. gr. 2. málsgrein. Í stað orðanna: »má ekki grafa líkið fyr en lögreglustjóri hefur skoðað það« komi orðin: »má ekki grafa líkið, fyr en það hefur verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar.

Nd. **94. Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi. Frá Jóni Þórarinssyni, Gunnari Halldórssyni, Þ. Guðmundssyni, Páli Ólafssyni, Sigurði Stefánssyni og Lárusi Halldórssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »skógum, hrísi, mosa og lyngi«, komi: skógi, hrísi, víði, eini, lyngi og mosa.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um friðun á skógi o. fl.

Nd. **95. Breytingartillögur**

við frv. til laga um friðun á skógum, hrísi, mosa og lyngi. Frá Jens Pálssyni, Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni og Indriða Einarssyni.

1. Í stað 2. greinar komi svo hljóðandi 2. grein:

»Þá er sýslunefnd gjörir slíka samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna eða nokkurn hluta hennar, nefnir sýslumaður í kjörstjórn hreppstjóra og 2 menn aðra í hreppi hverjum, sem samþykkt er ætlað að ná yfir, og skipar fyrir um kjörfundi, er fram skulu fara á sama degi í öllum hreppunum. Kjörstjórn stýrir kjörfundi, sjer um að gildandi kjörskrá til alþingis sje á fundinum, og bókar kosningu.

Á kjörfundi skulu kosnir samþykktarmenn jafnmargir og tugir eru heilir þeirra manna, er kosningarrjett hafa til alþingis og heimili eiga í hreppi þeim eður hreppshluta, er samþykkt er ætlað að ná yfir.

Kosningarrjett og kjörgengi til samþykktarfundar hafa allir þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis, og heimili eiga á svæði því, sem samþykktinni er ætlað að ná yfir.

Kjörstjórnin auglýsir í byrjun kjörfundar tölu samþykktarmanna samkvæmt kjörskránni, og nefnir hver kjósandi í heyranda hljóði svo marga samþykktarmenn, sem þeirri tölu nemur.

Þeir eru rjett kjörnir samþykktarmenn, er flest fá atkvæði. Sjeu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Kjörstjórnin gefur samþykktarmönnum kjörbrjef, og sendir sýslumanni eptirrit af kjörbók sinni.

Sýslunefnd boðar samþykktarfund með nægum fyrirvara, og ákveður fundarstað og fundardag, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Samþykktarmenn afhenda fundarstjóra kjörbrjef sín á fundinum.

Samþykktarfundi má eigi halda á árstímanum frá 1. nóvbr.—1. apríl.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði«.

2. Í stað þessara orða í 3. gr. »funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr.» komi: »samþykktarfunda».
3. Í stað »hjeraðsmanna« í sömu gr. komi: »samþykktarmanna«.
4. Í stað orðsins: »hjeraðsfundi» í sömu gr. komi: »samþykktarfundi«.

Nd. **96. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889. Frá landshöfðingjanum.

Í viðbót við þær 40000 kr., sem verja má úr landssjóði samkvæmt lögum 3. maí 1889 til brúargjörðar á Ölvesá, má enn fremur verja úr landssjóði allt að 2000 kr. til að styrkja brúna með hliðarstrengjum.

Ed. **97. Frumvarp**

til laga um hafnsögu í Reykjavíkur kaupstað. Flutningsmaður E. Th. Jónassen.

1. gr. Öll skip, sem eru 40 smálestir að stærð, að undanskildum herskipum, skemmtiskipum, póstskipum og fiskiskipum, skulu, þegar þau koma til eða fara frá hafnarlegu Reykjavíkur, vera skyld að nota leiðsögn hinna skipuðu hafnsögumanna þar.

2. gr. Fyrir hafnsöguna ber skipstjóra að greiða borgun eptir taxta þeim, er nú gildir fyrir hafnsögu í Reykjavík eða síðar kann að verða settur um það.

3. gr. Gufuskip önnur en póstskipin, er koma á ári hverju fleiri en 2 ferðir til Reykjavíkur hafa rjett til þess að greiða hafnsögugjald eptir samningi við hafnsögumennina.

4. gr. Hvort kaupfar, sem eptir framanskrifuðum lagagreinum er skylt að nota leiðsögn hinna skipuðu hafnsögumanna, greiði auk borgunarinnar eptir hafnsögutaxtanum, í fyrsta skipti sem það á ári hverju kemur á höfnina, 1 krónu, er rennur til hafnsögusjóðs Reykjavíkurkaupstaðar.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1892.

Ed. **98. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um iðnaðarnám.

Vjer, sem hin heiðraða efri deild hefur kosið til að segja álit vort um frum-

varp þetta, höfum íhugað það og getum yfir höfuð fallizt á það að efninu til, en málsins vegna virðist oss, að verði að gjöra á því allmargar breytingar. Nefndin ræður því hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir: „Nú taka . . . iðnaðarmenn“, komi: „Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur“.
2. — 2. — Fyrsta málsgrein orðist þannig: “Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:“
3. — — — 1. Fyrir: „iðnaðarmenn“, komi: „iðnaðarmönnum“.
4. — — — 2. Fyrir: „þeir“, komi: „þeim“.
5. — — — 3. Fyrir: „þeir“, komi: „þeim“.
6. — 3. — Fyrir: „Í samningnum . . . meðtöldum“, komi: „Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum“.
7. — — — Fyrir: „lærlingurinn“, komi: „nemandi“.
8. — — — Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistarinn“.
9. — 4. — Fyrir: „húsrúm“, komi: „húsnæði“.
10. — — — Fyrir: „meðan tilsagnartíminn varir“, komi: „meðan á námstímanum stendur“.
11. — 5. — Fyrir: „meistarinn og lærlingur hans“, komi: „lærimeistari og nemandi“.
12. — 6. — Fyrir: „Lærlingur“, komi: „Nemandi“.
13. — — — Fyrir: „meistara“, komi: „lærimeistara“.
14. — — — Fyrir: „meistaranum“, komi: „lærimeistaranum“.
15. — 7. — Fyrir: „handiðnalærlingur“, komi: „handiðnanemandi“.
16. — — — Fyrir: „verzlunarlærlingum“, komi: „verzlunarnemendum“.
17. — — — Fyrir: „um morguninn“, komi: „á morgna“.
18. — 8. — Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.
19. — — — Fyrir: „lærlingnum“, komi: „nemanda“.
20. — 9. — Fyrir: „Meðan kennslutíminn varir . . . áhrif á hann“, komi: „Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann“.
21. — — — Á eptir: „húsaga“, komi: „gefna“.
22. —10. — Greinin orðist þannig: „Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, smátt og smátt þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er námstíminn er á enda, skal lærimeistari fá nemanda námsbrjef, er votti, hve lengi hann hefur verið í kennslu og hvort hann sje orðinn fullnuma í iðn sinni. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.). Ef lærimeistari hefur vísvitandi gefið rangt

vottorð í námsbrjefinu, varðar það refsingu eptir 156. gr. alm. hegningarlaga“.

23. —11. — 1. kafla. Fyrir: „Nú sýkist lærlingur . . . og er meistari“, komi: „Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari“.

24. — — — Fyrir: „en þó eigi lengur . . . hins sjúka manns“, komi: „þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undan þeginn þeirri skyldu, að annast hjúkrun og lækning hins sjúka“.

25. — — — 2. kafla. Fyrir: „lærlingurinn“ á tveim stöðum, komi á báðum stöðum: „nemandi“.

26. — — — Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.

27. — — — Á eptir: „fátækrasjóði“, komi: „þeim“.

28. — — — 3. kafla. Fyrir: „lærlinga“, komi: nemenda“.

29. — — — — — Fyrir: „meistaranum“, komi: „lærimeistaranum“.

30. — — — — — Fyrir: „meistarans“, komi: „lærimeistarans“.

31. — — — — — Fyrir: „lærlingur“, komi: „nemandi“.

32. — — — — — Fyrir: „meistaranum“ í niðurlagi greinarinnar, komi: „lærimeistaranum“.

33. —12. — Fyrir: „lærling annars“, komi: „nemanda annars manns“.

34. —13. — Fyrir: „Nú hefur maður“, komi: „Nú hefur nemandi“.

35. — — — Fyrir: „sje þess beiðzt“, komi: „et hann beiðist þess“.

36. — — — Fyrir: „samning uppleystan“, komi: „samningi slitið“.

37. — — — Fyrir: „þá eigi af apturfærslu“, komi: „nemandi þá eigi fluttur aptur til lærimeistarans“.

38. — — — Fyrir: „meistarinn“ í 1., 2., 3. og 4. tölulið, komi á öllum stöðunum: „lærimeistarinn“.

39. — — — 4. tölul. Fyrir: „lærlingurinn“, komi: „nemandinn“.

40. —15. — Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.

41. — — — 1. tölul. Fyrir: „vegna sjúkdóma“, komi: „fyrir sjúkleika sakir“.

42. — — — 2. — Fyrir: „ef lærlingurinn . . . tiltakanlega“, komi: „ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu“.

43. —16. — Fyrir: „Lærlingur . . . hans vegna“, komi: „Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd“.

44. — — — 1. tölul. Fyrir: „ef meistarinn . . . tiltakanlega“, komi: „ef lærimeistari misþyrmir nemanda eða gjörir sig sekan í öðru verulegu“.

45. — — — 2. tölul. Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.

46. — — — Fyrir: „þeim hrepp“, komi: „sveitarfjelagi því“.

47. — — — Fyrir: „lærlingurinn“ á tveim stöðum, komi á báðum stöðunum: „nemandi“.

48. — — — 3. tölul. Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.

49. — — — 4. tölul. Fyrir: „pilturinn vegna“, komi: „nemandi sakir“.

50. — — — 6. tölul. Fyrir: „meistara“, komi: „lærimeistara“.
51. —17. — Fyrir: „meistaranum og lærlingnum“, komi: „lærimeistara og nemanda“.
52. —18. — Fyrir: „meistara og lærlings“, komi: „lærimeistara og nemanda“.
53. — — — Fyrir: „á þann fund; skal á honum“, komi: „á þann fund. Skal á honum“.
54. —19. — Fyrir: „meistari“ í byrjun greinarinnar, komi: „Lærimeistari“.
55. — — — Fyrir: „sætir sektum“, komi: „skal sæta sektum“.
56. — — — Fyrir: „sætir og sá meistari“, komi: „skal sá lærimeistari sæta“.
57. — — — Fyrir: „lærlingi úr námsvist, og sá lærlingur“, komi: „nemanda úr námsvist, og sá nemandi“.
58. — — — Fyrir: „meistarinn“, komi: „lærimeistari“.
59. — — — Fyrir: „lærlingur“ í síðustu málsgrein, komi: „nemandi“.
60. —20. — Fyrir: „meistara og lærlings“, komi: „lærimeistara og nemanda“.
61. —21. — Fyrir: „lærlinga“, komi: „nemendur“.

Alþingi, 14. júlí 1891.

L. E. Sveinbjörnsson	Þorleifur Jónsson	Á. Thorsteinsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **99. Framhaldsálit**

yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga Arnarstapa, Skógastrandar og Hallbjarnareyrarumboðs 1884 og 1885.

Í áliti yfirskoðunarmanns neðri deildar alþingis um reikninga þessa, dags. 28. júní 1889 (nr. 27 í Alþ. tíð. 1889 C), er það tekið fram, að þetta reikningsmál væri enganveginn orðið svo upplýst, að sjeð yrði til hlítar, hvernig fjárhagur umboðsins stæði m. m. En á meðan þingið 1889 stóð yfir, endursendi núverandi umboðsmaður með brjefi dags. 7. júlí s. á. lista, er yfirskoðunarmaður hafði samið um eptirstöðvar, er skýringar vantaði um, — með árituðum svörum, (skjalasafn alþingis Nd. 18—89), en þó lá málið enn eigi ljóst fyrir, og því áleit nefndin, sem neðri deild setti til að segja álit sitt um það, nauðsynlegt, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hjeldi því fram til endilegra úrslita. Jeg hef því álitið mjer skylt að segja álit mitt um þetta mál, en af því að jeg af ýmsum ástæðum hafði eigi tíma til þess að rannsaka þetta flókna reikningsmál sjálfur svo sem skyldi, hef jeg notið aðstoðar föður míns fyrverandi sýslumanns E. Briems, til þess að semja framhaldsálit það sem hjer fer á eptir, og er þar:

I. Sundurliðun á eptirstöðvum hjá leiguliðum og reikningshöldurum.
II. Skýrsla um eptirstöðvar hjá hverjum reikningshaldara fyrir sig.
III. Sundurliðun eptirstöðva hjá leiguliðum, hvað af þeim er innheimt, hvað ófáanlegt er, og hverjar eptirstöðvar enn er eigi vonlaust um, að eitthvað fáist af.
IV. Samandregið yfirlit yfir, hvað fyrrum umboðsmaður Á. Sveinsson hefur innheimt fyrir utan það, sem hann hefur gjört grein fyrir í umboðsreikningum og hvað honum ber að svara til eptir reikningsúrskurðum.
V. Yfirlit yfir fallin kúgildi í umboðinu.

I.

Samkvæmt landsreikningunum 1882—1885 voru eptirstöðvar hjá leiguliðum og reikningshöldurum í hver árslok svo sem nú skal greina:

	hjá leiguliðum			hjá reikn.h.	Samtals
1882	kr. 1351,40			kr. 5287,47	kr 6638,87
1883 bætt við . .	— 2787,94	kr. 4139,34		— 3887,24	— 8026,58
1884 greitt og burtn.	— 3228,56				
bætt við . .	— 1730,60	— 1497,96	kr. 2641,38	— 4952,26	— 7593,64
1885 greitt	— 344,34				
bætt við	— 2183,64	— 1839,30	kr. 4480,68	— 6690,85	—11171,53
1886 greitt	»			— 2012,83	— 2012,83
	Eptirstöðvar 31. des. 1886:		kr. 4480,68	kr. 4678,02	kr. 9158,70

Tekju eptirstöðvar umboðsins 31. des. 1885 hjá leiguliðum voru samkvæmt landsreikningunum 1884 og 1885 og svörum landshöfðingja um athugas. við þá, sundurliðaðar

	leigur		landsskuldir	Samtals
	í pundum	í krónum	kr.	kr.
1882	132⅙	78,08		78,08
1883	160	118,40	714,30	832,70
1884	791	585,57	800,69	1386,26
1885	1288⅔	940,48	1243,16	2183,64
	2371⅚	1722,53	2758,15	4480,68

II.

Af tekju eptirstöðvum hjá reikningshöldurum, sem eins og áður er sagt voru 31. des. 1886. . . . . kr. 4678,02

skuldaði A. Ó. Thorlacius frá 1881 . . . . . kr. 2926,95
og af landskuldum 1882 . . . . . — 2210,92 kr. 5137,87
Greitt 1883, 1884 og 1885: 2600,17, 1326,95 og 411,10 = — 4338.52
Samtals. — 799,35

hjá Ásm. Sveinssyni voru eptirstöðvar
1882 og 1883: 149,60 og 1199,94 = kr. 1349,54
Greitt í landssjóð 1884 . . . . — 430.00 kr. 919,54
1884 . . . . . — 2821,97
Greitt í landssjóð 1885 og 1886
500,00 og 500,00 — 1000,00 — 1821,97
1885 eru eptirstöðvar ársins taldar í
landsreikningnum . . . . . — 4489,29
nefnilega hjá leiguliðum . . . . . — 2183,64
og hjá reikningshöldurum . . . . — 2305,65
Greitt af Clausen 1886 . . . . . — 1512,83
Eru þá árseptirstöðvar hjá Ásm. Sveinssyni samkvæmt landsreikningi . — 792,82
og að því viðbættu er hann innheimti
1885 af gjöldum leiguliða frá f. á. — 344,34 — 1137,16 — 3878,67 — 4678,02

Í framannefndu álitsskjali III. B. er bent á, að í landsreikningnum 1885 sjeu áraeptirstöðvarnar vantaldar um kr. 131,38, en samkvæmt úrskurði landshöfðingja um 17.

gr. athugas. við umboðsreikninginn 1885 er þessari upphæð bætt við nýnefnda skuld Ásm. Sveinssonar kr. 3878,67 og er hún þá . . . . . kr. 4010, 05

Tjeður úrskurður hefur eigi haft áhrif á áðurnefnda upphæð eptstöðvanna í landsreikningnum.

Þess má geta hjer, að samkvæmt landsreikningnum 1889 er skuld A. Ó. Thorlacius borguð að fullu. Af áðurnefndum eptirstöðvum hjá Á. Sveinssyni er einnig greitt . . . . . kr. 2550,00

er þá eptir: kr. 1460,05

Þegar hinum vantöldu kr. 131,38 er bætt við skuldir reikningshaldara, má til þess að allt komi heim við eptirstöðvarnar í landsreikningnum draga tjeða upphæð frá vanhöldunum eða með öðrum orðum telja upphæð þess, sem ófáanlegt er, þeim mun minni (sbr. Alþ. tíð. 1889 C. bls. 260 efst), og það því fremur, sem af eptirstöðvum hjá leiguliðum voru þegar samkvæmt svörum landshöfðingja um athugasemdir við landsreikninginn 1884 bls. 105 og 106 ófáanlegar kr. 180,84, «þótt þær sjeu enn taldar með eptirstöðvum». sbr. úrskurð um 15. gr. athugasemda við landsreikninginn s. á.

III

Viðvíkjandi leigum og landskuldum hjá leiguliðum í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði frá 1882 til 1885, eins og þær eru taldar 1885, ljet umboðsmaður Jón Jónsson umboðsstjórninni í tje nokkrar skýrslur í fyrra, en með því að þar með fylgdi eigi nein skýrsla um leigna eptirstöðvar 1884, sendi jeg honum eptirrit af lista þeim, sem fylgdi umboðsreikningnum 1884, um þessar eptirstöðvar, að upphæð 812¾ pd., og bað hann um skýringar við hvern einstakan skuldunaut. Hef jeg svo fengið þær með brjefi hans dags. 22. maí þ. á. ásamt nokkrum athugasemdum um aðrar eptirstöðvar. Sömuleiðis hef jeg leitað upplýsinga hjá fyrverandi umboðsmanni Ásm. Sveinssyni og hjá verzlunarstjóra S. Richter, er hafði umboðið á hendi um tíma.

Má þá eptir fyrirliggjandi skýrslum sundurliða eptirstöðvarnar eins og nú skal greina:

	Innh. af Á. Sveinssyni	Talið innh. af sama	Innh. af J. Jóns.	Greitt í landssjóð af leigul.	Álög og eptirgjafir	Von um að fáist	Ófáanlegt	Samtals.
				A. Leigur				
				1. í pundatali.				
1882	25½	20	20	66⅔	»	»	»	132⅙
1883	«	«	40	»	«	»	120	160
1884	160	317⅓	»	»	»	44⅔	269	791
1885	329⅓	»	167	»	135	245⅔	411⅓	1288⅓
	514⅚	337⅓	227	66⅔	135	290⅓	800⅓	2371½
				2. í krónutali				
1882	15,05	11,80	11,80	39,33	»	»	0,10	78,08[1]
1883	»	»	29,60	»	»	»	88,80	118,40
1884	117,60	234,83	»	»	»	33,05	200,09	585,57[2]
1885	231,41	»	117,01	»	98,55	179,34	314,17	940,48[3]
	364,06	246,63	158,41	39,33	98,55	212,39	603,16	1722,53

B. Landskuldir í krónutali.

1883	228,47	74,46	60,00	12,49	»	»	338,88	714,30
1884	229,50	143,59	46,14	»	»	41,40	340,06	800,69
1885	276,83	97.39	391,88	»	12,84	237,55	226,68	1243,16[4]
	734,80	315,34	498,02	12,49	12,84	278,95	905,62	2758,15

C. Leigur og landskuldir saman lagðar.

1882—1885	1098,86[5]	562,07	656,43[6]	51,82[7]	111,39	491,34	1508,78[8]	4480,68

Athugasemdir:

1. $132^{1}/_{6}$ pd. á 59 aur. eru 77,68, hinir oftöldu 10 aurar eru settir í dálkinn fyrir ófáanlegt.
2. Leigna eptirstöðvar 1884 voru upphaflega . . . . . $812^{3}/_{4}$ pd.
   1885 var gjörð grein fyrir . . . . . $21^{3}/_{4}$ — 791 pd.
   791 pd. á 74 aur. gjöra 585,34. Hið oftalda . . . . . kr. 0,23
   er sett í dálkinn fyrir ófáanlegt, sömuleiðis rýrnun á 80 pd.,
   sem Ásm. Sveinsson innheimti . . . . . — 0,80
   Hin ófáanlegu 269 pd. á 74 aura gjöra . . . . . — 199,06
   Er þá hið ófáanlega af leigum 1884 samtals: kr. 200,09
3. Í áðurnefndu álitsskjali um reikning Arnarstapa umboðs III. D. er getið um, að
   leignaeptirstöðvarnar 1885 hafi eiginlega verið . . . . . 1295 pd. kr. 945,35
   í landsreikningnum er verðið sett kr. 940,48 er samsv. . $1288^{1}/_{3}$ — — 940,48
   er því vantalið . . . . . : . . $6^{2}/_{3}$ — — 4,87
   Til þess að aðalupphæðin komi heim við landsreikninginn,
   er þetta hjer dregið frá hinu ófáanlega sem er. . . . . 418 pd. kr. 305,14
   $411^{1}/_{3}$ — — 300,27
   $329^{1}/_{3}$ pd. sem Ásm. Sveinsson hefur innheimt af leigna eptirstöðvum
   1885, eru í landsreikningnum sett á 73 aura . . . . . kr. 240,41
   en af þeim voru 90 pd. áskilin og innheimt eptir meðalalin
   63 aur. og var því alls innheimt . . . . . — 231,41
   mismunur . . . . . kr. 9,00
   Af því, sem Jón umboðsmaður hefur innheimt, voru
   49 pd. ákveðin eptir meðalalin, verðmunur. . . . . — 4,90 — 13,90
   Eptirstöðvarnar í landsreikningnum eru því oftaldar um þessa upp-
   hæð og er henni því bætt við hið ófáanlega sem þá verður samtals kr. 314,17
   hinir dálkarnir gjöra . . . . . — 626,31
   kr. 940,48
4. Við landskuldaeptirstöðvar . . . . . kr. 1243,16
   bætist a. landskuld af Hellu, er vantar í afgjaldsskrána, en um-
   boðsmaður telur fáanlega. . . . . kr. 25.20
   b. við landskuld af Kársstöðum, er umboðs-
   maður hefur innheimt . . . . . — 1,90
   c. ennfremur er landskuld af Hraunfirði
   ekki talin með í samlagningunni í af-
   gjaldsskránni, en með því að hún er ó-
   fáanleg, þarf eigi að bæta henni við — 27,10 — 1270,26
   Auk áðurnefndra kr. 31,50 er af landskuldum 1885 ófáan-

legt . . . . . kr. 253,78
en til þess að allt komi heim við landsreikn.
er það hjer lækkað um fyrtjeða upphæð . . — 27,10 kr. 226,68
hinir dálkarnir gjöra . . . . . — 1016,48 kr. 1243,16

5. Umboðslaun af innheimtu Ásm. Sveinssonar . . . . kr. 1098,86 eru kr. 183,14
en honum ber að svara til kr. 915,72.
6. Umboðslaun af innheimtu J. Jónssonar . . . . . — 656,43 eru kr. 109,41
og því nettótekjur . . . . . — 547,02
greitt í landssjóð 1890 . . . . . — 537,19
eptirstöðvar hjá umboðsmanni . . . . . kr. 9,83
7. Þessar kr. 51,82 eru greiddar í landsjóð 1889.
8. Þegar búið er að lækka hið ófáanlega af leigunum 1885 um kr. 4,87 og af landskuldunum s. á. um kr. 27,10, eins og áður er sagt er hið ófáanlega eins og töflurnar sýna 603,16+905,62 . . . . . kr. 1508,78
Í II. kafla í niðurlagi er minnzt á, að það nægi ennfremur að lækka hið ófáanlega um . . . . . — 131,38
og verður þá það, sem nema má úr eptirstöðvunum eins og landsreikningurinn telur þær . . . . . — 1377,40
Um leið og hið ófáanlega verður fellt úr eptirstöðvum, koma til útgjalds:
a. Umboðslaun af hinu innheimta 183,14+109,41 . . . kr. 292,55
b. önnur útgjöld (álög og eptirgjafir) . . . . . — 111,39 kr. 403,94
Eptirstöðvar eru:
1. hjá Ásm. Sveinssyni . . . . . — 915,72
2. hjá umboðsmanni J. Jónssyni . . . . . kr. 9,83
ennfremur ber að telja það, sem hann greiddi
í landssjóð 1890 . . . . . — 537,19
og verður því að teljast í þessu yfirliti . . . . . — 547,02
3. það, sem talið er að Ásm. Sveinsson hafi kvittað fyrir — 562,07
4. það, sem von er um að fáist hjá leiguliðum . . . . — 491,34 — 2516,14
Samtals: kr. 4297,48
5. Ennfremur verður að telja til jafnaðar hina optnefndu upphæð,
sem að ofan er dregin frá hinu ófáanlega . . . . . — 131,38
kr. 4428,86
og þegar svo er bætt við því, sem leiguliðar borguðu í landssjóð . — 51,82
þá kemur út eptirstöðvaupphæðin . . . . . — 4480,68

IV.

Fyrir utan reikningseptirstöðvar hjá Ásmundi Sveinssyni kr. 4010,05÷2550,00= . . . . . kr. 1460,05
ber honum að svara til þess, er hann hefur kannazt við að hafa innheimt hjá leiguliðum, án þess að það sje talið innheimt af honum í umboðsreikn-

Flyt — 1460,05

		Flutt	kr. 1460,05
ingnum		kr. 1098,86	
að frádr. $^1/_6$ (er telst með útgjöldum umboðsins		— 183,14	— 915,72
og ennfremur eptir úrskurðum við umboðsreikninginn			
1882		— 225,23	
1883		— 495,51	
1884 8., 12. og 16 gr.	kr. 10,06		
20. gr. væntanlega	— 86,38[1]	— 96,44	
1885 2. gr.	kr. 1,67		
Þar við bætist oftalið álag á Arnarhóli kr. 6,00 og ofreiknuð umboðslaun af andvirði fyrir 1 kúg., er var selt fyrir kr. 45,00 .	— 7,50 — 13,50[2]	— 15,17	— 832,35
			kr. 3208,12

V.

Það er eigi allhægt að fá glöggva hugmynd um allt það kúgildahrun, er hefur átt sjer stað í þessu umboði, eða komast fyrir, hvort það sje allt með felldu, meðfram af því, að þegar kúgildi hefur fallið á einhverri jörð, er, ef til vill, kúgildi tekið af annari jörð og sett þangað, og þegar jörð fer í eyði, án þess að kúgildi falli, eru þau flutt eitthvað, án þess að gjörð sje grein fyrir, hvað um þau hafi orðið, og kveður svo rammt að þessu, að hjá umboðsmönnum hefur eigi getað fengizt fullkomin upplýsing um kúgildi

1) Í athugasemdunum 20. gr. og úrskurðunum um hana eru umboðslaun talin ofreiknuð af kr. 518,30 + kr. 23,43 . . . . . kr. 90,29
en í rauninni hefur umboðshaldari eigi reiknað sjer laun af nefndum kr. 23,43 . . . . . — 3,91
Umboðslaun eru því eigi oftalin nema af kr. 518,30 . . . . . kr. 86,38

2) Í álitsskjali frá 28. júní 1889 (nr. 27 í Alþ. tíð. s. á.) III. c. er þess getið, að í úrskurðunum um umboðsreikninginn 1885, 17. gr. eru eptirstöðvar ársins hjá Á. Sveinssyni taldar . . . . . kr. 1364,04
en í umboðsreikningnum . . . . . — 1268,54
Mismunurinn kr. 95,50
stafar af því, að í athugasemdunum við hinn ógreinilega umboðsreikning 1885 var álitið, að 88 kr., sem Á. Sveinsson færði til útgjalds í álag á Arnarhól og 88 kr., sem Clausen hafði borgað, væri sama upphæðin . . . . . kr. 88,00
og af því að Á. Sveinsson hafði ofreiknað umboðslaun sín um . . . . . — 7,50 — 95,50
Nú er fengin úttektargjörðin á Arnarhóli $^{16}/_5$—85 (geymd í skjalasafni alþingis Nd. 18—89). Álag er metið kr. 176,00. Með svari um 16. aths. við umboðsreikninginn 1885 fylgdi kvittun viðtakanda til Clausens dags. $^{10}/_{12}$ 85 fyrir «þeim 88 kr., er eptir stóðu af álagi á ábýlisjörð hans Arnarhól».
Hefur hann því verið búinn að fá . . . . . kr. 88,00
í úttektargjörðinni stendur, að í álagið hafi gengið spítur, virtar — 6,00
Á. Sveinsson hefur þannig eigi greitt í álagið nema . . . kr. 82,00
Honum ber því, eins og hann hefur viðurkennt, að svara til kr. 6,00
og til hinna ofreiknuðu umboðslauna, $^1/_6$ af 45 kr. . . . . — 7,50
en með því að þessar samtals . . . . . kr. 13,50
eru eigi fólgnar í reikningseptirstöðvum, en eru í nefndri úrskurðargrein taldar reikningshaldara til ábyrgðar, virðist rjettast að telja þær með reikningsábyrgðum.

þau, er horfið hafa úr jarðabókum eða afgjaldsskýrslum umboðsins 1884—86, en eptir því sem næst verður komizt, má, ef til vill, álíta, að um kúgildin hafi farið, eins og nú skal greina:

Árið 1884 voru á umboðsjörðunum . . . . . 222 kúg.
vorið 1885 fjellu á Fjarðarhorni 2 kúgildi og hið 3. var selt . . . . . 3 —
Í afgjaldsskýrslunni það ár eru að eins talin . . . . . 215 kúg.
en í umboðsreikningnum eru þó leigur eptir . . . . . 219 kúg.

Í brjefi $^{28}/_{5}$ 89 (Nd. 18—89) skýrir Ásm. Sveinsson frá, að af þeim 4 kúg., er vanta í afgjaldsskýrsluna 1885, hafi hann að eins haft umsjón yfir 2 kúg. af Stóruseljum og sje það því misgáningur, að hann hafi reiknað leigur af 219 í staðinn fyrir af 217 kúg., hin 2 kúgildin, sem þá brestur til, hafi fallið á einhverjum þeim jörðum, sem kúgildi eru horfin af 1885. Þetta virðist þannig verða að standa við svo búið, sbr. úrskurð um 4. og 5. gr. athugasemda við umboðsreikninginn 1885.

Haustið 1885 má þannig telja í umboðinu . . . . . 217 kúg.
af þeim voru undir umsjón Á. Sveinssonar . . . . . $6^{2}/_{3}$ kúg.
S. Richter og umboðsmaður Jón Jónsson kannast við að hafa tekið við . . . . . 6 —
er því eptir að gjöra grein fyrir . . . . . $^{2}/_{3}$ kúg.
af kúgildunum, sem Richter voru afhent, gengu 8 ær í fóðurkostnað m. m. sbr. brjef hans til amtsins 30. marz 1886
og brjef umboðsmanns til mín 22. maí þ. á. . . . . $1^{1}/_{3}$ —
á Klettakoti reyndist oftalið . . . . . $^{1}/_{2}$ —
um veturinn eða vorið 1886 verður að álíta fallin 3 kúg. á Dal, 1 á Eyðhúsum, 2 á Bláfelldi neðra og 1 á Ósi, samtals 7 $9^{1}/_{2}$ —
1886 er að eins goldið eptir . . . . . $207^{1}/_{2}$ kúg.
Vorin 1887 og 1888 fjellu $7^{2}/_{3}$ og $1^{1}/_{2}$ kúg. = ... $9^{1}/_{6}$ —
eru því í afgjaldsskýrslunni 1888 að eins talin . . . . . $198^{1}/_{3}$ kúg.
sbr. álitsskjalið 28. júní 1889 IV.

Hjermeð fylgja.

A. Eptirrit af brjefum frá mjer:
   1. Til fyrver. umboðsmanns Ásm. Sveinssonar, dags. 25. sept. 1890 og 18. f. m.
   2. Til umboðsmanns Jóns Jónssonar 29. sept. 1890 og 4. jan. 1891.
   3. Til verzlunarstjóra S. Richters 4. jan. 1891.

B. Brjef til mín:
   1. Frá Ásm. Sveinssyni 18. nóv. 1890 og 29. júní 1891.
   2. Frá umboðsmanni Jóni Jónssyni 12. nóv. 1890 og 22. maí 1891 með 6 fylgiskjölum.
   3. Frá verzlunarstjóra S. Richter 10. marz 1891 með 3 fylgiskjölum.

C. Sundurliðaðar skýrslur um eptirstöðvar hjá hverjum einstökum manni.
   1. Ófáanlegar eptirstöðvar 905,62 + 603,16 = kr. 1508,78.
   2. Eptirstöðvar, sem von er um að fáist 278,95 + 212,39=kr. 491,34.
   3. Eptirstöðvar taldar innheimtar af Ásm. Sveinssyni, án þess að hann hafi kannazt við þær kr. 562,07.

Að því er snertir þessar kr. 562,07, sem taldar eru innheimtar af Ásm. Sveinssyni, hefur umboðsmaður Jón Jónsson talið að Ásm. Sveinsson hafi kvittað fyrir þær, að mestu í kassabók umboðsins, og hef jeg því í vor skrifað herra landshöfðingjanum um, að það ef til vill lægi næst, að gefa fyrrum umboðsmanni Ásm. Sveinssyni, er eigi kveðst geta munað, að hann hafi veitt móttöku neinu af tjeðri upphæð, kost á að sjá kassabókina, til að ganga úr skugga um, hvort hann geti eigi þekkt hönd sína á sumum af hinum umgetnu kvittunum, og mætti þá leggja fyrir umboðsmann, að senda nefnda bók hingað til sýnis.

Viðvíkjandi þeim $^{2}/_{3}$ kúgildis, sem vantar að gjöra grein fyrir, og umboðsmaður segir, að eigi hafi verið skilað af þeim $6^{2}/_{3}$ kúgildis, er voru undir hendi Ásm. Sveinssonar, er þess að geta, að Á. Sveinsson fullyrðir, að hann hafi afhent þau öll. Það ber helzt á milli, að hann segir það víst, að verzlunarstjóri S. Richter hafi tekið á móti frá sjer kú í leigufæru standi vorið 1886, hún hafi verið svört, en sú kýr, sem hann afhenti Jóni umboðsmanni, hafi verið hvít, svo að enginn ruglingur geti átt sjer stað með þessar tvær kýr. Sbr. brjef hans til mín 29. f. m.

Reikningsmál þetta er því eigi enn svo komið, að það geti orðið að fullu útkljáð á þessu þingi, en jeg vonast samt til, að málið sje nú orðið svo ljóst, að menn geti gjört sjer fulla grein fyrir því, ef menn athuga fylgiskjölin, hvernig málið er vaxið.

Reykjavík 14. júlí 1891.

Páll Briem.

Ed. **100. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði hvert ár.

2. gr. Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr. Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um breyting á konungsúrskurði 25. ág. 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Sú 15 Rdl. aukaþóknun, er sóknarbændum Ásmundarstaðakirkju hefir verið skylt að greiða prestinum á Presthólum samkvæmt konungsúrskurði 25. ág. 1853, skal niður falla við næstu prestaskipti.

Nd. **102. Frumvarp**

til laga um að landsstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatungu prestakalli í Strandaprófastsdæmi. Flutningsm.: Páll Ólafsson.

1. gr. Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa Fellseignina í Kollafirði 60 hndr. að fornu mati (Fell með 2 hjáleigum) til prestsseturs fyrir Tröllatunguprestakall, fyrir 2500 krónur.

2. gr. Kaupverðið greiðist úr landssjóði. En frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 100 krónur af uppbót þeirri, er Tröllatunguprestakalli er ákveðin í lögum 27. febr. 1880 sbr. lög nr. 26, 2. nóv. 1885.

Ed. **103. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (71). Frá Sighvati Árnasyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: „(2., 4. og 5. gr.)“ komi: „(sambr. 2., 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877).“
2. Við 4. gr. Í staðinn fyrir: „(9. gr.)“ komi: „(1. gr.)“.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um líkskoðun. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Ekki má loka kistu yfir líki nje jarðsetja það, nje—nema um sjórekin lík sje að ræða—flytja það burtu langan veg áður líkskoðun hefur farið fram og dánarvottorð gefið verið samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sjer stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sje vakað yfir því, nje heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sje áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefur á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sje prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sje grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð (sbr. lög nr. 3, 12. apríl 1878, 1. gr.) hefur gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aptur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

2. gr. Sje löggiltur læknir eigi búsettur lengra en 1 mílu frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara, þá skal hann lík skoða, en ef lengra er frá bústað læknis, skulu það gjöra 2 líkskoðunarmenn, nema vandamenn hins framliðna eða aðrir rjettir hlutaðeigendur vilji heldur kalla lækni til, eða lögreglustjóri skipar, að svo skuli vera. Hjeraðslæknar og aukalæknar þeir, er laun fá úr landssjóði, eru skyldir til líkskoðunar allsstaðar í umdæmum sínum, ef lögreglustjóri kveður þá til þessa, eða vandamenn hins framliðna eða aðrir, er hlut eiga að máli. Í Reykjavíkurkaupstað hvílir hin sama skylda í forföllum hjeraðslæknis á hverjum löggiltum lækni, er þar er búsettur.

3. gr. Í hverjum þeim hrepp, þar sem líkskoðunarmenn skulu vera eptir ákvæðinu í 2. gr., eða, ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum að þessu leyti er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar, skulu vera tveir líkskoðunarmenn og auk þess einn eða tveir varalíkskoðunarmenn, er komið geti í hinna stað, þá er þeir hafa lögleg forföll. Utan Reykjavíkur skal og nefna tvo menn til þess að halda

líkskoðun í löglegum forföllum hlutaðeigandi læknis á þeim stöðum, þar sem honum samkvæmt 2. gr. er skylt að skoða líkin sjálfur. Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varalíkskoðunarmenn eptir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sjer þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til þess að biðja sjer lausnar, og metur lögreglustjóri þessar ástæður.

4. gr. Eptir að líkskoðun hefur fram farið, gefur sá eða þeir, er hana hafa framkvæmt, út dánarvottorð. Vottorðið skal samið á þann hátt, er landshöfðingi skipar fyrir um, á prentuðum eyðublöðum, sem í því skyni skulu gefin út.

Þá er líkskoðunarmenn skulu líkskoðun halda, má hún eigi fram fara, fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð merki til rotnunar hafi sýnt sig áður. Undantekning frá þessari reglu má að eins gjöra samkvæmt lögum þeim, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir, svo og í þeim tilfellum, er landshöfðingi sjálfur tekur nákvæmar.

5. gr. Landshöfðingi lætur semja leiðbeiningu handa líkskoðunarmönnum, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum til hvers líkskoðunarmanns, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sjer til hjeraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

6. gr. Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sje að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefur látið í ljósi, að ekkert sje því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefur banað sjálfum sjer, eða lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endrarnær, er hafin hefur verið rannsókn út úr mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en það hefur verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar, ef nauðsyn krefur með lækni, er hann hefur til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefur ritað á dánarvottorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sje neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sje grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari leyfa, að líkið sje grafið, þó svo, að það sje eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því, að slysið vildi til, eða líkið fannst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unnt hefur verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendi eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eptir 201. gr. almennra hegningarlaga.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sje svo vaxið að þyngri refsing sje við lögð. Mál út af brotum þeim, er að eins sæta refsingu eptir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr. Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð skal greiða lækni 2 kr. Sömu borgun fá líkskoðunarmenn til jafnra skipta. Ef tómthúsmenn, daglaunamenn, hjú eða aðrir í líkri stöðu eiga að greiða borgunina eða vandamenn þeirra, skal að eins greiða hálfa borgun. Þá er grafið er á kostnað fátækrasjóðs, greiðist full borgun.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Þá er læknir heldur líkskoðun, skal hann ætíð hafa fararbeina ókeypis. Sje hann í þessu skyni sóttur lengra en eina mílu frá bústað sínum af vandamönnum hins látna eða öðrum, er hlut eiga að máli, skal hann auk þess fá borgun eins og fyrir almenna sjúkravitjun. Sje hann sóttur af lögreglustjóra fær hann borgun af almannafje á þann hátt, og hingað til hefur átt sjer stað. Enga borgun skal greiða fyrir vottorð um að barn sje andvana fætt, er læknir sá gefur, er sóttur hefur verið til sængurkonunnar.

9. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1892.

Ed. **105. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku. Frá Sighvati Árnasyni og Þorleifi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir »stjórnarráðið fyrir Ísland« komi: »landshöfðingi«.
2. — — — Fyrir »í konungsríkinu ... á þann hátt, sem þau«, komi: »á þann hátt, sem«

Nd. **106. Frumvarp**

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar er til miðaptans bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera að ferma og afferma skip og bæta, ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja um akkeri fyrir opnu hafi, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta og sem miða til þess að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

2. gr. Kaup og sölur mega eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar, hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, svo og þeir staðir, er menn selja mjólk og brauð.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn, svo er og veitingamönnum heldur ekki á þessum dögum leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat.

3. gr. Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi.

5. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má hvorki halda neinar almennar skemmtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

7. gr. Almennna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h., er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

8. gr. Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag þeirra þriggja stórhátíða.

9. gr. Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann opt brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr. Nú virðist lögreglustjóra að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminning er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsing mönnnm til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr. Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarsstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfir-

kjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið bréf, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma

árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

11. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

12. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynningu um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett), og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum,

og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.

16. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjettkjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal þá sá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum og kjörstjórnir og yfirkjörstjórnir annarsstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

19. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

20. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. til 36. og 38. til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Borgar prestakall í Mýraprófastsdæmi skal vera Borgar og Álptanessóknir.

2. gr. Staðarhrauns prestakall í sama prófastsdæmi skal vera Staðar-

hrauns og Álptartungu sóknir. Frá þessu prestakalli greiðast 400 kr. árlega í landssjóð.

3. gr. Hítarnes prestakall skal vera Kolbeinsstaða, Akra og Hjörtseyjarsóknir.

4. gr. Miklaholts prestakall í Snæfellsnesprófastsdæmi skal vera Miklaholts og Rauðamels sóknir.

Nd. **109. Frumvarp**

til laga um stofnun ullarverksmiðju. Frá B. Sveinssyni, Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Gunnari Halldórssyni, Jóni Jónssyni þm. N-Þ., Sigurði Gunnarssyni.

1. gr. Til þess að koma á fót ullarverksmiðju á Íslandi, má veita lán úr landssjóði allt að 120,000 kr., 12000 kr. á ári í 10 ár.

2. gr. Lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6% á ári í 28 ár.

3. gr. Ullarverksmiðjan með byggingum vjelum og öllu tilheyrandi, skal standa að veði fyrir láninu, enda sje hún eptir löglegri virðingu metin að minnsta kosti 120,000 kr. og vátryggð fyrir sömu upphæð.

4. gr. Landsstjórnin greiðir lánið, þegar er full trygging er fengin fyrir, að fyrirtækið komist á fót, og annast hún samninga og annað þess kyns, er af lögum þessum leiðir.

Ed. **110. Frumvarp**

til laga um friðun á skógi o. fl. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um friðun á skógi, hrísi, víði, lyngi og mosa, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfelt að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlað er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í dagpeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingaruppástungur hafa verið gjörðar við frumvarpið

á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykir þær á rökum byggðar, og sendir þær síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingaruppástungurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp, eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur til tekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3 gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt og hvernig kostnað við það skal greiða.

6. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna er renni í fátækrasjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **111. Frumvarp**

til laga um Seyðisfjarðarkaupstað. Flutningsmenn: Þorvarður Kjerúlf og Sigurður Gunnarsson.

1. gr. Hinum núverandi Seyðisfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu skal skipt þannig, að verzlunarstaðirnir Vestdalseyri og Fjarðaralda með Búðareyri, ásamt jörðunum Vestdal og Firði með Odda og Fjarðarseli, skulu vera bæjarfjelag og þinghá sjer með kaupstaðarrjettindum, og heita Seyðisfjarðarkaupstaður, en hinn hluti hreppsins skal vera sjerstakt sveitarfjelag og heita Seyðisfjarðarhreppur.

2. gr. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skal vera bæjarfógeti í Seyðisfjarðarkaupstað.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi, þegar hlutaðeigendur í hinum núverandi Seyðisfjarðarhreppi hafa fullgjört öll skipti á eignum, ómögum og öðrum hreppsálögum sveitarfjelagsins milli kaupstaðarins og hreppsins.

Nd. **112. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M., Þ. Kjerúlf, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Árna Jónssyni, Ól. Ólafssyni og Sigurði Gunnarssyni.

1. Við 1. gr. Orðin: „þegar auglýst hefur verið . . . ástæða til að gjöra“, falli burt, en í þess stað komi: „Þegar auglýst hefur verið að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfrestur er útrunninn, þá sendir biskup hlutaðeigandi prófasti umsóknarbrjef allra þeirra, er um brauðið hafa sókt, og sem að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni. Lætur biskup þar með fylgja athugasemdir þær, er honum virðist ástæða til að gjöra“.
2. Við 2. gr. Orðin: „ef þeir eru 21 árs“ falli burt, en í þess stað komi: „ef þeir eru komnir til lögaldurs“.

Nd. **113. Breytingartillaga**

við frv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „og ætla má . . . þá má hann“ komi: „skal“.

Ed. **114. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, er gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Nd. **115. Tillaga**

til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð. Flutningsmenn: Jens Pálsson og Skúli Thoroddsen.

Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð sem fyrst, svo og hafnarstæði þau, er þar kynnu að þykja hentust, einkum við Vestliðaeyri, Búðardal og Skarfstaðanes.

Ed. **116. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

2. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

3. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum með töldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

4. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám, skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

5. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 9., 10., 11. og 17. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Ed. **117. Frumvarp**

til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í þeim almennu lögreglumálum, sem rísa af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum, einkum þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar

honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eptir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum.

2. gr. Þá er dómur í slíku almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum, án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða ef málið er gegn barni, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja, eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Nd. **118. Tillaga**

til þingsályktunar um brúargjörð á Þjórsá. Frá Ólafi Ólafssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Alþingi skorar á landstjórnina, að láta sem fyrst rannsaka á ný brúarstæði á Þjórsá og gjöra áætlun um kostnað við brúargjörð á ánni og leggja síðan fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um brúargjörðina.

Nd. **119. Frumvarp**

til laga um eyðing svartbakseggja. Frá Jens Pálssyni, Páli Briem og Sigurði Jenssyni

1. gr. Hver ábúandi á þeim jörðum á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, er skyldur til að láta eyða eggjum þeim, er svartbakar verpa í eyjum, hólmum og skerjum ábýlis hans.

Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, skal hann gjalda 5 til 100 króna sekt. Sje vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin.

2. gr. Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. grein, rennur $^1/_3$ hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. Frá Sigurði Stefánssyni.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk. Svo er og lausakaupmönn-

um þeim, er eigi heyra fastri verzlun til, bönnuð smáverzlun öll, en smáverzlun skal það talin, ef selt er fyrir minna af nokkurri vörutegund í einu en 200 krónur.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 50—5000 kr. sektum, er renna í landsjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. **121. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889.

Um 2. gr.

1. Í fjárlögunum fyrir árin 1886 og 1887 voru veittar 2000 kr. hvort árið, samtals 4000 kr., til að gefa út „Lovsamling for Ísland". Síðan hafa komið út 2 bindi af lagasafninu og er kostnaðurinn við útgáfu þeirra í samhljóðun við svar landshöfðingja upp á 27. athgr. 8. við landsreikninginn 1885:

a. 20. bindi, 40 arkir . . . . . kr. 1960,00
b. 21. — 57 — 1960,00 + 17 × 50,00 = ... — 2810,00
Samtals kr. 4770,00

Eptir þessu ætti umframgreiðslan að nema kr. 770,00, sem er litlu minni, en aukafjárveiting sú, sem farið er fram á í frumvarpinu, kr, 776,25.

2. Umræddar 3000 kr. voru veittar til vegfræðings 1888, en eigi notaðar. Árið eptir var upphæð þessari varið til vegabóta, og þykir vel ráðið.

Um 3. gr.

Til póstflutninga og annara útgjalda við póststjórnina hefur verið greitt um fram fjárveitingu 1888 kr. 3862,81 og 1889 kr. 4886,04, og er ekkert þar við að athuga.

Um 4. gr.

Uppbót til prestsins að Hólmum fyrir tekjumissi vegna laga 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn er í samræmi við fjáraukalög 28. oktbr. 1889.

Fyrir því viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1891.

Lárus Halldórsson	Ólafur Briem	Ól. Ólafsson
formaður.	framsögum.	skrifari.

Nd. **122. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889.

Eins og tekið er fram í álitsskjali nefndarinnar um tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana 1888 og 1889, eiga:

a. samkvæmt athugasemd 14. 4. a. við tekjubálk reikningsins 1889 tekjur af fasteignum landssjóðs (14. tekjuliður) að færast upp um kr. 40.30, en óvissar tekjur (13. tekjuliður), svo og tekjueptirstöðvar landssjóðs við árslok 1889 að færast niður um sömu upphæð.

b. samkvæmt athugasemd 15. 3. afborganir af lánum viðlagasjóðs að hækka um kr. 14.73, en leigur af innstæðufje (16. tekjuliður), svo og eignir viðlagasjóðs við árslok 1889 að lækka um sömu upphæð.

Þar eð frumvarpið að öðru leyti er samið eptir reikningum þeim, er yfirskoðunarmenn hafa haft til rannsóknar, viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja það með þessum breytingum:

1.	Við 13.	tekjulið.	Fyrir:	5398,70	komi:	5358,40
2.	— 14.	—	—	53952,48	—	53992,78
3.	— 16.	—	—	73459,30	—	73444,57
4.	— —	—	—	98462,64	—	98477,37
5.	— 22.	—	—	114771,05	—	114785,78
6.	— eignir viðlagasj.		—	873922,99	—	873908,26
7.	— tekjueptirstöðv.		—	29970,76	—	29930,46

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1891.

Lárus Halldórsson	Ólafur Briem	Ól. Ólafsson.
formaður.	framsögum.	skrifari.

Nd.

123. Nefndarálit

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1888 og 1889.

I. Reikningurinn 1888.

Inngangurinn.

2.

Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að æskilegt sje, að ósamkvæmni sú, sem er á milli póstreiknings og jarðabókarsjóðsreiknings á aðra hlið og landsreiknings á hina, sje framvegis skýrð í hlutaðeigandi fylgiskjali við landsreikninginn. Enda virðist mega treysta því, að sú tillaga verði tekin til greina, án þess hún komi fram sem áskorun frá þinginu.

3.

Þar eð landshöfðingi hefur út af athugasemd yfirskoðunarmanna lýst yfir því, að viðskiptum við ríkissjóð, hinum svonefndu versúrum, muni í jarðabókarsjóðsreikningnum eptirleiðis verða haldið fullkomlega aðgreindum frá tekjum og gjöldum landssjóðs, sýnist óþarft að taka þessa tillögu upp í þingsályktun.

4. og 5.

Landshöfðingi hefur í svari sínu látið í ljós, að hann hefði ekkert á móti því, að þess sje ávallt getið í hlutaðeigandi fylgiskjali við landsreikninginn um þær eptirstöðvar, sem eru eldri en frá undanfarandi ári, frá hvaða árum þær sjeu, hvað sje greitt upp í hvers árs eptirstöðvar, og hve mikið sje óborgað, og virðist mega treysta því, að þeirri reglu verði fylgt, án sjerstakrar áskorunar frá þingsins hálfu.

Tekjubálkurinn.

4.

2. Eins og yfirskoðunarmenn hafa lagt til, og landshöfðingi hefur fallizt á, virðist í alla staði haganlegt, að fækkað verði býlum á jörðum landssjóðs í Vestur-Skaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst.

6.

4. Samkvæmt ósk nefndarinnar hefur landshöfðingi látið henni í tje skýrslu um ástand skurðanna og garðanna á Staðarbyggðarmýrum, og er sú skýrsla lögð fram til sýnis á lestrarsalnum.

Gjaldabálkurinn.

15.

Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:

a. til póstflutninga	kr.	3429.15
b. í fæðispeninga og ferðakostnað . . .	—	117.05
c. til áhalda	—	316.61

eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1888 og 1889, 3. gr.

II. Reikningurinn 1889.

Tekjubálkurinn.

4.

1. Nefndin er landshöfðingja samdóma um, að þó skuldir Fensmarks við landssjóðs sjeu felldar úr eptirstöðvum, sje eigi þar í fólgin uppgjöf á skuldunum.

12.

Sú tillaga yfirskoðunarmannanna, að aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og og dönsku póststjórnarinnar verði látinn fylgja landsreikningnum framvegis, virðist á góðum rökum byggð.

13.

2. Jafnvel þó landshöfðingi telji vandkvæði á að fullnægja þeirri ósk yfirskoðunarmanna, að hvers árs landsreikningi verði eptirleiðis látin fylgja skýrsla um ábyrgðir þær, sem úrskurðaðar eru á reikningsárinu, hlýtur nefndin að vera yfirskoðunarmönnum samdóma um, að slík skýrsla sje nauðsynleg til þess að geta haft eptirlit með, að allar úrskurðaðar reikningsábyrgðir sjeu greiddar.

14.

4. a. Samkvæmt útreikningi yfirskoðunarmannanna, er landshöfðingi hefur viðurkennt rjettan, er greiðsla upp í eptirstöðvar af jarðarafgjöldum úr Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði í landsreikningnum vantalin um kr. 40.30, og eiga því eptirstöðvarnar að vera þeim mun lægri, en aptur á móti er borgun upp í óvissar tekjur oftalin um sömu upphæð.

f. Til tryggingar því, að skýrslur um afgjöld umboðsjarða sjeu rjettar, virðist einkar hentugt, að afgjaldsskrárnar sjeu prófaðar á manntalsþingum.

15.

2. Þrátt fyrir ummæli landshöfðingja getur nefndin eigi sjeð neina gilda ástæðu til þess, að sleppa vöxtum af vanborguðum afborgunum af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu, og það því síður sem þetta á sjer ekki stað um neitt annað lán úr viðlagasjóði. Enda er skuldunautum sjálfum innan handar, að losast við að gjalda slíka dráttarvexti með því, að greiða hinar áskildu afborganir á rjettum tíma, og ætti framvegis að ganga ríkt eptir því.

3. Samkvæmt röksemdaleiðslu yfirskoðunarmanna verður nefndin að aðhyllast þá skoðun, að árgjald það af Staðarbyggðarmýraláninu, sem ákveðið var í fjárlögunum

fyrir árin 1886 og 1887, 4% af hinni upphaflegu upphæð, hljóti að skoðast sumpart sem vextir (þ. e. 4% af eptirstöðvum lánsins) og sumpart sem afborgun (þ. e. sá hlutinn, sem er fram yfir 4% af höfuðstólnum, eins og hann er í hvert skipti). Af láninu til legatsjarðarinnar Kristness, sem er eina lánið, er hjer kemur til greina, nemur umrædd afborgun frá 1886 til 1889 kr. 14.73, og þar eð þessi upphæð hefur í landsreikningnum fyrir tjeð ár verið talin sem vextir af innstæðu viðlagasjóðs en eigi sem afborgun, liggur beint við, að draga hana nú frá vöxtunum og bæta henni við afborganirnar, en þar af leiðir, að innstæðan lækkar um sömu upphæð í landsreikningnum fyrir 1888 og 1889.

20.

Þar eð reglugjörð 13. febr. 1873, um opinber reikningsskil o. fl., hefur svo opt að undanförnu verið brýnd fyrir gjaldheimtumönnum landsjóðs, verður að álíta, að þeir hafi fyrirmæli tjeðrar reglugjörðar í fersku minni.

Að því er sjerstaklega snertir greiðslu landsjóðstekna með ávísunum til Kaupmannahafnar, virðist sú tillaga yfirskoðunarmanna á góðum rökum byggð, að gjaldheimtumönnum verði gjört að skyldu, að senda þær til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskipsferð ár hvert, nema því að eins að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar koma í gjalddaga, þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

Gjaldabálkurinn.

25.

Hinar umræddu 3000 kr., sem varið hefur verið til vegagjörða á aðalpóstleiðum 1889, en sparazt höfðu árið áður af fjárveitingu til vegfræðings, eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1888 og 1889, 2. gr.

Að öðru leyti sýnist eigi þörf á aukafjárveitingu fyrir umframgreiðslunni til vegabóta 1889 kr. 2173.79, þar sem hún er litlu meiri en sú upphæð, er sparaðist á þessum gjaldlið 1888 kr. 2143.52, með því nefndin verður að álíta, að fjárveitingar til vegagjörða gildi fyrir fjárhagstímabilið, þannig að það, sem sparast fyrra árið, megi nota á hinu síðara ári sama fjárhagstímabils.

27.

Upphæðir þær, sem greiddar eru fram yfir fjárveitingu:

a. til póstflutninga	kr.	4139.37
b. í prentunarkostnað	—	664.10
c. til áhalda	—	82.57

eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1888 og 1889, 3. gr.

28.

Hvort ástæða sje til að hækka brunabótatrygging landsbókasafnsins upp úr 50000 kr. vísast til fjárlaganefndarinnar.

30.

Umframgreiðslur þær, sem hjer er átt við:

a. til að gefa út »Lovsamling for Island« XXI. bindi .	kr.	776.25
b. til prestsins að Hólmum fyrir tekjumissi	—	229.51

eru teknar í fjáraukalagafrumvarp fyrir 1888 og 1889, 2. og 4. gr.

Samkvæmt framanrituðu leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

Tillögur

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1888 og 1889.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að fækkað verði býlum á jörðum landsjóðs í Vestur-Skaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst.
2. Að landsreikningnum fylgi árlega aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og dönsku póststjórnarinnar.
3. Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis.
4. Að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum.
5. Að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga.
6. Að gjaldheimtumönnum landsjóðs verði gjört að skyldu að senda ávísanir upp í landsjóðstekjur til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskipsferð ár hvert, nema því að eins að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar falla í gjalddaga, þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

Neðri deild alþingis, 17. júlí 1891.

Lárus Halldórsson, formaður. Ólafur Briem, framsögum. Ól. Ólafsson, skrifari.

Nd. **124. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar. Frá Jóni Þórarinssyni.

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **125. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar. Flutningsm.: Sv. Eiríksson og Ólafur Pálsson.

Við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaptafellssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **126 Frumvarp**

til laga um breyting á brauðaskipun í Vestur-Skaptafells prófastsdæmi. Frá Ólafi Pálssyni.

Prestsbakka og Kálfafells sóknir, er sameinaðar eru í eitt prestakall, skulu, eins og áður var, vera hver út af fyrir sig, sjerstakt prestakall. Kálfafellsbrauði leggjast 400 kr. úr landssjóði.

Nd. **127. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Frá Ólafi Pálssyni.

1. gr. Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á undanförnum 10 árum hafa orðið fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin kveður á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fram fer í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, matsjörðum til fyrirmyndar.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með athugasemdum sýslunefndarinnar, undir úrskurð landshöfðingja.

6. gr. Þegar landshöfðingi er búinn að leggja úrskurð á málið, sjer hann um prentun á matsgjörðinni á kostnað landsjóðsins, og gildir hún þá sem breyting á jarðabókinni 1861, þangað til gagngjörð endurskoðun á jarðabókinni og þessari breytingu nær lagagildi.

7. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni 6 kr. daglega og hverjum matsmanni 5 kr., er greiðist úr landsjóði.

Ed. **128. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um iðnaðarnám.—Frá Jóni A. Hjaltalín.

Við 1. gr.:

1. Í stað: »og skulu þeir þá annast um«, komi: »og skulu þeir að enduðum reynslutímanum, sem getur um í 5. gr., annast um«.

Við 2. gr.:

2. Bætist aptan við greinina: »4, þeir, sem eigi hafa leyst námsbrjef það, er getur um í 10. gr. Þó skulu þeir, sem nú er heimilt að taka pilta til kennslu, halda þeim rjetti«.

Við 3. gr.:

3. Aptan af greininni falli: »að reynslutímanum —við hann«.

Við 4. gr.:

4. Aptan við greinina bætist: »Nú leggur lærimeistari nemanda til fatnað, þjónustu eða annað nauðsynlegt um fram samning, á hann heimtingu á endurgjaldi síðar, er nemandinn tekur að vinna fyrir kaupi«.

Við 5. gr.:

5. Í stað þessarar greinar komi ný grein, er svo hljóðar:
»Reynslutími fyrir lærimeistara og nemanda skal vera 3 mánuðir, áður en samningur sje gjörður«.

Við 6. gr.:

6. Í stað: »hann skal—vinnu hans«, komi: »og vinna alla þá vinnu, er að iðn hans lýtur og lærimeistari býður honum«.

Við 10. gr.:

7. Í stað þessarar greinar komi ný grein, er þannig hljóðar:
»Námstímanum skal svo varið, að nemandanum sje kennd smátt og smátt iðn sú, sem hann er að læra, og skal lærimeistarinn kenna eða láta kenna honum það í uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur. Nemandinn skal að loknum námstíma gjöra hjálparlaust einhvern smíðisgrip, er lýtur að iðn hans, og áður eða jafnframt gjöra uppdrátt af grip þeim, er hann skal smíða. Prófsmið þessa skulu síðan skoða þrír óvilhallir samiðnarmenn, er lögreglustjóri kveður til þess, og ef svo margir samiðnarmenn eru eigi til, má kveðja til aðra iðnaðarmenn, er álítast bezt hafa vit á prófsmíðinni, og skulu þeir bera um, hvort smíðin sje svo af hendi leyst, að nemandinn fyrir hana geti öðlazt námsbrjef, og skal við skoðunargjörðina nákvæmlega tekið tillit til, hvort prófsmíðisgripurinn sje samkvæmur uppdrættinum. Á líkan hátt leysi verzlunarnemandi af hendi eitthvert verkefni, er þrír verzlunarmenn, tilkvaddir af lögreglustjóra, dæmi um.

Standist nemandinn próf þetta, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og hinum tilkvöddu prófdómendum.

Við 11. gr.:

8. a, Í stað: »6 mánuði«, komi: »2 mánuði«.
b, - — »3 mánuðum«, komi: »hálfum mánuði«.

Við 13. gr.:

9. Aptan við fyrri lið greinarinnar bætist: »og getur hann krafizt skaðabóta samkvæmt 14. gr. 4. tölul.«

Við 18. gr.:

10. Í stað: »Í gjörðardómi—fullnaðarúrskurð á málið«, komi: »Gjörðardómur skal svo skipaður, að málsaðilar kjósi sinn mann hvor; og ef þeir koma sjer ekki saman, kjósa þeir oddamann eptir samkomulagi eða með hlutkesti«.

Ed.

129. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Hin háttvirta efri deild kaus oss undirskrifaða í nefnd, til þess að segja álit vort um þetta mál.

Nefndin var öll á einu máli um það, að mjög æskilegt væri, að þingfararkaup alþingismanna væri fast ákveðið, og fyrir því vill hún ráða hinni háttvirtu deild til að fallast á það frumvarp, sem hjer er umtalsefni, en þó með þeim breytingum, sem hjer koma á eptir:

1.	Við 2. gr.	1.	Í stað:	728,00	komi:	450,00	kr.
2.	— — —	2.	- —	624,00	—	450,00	—
3.	— — —	3.	- —	520,00	—	450,00	—
4.	— — —	4.	- —	286,00	—	280,00	—
5.	— — —	5.	- —	156,00	—	140,00	—
6.	— — —	6.	- —	210,00	—	150,00	—
7.	— — —	7.	- —	84,00	—	80,00	—
8.	— — —	8.	- —	32,00	—	30,00	—
9.	— — —	9.	- —	84,00	—	80,00	—
10.	— — —	10.	- —	110,00	—	100,00	—
11.	— — —	11.	- —	208,00	—	140,00	—

12.	— — —12.	- —	208,00	—	170,00 —
13.	— — —13.	- —	338,00	—	250,00 —
14.	— — —14.	- —	416,00	—	220,00 —
15.	— — —15.	- —	260,00	—	200,00 —
16.	— — —16.	- —	260,00	—	200,00 —
17.	— — —17.	- —	364,00	—	270,00 —
18.	— — —18.	- —	416,00	—	330,00 —
19.	— — —19.	- —	468,00	—	380,00 —
20.	— — —20.	- —	572,00	—	450,00 —

21. Aptan við greinina bætist:
»Frá Danmörku . . . . . 450,00 —

22. Við 3. gr. Aptan við greinina bætist: »og ávísist af forsetum þingdeildanna«.

Alþingi, 17. júlí 1891.

Jón A. Hjaltalín, form. og framsögum. Sighv. Árnason, skrifari. F. S. Stefánsson.

Nd. **130. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um dýralækna á Íslandi. Frá Þorláki Guðmundssyni og Þorvarði Kjerúlf.

1. Við 1. gr. Aptan við greinina bætist: »Þó verða embætti þessi eigi veitt fyr en hæfir íslenzkir menn sækja um þau«.
2. — 3. — Fyrir: »4 kr.« komi: »3 kr.«, og síðar í greininni fyrir setninguna: »Þar að auki . . . . amtmanns« komi: »Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 16. gr.«.

Ed. **131. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnsögu í Reykjavíkur-kaupstað. Frá flutningsmanni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „öll skip sem eru 40 smálestir að stærð“ komi orðin: „öll skip sem eru 40 smálestir eða meira að stærð“.

Nd. **132. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frv. til laga um samþykktir um kynbætur hesta. Frá Ólafi Briem.

1. Aptan við 1. gr. bætist: á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.
2. 2. gr. falli burt.
   Á eptir 1. gr. komi 7 nýjar greinir svo hljóðandi:
3. 2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

   Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

4. 3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir það síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

5. 4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt komi í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur tiltekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3. gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

6. 5. gr. Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir hestaræktina í því hjeraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfolalda og graðhesta, sem álitnir eru lítt hæfir til undaneldis.

Svo má og með samþykkt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, sjeu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afrjettum eða í heimalöndum.

7. 6. gr. Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

8. 7. gr. Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna, er renni í sveitarsjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

9. 8. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd. **133. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur vísað til undirskrifaðra nefndarmanna ofannefndu frumvarpi til þess að vjer gjörðum tillögur vorar því viðvíkjandi, og leyfum vjer oss hjer með að gjöra það á þessa leið.

Við 2. gr. Að því er snertir viðbótina við B. 3. til hegningarhússins, þá virðist oss, að eigi

beri brýna nauðsyn til nú þegar að byggja steingarð þann, er þar ræðir um; að vísu erum vjer samdóma um, að rjettara sje, þegar þar að kemur, að endurbyggja garðinn heldur úr steini, eins og stjórnarfrumvarpið fer fram á, heldur en úr timbri, en vjer getum eigi álitið annað, en að skíðgarður sá, sem nú er, muni geta staðið næstu 2 ár, þó því sje eigi að neita, að hann er orðinn hrörlegur víða; samkvæmt þessu viljum vjer leggja það til, að töluliður þessi sje felldur úr.

Við þau atriði, sem nefnd eru undir stafliðunum C. 1., C. 5. b og C. 5. c., höfum vjer ekkert að athuga.

Við 3. gr. Að því er snertir aukafjárveitinguna til tímakennslu við hinn lærða skóla 588 kr. 60 a., er 180 kr. bætast við fyrir tímann frá næstliðnu nýári til loka skólaársins, samkvæmt brjefi landshöfðingja til nefndarinnar dags. 14. þ. m., þá viljum vjer leggja það til, að upphæð þessi verði eptir því sem á stendur í þetta sinn veitt, en jafnframt viljum vjer taka það fram, að þetta verður að skoðast sem öldungis sjerstakleg undantekning.

Til aðgjörðar á skólahúsinu á Möðruvöllum 500 kr. leggjum vjer til að sjeu veittar, og þykir oss nauðsyn bera til, að sem allra fljótast sje leitazt við að koma í veg fyrir, að svampurinn breiðist út.

Frá sjera Jónasi Bjarnarsyni í Sauðlauksdal hefur komið til vor bænarskrá um, að hann fái fyrir yfirstandandi ár þá 250 kr. uppbót, sem hann hefur haft á prestakalli sínu, síðan hann kom þangað fyrir 12 árum, og sem honum jafnan að undanförnu hefur verið veitt af fje því, sem veitt er í 13. gr. A. b. 2. til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum, í notum þess að af tekjum prestakallsins eru greidd eptirlaun uppgjafaprests, þó að tekjurnar eigi sjeu metnar meira en 903 kr. 41 e. á ári. Fje það, sem veitt hefur verið til bráðabyrgðaruppbótar fátækum prestaköllum, hefur um undanfarin ár verið látið fara minnkandi ár frá ári, og hefur það verið eðlilegt, af því að þeim prestaköllum hefur smámsaman fækkað, sem eigi áttu tilkall til uppbótar samkvæmt lögunum um skipun prestakalla 27. febr. 1880; þannig var í þessu skyni veitt fyrir árið 1890 2500 kr., en fyrir 1891 að eins 2000 kr., en nú hefur svo farið, að af þeim prestaköllum, sem eptir eru, hefur engu fækkað hið síðasta ár, og afleiðingin hefur verið sú, að upphæð sú, sem veitt er fyrir yfirstandandi ár, hefur eigi hrokkið til þess að þau gætu öll haldið uppbót þeirri, er þau áður höfðu notið; af þessari ástæðu hefur eigi verið nóg fje fyrir hendi til þess að presturinn í Sauðlauksdal gæti fengið í ár uppbót þá, er hann hafði notið að undanförnu. Með því að vjer nú teljum það sanngjarnt, að hann fái að halda henni, þá viljum vjer leggja það til, að bæn hans verði veitt áheyrn, enda teljum vjer það víst, að hvorki hafi stjórnin, er hún í fjárlagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið 1889, fór fram á nefnda fjárveiting fyrir 1891, nje þingið, er það samþykkti hana, haft fyrir augum að svipta beiðandann greindri uppbót.

Við 4. gr. Þótt vjer eigi viljum vefengja úrskurð stjórnarráðsins um, að »Brama-lífs-elixír» eigi geti talizt til »áfengra drykkja«, þá finnum vjer enga ástæðu til að endurborga meira af aðflutningsgjaldi því, er hjer ræðir um en það, sem greitt hefur verið eptir að úrskurður stjórnarráðsins fjell, og sem nefndin hefur fengið upplýsingu um hjá hinum umboðslega endurskoðanda, að numið hafi að eins 7 kr. 65 a.

Samkvæmt þessu verða tillögur vorar þessar:

1. Við 1. gr. Fyrir: »10483 kr. 29 a.» komi; »9274 kr. 54 a.«
2. Við 2. gr. B. 3. »til hegningarhússins — 1560 kr.« falli burt.
3. —— Fyrir »alls 9308 kr. 29 a.« komi: »7748 kr. 29 a.«
4. Við 3. gr. Nýr liður bætist inn í svo hljóðandi:
»A. b 2. Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891, 250kr.«
5. Við 3. gr. Fyrir (til tímakennslu): «588 kr. 60 a.» komi: »768 kr. 60 a.»
6. —— Fyrir: »alls 1088 kr. 60 a.« komi: »1518 kr. 60 a.»
7. Við 4. gr. Fyrir »86 kr. 40 a.» komi: »7 kr. 65 a.»

Alþingi, 17. júlí 1891.

Eiríkur Briem, form. og framsögum. Skúli Thoroddsen, skrifari. Sigurður Gunnarsson. Jón Þórarinsson.

Indriði Einarsson. Jón Jónsson þm. N.-M. Sigurður Jensson.

Nd.

134. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. Flutningsmenn: Sveinn Eiríksson, Sigurður Gunnarsson og Ólafur Pálsson.

1. gr. Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaptafellssýsla skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt, með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr. Landshöfðingi gjörir með ráði amtmannsins sunnan og vestan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að Austuramtinu skiptist tiltölulegur hluti Austur-Skaptafellssýslu af sjóðum, eignum og skyldum Suðuramtsins.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 30, 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

Nd.

135. Frumvarp

til laga um sölu þjóðjarða. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Hver sá, er hefur þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisbústaðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar, þannig að verðið samsvari að minnsta kosti 25-földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum.

Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $^1/_5$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þjóðjörð má að eins selja í heilu lagi, nema hún sje setin af fleiri ábúendum en einum, enda sje þá enginn hlutinn minni en svo, að eptirgjaldið nemi 50 kr.

6. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á næsta fundi hennar, og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

Ed. **136. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um iðnaðarnám — Frá nefndinni.

Við 1. gr. Fyrir »Nú taka handiðnamenn . . . og skulu þeir þá« komi: »Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir.«

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin á íslenzku. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Eptirleiðis skulu lög þau, sem alþingi hefur samþykkt, og konungur staðfestir, einungis vera með íslenzkum texta.

2. gr. Um leið og lög verða staðfest, annast stjórnarráðið fyrir Ísland um opinbera þýðingu á þeim á dönsku og löggildir hana; skal hún almenningi birt í konungsríkinu á þann hátt, sem þar tíðkast um birtingar laga. Þurfi danskir dómstólar og stjórnarvöld að beita lögunum, má byggja á þýðingu þessari.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1892.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í þeim almennu lögreglumálum, sem rísa af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum, einkum þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eptir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar

honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum.

2. gr. Þá er dómur í slíku almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum, án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða ef málið er gegn barni, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja, eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaða prestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. 200 króna gjald það, sem greiða skal árlega í landsjóð frá Höskuldsstaða prestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi samkvæmt lögum 4. nóvember 1881 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, fellur niður.

2. gr. Sá hluti eptirlaunanna til hins núverandi uppgjafaprests í hinu fyrverandi Höskuldsstaða prestakalli, er greiða skal af tekjum brauðsins samkvæmt lögum um eptirlaun presta 27. febrúar 1880, 6. gr., skal greiðast úr landsjóði frá fardögum 1891.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

2. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

3. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

4. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám, skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

5. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 9., 10., 11. og 17. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Nd. 141. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um lausamenn og frumvarp til laga um breytingu á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss í nefnd til þess, að segja álit vort um lagafrumvörp þessi, og leyfum vjer oss því, að lýsa áliti voru á þessa leið:

Í báðum þessum frumvörpum er farið fram á að gjöra aðganginn til lausamennsku greiðari, eða með öðrum orðum að gjöra verkmönnum auðveldara að leita sjer atvinnu, en nú á sjer stað, þar sem mestur hluti verkmanna verður að leita sjer atvinnu á þann hátt, að þeir verða að vera í ársvistum, sem vinnuhjú hjá bændum.

Það var samhuga álit nefndarinnar, að vistarskyldan samsvaraði eigi lengur kröfum tímans, og þess vegna væri eðlilegast, að afnema hana með öllu, eins og menn hafa óskað í mörgum kjördæmum landsins, og samkvæmt þessu verður nefndin að ráða hinni háttvirtu neðri deild til að fella frumvörp þau, sem deildin hefur fengið oss til meðferðar, en hins vegar hefur nefndin samið nýtt frumvarp, þar sem farið er fram á, að afnema vistarskylduna alveg. Það sem hingað til hefur einkum þótt varhugavert við að afnema vistarskylduna, hefur verið, að afnámið mundi hafa í för með sjer talsvert flakk, og að með afnáminu mundu verkmenn geta komist hjá að greiða lögboðin gjöld. En viðvíkjandi síðara atriðinu hefur nefndin álitið nægilega tryggingu fyrir því, að verkmenn geti eigi komizt hjá að greiða gjöldin, með því að ákveða, að verkmenn skuli eiga víst ársheimili frá fardögum til fardaga, og að húsráðendur þeir, sem verkmenn eiga heimili hjá, skuli ábyrgjast greiðslu gjaldanna. En viðvíkjandi fyrra atriðinu áleit meiri hluti nefndarinnar, að það væri eigi full þörf á að herða á ákvæði hinna núgildandi laga um flakk, og að það væri bezt að láta reynsluna skera úr því, að hve miklu leyti mundi verða þörf á nýjum lögum um þetta efni.

Alþingi, 18. júlí 1891.

Gunnar Halldórsson. Jens Pálsson. Páll Briem, skrifari. Skúli Thoroddsen, form. og framsögum.

Þ. Guðmundsson.

Nd. **142. Frumvarp**

til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna. Frá nefndinni í málinu: frumvarp til laga um lausamenn og frumvarp til laga um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

1. gr. Það er úr lögum numið, að nokkur maður sje skyldur að vera í vist, og er hverjum manni heimilt, að ráða sig til vinnu um svo stuttan tíma sem vera skal.

2. gr. Skylt er hverjum þeim verkmanni, sem eigi er í vist, að eiga víst ársheimili frá fardögum til fardaga hjá einhverjum húsráðanda, sem eigi er á sveit.

3. gr. Rjett er, að verkmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir verkmaður eigi lögboðin gjöld af hendi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er verkmaður á heimili hjá; skyldur að greiða gjöldin fyrir hann.

4. gr. Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 5—50 kr., er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

5. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Ed. **143. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til laga um iðnaðarnám. — Frá nefndinni.

Við 10. gr. Á eptir orðunum »fullnuma í iðn sinni« komi:

En sje í samningi ákveðið að iðnaðarnemandi skuli að afloknu námi tilsagnar og hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði eða annaðhvort lærimeistari eða nemandi krefjast þess, skulu 2 óvilhallir samiðnarmenn, er lögreglustjóri kveður til þess, skoða og dæma um prófsmíði þessa, hvort hún sje svo af hendi leyst að nemandi fyrir hana geti öðlazt námsbrjef. Námsbrjef þetta gefur svo lögreglustjóri út (sbr. aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 61. gr.

Nd. **144. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. Frá Árna Jónssyni.

Í staðinn fyrir orðin (í niðurl. 2. gr.): »af hans hálfu«, komi: »af vitnisins hálfu«.

Ed. **145. Tillögur**

til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. Flutningsmenn: Jón A. Hjaltalín og Jul. Havsteen.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að sjá um:

að í tveim neðstu bekkjum hins lærða skóla sje eingöngu gagnfræðakennsla samskonar og á Möðruvallaskóla, og að lærisveinar, sem lokið hafa prófi þaðan og frá Möðruvallaskólanum, geti setzt próflaust í 3. bekk lærða skólans.

En til vara:

að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar

Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um skipun dýralækna á Íslandi. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Á Íslandi skal skipa 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Landshöfðingi skipar þá og ákveður um bústað þeirra, er hann hefur fengið tillögur um það frá hlutaðeigandi amtsráði.

2. gr. Hverjum dýralækni skal veita 1200 kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landsjóði.

3. gr. Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera honum í fæðispeninga 3 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 16. gr. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. gr. Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er þeirra hefur beiðzt, borga hina sömu fæðispeninga og goldnir eru fyrir ferðir í þarfir hins opinbera; þar að auki skal sá, sem hefur beiðzt ferðarinnar, leggja dýralækni til fararbeina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. gr. Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi semur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

Nd. **147. Frumvarp**

til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Ef manni er stefnt í dóm til þess að bera vitni í sakamáli eða almennu lögreglumáli, skal veita honum 1 krónu í þóknun, hafi hann eigi tafizt fulla 4 tíma af rjettarhaldinu, en að öðrum kosti 2 kr. fyrir hvern dag, er hann mætir í dómi.

Þurfi hann að ferðast meir en mílu vegar til að ná á dómstaðinn, á hann heimting á 50 aurum í ferðakostnað fyrir hverja mílu vegar, er hann fer.

2. gr. Borgun skal greidd úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr, og greiðir dómarinn vitninu hana þegar eptir að búið er að fá skýrslu þess; borgunarinnar skal getið í þingbókinni, og kemur það í stað viðurkenningar af vitnisins hálfu.

Nd. **148. Tillögur**

við landsreikningana 1888 og 1889. (Eptir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að fækkað verði býlum á jörðum landsjóðs í Vestur-Skaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst.

2. Að landsreikningnum fylgi árlega aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og dönsku póststjórnarinnar.
3. Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis.
4. Að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum.
5. Að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga.
6. Að gjaldheimtumönnum landssjóðs verði gjört að skyldu að senda ávísanir upp í landsjóðstekjur til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskipsferð ár hvert, nema því að eins að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar falla í gjalddaga, þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

Ed. **149. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Þegar auglýst hefur verið að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfrestur er útrunninn, þá sendir biskup hlutaðeigandi prófasti umsóknarbrjef allra þeirra er um brauðið hafa sókt, og sem að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni. Lætur biskup þar með fylgja athugasemdir þær, er honum virðist ástæða til að gjöra, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram til sýnis 2 vikur á hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið áður aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem umsóknarbrjef koma frá, skal á þessum fundi öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru orðnir fullra 25 ára þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. í lögum 8. jan. 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

Land það, er reisa má á verzlunarhús við Keflavík, skal stækkað um svæðið frá takmörkum jarðarinnar Keflavíkur og út að Vatnsnes-steini, 100 faðma á land upp frá stórstraumsflóðmáli.

Nd. **151. Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu. Flutningsmaður: B. Sveinsson.

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti fyrir neðan Goðafoss og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað skulu eptirleiðis vera eign landsjóðs, og skulu þær afhentar eptir úttektargjörð 2 dómkvaddra manna, sem amtmaðurinn í Norðuramtinu tekur gilda fyrir hönd landstjórnarinnar.

2. gr. Árlegt viðhald, er eigi getur talizt aðalaðgjörð á brúm þessum, skal hvíla á sýsluvegasjóði Suður-Þingeyjarsýslu, og skulu 2 menn dómkvaddir álíta ásigkomulag brúnna innan loka júlímánaðar ár hvert, og rita nákvæma skýrslu um það, sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu skal senda amtmanninum í Norðuramtinu áleiðis til landshöfðingja.

3. gr. Endurborgun sú af láni úr landsjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður-og Norður-Þingeyjarsýslu, fellur burtu frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd. **152. Frumvarp**

til laga um stofnun háskóla á Íslandi. Flutningsmaður: B. Sveinsson.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðru vísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á mennta-stofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem ákveðin er í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 kr.

5. gr. Landshöfðinginn semur reglugjörð fyrir skólann.

6. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn afnumdir sem sjerskildar kennslustofnanir.

Nd. **153. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um heimild fyrir landstjórnina til að gjöra ráðstafanir viðvíkjandi sölu á ósútuðum aðfluttum húðum. Frá Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Árna Jónssyni, Jens Pálssyni, Ólafi Briem, Gunnari Halldórssyni.

1. Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Landstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi. Í reglum þessum skulu sektir ákveðnar gegn brotum á þeim.

2. Fyrirsögnin frumv. orðist þannig:

Frumvarp
til laga um aðfluttar ósútaðar húðir.

Nd. **154. Breytingartillögur**

við frv. til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum. Frá Ólafi Briem, Gunnari Halldórssyni, Ólafi Pálssyni, Sigurði Stefánssyni, Jens Pálssyni og Árna Jónssyni.

1. Við 1. gr. Orðin: »í sakamáli eða almennu lögreglumáli« falli burt.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin: »Borgun skal greidd úr hinum sama sjóði og sakamálskostnaður er goldinn úr«, komi: Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal borgun greidd fyrirfram úr landssjóði gegn endurgjaldi hjá þeim, er dæmdur verður í málskostnað með endilegum dómi.
3. Aptan við 2. gr. bætist:
   Í einkamálum skal gjaldið greitt af þeim, er krefst vitnaleiðslunnar. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
4. Við fyrirsögnina. Fyrir orðin: »í opinberum málum« komi: fyrir dómi.

Nd. **155. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Frá fardögum 1891 greiðast að eins 200 kr. árlega frá Stað á Reykjanesi í Barðastrandarprófastsdæmi.

Nd. **156. Nefndarálit**

í stjórnarskrármálinu.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess, að kveða upp álit vort og tillögur um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

Nú er vjer höfum átt fundi með oss til að athuga og ræða þetta mál, er álit vort og tillögur um það á þessa leið.

Frumvarp það, sem nefndin fjekk til íhugunar, er alveg samhljóða hinni endurskoðuðu stjórnarskrá frá 1885 og 1886, að þeim smábreytingum, mestmegnis orðabreytingum, undanskildum, sem neðri deild alþingis 1887 samþykkti með allmiklum atkvæðafjölda, og sem teknar eru upp í þetta frumvarp. Þó er 2. málsgrein í 33. gr. sleppt, og hljóðar hún svo:

»Enga skatta eða tolla má innheimta, fyr en fjárlög fyrir það tímabil eru samþykkt af alþingi, og hafa öðlazt staðfestingu«.

Grandgæfileg íhugun þessa máls yfir höfuð og í einstöku greinum hefur nú leitt nefndina til þeirrar sannfæringar, að yfirgnæfandi ástæður mæli með því, eptir því sem

málið horfir nú við, bæði gagnvart þjóðinni og stjórninni í Danmörku, að alþingi samþykki svona lagað frumvarp.

Það er hvorttveggja, að saga endurskoðunarmálsins ber það með sjer, að hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886 er hið eina frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, sem alþingið í heild sinni hefur samið og samþykkt á stjórnskipulegan hátt, og sem þannig frá sögulegu og formlegu sjónarmiði hefur náð þinglegri festu, enda þræðir hún, að ætlun nefndarinnar, einnig að efni og innihaldi þá leið, hvað aðalatriðin í málinu snertir, sem nefndin er sannfærð um, að hljóti að ryðja sjer til rúms, sem eðlileg, rjettlát og hagkvæm skipun á löggjöf og stjórn hinna sjerstaklegu málefna landsins, svo framarlega sem eigi brestur eindrægni og staðfestu frá hálfu þings og þjóðar.

Nefndin byggir öruggt á því, að eins og sjálfstjórnarkrafa sú Íslandi til handa, sem frumvarpið fer fram á, ekki fer eina hársbreidd fram yfir það, sem hið almenna löggjafarvald Danmerkurríkis hefur sjálfkrafa viðurkennt sem sjerstök landsrjettindi Íslands í 3. gr. stöðulaganna 2. jan. 1871, sbr. 1. og 2. gr., þannig getur það ekki orðið umtalsmál, að neitt sje slakað til frá þessari kröfu frá Íslands hálfu, með því hún einnig hefur sjálfstæðan grundvöll við að styðjast, sem jöfnum höndum leiðir af sögulegum rjetti lands og þjóðar, og þeirri sjálfstjórnarnauðsyn, sem bæði sprettur af afstöðu landsins á hnettinum í sambandi við öll einkenni þess frá náttúrunnar hendi, sjer í lagi með tilliti til allra atvinnuvega, og af samsvarandi sjerstöku og sjálfstæðu þjóðerni og tungumáli voru, með öllu því, er að þessu lýtur, enda bera hin mörgu ávörp og áskoranir frá þjóðarinnar hálfu til alþingis að þessu sinni, engu síður en að undanförnu, ljósastan vottinn um það, að ekkert er fjær skapi hennar og vilja, en að gefa upp kröfuna um fulla sjálfstjórn í sínum eigin málefnum. Á hinn bóginn þykist nefndin geta haldið því fram með fullkominni vissu, að sjálfstjórn Íslands, það er að segja innlendri löggjöf og stjórn með fullri ábyrgð fyrir alþingi, sje borgið með því grundvallarákvæði frumvarpsins, sem andmælendur hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár hafa sjerstaklega fært á rangan veg, að konungur eða landstjóri *staðfesti* lögin, því þetta ákvæði miðar að eins og getur að eins miðað til þess, að viðurkenna í fullum mæli tignarrjettindi konungsins sjálfs með sem ótvíræðustum orðum, án þess að rýra í minnsta máta samvinnu hinnar innlendu landstjórnar við alþingi, eður ábyrgð hennar gagnvart því, hvort sem um ábyrgð fyrir staðfestingarsynjun á lögum eða annað er að ræða, með því að hlutur landstjórnarinnar verður allur hinn sami, hvort sem konungurinn sjálfur staðfestir lögin, eða þá landstjórinn í nafni hans og umboði, því að það leiðir af ákvæðum frumvarpsins, sbr. 7. og 8. gr., að hvort sem um hluttekning konungs eða landstjóra í löggjafar- eða stjórnmálum er að ræða, þá getur engin löggjafar- nje stjórnarathöfn fram farið, nema með samverknaði og ábyrgð hinna innlendu ráðgjafa.

Að öðru leyti þykist nefndin mega treysta því, að þetta ákvæði sje einkar-vel fallið til þess að bera órækt vitni um það, að það er ekki tilgangur þjóðarinnar á Íslandi, að losast við hið núverandi stjórnarsamband við Danmörku, nema að svo miklu leyti sem það er ósamrýmanlegt við það, að landið fái í raun og veru innlenda löggjöf og stjórn í eigin málum, sem viðurkennt er með stöðulögunum, að liggi fyrir utan hluttöku hins almenna löggjafarvalds ríkisins.

Líti nefndin þessu næst á afstöðu þessa máls gagnvart stjórninni, þá verður nefndin að leggja yfirgnæfandi áherzlu á það, að hin konunglega auglýsing 2. nóvbr. 1885 er hið eina andsvar, sem stjórnin hefur gefið viðvíkjandi endurskoðuðum stjórnarskipunarlögum fyrir Ísland, og með því það fer svo fjarri, að nokkur bending verði dregin út úr þessari auglýsingu í þá átt, að stjórnin sje tilleiðanleg til að ganga til samkomulags við

alþingi um þetta mál, að hún miklu fremur tekur það fram, að hin núgildandi stjórnarskrá sje endileg og óhaggandi skipun á því máli, svo að *engra* breytinga á henni sje að vænta, þá fær nefndin heldur ekki sjeð neina ástæðu til breytinga frá þessu sjónarmiði.

Að síðustu tekur nefndin það fram, að henni hefur að eins þótt rjettara að leggja það til, að ákvæði yrði bætt aptan við 17. gr., sem girði fyrir það, að bráðabyrgðarfjárlög verði nokkru sinni gefin út, með því fullyrða má, að þjóðin á Íslandi beri sjerstaklega kvíðboga fyrir þessu atriði.

Af ástæðum þeim, sem nú eru taldar, og meðfram einnig með hliðsjón af því, að hin endurskoðaða stjórnarskrá frá 1885 og 1886 með þeim breytingum, sem þetta frumvarp hefur inni að halda, náði ekki endilegum álitum og úrslitum í efri deild alþingis 1887, þá leyfir nefndin sjer að ráða hinni heiðruðu deild til þess:

1. að samþykkja frumvarpið óbreytt og
2. að bætt verði aptan við 17. gr. sem annari og þriðju málsgrein svohljóðandi ákvæði: »Bráðabyrgðarfjárlög má þó aldrei gefa út. Nú hefur alþingi ekki samþykkt fjárlög eða þau hafa ekki náð staðfestingu, og gilda þá fjárlög þau, er þingið hefur síðast samþykkt«.

Alþingi, 20. júlímán. 1891.

B. Sveinsson	Ól. Ólafsson,	Sigurður Jensson.	Skúli Thoroddsen.
form. og framsögum.	Sig. Stefánsson skrifari.	Jens Pálsson.	Sig. Gunnarsson.

Ed. **157. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (100). Frá Sighvati Árnasyni, F. S. Stefánssyni og Grími Thomsen.

Ný grein viðbætist, svo hljóðandi:

„4. gr. Safnaðarfulltrúi skal hafa 2 kr. fyrir hvern dag, sem hann þarf að verja til að sækja hjeraðsfund, sem borgist úr sjóði sóknarkirkju hans eptir ávísun hlutaðeigandi prófasts".

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum, verzlunarstöðum o. fl. Flutningsmaður: Indriði Einarsson.

I. Kafli.

Stofnun fjelagsins.

1. gr. Frá 1. júlí 1893 skal öllum húsum í kaupstöðum og verzlunarstöðum landsins, sem virtir eru alls á 50,000 kr. eða meira, hvort sem þau eru eign hins opinbera, eða einstakra manna, haldið í ábyrgð með fullu verði þeirra, eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hjer á eptir.

Undantekin eru þó, ef eigendurnir óska þess, íbúðarhús, sem eru virt á minna en 500 kr., og bæir úr grjóti eða torfi, þó þeir sjeu metnir á meira en 500 kr.; og sömuleiðis stærri hús, ef eigandi þeirra sannar árlega, að hann haldi þeim tryggðum fyrir eldsvoða, og sæti betri kjörum enn þeim, sem fjelagið býður honum. Eptir næstu eigandaskipti skulu hin síðasttöldu hús þó ganga í fjelagið, hvort sem hinn nýi eigandi óskar þess eða ekki.

2. gr. Til að komast fyrir, hvort verzlunarstaðir, þar sem allar húseignir eru metnar minna enn 50 þús. kr., vilja skuldbinda sig í heild sinni til að vera tryggðir fyrir eldsvoða samkvæmt lögum þessum, skulu hreppsnefndir tjeðra verzlunarstaða kalla alla húseigendur í verzlunarstaðnum á fund með sjer; þó er ekki skylt að kalla á slíkan fund eigendur húseigna, sem virtar eru á minna en 500 kr., eða eigendur bæja úr torfi eða grjóti. Fundir þessir skulu vera boðaðir með nægum fyrirvara, og fundarefnisins getið í fundarboðinu. Hver eigandi að húsi, sem er virt á 500 kr., eða meira, hefur atkvæðisrjett á fundum þessum, og greiði fullur helmingur húseigenda, sem mættir eru og atkvæðisrjett hafa, atkvæði fyrir því, að öllum húsum verzlunarstaðarins skuli haldið tryggðum til brunabóta, þá er verzlunarstaðurinn í heild sinni, að undanteknum húseignum undir 500 kr. og bæjum, skuldbundinn til að ganga undir brunabótatryggingu samkvæmt lögum þessum og reglugjörð þeirri, er síðar verður samin, og er sömuleiðis skuldbundinn til að vera í heild sinni tryggður þannig framvegis.

Sje húseigandi sjálfur fjarverandi, þegar slíkur fundur er haldinn, getur maður, sem hefur skriflegt umboð til þess, greitt atkvæði fyrir hann, sömuleiðis getur forráðamaður ómyndugs húseiganda greitt atkvæði fyrir hann um málið.

3. gr. Fundi þessa skal halda í fyrsta sinni á árinu 1892, þegar hentugt þykir á hverjum stað; svo fljótt sem verður eptir fundinn skal senda landshöfðingja eptirrit af fundargjörðinni.

Vilji húseigendur í einhverjum verzlunarstað, sem virtur er alls á minna en 50,000 kr., ekki samþykkja að ganga undir brunabóta-ábyrgð á fundunum 1892, má reyna slíka fundi síðar, ef hreppsnefndin álítur, að menn kunni að hafa breytt skoðun, eða ef $\frac{1}{3}$ húseigenda óskar þess.

Virðing sú á húsum, sem átt er við í 1. til 3. gr. þessara laga, er virðing til húsaskatts í kaupstöðum eða verzlunarstöðum fyrir utan Reykjavík, en í Reykjavík virðing á húsum til brunabóta.

4. gr. Sömuleiðis geta einstakir húseigendur í verzlunarstöðum landsins, eða eigendur húsa fyrir utan þá, og eigendur að bæjum í sveitum, fengið hús sín eða bæi tryggð til brunabóta; þó má ekki fyrst um sinn tryggja þessar eignir fyrir meira af virðingar verði þeirra til brunabóta, en tveimur þriðju hlutum nemur.

Þeir eigendur húsa, sem ekki eru skyldir til að tryggja húseign sína, og sömuleiðis eigendur bæja, geta gengið úr fjelaginu aptur, hvenær sem þeir vilja. Hús þeirra eru samt sem áður í ábyrgð fjelagsins allan þann tíma, sem þeir hafa greitt brunabótagjöld fyrir.

5. gr. Áður en kaupstaðir eða verzlunarstaðir eru teknir í brunabótafjelagið í fyrsta sinni, skal landshöfðingi sjá um, að haldin verði eptir hinum almennu reglum, sem nú gilda í Reykjavík, virðingargjörð á öllum þeim kaupstöðum og verzlunarstöðum, sem hlut eiga að máli. Kostnaðinn við gjörðir þessar,— en fyrir þær skal borga brunamálaforstjóranum, þar sem hann er skipaður, 6 kr. á dag, en virðingarmönnum 4 kr. á dag hvorum þeirra, skulu húseigendur greiða að tiltölu við ábyrgðarverðið í kaupstöðum og í verzlunarstöðum, þar sem ábyrgð er þvinguð. Þar sem brunamálastjóri ekki er skipaður, skulu virðingar menn vera þrír, sem fá allir jafna borgun, og þegar um frjálsa ábyrgð er að ræða, borgar sá, sem um virðinguna biður, allan kostnað, sem af henni leiðir.

Sýslumenn og bæjarfógetar nefna virðingarmenn.

6. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð, sjer í lagi skulu þær, þegar hús eða bæir eru virtir í fyrsta skipti (samkvæmt 5. gr.), láta uppi álit sitt um verð það,

sem sett er á hverja einstaka eign, og verður ekkert hús eða bær tekið í ábyrgð fyrir meiru, en þær álíta hæfilegt.

7. gr. Stjórn fjelagsins skal hafa heimild til að láta halda almenna skoðunargjörð 5. hvert ár á kostnað eigendanna á öllum þeim húsum og bæjum, sem eru í ábyrgð fjelagsins; þessar skoðunargjörðir fara fram eptir hinum almennu reglum, sem um það gilda, eða síðar verða settar. Hún getur einnig látið virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að lækkað hafi í verði, til þess að fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir þessar skoðunargjörðir skal að eins borga helming af kaupi því, sem ákveðið er í 5. gr.

Sömuleiðis getur hver, sem tryggir hús eða bæ í fjelaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur látið byggja við, eða endurbæta hús sitt eða bæ, og verður brunabótaverð húss eða bæjar hækkað samkvæmt þeirri virðingargjörð.

Í Reykjavík fer að eins fram almenn skoðunargjörð, áður en húsin í kaupstaðnum eru tekin í þetta fjelag, nema ef um ný hús er að ræða, sem ekki hafa verið virt áður, eða hús, sem álitið er að fallið muni hafa í verði, því að þá fer fram á þeim regluleg virðingargjörð.

8. gr. Gjöldin til brunabótafjelagsins hvíla á húsi því, sem undir ábyrgð er, ef ábyrgðin er þvinguð, og gengur fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húsinu kunna að hvíla, nema sköttum til landsjóðs. Brunabótagjaldið má innheimta, ef það er ekki greitt á rjettum gjalddaga, eptir þeim reglum, sem gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

9. gr. Á öll hús í kaupstöðum eða verzlunarstöðum, sem virtir eru á 50,000 kr. eða meira, og verða byggð að nýju, eða byggð upp aptur, skal leggja eldtraust þak. Þó getur fjelagsstjórnin í stöku tilfellum veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að því leyti snertir útihús og önnur þess háttar hús, ef lagt er papp-þak á húsið, og að því leyti er snertir önnur hús fyrir ákveðinn árafjölda, þó ekki lengur en 4 ár; þó verður eigandinn að setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

10. gr. Það er skylda kaupstaða og verzlunarstaða, sem standa í þvingaðri brunabóta-ábyrgð, að hafa þau slökkvitól, sem fjelagsstjórnin ákveður, að hver staður skuli hafa, og halda þeim við í góðu lagi. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til að æfa sig í því, að fara með slökkvitólin, sprautur o. s. frv.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Fulltrúar, stjórn fjelagsins, samþykkt o. fl.

11. gr. Landshöfðingi sjer um, að fulltrúar fjelagsins sjeu kosnir í fyrsta sinni þannig, að

Reykjavík	kýs 5	fulltrúa,
Vestmanneyjar, Eyrarbakki og Keflavík	— 1	—
Hafnarfjörður, Akranes og Stykkishólmur	— 1	—
Ísafjarðarkaupstaður	— 1	—
Sauðárkrókur, Akureyri og Vopnafjörður	— 1	—
Seyðisfjörður og Eskifjörður	— 1	—

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar.

Landshöfðingi kallar fulltrúana saman í fyrsta sinni í Reykjavík.

Landsjóður borgar fyrstu samkomu þeirra, ferðakostnað eptir sanngjörnum reikningi, og 3 kr. á dag í fæðispeninga þann tíma, sem þeir sitja á fundi saman. Landshöfðingi leggur úrskurð á reikninga þeirra og ávísar þeim.

12. gr. Fulltrúarnir ákveða, þegar þeir eru komnir saman, hve marga fulltrúa skuli velja framvegis, og hverjir kaupstaðir eða verzlunarstaðir velji einir sjer, eða í sameiningu, og fyrir hve langan tíma þeir eru valdir, svo og hve nær fulltrúar skuli koma saman næst; þó má ekki líða skemmri tími en 5 ár milli tveggja fulltrúafunda, nema brýna nauðsyn beri til, og landshöfðingi veiti samþykki sitt til þess. Fulltrúarnir geta einnig falið stjórn fjelagsins, að kalla næstu fulltrúa-samkomu saman.

13. gr. Fulltrúarnir gjöra samþykkt fyrir brunabótafjelagið, sem skipar fyrir um stjórn fjelagsins og reikningsfærslu þess. Þeir ákveða, hvar fjelagið skuli lögheimili hafa; þeir ákveða, hvers konar húseignir fjelagið ekki vill tryggja, ef nokkrar skyldu vera, og hverja muni, sem húsum fylgja, fjelagið tryggir; þeir ákveða, hvernig einstakir húseigendur eða eigendur sveitabæja ganga í fjelagið og úr því aptur; þeir ákveða, hvernig hinum tryggðu húseignum eða bæjum skuli við haldið til að tryggja þá fyrir eldsvoða, og hve opt skuli virða tryggðar húseignir upp aptur; þeir ákveða, hvernig skaða af eldsvoða skuli meta, og hvernig hann skuli verða endurgoldinn; þeir ákveða, hverja borgun fjelagið má taka fyrir útgáfu tryggingar-skírteina, vottorða o. s. frv.; þeir ákveða, hvort og hvernig fjelagið tryggir aptur þær húseignir og bæi, sem á þess ábyrgð eru hjá öðrum fjelögum; þeir ákveða, hvernig sjóð fjelagsins skuli varið, og hve mikið má ganga til framkvæmdarstjórnar fjelagsins, sem þó ekki má fara fram úr $\frac{1}{10}$ af árstekjum þess; þeir ákveða, hvernig skera skuli úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða, og fjelagsstjórnarinnar, svo með því verði fyrirbyggð málaferli í einstökum tilfellum; þeir ákveða, hvernig stjórn fjelagsins skuli samsett, og ákveða hennar verkahring, og gjöra fleiri ákvarðanir, ef þurfa þykir, og að lokum ákveða þeir taxta fjelagsins, sem ekki þarf að vera eins fyrir allar húseignir, og ekki eins fyrir alla staði.

Sú samþykkt, sem fulltrúarnir semja, öðlast gildi, ef hún ekki kemur í bága við ákvæði í lögum þesssum, og fær staðfestingu landshöfðingja.

14. gr. Þegar slík samþykkt og taxti er kominn á, verður þeim ekki breytt, nema fulltrúar fjelagsins samþykki það, og landshöfðingi staðfesti breytinguna eða hina nýju samþykkt.

15. gr. Þegar fjelagið tryggir kaupstaði eða verzlunarstaði í heild sinni, hafa fulltrúarnir vald til að ákveða, eptir að álits hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hefur verið leitað, og samþykki landshöfðingja fengið, að vissar spildur með ákveðinni breidd gegnum allan bæinn eða kaupstaðinn skuli haldast óbyggðar af öllum húsum eða byggingum, eða að hús á slíkum spildum megi ekki reisa framvegis, svo að þær eptir vissan tíma verði alveg auðar að húsum.

16. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum af forstjórum brunabótafjelagsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í staðinn. Hann skal þó með næstu póstferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafjelagsins frávikninguna, og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefur skipað í stað þess, sem vikið var frá. Hafi fulltrúarnir kosið varamann til að ganga í stjórnina, má ekki ganga ástæðulaust fram hjá honum. Fulltrúarnir koma sjer saman um það sjálfir, hver skuli kosinn í stað þess, sem frá var vikið, eða hvort sá, sem fyrir frávikningunni varð, skuli settur aptur í sýslun sína, ef ástæður landshöfðingja þykja vera fallnar burtu síðar eða ekki nægar.

17. gr. Stjórn fjelagsins er ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um fjelagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag fjelagsins.

18. gr. Landshöfðingi nefnir til endurskoðara, er rannsakar reikning fjelagsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur fjelagsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje fjelagsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Munir fjelagsins skal hann sjá um að sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanleg vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarsstaðar kunna að vera, en á heimili fjelagsins. Landshöfðingi ákveður laun endurskoðarans, og borgar fjelagið þau úr sínum sjóði. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning fjelagsins.

19. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta fylgiskjalalausan í því blaði, sem stjórnarauglýsingar eru birtar í. Þar að auki skal fjelagsstjórnin gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag fjelagsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

20. gr. Þegar ábyrgð landsjóðsins er burtu fallin, falla öll afskipti landshöfðingja af fjelaginu burtu.

III. Kafli.

Skyldur fjelagsins.

21. gr. Fjelaginu er skylt að taka í ábyrgð allar byggingar, hvort sem þær eru eign einstakra manna, eða eru hafðar til almenningsþarfa, og sveitabæi með þeim takmörkunum, sem áður eru settar, ef þær eru viðunarlega byggðar með tilliti til eldsvoða.

22. gr. Ekkert hús eða bær, sem er tryggt til brunabóta, verður strykað út úr bókum fjelagsins sökum þess, að brunabótagjaldið hefur ekki verið borgað, og ekkert hús eða bær verður strykað út úr bókum fjelagsins, þótt eigandinn óski þess sjálfur, eða sá sem gengur í hans stað, fyrri enn eigandinn eða umboðsmaður hans hefur lagt fram samþykki allra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum, fyrir því, að það megi ganga undan brunabóta-ábyrgð fjelagsins. Ekkert hús eða bæ má fjelagið eptir ósk eigandans láta færa niður í ábyrgð, nema sama skilyrðis sje gætt.

23. gr. Öll þau hús, sem standa undir þvingaðri brunabóta-ábyrgð, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan, sem þau verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húsinu eða bænum er virt til brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slík hús alveg, skal fjelagið borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Sama gildir um hús eða bæi, sem ekki er skylt að hafa í tryggingu, þó með þeim mun, að þar eru að eins borgaðir fyrst um sinn allt að $\frac{2}{3}$ hlutum skaðans, eptir því, að hve miklu leyti þau eru tryggð.

Fjelagið ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húsinu eða bænum, fengið brunabæturnar, svo framarlega sem aðrar eigur húss- eða bæjareiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

24. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum, ef landshöfðingi felst einnig á það, að slík undantekning sje gjörð.

25. gr. Fjelagsstjórninni er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í

hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingu um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

IV. Kafli.

Ábyrgð landsjóðs.

26. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum við þá, sem tryggja hús sín eða bæi hjá því, með 300,000 krónum, á þann hátt, sem ákveðinn er í næstu greinum hjer á eptir.

27. gr. Ábyrgð landsjóðs fer minnkandi þannig, að fyrstu 30,000 kr. af henni falla burt 31 desbr. 1900, hinar næstu 30,000 kr. 31. desbr 1910, og s. frv., svo að öll ábyrgðin er fallin burtu 31. desbr. 1990, nema sjóður fjelagsins sje orðin ½ milj. kr. áður.

Ef fjelagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, þá greiðir landsjóður það sem á vantar; þó greiðir hann aldrei meira, en sem þeirri upphæð svarar, sem þá er eptir af ábyrgðinni óburtfallin. Fjelagið endurborgar aptur landsjóði skaða þann, sem hann hefur orðið fyrir, eins og rentulaust lán, og með þeim takmörkunum, sem settar eru í næstu grein hjer á eptir.

28. gr. Endurborgun á skaða landsjóðsins fellur burtu, ef fjelagið greiðir til hans til að bæta honum skaða hans allar tekjur sínar í 10 ár, að frádregnum kostnaði við stjórn þess, og fulltrúasamkomur, endurvátrygging og leigu af láni, er það kann að þurfa að taka til að bæta skaðann til fulls. Hvort sem landsjóður fær allan skaða sinn bættan, eða ekki, á þessum 10 árum, stendur hann samt í ábyrgð fyrir því, sem ekki er burt fallið af ábyrgð hans, samkvæmt því sem segir í næstu grein hjer á undan.

29. gr. Þegar sjóður fjelagsins er orðinn ½ miljón króna, fellur ábyrgð landsjóðsins algjörlega burtu, og kemur ekki á aptur, nema svo sje ákveðið í sjerstöku lagaboði.

30. gr. Þegar Reykjavík er gengin í fjelagið, og samþykkt þess er staðfest af landshöfðingja, er úr lögum numið op. brj. 29. maí 1839, 3. gr. B., og tilsk. 14. febr. 1874.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1893.

Nd. **159. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þóknun til þeirra, er bera vitni í opinberum málum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.). Frá landshöfðingjanum.

Við 1. gr.: Á eptir orðinu »skal« komi: »ef hann krefst þess«.

Ed. **160. Frumvarp**

til laga um aðfluttar ósútaðar húðir. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Landstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi. Í reglum þessum skulu sektir ákveðnar gegn brotum á þeim.

Ed. **161. Frumvarp**

til laga um þingfararkaup alþingismanna. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þá daga, er alþingismenn þurfa til þingferðar og heimferðar frá þingi, frá heimili þeirra og til þess, fá þeir borgaða eins og hjer segir;

1.	Úr Norður-Múlasýslu	450,00
2.	— Suður-Múlasýslu	450,00
3.	— Austur-Skaptafellssýslu	450,00
4.	— Vestur-Skaptafellssýslu	280,00
5.	— Rangárvallasýslu	156,00
6.	— Vestmannaeyjasýslu	210,00
7.	— Árnessýslu	84,00
8.	— Gullbringu- og Kjósarsýslu	30,00
9.	— Borgarfjarðarsýslu	80,00
10.	— Mýrasýslu	100,00
11.	— Snæfellsnessýslu	140,00
12.	— Dalasýslu	170,00
13.	— Barðastrandarsýslu	250,00
14	— Ísafjarðarssýslu	220,00
15.	— Strandasýslu	200,00
16.	— Húnavatnssýslu	200,00
17.	— Skagafjarðarsýslu	270,00
18.	— Eyjafjarðarsýslu	330,00
19.	— Suður-Þingeyjarsýslu	380,00
20.	— Norður-Þingeyjarsýslu	450,00
21.	Frá Danmörku	450,00

2. gr. Útgjöld þau, sem nefnd eru í 1. og 2 gr., greiðist úr landsjóði, og ávísist af forsetum þingdeildanna.

Ed.

162. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að lögreglustjóri á þeim stað, er þeir eru búsettir, riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina að taka menn til kennslu:

1) iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;
2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því, að kennslusamningnum hefur verið slitið;
3) þeim, sem þrisvar sinnnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr. Þar að auki er nemandi ekki bundinn við samninginn lengur en til tvítugs. Vilji hann þá ekki halda áfram að njóta kennslunnar allan þann tíma,

sem ákveðið er í samningnum, er lærimeistarinn heldur ekki lengur bundinn við hann.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari að jafnaði ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja hann til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans eða honum er um megn, og heldur ekki má að jafnaði fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, smátt og smátt þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er námstíminn er á enda, skal lærimeistari fá nemanda námsbrjef, er votti, hve lengi hann hefur verið í kennslu og hvort hann sje orðinn fullnuma í iðn sinni. En sje í samningi ákveðið, að iðnaðarnemandi skuli að afloknu námi tilsagnar- og hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði eða annaðhvort lærimeistari eða nemandi krefjast þess, skulu 2 óvilhallir samiðnarmenn, er lögreglustjóri kveður til þess, skoða og dæma um prófsmíði þessa, hvort hún sje svo af hendi leyst, að nemandi fyrir hana geti öðlazt námsbrjef. Námsbrjef þetta gefur svo lögreglustjóri út (sbr. aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 61. gr.). Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.). Ef lærimeistari hefur vísvitandi gefið rangt vottorð í námsbrjefinu, varðar það refsingu eptir 156. gr. alm. hegningarlaga.

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir, að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu, að annast hjúkrun og lækning hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði þeim, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annnars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur aptur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;
2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistari getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;
2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;

2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda, eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2. og 4. eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg fortöll eða honum þykir nauðsyn til bera, til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta—nema þyngri refsingarákvæði eigi við—sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr.—nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga—eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu, eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera, og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nem-

anda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra nema 1. gr.—sbr. 3. gr., 1., 3. og 4. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr.—og 18. gr.

Ed. **163. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um þingfararkaup alþingismanna, eins og það var samþykkt við aðra umræðu í efri deild. Frá nefndinni.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: „Frumvarp til laga um breytingu á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877".
2. Við 1. gr. tölul. 5: í stað 156 komi 130.
   — - — — 6: - — 210 — 170.
   — - — — 7: - — 80 — 100.
3. Við 2. gr. orðin: „og 2" falli burt.
4. Aptan við frumvarpið bætist grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi: „Þau ákvæði 37. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, er koma í bága við ákvæði þessara laga, skulu úr lögum numin".

Nd. **164. Frumvarp**

til laga um meðferð á markaðarhrossum. Flutningsmaður Þorlákur Guðmundsson.

1. gr. Hvar sem markaðir eru haldnir á hrossum utan kaupstaða og verzlunarstaða, skal þess vandlega gætt, að öll þau hross, sem seld eru og keypt, sjeu járnuð á hvaða aldri sem þau eru.

2. gr. Nú kemur seljandi með ójárnuð hross á markað, og skal hann þá gjalda 2 krónur fyrir hvert þeirra, en kaupandi skyldur að járna hrossið áður en það er af markaði rekið, ella gjaldi 5 krónur fyrir hross hvert, er ójárnað er af markaði rekið. Verði sami maður sekur optar en einu sinni, tvöfaldast sektin við hvert brot. Kaupandi skal ávallt svo fyrir sjá, að rekstrarmenn hans sjeu viðbúnir að járna þau hross, sem týnt hafa járnum þegar í áfangastað er komið.

3. gr. Bæjarfógetar í kaupstöðum og sýslumenn í verzlunarstöðum nefna til 2 menn, sem skoða vandlega öll útflutningshross áður en þau eru flutt á skip, hvort þau ekki hafa verið rekin járnalaus, eru hófgengin eða á annan hátt illa meðhöndluð t. d. af fóðurskorti meidd eða munnsár. Skoðunarmenn skulu gefa skýrslu um útlit hrossanna sjerstaklega fyrir hvert skip sem flytur út hross, hvort það er heill farmur eða minna. Skoðunarmenn fá 50 aura hvor fyrir hverja klukkustund, sem þeir eru við skoðunina og að tiltölu fyrir part úr stund. Borgunin greiðist af eiganda hrossanna eða umboðsmanni hans.

4. gr. Nú reynist svo, að hross eitt eða fleiri er illa með farið, samkvæmt því sem segir í næstu grein, skal þá eigandi eða umboðsmaður hans greiða sekt 5—50 krónur eptir málavöxtum, og þar að auki má, ef hrossið lítur

mjög illa út, taka það af eigandanum og hjúkra því á hans kostnað, þar til það er álitið jafngott, og er hrossið að veði fyrir kostnaðinum.

5. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal með fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. Frá Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni.

Friðunartími sá, sem til er tekinn í 1. grein laga 19. febr. 1886 um friðun á hvölum, er hjer eptir frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

Nd. **166. Frumvarp**

til laga um afnám embætta. Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen 1. þm. Eyfirð.

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 1800 kr. árslaunum; er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til árslaunin eru orðin 2600 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir þeim reglum, er ráðgjafinn fyrir Island ákveður.

Amtsráðin kjósa sjálf formann sinn, og hefir hann á hendi þau störf, er nú hvíla á amtmönnum sem forsetum amtsráðanna. Amtsráð getur ákveðið formanni hæfilega þóknun úr jafnaðarsjóði.

2. gr. Biskupsembættið skal lagt niður; prestvígslur annast prófasturinn í Kjalarnesþingum, og fær hann í því skyni 500 kr. þóknun úr landssjóði árlega.

Að öðru leyti skiptir ráðgjafi Íslands störfum þeim, er nú hvíla á biskupi, milli landshöfðingja og prófasta.

3. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Nd. **167. Breytingartillaga**

við fjáraukalög 1890—1891. Frá Gunnari Halldórssyni.

Aptan við 2. gr. bætist:

„C. 6. Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891 . . 3000 kr. 00 a.“

Samtölurnar breytast eptir þessu.

Nd. **163. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi. Frá Jóni Jónssyni, 1. þm. N.-M.

1. Við 1. gr. Orðin: »sem er 21 árs að aldri« falli burt, en í þess stað komi: »sem kominn er til lögaldurs, sem talið hefur fram til tíundar á næstliðnu hreppamóti«.
2. Við 4. gr. Aptan við greinina bætist:
»Þó má hreppsnefnd ekki veita fje úr sveitarsjóði til þess, sem talið er upp í þessari grein, nema það sje samþykkt á fundi í sveitinni, sem boðaður hafi verið á vanalegan hátt og ⅔ hlutir gjaldenda hafi mætt á fundinum, og meiri hluti þeirra, sem á fundinum eru, hafi greitt atkvæði með fjárveitingunni».

Ed. **169. Tillögur**

við landsreikningana 1888 og 1889. (Eptir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að fækkað verði býlum á jörðum landsjóðs í Vestur-Skaptafellssýslu, jafnóðum og tækifæri býðst.
2. Að landsreikningnum fylgi árlega aðalreikningur yfir viðskipti íslenzku og dönsku póststjórnarinnar.
3. Að skýrsla um allar reikningsábyrgðir, sem úrskurðaðar eru á hverju ári, fylgi landsreikningnum framvegis.
4. Að afgjaldaskrár umboðsjarða sjeu árlega prófaðar á manntalsþingum.
5. Að gengið verði ríkt eptir því, að afborganir af skuld nokkurra hreppa í Snæfellsnessýslu sjeu greiddar á rjettum gjalddaga.
6. Að gjaldheimtumönnum landsjóðs verði gjört að skyldu að senda ávísanir upp í landsjóðstekjur til landshöfðingja eigi síðar en svo, að hann geti komið þeim til ráðgjafans með síðustu póstskipsferð ár hvert, nema því að eins að ávísunin eigi að ganga upp í tekjur, sem síðar falla í gjalddaga, þá sje hún afgreidd sem fyrst eptir árslok.

Nd. **170. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr.

Frumvarp þetta fer einungis fram á að hækka laun bókara og fjehirðis landsbankans. Meiri hluti nefndarinnar efast að vísu ekki um, að ástæða muni vera til þessarar hækkunar, en launahækkun þessi bendir að áliti hans einmitt til þess, að störf þessara manna muni hjeðan af naumast verða höfð í hjáverkum með öðrum störfum. En sje þessu þannig varið með þessa starfsmenn bankans, þá er næsta ólíklegt, að slíkt hið sama eigi sjer ekki stað með framkvæmdarstjóra bankans, þann mann er stjórn bankans og ábyrgð hennar aðallega hvílir á. Það hefir frá upphafi bankans vakið töluverða óánægju hjá landsmönnum, að framkvæmdarstjórn bankans skuli hafa verið höfð í hjáverkum með hálaunuðu embætti. Þessi tilhögun getur auk þess, sem hún er all-óeðlileg, haft töluverða agnúa eða óþægindi í för með sjer, einkum þegar litið er til þess embættis, sem hinn núverandi framkvæmdarstjóri hefir á hendi.

Meiri hluti nefndarinnar telur það mjög nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að bankinn nái sem bezt tilgangi sínum, að framkvæmdarstjórnin sje í höndum þess manns, er ekki hefir öðrum embættisstörfum að gegna, því að það er næsta líklegt, að sá maður, sem eingöngu hefir þetta starf á hendi og er óháður öðrum embættisönnum, leysi það, að

öðru jöfnu, betur af hendi en hinn, sem hefir það í hjáverkum. Það mun og hvergi, þar sem bankar eru og menn láta sig stjórn þeirra og nytsemd fyrir almenning nokkru skipta, tekið í mál, að öll stjórn þeirra sje höfð í hjáverkum með öðrum embættum og störfum.

Landsbankanum hefur nú vaxið svo fiskur um hrygg, að hann verður að teljast fullfær um að launa svo starfsmönnum sínum og stjórn, að þeir þurfi ekki að hafa þessi afar-vandasömu og þýðingarmiklu störf í hjáverkum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að framkvæmdarstjórasýslanin við landsbankann verði hjer eptir ekki sameinuð öðrum embættisstörfum; hann vill einnig ráða hinni háttvirtu Nd. til að samþykkja þá launahækkun bókarans og fjehirðisins, er frumvarpið fer fram á.

Meiri hlutinn ræður því hinni h. Nd. til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi viðauka- og breytingartillögum.

1. Framan við frumvarpið bætist:
   Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur í árslaun 5000 kr.
   Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa önnur embættisstörf á hendi.
2. Í stað orðanna »af þúsundi« komi: 0/00.

Alþingi, 22. júlí 1891.

Lárus Halldórsson, form. og framsögum. Sigurður Stefánsson, skrifari. Skúli Thoroddsen. Jón Jónsson þm. N.-Þ.

Jeg get eigi verið samdóma hinum heiðruðu meðnefndarmönnum mínum um viðbót þá, er þeir vilja gjöra við frumvarpið, og vil því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt að efninu til.

Eiríkur Briem.

Nd. **171. Breytingartillaga**

við frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889. Frá nefndinni.

1.	Við 16. tekjulið.	Fyrir	73459.30	komi:	73432.30
2.	— — —	—	98462.64	—	98489.64
3.	— 22. —	—	114771.05	—	114798.05
4.	— eignir viðlagasj.—		873922.99	—	873895.99

Nd. **172. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Seyðisfjarðarkaupstað. Flutningsmenn: Þorvarður Kjerúlf og Sigurður Gunnarsson.

1. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

5. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

6. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje ofeða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er

farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

10. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

11. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

15. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

18. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 10 – 20 aur. á hvern ferhyrningsfaðm í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum, en ekkert af grunnum undir fjárhúsum, og $^1/_4$—$^1/_8$ eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins. Því sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

19. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

20. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermán. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3ja ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.)

21. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinnm árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 18. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

22. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess árfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

24. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á

fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

25. gr. Gjaldkeri skal að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

29. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjalkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldarii eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann

gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1893.

Nd. **173. Frumvarp**

til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis. Flutningsmaður Ólafur Ólafsson.

1. gr. Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn; sitji 8 af þeim í efri, en 28 í neðri deild.

2. gr. Auk kjördæma þeirra, sem ákveðin eru í 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis, skulu kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður vera sjerstök kjördæmi.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal skipt niður á þann hátt, að 3 alþingþingismenn skulu kosnir í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hvorri um sig, 2 alþingismenn í sjerhverju eptirfylgjandi kjördæmi: í Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, og Reykjavíkurkaupstað, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru: hin 2 kjördæmi í Skaptafellssýslum, Vestmannaeyjasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Akureyrarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður, skal kjósa einn alþingismann.

3. gr. Ákvæði 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar, að því er snertir tölu þingmanna, og seinni málsgrein 18. gr. laga 14. sept. 1877, eru hjer með úr gildi felld.

Nd. **174. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun ullarverksmiðju.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild hefur kosið í nefnd til að segja álit vort um ofannefnt frumvarp, höfum nákvæmlega íhugað mál þetta á nefndarfundum, og leyfum oss að skýra hinni háttvirtu deild frá áliti voru á þessa leið.

Það er samhuga álit vort, að það sje helg skylda þings og stjórnar, að stuðla til þess af fremsta megni, svo sem samsvarar efnahag lands vors, að komizt geti á fót að minnsta kosti ein ullarverksmiðja á landi voru; það telst svo til, að Íslendingar flytji að meðaltali árlega út nálægt 1½ miljón punda af óunninni ull; og hitt er öllum kunnugt, hve mikið landsmenn kaupa árlega af aðfluttum vefnaðarvörum; það liggur því í augum opið, hve miklu það skiptir þjóðfjelag vort, að ekki þurfi að flytja þessa helztu afurð landsins, ullina, óunna út úr landinu í jafnstórum stýl, eins og nú á sjer stað, en að landsmenn gætu sjálfir átt kost á, að koma ullinni í vefnaðarvörur, og haft þar af arð og atvinnu.

Þegar vjer nú lítum á frumvarp það um stofnun ullarverksmiðju á Íslandi, er hin háttvirta deild fjekk oss til íhugunar, fáum vjer eigi betur sjeð, en að í frumvarpi þessu sje einmitt bent á eðlilegan og heppilegan veg, að leitast við að hvetja til fyrirtækisins með aðgengilegri lánveitingu, sem landinu þó á hinn bóginn má álítast næsta ótilfinnanlegt að veita.

Samkvæmt framansögðu, og þar sem vjer eigi höfum neitt verulegt að athuga við

hinar einstöku greinar frumvarpsins, þá ráðum vjer hinni háttvirtu neðri deild alþingis til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 23. júlí 1891.

B. Sveinsson, form. og framsögum. Skúli Thoroddsen, skrifari. Jón Jónsson, þm. N.-þ. Gunnar Halldórsson.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **175. Frumvarp**

til laga um skipun dýralækna á Íslandi. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Á Íslandi skal skipa 2 dýralækna, annan í Suður- og Vesturamtinu og hinn í Norður- og Austuramtinu. Landshöfðingi skipar þá og ákveður um bústað þeirra, er hann hefur fengið tillögur um það frá hlutaðeigandi amtsráði.

2. gr. Hverjum dýralækni skal veita 1200 kr. í árleg laun, er skulu greidd úr landsjóði.

3. gr. Fyrir ferðir þær, er dýralæknir tekst á hendur eptir ráðstöfun yfirvaldsins, bera honum í fæðispeninga 3 kr. um dag hvern, sem hann er fjærverandi frá heimili sínu, og að því skapi fyrir part úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eptir því, sem fyrir er mælt í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 16. gr. Gjöld þessi skulu greiðast úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. gr. Fyrir ferðir, er dýralæknir tekst á hendur eptir ósk einstakra manna, skal sá, er þeirra hefur beiðzt, borga hina sömu fæðispeninga og goldnir eru fyrir ferðir í þarfir hins opinbera; þar að auki skal sá, sem hefur beiðzt ferðarinnar, leggja dýralækni til fararbeina kauplaust, eða endurgjalda honum ferðakostnað eptir því, sem fyrir er sagt í aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 16. gr.

5. gr. Dýralæknum ber í erindisgjörðum sínum að hegða sjer eptir erindisbrjefi, er landshöfðingi semur handa þeim, eptir að hann um það hefur leitað álits amtsráðanna.

Nd. **176. Frumvarp**

til laga um samþykktir um kynbætur hesta. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um kynbætur hesta á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir það síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur tiltekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3. gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

5. gr. Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir hestarækt í því hjeraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfolalda og graðhesta, sem álitnir eru lítt hæfir til undaneldis.

Svo má og með samþykkt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, sjeu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afrjettum eða í heimalöndum.

6. gr. Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

7. gr. Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna, er renni í sveitarsjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

8. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

177. Frumvarp

til viðaukalaga við lög um brúargjörð á Ölvesá 3. maí 1889. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Í viðbót við þær 40,000 kr., sem verja má úr landsjóði samkvæmt lögum 3. maí 1889 til brúargjörðar á Ölvesá, má enn fremur verja úr landsjóði allt að 2000 kr. til að styrkja brúna með hliðarstrengjum.

Ed. **178. Frumvarp**

til laga um að landstjórninni veitist heimild til að kaupa jörð handa Tröllatungupresta-kalli í Strandaprófastsdæmi. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Landstjórninni veitist heimild til að kaupa Fells-eignina í Kollafirði, 60 hndr. að fornu mati (Fell með 2 hjáleigum), til prestseturs fyrir Tröllatungupresta-kall, fyrir 2500 krónur.

2. gr. Kaupverðið greiðist úr landsjóði. En frá sama tíma og kaupin eru gjörð falla niður 100 krónur af uppbót þeirri, er Tröllatungupresta-kalli er ákveðin í lögum 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 26, 2. nóv. 1885.

Ed. **179. Tillaga**

til þingsályktunar um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð. (Eptir eina umræðu í Nd.).

Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands að hlutast til um, að mæld verði uppsigling á Hvammsfjörð sem fyrst, svo og hafnarstæði þau, er þar kynnu að þykja hentust, einkum við Vestliðaeyri, Búðardal og Skarfstaðanes.

Nd. **180. Nefndarálit**

um tillögur um styrkveitingu til búnaðarfjelaga.

Hin heiðraða Nd. hefur falið undirskrifaðri nefnd að gjöra tillögur um útbýtingu þess fjár, er veitt er til búnaðarfjelaga, og hefur oss, eptir að hafa rætt mál þetta með oss, komið saman um, að ráða h. deild til að samþykkja eptirfylgjandi:

Tillögur

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga.

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landsjóði til búnaðarfjelaga og reglurnar fyrir útbýtingu hennar, skuli vera sem hjer segir:

I. Almenn skilyrði.

1. Styrkurinn skal miðaður við framkvæmdir fjelagsins í þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
2. Ekkert fjelag skal njóta styrks, er eigi hefur unnið minnst 150 dagsverk.
3. Bónarbrjefunum um styrkinn, er stíluð skulu til landshöfðingja, skal fylgja skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd hefur útnefnt. Skal í skýrslunni tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og engin jarðabót tekin til greina, nema hún sje vel af hendi leyst. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki telja fram. Skýrslur skoðunarmanna skulu samdar eptir formi, er landshöfðingi gefur út.

II. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a) Varnargarðar um tún, engi, fjárbæli og matjurtagarða;
   b) Stíflugarðar;
   c) Þúfnasljettur;
   d) Flatarmál matjurtagarða;
   e) Skurðir til vörzlu, framræslu og vatnsveitinga;
   f) Lokræsi;
   g) Áburðarsafnhús og forir.
2. Jarðabæturnar skulu lagðar þannig í dagsverk:
   a) Varnargarðar:

úr grjóti 3½ fet á hæð
einhlaðnir . . . . . 3 faðmar,
tvíhlaðnir . . . . . 1½ —
úr torfi 4½ fet á hæð . . . . . 5 —
b) Stíflugarðar . . . . . 250 teningsfet.
c) Þúfnasljettur:
Unnar með plóg og herfi . . . 15 □ faðmar.
Unnar með handverkfærum . . 10 □ —
d) Flatarmál matjurtagarða . . . . . 15 □ —
e) Varnarskurðir:
3 ál. breiðir, 1 al. á dýpt . . . . 300 ten.fet.
f) Skurðir til framræslu og vatnsveitinga . . 400 —
g) Lokræsi . . . . . 3 faðmar.
h) Áburðarsafnhús og forir (lögheldar) . . . 50 ten.fet.

Alþingi, 23. júlí 1891.

Sigurður Stefánsson, form. og framsögum. Gunnar Halldórsson. Páll Ólafsson, skrifari. Sveinn Eiríksson.

B. Sveinsson.

Ed. **181. Tillaga**

til þingsályktunar um brúargjörð á Þjórsá. (Eptir eina umr. í Nd.)

Alþingi skorar á landstjórnina, að láta sem fyrst rannsaka á ný brúarstæði á Þjórsá og gjöra áætlun um kostnað við brúargjörð á ánni.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um iðnaðarnám. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að lögreglustjóri á þeim stað, er þeir eru búsettir, riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:

1) iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;
2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því, að kennslusamningnum hefur verið slitið;
3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr. Þar að auki er nemandi ekki bundinn við samninginn lengur en til tvítugs. Vilji hann þá ekki halda áfram að njóta kennslunnar allan þann tíma,

sem ákveðið er í samningnum, er lærimeistarinn heldur ekki lengur bundinn við hann.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari að jafnaði ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja hann til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans eða honum er um megn, og heldur ekki má að jafnaði fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, smátt og smátt þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er námstíminn er á enda, skal lærimeistari fá nemanda námsbrjef, er votti, hve lengi hann hefur verið í kennslu og hvort hann sje orðinn fullnuma í iðn sinni. En sje í samningi ákveðið, að iðnaðarnemandi skuli að afloknu námi tilsagnar- og hjálparlaust leysa af hendi prófsmíði eða annaðhvort lærimeistari eða nemandi krefjast þess, skulu 2 óvilhallir samiðnarmenn, er lögreglustjóri kveður til þess, skoða og dæma um prófsmíði þessa, hvort hún sje svo af hendi leyst, að nemandi fyrir hana geti öðlazt námsbrjef. Námsbrjef þetta gefur svo lögreglustjóri út (sbr. aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 61. gr.). Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.). Ef lærimeistari hefur vísvitandi gefið rangt vottorð í námsbrjefinu, varðar það refsingu eptir 156. gr. alm. hegningarlaga.

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir, að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu, að annast hjúkrun og lækning hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði þeim, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annnars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur aptur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;
2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistari getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;
2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum; 30

2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda, eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2. og 4. eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera, til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta—nema þyngri refsingarákvæði eigi við—sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr.—nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga—eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu, eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera, og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nem-

anda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr.—sbr. 3. gr., 1., 3. og 4. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr.—og 18. gr.

Nd. **183. Frumvarp**

til laga um breytingu á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Ferðakostnað og fæðispeninga fyrir þá daga, er alþingismenn þurfa til þingferðar og heimferðar frá þingi, frá heimili þeirra og til þess, fá þeir borgaða eins og hjer segir:

1.	Úr Norður-Múlasýslu	450,00
2.	— Suður-Múlasýslu	450,00
3.	— Austur-Skaptafellssýslu	450,00
4.	— Vestur-Skaptafellssýslu	280,00
5.	— Rangárvallasýslu	130,00
6.	— Vestmannaeyjasýslu	170,00
7.	— Árnessýslu	100,00
8.	— Gullbringu- og Kjósarsýslu	30,00
9.	— Borgarfjarðarsýslu	80,00
10.	— Mýrasýslu	100,00
11.	— Snæfellsnessýslu	140,00
12.	— Dalasýslu	170,00
13.	— Barðastrandarsýslu	250,00
14.	— Ísafjarðarsýslu	220,00
15.	— Strandasýslu	200,00
16.	— Húnavatnssýslu	200,00
17.	— Skagafjarðarsýslu	270,00
18.	— Eyjafjarðarsýslu	330,00
19.	— Suður-Þingeyjarsýslu	380,00
20.	— Norður-Þingeyjarsýslu	450,00
21.	Frá Danmörku	450,00

2. gr. Útgjöld þau, sem nefnd eru í 1. gr., greiðist úr landsjóði, og ávísist af forsetum þingdeildanna.

3. gr. Þau ákvæði 37. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, er koma í bága við ákvæði þessara laga, skulu úr lögum numin.

Nd. **184. Frumvarp**

til laga um afnám konungsúrskurðar 17. marz 1882. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Skúli Thoroddsen.

Konungsúrskurður 17. marz 1882 um danskar messugjörðir í Reykjavíkurdómkirkju skal úr lögum numinn.

Nd. **185. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilsk. 31. maí 1855 um eptirlaun; og í málinu; frumvarp til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur.

Hin h. Nd. hefur kosið oss undirritaða til að íhuga og gjöra tillögur um ofangreind frumvörp, og viljum vjer hjer með skýra frá áliti voru á þeim á þessa leið.

Frumvörp þessi voru rækilega undirbúin í nefnd á síðasta þingi og fylgdi þeim greinilegt nefndarálit. Þar eru teknar fram ástæðurnar fyrir því, hversvegna sú nefnd rjeði þá þessari h. deild til að fallast á frumvörp þessi; og með því meiri hluti þessarar nefndar er að öllu samþykkur þeim ástæðum, sem þar eru teknar fram, þá leyfum vjer oss að vísa til þessa nefndarálits, sem lesa má í alþt. 1889, C. bls. 373.

Í samkvæmni við það, leyfir því meiri hlutinn sjer að leggja það til, að frumvarpið til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun, verði samþykkt óbreytt; en að hitt frumvarpið, um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer lífeyri eptir 70 ára aldur, verði samþykkt með þeim lítilfjörlegu breytingum, sem hjer fara á eptir:

1. Við 1. gr. Fyrir: »tryggingu fyrir lífeyri eptir að hann er 70 ára að aldri«, komi: »geymdan lífeyri«.
2. — 2. — — »tryggingu fyrir lífeyri«, komi: »geymdan lífeyri«.
3. — 5. — — »Þegar embættismaður . . . . vextina af honum«, komi: »Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða, hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum«.
4. Í fyrirsögn frumvarpsins. Fyrir: »lífeyri eptir 70 ára aldur«, komi: »geymdan lífeyri«.

Alþingi 23. júlí 1891.

Árni Jónsson, form. og framsögum. Eiríkur Briem. Sigurður Gunnarsson. Ól. Ólafsson.

Minni hlutinn ræður til, að fella bæði frumvörpin, og ræður aptur á móti til, að samþykkja svolátandi

FRUMVARP

til laga til breytingar á eptirlaunalögunum 31. maí 1855, niðurlagi 4. greinar.

Engin eptirlaun mega vera hærri en 2400 kr. Lög þessi snerta ekki þá menn, sem nú eru í embætti.

Alþingi 23. júlí 1891.
Indriði Einarsson.

Nd. **186. Frumvarp**

til laga um meðferð á hrossum og sauðfje, sem selt er til útflutnings. Flutningsmaður: Jón Þórarinson.

1. gr. Hver sá hrossakaupmaður, eða umboðsmaður hrossakaupmanns, er kaupir hross til útflutnings, skal skyldur að annast, að öll þau hross, er hann kaupir, hvort heldur þau eru tamin, eða ótamin, sjeu tryggilega járnuð áður en þau eru rekin til skips, ef lengra er frá markaði, eða þeim stað, er kaupin voru gjörð, en hálf dagleið.

Nú týna hross járnum á leið til skips, og skal eigandi sjá svo um, að þau verði járnuð á næsta áfangastað, nema þau sjeu þá komin á útflutningsstaðinn.

2. gr. Þá er hross, eða sauðfje, er haft í gæslu áður en flutt er út, skal þess gætt, að það hafi nægа haga, svo að það eigi líði hungur, nje sje á annan hátt misboðið af mannavöldum, og skal hlutaðeigandi lögreglustjóri skipa áreiðanlega menn til að gæta þess, að fyrirmælum þessum sje hlýtt.

3. gr. Hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar tvo menn, eða fleiri, ef þörf er á, er skulu skoða vandlega öll hross og sauðfje, áður en það er flutt á skip, og gefa skoðunarmennirnir lögreglustjóranum skýrslu um skoðunina.

Nú ber skýrsla skoðunarmanna það með sjer, að hross eða sauðfje sje illa haldið af hungri eða meiðslum og skal taka slík hross eða sauðfje og lækna þau og hjúkra þeim á kostnað eiganda áður en út er flutt. Skipa skal og lögreglustjóri umsjónarmenn svo marga, sem þörf er á, til þess að hafa glöggt eptirlit með því, að hvorki hrossum nje sauðfje sje misþyrmt meðan verið er að flytja það út í útflutningsskip.

4. gr. Allan kostnað við gæzlu þá og eptirlit, sem getur um í 2. og 3. gr. greiðir kaupandi.

Hlutaðeigandi lögreglustjóri ákveður skoðunar- eða gæzlumönnum kaup, eigi minna en 3 krónur fyrir dag hvern, og að tiltölu fyrir styttri tíma.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5 til 200 krónum eptir málavöxtum, og renna þær í hlutaðeigandi bæjarsjóð, eða sveitarsjóð.

Fjárnám má gjöra í hrossum þeim og sauðfje, sem til útflutnings er keypt, ef þörf gjörist, bæði fyrir eptirlitskostnaði og sektum samkvæmt lögum þessum.

6. gr. Með mál sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd.

187. Nefndarálit

í málinu: frumvarp til laga um strandferðir og vegi.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að kveða upp álit vort og tillögur um frumvarp þetta, og leyfum vjer oss nú, er vjer höfum átt fundi með oss til að íhuga það og ræða, að kveða upp svolátandi álit vort og tillögur um það.

Það er samhuga álit vort, að sú frumstefna frumvarpsins sje rjett, að hin beztu úrræði, sem nú eru fyrir hendi til samgöngubóta, sjeu hagfelldar og tíðar strandferðir, og svo akvegir, þar sem allramest er vöruflutningamagn um hjeruð landsins.

Af þessu leiðir, að breytingar þær, sem vjer leggjum til að hin háttvirta þingdeild gjöri á frumvarpinu, eru yfir höfuð eigi verulegar efnisbreytingar.

Að vísu höfum vjer orðið ásáttir um að leggja það til, að fyrsti kafli frumvarpsins falli burt, en sú tillaga vor er eigi komin fram af þeirri ástæðu, að vjer eigi álítum einkar-nauðsynlegt og gagnlegt og í alla staði gjörlegt, að hæfilega stóru gufuskipi sje haldið úti til innlendra strandferða af hálfu hins opinbera og á kostnað landsjóðs, heldur af því, að oss þykir betur við eiga, að alþingi gjöri í þetta sinn þá ráðstöfun með þingsályktun fremur en lagaboði.

Munum vjer því bera upp tillögu til þingsályktunar þess efnis, að leigt verði gufuskip og því haldið úti til innlendra strandferða næsta fjárhagstímabil á kostnað landsjóðs.

Samkvæmt því, sem nú er tekið fram, leyfum vjer oss að ráða hinni h. Nd. til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögum:

Breytingartillögur:

1. Í fyrirsögninni falli burt: »strandferðir og«.
2. I. kafli, um strandferðir, 1.—10. gr., falli burt, og II. kafli verður I. kafli.
3. 11. gr. verði 1. gr., og greinatalan breytist samkvæmt því.
4. Við 12. gr. (2. gr.). Í upphafi greinarinnar á eptir orðinu: »aðalvörumagn«, komi: »helztu«.
5. Orðin: »að kaupstöðum og öðrum helztu hafnstöðvum og frá þeim«, falli burt.
6. Fyrir: »kaupstaði«, komi: »kauptúni«.
7. 13. gr. (3. gr.) orðist þannig: »Aðalflutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:
   1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
   2. — —— — að Þingvöllum.
   3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
   4. Upp Borgarfjörð.
   5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
   6. — Sauðárkrók fram Skagafjörð.
   7. — Akureyri fram Eyjafjörð.
   8. — Húsavík fram Reykjadal«.
8. Á eptir 13. gr. komi ný grein, er verður 4. gr.:
   »Landshöfðingi ákveður eptir tillögum amtsráða og vegfræðings, hvar leggja skul aðalflutningabrautirnar um hjeruðin«.
9. Við 14. gr. (5. gr.). Fyrir: »Aðalpóstleiðir«, komi: »Aðalpóstvegir«.
   Aptan við greinina bætist ný málsgrein:
   »Landshöfðingi ákveður, eptir tillögum sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings, hvar aðalpóstvegir skuli liggja«.
10. 15. gr., sem verður 6. gr., orðist þannig:
    »Fjallvegir eru: Steingrímsfjarðarheiði, Laxárdalsheiði í Dölum, Grímstungu- og Arnarvatnsheiði, Kaldidalur, Fjallabaksvegur, milli Búlandssels í Skaptártungu og Galtalækjar á Landi, Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði, milli Reykjahlíðar og Skjöldólfsstaða«.
11. III. kafli verður II. kafli.
12. Við 16. gr. (7. gr.). Í enda 3. málsgreinar: »og amtsráða«, falli burt.
13. Í 4. málsgrein: »þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum«, falli burt.
14. Í sömu málsgrein, fyrir: »vegaruðningum«, komi: »vegaruðning«.
15. IV. kafli verður III. kafli.
    Eptir 21. gr. (12. gr.) komi ný grein (13. gr.):
    »Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni og til þess að leggja málþráð innansýslu«.
16. V. kafli verður IV. kafli.
17. Við 22. gr. (14. gr.). Önnur málsgrein falli burt, en í staðinn komi: »Skyldur er hver húsráðandi að láta vinna að hreppavegum ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann, 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó húsráðanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum í sveitarsjóð, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann.

18. Eptir 31. gr. (23. gr.) komi ný grein (24. gr.)

»Hver, sem af ásettu ráði skemmir veg, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

Alþingi, 24. júlí 1891.

Jens Pálsson, form. og framsögum. Þorvarður Kjerúlf, skrifari. Sigurður Stefánsson.

Skúli Thoroddsen. Árni Jónsson.

Nd. **188. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp stjórnarinnar til fjárlaga fyrir næstkomandi fjárhagstímabil, og viljum vjer því hjer með skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

Tekjukaflinn.

Við tekjukaflann, eins og hann liggur fyrir, höfum vjer eigi annað að athuga, en að oss þykir aðflutningsgjald af tóbaki mega teljast 43000 kr. hvort árið; árið 1890 nam gjald þetta 43,824 kr., og þótt menn kunni að hafa keypt munaðarvöru venju meir, það ár vegna hins góða árferðis, þá er það vitanlegt, að nokkrar verzlanir byrgðu sig svo vel upp með vöru þessa í september 1889, að þær hafa eigi þurft að fá eins mikið af henni aðflutt 1890, eins og annars hefði mátt gjöra ráð fyrir.

Aptur á mót viljum vjer leggja það til, að í 2. gr. sje bætt inn í nýjum tekjulið: tekjum af gufuskipi því, sem haldið er út til strandferða á kostnað landsjóðs 12000 kr. hvort árið; um þetta atriði munum vjer fara frekari orðum, þegar rætt verður um gjöldin til gufuskipaferðanna yfir höfuð.

Samkvæmt tilmælum amtsráðs suðuramtsins leggjum vjer enn fremur til, að frestur sje veittur um fjárhagstímabilið á afborgunum af tveim lánum Hvanneyrarskólans af viðlagasjóði, er upphaflega voru 1200 kr. og 3000 kr.

Gjaldakaflinn.

Við 8. og 9. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

10. gr. B. 4. e. Kostnaður við sakamál og lögreglumál hefur næstliðin 3 ár verið að meðaltali 3066 kr., og því þykir oss hann eigi mega teljast minni en 3000 kr. á ári.

10. gr. C. 1. c. Þá 100 kr. viðbót, er hjer ræðir um, höfum vjer ekkert að athuga við.

10. gr. C. 4. a. Að því er búnaðarskólana snertir, þá föllumst vjer á fjárveiting þá, sem þeim er ætluð öllum yfir höfuð og jafnframt sjerstaklega á fjárveitinguna til skólans í Ólafsdal og á Hólum; að vísu hefur beiðni komið um

4000 kr. styrk til Hólaskóla, en þótt beiðni þessi sje studd með glöggu yfirliti yfir tekjur og gjöld skólans, þá sjáum vjer oss eigi fært að leggja það til, að tillagið til hans sje aukið. Að því er snertir skólann á Eyðum, þá hefur hann að vísu stuðning af vöxtum jarðeldasjóðsins, en þar sem nefndinni virðist stofnun þessi vera á þeim vegi, að um hana megi gjöra sjer góðar vonir, þá vill hún leggja það til, að við hana sje bætt 500 kr. Aptur á móti hefur svo orð farið af búnaðarskólanum á Hvanneyri, að það hefur vakið hjá nefndinni efasemdir um þann þroska, er sú stofnun hafi náð, og skýrsla hins eina kennara skólans um stofnun þessa er ekki svo greinileg, að hún hefur eigi getað eytt efasemdum þessum. Þótt nú hinsvegar amtsráð suðuramtsins hafi óskað eptir, að tillagið til hans yrði hækkað upp í 3000 kr. á ári, sumpart til þess, meðal annars, að fá fje til að byggja geymsluhús, þá vill nefndin af fyrgreindum ástæðum leggja það til, að tillagið til hans sje lækkað um 500 kr. Næstliðið ár hafa í Ólafsdal verið 8 námspiltar, á Hólum 14 og á Eyðum 4, auk eins pilts, er dó, og annars er varð að yfirgefa skólann vegna veikinda; hve margir þeir hafi verið á Hvanneyri verður eigi sjeð, en 11. þ. m. er svo skýrt frá, að á skólanum sjeu 7 námspiltar.

10. gr. C. 4. b. Styrkurinn til búnaðarfjelaga leggjum vjer til, að sje færður upp í 15000 kr. á ári; með því að sjerstök nefnd hefur verið sett í deildinni til að íhuga reglur fyrir útbýting hans, leiðum vjer hjá oss að minnast á það.

10. gr. C. 4. c. og d. Við styrkinn til Hermanns Jónassonar og sjera Odds Gíslasonar höfum vjer ekkert að athuga; að vísu hefur nefndinni borizt bænarskrá frá sjera Oddi um 1000 kr. styrk á ári til að ferðast um og leiðbeina sjómönnum í bjargráðum og ýmsu, er lýtur að sjómennsku og fiskiveiðum; en nefndinni þykir þó eigi ástæða til að leggja það til, að styrkurinn sje hækkaður frá því, sem stendur í núgildandi fjárlögum. Amtmaðurinn yfir Vesturamtinu hefur í umboði amtráðsins sent oss eptirrit af brjefi skólastjóra Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, þar sem hann óskar eptir, að hlutazt væri til um, að gefnar yrðu út á íslenzku kennslubækur fyrir búnaðarskólana, frumsamdar eða þýddar; með því að vjer föllumst á, að þetta væri mikilsvert til þess að lærisveinarnir á búnaðarskólunum eigi þurfi að læra útlenda tungu til að geta haft not af kennslunni á þeim, þá viljum vjer hjer með leggja til, að veittar sjeu í þessu skyni 300 kr. á ári.

Fyrir nokkrum árum var eigi alllitlu fje varið af landsjóði til að koma hjer á landi á laxaklaki; en þegar hætt var að veita styrkinn fjellu niður allar tilraunir í þessa átt nema að eins í Dalasýslu. Þaðan hefur nú komið bænarskrá um styrk til að halda því áfram með því að veita verðlaun fyrir ungviði það, sem út er klakið; þótt nefndin eigi geti beinlínis aðhyllzt það, virðist henni ástæða til að veita nokkurn styrk til laxaklaks þess, sem haldið er uppi í Dalasýslu, og leggur til, að í því skyni sjeu veittar 200 kr. á ári.

10. gr. C. 4. g. Stjórnendur ábyrgðarfjelags Ísfirðinga hafa óskað eptir, að fjelagi þessu væri veitt í eitt skipti 4000—6000 kr. Jafnframt því sem nefndin álítur, að landinu sje mikil framfaravon að því að þilskipaútvegurinn aukist, þá þykir henni einnig nauðsyn bera til að ryðja úr vegi því, sem þessu er eigi hvað minnst til fyrirstöðu, og það eru erviðleikar þeir, sem á því eru að fá skipin vátryggð; reynslan hefur sýnt, hve ervitt er að fjelagsskapur í þessu efni geti komist á, og mun því einkum valda það, að ef óhöpp vilja til í byrjuninni, þá er enginn sjóður til að borga það, en mönnum rís hugur við að undirgangast skuldbindingu um, að skaðabótunum sje jafnað niður auk hins árlega ábyrgðarkaups. Nefnt ábyrgðarfjelag hefur að nokkru leyti viljað bæta úr þessu, með því að 20 menn hafa undirgengizt að ábyrgjast sjóðnum samtals 4000 kr., ef óhöpp ber að höndum, en þó að þetta beri vott um lofsverðan áhuga á málinu, þá er það eigi nægilegt. En þótt nefndinni nú þyki ástæða til, að slíkur fjelagsskapur og hjer ræðir um væri styrktur, þá þykir henni eigi svo mikil trygging fyrir, að fjelagsskapurinn haldist, að hún þykist geta lagt til, að fjelaginu sjálfu sje veitt fje, auk þess sem fjelagið fæst einnig að nokkru leyti við ábyrgð á opnum bátum minna en 500 kr. virði, en slík ábyrgð álítur nefndin, að ætti að geta komizt á án þess að hún væri styrkt af landsfje. Fyrir því vill nefndin leggja það til, að sýslunefnd Ísafjarðarsýslu sjeu veittar 4000 kr. til að styrkja og koma á fastan fót fjelagsskap um ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum.

10. gr. C. 5. a. Fje, sem varið er til vegabóta og gufuskipaferða, þykir oss rjettara að flytja til 12. greinar, svo að þar sjeu talin í einni grein útgjöld til samgöngumála.

Þar sem stendur »til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum«, þá þykir oss betur fara að fella burt orðin »frá útlöndum«; orð þessi munu upphaflega hafa komizt inn í fjárlögin til að ákveða, að það væri lærður »ingenieur«, sem um væri að ræða, en úr þessu þarf það eigi að valda misskilningi, að það er slíkur maður, sem hjer ræðir um, þótt orðum þessum sje sleppt.

Þar eð oss þykir eigi mega lengur án þess vera að hafa hjer slíkan mann, þá leggjum vjer til, að upphæðin sje veitt fyrir hvort árið fyrir sig.

Upphæðin til að bæta vegi á aðalpóstleiðum leggjum vjer til, að verði hækkuð um 1000 kr. hvort árið, og ætlumst vjer jafnframt til, að af fje þessu sje allt að 1500 kr. á fjárhagstímabilinu varið til að bæta veginn á milli Akureyrar og Oddeyrar, en allt að 400 kr. til sæluhúss á Þorskafjarðarheiði og jafnframt væntir nefndin þess, að af fje því, sem veitt er á tölulið þessum, megi áður en á löngu líður verja því, sem nauðsynlegt er, til að byggja nægilegar vörður á nefndri heiði, sem talin er fjölfarin á vetrardag.

10. gr. C. 6. Um gufuskipaferðirnar hjer við land hefur svo mikið verið ritað og rætt að undanförnu, að vjer eigi þykjumst þurfa að taka fram, að strandferðirnar hafa hingað til hvorki fullnægt óskum nje þörfum almennings. Að áliti nefndarinnar þurfa ferðirnar að vera miklu tíðari og viðkomustaðir fleiri

Nú hefur að vísu O. Wathne á Seyðisfirði í brjefi dags. 27. f. m. látið í ljósi, að hann væri fús til að halda uppi stöðugum gufuskipaferðum milli Reykjavíkur og Skagafjarðar sunnan og austan um land með fjöldamörgum viðkomustöðum á leiðinni mánuðina apríl til nóvember fyrir 10000 kr. á ári, en nefndin ber kvíðboga fyrir, að ferðir þessar yrðu þá eigi eins vissar, eins, og þörf er á, og svo þyrfti þá jafnframt að bera umhyggju fyrir ferðunum með fram hinum öðrum hluta af ströndum landsins. Þar sem nú annars vegar eigi er unandi við gufuskipaferðir þær, sem verið hafa, og nefndinni þykir óvíst, að auðið sje að fá útlent gufuskipafjelag til að auka svo ferðirnar og laga þær svo eptir þörfum almennings, að þær geti orðið að fullum notum, þá vill hún leggja það til, að leigt sje gufuskip og því sje haldið út á kostað landsjóðs til strandferða hjer við land frá byrjun aprílmánaðar til loka októbermánaðar ár hvert. Kostnaður við að halda úti gufuskipi með rúmi fyrir 100 farþega og 50 smálestir af vörum, er vjer álítum að mundi vera nægilega stórt, hefur oss verið skýrt frá, að muni nema hjerum bil 320 pd. sterl. um mánuðinn og með öðrum nauðsynlegum kostnaði, er þetta hefði í för með sjer, mundi kostnaðurinn verða hjer um bil 50000 kr. á ári, en upp í þetta koma svo fargjöld og flutningskaup fyrir vörur er vjer höfum áætlað að muni nema hjer um bil 12000 kr. hvort árið. Því hefur verið hreift, sem mótmæli móti þessari tilhögun, að ýmsir smákaupmenn út um landið og pöntunarfjelög, sem eigi hafa sjerstök skip í förum, ættu erviðara með viðskipti sín við útlönd, þegar eigi væru gufuskipaferðir beint til og frá útlöndum. Vjer viðurkennum, að mótbára þessi hefur allmikið til síns máls, og viljum því bæta úr þessu með því að leggja það til, að til strandferða gufuskipa til og frá útlöndum sjeu veittar 9000 kr. hvort árið, fyrir slíkar strandferðir sem 1888 og 1889.

Frá Austfjörðum hefur komið bænarskrá um styrk til að halda þar uppi gufubátsferðum, er vjer verðum að álíta æskilegt, og sömuleiðis verðum vjer að telja þörf á, að gufubátsferðir komist á og sje haldið uppi á flóunum á vesturströnd landsins, Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði og Faxaflóa. Vjer viljum því leggja það til, að veittar sjeu 3000 kr. á ári til gufubátsferða á hverjum þessum stað fyrir sig, en jafnframt viljum vjer binda styrkinn því skilyrði að hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórnir gefi því meðmæli sín eða meiri hluti þeirra, þar sem þær kynni að greina á.

10. gr. C. 7., 8., 9. og 10. höfum vjer ekkert að athuga við, því vjer sjáum eigi, að komist verði hjá fjárveitingunni til bústaðar handa vitaverði nje til að bæta turninn á Vestmannaeyjakirkju.

11. gr. höfum vjer ekkert að athuga við, en oss þykir nauðsyn bera til að fjölga enn aukalæknum. Um þetta efni hafa nefndinni borizt margar bænarskrár, en sú bænarskráin, er oss þykir brýnust þörf á, að tekin sje til greina, er um að skipaður verði aukalæknir í Ólafsvík fyrir hinar fjölbyggðu og fátæku sveitir kringum Snæfellsjökul. Þessu næst þykir oss mest þörf vera á, að bætt sje við aukalækni í Eyjahrepp á Breiðafirði; að vísu virðist oss þess eigi vera eins brýn þörf, meðan læknir situr á Brjánslæk á Barðaströnd, eins og

ef skemmst væri til læknis að leita í Stykkishólmi, en hins vegar verður að álíta, að læknirinn í 5. læknishjeraði ætti að sitja vestar en á Brjánslæk og við það mundi hverfa sú þörf, sem annars kann að vera á aukalækni í vesturfjörðum Barðastrandarsýslu, samkvæmt því sem tekið er fram í þaraðlútandi bænarskrá. Af þessum ástæðum leggjum vjer það til, að veitt verði fje til aukalæknis í Eyjahrepp í Barðastrandarsýslu, en að maður verði þó eigi skipaður í aukalæknisdæmi þetta fyrri en læknirinn í 5. læknishjeraði er fluttur frá Brjánslæk lengra vestur í hjeraðið.

12. gr. Með því að sjerstök nefnd hefur verið skipuð til að gjöra tillögur um fjölgun póstferða m. fl., sem ekki hefur enn látið uppi álit sitt, viljum vjer leiða hjá oss að sinni að gjöra ákveðnar tillögur um hækkun á launum handa póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum og því fje, sem ætlað er til póstflutnings, þótt nefndin sje á því, að töluverðu þurfi við það að bæta, en að öðru leyti höfum vjer ekkert við greinina að athuga.

13. gr. A. b. 2. Að því er snertir athugasemdina við tölulið þennan, þá virðist helmingurinn af þeim 400 kr., sem Grímsey eru ætlaðar, þegar vera talinn í þeim 1800 kr., sem á undan eru tilgreindar, og samkvæmt því mundi til þeirra brauða, sem þar eru nefnd, mega komast af með 2500 kr. hvort árið, en nefndin vill þó eigi leggja til, að upphæðin sje færð niður um þær 200 kr., sem þannig gæti verið um að ræða, því svo getur á staðið, að full þörf sje á, að landstjórnin hafi þetta litla fje til umráða.

Nefndinni hefur borizt bænarskrá um uppbót á Stóruvallaprestakalli, og fylgir henni skýrsla, er sýnir, að allar tekjur tjeðs prestakalls hafa árin 1889—90 og 1890—91 verið að meðaltali 655 kr. 22 a.; þó að prestakall þetta sje þannig eflaust eitthvert hið tekjuminnsta á landinu, þá sjer nefndin sjer eigi fært að leggja það til, að því sje veitt sjerstök uppbót á fjárlögunum, en hún vill mæla með því, að landstjórnin taki sjerlegt tillit til prestakalls þessa við úthlutunina á bráðabirgðaruppbót þeirri, sem tilfærð er í nefndum tölulið.

Sóknarnefndin í Grundarprestakalli í Eyjafirði hefur óskað eptir, að prestakalli þessu verði lögð til uppbótar leigulaus á búðarjörð; að því er uppbótina snertir út af fyrir sig, þá þykjumst vjer eigi geta mælt með henni, en á hinn bóginn þætti oss það vera hagfelld ráðstöfun, ef landstjórnin hlutaðist til um, að önnurhvor þeirra jarða, sem um er að ræða, Hrafnagil eða Munkaþverá, yrði við fyrsta tækifæri útlögð fyrir prestssetur í nefndu prestakalli.

13. gr. A. b. 4. Bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli til húsabygginga á staðnum þykir oss að vísu ástæða til að veita í þetta sinn, en oss þykir rjettara, að upphæðin komi öll fyrra árið, og jafnframt viljum vjer leggja það til, að hún sje færð niður um 100 kr.

13. gr. A. b. 6. Nefndinni hefur borizt bænarskrá um, að uppgjafapresti Guðmundi G. Sigurðssyni verði veitt 100—200 kr. árlega sem eptirlaunastyrkur. Svo stendur á með uppgjafaprest þennan, að hann hefur engin eptirlaun, og mun það vera og verið hafa um langan tíma eindæmi, en aptur á móti hefur honum

verið veittur á synodus meiri styrkur en nokkrum öðrum, og það hefur bóndi sá, er hefur haldið hann vitskertan í næstliðin 20 ár, fengið í meðlag með honum, en nú kveðst hann eigi geta haldið hann lengur nema hann fái með honum fullar 400 kr. eða hjer um bil 100 kr. fram yfir það, sem hann hefur getað fengið frá synodus; að öðrum kosti verði hann að koma til sveitarráðstöfunar. Nefndin vill leggja með því, að beiðni þessi verði tekin til greina á þann hátt, að í því skyni verði viðbót sú, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum, aukin um 100 kr. árlega.

Hina aðra töluliði í staflið þessum hefur nefndin ekkert að athuga við.

13. gr. B. I. b. 2. Nefndinni þykir eigi nauðsyn bera til að fjölga ölmusum við prestaskólann og leggur því til, að veittar sjeu að eins 3 ölmusur. Hina aðra liði í tölulið þessum hefur hún ekkert að athuga við og heldur eigi við.

13. gr. B. II. útgjöldin til læknaskólans.

13. gr. B. III. b. Sögukennari Páll Melsteð hefur sent oss bænarskrá um að fá að halda launum þeim, sem honum er ætluð sem kennara í sögu, þó að hann síðara ár fjárhagstímabilsins eigi yrði fær um að gegna þeim starfa. Nefndin viðurkennir, að hjer á sá maður í hlut, sem á miklar þakkir skyldar af þjóð vorri fyrir störf sín, bæði sem kennari og sem rithöfundur, og þykir henni nauðsyn bera til, að honum verði veitt nægilegt fje til uppeldis í elli sinni, þó að hann eigi sje embættismaður með rjetti til eptirlauna; en þótt beiðandinn sje kominn fast að áttræðu, þá er kunnugt, að hann er enn óvanalega ern og því fremur ungur í anda, og þess vegna er vonandi, að hann enn verði fær um að halda störfum sínum næsta fjárhagstímabil. Nefndin vill því ekki leggja það til, að nú þegar sje ákvörðun tekin um að leysa hann frá starfa sínum, sem beiðandinn heldur eigi fer fram á, en á annan hátt sjáum vjer eigi, að honum verði að svo stöddu ákveðin eptirlaun í fjárlögunum.

13. gr. B. III. c. 5. Ölmusur til lærðaskólans höfum vjer ekkert að athuga við, hvað upphæðina snertir, en vjer viljum bæta þeirri athugasemd við, að landshöfðingi úthluti þeim eptir tillögum kennarafundar. Kennararnir eru kunnugastir verðleikum piltanna, að því er ástundun og reglusemi snertir, og að jafnaði einnig þörfum þeirra.

13. gr. B. III. c. 9. Upphæðinni til vísindalegra áhalda leggjum vjer til, að skipt sje jafnt milli náttúrusögusafnsins og eðlisfræðisáhaldanna, samkvæmt ósk náttúrusögukennarans, eins og einnig hefur átt sjer stað að undanförnu; jafnframt viljum vjer leggja það til, að upphæðin sje, samkvæmt ósk hlutaðeigandi kennara, færð fyrra árið upp í 500 kr. til hvors fyrir sig, að því er náttúrusögusafnið snertir vegna vantandi skápa, og að því er eðlisfræðisáhöldin snertir vegna vantandi áhalda.

13. gr. B. V. Skóli sá, er hjer ræðir um, heitir að lögum «stýrimannaskóli».

Kennari skólans hefur vakið eptirtekt á því, að fje það, sem ætlað er í lögunum um stýrimannaskólann til húsnæðis, eldiviðar og ljósa, sje of lítið,

og fellst nefndin á að svo sje, og vill því leggja til, að upphæð þessi sje færð upp í 400 kr. á ári.

13. gr. B. VI. a. Aðsóknin að kvennaskólunum fer vaxandi ár frá ári, og hlutaðeigandi stofnanir gjöra það, sem þær geta, til að fullnægja þörfunum; þannig hafa næstliðin ár 3 bekkir verið á kvennskólanum í Reykjavík og á kvennaskólanum á Ytriey hafa næstliðinn vetur verið 39 stúlkur allan skólatímann, og voru þó margar, er eigi gátu komizt að. Nefndinni þykir því nauðsyn bera til að hækka styrkinn til stofnana þessara um samtals 1300 kr. á ári. Við upphæð þá, er skiptist milli skólanna á Ytriey og Laugalandi, þykir oss að eins takandi til greina fjöldi þeirra nemenda, sem eru allan kennslutímann, og leggjum því til, að það sje tekið fram í athugasemdinni.

13. gr. B. VI. b. 2. Styrkurinn til sveitakennara leggjum vjer til, að sje færður upp í 4000 kr. hvort árið; þótt kennsla sú, er þeir veita kunni víða að vera ófullkomin, þá er þó eigi efamál, að hún er að öllu samtöldu til verulegs gagns. Athugasemdinni, eins og hún er í núgildandi fjárlögum, þykir oss óþarft að breyta, og leggjum því til, að úr frumvarpi stjórnarinnar sjeu felld orðin «og stiptsyfirvaldanna».

13. gr. B. VI. c. Frá stjórn Flensborgarskólans hefur komið beiðni um hækkun á styrkinum til hans og um að fá lán úr landsjóði til aðgjörðar á skólahúsi gegn veði í því og jörðunni Flensborg, er greiðist með 6% í vexti og afborgun í 28 ár. Hinu fyrra sjáum vjer oss eigi fært að leggja með, en aptur á móti viljum vjer leggja með, að lán verði veitt úr viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. á þann hátt, sem um er beðið, og gjörum því þar að lútandi tillögu um viðbót við frumvarpið.

Landshöfðinginn hefur í brjefi 8. þ. m. farið þess á leit, að vjer kæmum fram með tillögur um, að veittar verði 1000 kr. á næsta fjárhagstímatímabili sem styrkur handa manni, er vildi búa sig undir að taka að sjer kennslu heyrnar- og málleysingja hjer á landi. Vjer erum honum samdóma um, hve nauðsynlegt er að slík kennsla færi fram hjer á landi, svo að heyrnar- og málleysingjarnir bæði læri íslenzka tungu og venjist við þau störf, er gjöri þá færa um að afloknu náminu að vinna fyrir sjer hjer á landi. Fyrir því viljum vjer leggja til, að í því skyni verði veittar 1000 kr. fyrir árið 1892.

Frá verzlunarskólanum í Reykjavík hefur komið bænarskrá um 250 kr. styrk á ári handa nefndum skóla og með því að vjer viðurkennum not þau, er orðið geti að slíkri stofnun, þá viljum vjer leggja til, að nefndri beiðni sje veitt áheyrn.

13. gr. B. VII. Af ástæðum þeim, sem nefndar eru í athugasemdunum við frumvarp stjórnarinnar, þykir oss æskilegt, að komið yrði á fót kennslu í skólaiðnaði, og með því að vjer eigi sjáum, að það yrði til hlítar gjört með minna fje en farið er fram á, leggjum vjer til að það verði veitt.

Í nefndinni hefur því verið hreift, að nauðsyn bæri til, að veita styrk til sundkennslu í Reykjavík, sumpart eitt skipti til að búa vel um sundlaugina hjá Laugarnesi, sumpart árlega til kennslunnar, móti því að lærisveinar

hins lærða skóla njóti þar ókeypis kennslu, og ennfremur fje til sundkennslu annarsstaðar. Þetta þykir oss ástæða til að taka til greina, og viljum vjer því leggja til, að veittar sjeu árlega 200 kr. til sundkennslu í Reykjavík og 400 kr. til sundkennslu annarsstaðar á landinu, sem og 500 kr. næsta ár til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi.

13. gr. C. 1. d. Frá landsbókasafnsnefndinni hefur komið bænarskrá um, að veittar verði allt að 2000 kr. á ári fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá, þar sem það er tekið fram, að fje það, sem hingað til hefur verið veitt í þessu skyni, sje allt of lítið til alls þessa, og af því að svo mikið fje þurfi að ganga til bókbands, þá geti safnið sumpart eigi keypt þau handrit, er því bjóðast og æskilegt væri, að safnið eignaðist, sumpart geti það að eins varið árlega litlu fje til eiginlegra bókakaupa. Nefndinni þykja ástæður þessur þessar svo takandi til greina, að hún leggur til, að veittar sjeu í þessu skyni 1800 kr. á ári.

13. gr. C. 1. f. Upphæð sú, sem safnið er tryggt fyrir til brunabóta, leggjum vjer til, að sje færð upp í 75000 kr., og að því sjeu veittar til brunabótagjalds 300 kr. á ári.

13. gr. C. 2. Upphæðinni til amtsbókasafnanna föllumst vjer á að halda óbreyttri, en leggjum til, að tölulíðurinn sje orðaður öðruvísi, svo að styrkurinn eigi þyrfti að falla niður, þótt hagfelldara þætti að flytja bókasafn Vesturamtsins úr Stykkishólmi á annan stað.

13. gr. C. 5. Fornfræðingur S. Vigfússon hefur sótt um, að upphæð sú, sem honum er veitt til rannsóknar fornmenja, sje færð upp um 300 kr. á ári; þetta hefur nefndin eigi getað aðhyllzt beinlínis, en hún vill leggja það til, að borgunin fyrir umsjón forngripasafnsins, sem hann einnig hefur á hendi, verði færð upp úr 200 kr. í 400 kr., en nefndin ætlast þá til þess jafnframt, að hann vinni að því að tölusetja gripi safnsins, sem oss þykir næsta nauðsyn á, að gjört sje smámsaman, svo að af tölunum megi finna, hvar hlutirnir eru tilgreindir í hinum prentuðu og skrifuðu ársskýrslum um safnið.

Frá Fornleifafjelaginu höfum vjer meðtekið bænarskrá um, að það fái að halda þeim 300 kr. styrk, er það hefur haft að undanförnu; þetta viljum vjer leggja til, að verði veitt, en með því skilyrði, eins og í núgildandi fjárlögum, að árbók þess komi út; komi árbók eigi út, eins og nú hefur átt sjer stað í nokkur ár, þá kemur styrkurinn eigi til útborgunar.

Náttúrufræðisfjelagið hefur einnig óskað eptir að fá að halda þeim 400 kr. árlega styrk, sem því er veittur í núgildandi fjárlögum, og jafnframt tekið það fram, að tilvera fjelagsins sje undir því komin, að hinn umbeðni styrkur verði veittur, og með tilliti til þeirra framkvæmda, sem hinar prentuðu skýrslur þess bera vott um, leggjum vjer til, að hinn umbeðni styrkur verði veittur.

13. gr. C. 6., 7. og 8. Töluliði þessa höfum vjer ekkert athuga við, eins og yfir höfuð eigi við þá liði greinar þessarar, er vjer eigi höfum sjerstaklega minnzt á.

Frá stórstúku Íslands höfum vjer fengið bænarskrá um 300 kr. styrk á

ári, til að útbreiða bindindi og til útbreiðslu bindindisrita. Það er kunnugt, hvert kapp fjelag þetta leggur á að útbreiða bindindi og að því hefur í því tilliti meira ágengt orðið en nokkru öðru bindindisfjelagi hjer á landi; það má því telja víst, að styrkur, sem því væri veittur, mundi hafa mikil áhrif í þessa átt og auk þess beinlínis að fjölga bindindismönnum, einnig glæða meðvitund almennings um það, hve skaðleg og ósæmileg ofdrykkjan er. Fyrir því leggjum vjer það til, að tjeðri bæn sje veitt áheyrn.

Bænarskrár um styrk til að læra dýralækningar hafa oss borizt frá 2 mönnum. Við umræðurnar um frumvarp til laga um skipun dýralækna hjer á landi hefur það komið fram, hver nauðsyn er á, að íslenzkir menn læri dýralækningar, en vjer sjáum engan veg til þess, að því verði framgengt, nema því að eins, að nemendunum sje veittur styrkur til þess, og þykir oss hann þá eigi mega minni vera en á borð við styrk þann, sem íslenzkir stúdentar fá fyrstu árin við háskólann; á hinn bóginn viljum vjer eigi binda fjárveitinguna við þá tvo menn, er styrksins hafa beiðzt, heldur leggjum til, að veittar sjeu 1200 kr. á ári, sem styrkur til tveggja manna til að búa sig undir að verða dýralæknar hjer á landi.

Frá kandidat í læknisfræði Guðmundi Magnússyni höfum vjer meðtekið bænarskrá um 1200 kr. styrk til að ferðast til Þýzkalands og Austurríkis í því skyni að auka þekkingu sína í læknisfræði. Umsækjandinn, sem við burtfararpróf sitt frá latínuskólanum fjekk ágætiseinkunn og við embættispróf við háskólann betri einkunn í læknisfræði en nokkur annar íslenzkur maður hefur hlotið, hefur síðan hann tók prófið lagt sig eptir að ná frekari æfingu og framförum með því að stunda læknisstörf á spítölum í Kaupmannahöfn, en nú óskar hann að auka þekkingu sína enn meir með tjeðri ferð, og jafnframt tekur hann fram, að hann hefur í huga að nota ferðina til að fullkomna kunnáttu sína á þann hátt, að hún megi sem bezt verða að notum hjer á landi. Með því að hjer á sá maður hlut að máli, er vænta má, að verði landi voru til mikils gagns, þá vill nefndin eindregið leggja til, að beiðni hans sje veitt áheyrn, með því og að upphæðin muni eigi mega minni vera en til er tekið, til þess að hann geti haft full not af ferðinni.

Ingenieur Sigurður Thoroddsen hefur sótt um styrk til að ferðast til Noregs og Svissaralands, til að fullkomnast í vegagjörð. Umsækjandinn er hinn eini Íslendingur, sem leyst hefur af hendi próf í ingenieurvísindum, en vegagjörð sú, er við á á Íslandi, verður eigi lærð í Danmörku, og þar sem umsækjandinn tekur fram, að það sje ósk sín að verja kröptum sínum í þarfir Íslands, og Ísland hins vegar hefur fulla þörf á, að stöðugt sje hjer á landi maður, sem kunnáttu hafi í vegagjörð og öðru, er að ingenieurvísindum lýtur, þá vill nefndin leggja það til, að honum sjeu veittar næsta ár 1200 kr. til þess, er hann biður um.

Frá frú Torfhildi Holm höfum vjer fengið bænarskrá um styrk allt að 625 kr. á ári til að gefa út ársrit. Með því að nefndin álítur vert að styrkja

konu þessa til að halda áfram ritstörfum sínum, en henni mun veita það mjög ervitt styrklaust, þá leggjum vjer til, að henni sje veittur 500 kr. styrkur á ári til ritstarfa.

Frá kand. í sögnvísindum Boga Melsteð höfum vjer meðtekið bænarskrá um 1000 kr. styrk á ári, svo að hann geti varið öllum tíma sínum til að rita sögu Íslands, og væntir hann eptir, að hann muni þá, að 4 árum liðnum hafa lokið 1. bindinu og verða búinn að safna miklu til framhaldsins. Svo mikilsvert sem nefndinni þykir, að slíkt rit yrði samið, þá treystir hún sjer þó eigi til að leggja með beiðninni, eins og hún liggur fyrir, en vill leggja það til, að nefndum beiðanda verði veittur 500 kr. hvort árið til að búa sig undir að rita sögu Íslands.

Frá kand. theol. Hannesi Þorsteinssyni höfum vjer fengið bænarskrá um 1200 kr. styrk á ári til að koma góðu skipulagi á landsskjalasafnið og semja nákvæma skrá yfir það. Tveir af oss nefndarmönnum hafa skoðað safn þetta og telja þeir mestu nauðsyn á að búa betur um það, til að forða því eyðileggingu, og jafnframt þykir þeim mikilsvert, að haldið sje áfram skrásetningu yfir það og því betur raðað niður. Á hinn bóginn er umsækjandinn manna færastur til slíks starfa, bæði fyrir hina sjerstöku hæfilegleika sína og elju þá, sem hann er kunnur að; fyrir því viljum vjer leggja til, að honum sje veittur styrkur til þess, en vjer þykjumst eigi geta farið lengra en, að styrkurinn sje 600 kr. á ári.

Í nefndinni hefur komið fram uppástunga um, að skáldinu sjera Matthíasi Jochumssyni yrðu veittar árlega 1000 kr. sem skáldlaun, og tillögu þessari vill nefndin veita meðmæli sín, því hjer á sá maður hlut að máli, sem skylt er, að þjóðin sýni viðurkenningu fyrir það, sem hann hefur gjört, og jafnframt gæti þetta orðið til að ljetta á honum áhyggjum, sem erviðar ástæður hans hafa í för með sjer, og þannig gjöra hann færari um framvegis að prýða bókmenntir vorar með ljóðum sínum.

14. gr. er ekkert að athuga við.

15. gr. Hjer fellur burtu styrkurinn til Árna Thorlacius með því hann er dáinn, en aptur á móti leggjum vjer til, að styrkurinn til Katrínar Þorvaldsdóttur sje færður upp í 300 kr., svo að hann verði jafn og styrkurinn til Guðrúnar Guðjóhnsen.

Fyrir fráfall biskups P. Pjeturssonar og Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar má færa upphæðina á þessari grein niður nokkuð, en þó eigi meira en um svo sem 4000 kr., því auk þess sem talið er í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið og sem nemur rúmum 45800 kr. á ári, þá hvílir á þessari grein eptirlaun til prestaekkna og til þeirra, sem nafngreindir eru í greininni.

16. gr. er ekkert að athuga við.

17. gr. Grein þessi breytist að sjálfsögðu eptir atkvæðagreiðslunni í þinginu.

18. gr. er ekkert að athuga við.

Samkvæmt því, sem nú hefur sagt verið, leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja eptirfylgjandi:

Breytingartillögur
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893.

1. Við 2. gr. 11. Fyrir: »40000 — 40000 — 80000«
komi: »43000 — 43000 — 86000«.
2. —— —— Á eptir 13. tölulið bætist inn í nýr töluliður svo hljóðandi:
»14. Tekjur af gufuskipi sem haldið er út til strandferða á kostnað landsjóðs . . . . . 12000 — 12000 — 24000«
3. — 4. gr. Aptan við greinina bætist: »Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á láninu til hans af viðlagasjóði«.
4. — 10. gr. B. 4. e. Fyrir: »kostnaður við sakamál og lögreglumál . . . . 1500«
komi: »kostnaður við sakamál og lögreglumál . . . . 3000«
5. — — gr. C. 4. a. 3. Fyrir: »Eyðum 2000«
komi: »Eyðum 2500«
6. — — — C. 4. a. 4. Fyrir: »Hvanneyri 2000«
komi: »Hvanneyri 1500«
7. — — — C. 4. b. Fyrir: „til búnaðarfjelaga 8000“:
komi: „til búnaðarfjelaga 15000“.
8. — — — C. 4. Á eptir d (styrknum til sjera Odds) bætist við nýir tölulíðir svohljóðandi:
9. — — — e. Styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla . . . . . 300 kr.
10. — — — f. Styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu . . . . . 200 —
11. — — — g. Styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið . . . . 4000 —
12. — — — C. 5. a. Fyrir: „til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum . . . . . 3000 kr. —“
komi: „til að útvega vegfróðan mann . . . . 3000 — 3000 —“
13. — — — C. 5. b. Fyrir: „til að bæta vegi á aðalpóstleiðum 25000 — 25000 —“
komi: „til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . 26000 — 26000 —“
14. — — — C. 6. Töluliðurinn orðist svo:

„Til gufuskipaferða:

a. til strandferða frá útlöndum	9000 —	9000
b. til að halda úti skipi til strandferða á kostnað landsjóðs .	50000 —	50000
c. til gufubátsferða á Vestfjörðum	3000 —	3000
d. — —— - Breiðafirði	3000 —	3000
e. — — — - Faxaflóa	3000 —	3000
f. — —— - Austfjörðum	3000 —	3000

Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna eða meiri hluta þeirra, ef þær greinir á . . . . . 71000 — 71000 “

15. Við 10. gr. C. 5 og C. 6. Töluliðir þessir flytjist til 12. gr. og verði þar B. og C.
16. — 11. gr. 2. Nýir stafliðir bætist við svohljóðandi:
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu.
h. til læknis í Eyjahreppi á Breiðafirði með næstu sveitum Barðastrandarsýslu, er skipaður sje eigi fyrri en læknirinn í 5. læknishjeraði er fluttur frá Brjánslæk lengra vestur í hjeraðið.
17. — 12. gr. Upphaf greinarinnar verði svo:
„Til samgöngumála veitast 167300 kr.
.A
Til útgjalda við póststjórnina:
18. — 13. gr. A. b. 4. Fyrir: „bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli o. s. frv. . . . . 300 — 300“
komi: „bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli o. s. frv. . . . . 500 — »
19. — — — A. b. 6. Fyrir: „viðbót við eptirlaun o. s. frv. 3000 — 3000“
komi: „viðbót við eptirlaun o. s. frv. 3100 — 3100“
20. — — — B. I. b. 2. Fyrir: „4 ölmusur 800 — 800«
komi: „3 ölmusur 600 — 600“
21. — — — B. III. c. 5. Á eptir: „ölmusur 6000 — 6000“ bætist inn í:
„Upphæðinni úthlutar landshöfðingi eptir tillögum kennarafundar.“
22. — — — B. III. c. 9. Töluliðirnir orðist svo:
„til vísindalegra áhalda við kennslu
a. í náttúrusögu 500 — 200
b. í eðlisfræði 500 — 200“
23. — — — B. V. Fyrir: „til sjómannaskólans“
komi: „til stýrimannaskólans.“
24. — — — B. V. b. 1. Fyrir: „til húsnæðis o. s. frv. 300 kr.“
komi: »til húsnæðis o. s. frv. 400 kr.«
25. — — — B. VI. a. 1. Fyrir: »til kvennaskólans í Reykjavík 1500 kr.«
komi: »til kvennaskólans í Reykjavík 1800 kr.«
26. — — — B. VI. a. 2. Fyrir: »til kvennaskólans á Ytriey 1000«
komi: »til kvennaskólans á Ytriey 1200.«
27. — — — B. VI. a. 3. Fyrir: til »kvennaskólans á Laugalandi 1000«
komi: »til kvennaskólans á Laugalandi 1200.«
28. — — — B. VI. a. 4. Fyrir: »til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi 1400«
komi: »til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi 2000.«
29. — — — B. VI. a. 4. Athugasemdin orðist svo:
»Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans. Þar af 500 kr. til námsmeyja.«
30. — — — B. VI. b. 2. Fyrir: «til sveitakennara o. s. frv. 2500 — 2500»
komi: «til sveitakennara 4000 — 4000».

31. Við 13. gr. B. VI. b. 2. Í athugasemdinni falli burt orðin: «og stiptsyfirvaldanna».

32. — — — B. VI. Nýir stafliðir bætist við svo hljóðandi:
«e. til verzlunarskóla í Reykjavík . . . . . 250 — 250

33. — — — f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum fyrra árið . . . . . 1000 — » »

34. — — — Aptan við 13. gr. B. bætist við nýr töluliður svo hljóðandi:
VIII. til sundkennslu:

35. — — — a. sundkennslu í Reykjavík . . . . . 200 — 200
Lærisveinar latínuskólans njóti ókeypis kennslu.

36. — — — b. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . 400 — 400

37. — — — c. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi fyrra árið . . . . . 500 — »

38. — — — C. 1. d. Fyrir: «fyrir bækur o. s. frv. 1200 — 1200» komi: «fyrir bækur o. s. frv. 1800 — 1800».

39. — — — C. 1. f. Fyrir: «brunabótagjald fyrir safnið 200 — 200». komi: «brunabótagjald fyrir safnið 300 — 300».

40. — — — C. 2. Töluliðurinn orðist svo:
«til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins . . . . . 400 — 400»

41. — — — C. 5. b. Fyrir: «til umsjónar 200» komi: «til umsjónar 400».

42. — — — C. Aptan við 13. gr. bætist nýir töluliðir svohljóðandi:
«9. Til fornleifafjelagsins . . . . . 300 — 300
útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.

43. — — — 10. Til náttúrufræðisfjelagsins . . . . . 400 — 400

44. — — — 11. Til stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis og bindindisrita . . . . . 300 — 300

45. — — — 12. Styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi . . . . . 1200 — 1200

46. — — — 13. Ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar fyrra árið . . . . . 1200 — »

47. — — — 14. Ferðastyrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens fyrra árið . . . . . 1200 — »

48. — — — 15. Styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar, til að koma skipulagi á landskjalasafnið og halda áfram skrásetningu yfir það . . . . . 600 — 600

49. — — — 16. Styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að búa sig undir að rita sögu Íslands . . . . . 500 — 500

50. — — — 17. Styrkur til frú Torfhildar Holm til ritstarfa . . 500 — 500

51. — — — 18. Skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar . . 1000 — 1000»

Við 15. gr. Fyrir: «90000 kr.» komi: «86000 kr.».

52. Við 15. gr. Orðin: «til Árna Thorlacius 200 kr.» falli burt.
53. — — — Fyrir: «til Katrínar Þorvaldsdóttur o. s. frv. 200 kr.» komi: «til Katrínar Þorvaldsdóttur o. s. frv. 300 kr.»
17. gr. breytist eptir því, sem atkvæðagreiðslan gefur tilefni til.
54. gr. Aptan við frumvarpið bætist athugasemd svo hljóðandi:
«Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðunni Flensborg og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

— Samlagning talnanna í frumvarpinu, tala á liðum og greinum breytist eptir breytingartillögum þeim, er samþykktar verða.

Neðri deild alþingis, 25. júlí 1891.

Eiríkur Briem formaður. Skúli Thoroddsen skrifari og framsögumaður.

Indriði Einarsson. Jón Jónsson 1. þm. N.-M. Jón Þórarinsson.
Sigurður Gunnarsson. Sigurður Jensson.

Nd. **189. Nefndarálit**

í málinu: **Frumvarp til laga um breyting á farmannalögum 22. marz 1890.**

Nefnd sú, sem hin háttvirta neðri deild alþingis skipaði til þess að láta uppi á lit sitt um mál þetta, gat ekki orðið ásátt um það.

Meiri hlutinn hefur eigi fundið neina fullnægjandi ástæðu til þess, að frumvarpið eigi skilið að verða að lögum.

Okkur getur eigi blandazt hugur um, að það sje óheppilegt, að af nema skipsagabálk fyrir skip þau, sem um er rætt í frumvarpinu. Þó að hásetar fái nokkurn hluta af aflanum sem kaup, þarf það eigi að gjöra neina hindrun fyrir framkvæmd laganna, enda er beinlínis gjört ráð fyrir því í lögunum, að kaup-upphæðin geti verið ákveðin, og þó að hásetar gjöri sig sjálfa út að mat, gjörir það heldur eigi lögin óþörf.

Að því er snertir lögskráning skipa, sjer meiri hlutinn enga ástæðu til að undanskilja þessi skip frá henni, enda virðast eigi miklir erfiðleikar vera á því, að lögskrá fiskiskip, þar sem umboðsmaður sýslumanns, er amtmaður skipar, á að koma í stað sýslumanns, ef hann er eigi á þeim stað, er þarf að lögskrá skip, eða þar í nánd (23. gr.).

Samkvæmt þessu ræður meiri hlutinn hinni háttvirtu neðri deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 24. júlí 1891.

Skúli Thoroddsen. Páll Briem.
skrifari og framsögumaður.

Undirskrifaður, sem varð í minni hluta í nefndinni, leyfir sjer að láta í ljósi það álit sitt um málið, sem hjer fer á eptir.

Farmannalög 22. marz 1890 eru að mestu leyti útlegging af dönskum lögum um sama efni, og eru því samin með þau skip fyrir augum, er fara milli landa, eða sem höfð eru til flutninga hafna milli. Ákvæði laganna eru því á sama hátt og ákvæði hinna dönsku laga miðuð við þarfir slíkra skipa, en ekki sniðin eptir þörfum íslenzkra fiskiskipa, eða þeim staðháttum og öðrum atvikum, sem nauðsynlega þurfa að koma til greina, er semja skal lög handa fiskiskipum. Þó virðist stjórnin með einum bálki laga þessara, skipsagabálki, sem lagður var sem *sjerstakt* frumvarp fyrir alþingi 1889, hafa viljað taka

sjerstakt tillit til íslenzkra fiskiskipa, þar sem orðinu »fiskiskipum« er bætt s n við fyrirsögn þeirra, enda er þess getið í athugasemdum stjórnarinnar, að hún hs ætlazt til, að *þessi sjerstöku lög* eða frv. til laga tækju einnig til íslenzkra fiskiskipa.

Þeim 4 frumvörpum um siglingar, sem stjórnin lagði fyrir þingið 188 'ar af þinginu steypt saman í eina heild með nafninu »frumvarp til farmannalaga«, er in náði konunglegri staðfestingu. En um leið og frumvarp stjórnarinnar um stjórn og á íslenzkum verzlunar- og fiskiskipum var innlimað í þessa lagaheild, hefur orðinu kiskip« verið sleppt úr fyrirsögn þess bálks laganna, sem hljóðar um stjórn og aga á s im, og er nefndur: skipsagabálkur.

Þegar úr því skal ráða, hvort þingið 1889 hafi samt sem áður ætla til, að þessi bálkur laganna tæki til fiskiskipa, verður að skoða hin einstöku ákvæði ins og athuga, að hve miklu leyti þau geta átt við, eða eru sniðin eptir þörfum og s náttum hjer við land. Og virðist það þá augljóst, að þessi bálkur laganna, eins og öl lögin í heild sinni, sje saminn með flutningaskip fyrir augum, bæði þau, er fara landa illi, og þau, er fara hafna milli hjer við land, en alls ekki með tilliti til fiskiskipa, la eru *fiskiskip* hvergi nefnd í öllum farmannalögunum frá 22. marz 1890.

Samt sem áður hefur, eins og kunnugt er, ágreiningur risið um það, ort lög þessi taki til íslenzkra fiskiskipa, og hefur hinn hæstvirti landshöfðingi lagt nn úrskurð á, að farmannalögin 22. marz 1890 skuli einnig taka til þeirra, að dagl karbálki einum undanskildum.

Fyrir því hefur ýmsum þeim, er lög þessi varðar mest, þótt nauðsynleg að gjörð væri við þau sú breyting, að undan þeim væru skilin fiskiskip, að minnsta kos þau, er gjörð væru út á þann hátt, sem hjer við Faxaflóa og víðar er almennastur, að skipverjar gera sig sjálfir út að mat, en hafi hálfan afla sinn í kaup, eða einhvern tiltekinn hluta hans, með því líka að ýms ákvæði laganna t. d. um hegningu fyrir bro o. s. frv., geta ekki orðið framkvæmd, þegar svo stendur á, auk þess sem allþungur skattur er lagður á skipseigendur með skipskráningu og öðru því, er af lögum þessum fl ur.

Samkvæmt þessu verður minni hluti nefndarinnar að leggja það l, að hin háttvirta neðri deild alþingis samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 24. júlí 1891.

Jón Þórarinsson.

Ed. **190. Breytingartillaga**

við varatillögu um gagnfræðakennslu í lærða skólanum. Frá Grími Thomsen.

Orðin: »að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og« falli burt.

Nd. **191. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889, veitast 12,754 kr. 61 e. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við ýmisleg útgjöld í 10. gr. c. á fjárlögunum til umboðsstjórnarinnar o. fl. veitast:

1. Til að gefa út »Lovsamling for Island« XXI. bindi ..... 776 kr. 25 a.
2. Undir 5. lið b. til vegabóta á aðalpóstleiðunum .....3,000 — » -

3,776 kr. 25 a.

3. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til póststjórnarinnar, veitist:

Undir 2. lið til póstflutninga árið 1888 .....3,429 kr. 15 a.
1889 .....4,139 — 37 -
Undir 3. lið til annara útgjalda:
c. í fæðispeninga og ferðakostnað 1888 ..... 117 — 05 -
d. til prentunarkostnaðar 1889 ..... 664 — 10 -
e. til áhalda 1888 ..... 316 — 61 -
1889 ..... 82 — 57 -

8,748 kr. 85 a.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. fjárlaganna A. b. (önnur útgjöld) veitast 229 kr. 51 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma-prestakalls í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi þann, sem hann hefur beðið fardagaárið 1888—89 samkvæmt 16. gr. laga 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd.

192. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889. (Eptir 2. umr. í Nd).

		Fjárveiting.	Reikningur.
	I. Tekjur.	kr. a.	kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	45,000.00	36,611.79
2.	Húsaskattur	6,400.00	8,036.20
3.	Tekjuskattur	20,000.00	24,993.74
4.	Aukatekjur	44,000.00	39,276.71
5.	Erfðafjárskattur	6,000.00	4,956.49
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,000.00	2.018.50
7.	Vitagjald	10,000.00	13,587.56
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.00	4,285.82
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	70,000.00	52,648.08
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	180,000.00	187,642.04
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000.00	39,568.45
12.	Tekjur af póstferðum	36,000.00	37,453.61
13.	Ovissar tekjur	6,000.00	5,358.40
14.	Tekjur af fasteignum landsjóðs, að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	60,000.00	53,992.78
15.	Tekjur af kirkjum	1,000.00	529.75
16.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	63,000.00	73,432.30
	Borgað upp í lán, veiting: 44,893 kr. 49 a., reikningur: 98,489 kr. 64 a.		
17.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000.00	6,070.78
18.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.00	2,911.49
19.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.00	3,453.64
20.	Tillag úr ríkissjóði	167,000.00	167,000.00
21.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	»	4,453.70
22.	Tekjuhalli	39,702.84	114,798.05
	alls	805,302.84	883,079.88

	II. Gjöld.		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800.00	26,800.00
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	38,600.00	36,636.85
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	51,716.66	51,524.72
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	169,350.18	170,684.08
	C. Ymisleg útgjöld	113.152.00	110,599.29
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	94,844.00	94,538.41
5.	Til útgjalda við póststjórnina	63,000.00	71,402.14
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnnar	52,364.00	49,998.16
	B. Til kennslumálefna	150,996.00	148,598.73
	C. Yms útgjöld	15,100.00	15,000.00
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgðalána	5,200.00	9,184.10
8.	Eptirlaun og styrktarfje	60,000.00	77,722.54
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6,180.00	5,977.50
10.	Til óvissra útgjalda	3,000.00	3.077.54
11.	Útborganir samkvæmt lögum, sem hafa öðlazt gildi á fjárhagstímabilinu	»	4,690.12
12.	Fjáraukaveitingar	5,584.41	6,645.70
13.	Tekjuhalli, sjá að ofan: tekjur 22	»	»
	alls	855,887.25	883,079.88

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1889 ..... 873,895 kr. 99 aur.
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desember 1889 ..... 29,930 — 46 —
Reikningshalli landsjóðs 31. desember 1889 ..... 98,991 — 39 —

Nd.

193. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 11,505 kr. 94 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

C. 1:	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 kr.	33 a.
C. 5. b:	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn	5,000 —	» -
C. 5. c:	Til fjallvega	2,589 —	96 -
C. 6.	Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891	3,000 —	» -
	alls	10,748 kr.	29 a.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

A. b. 2.	Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891,	250 kr.	» a.
B. IV. b:	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu	500 —	» -
	alls	750 kr.	00 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 7 kr. 65 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Nd. **194. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Frá Ólafi Pálssyni.

Við 7. gr.: a, fyrir: »6 kr.«, komi: »4 kr.«.
b, fyrir: »5 kr.«, komi: »2 kr. 50 a.«.

Nd. **195. Breytingartillaga**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Frá Jóni Jónssyni þm. N.-M. og Árna Jónssyni.

Aptan við 10. gr. bætist: »Með lögum má afnema öll eptirlaun«.

Nd. **196. Tillaga**

til þingsályktunar um kennaramenntun. Flutningsmaður: Jón Þórarinsson.

Alþingi skorar á landstjórnina að hlutast til um, að kennsla í uppeldisfræði með verklegum æfingum fari fram á næsta fjárhagstímabili við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg, og semur landshöfðingi reglugjörð fyrir kennsluna. Kostnaður greiðist úr landsjóði.

Ed. **197. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í Lærðaskólanum o. fl. Frá Jóni A. Hjaltalín og Júl. Havsteen.

Í stað: »að í tveim neðstu bekkjum—en til vara«, komi:
»1. að gagnfræðakennsla komist á við Lærðaskólann.
2.«

Nd. **198. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til stjórnskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Frá Páli Briem.

1. Við 2. gr. Á eptir orðunum: »Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi« bætist: »svo sem segir í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 3. gr.
2. Í stað 3. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskript konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.
3. Í stað 6. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Konungur skipar landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur lætur landstjóra í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnar-

skrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

4. Í stað 7. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa landstjórans, nema berlega sje nefndur ráðgjafinn fyrir Ísland. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript landstjóra undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafinn, sem undir ályktun ritar með landstjóra, ber ábyrgð á henni.

Nú hefur landstjóri staðfest lög sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs, frá því er lögin hafa verið birt á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hún verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum eptir að hún hefur verið birt á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar.

Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni, svo sem síðar er fyrirmælt í 71. gr.

5. Aptan við 13. gr. bætist: Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.
6. Orðin í upphafi 16. gr.: »Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess að veita ályktunum alþingis lagagildi«, falli burt.
7. Orðin í enda 16. gr.: »Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.« falli burt.
8. Aptan við 17. gr. bætist: Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.
9. Í stað 20. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Á alþingi eiga setu 36 menn. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri og neðri þingdeild. Í efri deild sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deild. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum. Alþingismenn í efri deildinni skulu kosnir af sýslunefndunum, 3 í hverju amti. Alþingismenn í neðri deildinni skulu kosnir í kjördæmum.

10. Í stað 21. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Kosning alþingismanna gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtíma stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

Nd. **199. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Frá Indriða Einarssyni og Lárusi Halldórssyni.

1. Við 9. gr. Í stað: «neðri deild alþingis», komi: «alþingi».

2. Við 13. gr. Í stað: «aðra eða báðar deildir alþingis», komi: «alþingi».
3. Við 19. gr. Í stað: «neðri deild alþingis», komi: »alþingi».
4. 21. gr. orðist þannig: «Á alþingi sitja 36 menn, 12, er kjósa skal um land allt, eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum, og 24 kosnir í kjördæmum landsins. Tölu þingmanna má breyta með lögum».
5. Við 23. gr. Í stað: «kjörgengi til efri deildar», komi: «kjörgengi til kosninga um land allt».
6. Við 30. gr. Í stað: «hvor þingdeild» komi: »alþingi«
og í stað: «hvor þingdeildin fyrir sig» komi: «alþingi„.
7. Við 31. gr. Í stað: „Hvor þingdeild“ komi: alþingi.
og í stað: „þingdeildin“ komi: «þingið».
8. Við 34. gr. Orðin: «Frumvarpið til fjárlaganna, og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis“ falli burt.
9. Við 35. gr. Í stað: «Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann«
komi: »Alþingi kýs 2 yfirskoðunarmenn«.
10. Við 36. gr. Í stað: »þrisvar í hvorri þingdeild«
komi: »fimm sinnum á alþingi; við fimmtu umræðu verður að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir frá fjórðu umræðu, eða fella það«.
11. Við 37. gr. Greinin í heild sinni fellur burtu og greinatalan á eptir breytist samkvæmt því.
12. Við 38. gr. Í stað: »Þingdeildin sem hann á sæti í« komi: »alþingi«.
13. Við 41. gr. »Hvor þingdeildin og eins hið sameinaða« falli burt.
14. Við 42. gr. »Í stað: »Hvorug þingdeildin má« komi: »Alþingi má ekki«.
15. Við 43. gr. Orðin: »Í þeirri þingdeild sem hann á sæti í« falli burtu.
og í stað: »Þingdeildin« komi: »alþingi«.
16. Við 44. gr. Í stað: »Hvorug þingdeildin má« komi: »Alþingi má ekki«.
og í stað: »þingdeildarmanna« komi: »þingmanna«.
17. Við 45. gr. Í stað: »þingdeild« komi: »alþingi«.
18. Við 46. gr. Orðin: »beggja þingdeilda og hins sameinaða«
og orðin: »eða þingdeild sú, er hlut á að máli« falli burt.
19. Við 47. gr. Orðin: »hins sameinaða« og orðin: »og beggja þingdeilda« falli burtu.
20. Við 48. gr. Í stað: »öllum þingmönnum efri deildar«
komi: »12 mönnum, er alþingi kýs til þess æfilangt,«
og orðin: »Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efrideildarmenn sæti sínu í dóminum« falli burt.
21. Við 49. gr. Í stað: »neðri deild alþingis« komi: »alþingi».
22. Við 71. gr. Í stað: »beggja þingdeildanna« komi: »alþingis«.

Nd. **200. Breytingartillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Frá: Jóni Jónssyni N.-Þ., Lárusi Halldórssyni og Þorvarði Kjerúlf.

1. 54. gr. falli burtu.
2. 57. gr. verði 54. gr.
3. 56. gr. orðist þannig:

Rjettindi allra kirkjufjelaga og trúarbragðafjelaga skulu ákveðin með lagaboði.

(greinatalan breytist samkv. þessu).

4. 70. gr. orðist þannig:
Sjerrjettindi, er bundin sje við nafnbætur eða tign, má aldrei lögleiða.

Sþ. **201. Skýrsla**

til alþingis 1891 frá nefndinni um verðlaun af „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1889, samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" 24. ágúst 1881. gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsingu, er birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu eptir að vinna verðlaun af tjeðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1891 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Samkvæmt þessu barst nefndinni innan hins ákveðna tíma að eins ein ritgjörð:

GUÐFRÆÐINGATAL

eða ritgjörð um íslenzka stúdenta er tekið hafa embættispróf í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla frá 1707. Einkunn: Est utilitas in historia, non modo voluptas. (Cicero).

Fyrir ritgjörð þessa kom oss saman um að dæma verðlaun, að upphæð 450 kr., en eigi þótti oss ástæða til að nota heimild þá, er vjer höfum samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbrjefi voru til að veita verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefur á prent síðan alþing síðast var haldið.

Þegar opnað var hið lokaða brjef er fylgdi ritgjörð þeirri, er verðlaunin voru dæmd fyrir, kom í ljós að höfundur hennar var cand. theol. Hannes Þorsteinsson í Reykjavík og í brjefi dags 27. f. m. tilkynntum vjer landshöfðingjanum, hver verðlaun vjer hefðum dæmt nefndum höfundi.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Reykjavík, 25. júlí 1891.

Eiríkur Briem. Kristján Jónsson. Steingrímur Thorsteinsson.

Til
alþingis 1891.

Nd. **202. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga 1890 og 1891, eins og það var samþykkt við 2. umr í Nd. Frá Jens Pálssyni, Ólafi Briem, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Ól. Ólafssyni, Páli Briem og Þ. Guðmundssyni.

Í stað þessarar málsgreinar í 2. gr. frumvarpsins: »C. 6. Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891 . . . 3000 kr. 00 a.«, komi: »C. 6. Styrkur til ferða gufubátsins »Faxa« á Faxaflóa sumarið 1891 . . . . 3000 kr. 00 a.« Skilyrði fyrir útborgun þessa styrks eru:

1. Að bátnum sje haldið úti til októbermánaðarloka, og fari til þess tíma sem svari 8 ferðir á mánuði um svæðið frá Akranesi til Garðskaga og að minnsta kosti 8 ferðir alls milli Reykjavíkur og Borgarness.
2. Að báturinn hafi reynzt hæfur til flutninga í þessum ferðum fyrir menn og vörur.

Ed. **203. Frumvarp**

til laga um aðfluttar ósútaðar húðir. (Eptir 2. umr. í Ed.).

Landstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi.

Nd. **204. Nefndarálit**

um sölu nokkurra þjóðjarða.

Hin heiðraða Nd. fól oss undirskrifuðum að segja álit vort um „frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja jörðina Miðskóga í Miðdalahreppi“, og um þær málaleitanir um kaup á þjóðjörðum, er landshöfðingi og ýmsir einstakir þingmenn mundu leggja fram.

Að því er fyrst snertir frumvarp stjórnarinnar um sölu á Miðskógi, þá fellst nefndin að öllu leyti á ástæður frumvarpsins og leggur því til, að hin heiðraða deild samþykki sölu jarðarinnar.

Frá landshöfðingja og einstökum þingmönnum hafa nefndinni borizt bónarbrjef, ýmist ábúendanna sjálfra, eður annara fyrir þeirra hönd, um kaup á samtal 87 þjóðjörðum.

Með því nefndin álítur það bæði eðlilegt og affarasælast, að hverjum ábúanda þjóðjarðar, er hæfilegt verð býður fram, sje gefinn kostur á að fá ábýli sitt keypt, hefur nefndin álitið sjer skylt að rannsaka nákvæmlega þau skilríki, er henni voru í hendur fengin, og sem úr flestum hjeruðum eru öll hin sömu, og ákvæðin eru í auglýsingu 17. nóv. 1879. Það er að eins úr einni sýslu, Ísafjarðarsýslu, að ekki eru komin fram bónarbrjef ábúendanna sjálfra, heldur að eins umboðsmanns fyrir þeirra hönd, og ekki heldur mat hreppstjórans á þeim jörðum, er sýslumaður hefur umboðsstjórn yfir. En í þessu tilfelli bendir matið á jörðunum sjálfum, sem vjer álítum í alla staði sanngjarnlegt, á, að vöntun þessara skilríkja þurfi ekki að skoða sem svo verulegan galla, að fyrir þá sök þurfi að neita um kaup á jörðunum.

Vjer höfum ekki viljað leggja til, að þingið samþykki sölu á þeim jörðum, er ekki liggja fyrir þau skilríki, er vjer álítum fulltryggjandi, svo sem afgjaldsskýrsla, lýsing og mat umboðsmanns, og virðingargjörð sýslunefndar, og á þeim jörðum, er vjer leggjum til að gjörðar sjeu falar, höfum vjer haft fyrir oss þessi skilríki öll. Að vísu hefur umboðsmaður Möðruvallaklausturs ekki metið jarðirnar til peningaverðs, en lýsingar hans eru svo skýrar, að vjer höfum álitið þær fullnægjandi. Oss virðist nauðsynlegt að taka það fram, að í þessum virðingargjörðum sumum hverjum hefur oss fundizt minni stuðningur en vjer hefðum óskað. Mjög óvíða ber þeim saman, og sumstaðar er bersýnilegt, að þær eru teygðar sín í hverja áttina, svo að mjög mikið ber á milli, og á einum stað — þar sem mestur er mismunurinn, og ágreiningurinn hefur verið hlutaðeigendum vitanlegur—eru ekki færðar ástæður fyrir virðingargjörðunum, eða í öllu falli ekki fyrir annari þeirra, sýslunefndarinnar Nefndin hefnr því að nokkru leyti orðið að styðjast við eigin kunnugleika sinn, eða, þar sem þess var ekki kostur, að velja þann meðalveg, er hæfilegastur og sanngjarnastur þótti, og munum vjer jafnan hafa gætt þess, að landssjóður liði ekki halla. Þar sem verðið er sett lægra en svarar 25-faldri upphæð afgjaldsins, að jarðabótakvöðum meðtöldum, hefur oss

virzt, að jarðirnar hefðu einhverja þá ókosti, er rýrðu þær verulega í verði eða gjörðu þær óeigulegar fyrir landssjóðinn. Sjerstaklega er svo um sumar jarðirnar í Ísafjarðarsýslu og Skaptafellssýslu.

Sumar jarðir höfum vjer ekki tekið upp í frumvarp vort, af því oss hafa virzt hlunnindi þau, er þeim fylgja, of lágt metin og þeim ekki nægilega lýst. Einni jörð, Ólafsvík, slepptum vjer vegna þess, að vjer álítum Ólafsvíkurbúum, þurrabúðarmönnum, betra að vera leiguliðar landsjóðs en einstaks manns. Eina jörð höfum vjer tekið upp á frv., er fleiri menn fala til kaups en einn; svo stendur helzt á í Skaptafellssýslu, en þar hefur h. h. deild nýlega samþykkt tillögu um að fækka býlum.

Jarðir þær, er vjer leggjum til að gjörðar sjeu falar, eru 64, og getum vjer ekki minnzt á hverja einstaka þeirra; það yrði oflangt mál, en vjer látum leggja á lestrasalinn töflu, er sýnir dýrleika, afgjaldsupphæð, og matsverð nm-l oðsmanns og sýslunefnda á jörðunum, en að öðru leyti munum vjer við umræður málsins færa ástæður fyrir tillögum vorum.

Borgunarskilmálum þeim, sem hingað til hafa verið settir við þjóðjarðasölu, höfum vjer lítið eitt breytt, og vonum vjer að h. h. deild fallist á breytingar vorar. Vjer ætlumst til að $^1/_4$ verðsins verði greiddur, þegar er salan fer fram, en $^3/_4$ verðsins á 28 árum með 6% í vexti og afborgun.

Vjer leyfum oss því að ráða h. h. deild til að samþykkja eptirfylgjandi

FRUMVARP

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir verð það, er tilfært er við hverja þeirra:

1.	Miðskóg í Dalasýslu	fyrir 750 kr.
2.	Svarthamar í Ísafjarðarsýslu . .	— 1800 —
3.	Seljaland í sömu sýslu	— 2000 —
4.	Hattardal, meiri, í sömu sýslu .	— 2100 —
5.	Hattardal, minni, í sömu sýslu .	— 1900 —
6.	Glúmstaði (eyðijörð) í sömu sýslu	— 150 —
7.	Atlastaði í sömu sýslu	— 300 —
8.	Tungu í sömu sýslu	— 300 —
9.	Rekavík bak Látur	— 400 —
10	Stakkadal í sömu sýslu . . .	— 550 —
11.	Miðvík efri, í sömu sýslu . .	— 450 —
12.	Miðvík neðri, í sömu sýslu . .	— 600 —
13	Halldórsstaði (eyðijörð) í Strandas.	— 900 —
14.	Reykjanes í sömu sýslu . . .	— 1100 —
15.	Reyki í Hrútafirði	— 2800 —
16.	Sveinsstaði í Húnavatnssýslu .	— 3350 —
17.	Pálfastaði í Skagafjarðarsýslu .	— 2650 —
18.	Varmaland í sömu sýslu . . .	— 1350 —
19.	Geirmundarstaði í sömu sýslu .	— 3000 —
20.	Hafragil í sömu sýslu	— 2500 —

21. Skíðastaði með 1 hjáleigu í sömu s. fyrir 5000 kr.
22. Litla-Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu — 2500 —
23. Hofsárkot í sömu sýslu . . . — 1400 —
24. Sörlatungu í sömu sýslu . . . — 2600 —
25. Fjeeggsstaði í sömu sýslu . . — 1500 —
26. Þúfnavelli í sömu sýslu . . . — 3300 —
27. Skeggstaði í sömu sýslu . . . — 1000 —
28. Helgársel í sömu sýslu . . . — 1600 —
29. Fremstafell í Köldukinn . . . — 3000 —
30. Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði — 1650 —
31. Reyki í Fnjóskadal . . . . . — 3000 —
32. Tungu í Fnjóskadal . . . . . — 1800 —
33. Snæbjarnarstaði í sama hreppi . — 2400 —
34. Hjaltadal í sama hreppi . . . — 3300 —
35. Belgsá í sama hreppi . . . . — 1500 —
36. Þórðarstaði í sama hreppi . . — 1500 —
37. Efri-og Neðri-Mörk í Skaptafellss. — 1400 —
38. Seglbúðir í sömu sýslu . . . — 900 —
39. Norður-Hvamm í sömu sýslu . — 1500 —
40. Heiði í sömu sýslu . . . . . — 1100 —
41. Ásgarð í sömu sýslu . . . . — 225 —
42. Arnardrang í sömu sýslu . . . — 1050 —
43. Hörgsdal í sömu sýslu . . . . — 3000 —
44. Rauðaberg í sömu sýslu . . . — 1300 —
45. Ytri-Dalbæ í sömu sýslu . . . — 520 —
46. Seljaland í sömu sýslu . . . . — 1600 —
47. Húnkubakka í sömu sýslu . . — 1090 —
48. Heiðarsel í sömu sýslu . . . . — 1075 —
49. Hæðagarð í sömu sýslu . . . — 350 —
50. Brattland í sömu sýslu . . . . — 500 —
51. Ytri-Tungu í sömu sýslu . . . — 750 —
52. Efri-Fljót í sömu sýslu . . . . — 1360 —
53. Syðri-Fljót í sömu sýslu . . . — 800 —
54. Langholt (með kirkjunni), í sömu s. — 800 —
55. Staðarholt í sömu sýslu . . . — 1200 —
56. Hvamm í sömu sýslu . . . . — 1100 —
57. Flögu í sömu sýslu . . . . . — 1500 —
58. Hrísnes í sömu sýslu . . . . — 1400 —
59. Norður-Götur í sömu sýslu . . — 1000 —
60. Suður-Götur í sömu sýslu . . — 1000 —
61. Fagradal í sömu sýslu . . . . — 1850 —
62. Skeiðflöt í sömu sýslu . . . . — 1200 —
63. Kjalveg í Snæfellsnessýslu . . — 900 —
64. Hólkot í sömu sýslu . . . . — 1100 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Það sem eptir stendur, þrír fjórðungar kaupverðsins, greiðist á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1894.

Alþingi, 24. júlí 1891.

Sigurður Stefánsson. Þ. Guðmundsson form. og framsögumaður. Páll Ólafsson skrifari.

Árni Jónsson. B. Sveinsson.

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar. Flutningsm. Jens Pálsson.

1. gr. Amtsráðinu í vesturamtinu veitist, ef það beiðist þess, allt að 5000 króna lán úr viðlagasjóði til eflingar æðarvarpsræktar,—einkum til að eyða vargi, er æðarfugli grandar og varpi spillir—, á Breiðafirði og í Strandasýslu. Amtsráðið tekur lánið, og setur reglur um, hvernig því skuli varið. Lánið ávaxtast og endurgelzt á 28 árum með 6 af hundraði ár hvert.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar á Breiðafirði og í Strandasýslu, og fer um niðurjöfnunina og endurborgunina samkvæmt fyrirmælum 2., 3. og 4. gr. laga 8. janúar 1886 um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, og standi hlutaðeigandi sýslumenn amtsráðinu skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið láti því tafarlaust í landsjóð.

Nd. **206. Frumvarp**

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landsjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2^1/_3$ ár; en ef hann kaupir sjer geymdan lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_3$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum

þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskýrteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða, hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum.

Nd. **207. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $^1/_8$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$% af henni fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með annari málsgrein 8. greinar sömu tilskipunar, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Nd. **208. Breytingartillögur**

við breytingar og viðaukatillögur á 198. þingskjali við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Frá Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M. og Þorvarði Kjerúlf.

1. Við 2. tölulið. Aptan við þenna tölulið bætist: „Ráðgjafi Íslands hefur sem slíkur ekki sæti í ríkisráðinu“.
2. Við 4. tölulið. Málsgreinin: „Nú hefur landstjóri staðfest lög . . . sem lögboðið er um lagabirtingar“, falli burt.

Nd. **209. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í Nd. um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands.

Frumvarpið er þingskjal 48.

Nefndarálitið er þingskj. 156.

Breytingartillögur eru þingskjal 195, 198, 199, 200.

1. 1. gr. frv. óbreytt.
2. Við 2. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Á eptir orðunum: »Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru þessi«, bætist: »svo sem segir í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, 3. gr.«.
3. 2. gr. frv. breytt eða óbreytt.
4. Við 3. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Í stað 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Konungur hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Konungur tekur sjer ráðgjafa fyrir Ísland og víkur honum úr völdum. Undirskrift konungs undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er ráðgjafi hans fyrir Ísland skrifar undir með honum. Ráðgjafi þessi ber ábyrgð á ályktunum þeim, er hann ritar undir með konungi. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur honum eptir þeim reglum, er nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.
5. 3. gr. frv. óbreytt.
6. 4. gr. frv. óbreytt.
7. 5. gr. frv. óbreytt.
8. Við 6. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Í stað 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Konungur skipar landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, og víkur honum frá völdum. Konungur lætur landstjóra í nafni sínu og umboði framkvæma hið æðsta vald í hinum sjerstöku málefnum landsins, nema öðruvísi sje fyrir mælt í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.
9. 6. gr. frv. óbreytt.
10. Við 7. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Í stað 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

    Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og víkur þeim úr völdum. Hvar sem ráðgjafar eru nefndir í stjórnarskrá þessari, er átt við ráðgjafa landstjórans, nema berlega sje nefndur ráðgjafinn fyrir Ísland. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin innanlands og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

    Undirskript landstjóra undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, þá er einhver ráðgjafanna eða fleiri þeirra skrifa undir með honum. Ráðgjafinn, sem undir ályktun ritar með landstjóra, ber ábyrgð á henni.

    Nú hefur landstjóri staðfest lög, sem konungi þykja viðsjárverð sakir sambands Íslands við Danmörku, og getur hann þá ónýtt staðfesting landstjórans á þeim lögum, ef hann gjörir það innan árs, frá því er lögin hafa verið birt á lögboðinn hátt á Íslandi. Ónýting þessi fellir þá lögin úr gildi frá þeim tíma, er hán verður heyrum kunn á hverjum stað fyrir sig, þó hvergi síðar en 8 vikum eptir að hún hefur verið birt á þann hátt, sem lögboðið er um lagabirtingar.

    Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.
11. 7. gr. frv. óbreytt.
12. 8. gr. frv. óbreytt.

13. Við 9. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »neðri deild alþingis«, komi: »alþingi«.
14. 9. gr. frv. breytt eða óbreytt.
15. Við 10. gr. Breyt.till. frá Jóni Jónssyni, þm. N.-M. o. fl. (195): Aptan við 10. gr. bætist: »Með lögum má afnema öll eptirlaun«.
16. 10. gr. breytt eða óbreytt.
17. 11. gr. frv. óbreytt.
18. 12. gr. frv. óbreytt.
19. Við 13. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »aðra eða báðar deildir alþingis«, komi: »alþingi«.
20. Við 13. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Aptan við 13. gr. bætist: »Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.
21. 13. gr. frv. breytt eða óbreytt.
22. 14. gr. frv. óbreytt.
23. 15. gr. frv. óbreytt.
24. Við 16. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Orðin í upphafi 16. gr.: »Undirskript — lagagildi«, falli burt.
25. Við 16. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Orðin í enda 16. gr.: »staðfesting konungs — mælt í 71. gr.«, falli burt.
26. 16. gr. frv. breytt eða óbreytt.
27. Við 17. gr. Breyt.till. nefndarinnar (156): að bætt verði aptan við 17. gr. sem annari og þriðju málsgrein svo hljóðandi ákvæði: »Bráðabyrgðarfjárlög má þó aldrei gefa út. Nú hefur alþingi ekki samþykkt fjárlög, eða þau hafa ekki náð staðfestingu, og gilda þá fjárlög þau, er þingið hefur síðast samþykkt«.
28. Við 17. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Aptan við 17. gr. bætist: »Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi«.
29. 17. gr. frv. breytt eða óbreytt.
30. 18. gr. óbreytt.
31. Við 19. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »neðri deild alþingis«, komi: »alþingi«.
32. 19. gr. frv. breytt eða óbreytt.
33. Við 20. gr. Breyt.till. P. Br. (198): Í stað 20. gr. komi ný grein svo hljóðandi: Á alþingi eiga setu 36 menn. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri og neðri þingdeild. Í efri deild sitja 12 þingmenn, en 24 í neðri deild. Tölu alþingismanna og tölu þingmanna í deildunum má breyta með lögum. Alþingismenn í efri deildinni skulu kosnir af sýslunefndunum, 3 í hverju amti. Alþingismenn í neðri deildinni skulu kosnir í kjördæmum.
34. 20. gr. frv. breytt eða óbreytt.
35. Við 21. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): 21. gr. orðist þannig: »Á alþingi sitja 36 menn, 12, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum, og 24 kosnir í kjördæmum landsins. Tölu þingmanna má breyta með lögum».
36. Við 21. gr. Breyt.till. frá P. Br. (198): Í stað 21. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Kosning alþingismanna gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtíma stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

37. 21. gr. frv. breytt eða óbreytt.
38. 22. gr. frv. óbreytt.
39. Við 23. gr. »Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »kjörgengi til efri deildar« komi: »kjörgengi til kosninga um land allt«.
40. 23. gr. frv. breytt eða óbreytt.
41.—46. 24.—29. gr. frv. óbreyttar.
47. Við 30. gr. frv. Breyt.till. frá Indr Ein. o. fl.(199): Í stað: »hvor þingdeild» komi: »alþingi«.
48. 30. gr. frv. breytt eða óbreytt.
49. Við 31. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »hvor þingdeild« komi: »alþingi», og í stað: »þingdeildin» komi: »þingið«.
50. 31. gr. frv. breytt eða óbreytt.
51.—52. 32.—33. gr. frv. óbreyttar.
53. Við 34. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Orðin: »frumvarpið til fjárlaganna — fyrir neðri deild alþingis» falli burt.
56. 34. gr. frv. breytt eða óbreytt.
57. Við 35. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann« komi: »alþingi kýs 2 yfirskoðunarmenn«.
58. 35. gr. frv. breytt eða óbreytt.
59. Við 36. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »þrisvar í hvorri þingdeild komi: »fimm sinnum á alþingi; við fimmtu umræðu verður að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir frá 4. umræðu, eða fella það».
60. 36. gr. frv. breytt eða óbreytt.
61. 37. gr. frv. (Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199), að greinin í heild sinni falli burtu).
62. Við 38. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199). Í stað: »þingdeildin, sem hann á sæti í» komi: »alþingi».
63. 38. gr. breytt eða óbreytt.
64.—65. 39.—40. gr. frv. óbreyttar.
66. Við 41. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Orðin: »hvor þingdeildin og eins hið sameinaða», falli burt.
67. 41. gr. frv. breytt eða óbreytt.
68. Við 42. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »hvorug þingdeildin má», komi: »alþingi má ekki».
69. 42. gr. breytt eða óbreytt.
70. Við 43. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Orðin: »í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í» falli burtu, og í stað: »þingdeildin« komi: »alþingi».
71. 43. gr. frv. breytt eða óbreytt.
72. Við 44. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »hvorug þingdeildin má» komi: »alþingi má ekki»; og í stað: »þingdeildarmanna» komi: »þingmanna».
73. 44. gr. frv. breytt eða óbreytt.
74. Við 45. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »þingdeild» komi: »alþingi».
75. 45. gr. frv. breytt eða óbreytt.

76. Við 46. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Orðin: »beggja þingdeilda og hins sameinaða», og orðin: »eða þingdeild sú, er hlut á að máli» falli burt.
77. 46. gr. frv. breytt eða óbreytt.
78. Við 47. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Orðin: »hins sameinaða», og orðin: »og beggja þingdeilda« falli burt.
79. 47. gr. frv. breytt eða óbreytt.
80. Við 48. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »öllum þingmönnum efri deildar» komi: »12 mönnum, er alþingi kýs til þess æfilangt»,—og orðin: »endi kjörtími — sínu í dóminum« falli burt.
81. 48. gr. frv. breytt eða óbreytt.
82. Við 49. gr. Breyt.till. Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »neðri deild alþingis», komi: »alþingi».
83. 49. gr. frv. breytt eða óbreytt.
84.—87. 50., 51., 52. og 53. gr. frv. óbreyttar.
88. 54. gr. frv. (Breyt.till. frá Jóni Jónssyni N.-Þ. o. fl. (200): greinin falli burt).
89. 55. gr. frv. óbreytt.
90. Við 56. gr. Breyt.till. frá Jóni Jónssyni N.-Þ. o. fl. (200): 56. gr. orðist þannig: »Rjettindi allra kirkjufjelaga og trúarbagðafjelaga skulu ákveðin með lagaboði».
91. 56. gr. frv. breytt eða óbreytt.
92. Við 57. gr. (Breyt.till. frá Jóni Jónssyni N.-Þ. o. fl. (200): 57. gr. verði 54. gr.)
93.—104. 58.—69. gr. frv. óbreyttar.
105. Við 70. gr. Breyt.till. frá Jóni Jónssyni, N.-Þ. o. fl. (200): 70.gr. orðist þannig: »Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða».
106. 70. gr. frv. óbreytt.
107. Við 71. gr. Breyt.till. frá Indr. Ein. o. fl. (199): Í stað: »beggja þingdeildanna«, komi: »alþingis«.
108. 71. gr. frv. breytt eða óbreytt.
109. 72. gr. frv. óbreytt.
110. »Ákvæði um stundarsakir«, óbreytt.
111. Fyrirsögn frumvarpsins óbreytt.

Greinatölur breytast samkvæmt atkvæðagreiðslunni. — Breytingartillagan 208 hefur eigi verið fram lögð á þingfundi, og er því eigi tekin upp á þessa atkvæðaskrá.

Nd. **210. Viðaukatillögur**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. Frá Ólafi Briem.

1. Á undan: »I. Almenn skilyrði« bætist inn í:
   A. Um styrk til jarðabóta.
2. Aptan við tillögurnar bætist:
   B. Um styrk til fjenaðarsýninga.
   1. Styrkinn skal veita til verðlauna og annars kostnaðar við sýningar á nautgripum, sauðfje og hrossum.
   2. Styrkveitingin skal bundin við það, að til sýninganna leggist að minnsta kosti jafnmikill styrkur annarsstaðar frá.
   3. Reglur um fyrirkomulag sýninganna, útnefningu skoðunarmanna, veitingu verðlauna

og annað, sem þar að lýtur, sjeu staðfestar af hlutaðeigandi sýslunefnd eða amtsráði.

4. Skýrslur um sýningarnar, verðlaun þau, sem veitt eru, og kostnað, er af þeim leiðir, skulu sendar amtsráði áleiðis til landshöfðingja.
5. Umsóknarbrjefin um styrkinn sjeu stíluð til landshöfðingja, og skal senda þau hlutaðeigandi amtsráði til álita.

Nd. **211. Skýrsla**

um bænarskrár og aðrar málaleitanir, sem afhentar hafa verið fjárlaganefndinni í neðri deild alþingis 1891. (Fylgiskjal við álit fjárlaganefndarinnar).

1, Bænarskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum um 4000 kr. styrk á ári til nefnds skóla.

2, Bænarskrá frá amtsráði suðuramtsins um 3000 kr. styrk á ári til búnaðarskólans á Hvanneyri.

3, Bænarskrá frá búnaðarskólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal um styrk til að gefa út íslenzkar kennslubækur fyrir búnaðarskóla.

4, Skýrsla um búnaðarskólann í Ólafsdal.

5, Skýrsla um búnaðarskólann á Eyðum.

6, Bænarskrá frá síra O. V. Gíslasyni um 1000 kr. styrk á ári til að leiðbeina sjómönnum í bjargráðum.

7, Bænarskrá frá ábyrgðarfjelagi Ísfirðinga um 4000—6000 kr. styrk, til að styrkja ábyrgð á þiljubátum.

8, Bænarskrá frá sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu um 2000 kr. styrk til að varða Þorskafjarðarheiði og byggja þar sæluhús.

9, Bænarskrá frá O. Wathne um 10,000 kr. styrk til gufuskipsferða milli Skagafjarðar og Reykjavíkur sunnan um land.

10, Bænarskrá frá þingmönnum Múlsýslinga um 6000—8000 kr. styrk yfir næsta fjárhagstímabil til að halda uppi gufubátsferðum á Austfjörðum.

11, Bænarskrá frá Sigfúsi Eymundarsyni í Reykjavík um styrk til að halda uppi gufubátsferðum á Faxaflóa.

12, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs í Ólafsvík og nokkrum hreppum Snæfellsnessýslu.

13, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs fyrir Flateyjar-, Múla- og Gufudalshreppa í Barðastrandarsýslu.

14, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs í vestustu hreppum Mýrasýslu.

15, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs á sýslumótum Ísafjarðar- og Strandasýslna.

16, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs fyrir 3 syðstu hreppa Suður-Múlasýslu.

17, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs í Húnavatnssýslu í 5 austustu hreppum sýslunnar.

18, Bænarskrá um stofnun aukalæknishjeraðs á Eyrarbakka.

19, Bænarskrá um 300 kr. uppbót til Stóruvallaprestakalls.

20, Bænarskrá um, að prestinum í Grundarþingum verði lögð leigulaus jörð til ábúðar gegn endurgjaldi úr landsjóði.

21, Bænarskrá um, að uppgjafapresti Guðm. G. Sigurðssyni verði veittur 100—200 kr. eptirlaunastyrkur árlega úr landsjóði.

22, Bænarskrá frá sögukennara Páli Melsteð um að mega halda óskertum launum þeim, er hann nú hefir sem sögukennari, enda þótt honum eigi endist heilsa til sögukennslu í lærða skólanum næsta fjárhagstímabil.

23, Bænarskrá frá kennara Þorv. Thoroddsen um aukinn fjárstyrk til náttúrusögusafns lærða skólans í Reykjavík.
24, Bænarskrá frá kennara Birni Jenssyni um aukinn fjárstyrk til áhaldakaupa til notkunar við »fysisku« kennsluna í lærða skólanum í Reykjavík.
25, Bænarskrá frá Markúsi F. Bjarnasyni, kennara við stýrimannaskólann í Reykjavík, um 200 kr. hækkun á styrk þeim, sem stýrimannaskólanum er árlega ætlaður til húsaleigu, eldiviðar og ljósa.
26, Bænarskrá frá forstöðunefnd kvennaskólans á Ytri-Ey um 3500 kr. árlegan styrk til nefnds kvennaskóla.
27, Bænarskrá frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík um 1800 kr. fjárstyrk á ári.
28, Brjef landshöfðingjans yfir Íslandi um 1000 kr. fjárstyrk handa manni til að nema kennslu heyrnar- og málleysingja.
29, Bænarskrá frá stjórnarnefnd verzlunarskólans í Reykjavík um 500 kr. fjárstyrk til nefnds skóla.
30, Bænarskrá frá stjórnarnefnd landsbókasafnsins um 2000 kr. árlegan styrk fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.
31, Bænarskrá frá fornfræðingi Sigurði Vigfússyni um aukinn styrk til fornfræðisrannsókna.
32, Bænarskrá frá sama um 300 kr. árlegan styrk til fornleifafjelagsins.
33, Bænarskrá frá náttúrufræðisfjelaginu í Reykjavík um 400 kr. árlegan styrk.
34, Bænarskrá frá Benedikt Gröndal um að mega framvegis halda þeim 800 kr. styrk á ári, sem hann að undanförnu hefir haft, til þess að safna til norrænnar þjóðmenningarsögu og til að stunda náttúrusögu Íslands.
35, Bænarskrá frá stórstúku Íslands um 300 kr. árlegan styrk til útbreiðslu bindindis.
36, Bænarskrá frá stúdent Karli Nikulásarsyni um 600 kr. árlegan styrk til að nema dýralæknisfræði.
37, Bænarskrá frá kand. med. Sigurði Magnússyni um 600 kr. árlegan styrk til að nema dýralæknisfræði.
38, Framhaldsbænarskrá sama um að honum verði eigi að eins veittur 600 kr. árlegur styrkur til dýralæknisnáms, heldur verði styrkurinn látinn nema 1000 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins.
39, Bænarskrá frá ingenieur Sig. Thoroddsen um 1200 kr. styrk til að ferðast til Noregs og fullkomnast í verklegri vegagjörð.
40, Bænarskrá frá kand. med. Guðmundi Magnússyni um 1200 kr. styrk til að ferðast til Þýzkalands til að fullkomna þekkingu sína í læknisfræði.
41, Bænarskrá frá kand. theol. Hannesi Þorsteinssyni um 1200 kr. árlegan styrk til að vinna að því, að koma góðu skipulagi á landskjalasafnið og semja skrá yfir það.
42, Bænarskrá frá cand. mag. Boga Th. Melsteð um 1200 kr. árlegan styrk til að búa sig undir að rita sögu Íslands.
43, Bænarskrá frá frú Torfhildi Þ. Holm um fjárstyrk til ritstarfa.
44, Bænarskrá frá frú Katrínu Þorvaldsdóttur um hækkun á styrktarfje.
45, Bænarskrá frá stúdent Bjarna Símonarsyni um styrk til aðstoðar við umsjón forngripasafnsins.
46, Bænarskrá frá hjeraðslækni Ásgeiri Blöndal um 1500—2000 kr. styrk til utanferðar til að afla sjer fullkomnari þekkingar í læknisfræði.
47, Bænarskrá frá skólanefnd Reykjavíkur um styrk til barnaskólans í Reykjavík.
48, Bænarskrá frá ungfrú Ingibjörgu Bjarnason um 500 kr. styrk til að af ljúka námi sínu í leikfimi og dansi.

49, Bænarskrá frá landlækni Schierbeck um 200—400 kr. árlegan styrk til eflingar garðyrkju.
50, Bænarskrá frá ýmsum búendum í Skagafjarðarsýslu um styrk til fjenaðarsýninga.
51, Bænarskrá frá Birni Árnasyni, gullsmið á Ísafirði, um 1000 kr. styrk til að fara utan og læra »Xylographie».
52, Bænarskrá frá Magnúsi Einarsyni, organista á Akureyri, um 300 kr. árlegan styrk fyrir framkvæmdir að því, er söngút-breiðslu snertir, og til að kenna mönnum organspil.
53, Bænarskrá frá eigendum Stokkseyrar-torfunnar um 1000 kr. árlegan styrk til þess að halda áfram sjógarðsbyggingu.
54, Bænarskrá frá tannlækni Nickolin um 600—800 kr. árlegan styrk til að halda áfram tannlækningum.
55, Bænarskrá frá Skúla Skúlasyni á Akureyri um 600—1000 kr. styrk til að nema myndasmíði.
56, Bænarskrá frá stjórnarnefnd alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg um 3000 kr. árlegan fjárstyrk til tjeðs skóla, og um 5000 kr. lán, er afborgist með 6% á 28 árum.
57, Bænarskrá frá kennara Halldóri Briem á Möðruvöllum um 300 kr. styrk til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði.
58, Bænarskrá frá skólastjóra Jóni A. Hjaltalín á Möðruvöllum um 4513 kr. fjárframlag úr landsjóði, til þess að kaupa timburhús á Möðruvöllum af Stefáni kennara Stefánssyni, og fylgi hús það jörðinni í stað bæjarhúsa þeirra, sem nú eru.
59, Bænarskrá frá Geir T. Zoëga, kennara í Reykjavík, um 400 kr. fjárstyrk til að gefa út enska orðabók með framburði og íslenzkum þýðingum.
60, Bænarskrá frá dr. phil. Jóni Stefánssyni um 300 kr. árlegan styrk í 3 ár, til þess að vinna að ensk-íslenzkri og íslenzk-enskri orðabók.
61, Bænarskrá frá Einari Finnssyni um 800 kr. styrk til að ljúka við vegfræðisnám í Noregi.
62, Bænarskrá frá iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík um 3000 kr. styrk til þess að halda sýningu í Reykjavík á innlendum iðnaði sumarið 1893.
63, Bænarskrá frá uppgjafapresti Jónasi Guðmundssyni frá Staðarhrauni um aukinn eptirlaunastyrk.
64, Brjef frá landshöfðingjanum yfir Íslandi um útgjöld til tímakennslu vegna veikinda Björns kennara Jenssonar á tímabilinu frá 1. jan. til 30. júní 1891.
65, Bænarskrá frá alþingism. síra Jens Pálssyni um styrk til verklegs laxaklaks í Dalasýslu.
66, Bænarskrá frá Sigurði Eiríkssyni um 800—1000 kr. styrk á ári í 3 ár, til þess að halda áfram tilraunum í þá átt, að bæta skipalag á Íslandi.

Ed. **212. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. Flutningsmenn: Arnljótur Ólafsson, Júlíus Havsteen og Sighvatur Árnason.

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið.

Nd. **213. Frumvarp**

til laga um aðfluttar ósútaðar húðir. (Eptir 3. umr. í Ed.).

Landstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi.

Nd. **214. Tillögur**

til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl (Eptir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að sjá um:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.

Nd. **215. Frumvarp**

til laga um lögaldur. Flutningsmenn: Jens Pálsson og Skúli Thoroddsen.

1. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16, en fullráður fjár síns 20 ára.

2. gr. Hver, sem er fjár síns ráðandi, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. **216. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson.

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **217. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um strandferðir og vegi, og við breytingartillögur nefndarinnar í því máli. Frá Ólafi Briem.

1. Við 18. gr. Fyrir »½ dagsverk«, komi: »2 krónur«.
2. Við 22. gr. frv. og 17. tölul. brt. Í staðinn fyrir síðari málsgrein komi:
   »Til kostnaðar við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði árlegt tillag, er nemi 2 krónum fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum frá 20 til 60 ára. Ef gjald þetta er eigi unnið upp árlega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á«.
3. 25. gr. falli burt.
4. 26. gr. sömuleiðis.
5. Aptan við 27. gr. bætist: »svo og reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins«.

Ed. **218. Fyrirspurn**

til landshöfðingja. Frá Grími Thomsen.

Er 5. grein í lögum, nr. 28, 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum, skipum nægilega gætt við staðfestingu Fiskiveiðarsamþykktar fyrir Rosmhvalaness, Njarðvíkur, Vatnsleysu, Garða, Bessastaða og Seltjarnarnesshreppa og Reykjavíkurbæ, dags. 8. desbr. 1890?

Nd.

219. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. (Eptir 2. umr. í Nd.).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn,

þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá

enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á, að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur

hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar, sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta

af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á, að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundar sakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum, skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstakleg málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Ed.

220. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 11,505 kr. 94 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

C. 1.	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 kr.	33 a.
C. 5. b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn	5,000 —	» -
C. 5. c.	Til fjallvega	2,589 —	96 -
C. 6.	Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891	3,000 —	» -

Skilyrði fyrir útborgun þessa styrks eru:

1. Að bátnum sje haldið úti til októbermánaðarloka, og fari til þess tíma sem svari 8 ferðir á mánuði um svæðið frá Akranesi til Garðskaga, og að minnsta kosti 8 ferðir alls milli Reykjavíkur og Borgarness.
2. Að báturinn hafi reynzt hæfur til flutninga í þessum ferðum fyrir menn og vörur.

alls ..... 10,748 kr. 29 a.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

A. b. 2.	Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891	250 kr.	» a.
B. IV. b.	Til *gagnfræðaskólans* á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu	500 —	» -
	alls	750 kr.	» a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 7 kr. 65 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Ed.

221. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1888 og 1889. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889, veitast 12,754 kr. 61 a. til útgjalda þeirra, sem nefnd eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við ýmisleg útgjöld í 10. gr. c. á fjárlögunum til umboðsstjórnarinnar o. fl. veitast:

1.	Til að gefa út »Lovsamling for Island« XXI. bindi	776 kr. 25 a.
2.	Undir 5. lið b. til vegabóta á aðalpóstleiðunum	3,000 — » -
		3,776 kr. 25 a.

3. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til póststjórnarinnar, veitist:

Undir 2. lið til póstflutninga árið 1888	3,429 kr.	15 a.
1889	4,139 —	37 -
Flyt	7568 —	52 -

Flutt 7568 kr. 52 a.

Undir 3. lið til annara útgjalda:

c. í fæðispeninga og ferðakostnað 1888	117	— 05 -
d. til prentunarkostnaðar 1889	664	— 10 -
e. til áhalda 1888	316	— 61 -
1889	82	— 57 -
	8,748 kr.	85 a.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. fjárlaganna A. b. (önnur útgjöld) veitast 229 kr. 51 e. í uppbót handa núverandi presti Hólma-prestakalls í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi þann, sem hann hefur beðið fardagaárið 1888—89 samkvæmt 16. gr. laga 19. febrúar 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Ed.

222. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1888 og 1889. (Eptir 3. umr. í Nd).

		Fjárveiting.	Reikningur.
	I. Tekjur.	Kr. a.	Kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	45,000.00	36,611.79
2.	Húsaskattur	6,400.00	8,036.20
3.	Tekjuskattur	20,000.00	24,993.74
4.	Aukatekjur	44,000.00	39,276.71
5.	Erfðafjárskattur	6,000.00	4,956.49
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,000.00	2.018.50
7.	Vitagjald	10,000.00	13,587.56
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000.00	4,285.82
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	70,000.00	52,648.08
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	180,000.00	187,642.04
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	36,000.00	39,568.45
12.	Tekjur af póstferðum	36,000.00	37,453.61
13.	Ovissar tekjur	6,000.00	5,358.40
14.	Tekjur af fasteignum landsjóðs, að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m	60,000.00	53,992.78
15.	Tekjur af kirkjum	1,000.00	529.75
16.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs. Borgað upp í lán, veiting: 44,893 kr. 49 a., reikningur: 98,489 kr. 64 a.	63,000.00	73,432.30
17.	Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000.00	6,070.78
18.	Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200.00	2,911.49
19.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000.00	3,453.64
20.	Tillag úr ríkissjóði	167,000.00	167,000.00
21.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	»	4,453.70
22.	Tekjuhalli	39,702.84	114,798.05
	alls	805,302.84	883,079.88

	II. Gjöld.	Fjárveiting. Kr. a.	Reikningur. Kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800.00	26,800.00
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	38,600.00	36,636.85
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	51,716.66	51,524.72
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	169,350.18	170,684.08
	C. Ymisleg útgjöld	113.152.00	110,599.29
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	94,844.00	94,538.41
5.	Til útgjalda við póststjórnina	63,000.00	71,402.14
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnnar	52,364.00	49,998.16
	B. Til kennslumálefna	150,996.00	148,598.73
	C. Yms útgjöld	15,100.00	15,000.00
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgðalána	5,200.00	9,184.10
8.	Eptirlaun og styrktarfje	60,000.00	77,722.54
9.	Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja	6,180.00	5,977.50
10.	Til óvissra útgjalda	3,000.00	3.077.54
11.	Útborganir samkvæmt lögum, sem hafa öðlazt gildi á fjárhagstímabilinu	»	4,690.12
12.	Fjáraukaveitingar	5,584.41	6,645.70
13.	Tekjuhalli, sjá að ofan: tekjur 22	»	»
	alls	855,887.25	883,079.88

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1889 ..... 873,895 kr. 99 aur.
Tekju-eptirstöðvar landsjóðs 31. desember 1889 ..... 29,930 — 46 —
Reikningshalli landsjóðs 31. desember 1889 ..... 98,991 — 39 —

Ed.

223. Frumvarp

til laga um eyðing svartbakseggja. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Hver ábúandi á þeim jörðum á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, er skyldur til að láta eyða eggjum þeim, er svartbakar verpa í eyjum, hólmum og skerjum ábýlis hans.

Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, skal hann gjalda 5 til 100 króna sekt. Sje vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin.

2. gr. Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. grein, rennur $^1/_3$ hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Ed.

224. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

225. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Við Ingólfshöfða (Kárahöfn) í Austur-Skaptafellssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

N d. **226. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »Ef meiri hluti gjaldenda þeirra . . . má veita«, komi: »Heimilt er hreppsnefnd að veita«.

Við 2. gr. Orðin: »Ef gjaldendur samþykkja á sama hátt og fyrir er mælt í 2. gr.« falli burtu.

3. gr. falli í burtu, og 4. gr. verði 3. gr.

Nd. **227. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. a. Í stað orðanna »í þeim almennu lögreglumálum— löggiltum lögreglusamþykktum« í upphafi greinarinnar, komi: »í almennum lögreglumálum«.

Við 2. gr. Orðið »slíku« í fyrstu línu greinarinnar falli burtu.

Nd. **228. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Sigurði Gunnarssyni.

Í stað: »$\frac{1}{3}$« í síðustu málsgrein frumvarpsins komi: »$\frac{1}{2}$«.

Nd. **229. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. Frá Jóni Jónssyni, þm. N.-M.

1. Við 2. lið: Orðin: »150 dagsverk«, falli burt, en í þess stað komi: »10 dagsverk fyrir hvern búanda, sem er í fjelaginu«.
2. Við 3. lið: Á eptir orðunum: »er stýluð skulu til landshöfðingja skal fylgja«, komi: »reikningur næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir, og« — skýrsla o. s. frv.
3. Á eptir orðunum: »er sýslunefnd hefur útnefnt«, komi: »Sami skoðunarmaður skal vera í öllum hreppum sýslunnar«.

Ed. **230. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891, eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild. Frá landshöfðingja.

Við 3. gr. Á eptir orðin »til kirkju- og kennslumála veitist«, komi: »B. III. c. 4. Til tímakennslu í hinum lærða skóla ..... kr. 768,60«.

Samlagningin og upphæðin í 1. gr. breytist samkvæmt því.

Nd. **231. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslunefndinni, er

hún álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni. Sýslunefndin tilnefnir að minnsta kosti eina jörð í hverri þeirri sveit, sem matið fram fer í, er hún álítur hæfilegast metna að hundraðatali eptir jarðabókinni frá 1861, mats.önnum til fyrirmyndar.

2. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

3. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

4. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með athugasemdum sýslunefndarinnar, undir úrskurð landshöfðingja.

5. gr. Þegar landshöfðingi er búinn að leggja úrskurð á málið, sjer hann um prentun á matsgjörðinni á kostnað landsjóðsins, og gildir hún þá sem breyting á jarðabókinni 1861, þangað til gagngjörð endurskoðun á jarðabókinni og þessari breytingu nær lagagildi.

Ed.

232. Frumvarp

til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $^1/_8$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$% af henni fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með annari málsgrein 8. greinar sömu tilskipunar, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Ed.

233. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymd an lífeyri. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landsjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þeg-

ar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2^1/_3$ ár; en ef hann kaupir sjer geymdan lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_3$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er satnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskýrteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða, hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum

---

Ed.

234. Frumvarp

til laga um samþykktir um kynbætur hesta. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Sýslunefndum veitist vald til að gjöra samþykktir um kynbætur hesta á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á fundum allir þeir hjeraðsbúar, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, ber að greiða honum 2 krónur á dag í fæðispeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem ræðir um í 2. gr., frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir það síðan amtmanni, eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeraðsmanna, hvort þeir æski, að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundur-

inn þá fellst á frumvarpið með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

4. gr. Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefur verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar, og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá þeim degi, sem amtmaður hefur tiltekið, skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþykktin nær yfir.

Ef breyta skal, eða nema úr gildi samþykkt, er náð hefur staðfestingu amtmanns, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í 3. gr. þessara laga um samning samþykktar. Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

5. gr. Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áríðandi eru fyrir hestaræktina í því hjeraði, er samþykktin nær yfir, svo sem um geldingu hestfolalda og graðhesta, sem álitnir eru lítt hæfir til undaneldis.

Svo má og með samþykkt setja reglur til tryggingar því, að slíkir hestar, er líklegir þykja til að spilla hestakyninu, sjeu eigi látnir ganga lausir innan um hross á afrjettum eða í heimalöndum.

6. gr. Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

7. gr. Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—50 króna, er renni í sveitarsjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sekta.

8. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál

---

Ed. **235. Frumvarp.**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Land það, er reisa má á verzlunarhús við Keflavík, skal stækkað um svæðið frá takmörkum jarðarinnar Keflavíkur og út að Vatnsnes-steini, 100 faðma á land upp frá stórstraums-flóðmáli.

Nd. **236. Breytingartillaga**

við breytingartillögur (þingskjal 82) við frumvarp til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »er sje 4%«, komi: »er sje allt að 4%«.

Nd.

237. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga og segja álit vort um þetta mál, höfum rækilega íhugað það á nefndarfundum, og er álit vort á þessa leið.

Nefndin var ásátt um, að rjett væri að breyta ákvæðum 16. gr. laga 19. febr. 1886 þannig, að þeir, sem eru í kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefur eða forstöðumann, er fengið hefur kgl. staðfestingu, sjeu undanþegnir öllum prests- og kirkjugjöldum. En að því er snertir þá menn, sem eigi eru í neinu slíku kirkjufjelagi, var nefndin að vísu á því, að ákvæði frumvarpsins væru eðlileg og sanngjörn í sjálfu sjer, en henni þótti þó frumvarpið fara helzt til langt, og sjerstaklega bar hún kvíðboga fyrir, að það kynni að baka landsjóði töluverð útgjöld.

En þar sem oss aptur á móti hvorki frá sjónarmiði hinnar lúthersku þjóðkirkju nje frá borgaralegu sjónarmiði virðist það við eiga, að mönnum, sem standa utan þjóðkirkjunnar, sje gjört að skyldu að gjalda til hennar, og þar sem vjer heldur eigi álítum heppilegt, að menn hlaupi úr þjóðkirkjunni, ef til vill eingöngu eða mestmegnis til að losast við gjöldin, þá höfum vjer farið fram á, að þeir utanþjóðkirkjumenn, sem eigi standa í neinu slíku kirkjufjelagi, sem að ofan er nefnt, greiði prests- og kirkjugjöld til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í.

Vjer ráðum því deildinni frá að samþykkja frumvarp það, er hún fal oss til íhugunar, en leggjum til, að hún í þess stað samþykki frumvarp það, sem hjer með fylgir.

Alþingi, 29. júlí 1891.

Lárus Halldórsson, formaður.	Skúli Thoroddsen, skrifari og framsögum.	Ólafur Ólafsson.

Við erum samdóma meðnefndarmönnum okkar að því, er snertir 1. gr. meðfylgjandi frumvarps.

Sigurður Stefánsson. Sigurður Gunnarsson.

FRUMVARP

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

1. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfestingu samkvæmt 13. gr. laga 19. febr. 1886 skulu undanþegnir öllum gjöldum til prests og kirkju.

2. gr. Þeir, sem ekki eru í neinu slíku kirkjufjelagi, skulu aptur á móti greiða hin lögboðnu prests- og kirkjugjöld til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í.

3. gr. Hlutaðeigandi sóknarprestur skal fyrir hver árslok senda sýslumanni skýrslu um alla þá utanþjóðkirkjumenn, sem í hans prestakalli búa, og sem eigi eru í einhverju kirkjufjelagi, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfestingu samkvæmt 13. gr. laga 19. febr. 1886.

4. gr. Sýslumaður innheimtir gjaldið á manntalsþingi og afhendir það hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita.

5. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi

öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landsjóði, er leiðir af ákvæðum 2. gr. og af ákvæðum 1. gr. að því er fasteignartíund snertir.

6. gr. 16. gr. í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn er úr lögum numin.

Ed.

238. Frumvarp

til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. Flutningsm.: Skúli Þorvarðarson.

Borgun fyrir að skipta dánarbúi, þar sem ómyndugir erfingjar eru einn eða fleiri, skal eigi vera meiri en ½ % af allri upphæð dánarbúsins.

Sþ.

239. Skýrsla

um „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 27. júlí 1889, átti sjóðurinn:

a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 93	kr.	8400.00	
b. Veðskuldabrjef	—	1000.00	
c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	360.69	kr. 9760.69
Síðan hafa sjóðnum bæzt þessar tekjur:			
a. Ársvextir af innritunarskírteini til $^{11}/_{6}$ 90	kr.	294.00	
b. Ársvextir af sama til $^{11}/_{6}$ 91	—	294.00	
c. Ársvextir af fje í landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 89	—	17.32	
d. Ársvextir af sama til $^{31}/_{12}$ 90	—	21.05	
e. Ársvextir af veðskuldabrjefi til $^{11}/_{6}$ 90	—	40.00	
f. Ársvextir af sama til $^{11}/_{6}$ 91	—	40.00	
g. Eptirgjald eptir ½ jörðina Gljúfurá fyrir árið 1889 . .	—	19.00	— 725.37
			Kr. 10486.06

Gjöld.

Útgjöld sjóðsins hafa verið:

a. Borgun fyrir 3 auglýsingar frá nefnd þeirri, sem kosin var á alþingi 1889 samkvæmt 3. gr. í Reglum um "Gjöf Jóns Sigurðssonar"	kr.	11.25	
b. Verðlaun til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar, samkvæmt brjefi tjeðrar nefndar dags. $^{27}/_{6}$ 91	—	450.00	kr. 461.25
Eign sjóðsins 27. júlí 1891:			
a. Innritunarskírteini Ltra A. fol. 93	kr.	8400.00	
b. Veðskuldabrjef	—	1000.00	
c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	—	624.81	— 10024.81
			Kr. 10486.06

Reykjavík 27. júlím. 1891.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Nd. **240. Frumvarp**

til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ef meiri hluti gjaldenda þeirra, er kosningarrjett eiga að lögum, samþykkir á hreppaskilaþingi, má veita þeim manni, er gjaldheimtu hefur á hendi fyrir sveitarsjóðinn, þóknun, er sje allt að 4% af hinu innheimta gjaldi, en ábyrgjast skal hann, ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis af þeim tekjum, er lögtaksrjettur fylgir, nema lögtak hafi reynst árangurslaust.

2. gr. Oddvita hreppsnefndar má veita þóknun af sveitarsjóði, 25—75 kr. árlega, ef gjaldendur samþykkja, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr.

3. gr. Samþykki það, sem um er rætt í 1. og 2. gr., gildir fyrir 3 ár í senn.

4. gr. Sjerhver ágreiningur, er rísa kann út af lögum þessum, heyrir undir fullnaðarúrskurð sýslunefndar.

Nd. **241. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (Eptir 2. umr. í Nd.).

Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur í árslaun 5000 kr. Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa önnur embættisstörf á hendi.

Bókarinn hefur 2000 kr. í árslaun.

Fjehirðir hefur 2000 kr. í árslaun.

Enn fremur hefur fjehirðir $^1/_2$ $^0/_{00}$ af innborgunum og útborgunum samkvæmt reikningi bankans fyrir hvern ársfjórðung.

Nd. **242. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893, 13. gr. B. VI. b. 1. Frá Jens Pálssyni.

1. Í stað: »3000« — »3000« komi: »4000« — »4000«.
2. Í stað orðanna: »Styrkur þessi veitist . . . styrkinn úr landsjóði« komi:
   »Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma, nemenda fjölda, kennslukröptum og kennsluáhöldum skólanna, og með því skilyrði að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði«.

Nd. **243. Breytingartillögur**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Ólafi Briem.

Við 1. gr. 17. tölul. Fyrir »2650 kr.« komi: 2500 kr.
18. — — »1350 —« — 1250 —
19. — — »3000 —« — 2750 —
20. — — »2500 —« — 2400 —
21. — — »5000 —« — 4800 —

Nd. **244. Breytingaratkvæði**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892—93. Frá Jónasi Jónassen.

Aptan við 13. gr. bætist:

Styrkur til tannlæknis Nickolins 600 kr. — 600 kr. — 1200 kr.

Nd. **245. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Ólafi Ólafssyni.

Við 13. gr. A. Á eptir 5. tölulið bætist inn í nýr töluliður svohljóðandi: Bráðabirgðaruppbót handa Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi 300 — 300.

Nd. **246. Breytingartillaga**

við breytingartillögur (frá fjárlaganefndinni) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá B. Sveinssyni.

Á eptir 44 — — — 12 bætist inn í nýr töluliður þannig: „Ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals 1500—".

Nd. **247. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Ólafi Ólafssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. Aptan við 4. d. bætist nýr stafliður svohljóðandi:
„Verðlaun handa þeim manni, sem á fjárhagstímabilinu sannar fyrir landstjórninni, að hann hafi fundið öruggt meðal gegn sauðfjárpestinni, í eitt skipti fyrir öll 500".

Nd. **248. Nefndarálit**

um frv. til laga um lækkun á fjárreiðslum þeim, er hvíla á Höskuldsstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi.

Hin h. Nd. hefur falið undirskrifaðri nefnd að láta uppi álit sitt um þetta frumvarp.

Frumvarpið, er upprunalega er komið frá stjórninni, hefur verið ýtarlega rætt í hinni h. efri deild, og eptir ýmsar tilraunir til breytinga sá deildin ekki annað fært en að samþykkja frv. óbreytt.

Vjer höfum komizt að sömu niðurstöðu. Bæði af ástæðum frumvarpsins, sem vjer viðurkennum að eru í alla staði rjett teknar fram, og af eigin kunnugleika vorum höfum vjer sannfærzt um, að alveg sje tilgangslaust að fara fram á, að dregið sje úr lækkun þeirri, sem farið er fram á í frv., eða að lækkunin sje bundin við einhvern ákveðinn tíma, svo sem 5—10 ár eða þjónustutíð prests þess, er næst fær veitingu fyrir brauðinu. Tekjur prestakallsins eru nú sem stendur komnar langt niður fyrir 1000 kr., og vjer gjörum oss ekki von um það, eptir

því sem á stendur, að þær bráðlega hækki til neinna muna. Að halda fjárreiðslunum eins og lög standa til er því, að voru áliti, sama sem að segja, að á Höskuldsstöðum skuli enginn prestur vera; en það er með öllu ótækt, þar sem þjónusta nágrannapresta er jafn-ervið og hjer á sjer stað.

Þess er enn fremur að gæta, viðvíkjandi eptirlaunum uppgjafaprestsins, að hvenær sem brauðamat fer fram á ný—og þess getur ekki verið mjög langt að bíða—,hljóta þau að lenda á landsjóði.

Vjer leggjum því til, að hin h. Nd. samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 31. júlí 1891.

Eiríkur Briem, formaður.	Páll Ólafsson, skrifari og framsögum.	Ólafur Briem.

Ed. **249. Breytingartillögur**

við frv. til laga um eyðing svartbakseggja. Frá Arnljóti Ólafssyni, Árna Thorsteinson og Skúla Þorvarðarsyni.

Við 1. gr. 1. Fyrir: „Hver ábúandi . . . ábýlis hans", komi: Allir ábúendur jarða þeirra á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, eru skyldir að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarða sinna. Sömu skyldu hafa og þeir ábúendur á tjeðu sviði að gæta, er búa allt að 1 mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt eigi sje æðarvarp á jörðum þeirra".

— - — 2. Fyrir aptan orðin: „þessa skyldu" bætist inní: „annaðhvort af ásetningi eður vítaverðu skeytingarleysi".

Nd. **250. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Ólafi Ólafssyni, Páli Briem og Þ. Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. 6. bætist inn í nýr liður svolátandi:

Til gufubátsferða með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja . . . . . 3000 — 3000

Nd. **251. Frumvarp**

til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í almennum lögreglumálum, einkum þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eptir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns,

má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum.

2. gr. Þá er dómur í almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum, án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða ef málið er gegn barni, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja, eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Ed.

252. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. (Eptir 3. umr. í Nd.).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. I landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar,

eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undireins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurð-

um eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á, að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar, sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldaður til ómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á, að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundar sakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum, skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd.

253. Breytingar- og viðaukatillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892—1893. Frá Sigurði Stefánssyni og Gunnari Halldórssyni.

1. Við 2. gr. Á eptir 13. tölul. komi nýr tölul. svo hljóðandi:
»14. Tekjur af gufuskispferðum . . . . . 20,000 — 20,000 — 40,000«.
2. — 10. — C. 4. b. Fyrir: »til búnaðarfjelaga 8000 kr.«, komi:
»Til búnaðarfjelaga . 12000 kr.«.
3. — — — Nýr stafliður komi á eptir staflið 4 b. svo hljóðandi:
»c. Til fjenaðarsýninga 1000 kr.«.
Stafliðirnir breytast þessu samkvæmt.
4. — — — — — — Á eptir »d.« (styrknum til síra Odds) komi nýr töluliður svo hljóðandi:
»f. Styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla 500 kr.«
5. — — — — 6. a. Fyrir: »Til gufuskipsferða kring um landið 18.000 kr.«
komi: »Til gufuskipsferða, er landsjóður kostar,
frá útlöndum og umhverfis landið . . 50.000 kr.«
6. — 13. gr. B. VI. b. 1. Fyrir: »til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum
en kaupstöðum . . . . . 3000 — 3000 kr.«
komi: »til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . 4000 — 4000 kr.«
7. — — — Aptan við 13. gr. B. bætist nýr töluliður svo hljóðandi:
»VIII. Til sundkennslu annarsstaðar en í Reykjavík . 1000 — 1000 kr.«
Styrkur þessi veitist sýslunefndum og með því skilyrði, að sundkennslan njóti eigi minna styrks annarsstaðar frá en sem nemur helmingi við landsjóðsstyrkinn.
8. — — — C. 5. b. Fyrir: »til umsjónar . . . . . 200 kr.«
komi: »til umsjónar . . . . . 500 kr.«
9. — — — C. Aptan við greinina bætist nýr töluliður svo hljóðandi:
»9. Til tannlæknis O. Nickolins . . . 500 — 500 kr.«

Nd. **254. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Frá Ólafi Pálssyni, Indriða Einarssyni, Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni, Gunnari Halldórssyni, Skúla Thoroddsen og B. Sveinssyni.

1. Framan við frumvarpið bætist svo hljóðandi grein, sem verður 1. gr.:
   »Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum 6 árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin skal þegar kveða á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Jarðamat þetta skal fram fara sem fyrst.
2. Í 1. gr. frumvarpsins (sem þá verður 2. gr.) í stað: »sýslunefndinni«, komi: »sýslumanni«.
3. Í stað: »hún«, komi: »hann«.
4. Í stað orðanna: »sýslunefndin tilnefnir — — — til fyrirmyndar«, komi: »Matið skal gjöra eptir þeirri reglu, að 100 kr. virði í jörðinni, eins og hún mundi ganga í kaupum og sölum, sje látið gilda 1 hndr. að dýrleika.
5. Aptan við frumvarpið komi svo hljóðandi grein:
   »Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 2 kr. daglega, er greiðist úr landsjóði fyrir þær jarðir, sem landsjóður á, en fyrir einstakra manna jarðir borgi eigendurnir sjálfir«.

Nd. **255. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá B. Sveinssyni.

Aptan við 13. gr. B. IV. b. bætist tölul. 6. þannig hljóðandi:

Til þess að kaupa hús til ábúðar á jörðinni Möðruvöllum í Hörgárdal veitast 4,500 kr.

Nd. **256. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um sölu þjóðjarða í Skaptafellssýslu. Frá Ólafi Pálssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

1. Hruni í Kleifahreppi
2. Hörgsland í Kleifahreppi
3. Breiðibólstaður í Kleifahreppi
4. Mörðtunga í Kleifahreppi
5. Geirland í Kleifahreppi
6. Efri Steinsmýri í Leiðvallarhreppi
7. Syðri Steinsmýri í Leiðvallarhreppi
8. Giljar í Hvammshreppi.

Nd. **257. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá póstmálanefndinni.

1. Við 2. gr. 13. (tekjur af póstferðum)

Fyrir »18000 — 18000 — 36000«
komi: 20000 — 20000 — 40000.

2. Við 12. gr. 1. b. (laun handa póstafgreiðslumönnum)
Fyrir »4000 kr.« komi: 4500 kr.

3. — — — 1. c. (laun handa brjefhirðingarmönnum)
Fyrir »1900 kr.« komi: 2500 kr.

4. — — — 2. (póstflutningur)
Fyrir »22000 — 22000 — 44000«
komi: 34000 — 34000 — 68000.

5. — — — 3. e. (til áhalda)
Fyrir »500 kr.« komi: 600 kr.

Nd. **258. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka (eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.). Frá Árna Jónssyni, Þ. Guðmundssyni, Ólafi Pálssyni, Páli Ólafssyni, Páli Briem og Jóni Jónssyni N.-M.

Fyrir: „5000 kr.“ komi: „4000 kr.“

Fyrir: „Bókarinn hefur 2000 kr.“ komi: „Bókarinn hefur 2400 kr.“

Nd. **259. Nefndarálit**

í málinu, frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur falið oss að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

Nú er vjer höfum vandlega athugað þetta mál og rætt það með oss á fundum, eru tillögur vorar um það á þessa leið.

Vjer fáum eigi betur sjeð, en að Íslendingum sje eins og hverri annari menntaðri þjóð, brýn þörf á slíkri vísindalegri menntastofnun, til þess að vísindalegt líf geti eflzt og þróazt í landinu, og að því er sjerstaklega snertir þá deild þessarar stofnunar, sem enn vantar hjer á landi, nl. lögfræðisdeildina, þá verður nefndin að álíta, að hún sje nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum framförum, festu og þroska í löggjöf og rjettarfari landsins.

Vjer viljum því ráða h. háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Aptan við 3. gr. bætist ný grein, sem verður 4. gr., þannig orðuð:
Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.
2. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Í staðinn fyrir „Landshöfðinginn“, komi: „Ráðgjafinn fyrir Ísland“.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 31. júlí 1891.

B. Sveinsson form. og framsögum. | Lárus Halldórsson skrifari. | Páll Briem.

Nd. **260. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Árna Jónssyni, Þ. Guðmundssyni og Lárusi Halldórssyni.

1. Við 10. gr. C. 4. b. Fyrir: »til búnaðarfjelaga 8000«,
   komi: »til búnaðarfjelaga 10000«.
2. — — — C. 5. a. Fyrir: »til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum 3000 kr. » kr.«
   komi: »til að útvega vegfróðan mann . . » — 3000 — «
3. — — — C. 6. a. Fyrir: »til gufuskipsferða kring um landið 18000 —«
   komi: »a. Til strandferða frá útlöndum . 9000 —«
   »b. — strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni . . 12000 —«
4. — 13. gr. A. b. 4. Töluliðurinn falli burt.
5. — — — B. VII. Töluliðurinn B. VII. a.—d. falli burt.

Nd. **261. Breytingartillögur**

við breytingartill. fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Árna Jónssyni, Þ. Guðmundssyni og Ólafi Briem.

1. Við 14. tölul. (við 10. gr. C. 6.). Aptan við málsgreinina: »Styrkurinn til gufubátsferða« o. s. frv. bætist: »Styrkurinn sje ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ½ á móti styrknum úr landssjóði«.
2. Við 28. tölul. (við 13. gr. B. 6. a. 2.). Fyrir: »til kvennaskólans á Ytriey 1200 kr.« komi: »til kvennaskólans á Ytriey 2000 kr., þar af 800 kr. til húsabygginga«.
2. Við 48. tölul. (við 13. gr. C. 16). Fyrir: »500 kr. 500 kr.«
   komi: »1000 — 1000 —«

Nd. **262. Viðaukatillaga**

við fjárlögin 1892 og 1893. Frá Ólafi Pálssyni.

Við 10. gr. c. tölulið 10. bætist: »og 600 kr. til að leggja járn á veggi og stafna Prestsbakkakirkju, og sömuleiðis 600 kr. til að leggja járnþak á Langholtskirkju«.

Nd. **263. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. Flutningsm.: J. Jónassen.

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús hjer í Reykjavík, skal stækkað þannig, að austurtakmörk sje lína dregin frá Helgastöðum í Skólavörðuna, suðurtakmörk lína úr Skólavörðunni og vestur í Landakot og vesturtakmörk lína úr Landakoti á Bakkastíg.

Nd. **264. Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Þingsk. 107).

Nefnd sú, er kosin var í þetta mál, hefir ekki geta orðið á eitt sátt. Vjer, sem hjer ritum nöfn vor undir, höfum orðið ásáttir um, að ráða hinni háttvirtu deild frá að samþykkja frumvarp þetta, því að jafnvel þó vjer, einkum tveir af oss, sjeum ekki fjarstæðir því, að heppilegt væri að fjölga eitthvað kjörstöðum, þá getum vjer alls eigi fallizt á, að þeim verði fjölgað svo mjög, sem farið er fram á í frumvarpi þessu; því að auk þess sem það fyrirkomulag, að kjósa í hverjum hreppi, mundi hafa talsverða fyrirhöfn og eigi svo lítinn kostnað í för með sjer, þá getum vjer eigi annað álitið, en að það mundi einnig hafa óheppilegar afleiðingar fyrir fjelagslíf hjeraðanna og áhuga á alþjóðarmálum. Enn fremur mundi það og gjöra þingmannaefnum mjög erfitt og því nær ómögulegt að kynna sig kjósendum, er þeir gætu ekki gjört það á kjörfundunum, heldur yrðu að gjöra það á öðrum fundum, ef til vill í hverri sveit.

Enn er það að vjer getum ekki fallizt á, að þingmenn verði kosnir að eins eptir þeirri reglu, að hver sem fær flest atkvæði, sje rjett kjörinn, í stað þess að þurfa, eins og nú er, meira en helming atkvæða þeirra, sem greidd eru. En ef ætti að láta þau atkvæði, sem oss virðast heppileg, koma til framkvæmda við kosningu í hverjum hreppi, þá mundi það að voru áliti geta valdið þeim vafningum, fyrirhöfn og kostnaði, að vjer getum alls eigi ráðið til þess.

Vjer erum því allir ásáttir um, að fyrirkomulag það, sem nú er, sje betra en það, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, og ráðum því h. háttvirtu deild frá að samþykkja það.

Neðri deild alþingis, 31. júlí 1891.

Lárus Halldórsson, Jón Jónsson þm. N.-Þ. Ólafur Ólafsson. Jón Jónsson þm. N.-M. skrifari og framsögum.

Jafnvel þó við sjeum samþykkir meðundirskrifuðum samnefndarmönnum okkar í því, að ráða hinni heiðruðu deild frá að samþykkja ofannefnt frv., þá finnst okkur samt nauðsyn til bera, að gefa kjósendum kost á, að fjölga kjörstöðum frá því sem nú er, þar sem þeim sýnist þörf. Við höfum því leyft okkur að koma fram með meðfylgjandi frumvarp um það efni.

Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Frá Ólafi Ólafssyni og Jóni Jónssyni þm. N.-M.

1. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri, eptir óskum og tillögum sýslunefnda, þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sömu sýslu.

2. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn, skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn úr flokki kjósenda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum, og einn af kjósendum er sýslunefndin kýs. Þessi kjörstjórn skal mæta á kjörstöðum sýslunnar.

3. gr. Á síðari kjörstaðnum, ef tveir eru, og á hinum síðasta, ef þrír eru, skal kjörstjórnin telja saman öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar; er sá rjettkjörinn þingmaður, er fengið hefur meir en helming allra atkvæða. Nú hefur þingmannsefni eigi fengið yfir helming atkvæða við fyrstu atkvæðagreiðslu, skulu þá þegar á síðasta kjörstaðnum og innan hálfsmánaðar á hinum kjörstöðunum fara fram

bundnar kosningar, þannig að kjósendur skulu kjósa um allt að helmingi fleiri þingmannsefni, en þingmenn eru fyrir kjördæmið, enda skulu þingmannsefni þessi hafa fengið flest atkvæði við hina fyrri kosningu, ef fleiri hafa verið í kjöri.

4. gr. Með lögum þessum eru felldar úr gildi 19. og 29. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Alþingi, 31. júlí 1891.

Jón Jónsson þm. N.-M. Ólafur Ólafsson.

Jeg hefi eigi getað orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma um, að rjett sje að fella frv. þetta, er hin háttvirta neðri deild hefur fengið oss til íhugunar. Jeg verð að telja það mjög mikilsvert, að kjósendum verði gjört svo hægt fyrir sem verður, að neyta kosningarrjettar síns. Eptir því fyrirkomulagi sem nú er á kosningunum má segja, að mörgum kjósendum sje gjört alveg ómögulegt, að taka þátt í kosningum, og þegar til þess er litið, virðist kostnaðaraukinn, sem frumvarp þetta hefur í för með sjer, ekki þýðingarmikill.

Að öðru leyti vil jeg leyfa mjer að bera fram nokkrar breytingartillögur, sem miða til þess að tryggja það, að kosning verði samkvæm vilja meiri hluta kjósendanna, og að gjöra þingmannaefnum hægar að bjóða sig fram, og svo er ein breytingartillaga, sem fer í þá átt, að gjöra það að skyldu fyrir kjósendurna, að mæta á kosningarfundum. Ýmsum hinum háttvirtu þingmönnum mun þykja þetta mikið nýmæli, en það byggist á því, að kosningarnar eru svo áríðandi fyrir land og lýð, að það virðist nauðsynlegt, að kosningarnar verði svo vandaðar sem kostur er á. Flestir munu játa, að það sje siðferðisleg skylda fyrir kjósendurna að neyta kosningarrjettar síns, en með því að gjöra þetta að lagaskyldu, þá má búast við því, að hver kjósandi muni mæta á kjörfundi, og með því yrði sjálf-dauð hin hneykslanlega smölun, sem stundum hefur átt sjer stað á undan kosningum.

Jeg leyfi mjer því, að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Orðin: »þó er rjett, að amtmaður leyfi . . . . vera skuli oddviti hennar», falli burt.
2. Við 5. gr. Í stað: »tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru» komi: 10 kjósenda í kjördæminu.
3. Aptan við 11. gr. bætist: en skyldur er hver kjósandi í hreppnum eða bæjarfjelaginu að koma á kjörfund og greiða atkvæði, að viðlagðri 1 kr. sekt, er rennur í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóð.
4. Við 16. gr. Í stað: »Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni» komi: »þingmannsefni það, sem fær meir en helming atkvæða, er rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, en hafi þingmannsefni eigi fengið meir en helming atkvæða, skulu fara fram bundnar kosningar að nýju eptir hjer um bil hálfan mánuð á sama hátt og ákveðið er um hina fyrri kosningu. Yfirkjörstjórnin skal þegar eptir hina fyrri kosningu semja skrá yfir helmingi fleiri en þá, sem á að kjósa af nýju, og skulu þeir vera þau þingmannaefni, er flest atkvæði hafa fengið. Yfirkjörstjórnin skal tafarlaust senda skrána til undirkjörstjórnanna, og jafnframt tilkynna, hve nær endurkosning skuli fara fram.

Síðan skal endurkosningin fara fram um þau þingmannsefni, sem á skránni eru, og þegar kosningunni er lokið, þá er þingmannsefni það eða þingmannaefni þau».

Alþingi, 31. júlí 1891.

Páll Briem.

Ed.

265. Frumvarp

til laga um friðun á laxi. Flutningsmaður: Grímur Thomsen.

1. gr. Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum á nokkurn hátt nema 3 mánuði af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa allt að $3^1/_2$ mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó ekki lax veiddur 36 stundir í viku hverri, frá miðnætti á laugardögum til miðs morguns á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja. Þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er sett út.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 3 stundir samfleytt á sólarhring, þó eigi í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist, og það einungis með útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum eða öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, og skal hann þar ófriðhelgur.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera frá 1. maí til 15. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ til 2 þumlungar, eptir stærð þess lax, er venjulega gengur í ána.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiði-eigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið

fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlíta því.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrar á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal landshöfðingi eptir ráði amtmanns staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komist hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem sýslumaður metur. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886 eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **266. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (nefndarálitið þingskjal 204). Frá Ólafi Pálssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

1.	Hruni í Kleifahreppi	1725 kr.
2.	Hörgsland í Kleifahreppi	5760 —
3.	Breiðibólstaður í Kleifahreppi	1100 —
4.	Mörðtunga í Kleifahreppi	2125 —
5.	Geirland í Kleifahreppi	3070 —
6.	Efri Steinsmýri í Leiðvallarhreppi	1725 —
7.	Syðri Steinsmýri í Leiðvallarhreppi . . .	3500 —
8.	Giljar í Hvammshreppi	1438 —

Tölurnar breytast samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Ed. **267. Frumvarp**

til laga um eyðing svartbakseggja. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Allir ábúendur jarða þeirra á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, eru skyldir að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarða sinna. Sömu skyldu

hafa og þeir ábúendur á tjeðu sviði að gæta, er búa allt að 1 mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt eigi sje æðarvarp á jörðum þeirra.

Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, annaðhvort af ásetningi eða vítaverðu skeytingarleysi, skal hann gjalda 5 til 100 króna sekt. Sje vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin.

2. gr. Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. grein, rennur $^1/_3$ hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Nd. **268. Tillögur**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. (Eptir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landsjóði til búnaðarfjelaga og reglurnar fyrir útbýtingu hennar, skuli vera sem hjer segir:

A. Um styrk til jarðabóta.

I. Almenn skilyrði.

1. Styrkurinn skal miðaður við framkvæmdir fjelagsins í þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
2. Ekkert fjelag skal njóta styrks, er eigi hefur unnið minnst 150 dagsverk.
3. Bónarbrjefunum um styrkinn, er stíluð skulu til landshöfðingja, skal fylgja reikningur næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd hefur útnefnt. Skal í skýrslunni tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og engin jarðabót tekin til greina, nema hún sje vel af hendi leyst. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki telja fram. Skýrslur skoðunarmanna skulu samdar eptir formi, er landshöfðingi gefur út.

II. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a) Varnargarður um tún, engi, fjárbæli og matjurtagarða;
   b) Stíflugarðar;
   c) Þúfnasljettur;
   d) Flatarmál matjurtagarða;
   e) Skurðir til vörzlu, framræzlu og vatnsveitinga;
   f) Lokræsi;
   g) Áburðarsafnhús og forir.
2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:
   a) Varnargarðar:
      úr grjóti $3\frac{1}{2}$ fet á hæð
         einhlaðnir . . . . . 3 faðmar
         tvíhlaðnir . . . . . $1\frac{1}{2}$ —
      úr torfi $4\frac{1}{2}$ fet á hæð . . . . . 5 —
   b) Stíflugarðar . . . . . 250 teningsfet.
   c) Þúfnasljettur:
         Unnar með plóg og herfi . . 15 □ faðmar.
         Unnar með handverkfærum . 10 □ —
   d) Flatarmál matjurtagarða . . . . . 15 □ —
   e) Varnarskurðir:
      3 ál. breiðir, 1 al. á dýpt . . 300 ten.fet.

f) Skurðir til framræzlu og vatnsveitinga 400 —
g) Lokræsi . . . . . 3 faðmar.
h) Áburðarsafnhús og forir (lögheldar) . 50 ten.fet.

B. Um styrk til fjenaðarsýninga.

1. Styrkinn skal veita til verðlauna og annars kostnaðar við sýningar á nautgripum, sauðfje og hrossum.
2. Styrkveitingin skal bundin við það, að til sýninganna leggist að minnsta kosti jafnmikill styrkur annarsstaðar frá.
3. Reglur um fyrirkomulag sýninganna, útnefningu skoðunarmanna, veitingu verðlauna og annað, sem þar að lýtur, sjeu staðfestar af hlutaðeigandi sýslunefnd eða amtsráði.
4. Skýrslur um sýningarnar, verðlaun þau, sem veitt eru, og kostnað, er af þeim leiðir, skulu sendar amtsráði áleiðis til landshöfðingja.
5. Umsóknarbrjefin um styrkinn sjeu stíluð til landshöfðingja, og skal senda þau hlutaðeigandi amtsráði til álita.

Nd. **269. Nefndarálit**

í málinu, frumv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (þingskj. 140).

Frumvarp þetta miðar til þess, að breyta tíma þeim, er kjörskrárnar eiga að gilda fyrir, þannig að þessi tími sje talinn frá fardögum til fardaga, í stað þess að þær gilda nú frá 1. júlí til jafnlengdar.

Nefndinni virðist þetta heldur til bóta, og vill því leggja til, að neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 1. ágúst 1891.

Páll Briem	Ólafur Ólafsson	Lárus Halldórsson
formaður.	framsögumaður.	skrifari.
Jón Jónsson þm. N.-M.		Jón Jónsson þm. N.-þ.

Nd. **270. Breytingartillögur**

við frv. til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkamanna. Frá nefndinni.

1. Aptan við 2. gr. bætist: Þó má verkmaður á fardagaárinu skipta um heimili innan sama hrepps eða bæjarfjelags, ef hann fær sjer ábyrgðarmann, er hrepps- eða bæjarstjórn tekur gildan.
2. Aptan við 3. gr. bætist: nema verkmaður geti sýnt, að annar hafi tekið að sjer ábyrgð gjaldanna.

Ed. **271. Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi. Flutningsmaður: F. S. Stefánsson.

1. gr. Enginn sá, sem er þegn annars ríkis, nje fjelag, er á heimili utanríkis, má hjer eptir eiga fasteign hjer á landi, nema það sje með sjerstökum lögum leyft; und-

an þessu eru þó skyldar fasteignir þær, sem nú eru eign utanríkismanna, þangað til þær næst komast í eign innlendra manna.

2. gr. Nú verður maður, sem á fasteign hjer á landi, þegn annars ríkis, eða utanríkismaður eignast hjer fasteign, og skulu þeir þá innan þriggja ára hafa selt fasteign sína hjer búsettum mönnum, en gjöri þeir það ekki, verður fasteignin seld við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar að frádregnum kostnaði til fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum fasteign hjer á landi, nje leigja þeim fasteignir eða nein fasteignarafnot lengur en 30 ár í senn; undanskyldar þessu eru þó námur þær, sem nú eru eða síðar finnast kunna.

4. gr. Brot mót lögum þessum varða sektum til landsjóðs frá 100 kr. til 1000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **272. Breytingar og viðaukatillögur.**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga. Frá nefndinni.

1. Við A. I. 2. Eptir orðin: »hefur unnið«, komi: »10 dagsverk fyrir hvern fjelagsmann«— minnst 150 dagsverk.
2. Við A. I. 3. Eptir orðið »sýslunefnd«, komi: »eða bæjarstjórn«.
3. Við sama lið. Eptir orðin: »Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki telja fram« komi: »og eigi heldur þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum«.
4. Við A. II. 1. d. Aptan við stafliðinn bætist: »(í fyrsta sinn, er þeir eru ruddir)«.
5. Við A. II. 2. d. Í stað »15 □ faðmar«, komi: »25 □ faðmar«.

Nd. **273. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. (Frá Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-M., Árna Jónssyni, Jens Pálssyni, Þorláki Guðmundssyni, Skúla Thoroddsen).

Við A. I. 2. í staðinn fyrir: »150 dagsverk« komi: »120 dagsverk«.

Nd. **274. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um lögaldur. Frá Páli Briem.

Við 1. gr. I staðinn fyrir: »fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16, en fullráður fjár síns 20 ára«, komi: »fullráður fjár síns 21 árs. Það er úr lögum numið að menn hjer eptir verði fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni«.

Nd. **275. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Páli Briem.

1. Við 10. gr. C. 4. a. 4. Fyrir »Hvanneyri 2000« komi: Hvanneyri 2500.

2. Við 10. gr. C. 5. b. Fyrir: »til að bæta vegi á aðalpóstleiðum 25000 — 25000«
komi: »til að bæta vegi á aðalpóstleiðum 30000 — 30000«.
3. — 13. gr. B. VI. 2. Fyrir: »til kvennaskólans á Ytri-Ey 1000 —«
komi: »til kvennaskólans á Ytri-Ey 2500 —«.

Nd. **276. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um kennaramenntun (196). Frá Jóni Þórarinssyni.

1. Í stað orðanna: »Alþingi skorar á landstjórnina«, komi: »Alþingi ályktar að skora á landstjórnina«.
2. Seinasta málsgrein falli burt.

Nd. **277. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Frá fjárlaganefndinni).

1. Við 10. gr. C. 4. b. Fyrir: »til búnaðarfjelaga ..... 8000«
komi: »til búnaðarfjelaga 14000
þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr.«
2. — — — C. 4. b. Athugasemdin falli burt.

Ed. **278. Frumvarp**

til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Ef dómaranum þykir full ástæða vera til þess í almennum lögreglumálum, einkum þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eptir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum.

2. gr. Þá er dómur í almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum, án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða ef málið er gegn barni, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja, eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Nd. **279. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og heimilisfang verkamanna. Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-M., Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Sigurði Stefánssyni, Indriða Einarssyni, Páli Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Aptan við orðin »að vera í vist« bætist inn í: »eptir að hann er 20 ára«.
2. Aptan við aðra grein bætist:

»Hann skal við byrjun hvers árs fá vottorð hjá hreppsnefndaroddvita um heimilisfang, skal hann greiða fyrir það 25 aura. Vanræksla þess að fá slíkt vottorð varðar sektum allt að 20 kr. í hvert skipti, er renni í sveitarsjóð þar er vanrækslan verður uppvís«.

Ed. **280. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna o. s. frv. Frá Arnljóti Ólafssyni.

Fyrir aptan orðin: »eða fleiri« bætist inní: og arfahlutinn er eigi yfir 200 kr.

Nd **281. Atkvæðaskrá**

við 2. umr. í neðri deild um frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893.

Þingskjölin eru:

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar.

Álit fjárlaganefndar neðri deildar, þingskjal 188.

Skýrsla um bænarskrár, málaleitanir o. s. frv., þingskjal 211.

Breytingar og viðaukatillögur: þingskj.: 242, 244, 245, 246, 247, 250, 253, 255, 257, 260, 261, 262, 275, 277.

Tekjubálkurinn.

1. 1. gr. frv. (með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslunni).
2. við 2. gr. 11. Breyt.till. nefndarinnar(188): Fyrir: »40,000 — 40,000 — 80,000«, komi: »43,000 — 43,000 — 86,000«.
3. — 2. — 13. Breyt.till. póstmálanefndarinnar (257): Fyrir: »18,000 — 18,000 — 36,000«, komi: »20,000 — 20,000 — 40,000«.
4. — 2. — Breyt.till. nefndarinnar (188): Á eptir 13. tölul. bætist inn í nýr tölul. svohljóðandi: »14. tekjur af gufuskipi, sem haldið er út til strandferða á kostnað landsjóðs 12,000 — 12,000 — 24,000«.
5. — 2. — Breyt.till. frá Sig. Stef. o. fl. (253): Á eptir 13. tölul. komi nýr tölul. svohlj.: »14. tekjur af gufuskipsferðum 20,000 — 20,000 — 40,000«.
6. 2. gr. frv. breytt eða óbreytt.
7. 3. — frv. óbreytt.
8. við. 4. gr. Breyt.till. nefndarinnar (188): Aptan við greinina bætist: »Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði«.

9. 4. gr. frv. breytt eða óbreytt.
10. 5. — frv. óbreytt.
11. 6. — frv. óbreytt.

Gjaldabálkurinn.

12. 7. — frv. óbreytt.
13. 8. — frv. óbreytt.
14. 9. — frv. óbreytt.
15. Við 10. gr. B. 4. e. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir: »kostnaður við sakamál og lögreglumál 1,500« komi: »kostnaður við sakamál og lögreglumál 3,000«.
16. — — — C. 4. a. 3. Breyt till. nefnd. (188): Fyrir: »Eyðum 2,000«, komi: »Eyðum 2,500«.
17. — — — C. 4. a. 4. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir: »Hvanneyri 2,000«, komi: »Hvanneyri 1,500«.
18. — — — C. 4. a. 5. Breyt.till. frá P. Briem (275): Fyrir: »Hvanneyri 2,000«, komi: »Hvanneyri 2,500«.
19. — — — C. 4. b. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir: »til búnaðarfjelaga 8,000« komi: «til búnaðarfjelaga 15,000«.
20. — — — C. 4. b. Breyt.till. nefnd. (277): Fyrir: »til búnaðarfjelaga 8,000«. komi: til búnaðarfjelaga 14,000, þar af til búnaðarfjelags Suðuramtsins 2,000 kr.«.
21. — — — C. 4. b. Breyt.till. frá Sig. Stef. o. fl. (253): Fyrir: »til búnaðarfjelaga 8,000«, komi: »til búnaðarfjelaga 12,000".
22. — — — C. 4. b. Breyt.till. frá Árna Jónss. o. fl. (260): Fyrir: „til búnaðarfjelaga 8,000", komi: „til búnaðarfjelaga 10,000".
23. — — — C. 4. b. Breyt.till. nefnd. (277): Athugasemdin falli burt.
24. — — — C. 4. b. Breyt.till. Sig. Stef. o. fl. (253): Nýr stafliður komi á eptir 4. b. svohljóðandi; „c. til fjenaðarsýninga 1,000 kr.".
25. — — — C. 4. Breyt.till. nefnd. (188): Á eptir d. (styrknum til sjera Odds) bætist inn nýir tölul. svohljóðandi:
„e. Styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla 300 kr.
f. Styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu 200 kr.
g. Styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið 4,000 kr.".
26. — — — C. 4. Breyt.till. frá Ól. Ól. o. fl. (247): Aptan við d. bætist nýr stafliður svohljóðandi:
„Verðlaun handa þeim manni, sem á fjárhagstímabilinu sannar fyrir landstjórninni, að hann hafi fundið öruggt meðal gegn sauðfjárpestinni, í eitt skipti fyrir öll 500 kr.".
27. — — — C. 4. Breyt.till. Sig. Stef. o. fl. (253): Á eptir d. (styrknum til sjera Odds) komi nýr töluliður svohljóðandi:
„f. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla 500 kr.".
28. — — — C. 5. a. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir: „til að útvega vegfróðan

mann frá útlöndum 3,000 kr.“, komi: „til að útvega vegfróðan mann 3,000 — 3,000“.

29. Við 10. gr. C. 5. a. Breyt.till. frá Á. Jónss. o. fl. (260): Fyrir: „til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum . . . . . 3,000 kr.“, „ komi: „til að útvega vegfróðan mann „ — 3,000 kr.“.

30. — — — C. 5. b. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir: „til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . . . 25,000 — 25,000“, komi: „til að bæta vegi á aðalpóstleið. 26,000 — 26,000“.

31. — — — C. 5. b. Breyt.till. frá P. Br. (275): Fyrir: „til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . . . . . 25,000 — 25,000“. komi: „til að bæta vegi á aðalpóstleið. 30,000 — 30,000“.

32. — — — C. 6. Breyt.till. nefnd. (188): Töluliðurinn orðist svo:

Til gufuskipaferða:

a, til strandferða frá útlöndum	9000 —	9000 —
b, til að halda úti skipi til strandferða á kostnað landsjóðs	50000 —	50000 —
c, til gufubátsferða á Vestfjörðum	3000 —	3000 —
d, — —— á Breiðafirði	3000 —	3000 —
e, — —— á Faxaflóa	3000 —	3000 —
f, — —— á Austfjörðum	3000 —	3000 —
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna, eða meiri hluta þeirra, ef þær greinir á	71000 —	71000 —

33. Við 10. gr. C. 6. Breyt.till. frá Á. Jónss. o. fl. (261) við br.till. nefnd. 14 tölul: Aptan við málsgreinina: »Styrkurinn til gufubátsferða« o. s.frv. bætist: »Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ¼ á móti styrknum úr landsjóði«.

34. — — — C. 5. og C. 6. Breyt. till. nefnd. (188): Töluliðir þessir flytjist til 12. gr. og verði þar B. og C.

35. — — — C. 6. a. Breyt.till. Sig. Stef. o. fl. (253): Fyrir: »til gufuskipsferða kringum landið . . . . . 18000« komi: til gufuskipsferða, er landsjóður kostar frá útlöndum og umhverfis landið . . . . . 50000«

36. — — — C. 6. a. Breyt.till. frá Á. Jónss. o. fl. (260): Fyrir: »til gufuskipsferða kringum landið . . . . . 18000« komi: »a. til strandferða frá útlöndum 9000

b. — strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni . . . . . 12000«

37. — — — C. 6. Breyt.till. við breyt.till. nefnd. frá Ól. Ól. o. fl. (250): Bætist inn í nýr liður svo látandi: »til gufubátsferða með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja . . . . . 3000 — 3000«

38. — — — C. 10. Breyt.til. frá Ó. Pálss. (262): Við töluliðinn bætist:

»og 600 kr. til að leggja járn á veggi og stafna Prestsbakkakirkju, og sömuleiðis 600 kr. til að leggja járnþak á Langholtskirkju«.

39. 10. gr. frv. breytt eða óbreytt.

40. Við 11. gr. 2. Breyt.till. nefnd. (188): Nýir stafliðir bætist við svohljóðandi:
»g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu;
h. til læknis í Eyjahreppi á Breiðafirði með næstu sveitum Barðastrandarsýslu, er skipaður sje eigi fyrri en læknirinn í 5. læknishjeraði er fluttur frá Brjánslæk lengra vestur í hjeraðið«.

41. 11. gr. frv. breytt eða óbreytt.

42. Við 12. gr. Breyt.till. nefnd. (188): Upphaf greinarinnar verði svo:
»Til samgöngumála veitast 167300 kr.
A.
Til útgjalda við póststjórnina«.

43. — — — 1. b. Breyt.till. frá póstmálanefnd (257):
Fyrir: »4000 kr.« komi: »4500 kr.«

44. — — — 1. c. Breyt.till. frá póstmálanefnd (257):
Fyrir: »1900 kr.« komi: »2500 kr.«

45. — — — 2. Breyt.till. frá póstmálanefnd (257):
Fyrir: »22000 — 22000 — 44000«
komi: »34000 — 34000 — 68000«

46. — — — 3. e. Breyt.till. frá póstmálanefnd (257):
Fyrir: »500 kr.« komi: »600 kr.«

47. 12. gr. frv. breytt eða óbreytt.

48. Við 13. gr. A. b. 4. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir:
»Bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli o. s. frv. . . . . 300 — 300«
komi: »Bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli o. s. frv. . . . . 500 — «

49. — — — A. b. 4. Breyt.till. frá Á. Jónss. o. fl. (260):
Töluliðurinn falli burt.

50. — — — A. b. Breyt.till. Ól. Ól. (245): Á eptir 5. tölulið bætist inn í nýr töluliður svo hljóðandi:
»Bráðabirgðaruppbót handa Stóruvallaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi . 300 — 300«

51. — — — A. b. 6. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir:
»viðbót við eptirlaun o. s. frv. . . . 3000 — 3000«
komi: »viðbót við eptirlaun o. s. frv. 3100 — 3100«

52. — — — B. I. b. 2. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir:
»4 ölmusur . . . . . 800 — 800«
komi: »3 ölmusur . . . . . 600 — 600«

53. Við 13. gr. B. III. c. 5. Breyt.till. nefnd. (188): Á eptir:
»ölmusur . . . . . 6000 — 6000«
bætist inn í: »Upphæðinni úthlutar landshöfðingi eptir tillögum kennarafundar«.

54. — — — B. III. c. 9. Breyt.till. nefnd. (188):
Töluliðirnir orðist svo:
»Til vísindalegra áhalda við kennslu:
a. í náttúrusögu . . . . 500 — 200
b. í eðlisfræði . . . . 500 — 200«.

55. — — — B. IV. b. Breyt. till. frá B. Sv. (255):
Aptan við 13. gr. B. IV. b. bætist töluliður 6.
þannig hljóðandi:
»Til þess að kaupa hús til ábúðar á jörðinni Móðruvöllum í Hörgárdal veitast . . . . . 4500 kr.«

56. — — — B. V. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir:
»til sjómannaskólans«,
komi: til stýrimannaskólans.

57. — — — B. V. b. 1. Breyt.till. nefnd. (188): Fyrir:
»Til húsnæðis o. s. frv. . . 300 kr.«
komi: »Til húsnæðis o. s. frv. 400 kr.«

58. — — — B. VI. a. 1. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «til kvennaskólans í Reykjavík 1500 kr.»
komi: «til kvennaskólans í Reykjavík 1800 kr.»

59. — — — B. VI. a. 2. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «til kvennaskólans á Ytriey 1000»
komi: «til kvennaskólans á Ytriey 1200».

60. — — — B. VI. a. 2. Breyt.till. frá Á. Jónss. o. fl. (261) við br.till. nefnd.:
Fyrir: «til kvennaskólans á Ytriey 1200 kr.»
komi: «til kvennaskólans á Ytriey 2000 kr.
þar af 800 kr. til húsabygginga».

61. — — — B. VI. a. 2. Breyt.till. P. Br. (275):
Fyrir: «til kvennaskólans á Ytriey 1000»
komi: «til kvennaskólans á Ytriey 2500»

62. — — — B. VI. a. 3. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «til kvennaskólans á Laugalandi 1000»
komi: «til kvennaskólans á Laugalandi 1200»

63. — — — B. VI. a. 4. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi 1400»
komi: «til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi 2000».

64. — — — B. VI a. 4. Breyt.till. nefnd. (188):
Athugasemdin orðist svo:
«Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans.

Þar af 500 kr. til námsmeyja».

65. Við 13. gr. B. VI. b. 1. Breyt.till. frá Sig. Stef. o. fl. (253):
Fyrir: «til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . 3000 — 3000»
komi: «til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . 4000 — 4000».

66. — — — B. VI. b. 1. Breyt.till. frá Jens Pálss. (242):
Í stað: «3000 — 3000“ komi: . . . . . 4000 — 4000„

67. — — — B. VI. b. 1. Breyt.till. frá Jens Pálss. (242).
Í stað orðanna: „Styrkur þessi veitist . . . styrkinn úr landsjóði“ komi: Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutímans, nemendafjölda, kennslukröptum og kennsluáhöldum skólans, og með því skilyrði, að þeir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði».

68. — — — B. VI. b. 2. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: „til sveitakennara o. s. frv. . . . . 2500 — 2500“
komi: „til sveitakennara . . . . . 4000 — 4000“

69. — — — B. VI. b. 2. Breyt.till. nefnd. (188):
Í athugasemdinni falli burt orðin:
„og stiptsyfirvaldanna“.

70. — — — B. VI. Breyt.till. nefnd. (188):
Nýir stafliðir bætist við svohljóðandi:
e. til verzlunarskóla í Reykjavík . . . . . 250 — 250
f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar og málleysingjum, fyrra árið . . . 1000 — „

71. — — — B. VII. Breyt.till. Á. Jónss. o. fl. (260):
Töluliðurinn B. VII. a.—d. falli burt.

72. — — — B. Breyt.till. nefnd. (188):
Aptan við 13. gr. B. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
VIII. Til sundkennslu:
a. í Reykjavík . . . . . 200 — 200
Lærisveinar latínuskólans njóti ókeypis kennslu.
b. til sundkennslu annarsstaðar . . 400 — 400
c. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi fyrra árið . . . . 500 — „

73. — — — B. Breyt. till. Sig. Stef. o. fl. (253):
Aptan við 13. gr. B. bætist nýr töluliður svohljóðandi:
„VIII. Til sundkennslu annarstaðar en í Reykjavík . . . . . 1000 — 1000

Styrkur þessi veitist sýslunefndum, og með því skilyrði, að sundkennslan njóti eigi minna styrks annarstaðar frá en sem nemur helmingi við landssjóðsstyrkinn".

74. Við 13. gr. C. 1. d. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «Fyrir bækur o. s. frv. . . . . 1200 — 1200»
komi; „Fyrir bækur o. s. frv. . . . . 1800 — 1800»

75. — — — C. 1. f. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir: «Brunabótagjald fyrir safnið . . . 200 — 200»
komi: „Brunabótagjald fyrir safnið . . . 300 — 300»

76. — — — C. 2. Breyt.till. nefnd (188):
Töluliðurinn orðist svo:
„til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins . . . . . 400 — 400„

77. — — — C. 5. b. Breyt.till. nefnd. (188):
Fyrir. „til umsjónar 200"
komi: „til umsjónar 400"

78. — — — C. 5. b. Breyt.till. Sig. Stef. o. fl. (253):
Fyrir: „til umsjónar 200"
komi: „til umsjónar 500"

79. — — — C. Breyt.till. nefnd. (188):
Aptan við 13. gr. bætist nýir töluliðir svohljóðandi:
„(a) til fornleifafjelagsins . . . . . 300 — 300
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.

80. — — — (b) til náttúrufræðisfjelagsins . . . . . 400 — 400

81. — — — (c.) til stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis og bindindisrita . . . . . 300 — 300

82. — — — (d.) styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi . . . . . 1200 — 1200

83. — — — (e.) ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar fyrra árið . . . . . 1200 — «

84. — — — (f.) ferðastyrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens fyrra árið . . . . . 1200 — «

85. — — — (g.) styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið og halda áfram skrásetningu yfir það . . . . . 600 — 600

86. — — — (h.) styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs, til að búa sig undir að rita sögu Íslands. . . . . 500 — 500

87. — — — Breyt.till. við síðastnefnda breyt.till. fjárl.nefnd. frá Árna Jónss. o. fl. (261):
Fyrir: „500 kr. 500 kr.
komi: 1000 — 1000 —"

88. — — — (i.) styrkur til frú Torfhildar Holm til ritstarfa . . 500 — 500

89. — — — (j.) skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar . . 1000 — 1000»

90. Við 13. gr. C. (j.) Breyt.till. við br.till. nefnd. frá B. Sv. (246):
Á eptir 44. — — — 12. (í nefndarálitinu) bætist inn í nýr töluliður þannig:
„Ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals. 1500 — » »
91. — — — Breyt.till. frá J. Jónassen (244):
Aptan við 13. gr. bætist:
»styrkur til tannlæknis Nickolíns 600 — 600 — 1200.«
92. — — — Breyt.till. Sig. Stef. o fl. (253):
Aptan við greinina bætist nýr töluliður svohljóðandi:
»9. til tannlæknis O. Nickolins 500 — 500«
93. 13. gr. frv. breytt eða óbreytt.
94. 14. gr. frv. óbreytt.
95. Við 15. gr. Breyt.till. nefnd. (188):
1. Fyrir: »90000 kr.« komi: »86000 kr.«
96. — — — 2. Orðin »til Árna Thorlacíus 200 kr.« falli burt.
97. — — — 3. Fyrir: „til Katrínar Þorvaldsdóttur o. s. frv. 200 kr.“ komi: „Til Katrínar Þorvaldsdóttur o. s. frv. 300 kr.“.
98. 15. gr. frv. breytt eða óbreytt.
99. 16. — frv. óbreytt.
100. 17. — frv. (breytt samkvæmt atkvæðagreiðslunni).
101. 18. — frv. óbreytt.
102. Viðaukatillaga nefndarinnar (188):
Aptan við frv. bætist athugasemd svohljóðandi:
„Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4,000 kr., til aðgjörðar á skólahúsinu, gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár“.
103. Samlagning, tala á greinum og liðum breytist eptir atkvæðagreiðslunni.
104. Fyrirsögn frumvarpsins.
105. Frv. með áorðnum breytingum til 3. umr.

Nd.

282. Nefndarálit

um frv. til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum, verzlunarstöðum o. fl.

Undirskrifuð nefnd, er hin heiðraða neðri deild alþingis kaus til að íhuga frumvarp til laga um fjelag til brunabótatryggingar á íslenzkum kaupstöðum og verzlunarstöðum o. fl., leyfir sjer hjermeð að skýra frá áliti sínu og tillögum því viðvíkjandi á þessa leið:

Nefndin er á einu máli um, að æskilegt sje að innlent brunabótafjelag komist á fót, því hún álítur að hættan við eldsvoða hjer á landi sje yfir höfuð eigi svo mikil, að hún samsvari brunabótagjöldum þeim, er menn nú verða að greiða útlendum fjelögum fyrir vátrygging á húsum sínum. Ennfremur álítur hún æskilegt, að skylt væri að halda í brunabótaábyrgð öllum húseignum í kaupstöðum og helztu verzlunarstöðum hjer á landi, eins og nú á sjer stað um Reykjavík, því að öðrum kosti eru húsin eigi eins trygg eign eða eins áreiðanlegt veð. Sömuleiðis fellst hún á að slíku brunabótafjelagi verði eigi komið

á fót án ábyrgðar landsjóðs, meðan enginn eða lítill sjóður er fyrir hendi. En jafnframt því sem nefndin er þannig samdóma aðalstefnu frumvarpsins og fyrirkomulagi fjelagsins yfir höfuð að tala, þá leggur hún til að gjörðar sjeu ýmsar breytingar við frumvarpið, er að vísu fæstar eru verulegar efnisbreytingar. Meðal þeirra er sú tillaga, að ákveðnir sjeu í lögunum þeir staðir þar sem skylt sje að vátryggja hús og höfum vjer nefnt þá staði til, þar sem við virðingar til húsaskatts árið 1887 húseignir voru virtar yfir 50000 kr.; með sjerstökum lögum mætti síðar bæta fleiri stöðum við; ennfremur sú tillaga að ákveðið sje til tryggingu fyrir landsjóð, hvað brunabótagjaldið megi minnst vera eptir húsaskattsvirðingunni 1887, mundi þetta nema á hinum nafngreindu stöðum hjerumbil 11700 kr. árlega — og jafnframt að veita skuli á hverjum 10 ára fresti uppbót (bonus), ef hagur fjelagsins leyfði það; þessi ákvörðun er eigi að eins sanngjarnleg í sjálfu sjer, en með því að hún mundi verða mismunandi á hinum einstöku stöðum, þá gæfi hún bæjarmönnum á hverjum stað hvöt til að gjöra sitt til, að ábyrgðin þar yrði sem ljettust fyrir fjelagið. Að því er snertir húseign utan þeirra staða þar sem vátryggingin er skylda, þá þykir oss óþarfi að takmarka ábyrgðina við $^2/_3$ virðingarverðs, því sú trygging, sem í því gæti legið, hverfur, ef fengin er ábyrgð á þriðjungnum, sem eptir er, í útlendu fjelagi; en aptur hefur oss þótt ástæða til að binda ábyrgð á slíkum húseignum með samþykki fjelagsstjórnarinnar. Að því er snertir ábyrgð landsjóðs, þá geta verið deildar skoðanir um, hversu há hún þurfi að vera, en vjer álítum þó, að upphæð sú, sem til er nefnd, í frumvarpinu sje nægileg, þegar þess er gætt að fjelagið geti einnig fengið endurvátryggíng á nokkrum hinum verðmestu húseignum, meðan þess þætti þörf. Aptur á móti álítum vjer, að ábyrgðin mætti eigi fara að minnka fyr en líkindi væru til að fjelagið væri búið að eignast allmikinn sjóð, en á hinn bóginn að fram ár því mundi sjóðurinn fara svo vaxandi að ábyrgðin mætti hverfa fyr, en ráðgjört er. Svo þykir oss og vel mega ákveða, að ef til ábyrgðar landsjóðs þarf að taka, þá skuli endurgreiða allt það fje er hann leggur út, því ef þetta yrði fjelaginu of þungbært, þá væri það að eins vottur þess að ábyrgðargjaldið væri sett oflítið.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim, er nú skal greina:

1. Á undan 1. gr. bætist inn í ný grein, er verður 1. gr., svohljóðandi:
   «Brunabótafjelag skal stofna hjer á landi svo sem fyrir er mælt í lögum þessum».
2. 1. gr. frumvarpsins, er verður 2. gr., orðist svo:
   Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði skal öllum húseignum, — íbúðarhúsum, samkomuhúsum, geymsluhúsum, bæjum o. s. frv. — hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.
3. 2. gr. frumvarpsins falli burt.
4. 3. gr. falli burt.
5. 4. gr., er verður 3. gr., orðist þannig:
   «Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim sem nefndir eru í 2. gr. geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn fjelagsins samþykkir það».

6. 5. gr., er verður 4. gr., orðist þannig:

«Áður en fjelagið kemst á fót skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

7. Ný grein, er verður 5. gr., bætist við svohljóðandi:

«Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður eða bæjarfógeti útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingamaður.

Fyrir virðingagjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað samkvæmt niðurjöfnun sýslumanns eða bæjarfógeta eptir virðingarverði húseignanna».

8. Ný grein, er verður 6. gr., bætist við svohljóðandi:

«Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti og fá þeir sömu borgun fyrir starf sitt eins og segir í 5. gr. og greiðir gjörðarbeiðandi hana».

9. 6. gr. frumvarpsins, er verður 7. grein orðist svo:

«Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt».

10. 7. gr., er verður 8. gr., orðist þannig:

«Stjórn fjelagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6. hvert ár á kostnað eigendanna á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Ennfremur hefur stjórn fjelagsins heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af fjelagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í fjelaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt».

11. 8. gr., er verður 9. gr., orðist svo:

„Á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., hvílir brunabótagjaldið á húseign þeirri, sem vátryggð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið sem og borgun fyrir virðingu má taka lögtaki eptir þeim reglum er gilda um lögtak á sköttum til landssjóðs".

12. 9. gr., er verður 10. gr., orðist svo:

„Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar að nýju skal á þær leggja eldtraust þak".

13. 10. gr., er verður 11. gr., orðist svo:

»Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr.,

að hafa slökkvitól þau, sem fjelagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar sem til þess verða álitnir hæfir skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.«

14. Fyrir: »samþykkt« í fyrirsögn II. kafla komi: »reglugjörð«.

15. Við 11. gr., er verður 12. gr. Fyrir: Landshöfðingi kallar fulltrúana og til enda greinarinnar, komi:

»kýs hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður eins marga fulltrúa eins og bæjar- eða sveitarfjelag hans á hlut í að kjósa. Skýrslu um kosninguna skal senda landshöfðingja, telur hann saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna; þeir eru rjettkosnir fulltrúar er flest fá atkvæði. Fái tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn.

Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík, og greiðist þeim úr landssjóði ferðakostnaður eptir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðiingi leggur úrskurð á reikninga þeirra og ávísar þeim«.

16. Við 12. gr., er verður 13. gr. Upphafið orðist svo:

»Fulltrúafundurinn ákveður hve marga« o. s. frv.

Orðið: „tveggja“ í greininni falli burt.

Niðurlagið orðist svo:

„stjórn fjelagsins, að ákveða næsta fulltrúafund“.

17. 13. gr., er verður 14. gr., orðist svo:

„Fulltrúarnir semja reglugjörð fyrir brunabótafjelagið og skal þar ákveðið um stjórn fjelagsins og reikningsfærslu þess; hvar fjelagið skuli lögheimili hafa; hverskonar húseignir fjelagið eigi vill tryggja og hverja muni, sem húsum fylgja, fjelagið tryggir; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða og hve opt skuli virða tryggðar húseignir upp aptur; hve langt bil skuli vera milli húsa eða auðar spildur; hvernig skaða af eldsvoða skuli meta og hvernig hann skuli verða endurgoldinn af sjóði fjelagsins; hverja borgun fjelagið má taka fyrir útgáfu tryggingarskírteina, vottorða o. s. frv.; hvort og hvernig fjelagið tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig sjóði fjelagsins skuli varið og hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar fjelagsins; hvernig skera skuli úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og fjelagsstjórnarinnar svo að komizt verði hjá málaferlum; hvernig stjórn fjelagsins skuli skipuð og hvert starfsvið hennar er o. s. frv. Ennfremur skal ákveða, hve mikið brunabótagjald skuli greiða af hverskonar húseign á hverjum stað, en eigi má það minna vera en $3^0/_{00}$ í Reykjavík, $4^0/_{00}$ á hinum öðrum stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., og $5^0/_{00}$ annarstaðar á landinu.

Reglugjörð þessi skal lögð undir samþykki landshöfðingja, og verður henni ekki breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja“.

18. 14. gr. falli burt.

19. 15. gr. falli burt.

20. Við 16. gr., er verður 15. gr. Fyrir: „forstjórum“ komi: „stjórnendum“. Seinasta málsgrein: „Fulltrúarnir“ o. s. frv. falli burt.
21. 17. gr. verður 16. gr.
22. Við 18. gr., er verður 17. gr. Fyrir „Landshöfðingi nefnir til“ komi: „Landshöfðingi skipar“.
    Fyrir: „Munir fjelagsins skal hann sjá um að“ komi: „Hann skal sjá um, að munir fjelagsins“.
    Fyrir: „Landshöfðingi ákveður laun endurskoðarans“ komi: „Laun endurskoðarans skulu ákveðin í reglugjörð fjelagsins“.
23. Við 19. gr., er verður 18. gr. Orðið: „fylgiskjalalausan“ falli burt.
24. 20. gr. verði 19. gr.
25. 21. gr. falli burt.
26. 22. gr., er verður 20. gr., orðist svo:
    „Engin húseign á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. fellur úr ábyrgð fyrir, það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað“.
27. Við 23. gr., er verður 21. gr. Upphafið orðist svo:
    „Allar húseignir, sem eru í brunabótaábyrgð fjelagsins, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóði þess, sem þær verða fyrir“ o. s. frv.
    Fyrir: „húseigninni eða bænum“ komi: „húseigninni“.
28. Við sömu grein. Önnur málsgreinin falli burt.
29. Við 24. gr., er verður 22. gr. Niðurlag greinarinnar: „ef landshöfðingi“ o. s. frv. falli burt.
30. 25. gr. verði 23. gr.
31. Seinast í III. kafla bætist við ný grein, er verður 24. gr. svo hljóðandi:
    „Reynist það, þegar hagur fjelagsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóður þess hafi aukizt meira en fulltrúum fjelagsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar fyrir fjelagið, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda“.
32. Við 26. gr., er verður 25. gr. Orðin: „við þá, sem tryggja hús sín eða bæi hjá því“ falli burt.
33. Við 27. gr., er verður 26. gr. Fyrri málsgreinin orðist svo:
    „Ábyrgð landsjóðs fer minnkandi þannig, að fyrstu 50000 kr. af henni falla burt 31. desbr. 1910, hinar næstu 50000 kr. 31. desbr. 1920 o. s. frv., svo að öll ábyrgðin sje fallin burtu 31. desbr. 1960; þó fellur öll ábyrgð landsjóðs burtu, hvenær sem sjóður fjelagsins er orðinn $^1/_2$ millíon króna“.
34. Fyrir orðin: »Fjelagið endurborgar — hjer á eptir« komi: »Fje þetta endurborgar fjelagið landsjóði sem rentulaust lán með því, sem það hefur afgangs útgjöldum sínum árlega«.
35. 28. gr. falli burt.
36. 29. gr. falli burt.
37. 30. gr., er verður 27. gr., orðist svo:
    »Þegar fjelagið er komið á fót er úr lögum numið opið brjef 29. maí 1839, 3. gr. B. og tilsk. 14. febr. 1874.
38. Ný grein bætist inn í, er verður 28. gr., svohljóðandi:

»Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmdar og fjelagið verði komið á fót eigi síðar en 6 mánuðum eptir að reglugjörð þess er staðfest«.

39. Við 31. gr., er verður 29. gr. Fyrir: »1. Júlí 1893« komi: »1. Marz 1892«.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

„Frumvarp til laga um stofnun brunabótafjelags".

Alþingi 3. ágúst 1891.

Eiríkur Briem formaður og framsögumaður. Indriði Einarsson skrifari. Lárus Halldórsson.

Skúli Thoroddsen. Sigurður Stefánsson.

Nd.

283. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Ólafi Ólafssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Árna Jónssyni og Ólafi Briem.

Í stað orðanna: »framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa önnur embættisstörf á hendi« komi: »frá 1. júlí 1893 má framkvæmdarstjóri landsbankans aldrei hafa embættisstörf á hendi«.

Ed.

284. Tillögur

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga. (Eptir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landsjóði til búnaðarfjelaga og reglurnar fyrir útbýtingu hennar, skuli vera sem hjer segir:

A. Um styrk til búnaðarfjelaga.

I. Almenn skilyrði.

1. Styrkurinn skal miðaður við framkvæmdir fjelagsins í þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
2. Ekkert fjelag skal njóta styrks, er eigi hefur unnið minnst 150 dagsverk.
3. Bónarbrjefunum um styrkinn, er stíluð skulu til landshöfðingja, skal fylgja reikningur næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd hefur útnefnt. Skal í skýrslunni tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og engin jarðabót tekin til greina, nema hún sje vel af hendi leyst. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki telja fram, og eigi heldur þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum. Skýrslur skoðunarmanna skulu samdar eptir formi, er landshöfðingi gefur út.

II. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a) Varnargarðar um tún, engi, fjárbæli og matjurtagarða;
   b) Stíflugarðar;
   c) Þúfnasljettur;
   d) Flatarmál matjurtagarða (í fyrsta sinn, er þeir eru ruddir);
   e) Skurðir til vörzlu, framræzlu og vatnsveitinga;
   f) Lokræsi;
   g) Áburðarsafnhús og forir.

2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:
   a) Varnargarðar:
      úr grjóti 3½ fet á hæð
         einhlaðnir . . . . . 3 faðmar
         tvíhlaðnir . . . . . 1½ —
      úr torfi 4½ fet á hæð . . . . . 5 —
   b) Stíflugarðar . . . . . 250 teningsfet.
   c) Þúfnasljettur:
         Unnar með plóg og herfi . . 15 □ faðmar.
         Unnar með handverkfærum . 10 □ —
   d) Flatarmál matjurtagarða . . . . . 25 □ —
   e) Varnarskurðir:
         3 ál. breiðir, 1 al. á dýpt . . 300 ten.fet.
   f) Skurðir til framræzlu og vatnsveitinga 400 —
   g) Lokræsi . . . . . 3 faðmar.
   h) Áburðarsafnhús og forir (lögheldar) . 50 ten.fet.

B. Um styrk til fjenaðarsýninga.

1. Styrkinn skal veita til verðlauna og annars kostnaðar við sýningar á nautgripum, sauðfje og hrossum.
2. Styrkveitingin skal bundin við það, að til sýninganna leggist að minnsta kosti jafnmikill styrkur annarstaðar frá.
3. Reglur um fyrirkomulag sýninganna, útnefningu skoðunarmanna, veitingu verðlauna og annað, sem þar að lýtur, sjeu staðfestar af hlutaðeigandi sýslunefnd eða amtsráði.
4. Skýrslur um sýningarnar, verðlaun þau, sem veitt eru, og kostnað, er af þeim leiðir, skulu sendar amtsráði áleiðis til landshöfðingja.
5. Umsóknarbrjefin um styrkinn sjeu stíluð til landshöfðingja, og skal senda þau hlutaðeigandi amtsráði til álita.

Nd. **285. Nefndarálit**

um ferðir landpóstanna o. fl.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um ferðir landpóstanna og um fjölgun þeirra m. m., höfum íhugað þetta mál á nefndarfundum, og er álit vort á þessa leið:

Að vísu verður því ekki neitað, að á síðari árum hafa póstgöngur tekið talsverðum bótum, en eins og allir þeir, er afskipti hafa haft af högum landsins, hafa að undanförnu verið sammála um, að auknar póstferðir sjeu eitt af nauðsynjamálum vorum, svo er það og víst, að einlægt er að glæðast áhugi almennings á þessu máli og tilfinningin fyrir því, hversu mikið óhagræði leiðir af samgönguleysinu á landi voru. Vjer verðum því að álíta það skyldu þingsins að koma á móti óskum þjóðarinnar í þá stefnu að bæta svo póstgöngurnar, að þær samsvari sem bezt þörfum landsbúa, að því leyti sem þessu getur orðið framgengt með þeim fjárframlögum, er fjárhagur landsins leyfir.

Um leið og vjer því í fám orðum minnumst á nokkra annmarka við það fyrirkomulag, sem nú er á póstgöngunum, viljum vjer benda á, hvernig vjer höfum hugsað oss að ráðin verði bót á þeim.

Að því er snertir aðalpóstleiðirnar, vill nefndin leggja það til, að aðalpóstleiðinni milli Akureyrar og Seyðisfjarðar sje breytt þannig, að pósturinn gangi framvegis frá Grenj-

aðarstað að mestu leyti hina sömu leið, sem aukapósturinn milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar hefur gengið hingað til.

Það sem nefndinni virðist einkum mæla með þessari breytingu er:

1. Pósturinn gengur á þann hátt eptir allfjölbyggðum sveitum; en hingað til hefur pósturinn gengið að sveita baki, yfir Mývatnsöræfi og Möðrudalsöræfi, og að eins komið við á örfáum bæjum.

2. Aukapósturinn milli Grenjaðarstaðar og Vopnafjarðar hefur að undanförnu venjulega haft meira að flytja en aðalpósturinn.

3. Það er almenningsvilji í Norður-Þingeyjarsýslu, að þessi breyting komist á, og hinir aðrir hlutaðeigendur, íbúar Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, telja sjer það engan skaða.

Þessi breyting mun gjöra það að verkum, að kostnaður við aðalpóstinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar verður nokkru meiri en áður, þar sem hann verður að hafa meiri flutning en hingað til, og leiðin auk þess nokkru lengri. En þar á móti ber þess vel að gæta, að við það sparast að mestu leyti kostnaðurinn við aukapóstinn, sem gengið hefur alla leið frá Grenjaðarstað til Vopnafjarðar og þaðan að Trjebrú yfir Jökulsá. Aukapóstgöngur þær, sem nauðsynlegar verða á þessu svæði, eru hvorki margar nje dýrar, svo þetta fyrirkomulag mun verða, þegar til alls kemur, ódýrara en það, er hingað til hefur verið við haft.

Um aðalpóstferðirnar erum vjer reyndar einhuga á því, að enn vanti mikið á, að þær sjeu svo tíðar sem æskilegt væri. En einkum er það til mikils baga, hversu póstferðirnar milli Suðurlands á aðra hlið, og Vesturlands og Norðurlands á hina, eru strjálar vor og haust. Samt sem áður hefur nefndin með tilliti til kostnaðarins álitið sjer skylt að fara varlega í tillögum sínum um fjölgun þeirra, og vill því að svo stöddu láta sjer nægja að leggja það til, að umræddum póstferðum verði að eins fjölgað um tvær, svo að þær framvegis verði 14 í stað 12, sem nú eru.

Í annan stað þykir nefndinni það miklu skipta, að burtfarardagar póstanna frá Reykjavík að vetrinum sjeu í ferðaáætluninni sem nákvæmast miðaðar við komudaga póstgufuskipanna, þannig að brjef og sendingar, er koma með póstskipunum frá útlöndum og lengra eiga að fara en til Reykjavíkur, berist sem greiðast út um landið.

Enn fremur er það til mjög tilfinnanlegs óhagræðis, einkum fyrir Þingeyjarsýslurnar, að Seyðisfjarðarpósturinn er eigi ávallt látinn fara frá Akureyri þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, og er því einkar-áríðandi, að ferðum þeirra sje hagað svo, að póstsendingar þurfi ekki að tefjast á Akureyri nema sem allraminnst.

Þá fjölgun aukapóstferða, er beinlínis leiðir af fjölgun póstferða á aðalpóstleiðum, getur nefndin engan veginn álitið fullnægjandi. Því að fyrst og fremst er það beint skilyrði fyrir fullum notum aðalpóstferðanna, að aukapóstferðir kvíslist út frá þeim um sem flest byggðarlög landsins. Og í annan stað er það síður en ekki sanngjarnt, að þeir landsbúar, er lagt hafa sinn skerf til kostnaðarins við póstferðirnar að tiltölu við aðra, verði einnig að hafa mikla fyrirhöfn eða sjerstakan kostnað um fram aðra til þess að geta haft þeirra not. Hinar nýju aukapóstferðir, er nefndin leggur til að stofnaðar verði víðs vegar um landið, miða þannig einkum til þess, að afskekktum sveitum sje gjört hægra fyrir að standa í póstsambandi við aðra landshluta, að því leyti sem hægt er að koma því við vegna landslags eða annarar afstöðu.

Auk þeirra aukapóstferða, er standa í sambandi við aðalferðir landpóstanna, getur nefndinni eigi dulizt, að sumstaðar og í sjerstökum tilfellum sje nauðsynlegt að greiða fyrir póstsendingum frá komustöðvum strandferðaskipanna upp í sveitirnar. En með því þetta virðist eigi þurfa að vera einskorðað við fyrirfram ákveðnar ferðir á vissum tímum,

og í öðru lagi af því, að óvíst er, hvernig strandferðunum kann að verða hagað framvegis, þykir ekki full ástæða til, að koma fram með tillögur um slíkar póstferðir, er bundnar sjeu við fasta ferðaáætlun. Á hinn bóginn virðist nægja, að póstafgreiðslumönnum á viðkomustöðum strandferðaskipanna sje falið að senda mann með brjef og aðrar póstsendingar upp til sveitanna, þegar nauðsyn ber til.

Jafnhliða þeirri breytingu á aðalpóstleið, sem um er rætt hjer að framan, og þeirri fjölgun á aukapóstum, sem álízt nauðsynleg, verður eigi hjá því komizt, að taka upp nokkra nýja póstafgreiðslu- og brjefhirðingarstaði, en jafnframt virðist mega ætlast til þess, að aukapóstar komi við og skili brjefum sem víðast á leið sinni, svo að þau berist sem fljótast í hendur rjettum viðtakendum.

Eptir því sem póstferðunum er fjölgað, verðum vjer að gjöra ráð fyrir, að tekjurnar af þeim muni aukast að nokkru. En á hinn bóginn leiðir það af sjálfu sjer, að aukning póstferðanna hlýtur að hafa talsverðan kostnað í för með sjer, ekki að eins til póstflutninga, heldur og til launa handa póstafgreiðslu- og brjefhirðingarmönnum, og höfum vjer áætlað þann kostnað 9200 kr. á ári, sem vjer gjörum ráð fyrir að muni koma þannig niður:

1. laun:			
a. handa póstafgreiðslumönnum	500 kr.		
b. — brjefhirðingarmönnum	600 —	1100 kr.	
2. til póstflutninga:			
a. á aðalpóstleiðum	3000 kr.		
b. á aukapóstferðum	5000 —	8000 —	
3. til áhalda		100 —	
	Samtals	9200 kr.	

Samkvæmt framanrituðum bendingum leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

TILLÖGUR

til þingsályktunar um póstgöngur.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

A. Að aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar leggi leið sína frá Grenjaðarstað um Húsavík og Hjeðinshöfða að Skinnastöðum, síðan yfir Axarfjarðarheiði að Svalbarði, um Syðri-Brekkur í Sauðanesshreppi að Skeggjastöðum, síðan á Vopnafjörð og þaðan um Krossavík yfir Hellisheiði og inn Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

B. Að aðalpóstferðum vestanpóstsins milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins milli Akureyrar og Seyðisfjarðar verði fjölgað um tvær (úr 12 í 14), og aukapóstferðir, er standa í sambandi við þær, auknar að sama skapi.

C. Að ferðaáætlun norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins verði hagað þannig, að póstflutningurinn tefjist ekkert á Akureyri.

D. Að teknar verði upp nýjar aukapóstferðir og lengdar þær aukapóstleiðir, sem nú eru, svo sem hjer segir:

Í Gullbringusýslu

1. frá Útskálum að Hvalsnesi.
2. frá Keflavík um Kirkjuvog, Tóptir, Vogsósa og Þorlákshöfn til Eyrarbakka.

Í Borgarfjarðarsýslu

3. frá Hesti um Reykholt að Sámstöðum í Hvítársíðu.

Í Snæfellsnessýslu

4. frá Stykkishólmi (eptir komu aukapóstsins frá Hjarðarholti) til Ólafsvíkur.

Aukapósturinn frá Stað í Hrútafirði til Stykkishólms fari eigi frá Hjarðarholti fyrr en eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði.

Í Barðastrandarsýslu

5. frá Flatey að Brjánslæk (4 ferðir á ári).
6. frá Bíldudal að Rafnseyri.
7. frá Bæ í Króksfirði (eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði) að Stað í Hrútafirði. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri, og sje kominn að Bæ, áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.

Í Ísafjarðarsýslu

8. frá Arngerðareyri (eptir komu vestanpósts frá Ísafirði) að Kálfanesi í Steingrímsfirði.
9. frá Ísafirði að Botni í Súgandafirði (6 ferðir á ári).

Í Strandasýslu

10. frá Reykjarfirði að Árnesi í Trjekyllisvík.
11. frá Bæ í Króksfirði að Kálfanesi í Steingrímsfirði.

Í Húnavatnssýslu

12. frá Blönduós (ef aðalpóstleiðin verður lögð þar um) að Auðkúlu í Svínadal.

Í Skagafjarðarsýslu

13. frá Lýtingstöðum að Goðdölum.
14. frá Sauðárkrók (eptir komu Siglufjarðarpósts frá Víðimýri) að Hvammi í Laxárdal.
15. frá Lóni (eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri) að Hólum í Hjaltadal.

Í Eyjafjarðarsýslu

16. frá Tjörn í Svarfaðardal um Reyki í Ólafsfirði að Hraunum í Fljótum. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu Víðimýrarpóstsins frá Siglufirði.
17. frá Akureyri (eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað) að Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

18. frá Grýtubakka að Þönglabakka.
19. frá Grenjaðarstað (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

20. frá Skinnastöðum (eptir komu póstsins frá Akureyri) að Raufarhöfn.
21. frá Skinnastöðum að Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

22. frá Fossvöllum (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Skjöldólfstöðum.
23. frá Egilstöðum yfir Lagarfljót um Ás að Valþjófstað.
24. frá Hjaltastað að Kirkjubæ.
25. frá Seyðisfirði (eptir komu Akureyrarpóstsins þangað) um Stakkahlíð að Desjarmýri.

Í Suður-Múlasýslu

26. frá Eskifirði (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Skorrastað í Norðfirði.
Aukapósturinn frá Eskifirði að Stöð komi við á Búðareyri við Reyðarfjörð.
27. frá Seyðisfirði að Brekku í Mjóafirði.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

28. frá Prestsbakka (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

29. frá Ási (eptir komu Reykjavíkurpóstsins) að Skarði á Landi.
30. frá Odda að Teigi í Fljótshlíð.

Í Árnessýslu

31. frá Reykjum á Skeiðum að Hrepphólum.
32. frá Hraungerði um Mosfell að Torfastöðum (póstferðin að Búrfelli leggist niður).
33. frá Kotströnd að Úlfljótsvatni í Grafningi.

E. Að póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum á viðkomustöðum strandferðaskipanna sje falið, að senda brjef og aðrar póstsendingar upp til sveitanna, þegar þörf krefur.

F. Að stofnuð verði póstafgreiðsla (í stað brjefhirðingar):

1. á Bíldudal í Barðastrandarsýslu,
2. Skinnastöðum í Norður-Þingeyjarsýslu,

og að póstafgreiðslan á Höfða sje flutt að Egilstöðum í Norður-Múlasýslu.

G. Að stofnuð verði brjefhirðing á þessum stöðum:

Í Gullbringusýslu

1. á Hvalsnesi á Miðnesi;
2. - Kirkjuvogi í Höfnum;
3. - Tóptum í Grindavík;
4. - Vogsósum í Selvogi.

Í Borgarfjarðarsýslu

5. - Reykholti;
6. - Sámstöðum í Hvítársíðu.

Í Ísafjarðarsýslu

7. - Arngerðareyri (í stað brjefhirðingarinnar í Vatnsfirði, er leggist niður, en póstinum sje gjört að skyldu, að koma við í Vatnsfirði og Vigur);
8. - Botni í Súgandafirði;
9. - Mýrum í Dýrafirði.

Í Strandasýslu

10. - Kollafjarðarnesi;
11. - Árnesi í Trjekyllisvík (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjarfirði, er leggist niður).

Í Húnavatnssýslu

12. - Auðkúlu í Svínadal (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjum, er leggist niður, ef aðalpóstleiðin verður lögð um Blönduós).

Í Skagafjarðarsýslu

13. - Goðdölum (í stað brjefhirðingarinnar á Lýtingstöðum, er leggist niður);
14. - Hvammi í Laxárdal;
15. - Hólum í Hjaltadal;
16. - Hraunum í Fljótum.

Í Eyjafjarðarsýslu

17. - Reykjum í Ólafsfirði;
18. - Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

19. - Þönglabakka;
20. - Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

21. - Syðri-Brekkum í Sauðaneshreppi (í stað brjefhirðingarinnar á Sauðanesi, er leggist niður);
22. - Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

23. á Ási í Fellum;
24. - Valþjófstað;
25. - Kirkjubæ í Hróarstungu;
26. - Stakkahlíð í Loðmundarfirði;
27. - Desjarmýri í Borgarfirði.

Í Suður-Múlasýslu

28. - Skorrastað í Norðfirði;
29. - Brekku í Mjóafirði;
30. - Búðareyri við Reyðarfjörð.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

31. - Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

32. - Skarði á Landi;
33. - Teigi í Fljótshlíð;
34. - Seljalandi undir Eyjafjöllum.

Í Árnessýslu

35. - Hrepphólum;
36. - Mosfelli í Grímsnesi;
37. - Torfastöðum í Biskupstungum;
38. - Úlfljótsvatni í Grafningi.

Um reglur þær og fyrirskipanir, er póstmenn eiga að fylgja í störfum sínum, er nefndinni var einnig falið á hendur að íhuga, mun hún síðar láta uppi álit sitt.

Neðri deild alþingis, 1. ágúst 1891.

Sigurður Gunnarsson,	Ólafur Briem,	Jens Pálsson,
formaður.	framsögum.	skrifari.

Skúli Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Jón Jónsson þm. N.-Þ.

Ed. **286. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. (Eptir 2. umr. í Ed.)

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 12,274 kr. 54 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

C. 1.	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 kr. 83 a.
C. 5. b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn	5,000 — » -
C. 5. c.	Til fjallvega	2,589 — 96 -
C. 6.	Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891	3,000 — » -

Skilyrði fyrir útborgun þessa styrks eru:

1. Að bátnum sje haldið úti til októbermánaðarloka, og fari til þess tíma sem svari 8 ferðir á mánuði um svæðið frá Akranesi til Garðskaga, og að minnsta kosti 8 ferðir alls milli Reykjavíkur og Borgarness.
2. Að báturinn hafi reynzt hæfur til flutninga í þessum ferðum fyrir menn og vörur.

alls ..... 10,748 kr. 29 a.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

A. b. 2.	Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891	250 kr.	» a.
B. III. c. 4.	Til tímakennslu í hinum lærða skóla . . .	768 —	60 -
B. IV. b.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu	500 —	» -
	alls	1518 kr.	60 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 7 kr. 65 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Ed. **287. Frumvarp**

til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Það er úr lögum numið, að nokkur maður sje skyldur að vera í vist eptir að hann er 20 ára, og er hverjum manni heimilt, að ráða sig til vinnu um svo stuttan tíma sem vera skal.

2. gr. Skylt er hverjum þeim verkmanni, sem eigi er í vist, að eiga víst ársheimili frá fardögum til fardaga hjá einhverjum húsráðanda, sem eigi er á sveit; þó má verkmaður á fardagaárinu skipta um heimili innan sama hrepps eða bæjarfjelags, ef hann fær sjer ábyrgðarmann, er hrepps- eða bæjarstjórn tekur gildan.

3. gr. Rjett er, að verkmaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir verkmaður eigi lögboðin gjöld af hendi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er verkmaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann nema verkmaður geti sýnt, að annar hafi tekið að sjer ábyrgð gjaldanna.

4. gr. Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 5—50 kr., er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

5. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Ed. **288. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga, um breytingar á 3., 10. og 25. gr. stjórnarskrárinnar. Frá Grími Thomsen.

1. gr. 3. gr. orðist þannig:

„Ráðgjafinn hefur ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, sem og á öllum stjórnarathöfnum, hvort sem þær eru framkvæmdar af honum sjálfum, eða landshöfðingja (sbr. 2. gr.) Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum“.

2. gr. 10. gr. orðist þannig:

„Samþykkis konungs þarf yfir höfuð til þess, að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi, og hafi konungur eigi staðfest eitthvert laga-

frumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.

Undanskilin eru þau lagafrumvörp, er snerta landsins sjerstöku atvinnuvegu. Staðfesti konungur eigi þess konar lagafrumvarp frá alþingi, skal frumvarpið óbreytt lagt fyrir næsta alþingi, og samþykki báðar deildir þingsins það þá óbreytt á ný með $^2/_3$ atkvæða, eru það lög. Konungur annast um að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt".

3. gr. 25. gr., fyrsta málsgrein, orðist þannig:

„Fyrir hvert reglulegt alþingi, undir eins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, 5. gr. sbr. 6. gr., er greitt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands".

Ed. **289. Frumvarp**

til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. (Eptir 2. umr. í Ed.).

Borgun fyrir að skipta dánarbúi, þar sem ómyndugir erfingjar eru einn eða fleiri og arfahlutinn er eigi yfir 200 kr., skal eigi vera meiri en ½ % af allri upphæð dánarbúsins.

Nd. **290. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir 3. umr. í Ed.).

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið.

Nd. **291. Frumvarp**

til laga um eyðing svartbakseggja. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Allir ábúendur jarða þeirra á Breiðafirði, er æðarvarp liggur undir, eru skyldir að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarða sinna. Sömu skyldu hafa og þeir ábúendur á tjeðu svæði að gæta, er búa allt að 1 mílu frá friðlýstu æðarvarpi, þótt eigi sje æðarvarp á jörðum þeirra.

Vanræki nokkur ábúandi þessa skyldu, annaðhvort af ásetningi eða vítaverðu skeytingarleysi, skal hann gjalda 5 til 100 króna sekt. Sje vanrækslan ítrekuð, tvöfaldast sektin.

2. gr. Af sektum þeim, sem ákveðnar eru í 1. grein, rennur $^1/_3$ hluti í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, en $^2/_3$ til uppljóstrarmanns.

3. gr. Mál þau, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

Ed. **292. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum, 14. desbr. 1877, um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Frá Arnljóti Ólafssyni.

1. gr. Laun sýslumanna í Skagafjarðarsýslu og Skaptafellssýslu skulu vera 3500 kr. árlega, og sýslur þessar teljast til 1. flokks sýslna, sbr. 4. gr. laga 14. desbr. 1877, um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi, 1. jan. 1892.

Ed. **293. Tillaga til þingsályktunar**

frá Arnljóti Ólafssyni.

Alþingi ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hann sjái svo um að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því leyti er snertir hin sjerstaklegu málefni landsins.

Nd. **294. Viðaukatillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 11. gr. 2. á eptir hinum nýju stafl. „g“ og „h“ bætist enn nýr stafliður svohljóðandi:

„i. til læknis í Breiðdals- Beruness- og Geithellnahreppum“.

Nd. **295. Nefndarálit**

í málunum um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um kjörgengi kvenna.

Vjer undirskrifaðir, sem vorum kosnir í nefnd til þess að segja álit vort um frv. til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og aðgang þeirra að embættum, höfum einnig fengið 2 mál önnur til meðferðar: frv. til laga um kjörgengi kvenna og frv. til laga um sjereign giptra kvenna.

Tvö hin fyrstnefndu af frv. þessum höfum vjer nú þegar íhugað, og látum vjer álit vort uppi fyrir hinni heiðruðu n. deild á þessa leið. Frv. um kjörgengi kvenna teljum vjer verulega rjettarbót, og ráðum því hinni h. deild til að samþykkja það óbreytt. Vjer erum að vísu ekki allir eins samdóma um nytsemi frv. um rjett kvenna til að ganga á menntunarstofnanir etc., en ráðum samt hinni heiðruðu deild til að samþykkja það með þeirri einni breytingu

að í 1. gr. á eptir orðunum: »undir burtfararpróf«, komi: »á gagnfræðaskólum landsins og hinum lærða skóla í Reykjavík«.

Alþingi, 4. ágúst 1891.

Skúli Thoroddsen, formaður. Ólafur Ólafsson, skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson. Jón Jónsson þm. N.-Þ.

Jens Pálsson.

Ed. **296. Tillaga**

til þingsályktunar um að setja nefnd til að íhuga sundurskipting jarða og fjölda þurrabúða í sjávarsveitum. Flutningsmaður Sighvatur Árnason.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að kveðja 5 menn úr ýmsum

hjeruðum landsins til að ganga í nefnd milli þinga til að íhuga málið um hina viðsjárverðu sundurskipting jarða í landbúnaðarsveitunum, og þurrabúða fjölda við sjóinn, og koma fyrir næsta alþingi fram með frumvarp til laga eða ákveðnar tillögur í þá átt að ráða bót á því skaðræði, sem af þessu leiðir fyrir þjóðfjelagið. Kostnaður greiðist úr landsjóði.

Ed. **297. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga. Frá Þorleifi Jónssyni.

Við A. I. 2: Töluliðurinn orðist þannig:

Ekkert fjelag skal njóta styrks, er eigi hefur unnið 10 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali, samtals minnst 150 dagsverk.

Ed. **298. Breytingartillaga**

við frv. til laga um friðun á laxi. Frá E. Th. Jónassen og Juliusi Havsteen.

Við 7. gr. síðustu málsgrein. Fyrir orðin: „skal landshöfðingi eptir ráði amtmanns staðfesta“ komi orðin: „skal amtmaður staðfesta“.

Við 9. gr. fyrir orðin: „eptir því sem sýslumaður metur“ komi orðin: „eptir því sem amtmaður ákveður“.

Ed. **299. Nefndarálit**

í frumvarpi til laga um friðun á laxi.

Nefndin ræður til, að frumvarp þetta verði samþykkt með eptirfylgjandi breytingum.

1. gr. Byrjun gr. orðist þannig:
   a) Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung sjávar út frá árósum nema o. s. frv.
   b) 2. stafl.:
   í stað »miðnætti« komi: »náttmálum«, »miðs morguns« komi: »dagmála«.
2. gr. Í stað »miðja« komi: »miðja og þó».
3. gr. 1. stafl. í stað: »3 stundir» komi: »4 stundir».
   Niðurlag 1. stafliðs orðist þannig: í stað »þó eigi — — sjávar» komi: »en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhverju útfalli sjávar».
   2. stafl. í niðurlagi: »og skal hann þar ófriðhelgur« falli burt.
4. gr. Í stað »15. júlí» komi »1. júlí».
6. gr. Eptir: »veiðiaðferð», komi: »og skiptingu á afla».
7. gr. Upphaf greinarinnar: »Nú — fyrir er mælt« orðist þannig: »Nú er svo

háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt um«.

Alþingi, 5. ágúst 1891.

L. E. Sveinbjörnsson, form. og framsögum. Á. Thorsteinson, skrifari. Grímur Thomsen.

Nd. **300. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Árna Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að búnaðarskólarnir í Ólafsdal og á Hvanneyri verði sameinaðir í einn sameiginlegan búnaðarskóla fyrir Suður- og Vestur-Amtið á Hvanneyri í Borgarfirði.

Nd. **301. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Flutningsmaður Sigurður Gunnarsson.

1. gr. Vallanes-prestakall skal vera Vallanessókn, að undanteknum bæjunum Stóra-Sandfelli og Vaði, og Hallormsstaðarsókn, að undanteknum bæjunum Mýrum og Geirúlfsstöðum. Frá þessu prestakalli greiðast 500 kr. í landsjóð.

2. gr. Þingmúla-prestakall skal vera Þingmúlasókn með Stóra-Sandfelli og Vaði, Mýrum og Geirúlfsstöðum.

3. gr. Kirkjujarðir hins fyrrverandi Hallormsstaðar-prestakalls, Mýrar og Geirúlfsstaðir leggjast til Þingmúla.

Ed. **302. Viðaukaatkvæði**

við frumvarp til laga um friðun á laxi. Frá Á Thorsteinson, Jóni A. Hjaltalín og Arnljóti Ólafssyni.

2. gr. Aptan við aðra grein bætist nýr stafliður:

"Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því aðeins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl".

Ed. **303. Tillaga til þingsályktunar**

frá Jóni A. Hjaltalín, Arnljóti Ólafssyni og Á. Thorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja, að fá því framgengt, að landsbankinn veiti lán gegn veði í húseignum í kaupstöðum öðrum en Reykjavík, og verzlunarstöðum landsins, þá er hús þessi eru vátryggð, en það annast landsbankinn fyrir hönd lántakanda, sem greiði vátryggingargjald það er þarf, fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust, allt á þann hátt, er ákveðið yrði ýtarlegar með reglugjörð, samkvæmt lögum 18. sept. 1885.

Ed. **304. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun, og í málinu: frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri.

Nefndin, sem hin háttvirta efri deild kaus til að íhuga frumvörp þessi, hefur eigi getað orðið á einu máli um tillögur sínar.

Meiri hluti nefndarinnar telur eptirlaun þau, $\frac{1}{8}$ af launaupphæðinni, sem ákveðin eru í 1. gr. fyrra frumvarpsins, of lág, til þess að af þeim verði lifað sómasamlega, og vill því hækka þessa upphæð nokkuð. Frumvarpið um ellistyrkinn eða geymdan lífeyri getur meiri hlutinn aðhyllst, og með því að það frumvarp tryggir embættismönnum nokkurn framfærslueyri á elliárunum, þá álítur meiri hlutinn nægja að hækka eptirlaunaupphæðina í 1. gr. eptirlaunafrumvarpsins úr $\frac{1}{8}$ upp í $\frac{1}{7}$ af launaupphæðinni.

Eptirlaun þau, sem embættismannaekkjum eru ætluð eptir 2. gr. þess frumvarps, eru að ætlun nefndarinnar allt of lág. Eptirlaun þeirra eru eptir tilskipun 31. maí 1855 ekki há, og geta aldrei orðið mjög tilfinnanleg byrði fyrir landsjóð í samanburði við eptirlaun embættismanna. Nefndin ræður því til, að láta eptirlaun embættismannaekkna vera óbreytt.

Samkvæmt þessu leyfir meiri hlutinn sjer að ráða hinni h. efri deild til

I. að samþykkja óbreytt frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri;

II. að samþykkja frumvarp til laga um breyting á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun með þessum breytingum:

1. Við fyrirsögnina: orðin: »og 8. gr.« falli burt.
2. — 1. gr.: Fyrir: »$\frac{1}{8}$» komi: $\frac{1}{7}$.
3. 2. gr. falli burt.
4. 3. gr. verði 2. gr.

Alþingi, 6. ágúst 1891.

Þorleifur Jónsson, form., skrifari og framsögum. meiri hlutans.

L. E. Sveinbjörnsson.

Jeg undirskrifaður hefi ekki getað orðið á sama máli og mínir heiðruðu meðnefndarmenn um ofangreind 2 frumvörp.

Að því nú fyrst snertir frumv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri, þá virðist mjer það ósanngjarnt eður miður rjettlátt gagnvart embættismönnum þeim, er hlut eiga að máli, og í raun rjettri eigi vera annað en niðurfærsla á launum embættismanna, auk þess sem að fæstir af þeim í lifanda lífi geta notið góðs af greindum ellistyrk eða lífeyri, og fyrir þessar sakir get jeg eigi lagt það til, að hin heiðraða deild samþykki þetta frumv.

Hvað þessu næst viðvíkur hinu öðru frumv. um breytingu á 3. gr. og 8. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun, þá get jeg viðurkennt að það sje rjett, að eptirlaunabyrði sú sje of þung, er núgildandi lög leggja á landsjóð, enda áttu eptirlaunin eptir tilskipun 31. maí 1855 að lúkast úr ríkissjóði, en jeg get ekki fallizt á frumv. óbreytt, þar sem jeg verð að álíta, að eptirlaun þau, sem frumvarpið ákveður, sjeu svo lág, að þau ekki sjeu nægileg handa embættismönnum til þess að lifa af, þegar þeir fyrir ellisakir ekki eru færir um lengur að þjóna embættum sínum, og í annan stað kann jeg betur við að ákveða eptirlaunin eptir tímalengd þeirri, sem hlutaðeigandi embættismaður hefur þjónað með eptirlaunarjetti, og eptir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hann hefir haft 5 síðustu árin, áður en hann fjekk lausn frá embætti eða í öll

þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framarlega sem þau ekki hafa verið fimm ár, eins og gert er í hinum núgildandi eptirlaunalögum frá 31. maí 1855, og í lögum 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

Enn fremur get jeg ekki fallizt á ákvæði frumvarpsins í 2. grein um eptirlaun handa ekkjum embættismanna.

Mjer virðast ákvæði þau, er gilda nú um það efni, vera góð, og að eptirlaun ekkna eigi megi vera lægri en þau eru sett í 8. gr. tilskip. 31. maí 1855, þegar litið er á öll þau atvik, er ber að taka til greina, þegar slík eptirlaun eru ákveðin.

Jeg vil þess vegna ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarpið með svofelldum breytingum:

1. Fyrir 1. gr. komi svohljóðandi grein:
   Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855, skal ákveða eptirlaun embættismanna þeirra, er þar ræðir um, þannig:
   0—5 ára þjónusta veitt $\frac{1}{6}$ af launaupphæðinni að meðaltali í eptirlaun.
   5—10 — — — $\frac{1}{5}$ - —— — — - ——
   10—20 — — — $\frac{1}{4}$ - —— — — - ——
   20—25 — — — $\frac{1}{3}$ - —— — — - ——
   en sá embættismaður, er þjónað hefur embætti lengur en 25 ár, njóti hálfra embættislauna í eptirlaun.
2. 2. gr. frumv. falli niður.
3. Fyrirsögn frumv. orðist þannig: »frumv. til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun«.

Í efri deild alþingis hinn 5. ágúst 1891.

E. Th. Jónassen.

Nd. **365. Frumvarp**

til laga um að aukalæknishjeraðið: Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu verði læknisumdæmi. Frá Jens Pálssyni.

Aukalæknishjeraðið Dalasýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu skal vera læknisumdæmi. Læknirinn í umdæmi þessu skal hafa 1500 krónur í árslaun.

Nd. **306. Frumvarp**

til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. (Eptir 3. umr. í Ed.).

Borgun fyrir að skipta dánarbúi, þar sem ómyndugir erfingjar eru einn eða fleiri og arfahlutinn er eigi yfir 200 kr., skal eigi vera meiri en $\frac{1}{2}$% af allri upphæð dánarbúsins.

Ed. **307. Nefndarálit**

í málinu: frumv. til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál.

Hinni háttvirtu neðri deild hefir þóknazt að gjöra þær breytingar á frumvarpinu, eins og það var samþykkt í hinni háttvirtu efri deild, að það fer nú í sömu stefnu sem

stjórnarfrumvarpið, eða er látið ná til allra almennra lögreglumála, en efri deild vildi, að það að eins skyldi gilda um þau almennu lögreglumál, sem rísa af brotum gegn löggiltum lögreglusamþykktum. Þótt nú nefndin eptir sem áður verði að álíta, að það sje miður heppilegt og jafnvel ísjárvert, að láta frumvarpið vera svo víðtækt, að það nái til almennra lögreglumála yfir höfuð, þá vill hún samt eigi halda málinu til streitu, heldur láta við það sitja, sem komið er, þó þannig, að það verði tekið sem ljósast fram, sem mun vera meining frumvarpsins, að dómarinn hafi að eins, þar sem um litla yfirsjón er að ræða, vald til, að útkljá málið með aðvörun eða á þá leið, að minni sektir en lögákveðnar, komi fyrir brotið.

Samkvæmt þessu leggur nefndin það til, að orðið »einkum« í 1. gr. 1. staflið falli burt, og að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu.

Alþingi, 5. ágúst 1891.

J. Havsteen, form. og framsögum. Arnljótur Ólafsson, skrifari. L. E. Sveinbjörnsson.

Nd. **308. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. (Eptir 3. umr. í Ed.)

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 12,274 kr. 54 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

C. 1.	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 kr. 33 a.
C. 5. b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn.....	5,000 — » -
C. 5. c.	Til fjallvega	2,589 — 96 -
C. 6.	Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891	3,000 — » -

Skilyrði fyrir útborgun þessa styrks eru:

1. Að bátnum sje haldið úti til októbermánaðarloka, og fari til þess tíma sem svari 8 ferðir á mánuði um svæðið frá Akranesi til Garðskaga, og að minnsta kosti 8 ferðir alls milli Reykjavíkur og Borgarness.
2. Að báturinn hafi reynzt hæfur til flutninga í þessum ferðum fyrir menn og vörur.

alls ..... 10,748 kr. 29 a.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

A. b. 2.	Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891	250 kr. » a.
B. III. c. 4.	Til tímakennslu í hinum lærða skóla . . .	768 — 60 -
B. IV. b.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu	500 — » -

alls ..... 1518 kr. 60 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 7 kr. 65 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Ed. **309. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna (287). Frá Sighvati Árnasyni.

1. Við niðurlag 3. gr. bætist: „er gjaldheimtumaður tekur gildan“.
2. Á eptir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi: „4. gr. Sjerhver hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal árlega semja skýrslu, og bóka hana, yfir alla þá verkmenn í hreppnum eða bænum sem eiga ársheimili þar. Í skýrsluna skal setja í sjerstaka dálka fullt naín verkmanns, aldur hans og ársheimili. Afrit af skýrslunni skal senda hlutaðeigandi sýslumanni í janúarmánuði ár hvert“.
3. 4. gr. verði 5. gr. og 5. gr. 6. gr.

Nd. **310. Breytingar og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Gunnari Halldórssyni, Sigurði Jenssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Sveini Eiríkssyni.

1. Í stað orðanna: „önnur embættisstörf“ „komi: embættisstörf“.
2. Aptan við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 2. gr., svohljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi þegar skipaður er framkvæmdarstjóri við bankann, sem ekki hefur embættisstörf á hendi.

Nd. **311. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eptir 2. í Nd.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir verð það, er tilfært er við hverja þeirra:

1. Miðskóg í Dalasýslu	fyrir 750 kr.
2. Svarthamar í Ísafjarðarsýslu . .	— 1800 —
3. Seljaland í sömu sýslu	— 2000 —
4. Hattardal, meiri, í sömu sýslu .	— 2100 —
5. Hattardal, minni, í sömu sýslu .	— 1900 —
6. Glúmstaði (eyðijörð) í sömu sýslu	— 150 —
7. Atlastaði í sömu sýslu	— 300 —
8. Tungu í sömu sýslu	— 300 —
9. Rekavík bak Látur	— 400 —
10. Stakkadal í sömu sýslu . . .	— 550 —
11. Miðvík efri, í sömu sýslu . .	— 450 —
12. Miðvík neðri, í sömu sýslu . .	— 600 —
13. Halldórsstaði (eyðijörð) í Strandas.	— 900 —
14. Reykjanes í sömu sýslu . . .	— 1100 —
15. Reyki í Hrútafirði	— 2800 —
16. Sveinsstaði í Húnavatnssýslu .	— 3350 —
17. Páfastaði í Skagafjarðarsýslu .	— 2650 —
18. Varmaland í sömu sýslu . . .	— 1250 —
19. Geirmundarstaði í sömu sýslu .	— 3000 —

20.	Hafragil í sömu sýslu	fyrir	2400 —
21.	Skíðastaði með 1 hjáleigu í sömu s.	—	4800 —
22.	Litla-Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu	—	2500 —
23.	Hofsárkot í sömu sýslu . . .	—	1400 —
24.	Sörlatungu í sömu sýslu . . .	—	2600 —
25.	Fjeeggsstaði í sömu sýslu . .	—	1500 —
26.	Þúfnavelli í sömu sýslu . . .	—	3300 —
27.	Skeggstaði í sömu sýslu . . .	—	1000 —
28.	Helgársel í sömu sýslu . . .	—	1600 —
29.	Fremstafell í Köldukinn . . .	—	3000 —
30.	Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði	—	1650 —
31.	Reyki í Fnjóskadal	—	3000 —
32.	Tungu í Fnjóskadal	—	1800 —
33.	Snæbjarnarstaði í sama hreppi .	—	2400 —
34.	Hjaltadal í sama hreppi . . .	—	3300 —
35.	Belgsá í sama hreppi	—	1500 —
36.	Þórðarstaði í sama hreppi . .	—	1500 —
37.	Efri-og Neðri-Mörk í Skaptafellss.	—	1400 —
38.	Seglbúðir í sömu sýslu . . .	—	900 —
39.	Norður-Hvamm í sömu sýslu .	—	1500 —
40.	Heiði í sömu sýslu	—	1100 —
41.	Ásgarð í sömu sýslu	—	225 —
42.	Arnardrang í sömu sýslu . . .	—	1050 —
43.	Hörgsdal í sömu sýslu	—	3000 —
44.	Rauðaberg í sömu sýslu . . .	—	1300 —
45.	Ytri-Dalbæ í sömu sýslu . . .	—	520 —
46.	Seljaland í sömu sýslu	—	1600 —
47.	Húnkubakka í sömu sýslu . .	—	1090 —
48.	Heiðarsel í sömu sýslu	—	1075 —
49.	Hæðagarð í sömu sýslu . . .	—	350 —
50.	Brattland í sömu sýslu	—	500 —
51.	Ytri-Tungu í sömu sýslu . . .	—	750 —
52.	Efri-Fljót í sömu sýslu	—	1360 —
53.	Syðri-Fljót í sömu sýslu . . .	—	800 —
54.	Langholt (með kirkjunni), í sömu s.	—	800 —
55.	Staðarholt í sömu sýslu . . .	—	1200 —
56.	Hvamm í sömu sýslu	—	1100 —
57.	Flögu í sömu sýslu	—	1500 —
58.	Hrísnes í sömu sýslu	—	1400 —
59.	Norður-Götur í sömu sýslu . .	—	1000 —
60.	Suður-Götur í sömu sýslu . .	—	1000 —
61.	Fagradal í sömu sýslu	—	1850 —
62.	Skeiðflöt í sömu sýslu	—	1200 —
63.	Kjalveg í Snæfellsnessýslu . .	—	900 —
64.	Hólkot í sömu sýslu	—	1100 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Það sem eptir stendur, þrír fjórðungar kaupverðsins, greiðist á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1894.

Ed. **312. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á 3. 10. og 25. gr. stjórnarskrárinnar (288). Frá Grími Thomsen.

1. „3. gr. orðist þannig“ falli burt.
2. „10. gr. orðist þannig“ falli burt.
3. „25. gr. fyrsta málsgrein orðist þannig“ falli burt
4. Ný grein viðbætist, er verði 4. gr., svohljóðandi:
   Með lögum þessum eru 3. 10. og 25. gr. 1. málsgr. í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, út gefinni 5. janúarm. 1874, úr gildi felldar.

Ed. **313. Breytingartillaga**

við frv. til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna (287). Frá Á. Thorsteinson.

1. 2. gr. orðist þannig:
   Skylt er hverjum þeim verkmanni, sem eptir 1. gr. er losaður undan vistarskyldu, og eigi er í vist, að hafa lögheimili. Hafi hann eigi fast ársheimili, þar er hann dvelur að staðaldri og greiðir lögboðnar skyldur, ber honum á hverju framtalsþingi að vori, og hreppskilaþingi að hausti í sveit, eða haustþingi í kaupstöðum, þar er hann þá dvelur, að mæta og skýra frá heimilum sínum á vorþingi síðasta ár, en haustþingi síðustu þrjú missiri.
   Skylt er honum og hvar sem hann dvelur skemmri tíma en ár, þegar þess er krafist, að gera lögreglustjórum í kaupstöðum eða hreppsnefndaroddvita í sveitum sanna grein fyrir, hvar ársheimili hans sje og hann greiði lögboðnar skyldur.
2. 3. gr. orðist þannig:
   Rjett er að sveitastjórnir ef þeim þykir þess þurfa setji verkmanni þeim, er sveitfesti á annarstaðar, þau skilyrði fyrir dvöl hans, að hann láti af hendi nægilega ábyrgð fyrir því, að lögákveðin skyldugjöld hans til sveitar verði greidd, þó eigi nema fyrir eitt ár í senn, sömuleiðis styrkur af sveit, ef þann þunga skyldi leiða af honum, og sjúkdómskostnaður, sje heilsu hans svo varið, að hans megi vænta.

Fullnægi hann eigi slíkum skilyrðum, er það á valdi lögreglustjóra ef honum þykir til þess gild ástæða, að skipa honum með hæfilegum fresti og að viðlögðum sektum eptir 4. gr. að víkja burt úr sveitarfjelaginu.

3. 4. gr. í stað „2. gr.“ komi: „2. og 3. gr.“—í stað 5—50 komi allt að 50 kr.

Nd. **314. Tillaga til þingsályktunar.**

(Eptir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hann sjái svo um að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því leyti er snertir hin sjerstaklegu málefni landsins.

Ed. **315. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur í árslaun 4000 kr. Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa embættisstörf á hendi.

Bókarinn hefur 2400 kr. í árslaun.

Fjehirðir hefur 2000 kr. í árslaun.

Enn fremur hefur fjehirðir $^1/_2$ $^0/_{00}$ af innborgunum og útborgunum samkvæmt reikningi bankans fyrir hvern ársfjórðung.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar skipaður er framkvæmdarstjóri við bankann, sem ekki hefur embættisstörf á hendi.

Nd. **316. Frumvarp**

til laga um stofnun háskóla á Íslandi. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðru vísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á mennta-stofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

5. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem ákveðin eru í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 kr.

6. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

7. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn afnumdir sem sjerskildar kennslustofnanir.

Ed. **317. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaptafellssýsla skulu vera amt út af fyrir sig, og nefnast Austuramt, með sjerstöku amtsráði. Einn skal vera amtmaður í Norður- og Austurömtunum.

2. gr. Landshöfðingi gjörir með ráði amtmannsins sunnan og vestan allar þær ráðstafanir, sem lúta að því, að Austuramtinu skiptist tiltölulegur hluti Austur-Skaptafellssýslu af sjóðum, eignum og skyldum Suðuramtsins.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 30, 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

Ed. **318. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Að Haukadal í Dýrafirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **319. Frumvarp**

til laga um þóknun handa hreppsnefndarmönnum (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ef meiri hluti gjaldenda þeirra, er kosningarrjett eiga að lögum, samþykkir á hreppaskilaþingi, má veita þeim manni, er gjaldheimtu hefur á hendi fyrir sveitarsjóðinn, þóknun, er sje allt að 4% af hinu innheimta gjaldi, en ábyrgjast skal hann, ef hann þiggur þóknunina, að sveitarsjóðurinn missi einskis af þeim tekjum, er lögtaksrjettur fylgir, nema lögtak hafi reynzt árangurslaust.

2. gr. Oddvita hreppsnefndar má veita þóknun af sveitarsjóði, 25—75 kr. árlega, ef gjaldendur samþykkja, á sama hátt og fyrir er mælt í 1. gr.

3. gr. Samþykki það, sem um er rætt í 1. og 2. gr., gildir fyrir 3 ár í senn.

4. gr. Sjerhver ágreiningur, er rísa kann út af lögum þessum, heyrir undir fullnaðarúrskurð sýslunefndar.

Ed. **320. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna. Frá Arnljóti Ólafssyni.

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er tvítugur að aldri og eigi er sveitþurfi nje ómagi annars manns, skal heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, ef hann kaupir sjer leyfisbrjef til lausamennsku hjá hreppsnefndinni eða bæjarstjórninni þar, er hann á lögheimili. Fyrir leyfisbrjefið skal karlmaður gjalda 10 kr., en kvennmaður 4 kr., er rennur í viðkomanda sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Enginn þarf að kaupa sjer leyfisbrjef til lausamennsku optar en um sinn meðan hann heldur stöðugt áfram lausamennskunni. Lausamennskuleyfið skal gefið brjeflega, og ritar oddviti undir og innsiglar það fyrir hönd hreppsnefndarinnar eður bæjarstjórnarinnar.

2. gr. Til þess að maður geti fengið leyfisbrjef það, er ræðir um í 1. gr., verður hann að sanna fyrir oddvita hreppsnefndar sinnar eður bæjarstjórnar, að hann eigi víst ársheimili hjá einhverjum þeim húsráðanda í hreppnum eður bænum, er oddviti tekur gildan ábyrgðarmann fyrir lausamanninn.

3. gr. Leyfisbrjefið gildir meðan hlutaðeigandi hefur sama heimili; en flytji hann heimilisfang sitt innan sama hrepps eður bæjar og ætli hann enn laus að vera, er hann skyldur að tilkynna oddvita, hjá hverjum húsráðanda hann þá hafi ársheimili. Ef oddviti tekur húsráðandann gildan sem fyrr segir, ritar hann það á leyfisbrjefið. En vilji lausamaður flytja heimilisfang sitt út úr hreppnum eður bænum, skal hann segja oddvita, hjá hverjum hann þá hafi fengið sjer ársheimili og í hverjum hrepp eður bæ húsráðandinn sje. Í ómakslaun greiða lausamenn oddvita, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 40 aura.

4. gr. Oddvita hverjum er skylt að halda greinilega bók yfir alla lausamenn í hreppnum eður bænum. Í bókina skal rita nafn lausamannsins og foreldra hans, aldur hans og fæðingarstað, nöfn húsráðanda þeirra, er hann hefur ársheimili hjá tilgreint ár, svo og til hvers húsráðanda hann tjáist fara í öðrum hreppi eður bæ tilgreint ár. Skyldur er og oddviti að gefa viðkomanda oddvita það til vitundar við fyrsta tækifæri, hvert lausamaður segist flytja vilja heimilisfangið.

5. gr. Ef lausamaður greiðir eigi lögboðin gjöld sín, er húsráðandi sá, er hann hefur ársheimili hjá, skyldur að greiða þau fyrir hann, ella oddviti, ef það sannast á lögmætan hátt, að húsráðandinn reynist ógildur borgunarmaður.

6. gr. Þeir menn, er rjett hafa til lausamennsku eptir tilsk. 26. maí 1863, halda

þeim rjetti sínum; en að öðru leyti er tilskipunin úr lögum numin að því er lausamenn snertir.

7. gr. Gjöri lausamaður sig sekan í brotum gegn lögum þessum, varðar það hann sektum allt að 100 króna. Sömu sektum skal og sá sæta, er hylmir yfir með lausamanni, til þess að hann komist hjá að greiða lögboðin gjöld eður að villa sveitfesti sína. Sektin rennur í sveitarsjóð eður bæjarsjóð þar, er brotið er framið.

8. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **321. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (300). Frá Árna Jónssyni og Eiríki Briem.

Orðin í niðurlaginu: „á Hvanneyri í Borgarfirði“ falli burt.

Nd. **322. Breytingartillaga**

við frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá nefndinni.

Við 1. gr. 28. töluliður (Helgársel) falli burt.

Nd. **323. Frumvarp**

til laga um lögaldur. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 16, en fullráður fjár síns 21 árs.

2. gr. Hver, sem er fjár síns ráðandi, getur tekið að sjer ábyrgð í fjármálum, svo að gild sje.

Nd. **324. Breytingartillaga**

við frv. til laga um lögaldur. Frá Skúla Thoroddsen, Jens Pálssyni, Árna Jónssyni, Indriða Einarssyni, Eiríki Briem, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Jóni Jónssyni N.-M. og Ólafi Pálssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: «með tilsjónarmanni 16» komi: »með tilsjónarmanni 18 ára».
2. Aptan við 1. gr. bætist: «Þó getur enginn tekið að sjer ábyrgð (caution) í fjármálum, nema 25 ára sje».
3. 2. gr. frumvarpsins falli burtu.

Nd.

325. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43,000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,065,333 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 299,393 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697. 57	75,697. 57	51,416. 66

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar	75,697. 57	75,697. 57	51,416. 66
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400 »	1,400 »	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			
		1892.	1893.	
	a. laun umsjónarmannsins	800 kr.	800 kr.	
	viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 —	200 —	
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —	
	þóknun handa lækni ...	60 —	60 —	
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —	
	3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —	
	þvottur	30 —	30 —	
	til eldiviðar og ljósa ...	520 —	520 —	
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 —	400 —	
	til þess að útvega verkefni	500 —	500 —	
	ýmisleg útgjöld	150 —	150 —	
		4,215 kr.	4,215 kr.	
	arður af verkum talinn	615 —	615 —	
		3,600 kr.	3,600 kr.	
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —	
			3,700 »	3,700 »
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.	
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —	
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —	
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —	
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —	
	f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —	
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	
			5,200 »	5,200 »
			85,997 57	85,997 57	171,995. 14
	flyt			223,411. 80

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar			223,411. 80
C.				
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —	2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	2,500 kr.			
2. — — á Hólum	3,500 —			
3. — — - Eyðum	2,000 —			
4. — — - Hvanneyri	2,000 —	10,000 kr.		
b. til búnaðarfjelaga	12,000 —			
Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. til fjenaðarsýninga	1,000 —			
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 —			
e. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300 —			
f. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla	300 —			
	flyt 23,840	5,541. »	5,541. »	223,411. 80

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar 23,840 kr.	5,541 »	5,541 »	223,411 80
g. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200 —			
h. styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið	4,000 —	28,040 »	24,040 »	
5. til vitans á Reykjanesi:	1892 1893			
a. til launa vitamannsins.	1,200 kr. 1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum	60 — 60 —			
c. til að kaupa olíu	1,200 — 1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150 — 150 —			
e. til að kaupa steinkol ...	120 — 120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 — 200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina ...	30 — 30 —			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400 — » —	6,360 »	2,960 »	
6. til vörðuvita		500 »	500 »	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði		1,000 »	1,000 »	
8. til að bæta turninn á Vestmannaeyja kirkju		500 »	»	
		41.941 »	34,041 »	75,982 »
	samtals			299,393 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 104,844 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun...	39,598 »	39,598 »	79,196 »
2. styrkur til 9 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði, ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði, ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
flyt	39,598 »	39,598 »	79,196 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	39,598 »	39,598 »	79,196 »
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu;			
h. til læknis í Eyjahreppi á Breiðafirði með næstu sveitum Barðastrandarsýslu, er skipaður sje eigi fyrri en læknirinn í 5. læknishjeraði er fluttur frá Brjánslæk lengra vestur í hjeraðið;			
i. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum, — til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	9,000 »	9,000 »	18,000 »
2. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	3,824 »	3,824 »	7,648 »
samtals	52,422 »	52,422 »	104,844 »

12. gr. Til samgöngumála veitast 236,700 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum 4,500 —			
c. — brjefhirðingamönnum 2,500 —	9,400 »	9,400 »	18,800 »
2. póstflutningur	34,000 »	34,000 »	68,000 »
3. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans 1,000 kr.			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu 200 —			
e. til áhalda 600 —			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 —			
g. óviss útgjöld 200 —	2,450 »	2,450 »	4,900 »
samtals	45,850 »	45,850 »	91,700 »
flyt	45,850 »	45,850 »	91,700 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	45,850 »	45,850 »	91,700 »
B.			
Til vegabóta:			
a. til að útvega verkfróðan mann.....3,000 kr.			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum....30,000 —			
c. til fjallvega... .... 3,500 —	36,500 »	36,500 »	73,000 »
C.			
Til gufuskipaferða:			
a. til strandferða frá útlöndum..... 9,000 kr.			
b. — strandferða austan um land frá Reykjavík að Horni.....12,000 —			
c. til gufubátsferða á Vestfjörðum ..... 3,000 —			
d. — —— á Breiðafirði..... 3,000 —			
e. — —— á Faxaflóa..... 3,000 —			
f. — —— á Austfjörðum..... 3,000 —			
g. — —— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja ..... 3,000 —	36,000 »	36,000 »	72,000 »
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna eða meiri hluta þeirra, ef þær greinir á.			
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ½ á móti styrknum úr landsjóði.			
samtals	118,350 »	118,350 »	236,700 »

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 269,796 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins.....	7,000 »	7,000 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr...	9,500 »	10,000 »	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,700 »	2,700 »	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 »	600 »	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum..	500 »		
flyt	20,300 »	20,300 »	

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	20,300 »	20,300 »	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, þó því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins	200 »	200 »	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,100 »	3,100 »	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000 »	1,000 »	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300 »	300 »	
	24,900 »	24,900 »	49,800 »
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun..	9,800 »	9,800 »	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur.....	600 —	600 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa...	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld.....	200 —	200 —	
	3,000 »	3,000 »	
	12,800 »	12,800 »	25,600 »
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600 »	3,600 »	
Þar af 400 kr. hvort árið, launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar, 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:	1892.	1893.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum.....	480 —	480 —	
flyt	1600 —	1600 —	
	3,600 »	3,600 »	75,400 »

	1892.	1893.	1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:	1,600 kr.	1,600 kr.	3,600 »	3,600 »	75,400 »
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —	2,000 »	2,000 »	
			5,600 »	5,600 »	11,200 »
III. til hins lærða skóla:					
a. laun.....			19,800 »	19,800 »	
b. aðstoðarfje:					
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu.....	1,800 kr.				
handa söngkennaranum.....	600 —				
handa fimleikakennaranum.....	700 —				
handa dyraverði	1,000 —				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	300 —		4,400 »	4,400 »	
	1892.	1893.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu.....	1,100 —	1,100 —			
5. ölmusur	6,000 —	6,000 —			
Upphæðinni úthlutar landshöfðingi eptir tillögum kennarafundar.					
6. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu	500 —	200 —			
b. í eðlisfræði	500 —	200 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —	12,148 »	11,548 »	
			36,348 »	35,748 »	72,096 »
flyt					158,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:			158,696 »
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600 »	6,600 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ... 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa ... 500 —			
3. til skólahússins utan og innan ... 200 —			
4. ýmisleg útgjöld ... 400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum ... 500 —	2,000 »	2,000 »	
	8,600 »	8,600 »	17,200 »
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,500 »	1,500 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa ... 400 kr.			
2. til tímakennslu ... 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. ... 200 —	1,200 »	1,200 »	
	2,700 »	2,700 »	5,400 »
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ... 2,000 — þar af 800 kr. til húsabygginga.			
3. til kvennaskólans á Laugalandi ... 1,200 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... 2,000 — Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	7,000 »	7,000 »	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	4,000 »	4,000 »	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000 »	4,000 »	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500 »	2,500 »	
flyt	17,500 »	17,500 »	181,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	17,500	17,500	181,296
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
e. til verzlunarskóla í Reykjavík	250 »	250 »	
f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, fyrra árið.....	1,000 »		
	19,750 »	18,750 »	38,500 »
VII. til að koma á fót kennslu í skólaiðnaði í Reykjavík:			
a. 1. til þess að útvega skólahús .... 4,000 kr.			
2. til að kaupa verkfæri og önnur áhöld handa 30 námsmönnum .. 1,200 —	5,200 »	»	
b. styrkur til kennara til að menntast í skólaiðnaði	1,000 »	»	
c. laun til kennara	2,400 »	2,400 »	
d. til eldiviðar og ljósa í skólahúsinu	200 »	200 »	
	8,800 »	2,600 »	11,400 »
VIII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200 »	200 »	
b. til sundkennslu annarstaðar	400 »	400 »	
Styrkur þessi veitist sýslunefndum og með því skilyrði, að sundkennslan njóti eigi minni styrks annarstaðar frá, en sem nemur helmingi við landsjóðsstyrkinu.	600 »	600 »	1,200 »
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1892. 1893.		
a. laun bókavarðar	1,000 kr. 1,000 kr.		
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700 — 700 —		
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100 — 100 —		
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	1,800 — 1,800 —		
flyt	3600 kr. 3600 kr.		232,396

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
			232,396 »
1892. 1893.			
fluttar 3,600 kr. 3,600 kr.			
e. til eldiviðar og áhalda m.m. 450 — 450 —			
f. brunabótagjald fyrir safnið 300 — 300 —	4,350 »	4,350 »	
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins	400 »	400 »	
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
4. til Þjóðvinafjelagsins	400 »	400 »	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda. 1,000 kr.			
b. til umsjónar 400 —			
c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1,000 —	2,400 »	2,400 »	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800 »	800 »	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600 »	600 »	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000 »	1,000 »	
9. til Fornleifafjelagsins	300 »	300 »	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400 »	400 »	
11. til stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis og bindindisrita	300 »	300 »	
12. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200 »	1,200 »	
13. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.	1,500 »	» »	
14. ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar	1,200 »	» »	
15. styrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens.	1,200 »	» »	
16. styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið, og halda áfram skrásetningu yfir það	600 »	600 »	
17. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að búa sig undir að rita sögu Íslands	1,000 »	1,000 »	
flyt	18,650 »	14,750 »	232,396 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flyt	18,650 »	14,750 »	232,896 »
18. styrkur til frú Torfhildar Holm til ritstarfa . . .	500 »	500 »	
19. skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar . .	1,000 »	1,000 »	
20. Til tannlæknis O. Nickolins	500 »	500 »	
	20,650 »	16,750 »	37,400 »
samtals			269,796 »

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslan veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thorarensen 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er ætlað að verði 4466 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

Nd.

326. Frumvarp

til laga um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál. (Eptir eina umr. í Ed.)

1. gr. Ef dómaranum þykir full ástæða til vera til þess í almennum lögreglumálum, þar sem um litla yfirsjón er að ræða, er framin er í fyrsta skipti, að láta eigi verða meira úr en aðvörun, hefur hann rjett til að útkljá málið á þennan veg, þó skal gjörð athugasemd um þetta í rjettarbókinni. Þessi málslok mega þó eigi eiga sjer stað, ef hinn ákærði mótmælir því og krefst dóms í málinu, og má sá dómur eigi fara fram á aðvörun. Dómarinn hefur og rjett til að taka boði hins ákærða um, að gjalda hæfilegar sektir, til þess að sleppa hjá dómi, og mega sektir þessar vera minni en lög kveða á; enn fremur má hann láta málið falla niður, þegar honum þykir eigi næg ástæða til að halda því lengra áfram. Ef mál er höfðað eptir boði amtmanns eða kröfu bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar eða einstaks manns, má þó eigi útkljá málið án reglulegs dóms, nema sá samþykki, er krafizt hefur málsóknar. Mál gegn börnum, sem eru 10 til 15 ára að aldri, má dómarinn, þegar honum þykja málavextir mæla með því, útkljá þannig, að foreldrar eða þeir, er ganga barninu í foreldra stað, lýsi því yfir og sje það ritað í rjettarbókina, að þau skuli láta barnið sæta líkamlegri refsing í heimahúsum.

2. gr. Þá er dómur í almennu lögreglumáli, sem dómarinn hefur höfðað af sjálfsdáðum, án þess að amtmaður, hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn eða einstakir menn hafi krafizt þess, fer fram á refsingu, sem eigi er meiri en 40 kr. sekt, eða vandarhögg eða einfalt fangelsi í 8 daga fyrir börn yngri en 15 ára, má þegar fullnægja dóminum eptir ráðstöfun dómarans, ef hinn ákærði (eða, ef málið er gegn barni, þá umráðamaður hans) kveðst ánægður með hann, en þá skal dómarinn þegar á eptir senda amtmanni skýrslu um það, sem fram hefur farið í málinu. Ef meiri refsing aptur á móti er ákveðin með dómi, svo og ávallt, þá er mál eigi er höfðað af dómaranum af sjálfsdáðum, skal, einnig þá er hinn ákærði kveðst ánægður með dóminn, leggja málið fyrir amtmann samkvæmt gildandi reglum, til þess að hann geti kveðið á, hvort dóminum beri að fullnægja, eða honum skuli skotið til landsyfirdóms.

Ed.

327. Tillögur

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga. (Eptir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landsjóði til búnaðarfjelaga og reglurnar fyrir útbýtingu hennar, skuli vera sem hjer segir.

A. Um styrk til búnaðarfjelaga.

I. Almenn skilyrði.

1. Styrkurinn skal miðaður við framkvæmdir fjelagsins í þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
2. Ekkert fjelag skal njóta styrks, er eigi hefur unnið 10 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali.
3. Bónarbrjefunum um styrkinn, er stíluð skulu til landshöfðingja, skal fylgja reikningur næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur útnefnt. Skal í skýrslunni tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og engin jarðabót tekin til greina, nema hún sje vel af hendi leyst. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki telja fram, og eigi heldur þær jarðabætur, sem áskildar eru í byggingarbrjefum. Skýrslur skoðunarmanna skulu samdar eptir formi, er landshöfðingi gefur út.

II. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a) Varnargarðar um tún, engi, fjárbæli og matjurtagarða;
   b) Stíflugarðar;
   c) Þúfnasljettur;
   d) Flatarmál matjurtagarða (í fyrsta sinn, er þeir eru ruddir);
   e) Skurðir til vörzlu, framræzlu og vatnsveitinga;
   f) Lokræsi;
   g) Áburðarsafnhús og forir.
2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:
   a) Varnargarðar:
      úr grjóti $3\frac{1}{2}$ fet á hæð
         einhlaðnir . . . . . 3 faðmar
         tvíhlaðnir . . . . . $1\frac{1}{2}$ —
      úr torfi $4\frac{1}{2}$ fet á hæð . . . . . 5 —
   b) Stíflugarðar . . . . . 250 teningsfet,
   c) Þúfnasljettur:

Unnar með plóg og herfi . . 15 □ faðmar.
Unnar með handverkfærum . 10 □ —
d) Flatarmál matjurtagarða . . . . . 25 □ —
e) Varnarskurðir:
3 ál. breiðir, 1 al. á dýpt . . 300 ten.fet.
f) Skurðir til framræzlu og vatnsveitinga 400 —
g) Lokræsi . . . . . 3 faðmar.
h) Áburðarsafnhús og forir (lögheldar) . 50 ten.fet.

B. Um styrk til fjenaðarsýninga.

1. Styrkinn skal veita til verðlauna og annars kostnaðar við sýningar á nautgripum, sauðfje og hrossum.
2. Styrkveitingin skal bundin við það, að til sýninganna leggist að minnsta kosti jafnmikill styrkur annarstaðar frá.
3. Reglur um fyrirkomulag sýninganna, útnefningu skoðunarmanna, veitingu verðlauna og annað, sem þar að lýtur, sjeu staðfestar af hlutaðeigandi sýslunefnd eða amtsráði.
4. Skýrslur um sýningarnar, verðlaun þau, sem veitt eru, og kostnað, er af þeim leiðir, skulu sendar amtsráði áleiðis til landshöfðingja.
5. Umsóknarbrjefin um styrkinn sjeu stíluð til landshöfðingja, og skal senda þau hlutaðeigandi amtsráði til álita.

Nd.

328. Frumvarp

til laga um vegi. (Eptir 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalflutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, sýsluvegir nje hreppavegir. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli, og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje fjallvegir. Hreppavegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Aðalflutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Þingvöllum.
3. -- Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. -- Sauðárkrók fram Skagafjörð.
7. — Akureyri fram Eyjafjörð.
8. — Húsavík fram Reykjadal.

gr. 4. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum amtsráða og vegfræðings hvar leggja skuli aðalflutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Aðalpóstvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestsbakka, 5. frá Prestsbakka til Eskifjarðar.

Landshöfðingi ákveður, eptir tillögum sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings, hvar aðalpóstvegir skuli liggja.

6. gr. Fjallvegir eru: Steingrímsfjarðarheiði, Laxárdalsheiði í Dölum, Grímstungu- og Arnarvatnsheiði, Kaldidalur, Fjallabaksvegur, milli Búlandssels í Skaptártungu og Galtalækjar á Landi, Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði, milli Reykjahlíðar og Skjöldólfsstaða.

II. kafli
Um aðal-flutningabrautir, aðal-póstvegi og fjallvegi.

7. gr. Aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir og fjallvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

Svo skal vegi gjöra á aðalflutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa epir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

Á aðalpóstvegum og fjallvegum skal, bæta torfærur með vegar-ruðning og brúargjörð, svo að þeir verði hvervetna greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

Landshöfðingi ráðstafar vegagjörð á aðalpóstvegum og fjallvegum, eptir tillögum amtsráðanna.

Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

8. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

9. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu þannig, að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn, sem heimili hafa í hreppnum, og eru 20—60 ára, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum.

10. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

11. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá aðalflutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu, þar sem því verður við komið, gjörast akfærir, vera að minnsta kosti 5 álna breiðir og hafa eigi meiri halla en 1 á móti 10. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á aðalpóstvegum og fjallvegum.

12. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

13. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni og til þess að leggja málþráð innansýslu.

IV. kafli
Um hreppavegi.

14. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver húsráðandi að láta vinna að hreppavegum ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann, 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó húsráðanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum í sveitarsjóð, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann.

15. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegabótasjóði sýslunnar.

16. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim dagpeninga allt að 3 krónum fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

17. gr. Skyldur skal hver verkmaður, sem eigi hefur leyst sig undan skylduvinnu samkv. 22. gr., að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans, en gjaldi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

19. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

V. kafli.
Almenn ákvæði.

20. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

21. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma,—úr landsjóði, sje vegurinn aðalflutningabraut eða aðalpóstvegur, úr sýslusjóði, sje vegurinn sýsluvegur og úr hreppsjóði, sje hann hreppsvegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

22. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

23. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og viðhalda þeim, og svo sæluhús við fjallvegi. — Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

24. gr. Hver, sem af ásettu ráði skemmir veg, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

25. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr. Með lögum þessum er tilskipun 15. marz 1861, lög nr. 19, 15. okt. 1875 og lög nr. 25, 10. nóv. 1887 úr gildi numin.

27. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Nd.

329. Frumvarp

til laga um afnám embætta. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 1800 kr. árslaunum, er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til árslaunin eru orðin 2600 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir þeim reglum, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

Amtsráðin kjósa sjálf formann sinn, og hefir hann á hendi þau störf, er nú hvíla á amtmönnum sem forsetum amtsráðanna. Amtsráð getur ákveðið formanni hæfilega þóknun úr jafnaðarsjóði.

2. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Nd.

330. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891,

Með því að hin heiðraða efri deild hefur eigi aðra breytingu gjört en að bæta inn í frumvarpið fjárveiting til tímakennslu í hinum lærða skóla, sem vjer áður höfum lagt með, þá höfum vjer ekkert við frumvarpið að athuga að því leyti. En nefndin hefur fengið brjef frá stúdent Karli Nikulássyni, þar sem hann skýrir frá, að hann hafi í hyggju að búa sig undir að verða dýralæknir hjer á landi og með því að skólaárið við

dýralæknaskólann byrji 23. þ. m., þá hafi hann í hyggju ef hann fái styrk til þess, að fara þangað strax; fyrir því hefur hann óskað að slíkur styrkur yrði veittur nú þegar á fjáraukalögum. Með því að hjer er eigi um annað að ræða en að styrkur byrji fyr (og hætti fyr) en ella, þá vill nefndin gjöra sitt til að sá, sem styrkinn fær, geti sem fyrst farið að búa sig undir stöðu sína og því vill hún leggja til að:

Á eptir 3. B. IV. b. bætist inn í:

»C. Styrkur handa einum manni til að búa sig undir að verða dýralæknir hjer á landi . . . . . 300 kr.«

Samlagning talnanna breytist eptir þessu.

Alþingi 7. ágúst 1891.

Eiríkur Briem. Skúli Thoroddsen. Sigurður Gunnarsson.
Jón Þórarinsson. Indriði Einarsson.
Jón Jónsson þm. N. M. Sigurður Jensson.

Nd.

331. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Nd). Frá Árna Jónssyni, Ólafi Ólafssyni, Ólafi Briem, Páli Ólafssyni, Sveini Eiríkssyni og Ólafi Pálssyni.

1. Við 11. gr. 2. Töluliðurinn „h“ falli burt.
2. — — — — —— „i“ sömuleiðis.
3. — 13. — C. —— 9. sömuleiðis.
4. — — — — —— 10. sömuleiðis.
5. — — — — —— 11. sömuleiðis.
6. — — — — —— 18. sömuleiðis.
7. — — — — —— 20. sömuleiðis.

Nd.

332. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Nd.). Frá Árna Jónssyni, Ólafi Briem, Ólafi Pálssyni, Sv. Eiríkssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Þorvarði Kjerúlf og Þ. Guðmundssyni.

1. Við 13. gr. B. VII. tölul. a. 1. falli burt.
2. — — — — — — — 2. sömuleiðis.
3. — — — — — — b. sömuleiðis.
4. — — — — — — c. sömuleiðis.
5. — — — —— — d. sömuleiðis.

Nd.

333. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Nd.). Frá Ólafi Briem, Árna Jónssyni, Páli Ólafssyni, Sveini Eiríkssyni, Ólafi Pálssyni og Lárusi Halldórssyni.

Við 12. gr. C. Í staðinn fyrir: „$^1/_4$“ í síðustu málsgrein, komi: „að minnsta kosti $^1/_3$“.

Nd. **334. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Nd.). Frá Árna Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Jóni Jónssyni þm. N.-M., J. Jónassen, Ólafi Pálssyni og Lárusi Halldórssyni.

1. Við 11. gr. 2. Á eptir stafliðnum „i" komi nýr stafl.:
„k. til læknis í Álptaness-, Hraun- og Kolbeinsstaðahreppum".
2. — — — — Orðin: „til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið", færist aptur fyrir þennan staflið.

Nd. **335. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr í Nd.). Frá póstmálanefndinni.

1. Við 12. gr. A. 1. b. (laun handa póstafgreiðslumönnum).
Fyrir: „4500 kr.", komi: „4700 kr.".
2. — — — — — c. (laun handa brjefhirðingamönnum).
Fyrir: „2500 kr.", komi: „2700 kr.".
3. — — — — 3. a. (endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans).
Fyrir: „1000 kr.", komi: „1300 kr.".
4. — — — — 3. e. (til áhalda).
Fyrir: „600 kr." hvort ár, komi: „1800 kr. fyrra árið og 600 kr. síðara árið".

Nd. **336. Viðauka- og breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1892 og 1893. Frá Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, B. Sveinssyni, Jens Pálssyni, Páli Briem og Þ. Guðmundssyni.

1. Við 13. gr. B. VI. b. 2. Á eptir staflið f. komi nýr stafliður svohljóðandi:
„g. Til kennslu í skólaiðnaði í Reykjavík allt að 500 kr. hvort árið".
2. Við 13. gr. B. VII. Töluliður a. 1. falli burtu.
— — — — — —— a. 2. sömuleiðis.
— — — — — —— b. sömuleiðis.
— — — — — —— c. sömuleiðis.
— — — — — —— d. sömuleiðis.

Nd. **337. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892—1893. Frá Sigurði Stefánssyni, Gunnari Halldórssyni, Skúla Thoroddsen, Sigurði Jenssyni, Sigurði Gunnarssyni, og J. Jónassen.

Við 11. gr. 2. Á eptir stafliðnum „i" komi svolátandi stafliður:
j. til læknis í Grunnavíkur og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu 1000 kr. hvort árið.

Nd. **338. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1892 og 1893. Frá Ólafi Ólafssyni, Árna Jónssyni, Páli Ólafssyni, Sveini Eiríkssyni, Ólafi Pálssyni og Þ. Guðmundssyni.

Við 13. gr. C. 17. Orðin: „að búa sig undir“ falli burtu.

Nd. **339. Breytingaratkvæði**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Nd.). Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 10 gr. C. 4. b. Fyrir: „til búnaðarfjelaga 12,000“
   komi: „til búnaðarfjelaga 13.000“
2. — — — — — — — Aptan við stafliðinn bætist:
   „þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið“.
3. — — — — — — — Athugasemdin „Landshöfðingi o. s. frv.“ falli burt.
4. Við 12. gr. C. Fyrir stafliðina a. og b. komi:
   „a. til strandferða allt að 21,000 kr.
   Upphæð þessi greiðist því að eins, að standferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun þeirri, er alþingi samþykkir“.
   Stafliðirnir breytist eptir því.
5. Við 13. gr. VIII. Fyrir: „b. til sundkennslu annarstaðar 400 — 400“,
   komi: „b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi . . . . 500 — „
   c. til sundkennslu annarstaðar 800 — 800“
6. — — — — Athugasemdin: „Styrkurinn veitist“ o. s. frv. orðist svo: „Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna, en landsjóðsstyrknum nemur“.
7. Aptan við 18. gr. bætist ný grein svo hljóðandi:
   „19. gr. Ef frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því“.

Nd. **340. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa (frá fjárlaganefndinni).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina:

1. Að strandferðunum verði hagað svo:
   a, að póstskip komi við á Seyðisfirði í janúarmánuði á leið til Reykjavíkur.
   b, að póstskip fari um miðjan marz frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur.
   c, að póstskip fari 5 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 5 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem yfirstandandi ár og, auk þeirra staða, er póstskipin á yfirstandandi ári koma við á, komi það þá í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík, í 2. ferðinni til og frá Reykjavík við á Fáskrúðsfirði,

Hofsós og Borðeyri; í 3. ferðinni, er gengur frá Reykjavík til Seyðisfjarðar og svo til og frá Reykjavík, komi það við á Húsavík og Ólafsvík, og þess utan á leiðinni til Reykjavíkur á Vopnafirði og á leiðinni frá Reykjavík á Borðeyri; á 4. ferðinni til og frá Reykjavík komi það við á Fáskrúðsfirði, Hofsós, Borðeyri og Flatey, og í 5. ferðinni frá Reykjavík komi það við á Flatey, Borðeyri, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október.

d, að póstskip fari snemma í maí frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.

e, að póstskip fari um miðjan maí frá Reykjavík til Austfjarða.

f, að póstskip fari síðari hlut júlímánaðar frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.

g, að póstskip fari í júlímánuði frá Austfjörðum til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Austfjarða sunnan um land.

h, að póstskip komi við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði á leið til Reykjavíkur seint í september.

2. Að strandferðaskipin hafi tvenn farþegarúm, hið æðra fyrir eigi færri en 30 farþega og hið óæðra fyrir um 50 farþega.
3. Að milli hafna hjer á landi megi farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegarúmi hafa fæði með sjer, og farþegar á æðra farþegarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það sem þeir njóta.
4. Að farþegagjald og flutningsgjald milli hafna hjer á landi verði eigi sett hærra, en verið hefir að undanförnu.
5. Að farþegagjald hafna á milli á Íslandi sje ódýrara, ef borgað er í einu fyrir að fara með skipinu fram og aptur í sömu ferð.
6. Að útgjörðarmenn skipanna hafi varnarþing í Reykjavík.

Nd. **341. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um póstgöngur (Nr. 285). Frá Árna Jónssyni.

Við G. 6. Fyrir: — „Sámstöðum í Hvítársíðu“.
komi: — „Gilsbakka í Hvítársíðu“.

Nd. **342. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um póstgöngur. Frá Jóni Jónssyni, þm N.-M.

Við 22. lið. Fyrir: „að Skjöldólfsstöðum“ komi: „að Hákonarstöðum“.

Ed. **343. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Jóni A. Hjaltalín.

1. Við 1. gr. a. Í stað: „4000 kr.“ komi: „5000 kr.“
   b. Aptan við „embættisstörf“ bætist: „eða önnur atvinnustörf“
   c. Í stað „$^1/_2$“ komi: „$^1/_5$“
2. Við 2. gr. 2. grein falli burt og greinatalan breytist eptir því.

Nd. **344. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar. Frá Sigurði Jenssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „Amtsráðinu í vesturamtinu veitist, ef það beiðist þess“, komi: „Ef amtsráðið í vesturamtinu beiðist þess og allir fulltrúar hlutaðeigandi sýslufjelaga í ráðinu eru því samþykkir, veitist“.

Nd. **345. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um póstgöngur. Frá nefndinni.

1. Við A. Í stað orðanna: „um Syðri-Brekkur á Sauðaneshreppi að Skeggjastöðum, síðan á Vopnafjörð“ komi: „um Sauðanes á Vopnafjörð“.
2. — F. 2. Á eptir: „Skinnastöðum“ bætist inn í: „eða Svalbarði“.
3. — G. 21. tölul. falli burt,

Ed. **346. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum nema 3 mánuði af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa allt að $3^1/_2$ mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó ekki lax veiddur 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er sett út.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum eða öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni

hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ til 2 þumlungar, eptir stærð þess lax, er venjulega gengur í ána.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiði-eigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð og skiptingu afla, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlíta því.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt um í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Ed.

347. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43,000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,055,233 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 301,393 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697. 57	75,697. 57	51,416. 66

			1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	75,697. 57	75,697. 57	51,416. 66
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400 »	1,400 »	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
		1892. 1893.			
	a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
	viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 — 1,225 —			
	3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
	þvottur	30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa ...	520 — 520 —			
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
		4,215 kr. 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn	615 — 615 —			
		3,600 kr. 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700 »	3,700 »	
4.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200 »	5,200 »	
			85,997 57	85,997 57	171,995. 14
		flyt			223,411. 80

			1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar			223,411. 80
	C.				
Ýmisleg útgjöld:					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.				
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —				
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —				
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —		2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:					
1. til skólans í Ólafsdal	2,500 kr.				
2. — — á Hólum	3,500 —				
3. — — - Eyðum	2,000 —	1892. kr.	1893. kr.		
4. — — - Hvanneyri	2,000 —	10,000	10,000		
b. til búnaðarfjelaga		13,000	13,000		
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið.					
c. til fjenaðarsýninga		1,000	1,000		
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240	240		
e. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300	300		
f. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300	300		
		flyt	24,840	24,840	5,541. »	5,541. »	223,411. 80

	1892. kr.	1893. kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar	24,840	24,840	5,541 »	5,541 »	223,411 80
g. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200	200			
h. styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, fyrra árið	4,000	»	29,040 »	25,040 »	
5. til vitans á Reykjanesi:	1892	1893			
a. til launa vitamannsins.	1,200 kr.	1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum	60 —	60 —			
c. til að kaupa olíu	1,200 —	1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150 —	150 —			
e. til að kaupa steinkol	120 —	120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 —	200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina	30 —	30 —			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400 —	» —	6,360 »	2,960 »	
6. til vörðuvita			500 »	500 »	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði			1,000 »	1,000 »	
8. til að bæta turninn á Vestmannaeyja kirkju			500 »	»	
			42,941 »	35,041 »	77,982 »
samtals					301,393 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 100,844 kr.:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	39,598 »	39,598 »	79,196 »
2. styrkur til 7 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði, ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði, ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
flyt	39,598 »	39,598 »	79,196 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	39,598 »	39,598 »	79,196 »
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	7,000 »	7,000 »	14,000 »
2. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	3,824 »	3,824 »	7,648 »
samtals	50,422 »	50,422 »	100,844 »

12. gr. Til samgöngumála veitast 239,300 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum 4,700 —			
c. — brjefhirðingamönnum 2,700 —	9,800 »	9,800 »	19,600 »
2. póstflutningur	34,000 »	34,000 »	68,000 »
3. önnur útgjöld:	1892. kr.	1893. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,300	1,300	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200	
e. til áhalda	1,800	600	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50	
g. óviss útgjöld	200	200	3,950 »	2,750 »	6,700 »
samtals			47,750 »	46,550 »	94,300 »
flyt			47,750 »	46,550 »	94,300 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	47,750 »	46,550 »	94,300 »
B.			
Til vegabóta:			
a. til að útvega verkfróðan mann.....3,000 kr.			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum...30,000 —			
c. til fjallvega... .... 3,500 —	36,500 »	36,500 »	73,000 »
C.			
Til gufuskipaferða:			
a. til strandferða allt að.....21,000 kr. Upphæð þessi greiðist því að eins, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun þeirri, er alþingi samþykkir.			
b. til gufubátsferða á Vestfjörðum ..... 3,000 —			
c. — —— á Breiðafirði..... 3,000 —			
d. — —— á Faxaflóa..... 3,000 —			
e. — —— á Austfjörðum..... 3,000 —			
f. — —— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja ..... 3,000 —	36,000 »	36,000 »	72,000 »
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna eða meiri hluta þeirra, ef þær greinir á. Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ½ á móti styrknum úr landsjóði.			
samtals	120,250 »	119,050 »	239,300 »

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 259,096 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins.....	7,000 »	7,000 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr...	9,500 »	10,000 »	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,700 »	2,700 »	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 »	600 »	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum..	500 »		
flyt	20,300 »	20,300 »	

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	20,300 »	20,300 »	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, þó því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins	200 »	200 »	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,100 »	3,100 »	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000 »	1,000 »	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300 »	300 »	
	24,900 »	24,900 »	49,800 »
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun..	9,800 »	9,800 »	
b. önnur útgjöld:			
	1892.	1893.	
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur.....	600 —	600 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa...	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld.....	200 —	200 —	
	3,000 »	3,000 »	
	12,800 »	12,800 »	25,600 »
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600 »	3,600 »	
Þar af 400 kr. hvort árið, launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar, 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:	1892.	1893.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum.....	480 —	480 —	
flyt.	1600 —	1600 —	
	3,600 »	3,600 »	75,400 »

	1892.	1893.	1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:	1,600 kr.	1,600 kr.	3,600 »	3,600 »	75,400 »
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að.....	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —	2,000 »	2,000 »	
			5,600 »	5,600 »	11,200 »
III. til hins lærða skóla:					
a. laun.....			19,800 »	19,800 »	
b. aðstoðarfje:					
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu.....	1,800 kr.				
handa söngkennaranum.....	600 —				
handa fimleikakennaranum.....	700 —				
handa dyraverði	1,000 —				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	300 —		4,400 »	4,400 »	
c. önnur útgjöld:	1892.	1893.			
1. til bókasafns skólans	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu.....	1,100 —	1,100 —			
5. ölmusur.....	6,000 —	6,000 —			
Upphæðinni úthlutar landshöfðingi eptir tillögum kennarafundar.					
6. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu	500 —	200 —			
b. í eðlisfræði	500 —	200 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —	12,148 »	11,548 »	
			36,348 »	35,748 »	72,096 »
flyt					158,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:			158,696 »
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600 »	6,600 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ... 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa ... 500 —			
3. til skólahússins utan og innan ... 200 —			
4. ýmisleg útgjöld ... 400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum ... 500 —	2,000 »	2,000 »	
	8,600 »	8,600 »	17,200 »
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,500 »	1,500 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa ... 400 kr.			
2. til tímakennslu ... 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. ... 200 —	1,200 »	1,200 »	
	2,700 »	2,700 »	5,400 »
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík ... 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey ... 2,000 — þar af 800 kr. til húsabygginga.			
3. til kvennaskólans á Laugalandi ... 1,200 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ... 2,000 — Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	7,000 »	7,000 »	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	4,000 »	4,000 »	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000 »	4,000 »	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500 »	2,500 »	
flyt	17,500 »	17,500 »	181,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	17,500	17,500	181,296 »
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
e. til verzlunarskóla í Reykjavík	250 »	250 »	
f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, fyrra árið.....	1,000 »		
g. til kennslu í skólaiðnaði í Reykjavík, allt að	500 »	500 »	
	20,250 »	19,250 »	39,500 »
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200 »	200 »	
b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi	500 »		
c. til sundkennslu annarstaðar ..... Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800 »	800 »	
	1,500 »	1,000 »	2,500 »
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1892.	1893.	
a. laun bókavarðar	1,000 kr.	1,000 kr.	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700 —	700 —	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100 —	100 —	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	1,800 —	1,800 —	
flyt	3600 kr.	3600 kr.	223,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1892. 1893.			
flutt er 3,600 kr. 3,600 kr.			223,296 »
e. til eldiviðar og áhalda m.m. 450 — 450 —			
f. brunabótagjald fyrir safnið 300 — 300 —	4,350 »	4,350 »	
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins	400 »	400 »	
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
4. til Þjóðvinafjelagsins	400 »	400 »	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda. 1,000 kr.			
b. til umsjónar 400 —			
c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1,000 —	2,400 »	2,400 »	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800 »	800 »	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600 »	600 »	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000 »	1,000 »	
9. til Fornleifafjelagsins	300 »	300 »	
Utborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400 »	400 »	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200 »	1,200 »	
12. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.	1,500 »	» »	
13. ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar	1,200 »	» »	
14. styrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens.	1,200 »	» »	
15. styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið, og halda áfram skrásetningu yfir það	600 »	600 »	
16. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að búa sig undir að rita sögu Íslands	1,000 »	1,000 »	
flyt	18,350 »	14,450 »	223,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flyt	18,350 »	14,450 »	223,296 »
17. styrkur til frú Torfhildar Holm til ritstarfa . . .	500 »	500 »	
18. skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar . .	1,000 »	1,000 »	
	19,850 »	15,950 »	
			35,800 »
samtals			259,096 »

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thorarensen 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 14,566 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

Nd. **348. Tillögur**

til þingsályktunar um landsbankann. Frá Skúla Thoroddsen, Sigurði Stefánssyni, Lárusi Halldórssyni, Árna Jónssyni og Jóni Jónssyni, þm. N.-Þ.

Neðri deild ályktar að skora á landshöfðingjann, að hlutast til um:

1. Að skipaður sje fyrir næsta alþingi framkvæmdarstjóri við landsbankann, er eigi hafi embættisstörf á hendi.
2. Að bankinn sem allra fyrst komist í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Englandi og Danmörku.
3. Að bankinn stofni sem fyrst útibú samkvæmt 9. gr. bankalaganna.
4. Að bankinn sje opinn að minnsta kosti 6 stundir á dag.

Ed.

349. Frumvarp

til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Í stað þeirrar eptirlauna-upphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $^1/_5$ af launa-upphæðinni og enn fremur $^1/_2$% af henni fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustu-ár.

2. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Ed.

350. Frumvarp

til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landsjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri.

2. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi, að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í $2^1/_3$ ár; en ef hann kaupir sjer geymdan lífeyri, þá skal hann verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_3$ af launum hans.

3. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

4. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

5. gr. Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða, hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á, þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

6. gr. Landstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar lögum þessum.

Nd.

351. Tillaga til þingsályktunar.

Eptir eina umr. í Ed.

Alþingi ályktar, að skora á landshöfðingja, að fá því framgengt, að landsbankinn veiti lán gegn veði í húseignum í kaupstöðum öðrum en Reykjavík, og verzlunarstöðum

landsins, þá er hús þessi eru vátryggð, en það annast landsbankinn fyrir hönd lántakanda, sem greiði vátryggingargjald, það er þarf, fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust, allt á þann hátt, er ákveðið yrði ýtarlegar með reglugjörð, samkvæmt lögum 18. sept. 1885.

Nd. **352. Breytingartillaga**

við frv. til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu. Frá Ólafi Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Eptir orðin: „og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað“, komi: „og brúin á Ölfusá“.
2. — — — Í stað orðanna: „skulu þær“, komi: „skulu brýrnar á tveim hinum fyrnefndu ám“.
3. Við 2. gr. Í stað orðanna: „á brúm þessum“, komi: „á brúnum á Skjálfundafljóti fyrir neðan Goðafoss og brúnum á Laxá hjá Grenjaðarstað“.
4. — — — Aptan við greinina bætist: „En árlegt viðhald á brúnni á Ölfusá, er eigi getur talizt aðalaðgjörð á henni, skal greiða að helmingi af sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert, og að hinum helmingnum úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.
5. Við 3. gr. Í stað orðanna: „fellur burtu“, komi: „Og sú endurborgun af láni úr landsjóði til Ölfusárbrúarinnar með vöxtum, sem eptir lögum 3. maí 1889 hvíldi á sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu og jafnaðarsjóði suðuramtsins, fellur burtu“.
6. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti, Laxá í Þingeyjarsýslu og brúna á Ölfusá.

Nd. **353. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Skúla Thoroddsen og Jens Pálssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðgjafa Íslands, að leggja fyrir alþingi 1893 sundurliðaða áætlun, samda af verkfræðingi, um kostnað við lagningu málþráða (telephona) með hæfilega mörgum málþráðarstöðum milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, milli Reykjavíkur og Akureyrar, og milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.

Nd. **354. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Skúla Thoroddsen og Jens Pálssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að leitað verði samninga við erlend ríki um lagningu frjettaþráðs (telegraphs) til Íslands.

Nd. **355. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vegi. Frá vegamáls-nefndinni.

1. Í stað svohljóðandi málsgreinar í 2. gr.: „Fjallvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar, þar sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, sýsluvegir nje hreppavegir“ — komi: „Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem taldir eru í 6. gr“.
2. Aptan við 3. gr. bætist:
„9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts“.

Ed. **356. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá Jóni A. Hjaltalín.

1. Við 1. gr. a. Í stað: „4000 kr.“ komi: „5000 kr.“
b. Aptan við „embættisstörf‘ bætist: „eða önnur atvinnustörf“.
c. Í stað: „2400“ komi: „2000“
d. Í stað: „$^1/_2$“ komi: „$^1/_5$“
2. Við 2. gr. 2. grein falli burt, og greinatalan breytist eptir því.

Ed. **357. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri. Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 2. gr. Á eptir orðunum: „þá skal hann“ bætist inn í: „árlega“

Ed. **358. Frumvarp**

til laga um stofnun háskóla á Íslandi. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þessa skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipunin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðru vísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á mennta-stofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

5. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem ákveðin eru í lögum kennendum prestaskólans og læknaskól-

ans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 krónur, og hins kennarans 2400 kr.

6. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

7. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn af numdir sem sjerskildar kennslustofnanir.

Ed. **359. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk. Svo er og lausakaupmönnum þeim, er eigi heyra fastri verzlun til, bönnuð smáverzlun öll, en smáverzlun skal það talin, ef selt er fyrir minna af nokkurri vörutegund í einu en 200 krónur.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi, en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 50—5000 kr. sektum, er renna í landsjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Ed. **360. Frumvarp**

til laga um lögaldur. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 18, en fullráður fjár síns 21 árs. Þó getur enginn tekið að sjer ábyrgð (caution) í fjármálum, nema 25 ára sje.

Ed. **361. Frumvarp**

til laga um afnám embætta. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Amtmannaembættin og landritaraembættið skulu lögð niður. Undir landshöfðingja skulu skipaðir 2 skrifstofustjórar, hvor með 1800 kr. árslaunum, er vaxa um 200 kr. við hver 3 embættisár, þar til árslaunin eru orðin 2600 kr. Auka skal skrifstofufje landshöfðingja um 1000 kr.

Málum þeim, sem nú eru lögð undir amtmennina, og eigi við koma þeim, sem forsetum amtsráðanna, skal skipt milli landshöfðingja og sýslumanna eptir þeim reglum, er ráðgjafinn fyrir Ísland ákveður.

Amtsráðin kjósa sjálf formann sinn, og hefir hann á hendi þau störf, er nú hvíla á amtmönnum sem forsetum amtsráðanna. Amtsráð getur ákveðið formanni hæfilega þóknun úr jafnaðarsjóði.

2. gr. Þær lagaákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, skulu úr lögum numdar.

Ed.

362. Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir verð það, er til fært er við hverja þeirra:

1.	Miðskóg í Dalasýslu	fyrir 750 kr.
2.	Svarthamar í Ísafjarðarsýslu . .	— 1800 —
3.	Seljaland í sömu sýslu	— 2000 —
4.	Hattardal meiri, í sömu sýslu .	— 2100 —
5.	Hattardal minni, í sömu sýslu .	— 1900 —
6.	Glúmstaði (eyðijörð) í sömu sýslu	— 150 —
7.	Atlastaði í sömu sýslu	— 300 —
8.	Tungu í sömu sýslu	— 300 —
9.	Rekavík bak Látur	— 400 —
10.	Stakkadal í sömu sýslu . . .	— 550 —
11.	Miðvík efri, í sömu sýslu . .	— 450 —
12.	Miðvík neðri, í sömu sýslu . .	— 600 —
13.	Halldórsstaði (eyði-jörð) í Strandas.	— 900 —
14.	Reykjanes í sömu sýslu . . .	— 1100 —
15.	Reyki í Hrútafirði	— 2800 —
16.	Sveinsstaði í Húnavatnssýslu .	— 3350 —
17.	Páfastaði í Skagafjarðarsýslu .	— 2650 —
18.	Varmaland í sömu sýslu . . .	— 1250 —
19.	Geirmundarstaði í sömu sýslu .	— 3000 —
20.	Hafragil í sömu sýslu	— 2400 —
21.	Skíðastaði með 1 hjáleigu í sömu s.	— 4800 —
22.	Litla-Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu	— 2500 —
23.	Hofsárkot í sömu sýslu . . .	— 1400 —
24.	Sörlatungu í sömu sýslu . . .	— 2600 —
25.	Fjeeggsstaði í sömu sýslu . .	— 1500 —
26.	Þúfnavelli í sömu sýslu . . .	— 3300 —
27.	Skeggstaði í sömu sýslu . . .	— 1000 —
28.	Fremstafell í Köldukinn . . .	— 3000 —
29.	Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði	— 1650 —
30.	Reyki í Fnjóskadal	— 3000 —
31.	Tungu í Fnjóskadal	— 1800 —
32.	Snæbjarnarstaði í sama hreppi .	— 2400 —
33.	Hjaltadal í sama hreppi . . .	— 3300 —
34.	Belgsá í sama hreppi	— 1500 —
35.	Þórðarstaði í sama hreppi . .	— 1500 —
36.	Efri-og Neðri-Mörk í Skaptafellss.	— 1400 —
37.	Seglbúðir í sömu sýslu . . .	— 900 —
38.	Norður-Hvamm í sömu sýslu .	— 1500 —
39.	Heiði í sömu sýslu	— 1100 —
40.	Ásgarð í sömu sýslu	— 225 —

41. Arnardrang í sömu sýslu . . . — 1050 —
42. Hörgsdal í sömu sýslu . . . . — 3000 —
43. Rauðaberg í sömu sýslu . . . — 1300 —
44. Ytri-Dalbæ í sömu sýslu . . . — 520 —
45. Seljaland í sömu sýslu . . . . — 1600 —
46. Húnkubakka í sömu sýslu . . — 1090 —
47. Heiðarsel í sömu sýslu . . . . — 1075 —
48. Hæðagarð í sömu sýslu . . . — 350 —
49. Brattland í sömu sýslu . . . . — 500 —
50. Ytri-Tungu í sömu sýslu . . . — 750 —
51. Efri-Fljót í sömu sýslu . . . . — 1360 —
52. Syðri-Fljót í sömu sýslu . . . — 800 —
53. Langholt (með kirkjunni), í sömu s. — 800 —
54. Staðarholt í sömu sýslu . . . — 1200 —
55. Hvamm í sömu sýslu . . . . — 1100 —
56. Flögu í sömu sýslu . . . . . — 1500 —
57. Hrísnes í sömu sýslu . . . . — 1400 —
58. Norður-Götur í sömu sýslu . . — 1000 —
59. Suður-Götur í sömu sýslu . . — 1000 —
60. Fagradal í sömu sýslu . . . . — 1850 —
61. Skeiðflöt í sömu sýslu . . . . — 1200 —
62. Kjalveg í Snæfellsnessýslu . . — 900 —
63. Hólkot í sömu sýslu . . . . — 1100 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Það sem eptir stendur, þrír fjórðungar kaupverðsins, greiðist á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1894.

Ed.

363. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. (Eptir eina umr. í Nd.)

1. gr. Sem viðbót við útgjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 12,574 kr. 54 a. til útgjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við útgjöldin í 10. gr. fjárlaganna til umboðsstjórnarinnar og fl. veitast:

C. 1.	Til útgáfu stjórnartíðindanna o. fl.	158 kr.	83 a.
C. 5. b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum: til vegagjörðar, er sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn	5,000 —	» »
C. 5. c.	Til fjallvega	2,589 —	96 »
C. 6.	Styrkur til gufubátsferða á Faxaflóa sumarið 1891	3,000 —	» »

Skilyrði fyrir útborgun þessa styrks eru:

1. Að bátnum sje haldið úti til októbermánaðarloka, og fari til þess tíma sem svari 8 ferðir á mánuði um svæðið frá Akranesi til Garðskaga, og að minnsta kosti 8 ferðir alls milli Reykjavíkur og Borgarness.
2. Að báturinn hafi reynzt hæfur til flutninga í þessum ferðum fyrir menn og vörur.

alls ..... 10,748 kr. 29 a.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kennslumála veitist:

A. b. 2.	Til bráðabyrgðaruppbótar fátækum brauðum 1891	250 kr. » a.
B. III. c. 4.	Til tímakennslu í hinum lærða skóla . . .	768 — 60 -
B. IV. b.	Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur gjöld: til aðgjörðar á skólahúsinu	500 — » -
C.	Styrkur handa einum manni til að búa sig undir að verða dýralæknir hjer á landi.....	300 — » -
	alls	1818 kr. 60 a.

4. gr. Sem viðbót við upphæðina í 16. gr. fjárlaganna til óvissra útgjalda veitast 7 kr. 65 a. til endurborgunar á aðflutningsgjaldi á áfengum drykkjum, er goldið hefur verið fyrir 1888.

Nd. **364. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa. Frá Ólafi Briem.

1. Við 1. c. 3. línu að ofan. Á eptir orðunum: „komi það þá“ bætist inn í: „í öllum ferðunum til og frá Reykjavík við á Hofsós“.
2. — — — 5. og 8. línu. „Hofsós“ falli burt.

Nd. **365. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um iðnaðarnám.

Nefndin álítur, að lög um iðnaðarnám sjeu mikilsverð, og hyggur hún, að ef hagfelld lög um þetta efni verði sett, þá verði þau til þess að hefja iðnað hjer á landi, og vill nefndin því ráða hinni háttvirtu neðri deild til þess að aðhyllast frumvarpið með nokkrum breytingum, en jafnframt vill nefndin fara fám orðum um breytingar þær, sem hún vill fá gerðar á frumvarpinu.

Eins og þingmenn munu sjá, miða breytingartillögurnar við 8. og 9. gr. til þess að tryggja rjett nemenda gagnvart lærimeisturum, og stuðla til þess, að nemendur fái, að svo miklu leyti sem unnt er, nauðsynlega menntun. Aptur á móti miðar breytingartillagan við 3. gr. til þess, að tryggja rjett lærimeistara gagnvart nemendum, enda virðist það ekki heppilegt fyrir iðnaðarnám, að nemendur geti á þann hátt, sem farið er fram á í greininni, slitið samningum, án þess að lærimeistarar fái sanngjarnar skaðabætur fyrir samningsslitin. Hin almenna heimild, sem veitt er í 17. gr. til að fá námssamningum slitið, sýnist nægileg fyrir nemendur.

Breytingartillögurnar við 10. gr. fara fram á, að nemendur taki jafnan próf í iðnaði sínum, og verður nefndin að álíta þetta atriði mjög mikilsvert, en í sambandi við

þetta stendur viðaukatillagan við 2. gr., sem miðar til að veita þeim, sem tekið hafa próf í iðnaði, rjett fremur öðrum til að taka pilta til kennslu.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða þingmönnum í neðri deild til, að samþykkja frumv. með eptirfylgjandi breytingartillögum.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: »lögreglustjóri á þeim stað, er þeir eru búsettir»,
komi: hlutaðeigandi lögreglustjóri.
2. Við 2. gr. 2. tölul. Í staðinn fyrir: »kennslusamningnum«,
komi: kennslusamningum.
3. Aptan við 2. gr. komi nýr töluliður svohljóðandi:
4. þeir, sem eigi hafa leyst námsbrjef það, er getur um í 10. gr.; þó skulu þeir iðnaðarmenn, sem nú er heimilt að taka pilta til kennslu, halda þeim rjetti.
4. Við 3. gr. Orðin: »þar að auki er nemandi — — bundinn við hann«, falli burt.
5. Við 8. gr. Í staðinn fyrir: »að jafnaði ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi»,
komi: ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi, nema brýna nauðsyn beri til.
6. Við 9. gr. Í staðinn fyrir: »Hann má ekki setja hann til þeirrar vinnu — — lýtur að námi hans»,
komi: Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til eða að það sje berlega áskilið í námssamningnum.
7. Við 10. gr. Orðin í 1. málsgrein: »smátt og smátt« falli burt.
8. Við 10. gr. Í staðinn fyrir: »þá er námstíminn er á enda — — aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, 61. gr.»,
komi: »þá er námstíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefur stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

   Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendunum.
9. Við 10. gr. Síðasta málsgrein: »Ef lærimeistari — — eptir 156. gr. almennra hegningarlaga«, falli burt.
10. Við 21. gr. Í staðinn fyrir: »1., 3. og 4. málslið»,
komi: 1. málslið.

Alþingi, 11. ágúst 1891.

Páll Briem,	Ólafur Ólafsson,	Gunnar Halldórsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Ed. **366. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um friðun á laxi. Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. frumvarpsins 3. málslið. Í stað: „einn maður“, komi: „maður einn“
2. — 3. — Aptan við 3. gr. 3. málslið komi: „nema með ádrætti“.
   Nýr málsliður bætist við á eptir 3. málslið svohljóðandi: „Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er“.
3. — 4. — Á eptir orðinu: „eggvera“ komi: „eða selalátra“.
4. — 5. — Orðin í 2. málsgr. „til 2“ falli burt:
   „Þumlungar“ breytist í: „þumlungur“.
   Orðin í enda málsgreinarinnar: „eptir stærð þess lax, er venjulega gengur í ána“ falli burt.

Nd. **367. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu.

Vjer sem hin háttvirta neðri deild kaus í nefnd, til að íhuga mál þetta, höfum rætt málið, og er álit vort á þessa leið.

Með tilliti til þess, að brýr þessar voru byggðar áður en vegalögin frá 10. nóv. 1887 komu í gildi, sem gjöra landsjóði fremur en áður það að skyldu, að kosta yfir höfuð vegagjörð á aðalpóstleiðum, þá teljum vjer ekki ósanngjarnt, að hlutaðeigendum, sem kostað hafa bygging og viðhald á brúm þeim, sem hjer er um að ræða, verði veitt sú linun í endurborgun lánsins, að helmingur þess, sem eptir verður, óendurgoldinn, þegar frumvarp þetta fær lagagildi, falli niður.

Aptur á móti getum vjer ekki ráðið til, að samþykkja breytingartillögur þær, sem fram eru komnar við frumvarpið, með því að lögin um brúargjörð á Ölvesá voru samþykkt samhliða hinum nýju vegalögum.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögu.

Við 3. gr. Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar: »fellur burtu«, komi: »fellur niður um helming«.

Neðri deild alþingis, 11. ágúst 1891.

B. Sveinsson,	Sigurður Stefánsson,	Eiríkur Briem.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. **368. Breytingartillögur**

við frv. til laga um stofnun ullarverksmiðju. Frá nefndinni.

1. 3. gr. orðist þannig:
   Ullarverksmiðjan með byggingum, vjelum, verkefnum, vörubyrgðum og öllu tilheyrandi skal standa að veði fyrir láninu, enda sje þetta eptir löglegri virðingu metið 160000 kr., og vátryggt fyrir sömu upphæð.
2. Aptan við frv. bætist ný grein, er verður 5. gr. svo látandi:
   Aðnjótandi láns þess, er ræðir um í lögum þessum, skal vera búsettur á Íslandi.

Ed. **369. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um breytingu á bankalögunum. Frá Arnljóti Ólafssyni.

1. Við 1. gr. a). Fyrir: „2400 kr.“ komi: 2200 kr.
   b). — „2000 kr.“ — : 2200 kr.
2. — 2. gr. Í stað 2. gr. komi svo látandi grein:
   2. gr. Lög þessi öðlast gildi að því er framkvæmdarstjórann snertir, þá er hann fullnægir skilyrðum þeim, er honum eru sett í 1. gr.

Nd. **370. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um póstgöngur (285). Frá Sveini Eiríkssyni.

Eptir tölul. 30. bætist inn svohljóðandi töluliðir:

„31. Starmýri í Álptafirði“.
I Austur-Skaptafellssýslu.
„32. Hólmi á Mýrum“.

Eptirfylgjandi töluliðir breytist samkvæmt þessu.

Ed. **371. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 3. grein í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. Frá E. Th. Jónassen, Jóni A. Hjaltalín og Arnljóti Ólafssyni.

Fyrir 1. grein komi svohljóðandi grein:

Í stað þeirra eptirlauna, sem ákveðin eru í fyrstu málsgrein 3. gr. í tilsk. 31. maí 1855 skal ákveða eptirlaun embættismanna þeirra, er þar ræðir um eptir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hlutaðeigandi embættismaður hefur haft 5 síðustu árin, áður en hann fjekk lausn frá embætti, eða í öll þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framarlega sem þau ekki hafa verið fimm ár, þannig að

0— 5 fullra ára þjónusta veita $\frac{1}{7}$ af launaupphæðinni að meðaltali í eptirlaun
yfir 5—10 — — —— — $\frac{1}{6}$ — —— — — . —
— 10—15 — — —— — $\frac{1}{5}$ — —— — — . —
— 15—20 — — —— — $\frac{1}{4}$ — —— — — . —
— 20—25 — — —— — $\frac{1}{3}$ — —— — — . —

en sá embættismaður, er þjónað hefur embætti lengur en 25 ár, njóti hálfra embættislauna í eptirlaun.

Ed. **372. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka o. s. frv. (315). Frá Sighvati Árnasyni.

2. gr. orðist þannig: „Ákvæði laga þessara, er snerta framkvæmdarstjóra bankans, koma þá fyrst til framkvæmdar, þegar skipaður er framkvæmdarstjóri við bankann, sem ekki hefur embættisstörf á hendi“.

Nd. **373. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, sem og um greiðslu málskostnaðar í sakamálum, þegar svo stendur á.

Vjer undirritaðir, sem h. h. neðri deild alþingis kaus í nefnd, til að láta uppi álit vort um ofangreint frumvarp, höfum íhugað það á nefndarfundum, og leyfum oss að láta uppi um það álit vort á þessa leið.

Vjer játum það fúslega, að sú frumstefna frumvarps þessa sje rjett og sanngjarnleg, að þeir fái skaðabætur, sem að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi eða sætt hegningu eptir dómi; en á hinn bóginn virðast oss ákvæði frumvarpsins eigi vera nógu víðtæk; það leiðir af hinu sjerstaklega ásigkomulagi lands vors, að fyrir utan kaupstaðina hjer á landi er gæzluvarðhaldi næsta sjaldan beitt, og ákvæði frumvarpsins myndu því að því leyti fá litla þýðingu; en hins vegar er það almennur hugsunarháttur hjer á landi, að sakamálsrannsóknin ein saman sje mjög vansæmandi fyrir þann, er fyrir henni verður að ósekju; virðist oss því rjett, að ákvæði laganna nái einnig til þeirra, er að ósekju hafa sætt sakamálsrannsókn, þótt eigi hafi þeir hafðir verið í gæzluvarðhaldi.

Önnur breyting, er oss virðist nauðsynlegt að gjöra á frumvarpinu, fer í þá átt, að sakborningur, ef sakamál er gegn honum höfðað, eigi rjett á að fá gjört út um skaðabótakröfur sínar, þegar sakamálið er dæmt í hjeraði, með því að oss virðist það miklu skipta, að komizt verði í sem flestum tilfellum hjá sjerstakri einkamálslögsókn, er hafa myndi töluverðan kostnað í för með sjer, þar sem opt yrði að skipa setudómara.

Til hins sama miðar og sú tillaga vor, að sakborningur í vissum tilfellum megi leggja skaðabótakröfu sína undir úrskurð amtmanns.

Vjer ráðum því deildinni til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »svo er og um þann mann« komi: »Rjett til skaðabóta hefur og sá maður«.
2. Við 1. gr. Eptir orðin: »minni bætur» komi: »en ákveðið er í 1. gr.»
3. Við 3. gr. Í stað orðanna: «Endrarnær — hagsmuna rannsóknardómarans» komi: »þegar sakamál er höfðað, hefur sakborningur rjett til að koma fram með skaðabótakröfu sína, og fá gjört út um hana, um leið og málið er dæmt«.
4. Við 3. gr. Orðið: »þó« í 3. membr. 3. gr. falli burt.
5. Aptan við 3. gr. bætist: »Nú hefur maður eigi krafizt skaðabóta, svo sem áður er sagt, og á hann þá kost á að leggja skaðabótakröfu sína undir úrskurð amtmanns. Vilji sakborningur eigi hlíta þeim úrskurði, er honum frjálst að koma fram skaðabótakröfu sinni með einkamálslögsókn gegn hinu opinbera að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og ber þá sækjanda að höfða málið við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.
6. Eptir 8. gr. komi ný grein, er verður 9. gr., svohljóðandi: «Ákvæði þessara laga um rjett til skaðabóta skulu einnig ná til þeirra manna, sem að ósekju hafa sætt sakamálsrannsókn, ákæru eða dómi, þótt þeir hafi eigi verið settir í gæzluvarðhald, eða tekið út hegningu«.
7. 9. gr., er verður 10. gr., orðist svo: »Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið, áður en þau öðlast gildi«.

8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.

Neðri deild alþingis, 12. ágúst 1891.

Skúli Thoroddsen. B. Sveinsson, form. og framsögum. Páll Briem, skrifari.

Nd. **374. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stækkun verzlunalóðarinnar í Reykjavík. Frá J. Jónassen, Eiríki Briem, Ólafi Ólafssyni, Gunnari Halldórssyni, Sigurði Stefánssyni og Þ. Guðmundssyni.

Fyrir: „úr Skólavörðunni og vestur í Landakot“ komi, „úr Skólavörðunni og vestur í Skólabæinn“; fyrir: „úr Landakoti á Bakkastíg“ komi: „úr Skólabænum í Litlasel“.

Sþ. **375. Skýrsla**

um Alþingishússbyggingarsjóðinn (Þjóðhátíðarsjóðinn).

Eign hans var 31. desbr. 1888 á vöxtum í landsbankanum . . . 2195 kr. 51 a.

Síðan hefur honum bætt:

Vextir til 31. desbr. 1889	79 — 04 -
— — — — 1890	75 — 82 -
Samtals	2350 kr. 37 a.

er standa á vöxtum í landsbankanum með sparisjóðskjörum (Vskb. nr. 1117.).

Alþingi, 12. ágúst 1891.

B. Kristjánsson.

Nd. **376. Nefndarálit**

um tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild alþingis kaus í nefnd til að íhuga þetta mál, höfum nú rætt það á fundum, og leyfum oss að láta álit vort uppi um það á þessa leið.

Nefndin verður að telja það æskilegt, að gagnfræðakennsla kæmist á við lærða skólann, og vill því aðhyllast 1. lið tillögunnar.

2. lið tillögunnar vill nefndin einnig aðhyllast með því að hún lítur svo á, að hjer sje spor stigið í þá áttina, að setja skóla vora í það samband, sem opt hefur verið æskt, að þeir kæmist í.

En til þess að breyting sú, er hjer ræðir um verði gerð, telur nefndin nauðsynlegt, að breyta reglugjörð skólans, meðal annars á þá leið að takmarka kennslu í latínu og grísku.

Nefndin vill því ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja tillögur til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum með þeirri breytingu, sem hjer segir.

Eptir 2. tölul. komi nýr liður, sem verður 3. liður, svo látandi:

»3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, og henni breytt svo sem nauð-

synlegt er, til þess að gagnfræðakennslunni verði við komið, sjerstaklega í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

Alþingi, 12. ágúst 1891.

Árni Jónsson, form. og framsögum. Jens Pálsson. Jón Jónsson þm. N.-Þ. Jón Þórarinsson, skrifari.

Sigurður Jensson.

Nd. **377. Nefndarálit**

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um kennaramenntun.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða til að láta uppi álit vort um þetta mál, og leyfum vjer oss að gjöra það á þessa leið.

Nefndinni er það fullljóst, að duglegir kennarar eru fyrsta skilyrðið fyrir því, að kennslutilraunir þær, sem nú er verið að gera viðvíkjandi alþýðumenntun, komi að nokkru verulegu haldi. En hingað til hefur ekkert verið gert til þess af hálfu hins opinbera, að mennta alþýðukennara, nje tryggja það, að kennararnir sjeu færir um að standa vel í stöðu sinni sem kennarar. Nefndin verður að leggja áherzlu á það, að það er því fremur nauðsynlegt að sjá um að sem beztir kennslukraptar fáist, bæði handa hinum föstu skólum og til umgangskennslu, sem eptirlitið með kennslu þessari verður ávallt torvelt sakir strjálbyggðar og annara atvika, svo að flestir af alþýðukennurum vorum verða að vinna svo gott sem eptirlitslaust af hálfu hins opinbera.

Þó vill nefndin taka það fram, að hún getur ekki sjeð neinar torfærur, er hindri það, að nokkurnveginn nægilegt eptirlit verði eptirleiðis haft með hinum föstu skólum í sjóþorpum þeim, er styrks verða aðnjótandi úr landsjóði, enda verður hún að telja það sjálfsagt, að nauðsynlegar ráðstafanir verði sem allra fyrst gjörðar til þess að tryggja landstjórninni áreiðanlegar skýrslur um skóla þessa, ekki sízt fyrir þá sök, að stungið hefur verið upp á því á þessu þingi, að auka fjárframlög til þeirra að nokkrum mun.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hjer ræðir um, fer að vísu ekki fram á annað en að gjöra litla byrjunartilraun til þess að mennta alþýðukennara vora og gjörir ráð fyrir að kennslan fari fram við skóla, sem starfar og nýtur styrks úr landsjóði hvort sem er. En af því að nefndin verður að líta svo á, að kennslu þessa megi sameina svo við önnur störf skóla þess, sem um er að ræða, að koma megi að talsverðum notum, þá vill hún fallast á þessa tilhögun til bráðabirgða, enda þó að hún hefði talið heppilegra, að kennslustofnun handa kennaraefnum landsins hefði nú þegar verið komið á fastari fót; enda kom sú skoðun fram í nefndinni, að heppilegra mundi ýmsra hluta vegna að kennaramenntunin færi fram í Reykjavík, þegar að því ræki að stofna sjerstakan skóla í því skyni.

Fyrir því viljum vjer ráða hinni heiðruðu neðri deild til að samþykkja tillögu til þingsályktunar um kennaramenntun eins og hún liggur fyrir með þeim breytingum, sem farið er fram á með breytingartillögum á þingskjali 276.

Neðri deild Alþingis 12. ág. 1891.

Árni Jónsson formaður. Jens Pálsson. Jón Jónsson þm. N. Þ.

Jón Þórarinsson skrifari og framsögumaður. Sigurður Jensson.

Ed.

378. Frumvarp

til laga um vegi. (Eptir 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um skiptingu á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalflutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem taldir eru í 6. gr. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje fjallvegir. Hreppavegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Aðalflutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Þingvöllum.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók fram Skagafjörð.
7. — Akureyri fram Eyjafjörð.
8. — Húsavík fram Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum amtsráða og vegfræðings hvar leggja skuli aðalflutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Aðalpóstvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestsbakka, 5. frá Prestsbakka til Eskifjarðar.

Landshöfðingi ákveður, eptir tillögum sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings, hvar aðalpóstvegir skuli liggja.

6. gr. Fjallvegir eru: Steingrímsfjarðarheiði, Laxárdalsheiði í Dölum, Grímstungu- og Arnarvatnsheiði, Kaldidalur, Fjallabaksvegur, milli Búlandssels í Skaptártungu og Galtalækjar á Landi, Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði, milli Reykjahlíðar og Skjöldólfsstaða.

II. kafli

Um aðal-flutningabrautir, aðal-póstvegi og fjallvegi.

7. gr. Aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir og fjallvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

Svo skal vegi gjöra á aðalflutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðum

vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa epir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

Á aðalpóstvegum og fjallvegum skal bæta torfærur með vegar-ruðning og brúargjörð, svo að þeir verði hvervetna greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

Landshöfðingi ráðstafar vegagjörð á aðalpóstvegum og fjallvegum, eptir tillögum amtsráðanna.

Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allrar hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

8. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

9. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu þannig, að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum frá 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn, sem heimili hafa í hreppnum, og eru 20—60 ára, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingum.

10. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra. sem hæfur er til þess starfa.

11. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá aðalflutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu, þar sem því verður við komið, gjörast akfærir, vera að minnsta kosti 5 álna breiðir og hafa eigi meiri halla en 1 á móti 10. Um vega bætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á aðalpóstvegum og fjallvegum.

12. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

13. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni og til þess að leggja málþráð innansýslu.

IV. kafli
Um hreppavegi.

14. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver húsráðandi að láta vinna að hreppavegum $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann, 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinn-

unnar. Heimilt er þó húsráðanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum í sveitarsjóð, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann.

15. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegabótasjóði sýslunnar.

16. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim dagpeninga allt að 3 krónum fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

17. gr. Skyldur skal hver verkmaður, sem eigi hefur leyst sig undan skylduvinnu samkv. 22. gr., að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eða verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans, en gjaldi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

19. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

V. kafli.
Almenn ákvæði.

20. gr Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

21. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma,—úr landsjóði, sje vegurinn aðalflutningabraut eða aðalpóstvegur, úr sýslusjóði, sje vegurinn sýsluvegur og úr hreppsjóði, sje hann hreppsvegur,—eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppsjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

22. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

23. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og viðhalda þeim, og svo sæluhús við fjallvegi. — Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppsjóði.

24. gr. Hver, sem af ásettu ráði skemmir veg, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

25. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr. Með lögum þessum er tilskipun 15. marz 1861, lög nr. 19, 15. okt. 1875 og lög nr. 25, 10. nóv. 1887 úr gildi numin.

27. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1892.

Nd. **379. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um póstgöngur. Frá Árna Jónssyni.

Við D. 3. Fyrir: „að Sámstöðum“
komi: „að Gilsbakka“.

Nd. **380. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 368 frá nefndinni í ullarverksmiðjumálinu. Frá nefndinni.

Við 1. tölul. Á undan 160,000 kr. komi: „að minnsta kosti“.

Nd. **381. Frumvarp**

til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Konum er heimilt með sömu skilmálum og körlum að njóta kennslu og ganga undir burtfararpróf á gagnfræðaskólum landsins og hinum lærða skóla í Reykjavík.

2. gr. Konur eiga enn fremur rjett á að njóta kennslu á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík, og öðrum menntunarstofnunum, er stofnaðar kunna að verða, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er um karlmenn eru sett í því efni. Rjett er þeim og að ganga undir burtfararpróf við skóla þessa með sömu skilyrðum og karlmenn.

3. gr. Konur hafa allan sama rjett sem karlmenn til að njóta góðs af styrktarfje því, sem lagt er menntunarstofnunum þeim, er getur um í lögum þessum, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið.

4. gr. Með því að ganga undir próf þau, er getur um í lögum þessum, öðlast konur aðgang að embættum landsins með sömu skilyrðum sem karlmenn.

5. gr. Með lögum þessum er tilskipun nr. 27. 4. desbr. 1886 úr gildi felld, sem og aðrar ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **382. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækkað þannig, að austurtakmörk sje lína dregin frá Helgastöðum í Skólavörðuna, suðurtakmörk lína úr Skólavörðunni og vestur í Skólabæinn og vesturtakmörk lína úr Skólabænum í Litlasel.

Nd.

383. Tillögur

til þingsályktunar um póstgöngur. (Eptir fyrri umr. í Nd.).

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

A. Að aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar leggi leið sína frá Grenjaðarstað um Húsavík og Hjeðinshöfða að Skinnastöðum, síðan yfir Axarfjarðarheiði að Svalbarði, um Sauðanes á Vopnafjörð og þaðan um Krossavík yfir Hellisheiði og inn Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

B. Að aðalpóstferðum vestanpóstsins milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins milli Akureyrar og Seyðisfjarðar verði fjölgað um tvær (úr 12 í 14), og aukapóstferðir, er standa í sambandi við þær, auknar að sama skapi.

C. Að ferðaáætlun norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins verði hagað þannig, að póstflutningurinn tefjist ekkert á Akureyri.

D. Að teknar verði upp nýjar aukapóstferðir og lengdar þær aukapóstleiðir, sem nú eru, svo sem hjer segir:

Í Gullbringusýslu

1. frá Útskálum að Hvalsnesi.
2. frá Keflavík um Kirkjuvog, Tóptir, Vogsósa og Þorlákshöfn til Eyrarbakka.

Í Borgarfjarðarsýslu

3. frá Hesti um Reykholt að Gilsbakka í Hvítársíðu.

Í Snæfellsnessýslu

4. frá Stykkishólmi (eptir komu aukapóstsins frá Hjarðarholti) til Ólafsvíkur.
   Aukapósturinn frá Stað í Hrútafirði til Stykkishólms fari eigi frá Hjarðarholti fyrr en eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði.

Í Barðastrandarsýslu

5. frá Flatey að Brjánslæk (4 ferðir á ári).
6. frá Bíldudal að Rafnseyri.
7. frá Bæ í Króksfirði (eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði) að Stað í Hrútafirði. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri, og sje kominn að Bæ, áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.

Í Ísafjarðarsýslu

8. frá Arngerðareyri (eptir komu vestanpósts frá Ísafirði) að Kálfanesi í Steingrímsfirði.
9. frá Ísafirði að Botni í Súgandafirði (6 ferðir á ári).

Í Strandasýslu

10. frá Reykjarfirði að Árnesi í Trjekyllisvík.
11. frá Bæ í Króksfirði að Kálfanesi í Steingrímsfirði.

Í Húnavatnssýslu

12. frá Blönduós (ef aðalpóstleiðin verður lögð þar um) að Auðkúlu í Svínadal.

Í Skagafjarðarsýslu

13. frá Lýtingstöðum að Goðdölum.
14. frá Sauðárkrók (eptir komu Siglufjarðarpósts frá Víðimýri) að Hvammi í Laxárdal.
15. frá Lóni (eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri) að Hólum í Hjaltadal.

Í Eyjafjarðarsýslu

16. frá Tjörn í Svarfaðardal um Reyki í Ólafsfirði að Hraunum í Fljótum. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu Víðimýrarpóstsins frá Siglufirði.
17. frá Akureyri (eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað) að Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

18. frá Grýtubakka að Þönglabakka.
19. frá Grenjaðarstað (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

20. frá Skinnastöðum (eptir komu póstsins frá Akureyri) að Raufarhöfn.
21. frá Skinnastöðum að Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

22. frá Fossvöllum (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Hákonarstöðum.
23. frá Egilstöðum yfir Lagarfljót um Ás að Valþjófstað.
24. frá Hjaltastað að Kirkjubæ.
25. frá Seyðisfirði (eptir komu Akureyrarpóstsins þangað) um Stakkahlíð að Desjarmýri.

Í Suður-Múlasýslu

26. frá Eskifirði (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Skorrastað í Norðfirði.
    Aukapósturinn frá Eskifirði að Stöð komi við á Búðareyri við Reyðarfjörð.
27. frá Seyðisfirði að Brekku í Mjóafirði.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

28. frá Prestsbakka (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

29. frá Ási (eptir komu Reykjavíkurpóstsins) að Skarði á Landi.
30. frá Odda að Teigi í Fljótshlíð.

Í Árnessýslu

31. frá Reykjum á Skeiðum að Hrepphólum.
32. frá Hraungerði um Mosfell að Torfastöðum (póstferðin að Búrfelli leggist niður).
33. frá Kotströnd að Úlfljótsvatni í Grafningi.

E. Að póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum á viðkomustöðum strandferðaskipanna sje falið, að senda brjef og aðrar póstsendingar upp til sveitanna, þegar þörf krefur.

F. Að stofnuð verði póstafgreiðsla (í stað brjefhirðingar):
1. á Bíldudal í Barðastrandarsýslu,
2. á Skinnastöðum eða Svalbarði í Norður-Þingeyjarsýslu,
og að póstafgreiðslan á Höfða sje flutt að Egilstöðum í Norður-Múlasýslu.

G. Að stofnuð verði brjefhirðing á þessum stöðum:

Í Gullbringusýslu

1. á Hvalsnesi á Miðnesi;
2. - Kirkjuvogi í Höfnum;
3. - Tóptum í Grindavík;
4. - Vogsósum í Selvogi.

Í Borgarfjarðarsýslu

5. - Reykholti;
6. - Sámstöðum í Hvítársíðu.

Í Ísafjarðarsýslu

7. - Arngerðareyri (í stað brjefhirðingarinnar í Vatnsfirði, er leggist niður, en póstinum sje gjört að skyldu, að koma við í Vatnsfirði og Vigur);
8. - Botni í Súgandafirði;
9. - Mýrum í Dýrafirði.

Í Strandasýslu

10. á Kollafjarðarnesi;
11. - Árnesi í Trjekyllisvík (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjarfirði, er leggist niður).

Í Húnavatnssýslu

12. - Auðkúlu í Svínadal (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjum, er leggist niður, ef aðalpóstleiðin verður lögð um Blönduós).

Í Skagafjarðarsýslu

13. - Goðdölum (í stað brjefhirðingarinnar á Lýtingstöðum, er leggist niður);
14. - Hvammi í Laxárdal;
15. - Hólum í Hjaltadal;
16. - Hraunum í Fljótum.

Í Eyjafjarðarsýslu

17. - Reykjum í Ólafsfirði;
18. - Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

19. - Þönglabakka;
20. - Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

21. - Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

22. - Ási í Fellum;
23. - Valþjófstað;
24. - Kirkjubæ í Hróarstungu;
25. - Stakkahlíð í Loðmundarfirði;
26. - Desjarmýri í Borgarfirði.

Í Suður-Múlasýslu

27. - Skorrastað í Norðfirði;
28. - Brekku í Mjóafirði;
29. - Búðareyri við Reyðarfjörð.
30. - Starmýri í Álptafirði.

Í Austur-Skaptafellssýslu

31. - Hólmi á Mýrum.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

32. - Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

33. - Skarði á Landi;
34. - Teigi í Fljótshlíð;
35. - Seljalandi undir Eyjafjöllum.

Í Árnessýslu

36. - Hrepphólum;
37. - Mosfelli í Grímsnesi;
38. - Torfastöðum í Biskupstungum;
39. - Úlfljótsvatni í Grafningi.

Um reglur þær og fyrirskipanir, er póstmenn eiga að fylgja í störfum sínum, er nefndinni var einnig falið á hendur að íhuga, mun hún síðar láta uppi álit sitt.

Ed. **384. Frumvarp**

til laga um að meta til dýrleika nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Allar þær jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu, sem á næstliðnum 6 árum hafa orðið fyrir stórkostlegum skemmdum af völdum náttúrunnar, skulu metast til dýrleika í hundraðatali. Sýslunefndin skal þegar kveða á um, hverjar þær jarðir eru, er meta skal, eptir að hún hefur leitað um það álits hlutaðeigandi hreppsnefndar. Jarðamat þetta skal fram fara sem fyrst.

2. gr. Í sýslunni skulu 3 menn, sem til eru kvaddir af sýslumanni, er hann álítur bezt til þess fallna, framkvæma matið. Skulu þeir leysa starf þetta svo af hendi, að þeir geti verið við því búnir, að staðfesta gjörðir sínar með eiði. Sýslumaður stendur fyrir matinu og stjórnar því, en tekur eigi þátt í atkvæðagreiðslunni.

Matið skal gjöra eptir þeirri reglu, að 100 kr. virði í jörðinni, eins og hún mundi ganga í kaupum og sölum, sje látið gilda 1 hndr. að dýrleika.

3. gr. Eiganda jarðar eða umboðsmanni skal tilkynnt, að mat eigi fram að fara svo tímanlega, að hann geti verið þar við staddur. Sje eigandi eða umboðsmaður óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, getur hann borið málið upp fyrir sýslunefndinni, sem leggur úrskurð á málið, eptir að hún hefur leitað álits hlutaðeigandi hreppsnefndar og gjört þær ráðstafanir, er hún álítur með þurfa.

4. gr. Sýslumaður skal hafa löggilta bók til að rita í matsgjörðirnar.

5. gr. Þegar mati þessu er lokið á fyrnefndan hátt, skal sýslumaður senda matsgjörðina í staðfestu eptirriti af matsbókinni, með athugasemdum sýslunefndarinnar, undir úrskurð landshöfðingja.

6. gr. Þegar landshöfðingi er búinn að leggja úrskurð á málið, sjer hann um prentun á matsgjörðinni á kostnað landsjóðsins, og gildir hún þá sem breyting á jarðabókinni 1861, þangað til gagngjörð endurskoðun á jarðabókinni og þessari breytingu nær lagagildi.

7. gr. Fyrir þá daga, sem ganga til matsgjörða þeirra, sem áður er getið, skal veita sýslumanni og hverjum matsmanni í fæðispeninga og ferðakostnað 2 kr. daglega, er greiðist úr landsjóði fyrir þær jarðir, sem landsjóður á, en fyrir einstakra manna jarðir borgi eigendurnir sjálfir.

Nd. **385. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar.

Nefndin vill ráða þingmönnum í neðri deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögu.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „Amtsráðinu í vesturamtinu veitist, ef það beiðist þess“ komi: „Ef amtsráðið í vesturamtinu beiðist þess og tveir þriðju allra amtsráðsmanna eru því samþykkir, veitist amtsráðinu“.

Alþingi 12. ágúst 1891.

Jens Pálsson form. og framsögum. Páll Ólafsson skrifari. Páll Briem. Sigurður Jensson. Skúli Thoroddsen.

Ed.

386. Frumvarp

til laga um breyting á 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar og 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn; sitji 8 af þeim í efri, en 28 í neðri deild.

2. gr. Auk kjördæma þeirra, sem ákveðin eru í 18. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis, skulu kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður vera sjerstök kjördæmi.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna skal skipt niður á þann hátt, að 3 alþingismenn skulu kosnir í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hvorri um sig, 2 alþingismenn í sjerhverju eptirfylgjandi kjördæmi: í Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, og Reykjavíkurkaupstað, en í hverju hinna kjördæmanna, sem eru: hin 2 kjördæmi í Skaptafellssýslum, Vestmannaeyjasýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Akureyrarkaupstaður og Ísafjarðarkaupstaður, skal kjósa einn alþingismann.

3. gr. Ákvæði 14. og 15. gr. stjórnarskrárinnar, að því er snertir tölu þingmanna, og seinni málsgrein 18. gr. laga 14. sept. 1877, eru hjer með úr gildi felld.

Ed.

387. Frumvarp

til laga um stofnun ullarverksmiðju. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Til þess að koma á fót ullarverksmiðju á Íslandi, má veita lán úr landsjóði allt að 120,000 kr., 12000 kr. á ári í 10 ár.

2. gr. Lánið veitist vaxtalaust fyrstu 10 árin, en síðan endurborgist það með 6% á ári í 28 ár.

3. gr. Ullarverksmiðjan með byggingum, vjelum, verkefnum, vörubyrgðum og öllu tilheyrandi skal standa að veði fyrir láninu, enda sje þetta eptir löglegri virðingu metið að minnsta kosti 160,000 kr. og vátryggt fyrir sömu upphæð.

4. gr. Landstjórnin greiðir lánið, þegar er full trygging er fengin fyrir, að fyrirtækið komist á fót, og annast hún samninga og annað þess kyns, er af lögum þessum leiðir.

5. gr. Aðnjótandi láns þess, er ræðir um í lögum þessum, skal vera búsettur á Íslandi.

Nd.

388. Frumvarp

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti fyrir neðan Goðafoss og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað skulu eptirleiðis vera eign landsjóðs, og skulu þær afhentar eptir úttektargjörð 2 dómkvaddra manna, sem amtmaðurinn í Norðuramtinu tekur gilda fyrir hönd landstjórnarinnar.

2. gr. Árlegt viðhald, er eigi getur talizt aðalaðgjörð á brúm þessum, skal hvíla á sýsluvegasjóði Suður-Þingeyjarsýslu, og skulu 2 menn dómkvaddir

álíta ásigkomulag brúnna innan loka júlímánaðar ár hvert, og rita nákvæma skýrslu um það, sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu skal senda amtmanninum í Norðuramtinu áleiðis til landshöfðingja.

3. gr. Endurborgun sú af láni úr landsjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður-og Norður-Þingeyjarsýslu, fellur niður um helming frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd. **389. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um póstgöngur. Frá nefndinni.

1. Við C. Á eptir: „póstflutningurinn" bætist inn í: „á norðurleiðinni".
2. — G. Á eptir: „Í Norður-Múlasýslu" bætist inn í nýr töluliður: „22. á Hákonarstöðum (í stað brjefhirðingarinnar á Skjöldólfsstöðum, er leggist niður)".
3. — — 24. Aptan við töluliðinn bætist: „(í stað brjefhirðingarinnar á Hjaltastað, er leggist niður)".

Nd. **390. Frumvarp**

til laga um stofnun brunabótafjelags. (Eptir 2. umr. í Nd.).

I. Kafli.

Stofnun fjelagsins.

1. gr. Brunabótafjelag skal stofna hjer á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði skal öllum húseignum, — íbúðarhúsum, samkomuhúsum, geymsluhúsum, bæjum o. s. frv. — hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. gr. Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn fjelagsins samþykkir það.

4. gr. Áður en fjelagið kemst á fót, skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

5. gr. Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður eða bæjarfógeti útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður.

Fyrir virðingagjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað samkvæmt niðurjöfnun sýslumanns eða bæjarfógeta eptir virðingarverði húseignanna.

6. gr. Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti, og fá þeir sömu borgun fyrir starf sitt eins og segir í 5. gr., og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

7. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt.

8. gr. Stjórn fjelagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6. hvert ár á kostnað eigendanna á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefur stjórn fjelagsins heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af fjelagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í fjelaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

9. gr. Á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., hvílir brunabótagjaldið á húseign þeirri, sem vátryggð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landsjóðs. Brunabótagjaldið sem og borgun fyrir virðingu má taka lögtaki eptir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

10. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar að nýju, skal á þær leggja eldtraust þak.

11. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, sem fjelagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Fulltrúar, stjórn fjelagsins, reglugjörð o. fl.

12. gr. Landshöfðingi sjer um, að fulltrúar fjelagsins sjeu kosnir í fyrsta sinni þannig, að

Reykjavík	kýs 5	fulltrúa,
Vestmanneyjar, Eyrarbakki og Keflavík	— 1	—
Hafnarfjörður, Akranes og Stykkishólmur	— 1	—
Ísafjarðarkaupstaður	— 1	—
Sauðárkrókur, Akureyri og Vopnafjörður	— 1	—
Seyðisfjörður og Eskifjörður	— 1	—

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar; kýs hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður eins marga fulltrúa eins og bæjar- eða sveitarfjelag hans á hlut í að kjósa. Skýrslu um kosninguna skal senda landshöfðingja, telur hann saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna; þeir eru rjettkosnir fulltrúar er flest fá atkvæði. Fái tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn.

Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík og greiðist þeim úr landsjóði ferðakostnaður eptir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi leggur úrskurð á reikninga þeirra og ávísar þeim.

13. gr. Fulltrúafundurinn ákveður, hve marga fulltrúa skuli velja fram-

vegis, og hverjir kaupstaðir eða verzlunarstaðir velji einir sjer, eða í sameiningu, og fyrir hve langan tíma þeir eru valdir, svo og hve nær fulltrúar skuli koma saman næst; þó má ekki líða skemmri tími en 5 ár milli fulltrúafunda, nema brýna nauðsyn beri til, og landshöfðingi veiti samþykki sitt til þess. Fulltrúarnir geta einnig falið stjórn fjelagsins, að ákveða næsta fulltrúafund.

14. gr. Fulltrúarnir semja reglugjörð fyrir brunabótafjelagið og skal þar ákveðið um stjórn fjelagsins og reikningsfærslu þess; hvar fjelagið skuli lögheimili hafa; hverskonar húseignir fjelagið eigi vill tryggja og hverja muni, sem húsum fylgja, fjelagið tryggir; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða og hve opt skuli virða tryggðar húseignir upp aptur; hve langt bil skuli vera milli húsa eða auðar spildur; hvernig skaða af eldsvoða skuli meta og hvernig hann skuli verða endurgoldinn af sjóði fjelagsins; hverja borgun fjelagið má taka fyrir útgáfu tryggingarskírteina, vottorða o. s. frv.; hvort og hvernig fjelagið tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig sjóði fjelagsins skuli varið og hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar fjelagsins; hvernig skera skuli úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og fjelagsstjórnarinnar svo að komist verði hjá málaferlum; hvernig stjórn fjelagsins skuli skipuð og hvert starfsvið hennar er o. s. frv. Ennfremur skal ákveða hve mikið brunabótagjald skuli greiða af hverskonar húseign á hverjum stað, en eigi má það minna vera en $3^{0}/_{00}$ í Reykjavík, $4^{0}/_{00}$ á hinum öðrum stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., og $5^{0}/_{00}$ annarstaðar á landinu.

Reglugjörð þessi skal lögð undir samþykki landshöfðingja og verður henni ekki breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum af stjórnendum brunabótafjelagsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í staðinn. Hann skal þó með næstu póstferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafjelagsins frávikninguna, og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefur skipað í stað þess, sem vikið var frá. Hafi fulltrúarnir kosið varamann til að ganga í stjórnina, má ekki ganga ástæðulaust fram hjá honum.

16. gr. Stjórn fjelagsins er ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um fjelagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag fjelagsins.

17. gr. Landshöfðingi skipar endurskoðara, er rannsakar reikning fjelagsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur fjelagsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje fjelagsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Hann skal sjá um, að munir fjelagsins sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanleg vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarstaðar kunna að vera, en á heimili fjelagsins. Laun endurskoðarans skulu ákveðin í reglugjörð fjelagsins, og borgar fjelagið þau úr sínum sjóði. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning fjelagsins.

18. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta í því blaði, sem stjórnarauglýsingar eru birtar í. Þar að auki skal fjelagsstjórnin gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag fjelagsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

19. gr. Þegar ábyrgð landsjóðsins er burtu fallin, falla öll afskipti landshöfðingja af fjelaginu burtu.

III. Kafli.
Skyldur fjelagsins.

20. gr. Engin húseign á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

21. gr. Allar húseignir, sem eru í brunabótaábyrgð fjelagsins, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóði þess, sem þær verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni[er virt til brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slík hús alveg, skal fjelagið borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Fjelagið ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið brunabæturnar, svo framarlega sem aðrar eigur húseiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

22. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum.

23. gr. Fjelagsstjórninni er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingu um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

24. gr. Reynist það, þegar hagur fjelagsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóður þess hafi aukizt meira en fulltrúum fjelagsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar fyrir fjelagið, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda.

IV. Kafli.
Ábyrgð landsjóðs.

25. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum með 300,000 krónum, á þann hátt, sem ákveðinn er í næstu greinum hjer á eptir.

26. gr. Ábyrgð landsjóðs fer minnkandi þannig, að fyrstu 50000 kr. af henni falla burt 31. desbr. 1910, hinar næstu 50000 kr. 31. desbr. 1920 o. s. frv., svo að öll ábyrgðin sje fallin burtu 31. desbr. 1960; þó fellur öll ábyrgð landsjóðs burtu, hvenær sem sjóður fjelagsins er orðinn ½ millión króna.

Ef fjelagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, þá greiðir landsjóður það, sem á vantar; þó greiðir hann aldrei meira, en sem þeirri upphæð svarar, sem þá er eptir af ábyrgðinni óburtfallin. Fje þetta endurborgar fjelagið landsjóði sem rentulaust lán með því, sem það hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

27. gr. Þegar fjelagið er komið á fót, er úr lögum numið opið brjef 29. maí 1839, 3. gr. B. og tilsk. 14. febr. 1874.

28. gr. Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmdar og fjelagið verði komið á fót eigi síðar en 6 mánuðum eptir að reglugjörð þess er staðfest.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1892.

Ed. **391. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur í árslaun 5000 kr. Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi.

Bókarinn hefur 2000 kr. í árslaun.

Fjehirðir hefur 2000 kr. í árslaun.

Enn fremur hefur fjehirðir $^1/_5$ $^0/_{00}$ af innborgunum og útborgunum samkvæmt reikningi bankans fyrir hvern ársfjórðung.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi að því er framkvæmdarstjórann snertir, þá er hann fullnægir skilyrðum þeim, er honum eru sett í 1. gr.

Nd. **392. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum nema 3 mánuði af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa allt að $3^1/_2$ mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

Á þessum veiðitíma skal þó ekki lax veiddur 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er sett út.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

Eigi maður einn veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum eða öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða

ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiði-eigenda í á, sem lax gengur í, veiða eða leigja í fjelagi, til þess að koma á meiri friðun en lög þessi ákveða, en fá því ekki framgengt, og skulu þá þeir, sem friðuninn vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur um veiðiaðferð og skiptingu afla, og sje áin leigð, þá einnig um skiptingu leigunnar, og skulu allir hlutaðeigendur hlíta því.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt um í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **393. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Í stað þeirra eptirlauna, sem ákveðin eru í fyrstu málsgrein 3. gr. í

tilsk. 31. maí 1855, skal ákveða eptirlaun embættismanna þeirra, er þar ræðir um eptir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hlutaðeigandi embættismaður hefur haft 5 síðustu árin, áður en hann fjekk lausn frá embætti, eða í öll þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framarlega sem þau ekki hafa verið fimm ár, þannig að

0— 5 fullra ára þjónusta veita $\frac{1}{7}$ af launaupphæðinni að meðaltali í eptirlaun
yfir 5—10 — — —— — $\frac{1}{6}$ — —— — —— · —
— 10—15 — — —— — $\frac{1}{5}$ — —— — —— · —
— 15—20 — — —— — $\frac{1}{4}$ — —— — —— · —
— 20—25 — — —— — $\frac{1}{3}$ — —— — —— · —

en sá embættismaður, er þjónað hefur embætti lengur en 25 ár, njóti hálfra embættislauna í eptirlaun.

2. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Nd. **394. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa. Frá Lárusi Halldórssyni, Jens Pálssyni, Páli Ólafssyni, Árna Jónssyni, Sv. Eiríkssyni og Sigurði Jenssyni.

1. Við 1. a. Á eptir „Seyðisfirði“, komi: „og Eskifirði“.
2. Við 1. c. Í stað orðanna: „til Seyðisfjarðar . . . á Borðeyri“ komi: sunnan um land til Berufjarðar í júnímánuði, komi skipið við í Keflavík; á leiðinni frá Berufirði norður um land í sömu ferðinni á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík og Ólafsvík; og á leiðinni frá Reykjavík: á Ólafsvík, Borðeyri og Húsavík.
3. Við 1. h. Á eptir „Fáskrúðsfirði“ komi: „og Keflavík“.
4. Á eptir 1. a. komi:
   b. að póstskip fari 3 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 3 ferðir norðan um land frá Reykjavík um sama leyti sem 1. 3. og 5. strandferð yfirstandandi ár, og með sömu viðkomustöðum að þessum viðbættum: í 1. ferðinni fram og aptur: Húsavík; í 2. ferðinni: Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík, Borðeyri og Ólafsvík, og í 3. ferðinni: Flatey, Borðeyri, Sauðárkrók og Hofsós.
   c. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, sem næst samkvæmt meðfylgjandi áætlun, þingskjali 395.
   d. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur austur og norður um land milli Reykjavíkur og Borðeyrar og 1 aukaferð frá Reykjavík til Austfjarða fyrstu daga júnímánaðar, sem næst samkvæmt meðfylgjandi áætlun, þingskjali 396.

Til ferðanna í staflið b. og 1., 3. og 5. ferðar í stafl. c. má brúka 9000 kr., en afganginn eða allt að 12,000 kr. til ferðanna á staflið d. og 4. og 6. ferðar á staflið c.

En fáist engir til að taka að sjer þannig lagaðar strandferðir, þá til vara:

Nd. 395. Áætlun um strandferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

I.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Reykjavík	12. marz	2. maí	13. júní	31. júlí	27. ág.	4. nóv.
— Ólafsvík		2. —	13. —	31. —	27. —	5. —
— Stykkishólmi	12. —	2. —	13. —	31. —	27. —	6. —
— Flatey	12. —	3. —	14. —	1. ág.	28. —	6. —
— Patreksfirði		3. —	14. —	1. —	28. —	7. —
— Arnarfirði		4. —	15. —	2. —	29. —	7. —
— Dýrafirði		4. —	15. —	2. —	29. —	8. —
— Önundarfirði		5. —	16. —	3. —	30. —	8. —
Á Ísafirði	15. —	5. —	16. —	3. —	30. —	9. —

II.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Ísafirði	17. marz	7. maí	19. júní	5. ág.	1. sept.	10. nóv.
— Önundarfirði		7. —	19. —	5. —	1. —	10. —
— Dýrafirði		8. —	20. —	6. —	2. —	11. —
— Arnarfirði		8. —	20. —	6. —	2. —	11. —
— Patreksfirði		9. —	21. —	7. —	3. —	12. —
— Flatey	19. —	9. —	21. —	7. —	3. —	12. —
— Stykkishólmi	19. —	10. —	22. —	8. —	4. —	13. —
— Ólafsvík		10. —	22. —	8. —	4. —	13. —
Í Reykjavík	20. —	11. —	23. —	9. —	5. —	14. —

Nd. 396. Áætlun um strandferðir frá Reykjavík austur

I.	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Frá Reykjavík . . .	10. maí	1. júní	10. júní	2. júlí	10. ág.	28. ág.	3. okt.
— Hafnarfirði . . .	10. —	1. —		2. —		28. —	
— Keflavík	10. —	1. —	10. —	2. —		28. —	
— Eyrarbakka . . .	11. —			3. —		29. —	
— Vestmannaeyjum .	11. —			3. —		30. —	
— Hornafirði . . .			11. —	4. —		30. —	
— Berufirði	13. —		11. —	4. —		31. —	5. —
— Breiðdalsvík . . .			12. —	5. —		31. —	
— Fáskrúðsfirði . .	13. —	3. —	12. —	5. —		1. sept.	5. —
— Reyðarfirði . . .	14. —	3. —	12. —	6. —		1. —	5. —
— Eskifirði	14. —	3. —	13. —	6. —	12. —	2. —	6. —
— Norðfirði		3. —	13. —	6. —		2. —	6. —
— Mjóafirði	14. —	4. —	13. —	7. —		3. —	6. —
— Seyðisfirði . . .	15. —	4. —	14. —	7. —	12. —	4. —	7. —
— Borgarfirði . . .			14. —			4. —	7. —
— Vopnafirði . . .	15. —	4. —	14. —	8. —	13. —	5. —	8. —
— Bakkafirði . . .	15. —		15. —			5. —	
— Þórshöfn			15. —	8. —		6. —	
— Raufarhöfn . . .	16. —			9. —		6. —	8. —
— Kópaskeri . . .			16. —	9. —		7. —	
— Húsavík	16. —		16. —	10. —	13. —	8. —	9. —
— Flatey				10. —		8. —	
— Eyjafirði	17. —		17. —	11. —	14. —	9. —	10. —
— Siglufirði	17. —		17. —	11. —		10. —	10. —
— Hofsós	17. —		17. —	11. —		10. —	
— Sauðarkrók . . .	18. —		18. —	12. —	14. —	11. —	11. —
— Skagaströnd . . .	18. —		18. —	12. —	15. —	11. —	11. —
Á Borðeyri	18. —		18. —	13. —	15. —	12. —	12. —

og norður fyrir land að Borðeyri.

II.	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Frá Borðeyri. . . .	21. maí		21. júní	16. júlí	16. ág.	15. sept.	14. okt.
— Skagaströnd . .	21. —		21. —	16. —	16. —	15. —	14. —
— Sauðárkrók . .	22. —		22. —	17. —	17. —	16. —	15. —
— Hofsós	22. —		22. —	17. —		16. —	15. —
— Siglufirði . . .	22. —		22. —	17. —		17. —	16. —
— Eyjafirði	23. —		23. —	18. —	18. —	18. —	17. —
— Flatey	23. —					18. —	17. —
— Húsavík	23. —		23. —	18. —	18. —	19. —	18. —
— Kópaskeri . . .			23. —	18. —		19. —	
— Raufarhöfn . . .	24. —		24. —	19. —		20. —	18. —
— Þórshöfn			24. —	20. —		20. —	19. —
— Bakkafirði . . .	24. —			20. —		20. —	19. —
— Vopnafirði . . .	25. —	5. júní	24. —	21. —	19. —	21. —	20. —
— Borgarfirði . . .				21. —		21. —	20. —
— Seyðisfirði . . .	25. —	5. —	25. —	22. —	19. —	22. —	21. —
— Mjóafirði . . .	25. —		25. —	22. —		22. —	22. —
— Norðfirði				22. —		22. —	22. —
— Eskifirði	26. —	5. —	25. —	23. —	20. —	23. —	23. —
— Reyðarfirði . . .	26. —		26. —	23. —		23. —	23. —
— Fáskrúðsfirði . .	26. —		26. —	23. —		24. —	24. —
— Breiðdalsvík . .				24. —		24. —	24. —
— Berufirði	26. —		26. —	24. —		25. —	25. —
— Hornafirði . . .			26. —	24. —		26. —	25. —
— Vestmannaeyjum	27. —		27. —	26. —			
— Eyrarbakka . .	27. —			26. —			
— Keflavík			28. —	27. —		28. —	27. —
— Hafnarfirði . . .				27. —		28. —	27. —
Í Reykjavík . . .	28. —	7. —	28. —	27. —	22. —	29. —	28. —

Nd. **397. Álit**

frá einum úr nefnd þeirri, sem kosin var af hinni háttvirtu neðri deild til að íhuga frumvarp um meðferð á markaðarhrossum og frumvarp um meðferð á hrossum og sauðfje, sem selt er til útflutnings.

Þar eð nefndin hefur ekki getað orðið á eitt sátt um aðalefni þessara frumvarpa, skal jeg hjer með gjöra grein fyrir áliti mínu um bæði þessi frumvörp.

Flutningsmaður frumvarpsins um meðferð á hrossum og sauðfje hefur haldið fast fram sínu frumvarpi, þó að undantekinni 1. gr., en hún innibindur í sjer, að mínu áliti, það atriði, sem hefur mjög mikla þýðingu fyrir betri og mannúðlegri meðferð en nú á sjer stað á markaðarhrossum, þá verður þegar af þessari ástæðu frumvarp hans mjer að öllu óaðgengilegt. En þegar um það er að ræða, að setja nákvæm ákvæði um meðferð á sauðfje, sem keypt er til útflutnings úr landinu, þá skal jeg að vísu játa, að það, undir ýmsum kringumstæðum, mundi vera þarft, en á hinn bóginn virðist mjer mörg vandkvæði á þessu. Því þess ber vel að gæta, að ekki má leggja nein of ströng eptirlitsbönd á þessi viðskipti eða kaupendur fjárins, og jeg fyrir mitt leyti er ekki við búinn, að koma fram með ákveðnar tillögur í þessu efni, sem ekki væri of dýrar eða of margbrotnar, en þó framkvæmanlegar og gagnlegar. Það leiðir af hjergreindum ástæðum, að jeg ræð hinni háttvirtu deild til að fella frumvarp um meðferð á hrossum og sauðfje, sem selt er til útflutnings.

Jeg verð enn að halda því fast fram, að ef nokkuð skal gera til þess að vernda hrossin fyrir illri meðferð áður en þau eru á skip flutt, þá sje það eitt af því þýðingarmesta, að þau sjeu járnuð. Því auk þess að margt af þeim er rekið langar leiðir yfir grýtta vegi og vegleysur, þá eru þau alloptast pössuð hjer lengur eða skemur áður en þau eru á skip flutt, og allan þann tíma eru þau meir eða minna á sífelldum rekstri meðan á vöktunum stendur. Það virðist alls ekki tilfinnanlegt fyrir seljandann, þegar hann veit það fyrir fram, að það er skylda hans að járna hross þau, sem hann selur til útflutnings.

Ef að hrossakaupmenn tækju það nú fyrir, að auglýsa um leið og þeir boðuðu markaði, að ekki yrði neitt hross keypt nema það væri járnað, mundu kaupin ganga jafngreitt eptir sem áður; en þess má ekki vænta, að þeir gjöri það, sízt með nokkrum samtökum. Sýnist því liggja næst, að löggjafarvaldið taki þessa málleysingja undir sína vernd.

Jeg leyfi mjer því að ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið um meðferð á markaðarhrossum, þó með þeirri breytingu, að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Hvar sem markaðir eru haldnir eða hross eru seld og keypt til útflutnings úr landinu, skal þess vandlega gætt, að þau öll sjeu járnuð, ef að kaupin gerast í svo mikilli fjarlægð frá kaupstöðum og verzlunarstöðum, að nemi fullri dagleið með klyfjahesta“.

Alþingi 14. ágúst 1891.

Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **398. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breytingu á 37. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Vjer undirritaðir, sem hin háttv. neðri deild kaus til þess að íhuga frumvarp þetta, álítum margt mæla með því, að þingfararkaup sje fastákveðið.

Fyrst og fremst er það gott fyrir þingmanninn sjálfan, því að þá veit hann að hverju hann hefur að ganga, og getur því hagað ferð sinni eptir því sem honum er hentast og hann sjer, hvað miklu hann má kosta til.

Í öðru lagi væri þá tekið fyrir það, sem ástundum hefur orðið til ásteytingar fyrir almenning, að all mismunandi ferðareikningar komi frá þeim þingmönnum, sem búsettir eru í sama hjeraði.

Hinsvegar dylst oss það eigi, að þegar kveða skal á um fast þingfararkaup, sem gildi jafnt hvernig sem á stendur, þá er á margt að líta, og að það dugir ekki að miða eingöngu við þá ferð, sem gangi bæði fljótt og vel og slysalaust. Það verður einnig að gjöra ráð fyrir erfiðum ferðum, töfum og tálmunum. Það getur hæglega komið fyrir, eptir árferði og ýmsum öðrum atvikum, að sama þingmanninum verði þingferðin mörgum tugum króna kostnaðarmeiri annað árið en hitt.

Vjer sjáum því eigi betur, en að það verði að ætla nokkuð fyrir þessum óvissu atvikum og útgjöldum, og að það verði því rjettara að láta þingfararkaupið úr hinum einstöku kjördæmum hlaupa á nokkuð háum tölum, heldur en 10—20 kr., þótt það geti komið dálítið misjafnt niður eptir ýmsum atvikum, sem ekki er hægt að reikna út fyrir fram.

Af þessum ástæðum sjáum vjer ekki heldur, að með því að slá þingfararkaupinu föstu, þá verði hægt að spara mikið fje í staðinn fyrir að fylgja þeim ákvæðum, sem nú gilda um ferðareikninga, og sízt þegar vel gefur fyrir þingmenn að geta notað sjóferðir.

Þingfararkaup það, sem ákveðið er í frumvarpinu, ætlum vjer að yfir höfuð sje allt of lágt. Að vísu erum vjer því miður eigi svo kunnugir um land allt, að vjer getum búizt við að hitta hið allra rjettasta hlutfall á milli hinna einstöku kjördæma eður að finna þá grundvallarreglu, sem öllum líki.

En þó viljum vjer leyfa oss að leggja það til, að eptirfylgjandi breytingar sjeu gjörðar á frumvarpinu:

1.	Við 2. gr.	1.	Fyrir:	„450,00“	komi:	„600	kr.“
2.	— — —	2.	—	„450,00“	—	„600	—“
3.	— — —	3.	—	„450,00“	—	„500	—“
4.	— — —	4.	—	„280,00“	—	„300	—“
5.	— — —	5.	—	„130,00“	—	“150	—“
6.	— — —	6.	—	„170,00“	—	„200	—“
7.	— — —	9.	—	„80,00“	—	„100	—“
8.	— — —	10.	—	“100,00“	—	„150	—“
9.	— — —	11.	—	„140,00“	—	“200	—“
10.	— — —	12.	—	„170,00“	—	„200	—“
11.	— — —	13.	—	„250,00“	—	„300	—“
12.	— — —	14.	—	„220,00“	—	„300	—“

13.	—	—	—15.	—	„200,00“	— „250 —“
14.	—	—	—16.	—	„200,00“	— „250 —“
15.	—	—	—17.	—	„270,00“	— „300 —“
16.	—	—	—18.	—	„330,00“	— „400 —“
17.	—	—	—19.	—	„380,00“	— „450 —“
18.	—	—	—20.	—	„450,00“	— „500 —“

Neðri deild alþingis, 14. ágúst 1891.

Jón Þórarinsson formaður. Árni Jónsson skrifari og framsögumaður. Þ. Guðmundsson.

Ed. **399. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. Frá F. S. Stefánssyni, J. Havsteen, Sighv. Árnasyni.

Í stað: „2000“ komi: „2400“.

Í stað: „2000“ komi: „2400“.

Nd. **400. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um landsbankann. Frá Indriða Einarssyni.

Við 4. lið: Í stað „6 stundir“ komi: „4. stundir“.

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám op. br. 26. septbr. 1860. Frá Indriða Einarssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

Þó skal og bannað að selja áfenga drykki hvort heldur er á veitingastöðum, eða í verzlunarbúðum frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum.

Ed. **402. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að meta nokkrar jarðir í Vestur-Skaptafellssýslu. Frá Jóni A. Hjaltalín.

Síðari liður 2. gr. orðist þannig: Matið skal gjöra eptir þeirri reglu, að jörðin sje metin jafn mörg hndr. að dýrleika og hún álítzt að geta framfleytt lausafjárhundruðum.

Nd. **403. Frumvarp**

til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ef amtsráðið í vesturamtinu beiðist þess og tveir þriðju allra amtsráðsmanna eru því samþykkir, veitist amtsráðinu allt að 5000 króna lán úr viðlagasjóði til eflingar æðarvarpsræktar—einkum til að eyða vargi,

er æðarfugli grandar og varpi spillir — á Breiðafirði og í Strandasýslu. Amtsráðið tekur lánið, og setur reglur um, hvernig því skuli varið. Lánið ávaxtast og endurgelzt á 28 árum með 6 af hundraði ár hvert.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar á Breiðafirði og í Strandasýslu, og fer um niðurjöfnunina og endurborgunina samkvæmt fyrirmælum 2., 3. og 4. gr. laga 8. janúar 1886 um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, og standi hlutaðeigandi sýslumenn amtsráðinu skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið lúki því tafarlaust í landsjóð.

Ed. **404. Tillaga**

til þingsályktunar um kennaramenntun. (Eptir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að kennsla í uppeldisfræði með verklegum æfingum fari fram á næsta fjárhagstímabili við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg, og semur landshöfðingi reglugjörð fyrir kennsluna.

Ed. **405. Frumvarp**

til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Konum er heimilt með sömu skilmálum og körlum að njóta kennslu og ganga undir burtfararpróf á gagnfræðaskólum landsins og hinum lærða skóla Reykjavík.

2. gr. Konur eiga enn fremur rjett á að njóta kennslu á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík, og öðrum menntunarstofnunum, er stofnaðar kunna að verða, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er um karlmenn eru sett í því efni. Rjett er þeim og að ganga undir burtfararpróf við skóla þessa með sömu skilyrðum og karlmenn.

3. gr. Konur hafa allan sama rjett sem karlmenn til að njóta góðs af styrktarfje því, sem lagt er menntunarstofnunum þeim, er getur um í lögum þessum, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið.

4. gr. Með því að ganga undir próf þau, er getur um í lögum þessum, öðlast konur aðgang að embættum landsins með sömu skilyrðum sem karlmenn.

5. gr. Með lögum þessum er tilskipun nr. 27, 4. desbr. 1886, úr gildi felld, sem og aðrar ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **406. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. **407. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (Eptir 2. umr. í Nd.)

1. gr. Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess ollandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur en ákveðið er í 1. gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landsjóðs.

Þegar sakamál er höfðað hefur sakborningur rjett til að koma fram með skaðabótakröfu sína, og fá gjört út um hana um leið og málið er dæmt.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð. Nú hefur maður eigi krafizt skaðabóta, svo sem áður er sagt, og á hann þá kost á að leggja sakaðabótakröfu sína undir úrskurð amtmanns. Vilji sakborningur eigi hlíta þeim úrskurði, er honum frjálst að koma fram skaðabótakröfu sinni með einkamálslögsókn gegn hinu opinbera að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og ber þá sækjanda að höfða málið við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

4. gr. Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, skal höfða áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi, að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landsjóði, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveð-

ið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er í hlut á, fer kraían til skaðabóta fyrir fjártjón til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landsjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Ákvæði þessara laga um rjett til skaðabóta skulu einnig ná til þeirra manna, sem að ósekju hafa sætt sakamálsrannsókn, ákæru eða dómi, þótt þeir hafi eigi verið settir í gæzluvarðhald, eða tekið út hegningu.

10. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið, áður en þau öðlast gildi.

Nd. **408. Nefndarálit**

í málinu um sjereign og myndugleika giptra kvenna.

Vjer sem hin heiðraða deild kaus í nefnd þessa, höfum íhugað málið vandlega á fundum og komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarp það, sem oss var fengið í hendur, þurfi umbóta við, enda þótt það yfir höfuð að tala gangi í rjetta stefnu. Vjer leyfum oss því að koma með nýtt frumvarp, sem er prentað hjer á eptir og fer í hina sömu stefnu, en er fyllra að efni og orðfæri. En hið upphaflega frumvarp taka flutningsmenn aptur.

Alþingi 14. ágúst 1891.

Skúli Thoroddsen form. og framsögum. Ólafur Ólafsson Jón Jónsson þm. N.-Þ. skrifari. Sigurður Stefánsson.

Jens Pálsson.

Frumvarp

til laga um fjárráð gip tra kvenna og fleira.

1. gr. Rjett er að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna: skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gjörður í tveggja votta viðurvist; og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samninga til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gjöra hjónaefni hjúskaparmála; skal hann áður brullaup fer fram þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum. Nú hljóðar hjú-

skaparmáli um fasteignir og skal hann, áður brullaup fer fram, fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn eða fyrirfram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvor ábyrgð skuli bera skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli þótt þinglesinn sje í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjör, nema að sannað verði að þeim, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir að það skuli sjereign vera, er öðruhvoru hjóna hlotnast við arf eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu nema öðru vísi sje umsamið í hjúskaparmála. Eigi má hann þó selja, veðbinda nje leigja þær fasteignir, sem konan flutti í búið, nema samþykki hennar komi til.

Nú hefur bóndi gjört slíkan samning að konunni fornspurðri, og er henni þá rjett að ripta gjörningnum, en málsókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi eða frá því að hún fjekk vitneskju um gjörninginn.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu; en heimilt er hvoru hjóna eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu og hefur hún þá ein rjett til að ráða yfir hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað án þess að samþykki konunnar hafi komið til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimt að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, og skal gjörningur sá þinglesinn á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna er vill, nema sannað verði að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur. Þó er gjöf ógild nema sannað verði að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin. Þessi ákvæði ná þó ekki til smágjafa þeirra, sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætluð er því hjóna, er gjöf þáði, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjermeð úr lögum numin.

Ed.

409. Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893.

Nefnd sú, er h. efri deild sett hefur í þetta mál, leyfir sjer að láta uppi álit sitt um það á þessa leið.

Nefndin hefur sett sjer, að breyta engum þeim upphæðum, sem eptir eðli sínu eru áætlaðar og sem annars eru lögboðnar upphæðir að meiru eður minna leyti. Enn fremur hefur nefndin sett sjer, að víkja sem minnst frá tillögum h. neðri deildar, til þess að samkomulagið verði sem bezt milli deildanna. Sumar breytingar þær, er nefndin ræður til, eru sprottnar af nýjum skýrslum og bónarbrjefum, er nefndinni hafa borizt, aðrar eru tillögur þær, er nefnd neðri deildar hefur upphaflega tekið til greina, en sem fallið hafa í neðri deild með mjög litlum atkvæðamun. Eingöngu fáeinar breytingar hefur nefndin sjálf komið með, mestmegnis til að spara fje, svo eigi verði sjóðþurrð á komanda fjárhagstímabili við aukafjárveitingar, er æfinlega verða nauðsynlegar. Ástæður nefndarinnar fyrir markverðari breytingum hennar eru í stuttu máli þessar.

1. Við 10. gr. C. 4. b. og c. Nefndin fær eigi sjeð, að það gagn sje að fjenaðarsýningum, að rjett sje að styrkja þær með landsfje. Það væri og óviðkunnanlegt, að styrkja slíkar sýningar, en eigi iðnaðarsýning fyrir land allt, sem neitað hefur verið um alla fjárveiting. Styrkinn til búnaðarfjelaga vill og nefndin færa ofan í 12000 kr. hvort árið.
2. Við 10. gr. C. 4. h. Þennan staflið vill nefndin orða öðruvísi og binda styrkinn úr landsjóði sömu skilyrðum, sem samskonar styrkveitingar eru bundnar, svo sem styrkur til gufubáta á ýmsum stöðum.
3. Við 12. gr. B. Með því að landshöfðingi hefur lýst yfir því, að hann þarfnaðist eigi að fá vegfróðan mann nema síðara ár fjárhagstímabilsins, ræður nefndin til, að þær veittu 3000 kr. sje eingöngu fyrir síðara árið. Nefndin hefur og leyft sjer að stinga upp á fjárstyrk úr landsjóði til að koma svifferjum á Hjeraðsvötnin. Á þessum ferjum er hin fyllsta þörf, Hjeraðsvötnin geta naumast talizt með ám þeim, er brúandi sjeu, en Skagfirðingar hafa varið af sínu fje um eða yfir 10,000 kr. til að brúa 5 ár þar í sýslu, og eru því hinir maklegustu þessa litla styrks úr landsjóði.
4. Við 12. gr. C. a. Nefndin ræður fastlega til, að skipta þessum staflið í tvennt, þannig, að hin stærri fjárveitingin verði bundin við svo hentugar og nægar strandferðir, er landstjórnin getur framast fengið framgengt, en hin minni fjárveitingin verður greidd því að eins, að strandferðunum verði í einu sem öllu hagað alveg eptir ályktun alþingis. Nefndin vildi eigi eiga það á hættu, að binda svo rígfast allan styrkinn, enda mundi þá og vansjeð, hvernig þingsályktun sú um strandferðirnar mundi hljóða, er báðar deildir alþingis samþykktu, ef tjeð athugasemd væri látin ná til allrar upphæðarinnar óskiptrar.
5. Við sömu grein C. b.—f. Nefndinni þykir eigi henta, að veita svo mikinn styrk úr landsjóði til þeirra fyrirtækja, sem eru hjeraðamál að miklu eður mestu leyti. Að veita meira en $^3/_4$ úr landsjóði, hlyti að koma í bága eður mótsögn við aðrar fjárveitingar, sem standa landsjóði miklu

nær að annast, svo sem til brúarinnar á Ölfusá o. fl. Nefndin fær eigi sjeð, að á muni geta komizt þetta tímabil gufubátur á Breiðafirði, þykir henni og vansjeð, að báturinn geti komið þar að tilætluðum notum. Fyrir því fannst nefndinni eigi rjett, að láta bátinn standa svona bara á pappírnum. Nefndin getur eigi fallizt á það ákvæði, að meiri hluti sýslufjelaga og bæjarfjelaga geti neytt sýslufjelög í minni hlutanum til að leggja tiltölulegan fjárskerf fram, því að vel getur verið, að minni hlutinn sjái sjer eigi svo mikið gagn að bátnum, að hann vilji vinna til að taka þátt í kostnaðinum.

6. Við 13. gr. A. Nefndinni hafa borizt bænarskrár frá skáldum vorum, Steingrími Thorsteinson og Benidikt Gröndal, er biðja um jafnmikil skáldalaun sem skáldinu Matthíasi Jochumssyni eru ánöfnuð (13 gr. C. 18.) Af þessum ástæðum og öðrum fleirum áleit nefndin rjettast að láta skáldalaunin niður falla, en í þess stað bæta upp Akureyrarbrauðið, sem nú mun eigi gefa presti í tekjur meira en 15—1600 kr., til bráðabyrgðar á fjárlögum með 600 kr. hvort árið; en aptur skyldi Hrafnagil, sem nú er kirkjujörð Akureyrar prestakalls, lögð prestinum í Grundarþingunum til leigulausrar ábúðar, sem tjeður prestur hefir beðið um. Uppbótin á Akureyrarbrauði nemur því eigi í rauninni meira en 400 kr. Ef nú þetta bráðabyrgðarfyrirkomulag verður álitið nauðsynlegt, svo sem nefndin ætlar, verður það að líkindum á síðan gert að lögum, og yrði það hlutaðeigendum happadrýgra en hærri styrkur eitt sinni fyrir öll. Fyrir því stingur nefndin hjer upp á nýjum tölulið.

7. Við 13. gr. B. IV. Nefndinni hefir borizt nákvæm skýrsla um skemmdirnar á skólahúsinu á Möðruvöllum og um kostnaðinn til að endurbæta þær. Þessa vegna ræður nefndin til að leggja skuli til þessarar viðgerðar á skólahúsinu fyrra árið 1000 kr., og er það talsvert minna fje en ætlað er í fyrtjeðri skýrslu, að við muni þurfa.

8. Við 13. gr. B. V. Nefndinni hefir og borizt beiðni frá Markúsi Bjarnasyni, kennara við stýrimannaskólann, um 100 kr. hækkun á gjöldunum til húsnæðis, eldiviðar og ljósa. Bæn þessari fylgdi glöggur reikningur er sýndi, að þessi árskostnaður er yfir 500 kr. Nefndin leggur því til, að hækka þennan staflið úr 400 kr. upp í 500 kr.

9. Við 13. gr. B. VI. g. Með því að neðri deild hefir eigi skilið þessum staflið meira eptir en 500 kr. hvort árið, getur nefndin eigi sjeð nokkurt gagn í því að halda svo litlum fjárstyrk, og ræður því til að fella hann úr því að hann er kominn svona lágt niður.

10. Við 13. gr. C. Nefndinni þótti ástæða til, þegar litið er á þjóðgagn það, er bindindisfjelögin unnið hafa beinlínis og óbeinlínis, að taka upp aptur í því skyni fjárveiting þá, er neðri deild aðhylltist fram til þriðju umræðu, þó nú einungis með 200 kr. hvort árið. Styrkinn til cand. mag. Boga Melsteðs sá nefndin eigi tiltækilegt annað en færa niður í 600 kr. hvort árið. Af sömu ástæðum hefir hún og fært styrkinn til Ásgeirs Blöndals ofan í 1200 kr. hvort árið.

11. Nefndinni hefir borizt bænarskrá frá Birni Ólafssyni um styrk til að geta

haldið áfram augnalækningum. Nefndinni þótti rjett að sinna þeirri bæn, þar hann er sjerstaklega vel að sjer í augnalækningum. Af sömu ástæðu tók hún aptur upp styrk til tannlæknis O. Nickolins, með því að hann er og sjerstaklega vel að sjer í tannlækningum. Það er nauðsynlegt að þessir menn báðir geti fengið sjer áhöld og annað til að halda fram læknisiðn sinni í stærri stíl en hingað til.

12. Við 13. gr. C. 17. og 18. Samkvæmt því sem áður er sagt, fellur 18. töluliður niður; en með honum virðist og sjálfsagt að 17. tölul. falli.

BREYTINGARTILLÖGUR NEFNDARINNAR.

1. Við 10. gr. C. 4. b. a. Fyrir: »13,000—13,000« komi: »12,000—12,000«.
   b. aptan við greinina: »þar af . . . hvort árið«, bætist: »með því skilyrði að fjelagið verji að minnsta kosti 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu«.
   c. (ennfremur bætist aptan við): »Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða«.
2. Við 10. gr. C. 4. e. »til fjenaðarsýninga: »1000—1000« falli úr.
3. Við 10. gr. C. 4. h. a. Fyrir: »styrkur til sýslunefndar . . 4000«, komi: »styrkur til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið allt að 3000 kr«.
   b. (Aptan við bætist): »Styrkurinn er bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til ¼ í móti ¾ úr landsjóði«.
4. Við 12. gr. B. a. a. (Milli orðanna: »verkfróðan mann«, og »3000 kr.«, bætist inní): »Síðara árið«.
5. (Nýr liður bætist við):
   »d. til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði fyrra árið 2400 kr.«
   Veitingin er bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi til það fje, er vantar til þessa fyrirtækis.
6. Við 12. gr. C. a. (Stafliðurinn kljúfist þannig):
   a. »til strandferða allt að 18,000 kr.
   b. þar að auki allt að 3,000 kr.
   með því skilyrði, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun alþingis«.
7. Við 12. gr. C. b. Fyrir: »3000«, komi: »2400«.
   c. Stafliðurinn falli úr.
   d. Fyrir: »3000«, komi: »2400«.
   e. Fyrir: »3000«, komi: »2400«.
   f. Fyrir: »3000«, komi: »2400«.
   c. (Orðin aptan af greininni) »eða meiri hluta þeirra, ef þær greinir á«, falli úr.
   d. Fyrir: »móti styrknum úr landsjóði«, komi: »móti ¾ úr landsjóði«.
8. Við 13. gr. A. (Milli tölul. 4. og 5. bætist inn í):
   »Bráðabyrgðaruppbót á Akureyrarprestakalli, gegn því að presturinn í Grundarþingunum njóti leigulausrar ábúðar á kirkjujörðinni Hrafnagili . . . . . 600 — 600«.

9. Við 13. gr. B. III. 5. Orðin: »Upphæðinni . . . kennarafundar« falli burt.
10. Við 13. gr. B. IV. (Bætist inn í milli 3. og 4. töluliðs) nýr liður: til viðgerðar á skólahúsinu fyrra árið 1000 kr.
11. Við 13. gr. B. V. b. 1. Fyrir: »400« komi: 500
12. Við 13. gr. B. VI. g. Stafliðurinn falli úr.
13. Við 13. gr. C. Milli 10. og 11. bætist inn í sem 11. (liður): til stórstúku Íslands til útbreiðslu *bindindis og bindindisrita* 200 — 200.
14. Við 13. gr. C. 12. Fyrir »1500« komi: 1200 (aptan við 14. tölul. bætist inn í): veitingarnar á 13. og 14. tölul. eru bundnar því skilyrði, að hlutaðeigendur staðfestist eigi erlendis.
15. Við 13. gr. C. 16. Fyrir: »1000 — 1000« komi: 600 — 600
Fyrir orðin: »búa sig undir að rita« komi: safna til.
16. Við 13. gr. C. Töluliður 17. og töluliður 18. (sbr. 8. við 13. gr. A.) falli úr.
17. Við 13. gr. C. (Tveir nýir töluliðir bætist aptan við):
a. Til tannlæknis O. Nickolins til að halda á fram tannlækningum hjer á landi 500 — 500.
b. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum 500 — 500.

Í efri deild alþingis 14. ágúst 1891.

E. Th. Jónassen, formaður. Jón A. Hjaltalín, skrifari. Arnljótur Ólafsson, framsögumaður.
F. S. Stefánsson Skúli Þorvarðarson.

Nd. **410. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. Frá Páli Briem.

Í staðinn fyrir orðin: „og arfahlutinn er eigi yfir 200 kr.“, komi: „og upphæð alls dánarbúsins er undir 1000 kr.“.

Nd. **411. Tillögur**

til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (Eptir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að sjá um:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.
3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, og henni breytt svo sem nauðsynlegt er, til þess að gagnfræðakennslunni verði við komið, sjerstaklega í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

---

412. Ályktun

neðri deildar alþingis um póstgöngur.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

A. Að aðalpósturinn milli Akureyrar og Seyðisfjarðar leggi leið sína frá Grenjaðarstað

um Húsavík og Hjeðinshöfða að Skinnastöðum, síðan yfir Axarfjarðarheiði að Svalbarði, um Sauðanes á Vopnafjörð og þaðan um Krossavík yfir Hellisheiði og inn Jökulsárhlíð að Fossvöllum.

B. Að aðalpóstferðum vestanpóstsins milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins milli Akureyrar og Seyðisfjarðar verði fjölgað um tvær (úr 12 í 14), og aukapóstferðir, er standa í sambandi við þær, auknar að sama skapi.

C. Að ferðaáætlun norðanpóstsins milli Reykjavíkur og Akureyrar og Seyðisfjarðarpóstsins verði hagað þannig, að póstflutningurinn á norðurleiðinni tefjist ekkert á Akureyri.

D. Að teknar verði upp nýjar aukapóstferðir og lengdar þær aukapóstleiðir, sem nú eru, svo sem hjer segir:

Í Gullbringusýslu

1. frá Útskálum að Hvalsnesi.
2. frá Keflavík um Kirkjuvog, Tóptir, Vogsósa og Þorlákshöfn til Eyrarbakka.

Í Borgarfjarðarsýslu

3. frá Hesti um Reykholt að Gilsbakka í Hvítársíðu.

Í Snæfellsnessýslu

4. frá Stykkishólmi (eptir komu aukapóstsins frá Hjarðarholti) til Ólafsvíkur.
   Aukapósturinn frá Stað í Hrútafirði til Stykkishólms fari eigi frá Hjarðarholti fyrr en eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði.

Í Barðastrandarsýslu

5. frá Flatey að Brjánslæk (4 ferðir á ári).
6. frá Bíldudal að Rafnseyri.
7. frá Bæ í Króksfirði (eptir komu vestanpóstsins frá Ísafirði) að Stað í Hrútafirði. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu norðanpóstsins frá Akureyri, og sje kominn að Bæ, áður en vestanpósturinn fer þaðan áleiðis til Ísafjarðar.

Í Ísafjarðarsýslu

8. frá Arngerðareyri (eptir komu vestanpósts frá Ísafirði) að Kálfanesi í Steingrímsfirði.
9. frá Ísafirði að Botni í Súgandafirði (6 ferðir á ári).

Í Strandasýslu

10. frá Reykjarfirði að Árnesi í Trjekyllisvík.
11. frá Bæ í Króksfirði að Kálfanesi í Steingrímsfirði.

Í Húnavatnssýslu

12. frá Blönduós (ef aðalpóstleiðin verður lögð þar um) að Auðkúlu í Svínadal.

Í Skagafjarðarsýslu

13. frá Lýtingstöðum að Goðdölum.
14. frá Sauðárkrók (eptir komu Siglufjarðarpósts frá Víðimýri) að Hvammi í Laxárdal.
15. frá Lóni (eptir komu Siglufjarðarpóstsins frá Víðimýri) að Hólum í Hjaltadal.

Í Eyjafjarðarsýslu

16. frá Tjörn í Svarfaðardal um Reyki í Ólafsfirði að Hraunum í Fljótum. Pósturinn snúi þaðan aptur eptir komu Víðimýrarpóstsins frá Siglufirði.
17. frá Akureyri (eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað) að Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

18. frá Grýtubakka að Þönglabakka.
19. frá Grenjaðarstað (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

20. frá Skinnastöðum (eptir komu póstsins frá Akureyri) að Raufarhöfn.
21. frá Skinnastöðum að Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

22. frá Fossvöllum (eptir komu aðalpóstsins frá Akureyri) að Hákonarstöðum.
23. frá Egilstöðum yfir Lagarfljót um Ás að Valþjófstað.
24. frá Hjaltastað að Kirkjubæ.
25. frá Seyðisfirði (eptir komu Akureyrarpóstsins þangað) um Stakkahlíð að Desjarmýri.

Í Suður-Múlasýslu

26. frá Eskifirði (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Skorrastað í Norðfirði.
Aukapósturinn frá Eskifirði að Stöð komi við á Búðareyri við Reyðarfjörð.
27. frá Seyðisfirði að Brekku í Mjóafirði.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

28. frá Prestsbakka (eptir komu aðalpóstsins þangað) að Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

29. frá Ási (eptir komu Reykjavíkurpóstsins) að Skarði á Landi.
30. frá Odda að Teigi í Fljótshlíð.

Í Árnessýslu

31. frá Reykjum á Skeiðum að Hrepphólum.
32. frá Hraungerði um Mosfell að Torfastöðum (póstferðin að Búrfelli leggist niður).
33. frá Kotströnd að Úlfljótsvatni í Grafningi.

E. Að póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum á viðkomustöðum strandferðaskipanna sje falið, að senda brjef og aðrar póstsendingar upp til sveitanna, þegar þörf krefur.

F. Að stofnuð verði póstafgreiðsla (í stað brjefhirðingar):
1. á Bíldudal í Barðastrandarsýslu,
2. á Skinnastöðum eða Svalbarði í Norður-Þingeyjarsýslu,
og að póstafgreiðslan á Höfða sje flutt að Egilstöðum í Norður-Múlasýslu.

G. Að stofnuð verði brjefhirðing á þessum stöðum:

Í Gullbringusýslu

1. á Hvalsnesi á Miðnesi;
2. - Kirkjuvogi í Höfnum;
3. - Tóptum í Grindavík;
4. - Vogsósum í Selvogi.

Í Borgarfjarðarsýslu

5. - Reykholti;
6. - Gilsbakka í Hvítársíðu.

Í Ísafjarðarsýslu

7. - Arngerðareyri (í stað brjefhirðingarinnar í Vatnsfirði, er leggist niður, en póstinum sje gjört að skyldu, að koma við í Vatnsfirði og Vigur);
8. - Botni í Súgandafirði;
9. - Mýrum í Dýrafirði.

Í Strandasýslu

10. - Kollafjarðarnesi;
11. - Árnesi í Trjekyllisvík (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjarfirði, er leggist niður).

Í Húnavatnssýslu

12. - Auðkúlu í Svínadal (í stað brjefhirðingarinnar á Reykjum, er leggist niður, ef aðalpóstleiðin verður lögð um Blönduós).

Í Skagafjarðarsýslu

13. á Goðdölum (í stað brjefhirðingarinnar á Lýtingstöðum, er leggist niður);
14. - Hvammi í Laxárdal;
15. - Hólum í Hjaltadal;
16. - Hraunum í Fljótum.

Í Eyjafjarðarsýslu

17. - Reykjum í Ólafsfirði;
18. - Saurbæ í Eyjafirði.

Í Suður-Þingeyjarsýslu

19. - Þönglabakka;
20. - Skútustöðum við Mývatn.

Í Norður-Þingeyjarsýslu

21. - Víðirhóli á Fjöllum.

Í Norður-Múlasýslu

22. - Hákonarstöðum (í stað brjefhirðingarinnar á Skjöldólfsstöðum, er leggist niður).
23. - Ási í Fellum;
24. - Valþjófstað;
25. - Kirkjubæ í Hróarstungu (í stað brjefhirðingarinnar á Hjaltastað, er leggist niður).
26. - Stakkahlíð í Loðmundarfirði;
27. - Desjarmýri í Borgarfirði.

Í Suður-Múlasýslu

28. - Skorrastað í Norðfirði;
29. - Brekku í Mjóafirði;
30. - Búðareyri við Reyðarfjörð.
31. - Starmýri í Álptafirði.

Í Austur-Skaptafellssýslu

32. - Hólmi á Mýrum.

Í Vestur-Skaptafellssýslu

33. - Borgarfelli í Skaptártungu.

Í Rangárvallasýslu

34. - Skarði á Landi;
35. - Teigi í Fljótshlíð;
36. - Seljalandi undir Eyjafjöllum.

Í Árnessýslu

37. - Hrepphólum;
38. - Mosfelli í Grímsnesi;
39. - Torfastöðum í Biskupstungum;
40. - Úlfljótsvatni í Grafningi.

Nd.

413. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, dags. 18. sept. 1885, 25. gr. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur í árslaun 5000 kr. Framkvæmdarstjóri landsbankans má aldrei hafa embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi.

Bókarinn hefur 2400 kr. í árslaun.

Fjehirðir hefur 2400 kr. í árslaun.

Enn fremur hefur fjehirðir $^1/_5{}^0/_{00}$ af innborgunum og útborgunum samkvæmt reikningi bankans fyrir hvern ársfjórðung.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi að því er framkvæmdarstjórann snertir, þá er hann fullnægir skilyrðum þeim, er honum eru sett í 1. gr.

Nd. **414. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um friðun á laxi.

Nefndin hefur íhugað og rætt frumvarp þetta og vill ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með eptirfylgjandi breytingum.

1. Við 1. gr. Fyrir »3 mánuði« komi: »2½ mánuð«.
2. — — — Fyrir »allt að 3½ mánuði«, komi: »3 mánuðum«.
3. — — — Málsgreinin: »Á þessum veiðitíma« o. s. frv. falli burt.
4. — 2. — Fyrir »þegar hún er sett út«, komi: »þegar hún er í á komin.
5. — — — Seinasta málsgrein: »Eigi maður einn veiði í á« o. s. frv. falli burt.
6. 6. gr. falli burt.

Alþingi 16. ágúst 1891.

B. Sveinsson, form. og framsögumaður. Árni Jónsson, skrifari. Jón Jónsson, þm. N.-Þ. Jens Pálsson. Þ. Guðmundsson.

Nd. **415. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun.

Hin háttvirta efri deild hefur gjört mjög svo verulegar breytingar á frumvarpi þessu frá því, sem það var samþykkt í neðri deild. Getum vjer engan veginn sjeð, að þær breytingar sjeu til bóta nje að eptirlaunin sjeu byggð á jafn eðlilegum grundvelli og komi eins heppilega við eins og gjört var í frumvarpi neðri deildar. Jafnframt hefur í hinni háttvirtu efri deild verið fellt frumvarp til laga um að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri, sem stóð í sambandi við frumvarp neðri deildarinnar, og verður nefndin að telja það miður heppilegt fyrir málið eptir því horfi, sem neðri deildin vildi halda því í.

Samkvæmt þessu leyfir meiri hluti nefndarinnar sjer að leggja það til, að gjörðar sjeu eptirfylgjandi breytingar á frumvarpinu:

1. 1. gr. orðist þannig:
   „Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, sem þar ræðir um, vera $^1/_5$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$ % af henni fyrir hvert ár, sem hlutaðeigandi embættismaður hefur þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.
2. 2. gr. (Ný grein): Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með 2. málsgrein 8. gr. í nefndri tilskipun, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.
3. 3. gr. (Ný grein): Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landsjóði, eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri.

4. 4. gr. (Ný grein): Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í 2 ár; en ef hann kaupir sjer geymdan lífeyri, þá skal hann árlega verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_4$ af launum hans.

5. 5. gr. (Ný grein): Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninnni.

6. 6. gr. (Ný grein): Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

7. 7. gr. (Ný grein): Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

8. 8. gr. (Ný grein): Landstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar ákvæðum 3.—7. greinar.

9. Aptan við 2. gr. (sem verður 9. gr.) bætist: „Þeir eru og undanþegnir ákvörðunum þeim, sem settar eru í 3.—7. grein“.

10. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

„Frumvarp

til laga um breyting á ákvæðum þeim, sem gilda um eptirlaun“.

Alþingi 16. ágúst 1891.

Árni Jónsson, form. og framsögum. Eiríkur Briem. Ólafur Ólafsson. Sigurður Gunnarsson.

Minni hlutinn getur ekki orðið hinum meðnefndarmönnum sínum samdóma, og ræður til að samþykkja frumvarp efri deildar óbreytt.

Alþingi 16. ágúst 1891.

Indriði Einarsson.

Nd. **416. Tillaga**

til þingsályktunar út af fátækramálum. Frá Jens Pálssyni og Indriða Einarssyni.

1. Alþingi skorar á landstjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga, til að íhuga fátækramál landsins, og semja frumvarp til nýrra fátækralaga, er lagt verði fyrir alþingi 1893.
2. Alþingi skorar á landstjórnina, að hún bjóði embættismönnum og sveitarstjórnarvöldum landsins að láta þessari nefnd í tje allar þær skýrslur og upplýsingar viðvíkjandi fátækramálum, sem nefndin álítur þörf á að fá.

Frá útlöndum til Íslands.

Komustaðir.	1. ferð, skipið A.	2. ferð, skipið A.	3. ferð, skipið B.	4. ferð, skipið A.	5. ferð, skipið B.	6. ferð, skipið A.	7. ferð, skipið C.	8. ferð, skipið B.	9. ferð, skipið A.	10. ferð, skipið A.	11. ferð, skipið B.	12. ferð, skipið A.
Til Reykjavíkur	...	...	...	...	...	8. júní	...	...	...	...	...	...
— Berufjarðar	...	...	...	...	25. maí	16. —	...	...	...	...	...	...
Frá Fáskrúðsf.	...	...	...	...	*25.* —	...	*14. júlí*	*2. ág.*	...	*24. sept.*	...	...
— Eskifirði . .	....	...	31. marz	...	26. —	...	*14.* —	3. —	...	*24.* —	3. okt.	...
— Seyðisfirði .	23. jan.	...	1. apríl	...	27. —	18. júní	*14.* —	3. —	...	*24.* —	4. —	...
— Vopnafirði .	....	...	2. —	...	27. —	*18.* —	...	3. —	...	...	4. —	...
— Húsavík . .	....	...	*2.* —	...	28. —	*18.* —	...	4. —	...	...	...	...
— Akureyri . .	....	...	4. —	...	30. —	20. —	...	5. —	...	...	6. okt.	...
— Siglufirði . .	....	...	...	...	31. —	...	...	6. —	...	...	...	...
— *Hofsós*	....	...	...	...	*31.* —	...	...	*6.* —	...	...	...	...
— Sauðárkrók	....	...	4. apríl	...	31. —	21. júní	...	7. —	...	...	6. okt.	...
— Skagaströnd	....	...	...	...	1. júní	21. —	...	7. —	...	...	7. —	...
— *Borðeyri* . .	....	...	...	...	*4.* —	...	...	*9.* —	...	...	...	...
— Reykjarfirði	....	...	...	...	4. —	...	...	10. —	...	...	...	...
— Ísafirði . . .	....	...	7. apríl	...	5. —	22. júní	...	11. —	...	...	8. okt.	...
— Önundarfirði	....	...	8. —	...	6. —	22. —	...	11. —	...	...	9. —	...
— Dýrafirði . .	....	...	9. —	...	6. —	23. —	...	12. —	...	...	10. —	...
— Arnarfirði .	....	...	9. —	...	7. —	...	...	13. —	...	...	10. —	...
— Patreksfirði	....	...	10. —	...	7. —	23. júní	...	...	...	...	11. —	...
— Stykkishólmi	....	...	...	...	8. —	24. —	...	14. ág.	...	...	11. —	...
— Flatey	....	...	...	...	8. —	...	...	*14.* —	...	...	...	...
— *Ólafsvík* . . .	....	...	...	...	...	*24. júní*	...	...	...	...	...	...
Til Reykjavíkur	28. jan.	10. marz	14. apríl	30. apríl	11. júní	26. —	16. júlí	19. ág.	15. ág.	27. sept.	15. okt.	20. nóv.
Frá Reykjavík	....	*12. marz*	....	2. maí	....	....	*18. júlí*	....	....	....	....	....
— Stykkishólmi	....	....	....	2. —	....	....	...	....	....	....	....	....
— Flatey	....	....	....	2. —	....	....	*18. júlí*	....	....	....	....	....
— Patreksfirði	....	....	....	3. —	....	....	....	....	....	....	....	....
— Arnarfirði .	....	....	....	....	....	....	....	....	....	....	....	....
— Dýrafirði . .	....	....	....	4. maí	....	....	....	....	....	....	....	....
— Önundarfirði	....	....	....	4. —	....	....	....	....	....	....	....	....
Á Ísafirði . . .	....	*15. marz*	....	5. —	....	....	*19. júlí*	....	....	....	....	....

Frá Íslandi til útlanda.

	1. ferð, skipið A.	2. ferð, skipið A.	3. ferð, skipið B.	4. ferð, skipið A.	5. ferð, skipið B.	6. ferð, skipið A.	7. ferð, skipið C.	8. ferð, skipið B.	9. ferð, skipið A.	10. ferð, skipið A.	11. ferð, skipið B.	12. ferð, skipið A.
Frá Ísafirði . .	....	*16. marz*	....	7. maí	....	....	*20. júlí*	...	...	...	...	...
— Önundarf. .	....	....	....	....	....	....	....	...	...	...	...	...
— Dýrafirði . .	....	....	....	7. maí	....	....	....	...	...	...	...	...
— Arnarfirði .	....	....	....	7. —	....	....	....	...	...	...	...	...
— Patreksfirði	....	....	....	....	....	....	....	...	...	...	...	...
— Flatey	....	....	....	....	....	....	*20. júlí*	...	...	...	...	...
— Stykkishólmi	....	....	....	8. maí	....	....	....	...	...	...	...	...
Í Reykjavík . .	....	*17. marz*	....	10. —	....	....	*22. júlí*	...	...	...	...	...
Frá Reykjavík	3. febr.	22. marz	22. apr.	14. maí	15. júní	3. júlí	26. júlí	28. ágúst	23. ágúst	3. okt.	21. okt.	28. nóv.
— *Ólafsvík* . . .	....	....	....	....	....	*3.* —	....	....	....	....	....	....
— Stykkishólmi	....	....	....	....	15. júní	3. —	....	28. ágúst	....	....	....	....
— Flatey	....	....	....	....	15. —	3. —	....	28. —	....	*4. okt.*	....	....
— Patreksfirði	....	....	22. apr.	....	....	....	....	29. —	....	....	....	....
— Arnarfirði .	....	....	23. —	....	16. júní	4. júlí	....	29. —	....	....	....	....
— Dýrafirði . .	....	....	23. —	....	17. —	5. —	....	30. —	....	5. okt.	....	....
— Önundarfirði	....	....	....	....	18. —	5. —	....	31. —	....	5. —	....	....
— Ísafirði . . .	....	....	24. apr.	....	19. —	7. —	....	1. sept.	....	6. —	....	....
— Reykjarfirði	....	....	....	....	....	....	....	2. —	....	....	....	....
— *Borðeyri* . .	....	....	....	....	....	*7. júlí*	....	*4.* —	....	*6. okt.*	....	....
— Skagaströnd	....	....	....	....	19. júní	8. —	....	4. —	....	....	....	....
— Sauðárkrók	....	....	24. apr.	....	20. —	9. —	....	5. —	....	*8. okt.*	....	....
— *Hofsós*	....	....	....	....	*20.* —	....	....	*6.* —	....	....	....	....
— Siglufirði . .	....	....	25. apr.	....	21. —	10. júlí	....	6. —	....	8. okt.	....	....
— Akureyri . .	....	....	27. —	....	23. —	12. —	....	8. —	....	11. —	....	....
— Húsavík . .	....	....	*27.* —	....	23. —	*12.* —	....	9. —	....	....	....	....
— Vopnafirði .	....	....	27. —	....	....	13. —	....	9. —	....	12. —	....	....
— Seyðisfirði .	....	....	29. —	*16. maí*	25. júní	14. —	*28. júlí*	10. —	....	14. —	....	....
— Eskifirði . .	....	....	29. —	....	25. —	15. —	28. —	11. —	....	15. —	....	....
— *Fáskrúðsfirði*	....	....	....	....	*26.* —	....	28. —	*11.* —	....	*15.* —[1]	....	....
— Berufirði . .	....	....	....	....	26. —	16. júlí	....	....	....	....	....	....

1) Þaðan til Reykjavíkur, kemur þangað 17. okt.; fer þaðan 20. okt. áleiðis til útlanda.

Ed. **418. Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti og Laxá í Þingeyjarsýslu. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Brýrnar á Skjálfandafljóti fyrir neðan Goðafoss og brýrnar á Laxá hjá Grenjaðarstað skulu eptirleiðis vera eign landsjóðs, og skulu þær afhentar eptir úttektargjörð 2 dómkvaddra manna, sem amtmaðurinn í Norðuramtinu tekur gilda fyrir hönd landstjórnarinnar.

2. gr. Árlegt viðhald, er eigi getur talizt aðalviðgjörð á brúm þessum, skal hvíla á sýsluvegasjóði Suður-Þingeyjarsýslu, og skulu 2 menn dómkvaddir álíta ásigkomulag brúnna innan loka júlímánaðar ár hvert, og rita nákvæma skýrslu um það, sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu skal senda amtmanninum í Norðuramtinu áleiðis til landshöfðingja.

3. gr. Endurborgun sú af láni úr landsjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður-og Norður-Þingeyjarsýslu, fellur niður um helming frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Nd. **419. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir 2. umr. í Nd.).

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið.

Þó skal og bannað að selja áfenga drykki, hvort heldur er á veitingastöðum eða í verzlunarbúðum, frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum.

Ed. **420. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá J. Havsteen og Sighvati Árnasyni.

	1892 kr.	1893 kr.
12. gr. A. 3. a. „1300—1300“ breytist í „1500—1500“ og aðaltölurnar eptir því.		

Ed. **421. Frumvarp**

til laga um stofnun brunabótafjelags. (Eptir 3. umr. í Nd.).

I. Kafli.

Stofnun fjelagsins.

1. gr. Brunabótafjelag skal stofna hjer á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði, skal öllum húseignum, — íbúðarhúsum, samkomuhúsum, geymsluhúsum, bæjum o. s. frv. — hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. gr. Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn fjelagsins samþykkir það.

4. gr. Áður en fjelagið kemst á fót, skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

5. gr. Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður eða bæjarfógeti útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður.

Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað samkvæmt niðurjöfnun sýslumanns eða bæjarfógeta eptir virðingarverði húseignanna.

6. gr. Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti, og fá þeir sömu borgun fyrir starf sitt eins og segir í 5. gr., og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

7. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt.

8. gr. Stjórn fjelagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6. hvert ár á kostnað eigendanna á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefur stjórn fjelagsins heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af fjelagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í fjelaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

9. gr. Á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., hvílir brunabótagjaldið á húseign þeirri, sem vátryggð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landsjóðs. Brunabótagjaldið sem og borgun fyrir virðingu má taka lögtaki eptir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

10. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar að nýju, skal á þær leggja eldtraust þak.

11. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, sem fjelagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Fulltrúar, stjórn fjelagsins, reglugjörð o. fl.

12. gr. Landshöfðingi sjer um, að fulltrúar fjelagsins sjeu kosnir í fyrsta sinni þannig, að

Reykjavík	kýs 5	fulltrúa,
Vestmanneyjar, Eyrarbakki og Keflavík	— 1	—
Hafnarfjörður, Akranes og Stykkishólmur	— 1	—
Ísafjarðarkaupstaður	— 1	—
Sauðárkrókur, Akureyri og Vopnafjörður	— 1	—
Seyðisfjörður og Eskifjörður	— 1	—

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar; kýs hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður eins marga fulltrúa eins og bæjar- eða sveitarfjelag hans á hlut í að kjósa. Skýrslu um kosninguna skal senda landshöfðingja, telur hann saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna; þeir eru rjettkosnir fulltrúar, er flest fá atkvæði. Fái tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn.

Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinn á fund í Reykjavík og greiðist þeim úr landsjóði ferðakostnaður eptir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi leggur úrskurð á reikninga þeirra og ávísar þeim.

13. gr. Fulltrúafundurinn ákveður, hve marga fulltrúa skuli velja framvegis, og hverjir kaupstaðir eða verzlunarstaðir velji einir sjer, eða í sameiningu, og fyrir hve langan tíma þeir eru valdir, svo og hve nær fulltrúar skuli koma saman næst; þó má ekki líða skemmri tími en 5 ár milli fulltrúafunda, nema brýna nauðsyn beri til, og landshöfðingi veiti samþykki sitt til þess. Fulltrúarnir geta einnig falið stjórn fjelagsins, að ákveða næsta fulltrúafund.

14. gr. Fulltrúarnir semja reglugjörð fyrir brunabótafjelagið og skal þar ákveðið um stjórn fjelagsins og reikningsfærslu þess; hvar fjelagið skuli lögheimili hafa; hverskonar húseignir fjelagið eigi vill tryggja og hverja muni, sem húsum fylgja, fjelagið tryggir; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða og hve opt skuli virða tryggðar húseignir upp aptur; hve langt bil skuli vera milli húsa eða auðar spildur; hvernig skaða af eldsvoða skuli meta og hvernig hann skuli verða endurgoldinn af sjóði fjelagsins; hverja borgun fjelagið má taka fyrir útgáfu tryggingarskírteina, vottorða o. s. frv.; hvort og hvernig fjelagið tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig sjóði fjelagsins skuli varið og hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar fjelagsins; hvernig skera skuli úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og fjelagsstjórnarinnar svo að komist verði hjá málaferlum; hvernig stjórn fjelagsins skuli skipuð og hvert starfsvið hennar er o. s. frv. Ennfremur skal ákveða hve mikið brunabótagjald skuli greiða af hverskonar húseign á hverjum stað, en eigi má það minna vera en $3^{0}/_{00}$ í Reykjavík, $4^{0}/_{00}$ á hinum öðrum stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., og $5^{0}/_{00}$ annarstaðar á landinu.

Reglugjörð þessi skal lögð undir samþykki landshöfðingja og verður henni ekki breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum af stjórnendum brunabótafjelagsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í staðinn. Hann skal þó með næstu póstferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafjelagsins frávikninguna, og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefur skipað í stað þess, sem vikið var frá. Hafi fulltrúarnir kosið varamann til að ganga í stjórnina, má ekki ganga ástæðulaust fram hjá honum.

16. gr. Stjórn fjelagsins er ávalt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um fjelagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag fjelagsins.

17. gr. Landshöfðingi skipar endurskoðara, er rannsakar reikning fjelagsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur fjelagsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje fjelagsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Hann skal sjá um, að munir fjelagsins sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanleg vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarstaðar kunna að vera, en á heimili fjelagsins. Laun endurskoðarans skulu ákveðin í reglugjörð fjelagsins, og borgar fjelagið þau úr sínum sjóði. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning fjelagsins.

18. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta í því blaði, sem stjórnarauglýsingar eru birtar í. Þar að auki skal fjelagsstjórnin gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag fjelagsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

19. gr. Þegar ábyrgð landsjóðsins er burtu fallin, falla öll afskipti landshöfðingja af fjelaginu burtu.

III. Kafli.
Skyldur fjelagsins.

20. gr. Engin húseign á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr. fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

21. gr. Allar húseignir, sem eru í brunabótaábyrgð fjelagsins, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóði þess, sem þær verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slík hús alveg, skal fjelagið borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Fjelagið ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið brunabæturnar, svo framarlega sem aðrar eigur húseiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

22. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum.

23. gr. Fjelagsstjórninni er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingu um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

24. gr. Reynist það, þegar hagur fjelagsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóður þess hafi aukizt meira en fulltrúum fjelagsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar fyrir fjelagið, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda.

IV. Kafli.
Ábyrgð landsjóðs.

25. gr. Landsjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum með 300,000 krónum, á þann hátt, sem ákveðinn er í næstu greinum hjer á eptir.

26. gr. Ábyrgð landsjóðs fer minnkandi þannig, að fyrstu 50000 kr. af henni falla burt 31. desbr. 1910, hinar næstu 50000 kr. 31. desbr. 1920 o. s. frv., svo að öll á-

byrgðin sje fallin burtu 31. desbr. 1960; þó fellur öll ábyrgð landsjóðs burtu, hvenær sem sjóður fjelagsins er orðinn ½ millíón króna.

Ef fjelagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, þá greiðir landsjóður það, sem á vantar; þó greiðir hann aldrei meira, en sem þeirri upphæð svarar, sem þá er eptir af ábyrgðinni óburtfallin. Fje þetta endurborgar fjelagið landsjóði sem rentulaust lán með því, sem það hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

27. gr. Þegar fjelagið er komið á fót, er úr lögum numið opið brjef 29. maí 1839, 3. gr. B. og tilsk. 14. febr. 1874.

28. gr. Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmdar og fjelagið verði komið á fót eigi síðar en 6 mánuðum eptir að reglugjörð þess er staðfest.

31. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1892.

Ed.

422. Frumvarp

til laga um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ef amtsráðið í vesturamtinu beiðist þess og tveir þriðju allra amtsráðsmanna eru því samþykkir, veitist amtsráðinu allt að 5000 króna lán úr viðlagasjóði til eflingar æðarvarpsræktar — einkum til að eyða vargi, er æðarfugli grandar og varpi spillir — á Breiðafirði og í Strandasýslu. Amtsráðið tekur lánið, og setur reglur um, hvernig því skuli varið. Lánið ávaxtast og endurgelzt á 28 árum með 6 af hundraði ár hvert.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar á Breiðafirði og í Strandasýslu, og fer um niðurjöfnunina og endurborgunina samkvæmt fyrirmælum 2., 3. og 4. gr. laga 8. janúar 1886 um lán úr viðlagasjóði handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, og standi hlutaðeigandi sýslumenn amtsráðinu skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið láki því tafarlaust í landsjóð.

Ed.

423. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfestingu samkvæmt 13. gr. laga 19. febr. 1886 skulu undanþegnir öllum gjöldum til prests og kirkju.

2. gr. Þeir, sem ekki eru í neinu slíku kirkjufjelagi, skulu aptur á móti greiða hin lögboðnu prests- og kirkjugjöld til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í.

3. gr. Hlutaðeigandi sóknarprestur skal fyrir hver árslok senda sýslumanni skýrslu um alla þá utanþjóðkirkjumenn, sem í hans prestakalli búa, og sem eigi eru í einhverju kirkjufjelagi, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir kgl. staðfestingu samkvæmt 13. gr. laga 19. febr. 1886.

4. gr. Sýslumaður innheimtir gjaldið á manntalsþingi og afhendir það hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita.

5. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landsjóði, er leiðir af ákvæðum 2. gr. og af ákvæðum 1. gr. að því er fasteignartíund snertir.

6. gr. 16. gr. í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn er úr lögum numin.

Ed. **424. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Friðunartími sá, sem til er tekinn í 1. grein laga 19. febr. 1886 um friðun á hvölum, er hjer eptir frá 1. apríl til 1. október ár hvert.

Nd. **425. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri, eptir óskum og tillögum sýslunefnda, þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sömu sýslu.

2. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn, skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn af flokki kjósenda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum, og einn af kjósendum er sýslunefndin kýs. Þessi kjörstjórn skal mæta á kjörstöðum sýslunnar.

3. gr. Á síðari kjörstaðnum, ef tveir eru, og á hinum síðasta, ef þrír eru, skal kjörstjórnin telja saman öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar; er sá rjettkjörinn þingmaður, er fengið hefur meir en helming allra atkvæða. Nú hefur þingmannsefni eigi fengið yfir helming atkvæða við fyrstu atkvæðagreiðslu, skulu þá þegar á síðasta kjörstaðnum og innan hálfsmánaðar á hinum kjörstaðnum fara fram bundnar kosningar, þannig að kjósendur skulu kjósa um allt að helmingi fleiri þingmannsefni, en þingmenn eru fyrir kjördæmið; enda skulu þingmannsefni þessi hafa fengið flest atkvæði við hina fyrri kosningu, ef fleiri hafa verið í kjöri.

4. gr. Með lögum þessum eru felldar úr gildi 19. og 29. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **426. Frumvarp**

til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. (Eptir 2. umr. í Nd.).

Borgun fyrir að skipta dánarbúi, þar sem ómyndugir erfingjar eru einn eða fleiri og upphæð alls dánarbúsins er undir 1000 kr., skal eigi vera meiri en ½% af allri upphæð dánarbúsins.

Ed. **427. Tillögur**

til þingsályktunar um gagnfræðakennslu í lærða skólanum o. fl. (Eptir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að sjá um:

1. að gagnfræðakennsla komist á við lærða skólann;
2. að latína verði eigi heimtuð til inntökuprófs í lærða skólanum, og að lærisveinar Möðruvallaskólans, er tekið hafa burtfararpróf í þeim skóla, fái rjett til að verða teknir próflaust í lærða skólann.
3. að reglugjörð lærða skólans verði endurskoðuð, og henni breytt svo sem nauðsynlegt er, til þess að gagnfræðakennslunni verði við komið, sjerstaklega í þá átt, að kennsla í latínu og grísku verði takmörkuð.

Nd. **428. Tillaga**

til þingsályktunar um brúargæzlu við Ölfusárbrúna. Frá Jóni Þórarinssyni og Sigurði Stefánssyni.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina, að hlutast til um, að nægilega trygg gæzla verði sett við Ölfusárbrúna þegar er brúin verður afhent til afnota.

Nd. **429. Nefndarálit**

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um sameining búnaðarskólanna í Ólafsdal og Hvanneyri.

Vjer, sem hin h. Nd. skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum vandlega íhugað það og rætt, og er álit vort á þessa leið.

Eins og kunnugt er, hefur hið löggefandi alþingi engan þátt átt í stofnun búnaðarskóla þeirra, sem nú eru á fót komnir, heldur hefur umboðsstjórnin komið þeim á fót eptir tillögum einstakra sýslufjelaga, er í fyrstu hafa lagt fram fje til stofnunar þeirra að því leyti sem búnaðarskólagjaldið ekki hefur enzt til. Skólar þessir eru því eingöngu umboðslegar stofnanir, sem til eru orðnar án annarar tilhlutunar löggjafarvaldsins, en tilskipunarinnar frá 12. febr. 1872 um búnaðarskóla á Íslandi. Hlutaðeigandi sýslufjelög og amtsráð hafa smátt og smátt komið þessum skólum á fót, án þess að stofnun þeirra hvers um sig væri byggð á yfirlýstum vilja þings og þjóðar. Stofnanir þessar vantar því enn þá festu, sem löggjafarvaldið eitt fær veitt með lögum, bæði hvað stofnun þeirra og annað fyrirkomulag snertir.

Þrátt fyrir þetta hefur þó alþingi styrkt þessar hjeraðastofnanir með árlegum fjárframlögum, en þar sem þessi fjárstyrkur er að eins ákveðinn í fjárlögum, þá leiðir þar af, að hann er næsta valtur og honum auðkippt í burt, ef þinginu ræður svo við að horfa.

Þar sem þessu er þannig háttað, þá er næsta eðlilegt, þótt þingið telji sjer skylt að athuga, hvort það sje bráðnauðsynlegt eða ráðlegt, að halda öllum þessum búnaðarskólum við með tilstyrk landsjóðs, og hvort það hafi alls kostar verið hyggilega ráðið, að stofna alla þessa búnaðarskóla.

Hið löggefandi alþingi hefir aldrei haldið því fram, að það væri nauðsynlegt skilyrði fyrir vexti og viðgangi landbúnaðarins, að stofnaður væri búnaðarskóli í hverju amti, eins og nú á sjer stað. Í ræðum og ritum hefur það aptur á móti opt verið tekið fram, að jafnvel einn öflugur búnaðarskóli fyrir allt landið mundi fullnægja betur þörfum vorum, en margir smáskólar. Þess ber og vel að gæta, að því fleiri búnaðarskólar, sem stofnaðir

eru á þessu fámenna landi, því örðugra er að útvega þeim góða kennslukrapta, sem þó auðvitað er aðalskilyrði fyrir því, að skólarnir komi að tilætluðum notum. Sama er að segja um fje það, sem veitt er til skólanna, því fleiri sem þeir eru, því minna getur hver þeirra fengið, og sá fjárstyrkur sem mundi vera fullnógur til að gjöra einn eður tvo búnaðarskóla vel úr garði, verður að miklu minni notum, þegar honum er skipt milli margra. Yfir höfuð verður kostnaðurinn tiltölulega miklu meiri við smáskólana, en við hina stærri, án þess þó að smáskólarnir fullnægi í nokkru betur tilgangi sínum. Þetta hefur reynslan þegar sýnt í búnaðarskólamáli voru.

Væri það ómissandi fyrir landbúnað vorn að hafa 4 búnaðarskóla, þá væri og sjálfsagt að styrkja þá ríflega með landsfje; en nefndin fær ekki sjeð, að allir þessir búnaðarskólar sjeu nauðsynlegir. Hjer á landi eru hvorki staðhættir, landslag, atvinnuvegir nje búnaðarhættir svo ólíkir í hinum ýmsu fjórðungum landsins, að hið sama geti ekki að mestu átt þar við, það er kemur til kennslu í búfræði og jarðyrkju. Nefndinni virðist því, að tveir eða jafnvel einn búnaðarskóli geti eins vel eða enda betur fullnægt þörfum landbúnaðarins eins og allir þeir búnaðarskólar, sem vjer nú höfum. Nefndin getur heldur ekki talið það nein veruleg tormerki, að óhægra sje fyrir landsmenn að nota skólana, ef þeir eru fáir, því að eptir því sem samgöngur færast í betra horf, verður auðveldara að sækja úr einum landsfjórðung í annan. Nefndin telur það enda kost, að búfræðingar þekki til víðar en í þeirri sýslu eða fjórðungi, þar sem þeir eru uppaldir.

Búnaðarskólar þeir, sem nú eru, veita þeim, er á þá ganga, hvergi nærri þá menntun í vísindalegri og verklegri búfræði, sem nefndin verður að telja nauðsynlegt skilyrði fyrir verulegum framförum landbúnaðarins. Kemur þetta sjálfsagt mikið til af því, að styrkur sá, er þeir njóta, er í raun og veru hvorki heill nje hálfur og kennslukraptar á sumum þeirra, ef til vill, ekki svo fullkomnir sem skyldi.

Það er því samhuga álit nefndarinnar, að þessu máli sje hrundið í heppilegt horf með því að styrkja ríflega af landsfje tvo eða jafnvel að eins einn allsherjarbúnaðarskóla fyrir land allt, og sameina því hina núverandi búnaðarskóla, eða láta þá sigla sinn eigin sjó, vilji hlutaðeigandi hjeruð spila upp á eigin spítur með þá. Þótt búnaðarskólunum væri ekki fækkað nema um helming, mundi enda sá styrkur, sem þeim nú er veittur öllum, koma tveimur skólum tiltölulega að miklu betri notum, væri þeim að öðru leyti vel stjórnað. En það er einnig að áliti nefndarinnar mjög áríðandi fyrir framtíð búnaðarskólanna, að komið sje föstu skipulagi á þá með lögum.

Þetta, sem þegar hefur verið tekið fram, eru frá sjónarmiði nefndarinnar almennar athugasemdir og bendingaratriði, með því að ekki er að hugsa til að ráða máli þessu til endilegra úrslita á þessu þingi, en nefndin telur sjálfsagt og nauðsynlegt að taka búnaðarskólamál vort til rækilegrar íhugunar til næsta þings. En þar eð mál þetta snertir að öðru leyti svo mjög hlutaðeigandi hjeraðastjórnir, sem nú hafa alla umsjón og umönnun búnaðarskólanna, þá álítur nefndin sjálfsagt að leita álits sýslunefnda og amtsráða, áður en þingið gjörir fullnaðarályktun um mál þetta. Þetta þing getur því einungis hreift málinu og lagt það til við landstjórnina, að hún undirbúi það til næsta þings með því að leita álits sveitastjórnarvaldanna, er hún svo legði fyrir næsta þing. Á þann hátt fengist sá undirbúningur, sem frá hjeraðanna hálfu er nauðsynlegur, og sem næsta alþingi gæti haft sjer til hliðsjónar í meðferð málsins.

Sumir nefndarmanna eru að vísu því mest sinnandi, að stofnaður sje af landsfje einn allsherjarbúnaðarskóli fyrir allt landið, og hinir núverandi búnaðarskólar sjeu úr því látnir hlutlausir en jafnframt styrklausir frá þingsins hálfu. Þessir skólar yrðu þá eingöngu hjeraðastofnanir með því fyrirkomulagi, er hjeraðastjórnirnar teldu hagkvæmast.

En þótt nefndin öll ekki hafi að þessu sinni viljað gjöra neina beina tillögu í þessa átt, telur hún rjett að taka þetta fram sem bendingaratriði, og sem búast megi við, að komið geti til umræðu og íhugunar, þegar búnaðarskólamálið verður tekið til meðferðar á alþingi.

Nefndin ræður því hinni h. neðri deild til að samþykkja svohljóðandi

Tillögu

til þingsályktunar.

Alþingi skorar á landstjórnina að leita álits og umsagnar sýslunefnda og amtsráða um sameining hinna núverandi búnaðarskóla, og leggja skýrslur þessar fyrir næsta alþingi.

Alþingi, 17. ágúst 1891.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, framsögumaður. Árni Jónsson, skrifari. Jens Pálsson. Þ. Guðmundsson.

Ed. **430. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá nefndinni.

1. Við 10. við 13. gr. C. Orðin í niðurlagi greinarinnar: „hvort árið“ falli úr.
2. Við 14. við 13. gr. C. 12. Fyrir orðin: „að hlutaðeigendur staðfestist“, komi: „að hlutaðeigendur skuldbindi sig til að staðfestast“.

Ed. **431. Breytingartillaga**

við breytingartillögu nefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1892 og 1893. Frá Grími Thomsen.

Við 13. gr. C., 13. og 14. tölulið: Skilyrðið falli burt.

Ed. **432. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 13. gr. C. 7. Aptan við töluliðinn bætist: Með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.

Ed. **433. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Skúla Þorvarðarsyni.

Við 11. gr. 2. Á eptir stafliðnum „g“ komi svolátandi stafliður:

„h. til aukalæknis á Eyrarbakka í Árnessýslu 1000 krónur hvort árið.

Nd. **434. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, 25 gr.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt mál sátt. Meiri hlutinn, vjer sem skrifum

hjer undir, ráðum h. h. deild að samþykkja frv. eins og það nú er frá h. h. efri deild.

Alþingi 17. ágúst 1891

Lárus Halldórsson formaður. Eiríkur Briem. Jón Jónsson þm. N.-Þ.

Minni hlutinn ræður h. h. deild þar á móti til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögu:

Við 2. gr. 2. gr. orðist þannig:

„Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdarstjóri er skipaður, sem ekki hefur embættisstörf eða önnur atvinnustörf á hendi".

Sigurður Stefánsson. Skúli Thoroddsen.

Ed. **435. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild (347). Frá Sighvati Árnasyni.

Við 10. gr. C. bætist nýr töluliður þannig hljóðandi:

„9. til að járnklæða Langholtskirkju í Vestur-Skaptafellssýslu 500 kr. fyrra árið".

Nd. **436. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þingskjal 353). Frá Skúla Thoroddsen og Jens Pálssyni.

Í stað orðanna: „við lagningu . . . málþráðarstöðum„

komi: „bæði við lagningu frjettaþráða (telegrapha) og við lagningu málþráða (telephona), með hæfilega mörgum millistöðvum".

Nd. **437. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þingskjal 354). Frá Skúla Thoroddsen og Jens Pálssyni.

Í stað orðanna: „að leitað verði samninga við erlend ríki um lagningu frjettaþráðs (telegraphs) til Íslands",

komi: „að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sjerstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði frjettaþráður (telegraph) til Íslands".

Nd. **438. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Þorláki Guðmundssyni.

Alþingi ályktar, að skora á landstjórnina, að láta verkfræðing skoða skerin við Skúmstaða-ós á Eyrarbakka, og gjöra áætlun um kostnað við að sprengja úr þeim, svo að hægt sje, að sigla kaupskipum inn á austur-höfnina.

Nd. **439. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Sigurði Jenssyni, Árna Jónssyni og Ólafi Ólafssyni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands, að gefa fulltrúa stjórnarinnar á alþingi framvegis fullkomnara umboð til að semja við þingið, en hann hingað til hefur haft.

Nd. **440. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 (425). Frá Ólafi Ólafssyni, Jóni Jónssyni þm. N.-M., Jens Pálssyni, Skúla Thoroddsen, Ólafi Pálssyni og Sv. Eiríkssyni.

Við 4. gr. Fyrir orðin: „19. og 29. gr.“ komi: „19., 29. og 34. gr.“

Ed. **441. Breytingartillaga**

við tillögur til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga og fjenaðarsýninga. Frá Jóni A. Hjaltalín, Skúla Þorvarðarsyni og Arnljóti Ólafssyni.

Stafliðurinn B. 1.—5. töluliður falli burt.

Ed. **442. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

Hin háttvirta efri deild alþingis kaus oss undirskrifaða í nefnd, til þess að segja álit vort um þetta mál. Vjer ræddum málið á fundi, og varð þetta álit vort.

Í frumvarpi þessu er að vísu nafnið háskóli, en þar eru engin ákvæði, er einkenni slíka stofnun. Nefndin gat því eigi sjeð, að nafnið eitt gæti verið til nokkurra nytja; hún gat heldur eigi sjeð, að prestaskólinn og læknaskólinn yrði að nokkru gagnlegri fyrir það, þótt þeir væru kallaðir þessu nafni báðir í einu, heldur en með þeim nöfnum er þeir hafa nú.

Hið eiginlega nýmæli í frumvarpinu er ákvæðin um stofnun lagaskóla. Nefndin var öll á einu máli um það, að æskilegt gæti verið, að lagaskóli eða lagakennsla kæmist hjer á svo fljótt sem orðið gæti. En nefndin sá, að þótt hún smíðaði nýtt frumvarp um lagaskólann, þá væri tíminn orðinn svo naumur, að því gæti eigi orðið framgengt á þessu þingi; fyrir því tók hún eigi þann kostinn. En jafnframt vill nefndin leyfa sjer að láta í ljósi þá ósk sína, að landstjórnin finni ástæðu til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um lagaskóla á Íslandi.

Af þeim ástæðum, er nú voru taldar, vill nefndin ráða hinni háttvirtu deild frá að samþykkja frumvarp þetta að svo stöddu, en jafnframt leyfir hún sjer að koma fram með þingsályktun í þá stefnu, sem þegar er tekið fram.

Alþingi, 18. ágúst 1891.

J. Havsteen, formaður. Jón A. Hjaltalín, skrifari og framsögum.

Jeg er samþykkur mínum heiðruðu meðnefndarmönnum að öðru leyti en því, að jeg vil hafa þingsályktunina fyrir varatillögu.

Sighv. Árnason.

Ed. **443. Þingsályktun**

um lagaskóla. Frá nefndinni í málinu: frumv. til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Ed. **444. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (Eptir 3. umr. í Nd.)

1. gr. Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess ollandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur en ákveðið er í 1. gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landsjóðs.

Þegar sakamál er höfðað hefur sakborningur rjett til að koma fram með skaðabótakröfu sína, og fá gjört út um hana um leið og málið er dæmt.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landsjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð. Nú hefur maður eigi krafizt skaðabóta, svo sem áður er sagt, og á hann þá kost á að leggja skaðabótakröfu sína undir úrskurð amtmanns. Vilji sakborningur eigi hlíta þeim úrskurði, er honum frjálst að koma fram skaðabótakröfu sinni með einkamálslögsókn gegn hinu opinbera að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og ber þá sækjanda að höfða málið við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

4. gr. Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, skal höfða áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi, að öllu eða einhverju leyti, og þrófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landsjóði, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er í hlut á, fer krafan til skaðabóta fyrir fjártjón til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landsjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu. gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Ákvæði þessara laga um rjett til skaðabóta skulu einnig ná til þeirra manna, sem að ósekju hafa sætt sakamálsrannsókn, ákæru eða dómi, þótt þeir hafi eigi verið settir í gæzluvarðhald, eða tekið út hegningu.

10. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið, áður en þau öðlast gildi.

Ed. **445. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir (362). Frá E. Th. Jónassen, Sighvati Árnasyni og Skúla Þorvarðarsyni.

Fyrir aptan 3. gr. bætist við ný grein (4. gr.):

„Stjórninni veitist og heimild til þess að selja spítalaeignina Kaldaðarnes í Árnessýslu með hjáleigum:

a. Höskuldstöðum,
b. Mosastöðum,
c. Magnúsfjósum,
d. Valdastöðum,
e. Móakoti,
f. Hreiðurborg og
g. Miðhúsum

og með Kaldaðarnesskirkjujörðunum;

a. Kálfhaga og
b. Lambastöðum

fyrir að minnsta kosti 10,000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem eru nefndir í 3. gr. þessa frumvarps.

Nd. **446. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa. (Eptir fyrri umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina:

1. Að strandferðunum verði hagað svo:
   a, að póstskip komi við á Seyðisfirði og Eskifirði í janúarmánuði á leið til Reykjavíkur.
   b, að póstskip fari um miðjan marz frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur.
   c, að póstskip fari 5 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 5 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem yfirstandandi ár og, auk þeirra staða, er póstskipin á yfirstandandi ári koma við á, komi það þá í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík, í 2. ferðinni til og frá Reykjavík við á Fáskrúðsfirði, Hofsós og Borðeyri; í 3. ferðinni, er gengur frá Reykjavík sunnan um land til Berufjarðar í júnímánuði komi skipið við í Keflavík; á leiðinni frá Berufirði norður um land í sömu ferðinni á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík og Ólafsvík; og á leiðinni frá Reykjavík á Ólafsvík, Borðeyri og Húsavík; í 4. ferðinni til og frá Reykjavík komi það við á Fáskrúðsfirði, Hofsós, Borðeyri og Flatey, og í 5. ferðinni frá Reykjavík komi það við á Flatey, Borðeyri, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október.
   d, að póstskip fari snemma í maí frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.
   e, að póstskip fari um miðjan maí frá Reykjavík til Austfjarða.
   f, að póstskip fari síðari hlut júlímánaðar frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.
   g, að póstskip fari í júlímánuði frá Austfjörðum til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Austfjarða sunnan um land.
   h, að póstskip komi við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og Keflavík á leið til Reykjavíkur seint í september.
2. Að strandferðaskipin hafi tvenn farþegarúm, hið æðra fyrir eigi færri en 30 farþega og hið óæðra fyrir um 50 farþega.
3. Að milli hafna hjer á landi megi farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegarúmi hafa fæði með sjer, og farþegar á æðra farþegarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það sem þeir njóta.
4. Að farþegagjald og flutningsgjald milli hafna hjer á landi verði eigi sett hærra, en verið hefir að undanförnu.
5. Að farþegagjald hafna á milli á Íslandi sje ódýrara, ef borgað er í einu fyrir að fara með skipinu fram og aptur í sömu ferð.
6. Að útgjörðarmenn skipanna hafi varnarþing í Reykjavík.

Ed. **447. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Þorleifi Jónssyni, Sighvati Árnasyni og J. Havsteen.

Við 13. gr. Aptan við greinina staflið C. bætizt nýr töluliður svohljóðandi: Til kennara Halldórs Briem til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði fyrra árið 300 kr.

Ed. **448. Viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá nefndinni.

1. við 10. gr. C. 4. b. (nýr stafliður bætist inní eptir b.):
   c. til hins íslenzka garðyrkjufjelags til eflingar garðræktar 200—200
2. við 13. gr. VI. (nýr liður bætist inní innan stryks):
   g. til áhaldakaupa handa 10 nemendum 400 „
   til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis 200 „
   kennslukaup fyrir 8 mánuði . . . 500—500

Nd. **449. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning til brúargerða. Frá Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Benidikt Sveinssyni, Þorvarði Kjerúlf, Sigurði Gunnarssyni og Jóni Jónssyni þm. N.-M.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingjann að hlutast til um, að vegfræðingur verði látinn skoða brúastæði á Lagarfljóti og á Jökulsá í Öxarfirði, og gera áætlun um kostnað við brúagerðina.

Nd. **450. Fyrirspurn**

til landshöfðingja frá Jens Pálssyni þm. Dalamanna.

Hvað hefur landstjórnin gjört til þess, að útvega landinu bætur frá gufuskipafjelaginu sameinaða fyrir brot þess gegn 3. gr. samnings um póstgufuskipaferðir frá 12. jan. 1880, og 2. gr. samnings um sama efni frá 2. nóv. 1889, að því er snertir óæðra farþegarúmið á strandferðaskipinu Thyra.

Ed.

451. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43,000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,039,033 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 296,893 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697 57	75,697 57	51,416 66

			1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	75,697 57	75,697 57	51,416. 66
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400 »	1,400 »	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
		1892. 1893.			
	a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
	viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 — 1,225 —			
	3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
	þvottur	30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa ...	520 — 520 —			
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
		4,215 kr. 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn	615 — 615 —			
		3,600 kr. 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700 »	3,700 »	
4.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200 »	5,200 »	
			85,997 57	85,997 57	171,995. 14
		flyt			223,411. 80

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar			223,411. 80
C.				
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —	2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	2,500 kr.			
2. — — á Hólum	3,500 —			
3. — — - Eyðum	2,000 —			
4. — — - Hvanneyri	2,000 —			
	1892. kr. / 1893. kr.			
	10,000 / 10,000			
b. til búnaðarfjelaga	12,000 / 12,000			
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu. Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240 / 240			
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300 / 300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla	300 / 300			
	flyt 22,840 / 22,840	5,541. »	5,541. »	223,411. 80

	1892. kr.	1893. kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar	22,840	22,840	5,541 »	5,541 »	223,411. 80
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200	200			
g. styrkur til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, fyrra árið allt að. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til ¼ í móti ¾ úr landsjóði.	3,000	»			
			26,040 »	23,040 »	
5. til vitans á Reykjanesi:	1892	1893			
a. til launa vitamannsins.	1,200 kr.	1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum	60 —	60 —			
c. til að kaupa olíu	1,200 —	1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150 —	150 —			
e. til að kaupa steinkol	120 —	120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 —	200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina	30 —	30 —			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400 —	» —	6,360 »	2,960 »	
6. til vörðuvita			500 »	500 »	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði			1,000 »	1,000 »	
8. til að bæta turninn á Vestmannaeyja kirkju			500 »	»	
9. til að járnklæða Langholtskirkju í Vestur-Skaptafellssýslu			500 »	»	
			40,441 »	33,041 »	73,482. »
samtals					296,893 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 100,844 kr.:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	39,598 »	39,598 »	79,196. »
2. styrkur til 7 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði, ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði, ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
flyt	39,598 »	39,598 »	79,196. »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	39,598 »	39,598 »	79,196 »
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	7,000 »	7,000 »	14,000 »
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	3,824 »	3,824 »	7,648 »
samtals	50,422 »	50,422 »	100,844 »

12. gr. Til samgöngumála veitast 228,300 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum 4,700 —			
c. — brjefhirðingamönnum 2,700 —	9,800 »	9,800 »	19,600 »
2. póstflutningur	34,000 »	34,000 »	68,000 »
3. önnur útgjöld:	1892. kr.	1893. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200	
e. til áhalda	1,800	600	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50	
g. óviss útgjöld	200	200	4,150 »	2,950 »	7,100 »
samtals			47,950 »	46,750 »	94,700 »
flyt			47,950 »	46,750 »	94,700 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	47,950 »	46,750 »	94,700 »

B. Til vegabóta:	1892. kr.	1893. kr.			
a. til að útvega verkfróðan mann	»	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	30,000	30,000			
c. til fjallvega	3,500	3,500			
d. til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði fyrra árið	2,400	»			
Veitingin er bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi til það fje, er vantar til þessa fyrirtækis.			35,900 »	36,500 »	72,400 »

C. Til gufuskipaferða:				
a. til strandferða allt að	18,000 kr.			
b. þar að auki allt að	3000 —			
með því skilyrði, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun alþingis.				
c. til gufubátsferða á Vestfjörðum	2,400 —			
d. — —— á Faxaflóa	2,400 —			
e. — —— á Austfjörðum	2,400 —			
f. — —— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja	2,400 —		30,600 »	30,600 »	61,200 »
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna.					
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ½ á móti ½ úr landsjóði.					
samtals			114,450 »	113,850 »	228,300 »

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 258,396 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000 »	7,000 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500 »	10,000 »	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,700 »	2,700 »	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 »	600 »	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	500 »		
5. bráðabirgðaruppbót á Akureyrarprestakalli gegn því, að presturinn í Grundarþingum njóti leigulausrar ábúðar á kirkjujörðinni Hrafnagili	600 »	600 »	
flyt	20,900 »	20,900 »	

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	20,900 »	20,900 »	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, þó því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins	200 »	200 »	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ..	3,100 »	3,100 »	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000 »	1,000 »	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300 »	300 »	
	25,500 »	25,500 »	51,000 »
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,800 »	9,800 »	
b. önnur útgjöld:			
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum (1892: 1,600 kr. / 1893: 1,600 kr.)			
2. 3 ölmusur (1892: 600 — / 1893: 600 —)			
3. til tímakennslu (1892: 100 — / 1893: 100 —)			
4. til bókakaupa (1892: 300 — / 1893: 300 —)			
5. til eldiviðar og ljósa... (1892: 100 — / 1893: 100 —)			
6. til umsjónar (1892: 100 — / 1893: 100 —)			
7. ýmisleg útgjöld (1892: 200 — / 1893: 200 —)	3,000 »	3,000 »	
	12,800 »	12,800 »	25,600 »
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600 »	3,600 »	
Þar af 400 kr. hvort árið, launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar, 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor (1892: 400 kr. / 1893: 400 kr.)			
2. eldiviður, ljós og ræsting (1892: 120 — / 1893: 120 —)			
3. til bókakaupa og verkfæra (1892: 300 — / 1893: 300 —)			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum (1892: 300 — / 1893: 300 —)			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum (1892: 480 — / 1893: 480 —)			
flyt: (1892: 1600 — / 1893: 1600 —)	3,600 »	3,600 »	76,600 »

	1892.	1893.	1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:	1,600 kr.	1,600 kr.	3,600 »	3,600 »	76,600 »
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.....	100 —	100 —			
			2,000 »	2,000 »	
			5,600 »	5,600 »	11,200 »
III. til hins lærða skóla:					
a. laun.....			19,800 »	19,800 »	
b. aðstoðarfje:					
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu.....	1,800 kr.				
handa söngkennaranum.....	600 —				
handa fimleikakennaranum.....	700 —				
handa dyraverði	1,000 —				
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans.....	300 —		4,400 »	4,400 »	
c. önnur útgjöld:	1892.	1893.			
1. til bókasafns skólans	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu.....	1,100 —	1,100 —			
5. ölmusur.....	6,000 —	6,000 —			
6. þóknun handa lækni	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu	500 —	200 —			
b. í eðlisfræði	500 —	200 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —			
			12,148 »	11,548 »	
			36,348 »	35,748 »	72,096 »
flyt					159,896 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:			159,896 »
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600 »	6,600 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ..... 400 kr.	400 kr.		
2. til eldiviðar og ljósa.....500 —	500 —		
3. til skólahússins utan og innan 200 —	200 —		
4. til viðgjörðar á skólahúsinu... 1,000 —	» —		
5. ýmisleg útgjöld .....400 —	400 —		
6. til styrkveitingar námspiltum 500 —	500 —		
	3,000 »	2,000 »	
	9,600 »	8,600 »	18,200 »
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun.....	1,500 »	1,500 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa... .. 500 kr.			
2. til tímakennslu ..... 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. .... 200 —	1,300 »	1,300 »	
	2,800 »	2,800 »	5,600 »
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík. . . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . . 2,000 — þar af 800 kr. til húsabygginga.			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . . 1,200 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 — Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	7,000 »	7,000 »	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	4,000 »	4,000 »	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000 »	4,000 »	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500 »	2,500 »	
flyt	17,500 »	17,500 »	183,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	17,500	17,500	183,696 »
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
e. til verzlunarskóla í Reykjavík	250 »	250 »	
f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, fyrra árið.....	1,000 »		
	19,750 »	18,750 »	38,500 »
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200 »	200 »	
b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi	500 »		
c. til sundkennslu annarstaðar ..... Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800 »	800 »	
	1,500 »	1,000 »	2,500 »
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
	1892.	1893.	
a. laun bókavarðar	1,000 kr.	1,000 kr.	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700 —	700 —	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100 —	100 —	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	1,800 —	1,800 —	
flyt	3600 kr.	3600 kr.	224,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	3,600 kr.	3,600 kr.	224,696 »
e. til eldiviðar og áhalda m.m.	450 —	450 —	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300 —	300 —	
	4,350 »	4,350 »	
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins	400 »	400 »	
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
4. til Þjóðvinafjelagsins	400 »	400 »	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda.	1,000 kr.		
b. til umsjónar	400 —		
c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja	1,000 —		
	2,400 »	2,400 »	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800 »	800 »	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið	600 »	600 »	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000 »	1,000 »	
9. til Fornleifafjelagsins	300 »	300 »	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400 »	400 »	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200 »	1,200 »	
12. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.	1,200 »	» »	
13. ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar	1,200 »	» »	
14. styrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens.	1,200 »	» »	
15. styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið, og halda áfram skrásetningu yfir það	600 »	600 »	
16. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600 »	600 »	
flyt	17,650 »	14,050 »	224,696»

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flyt	17,650 »	14,050 »	224,696 ».
17. Til tannlæknis O. Nickolins til að halda áfram tannlækningum hjer á landi.....	500 »	500 »	
18. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum.....	500 »	500 »	
	18,650 »	15,050 »	
			33,700 »
samtals			258,396 »

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thorarensen 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 30,766 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

Ed. **452. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Sighvati Árnasyni, Grími Thomsen og Á. Thorsteinson.

1. Við 12. gr. B. (við tölul. um svifferjur á Hjeraðsvatna-ósana). Í staðinn fyrir „2400 kr.“, komi: „1200 kr.“.

Í öðru lagi, að skilyrðið orðist þannig: „Veitingin er bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi jafnmikið fje til fyrirtækisins“.

Ed. **453. Viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá nefndinni.

1. við 10. gr. C. 4. b. (nýr stafliður bætist inn í eptir b.):

c. til hins íslenzka garðyrkjufjelags til eflingar garðræktar 200—200.

2. við 13. gr. VI. (nýr liður bætist inn í innan stryks):

g. til skólaiðnaðarkennslu:

til áhaldakaupa handa 10 nemendum 400— „

til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis 200— „

kennslukaup fyrir 8 mánuði . . . . 500— 500—1100—500

Nd. **454. Nefndarálit**

í málinu um frumvarp til laga um líkskoðun.

Vjer undirskrifaðir, sem kosnir hafa verið í nefnd til þess að íhuga þetta mál, leyfum oss að geta þess, að einn af nefndarmönnum hefur legið sjúkur allt til þessa, og með því að vjer álítum að gjöra þyrfti miklar breytingar á frumvarpinu, en nú er svo liðið á þingtímann að eigi er nægur tími til þessa, leyfum vjer oss að ráða hinni heiðruðu deild til þess að fella frumvarpið að þessu sinni.

Alþingi, 19. ágúst 1891.

J. Jónassen	Þorvarður Kjerúlf	Sigurður Stefánsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Ed. **455. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið.

Þó skal og bannað að selja áfenga drykki, hvort heldur er á veitingastöðum eða í verzlunarbúðum, frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum.

Nd. **456. Frumvarp**

til laga um fjárráð giptra kvenna og fleira. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Rjett er að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna: skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gjörður í tveggja votta viðurvist; og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samninga til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gjöra hjónaefni hjúskaparmála; skal hann áður brullaup fer fram þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum. Nú hljóðar hjú-

skaparmáli um fasteignir og skal hann, áður brullaup fer fram, fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn eða fyrirfram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvor ábyrgð skuli bera skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli þótt þinglesinn sje í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjör, nema að sannað verði að þeim, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir að það skuli sjereign vera, er öðruhvoru hjóna hlotnast við arf eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu nema öðru vísi sje umsamið í hjúskaparmála. Eigi má hann þó selja, veðbinda nje leigja þær fasteignir, sem konan flutti í búið, nema samþykki hennar komi til.

Nú hefur bóndi gjört slíkan samning að konunni fornspurðri, og er henni þá rjett að ripta gjörningnum, en málsókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi eða frá því að hún fjekk vitneskju um gjörninginn.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu; en heimilt er hvoru hjóna eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu og hefur hún þá ein rjett til að ráða yfir hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað án þess að samþykki konunnar hafi komið til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimta að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, og skal gjörningur sá þinglesinn á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna er vill, nema sannað verði að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur. Þó er gjöf ógild nema sannað verði að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin. Þessi ákvæði ná þó ekki til smágjafa þeirra, sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætluð er því hjóna, er gjöf þáði, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjermeð úr lögum numin.

Ed. **457. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri, eptir óskum og tillögum sýslunefnda, þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sömu sýslu.

2. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn, skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn af flokki kjósenda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum, og einn af kjósendum er sýslunefndin kýs. Þessi kjörstjórn skal mæta á kjörstöðum sýslunnar.

3. gr. Á síðari kjörstaðnum, ef tveir eru, og á hinum síðasta, ef þrír eru, skal kjörstjórnin telja saman öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar; er sá rjettkjörinn þingmaður, er fengið hefur meir en helming allra atkvæða. Nú hefur þingmannsefni eigi fengið yfir helming atkvæða við fyrstu atkvæðagreiðslu, skulu þá þegar á síðasta kjörstaðnum og innan hálfsmánaðar á hinum kjörstaðnum fara fram bundnar kosningar, þannig að kjósendur skulu kjósa um allt að helmingi fleiri þingmannsefni, en þingmenn eru fyrir kjördæmið; enda skulu þingmannsefni þessi hafa fengið flest atkvæði við hina fyrri kosningu, ef fleiri hafa verið í kjöri.

4. gr. Með lögum þessum eru felldar úr gildi 19., 29. og 34. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **458. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir verð það, er til fært er við hverja þeirra:

1.	Miðskóg í Dalasýslu	fyrir 750 kr.
2.	Svarthamar í Ísafjarðarsýslu . .	— 1800 —
3.	Seljaland í sömu sýslu	— 2000 —
4.	Hattardal meiri, í sömu sýslu .	— 2100 —
5.	Hattardal minni, í sömu sýslu .	— 1900 —
6.	Glúmstaði (eyðijörð) í sömu sýslu	— 150 —
7.	Atlastaði í sömu sýslu	— 300 —
8.	Tungu í sömu sýslu	— 300 —
9.	Rekavík bak Látur	— 400 —
10.	Stakkadal í sömu sýslu . . .	— 550 —
11.	Miðvík efri, í sömu sýslu . .	— 450 —
12.	Miðvík neðri, í sömu sýslu . .	— 600 —
13.	Halldórsstaði (eyði-jörð) í Strandas.	— 900 —
14.	Reykjanes í sömu sýslu . . .	— 1100 —
15.	Reyki í Hrútafirði	— 2800 —
16.	Sveinsstaði í Húnavatnssýslu .	— 3350 —
17.	Páfastaði í Skagafjarðarsýslu .	— 2650 —
18.	Varmaland í sömu sýslu . . .	— 1250 —
19.	Geirmundarstaði í sömu sýslu .	— 3000 —

20. Hafragil í sömu sýslu	—	2400	kr.
21. Skíðastaði með 1 hjáleigu í sömu s.	—	4800	—
22. Litla-Dunhaga í Eyjafjarðarsýslu	—	2500	—
23. Hofsárkot í sömu sýslu . . .	—	1400	—
24. Sörlatungu í sömu sýslu . . .	—	2600	—
25. Fjeeggsstaði í sömu sýslu . .	—	1500	—
26. Þúfnavelli í sömu sýslu . . .	—	3300	—
27. Skeggstaði í sömu sýslu . . .	—	1000	—
28. Fremstafell í Köldukinn . . .	—	3000	—
29. Stóru-Tjarnir í Ljósavatnsskarði	—	1650	—
30. Reyki í Fnjóskadal	—	3000	—
31. Tungu í Fnjóskadal	—	1800	—
32. Snæbjarnarstaði í sama hreppi .	—	2400	—
33. Hjaltadal í sama hreppi . . .	—	3300	—
34. Belgsá í sama hreppi	—	1500	—
35. Þórðarstaði í sama hreppi . .	—	1500	—
36. Efri-og Neðri-Mörk í Skaptafellss.	—	1400	—
37. Seglbúðir í sömu sýslu . . .	—	900	—
38. Norður-Hvamm í sömu sýslu .	—	1500	—
39. Heiði í sömu sýslu	—	1100	—
40. Ásgarð í sömu sýslu	—	225	—
41. Arnardrang í sömu sýslu . . .	—	1050	—
42. Hörgsdal í sömu sýslu	—	3000	—
43. Rauðaberg í sömu sýslu . . .	—	1300	—
44. Ytri-Dalbæ í sömu sýslu . . .	—	520	—
45. Seljaland í sömu sýslu	—	1600	—
46. Húnkubakka í sömu sýslu . .	—	1090	—
47. Heiðarsel í sömu sýslu	—	1075	—
48. Hæðagarð í sömu sýslu . . .	—	350	—
49. Brattland í sömu sýslu	—	500	—
50. Ytri-Tungu í sömu sýslu . . .	—	750	—
51. Efri-Fljót í sömu sýslu	—	1360	—
52. Syðri-Fljót í sömu sýslu . . .	—	800	—
53. Langholt (með kirkjunni), í sömu s.	—	800	—
54. Staðarholt í sömu sýslu . . .	—	1200	—
55. Hvamm í sömu sýslu	—	1100	—
56. Flögu í sömu sýslu	—	1500	—
57. Hrísnes í sömu sýslu	—	1400	—
58. Norður-Götur í sömu sýslu . .	—	1000	—
59. Suður-Götur í sömu sýslu . .	—	1000	—
60. Fagradal í sömu sýslu	—	1850	—
61. Skeiðflöt í sömu sýslu	—	1200	—
62. Kjalveg í Snæfellsnessýslu . .	—	900	—
63. Hólkot í sömu sýslu	—	1100	—

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Það sem eptir stendur, þrír fjórðungar kaupverðsins, greiðist á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Stjórninni veitist og heimild til þess að selja spítalaeignina Kaldaðarnes í Árnessýslu með hjáleigum:

a. Höskuldsstöðum,
b. Mosastöðum,
c. Magnúsfjósum,
d. Valdastöðum,
e. Móakoti,
f. Hreiðurborg og
g. Miðhúsum

og með Kaldaðarneskirkjujörðunum:

a. Kálfhaga og
b. Lambastöðum

fyrir að minnsta kosti 10,000 kr. með sömu borgunarskilmálum, sem nefndir eru í 3. gr. þessa frumvarps.

5. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. des. 1894.

Nd. **459. Þingsályktunartillaga**

frá póstmálanefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að hún hlutist til um:

1. að póststofunni í Reykjavík sje haldið lengur opinni á degi hverjum, en nú á sjer stað, einkum eptir komu pósta og fyrir brottför þeirra, samkvæmt því sem almenningsþörf krefur;
2. að brjef þau, er viðtakendur innan Reykjavíkur eigi hafa hirt á póststofunni 12 stundum eptir komu pósts, verði send þeim tafarlaust;
3. að brýnt sje fyrir póstmönnum, að þeir fylgi rækilega reglum þeim, sem þeim eru settar;
4. að leiðarvísir sje af nýju gefinn út fyrir póstafgreiðslumenn og brjefhirðingamenn;
5. að mönnum í kaupstöðum og verzlunarstöðum sje gefinn kostur á, að sækja um póstafgreiðslu- og brjefhirðinga-sýslanir, þegar þær losna;
6. að mönnum sje gefinn kostur á, að gjöra tilboð um, að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir, þegar slíkar sýslanir losna.

Nd. **460. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa (þingskjal 446). Frá Lárusi Halldórssyni, Jens Pálssyni, Páli Ólafssyni, Árna Jónssyni, Þ. Kjerúlf og Jóni Jónssyni þm. N.-M.

1. Við tölul. 1. Á eptir orðunum: „hagað svo", komi: „annaðhvort".
2. Á eptir tölul. 1. stafl. h. komi: „eða svo:
   a. að póstskip fari 3 ferðir norðan um land til Reykjavíkur, og 3 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem 1., 3. og 5. strandferð yfirstandandi ár, og með sömu viðkomustöðum.
   b. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar sem næst samkv. áætlun á þingskjali 461.
   c. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur austur og norður um land milli Reykjavíkur og Borðeyrar, sem næst samkv. áætlun á þingskjali 462.

   Til ferðanna í staflið a. og 1., 2., 3. og 5. ferðar í staflið b: sje varið 9000 kr., en til ferðanna í staflið c. og til 4. og 6. ferðar í staflið b. 12000 kr.

Nd. 461. Áætlun um strandferðir milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

I.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Reykjavik	12. marz	2. maí	13. júní	31. júlí	27. ág.	4. nóv.
— Ólafsvík		2. —	13. —	31. —	27. —	5. —
— Stykkishólmi	12. —	2. —	13. —	31. —	27. —	6. —
— Flatey	12. —	3. —	14. —	1. ág.	28. —	6. —
— Patreksfirði		3. —	14. —	1. —	28. —	7. —
— Arnarfirði		4. —	15. —	2. —	29. —	7. —
— Dýrafirði		4. —	15. —	2. —	29. —	8. —
— Önundarfirði		5. —	16. —	3. —	30. —	8. —
Á Isafirði	15. —	5. —	16. —	3. —	30. —	9. —

II.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Ísafirði	17. marz	7. maí	19. júní	5. ág.	1. sept.	10. nóv.
— Önundarfirði		7. —	19. —	5. —	1. —	10. —
— Dýrafirði		8. —	20. —	6. —	2. —	11. —
— Arnarfirði		8. —	20. —	6. —	2. —	11. —
— Patreksfirði		9. —	21. —	7. —	3. —	12. —
— Flatey	19. —	9. —	21. —	7. —	3. —	12. —
— Stykkishólmi	19. —	10. —	22. —	8. —	4. —	13. —
— Ólafsvík		10. —	22. —	8. —	4. —	13. —
Í Reykjavík	20. —	11. —	23. —	9. —	5. —	14. —

Nd. 462. Áætlun um strandferðir frá Reykjavík austur

I.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Reykjavík . . .	10. maí	8. júní	3. júlí	10. ág.	28. ág.	3. okt.
— Hafnarfirði . . .	10. —		3. —			
— Keflavík	11. —	8. —				
— Eyrarbakka . . .	11. —		4. —			
— Vestmannaeyjum .	12. —		4. —		30. —	
— Hornafirði . . .		9. —			30. —	
— Berufirði	13. —		5. —			5. —
— Breiðdalsvík . . .		10. —	5. —		31. —	
— Fáskrúðsfirði . .	13. —	10. —	6. —		1. sept.	5. —
— Reyðarfirði . . .	14. —	11. —	6. —		1. —	5. —
— Eskifirði	14. —	11. —	7. —	12. —	2. —	6. —
— Norðfirði		11. —	7. —		2. —	6. —
— Mjóafirði	15. —	12. —	8. —		3. —	6. —
— Seyðisfirði . . .	16. —	12. —	9. —	12. —	4. —	7. —
— Borgarfirði . . .	16. —				4. —	7. —
— Vopnafirði . . .	17. —	13. —	9. —	13. —	5. —	8. —
— Bakkafirði . . .	17. —	13. —			5. —	
— Þórshöfn		13. —			6. —	
— Raufarhöfn . . .	18. —				6. —	8. —
— Kópaskeri . . .		14. —			7. —	
— Húsavík	18. —	14. —	10. —	13. —	8. —	9. —
— Flatey			10. —		8. —	
— Akureyri	20. —	15. —	11. —	14. —	9. —	10. —
— Siglufirði	20. —	15. —	11. —		10. —	10. —
— Hofsós	20. —	15. —	11. —		10. —	
— Sauðárkrók . . .	21. —	16. —	12. —	14. —	11. —	11. —
—Skagast.eða Blönduós	21. —	16. —	12. —	15. —	11. —	11. —
Á Borðeyri.	21. —	16. —	13. —	15. —	12. —	12. —

Á Vestmannaeyjar, Hornafjörð, Berufjörð, Kópasker og Flatey verður því að eins komið, að veður og sjór leyfi.

og norður fyrir land að Borðeyri.

II.	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Frá Borðeyri. . . .	25. maí	20. júní	16. júlí	18. ág.	15. sept.	14. okt.
— Skagastr. eða Blönduós	25. —	20. —	16. —	18. —	15. —	14. —
— Sauðárkrók . .	26. —	20. —	17. —	19. —	16. —	15. —
— Hofsós	26. —	21. —	17. —		16. —	15. —
— Siglufirði . . .	27. —	21. —	17. —		17. —	16. —
— Akureyri . . .	28. —	22. —	18. —	20. —	18. —	17. —
— Flatey					18. —	17. —
— Húsavík	28. —	22. —	18. —	20. —	19. —	18. —
— Kópaskeri . . .		22. —	19. —			
— Raufarhöfn . . .	29. —		19. —		20. —	18. —
— Þórshöfn		23. —	20. —			19. —
— Bakkafirði . . .	29. —		20. —		20. —	19. —
— Vopnafirði . . .	30. —	23. —	21. —	21. —	21. —	20. —
— Borgarfirði . . .			21. —			20. —
— Seyðisfirði . . .	31. —	24. —	22. —	22. —	22. —	21. —
— Mjóafirði . . .	31. —	24. —	22. —		22. —	22. —
— Norðfirði			22. —		22. —	22. —
— Eskifirði	1. júní	25. —	23. —	22. —	23. —	23. —
— Reyðarfirði . . .	1. —	25. —	23. —		23. —	23. —
— Fáskrúðsfirði . .	2. —	25. —	23. —		24. —	24. —
— Breiðdalsvík . .			24. —			24. —
— Berufirði	2. —		24. —			25. —
— Hornafirði . . .		26. —	24. —		25. —	
— Vestmannaeyjum	3. —	27. —	26. —			
— Eyrarbakka . .	3. —		26. —			
— Keflavík		27. —	27. —		27. —	27. —
— Hafnarfirði . . .			27. —			27. —
Í Reykjavík . . .	4. —	28. —	27. —	24. —	29. —	28. —

Nd. **463. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum nema $2^1/_2$ mánuð af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa 3 mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er í á komin.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum eða öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt um í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein, skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir mála-

vöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

8. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

9. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Ed.

464. Frumvarp

til laga um breytingu á 35. gr. í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi, dags. 10. sept. 1830. (Eptir 3. umr. í Nd.).

Borgun fyrir að skipta dánarbúi, þar sem ómyndugir erfingjar eru einn eða fleiri og upphæð alls dánarbúsins er undir 1000 kr., skal eigi vera meiri en $^1/_2$% af allri upphæð dánarbúsins.

Ed.

465. Frumvarp

til laga um breyting á ákvæðum þeim, sem gilda um eptirlaun. (Eptir eina umr. í Nd.).

1. gr. Í stað þeirrar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. maí 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, sem þar ræðir um, vera $^1/_5$ af launaupphæðinni og enn fremur $^1/_2$% af henni fyrir hvert ár, sem hlutaðeigandi embættismaður hefur þjónað með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 42 þjónustuár.

2. gr. Í stað eptirlauna þeirra, sem ekkjum embættismanna eru ákveðin með 2. málsgrein 8. gr. í nefndri tilskipun, skulu ekkjum þeim, er þar ræðir um, veittar 200 kr. í eptirlaun árlega.

3. gr. Að undanteknum prestum skal hver, sem verður embættismaður með rjetti til eptirlauna úr landsjóði eptir að lög þessi öðlast gildi, safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri.

4. gr. Til þess að safna sjer ellistyrk, skal embættismaðurinn á ári hverju verja svo miklu fje, eptir því sem landstjórnin nákvæmar til tekur, að ætla megi að upphæð sú, er safnast mundi við það að halda því stöðugt áfram, mundi, þegar embættismaðurinn væri 70 ára gamall, nema með vöxtum launum hans í 2 ár; en ef hann kaupir sjer geymdan lífeyri, þá skal hann árlega verja til þess svo miklu fje, að hann eptir 70 ára aldur geti haft árlegan lífeyri, er nemi $^1/_4$ af launum hans.

5. gr. Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í ein-

hverjum þeim sjóði, er landstjórnin tekur gildan; en sje keypt trygging fyrir lífeyri, þá skal gjöra það hjá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871. Eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni geymist hjá landstjórninni.

6. gr. Upphæð þeirri, sem embættismaður er skyldur að gjalda eptir lögum þessum, skal halda eptir af launum hans. Borgi hann eitt skipti meira en honum ber, þá hefur hann rjett til að borga þeim mun minna síðar.

7. gr. Þegar embættismaður fer frá embætti eða er orðinn 70 ára að aldri, getur hann farið að taka til hins geymda lífeyris, eða hafi hann safnað sjer ellistyrk, farið að fá alla vextina af honum, svo getur hann og fengið sjer keyptan æfilangan lífeyri fyrir meira eða minna af honum. Sá ellistyrkur, sem maður á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

8. gr. Landstjórnin setur hinar nákvæmari reglur til framkvæmdar ákvæðum 3.—7. greinar.

9. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda fyrir sig og ekkjur sínar rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Þeir eru og undanþegnir ákvörðunum þeim, sem settar eru í 3.—7. gr.

Ed.

466. Tillaga

til þingsályktunar. (Eptir eina umr. í Nd.).

Alþingi skorar á landstjórnina að leita álits og umsagnar sýslunefnda og amtsráða um sameining hinna núverandi búnaðarskóla, og leggja skýrslur þessar fyrir næsta alþingi.

Ed.

467. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um afnám opins brjefs, 26. septbr. 1860. Frá Arnljóti Ólafssyni, J. Havsteen og F. S. Stefánssyni.

Orðin: „þó skal og — — á helgum dögum“ falli burt.

Nd.

468. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Ed.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43,000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,040,933 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 296,893 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697 57	75,697 57	51,416 66

			1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	75,697 57	75,697 57	51,416. 66
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400 »	1,400 »	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
		1892. 1893.			
	a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
	viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 — 1,225 —			
	3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
	þvottur	30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa ...	520 — 520 —			
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
		4,215 kr. 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn	615 — 615 —			
		3,600 kr. 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700 »	3,700 »	
4.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200 »	5,200 »	
			85,997 57	85,997 57	171,995. 14
		flyt			223,411. 80

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar			223,411. 80
C.				
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —	2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	2,500 kr.			
2. — — á Hólum	3,500 —			
3. — — - Eyðum	2,000 —	1892. 1893.		
4. — — - Hvanneyri	2,000 —	kr. kr.		
		10,000 10,000		
b. til búnaðarfjelaga		12,000 12,000		
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu. Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða.				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240 240		
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300 300		
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300 300		
	flyt	22,840 22,840	5,541. »	5,541. » 223,411. 80

	1892. kr.	1893. kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar	22,840	22,840	5,541 »	5,541 »	223,411. 80
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200	200			
g. styrkur til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, fyrra árið allt að. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til ½ í móti ½ úr landsjóði.	3,000	»			
			26,040 »	23,040 »	
5. til vitans á Reykjanesi:	1892	1893			
a. til launa vitamannsins.	1,200 kr.	1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum	60 —	60 —			
c. til að kaupa olíu	1,200 —	1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150 —	150 —			
e. til að kaupa steinkol	120 —	120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 —	200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina	30 —	30 —			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400 —	» —	6,360 »	2,960 »	
6. til vörðuvita			500 »	500 »	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði			1,000 »	1,000 »	
8. til að bæta turninn á Vestmannaeyja kirkju			500 »	»	
9. til að járnklæða Langholtskirkju í Vestur-Skaptafellssýslu			500 »	»	
			40,441 »	33,041 »	73,482. »
samtals					296,893 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 100,844 kr.:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	39,598 »	39,598 »	79,196. »
2. styrkur til 7 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði, ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði, ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
flyt	39,598 »	39,598 »	79,196. »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	39,598 »	39,598 »	79,196 »
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	7,000 »	7,000 »	14,000 »
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	3,824 »	3,824 »	7,648 »
samtals	50,422 »	50,422 »	100,844 »

12. gr. Til samgöngumála veitast 228,300 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum 4,700 —			
c. — brjefhirðingamönnum 2,700 —	9,800 »	9,800 »	19,600 »
2. póstflutningur	34,000 »	34,000 »	68,000 »
3. önnur útgjöld:	1892. kr.	1893. kr.	
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500	
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1‰ um	200	200	
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200	
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200	
e. til áhalda	1,800	600	
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50	
g. óviss útgjöld	200	200	4,150 »	2,950 »	7,100 »
samtals			47,950 »	46,750 »	94,700 »
flyt			47,950 »	46,750 »	94,700 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	47,950 »	46,750 »	94,700 »
B. Til vegabóta:	1892. kr.	1893. kr.	
a. til að útvega verkfróðan mann	»	3,000	
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	30,000	30,000	
c. til fjallvega	3,500	3,500	
d. til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði fyrra árið	2,400	»	
Veitingin er bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi til það fje, er vantar til þessa fyrirtækis.			
	35,900 »	36,500 »	72,400 »
C. Til gufuskipaferða:			
a. til strandferða allt að	18,000 kr.		
b. þar að auki allt að	3000 —		
með því skilyrði, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun alþingis.			
c. til gufubátsferða á Vestfjörðum	2,400 —		
d. — —— á Faxaflóa	2,400 —		
e. — —— á Austfjörðum	2,400 —		
f. — —— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja	2,400 —		
	30,600 »	30,600 »	61,200 »
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna. Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ¼ á móti ¾ úr landsjóði.			
samtals	114,450 »	113,850 »	228,300 »

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 260,296 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000 »	7,000 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500 »	10,000 »	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,700 »	2,700 »	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 »	600 »	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	500 »		
5. bráðabirgðaruppbót á Akureyrarprestakalli gegn því, að presturinn í Grundarþingum njóti leigulausrar ábúðar á kirkjujörðinni Hrafnagili	600 »	600 »	
flyt	20,900 »	20,900 »	

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	20,900 »	20,900 »	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, þó því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins	200 »	200 »	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ..	3,100 »	3,100 »	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000 »	1,000 »	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300 »	300 »	
	25,500 »	25,500 »	51,000 »
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,800 »	9,800 »	
b. önnur útgjöld:			
	1892.	1893.	
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur	600 —	600 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —	
	3,000 »	3,000 »	
	12,800 »	12,800 »	25,600 »
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600 »	3,600 »	
Þar af 400 kr. hvort árið, launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar, 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:	1892.	1893.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —	
flyt	1600 —	1600 —	
	3,600 »	3,600 »	76,600 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar: 1,600 kr. 1,600 kr.	3,600 »	3,600 »	76,600 »
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði .... 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að ..... 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld..... 100 — 100 —	2,000 »	2,000 »	
	5,600 »	5,600 »	11,200 »
III. til hins lærða skóla:			
a. laun.....	19,800 »	19,800 »	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu..... 1,800 kr.			
handa söngkennaranum..... 600 —			
handa fimleikakennaranum..... 700 —			
handa dyraverði ..... 1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... 300 —	4,400 »	4,400 »	
c. önnur útgjöld: 1892. 1893.			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan ..... 1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu..... 1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur..... 6,000 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld .... 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk .... 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu .... 500 — 200 —			
b. í eðlisfræði ..... 500 — 200 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni .... 300 — 300 —	12,148 »	11,548 »	
	36,348 »	35,748 »	72,096 »
flyt			159,896 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:			159,896 »
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600 »	6,600 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ..... 400 kr.	400 kr.		
2. til eldiviðar og ljósa ..... 500 —	500 —		
3. til skólahússins utan og innan 200 —	200 —		
4. til viðgjörðar á skólahúsinu ... 1,000 —	» —		
5. ýmisleg útgjöld ..... 400 —	400 —		
6. til styrkveitingar námspiltum 500 —	500 —		
	3,000 »	2,000 »	
	9,600 »	8,600 »	18,200 »
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,500 »	1,500 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa ... .. 500 kr.			
2. til tímakennslu ..... 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. .... 200 —	1,300 »	1,300 »	
	2,800 »	2,800 »	5,600 »
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . . . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . . 2,000 — þar af 800 kr. til húsabygginga.			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . . 1,200 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ..... 2,000 — Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	7,000 »	7,000 »	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	4,000 »	4,000 »	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000 »	4,000 »	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500 »	2,500 »	
flyt	17,500 »	17,500 »	183,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	17,500	17,500	183,696 »
d. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
e. til verzlunarskóla í Reykjavík	250 »	250 »	
f. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, fyrra árið.....	1,000 »		
g. til skólaiðnaðarkennslu: 1892 1893.			
til áhaldakaupa handa 10 nemendum ..... 400 kr. » kr.			
til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis .. 200 — » —			
kennslukaup fyrir 8 mánuði 500 — 500 —	1,100 »	500 »	
	20,850 »	19,250 »	40,100 »
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200 »	200 »	
b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi	500 »		
c. til sundkennslu annarstaðar ..... Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800 »	800 »	
	1,500 »	1,000 »	2,500 »
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga: 1892. 1893.			
a. laun bókavarðar .... 1,000 kr. 1,000 kr.			
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur 700 — 700 —			
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga ..... 100 — 100 —			
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá ..... 1,800 — 1,800 —			
flyt 3600 kr. 3600 kr.			226,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar 3,600 kr. 3,600 kr.			226,296 »
e. til eldiviðar og áhalda m.m. 450 — 450 —			
f. brunabótagjald fyrir safnið 300 — 300 —	4,350 »	4,350 »	
2. til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins	400 »	400 »	
3. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
4. til Þjóðvinafjelagsins	400 »	400 »	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda. 1,000 kr.			
b. til umsjónar 400 —			
c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1,000 —	2,400 »	2,400 »	
6. styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800 »	800 »	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið	600 »	600 »	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000 »	1,000 »	
9. til Fornleifafjelagsins	300 »	300 »	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400 »	400 »	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200 »	1,200 »	
12. ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.	1,200 »	» »	
13. ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar	1,200 »	» »	
14. styrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens.	1,200 »	» »	
15. styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið, og halda áfram skrásetningu yfir það	600 »	600 »	
16. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600 »	600 »	
flyt	17,650 »	14,050 »	226,296 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flyt	17,650 »	14,050 »	226,296 »
17. Til tannlæknis O. Nickolins til að halda áfram tannlækningum hjer á landi.....	500 »	500 »	
18. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum.....	500 »	500 »	
19. Til kennara Halldórs Briems til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði.....	300 »		
samtals	18,950 »	15,050 »	34,000 »
			260,296 »

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thorarensen 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 28,866 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

Ed. **469. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á ákvæðum þeim, sem gilda um eptirlaun. (Eptir eina umr. í Nd.).

Hin heiðraða neðri deild hefur tekið upp í frv. þetta ákvæði þau, sem voru í frv. til laga um skyldu embættismanna að safna sjer ellistyrk eða útvega sjer geymdan lífeyri með tveim óverulegum breytingum, en með því að það frv. var fellt hjer í deildinni og nefndin lítur svo á, að eigi megi taka

upp á sama þingi frv., sem einu sinni er fallið, þótt það sje í því formi, sem hjer á sjer stað, þá leggur nefndin til, að mál þetta sje eigi tekið á dagskrá.

Efri deild alþingis, 20. ágúst 1891.

Þorleifur Jónsson form. og framsögum. E. Th. Jónassen, L. E. Sveinbjörnsson.

Nd. **470. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar út af fátækramálum. Frá Skúla Thoroddsen.

Við tölul. 1. Í stað orðanna: „fátækramál landsins“ komi: „fátækra-, húsmanna- og þurrabúðarmanna-löggjöf landsins“.

Nd. **471. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar út af fátækramálum. Frá Skúla Thoroddsen.

Aptan við tölul. 1. bætist:

„Nefndarmenn sjeu sinn úr hverjum landsfjórðungi og einn úr Reykjavík“.

Sþ. **472. Nefndarálit**

um sölu og útsendingu alþingistíðindanna.

Hið heiðraða alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd til þess að koma fram með tillögur um sölu og útsendingu alþingistíðindanna.

Vjer höfum nú íhugað þetta mál, og skulum leyfa oss að láta í ljós álit vort um það á þessa leið.

Það kom fyrst til álita, hvort tíðindin skyldi senda gefins í hvern hrepp á landinu eins og að undanförnu, eða hætta því og setja lægra söluverð á þau, og varð nefndin á því að ekki mundi ráðlegt að hætta við gjafatíðindin, með því það gæti orðið til þess, að alþingistíðindin fengju allt of litla útbreiðslu og margur hreppur yrði alveg án þeirra.

Nefndin áleit nauðsynlegt að senda þingtíðindin út jafnóðum og þau eru prentuð og innheft, þar eð heldur er von um að þau seljist og verði lesin með því móti, heldur en þegar þau koma eins seint út um landið, eins og að undanförnu hefur átt sjer stað.

Söluverð tíðindanna áleit nefndin hæfilega sett 3 kr., eins og að undanförnu. En að því er snertir gömul þingtíðindi leizt henni rjettara að setja verð þeirra niður, ef vera kynni að eitthvað seldist, heldur en að láta þau liggja gagnslaus í þinghúsinu. Þó virtist henni nauðsynlegt að halda eptir 25 eintökum af hverju ári handa alþingi. Verðið áleit hún hæfilegt 50 aura fyrir eintakið af tíðindum frá hinu ráðgefandi alþingi, og 1 kr. frá löggjafarþingunum.

Eptir að nefndin hafði skrifað bóksalafjelaginu um það, hvort það vildi taka að sjer sölu og útsendingu tíðindanna, þá mætti herra Sigfús Eymundsson, einn af formönnum fjelagsins, á nefndarfundi, og skýrði frá að fjelagið gæti

ekki tekið þetta að sjer, en bauðst sjálfur til að taka það að sjer með þeim skilmálum, að hann fengi 35% fyrir sölu og útsendingu þeirra þingtíðinda, er selja skal, 15% fyrir útsendingu gjafatíðindanna og 50% fyrir útsendingu eldri alþingistíðinda, en landsjóður greiði burðargjald og fyrir umbúðir; og var nefndin á því að þessi kjör væru ekki ósanngjörn.

Að síðustu fannst nefndinni viðkunnanlegra, að alþingismenn fengi gefins eitt heilt eintak tíðindannna, heldur en þessar einstöku arkir, sem venja hefur verið að prenta um fram upplagið og útbýta um þingtímann.

Samkvæmt framanskrifuðu verða tillögur nefndarinnar:

1. að alþingistíðindin sjeu send gefins eins og að undanförnu í hvern hrepp á landinu.
2. að alþingistíðindin sjeu send gefins hverjum alþingismanni.
3. að söluverð alþingistíðanna fyrir þetta ár sjeu 3 kr. eins og að undanförnu.
4. að gömul tíðindi frá hinum ráðgefandi þingum sjeu seld fyrir 50 a. eintakið.
5. að gömul tíðindi frá löggjafarþingum sjeu seld fyrir 1 kr. eintakið, en kaupendur greiði burðargjald undir tíðindi þau, er nefnd eru í 4. og 5. tölulið.
6. að haldið sje eptir af öllum alþingistíðindum 25 eintökum handa alþingi.
7. að alþingistíðindin verði send út með póstum jafnóðum og þau eru innheft.
8. að landsjóður greiði burðargjald fyrir ný alþingistíðindi og umbúðir um þau.
9. að landsjóður greiði 35% fyrir útsendingu þeirra nýrra tíðinda, er selja skal.
10. að landsjóður greiði 15% fyrir útsendingu gjafatíðinda.
11. að landsjóður greiði 50% fyrir útsendingu á þeim gömlum þingtíðindum, sem seljast.

Alþingi 20. ágúst 1891.

Þórarinn Böðvarsson form.	Þorleifur Jónsson.	Skúli Thoroddsen.
	Jón Jónsson þm. N.-M.	Lárus Halldórsson.

Nd. **473. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa. Frá fjárlaganefndinni.

1. Í stað orðanna: „Alþingi ályktar“, komi: „Neðri deild alþingis ályktar“.
2. Við 1. c. Fyrir: „í Keflavík“, komi: „ef veður leyfir innan við Garðskaga“.
3. Við 1 c. Fyrir: „og í 5. ferðinni“ til enda málsgreinarinnar, komi: „og í 5. ferðinni til Reykjavíkur komi það við á Borðeyri; en í sömu ferð frá Reykjavík komi það við á Flatey, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði“.
4. Við 1. h. Fyrir: „og Keflavík“, komi: „og ef veður leyfir innan við Garðskaga“.
5. Við 6. tölul. Fyrir: „hafi varnarþing“, komi: „taki móti lögsókn í Reykjavík í öllum þeim málum, er rísa út af póstskipsferðunum og flutningum með þeim“.

Ed. **474. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.

Nefnd sú, er hin háttvirta efri deild kaus til að segja álit sitt um „frumvarp til laga um skaðabætur handa þeim, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi“ o. s. frv., hefir haft fund með sjer til þess að segja álit sitt um málið eins og það kom frá hinni háttvirtu neðri deild. Í þeirri deild hafa verið gjörðar nokkrar orðabeytingar á frumvarpinu, sem nefndin getur vel fallizt á. En svo hafa þar og verið gjörðar efnisbreytingar, er sumpart gjöra málsókn flóknari og umsvifameiri í þessum málum, og sumpart gefa þessar breytingar þeim mönnum, er orðið hafa fyrir ákæru svo víðtækan rjett, að valdsmenn mundu miklu fremur en eptir ákvæðum frumvarpsins, eins og það var samþykkt í þessari deild, hika sjer við að hefja rannsókn á móti manni, þótt sterkur grunur lægi á honum, ef ekki væri glögg gögn fyrir hendi, er gjörði það bert, að hinn ákærði væri sekur. Þetta getur nefndin með engu móti álitið heppilegt, með því að henni er heldur ekki kunnugt, að rannsóknardómurum hjer á landi hætti mjög við því að hefja ákærur eða rjettarrannsókn að ástæðulausu.

Af þessum rökum verður nefndin að ráða hinni háttvirtu efri deild til að fallast á frumvarpið með þeim breytingum, er nú skal greina:

1. Við 3. gr. Í stað 2. málsliðar: „þegar sakamál—og málið er dæmt“, komi: „Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstaklegri einkamálslögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði, á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans“.
2. Aptan af síðasta málslið sömu greinar falli: „Nú hefur maður — til hagsmuna rannsóknardómarans“.
3. 9. gr. falli burt og tala greinanna breytist eptir því.

Alþingi 21. ágúst 1891.

J. Havsteen	Jón A. Hjaltalín	L. E. Sveinbjörnsson.
formaður	skrifari og framsögum.	

Nd. **475. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir eina umr. í Ed.).

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið.

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um iðnaðarnám. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur taka

unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:

1) iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;
2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því, að kennslusamningum hefur verið slitið;
3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi, nema brýna nauðsyn beri til.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur

ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til eða að það sje berlega áskilið í námssamningnum.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er námstíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefir stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendum. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.).

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir, að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu, að annast hjúkrun og lækning hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði þeim, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annnars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur aptur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;

2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistari getur slitið samningnum:
1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;
2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:
1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;
2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda, eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2. og 4. eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lög-

elg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verið á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta—nema þyngri refsingarákvæði eigi við—sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr.—nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga—eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu, eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera, og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra nema 1. gr.—sbr. 3. gr., 1. álslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr.—og 18. gr.

Ed. **477. Tillaga**

til þingsályktunar. (Eptir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skora á landstjórnina, að láta verkfræðing skoða skerin við Skúmstaða-ós á Eyrarbakka, og gjöra áætlun um kostnað við að sprengja úr þeim, svo að hægt sje, að sigla kaupskipum inn á austur-höfnina.

Nd. 478. Breytingar og viðaukatillögur

við þingsályktunartillögu frá póstmálanefndinni. Frá Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M.

1. Við 6. lið. Liðurinn orðist þannig: «Að mönnum sje gefinn kostur á árlega að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og auka-póstferðir».
2. Að póstum sje gjört að skyldu, að koma við og skila brjefum, og veita brjefum móttöku á nokkrum stöðum milli póstafgreiðslu- og brjefhirðingastaða, eptir nánari tillögum sýslunefnda.

Nd. **479. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa (Eptir fyrri umr. í Nd.). Frá Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni, Skúla Thoroddsen, Árna Jónssyni, Gunnari Halldórssyni og Jens Pálssyni.

Við 1. c. Á eptir orðunum: „komi það þá í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík“, bætist: „og Stykkishólmi eða Flatey“.

Nd. **480. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Ed.). Frá nefndinni í kennaramenntunarmálinu í Nd.

1. Við 13. gr. B. VI. b. 1. Aptan við orðin: »til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum«, bætist inn í innan stryks: »Þar af til eptirlits allt að 200 krónur hvort árið«.
2. — — — — — b. 2. c. Á milli c. og d. bætist inn í nýr liður (og liðirnir breytist samkvæmt því): »d. til kennarafræðslu 500 kr. 500 kr.«

Nd. **481. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Ed.). Frá Árna Jónssyni.

1. Við 13. gr. B. VI. Stafliðurinn »g« falli burt.
2. — — — C. Töluliðurinn »19.« falli burt.

Ed. **482. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna.

Vjer, sem hin h. Ed. skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum vandlega hugleitt það og rætt, og er álit vort á þessa leið.

Eins og þegar var kunnugt, um leið og nefndin var skipuð, voru nefndarmenn ekki á sömu skoðun um málið, en þetta hefur yfir höfuð færzt í lag við samvinnu nefndarinnar.

Nefndin álítur að eptir stefnu tímans eigi vel við að nema úr gildi vistarskylduna, sem óeðlilegt band á vinnufólki, en á hinn bóginn álítur nefndin eiga betur við að setja vistlausum mönnum nokkuð meiri takmörk en gjört er í frumvarpinu á þann hátt að sleppa ekki að öllu leyti þeim lagagrundvelli, að menn kaupi leyfisbrjef til lausamennsku, en þó svo að borgunin fyrir leyfisbrjefið sje á mjög vægu stigi eða geti ekki staðið neinum í vegi fyrir að vera lausamaður ef hann vill það heldur fyrir sig kjósa, en vera háður vistarráðum.

Að nefndin hefur komizt að þeirri niðurstöðu að ákveða borgun fyrir leyfisbrjefið að eins 5 og 2 kr. er meðfram af því, að hún álítur betur eiga við að hafa borgun þessa eigi hærri í fyrstu, en gjöra jafnframt að skyldu að kaupa leyfi á ný ef sá maður flytur í annan hrepp, sem vill halda áfram lausamennsku, heldur en hafa borgunina hærri í eitt skipti fyrir öll, sem byggist á þeirri ástæðu, að þetta geti miðað í þá átt, að koma í veg fyrir óþarfa slangur á mönnum hreppa í milli, sem getur haft slæm áhrif á sveitfesti þeirra.

Ákvæðin í 3. gr. nefndarinnar viðvíkjandi lausamanni þeim, sem á sveitfesti annarsstaðar eru til þess að tryggja skyldugjöld hans og til að gjöra sveitastjórnum hægra fyrir en annars að fá borgun fyrir þann kostnað, sem af honum kann að leiða í dvalarhreppnum, svo og til þess, að gefa slíkum lausamanni aðhald til að fullnægja þeim skilyrðum, sem honum eru sett.

Hinar aðrar breytingar og viðaukar við frumvarpið, sem nefndin stingur upp á, álítur hún ekki þörf á að fjölyrða um, af því bæði er minna í það varið og líka yfir höfuð fylgir það ákvæðum frumvarpsins að efninu til, en sem nefndin álítur þó til mikilla bóta.

Vjer ráðum því hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með breytingum þeim og viðaukum, sem hjer fylgja með.

Alþingi 21. ágúst 1891.

Á. Thorsteinsson skrifari. Sighvatur Árnason framsögumaður.

Arnljótur Ólafsson. formaður.

Með þeirri athugasemd, að eg læt mitt fyrra frumvarp með litlum orðabreytingum fylgja öðrum til eptirsjónar, úr því að málið getur eigi útrætt orðið á þessu þingi.

Ed. 483. Breytingartillögur nefndarinnar

við frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frv. til laga um afnám vistarskyldu og um lausamenn.

1. gr. orðist þannig:

Hverjum þeim manni, konu sem karli, sem er tvítugur að aldri og eigi er sveitþurfi, nje ómagi annars, skal heimilt að losa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef til lausamennsku hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar er hann á lögheimili.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 5 kr. en kvennmaður 2 kr., er rennur í bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Leyfisbrjef þetta gildir meðan hlutaðeigandi frá því er hann tók leyfisbrjefið, dvelur samfleytt í sama sveitarfjelagi.

Flytji lausamaður heimilisfang sitt úr því sveitarfjelagi í annað, og fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum þeim fyrir lausamennsku, er sett eru hjer að framan, ber honum að leysa leyfisbrjef til lausamennsku á ný, og greiða hið sama leyfisbrjefsgjald til sveitarfjelags þess, er hann flytur í.

Hið sama er og, ef hann víkur ári lengur úr sveitarfjelagi og vill aptur setjast þar að í lausamennsku.

2. gr. orðist þannig:

Til þess að maður geti fengið leyfisbrjef það, er ræðir um í 1. gr., verður lausamaður að sanna, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum þeim húsráðanda í hreppnum eða bænum, sem oddviti tekur gildan ábyrgðarmann fyrir lausamanninn, ella setja aðra fullgilda ábyrgð.

3. gr. orðist þannig:

Rjett er að sveitastjórnir, ef þeim þykir þess þurfa, setji lausamanni þeim, er sveitfesti á annarstaðar, þau skilyrði fyrir dvöl hans, að hann láti af hendi nægilega ábyrgð fyrir því, að lögboðin skyldugjöld hans til sveitar verði greidd, þó eigi nema fyrir eitt ár í senn, sömuleiðis styrkur af sveit, ef þann þunga skyldi leiða af honum, og sjúkdómskostnaður, sje heilsu hans svo varið, að hans megi vænta.

Fullnægi hann eigi slíkum skilyrðum, er það á valdi lögreglustjóra, ef honum þykir til þess gild ástæða að skipa honum með hæfilegum fresti, og að viðlögðum sektum að víkja burt úr sveitarfjelaginu.

4. gr. ný:

Oddvita hverjum er skylt að halda greinilega bók yfir alla lausamenn í bænum eða hreppnum. Í bókina skal rita nafn lausamannsins, aldur og fæðingarstað, hvenær og hvaðan hann hafi komið, heimili hans, hjá hverjum það sje, hvenær og til hver

húsráðanda hann tjáist fara í annan bæ eða hrepp. Oddviti skal og gefa viðkomandi oddvita til vitundar um flutning lausamannsins.

5. gr. ný:

Sektum skal sæta húsráðandi sá, er hilmir yfir með lausamanni, til þess hann komist hjá að greiða lögskyldur eður að villa sveitfesti, skal húsráðandi og, þegar svo á stendur, þess utan skyldur að svara gjöldum þeim öllum, er lausamaðurinn hefir komizt hjá, ella oddviti, ef það sannast á lögmætan hátt, að húsráðandi reynist ógildur borgunarmaður.

6. gr. ný:

Þeir menn, er rjett hafa til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 halda þeim rjetti sínum, en að öðru leyti er tilskipunin úr lögum numin að því er lausamenn snertir.

7. gr. í stað frv. 4. gr.:

Brot gegn 1., 2., 3. og 5. gr. varða sektum allt að 100 kr., er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

8. gr. frv. 5. gr.:

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Ed. 484. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um afnám vistarskyldunnar og um heimilisfang verkmanna. Frá Arnljóti Ólafssyni.

1. gr. Hverjum þeim manni, svo konu sem karli, sem er tvítugur að aldri og eigi er sveitþurfi nje ómagi annars manns, skal heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni, ef hann kaupir sjer leyfisbrjef til lausamennsku hjá hreppsnefndinni eða bæjarstjórninni þar, er hann á lögheimili. Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 10 kr., en kvennmaður 4 kr., er rennur í viðkomandi sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Enginn þarf að kaupa sjer leyfisbrjef til lausamennsku optar en um sinn meðan hann heldur stöðugt áfram lausamennskunni. Lausamennskuleyfið skal gefið brjeflega, og ritar oddviti undir og innsiglar það fyrir hönd hreppsnefndarinnar eður bæjarstjórnarinnar.

2. gr. Til þess að maður geti fengið leyfisbrjef það, er ræðir um í 1. gr; verður hann að sanna fyrir oddvita hreppsnefndar sinnar eður bæjarstjórnar, að hann eigi víst ársheimili hjá einhverjum þeim húsráðanda í hreppnum eður bænum, er oddviti tekur gildan ábyrgðarmann fyrir lausamanninn, ella aðra fullgilda ábyrgð.

3. gr. Leyfisbrjefið gildir meðan hlutaðeigandi hefur sama heimili; en flytji hann heimilisfang sitt innan sama hrepps eður bæjar og ætli hann enn laus að vera, er hann skyldur að tilkynna oddvita, hjá hverjum húsráðanda hann þá hafi ársheimili. Ef oddviti tekur húsráðandann gildan sem fyrr segir, ritar hann það á leyfisbrjefið. En vilji lausamaður flytja heimilisfang sitt út úr hreppnum eða bænum, skal hann segja oddvita hjá hverjum hann þá hafi fengið sjer ársheimili og í hverjum hrepp eður bæ húsráðandinn sje. Í ómakslaun greiða lausamenn oddvita, karlmaður 1 kr. og kvennmaður 40 aura.

4. gr. Oddvita hverjum er skylt að halda greinilega bók yfir alla lausamenn í hreppnum eður bænum. Í bókina skal rita nafn lausamannsins og foreldra hans, aldur hans og fæðingarstað, nöfn húsráðanda þeirra, er hann hefur ársheimili hjá, svo og til hvers húsráðanda hann tjáist fara í öðrum hreppi eður bæ tilgreint ár. Skyldur er og oddviti að gefa viðkomandi oddvita það til vitundar við fyrsta tækifæri, hvert lausamaður segist flytja vilja heimilisfangið.

5. gr. Ef lausamaður greiðir eigi lögboðin gjöld sín, er húsráðandi sá, er hann hefur ársheimili hjá, skyldur að greiða þau fyrir hann, ella oddviti, ef það sannast á lögmætan hátt, að húsráðandinn reynist ógildur borgunarmaður.

6. gr. Þeir menn, er rjett hafa til lausamennsku eptir tilsk. 26. maí 1863, halda þeim rjetti sínum; en að öðru leyti er tilskipunin úr lögum numin að því er lausamenn snertir.

7. gr. Gjöri lausamaður sig sekan í brotum gegn lögum þessum, varðar það hann sektum allt að 100 króna. Sömu sektum skal og sá sæta, er hilmir yfir með lausamanni, til þess að hann komist hjá að greiða lögboðin gjöld eður að villa sveitfesti sína. Sektin rennur í sveitarsjóð eður bæjarsjóð þar, er brotið er framið.

8. gr. Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **485. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Ed.).

Vjer undirskrifaðir nefndarmenn viljum hjer með ráða hinni háttvirtu neðri deild alþingis til að samþykkja nefnt frumvarp með breytingum þeim, er nú skal greina.

1. Við 10. gr. C. 4. b. Síðari athugasemdin orðist svo: „Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir þingsályktun þeirri, er neðri deild alþingis hefir samþykkt".
2. Við 10. gr. C. 4. g. Stafliðurinn orðist svo: „Styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum fyrra árið 4000 kr".
3. Við 12. gr. B. d. Stafliðurinn falli burt.
4. Við 12. gr. C. a. Stafliðurinn orðist svo: „Til strandferða allt að 21000 kr. Upphæð þessi greiðist því að eins, að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun þeirri, er neðri deild alþingis hefur samþykkt".
5. Við 12. gr. C. b. Stafliðurinn falli burtu.
6. Við 12. gr. C. c. Fyrir: „2400", komi: „3000".
7. Við 12. gr. C. d. Fyrir: „2400", komi: „3000".
8. Við 12. gr. C. Nýr stafliður bætist inn í svo hljóðandi: „Til gufubátsferða á Breiðafirði 3000".
9. Við 12. gr. C. e. Fyrir: „2400", komi: „3000".
10. Við 12. gr. C. f. Fyrir: „2400", komi: „3000".
11. Við 13. gr. A. b. 5. Stafliðurinn falli burtu.
12. Við 13. gr. C. 14. Fyrir: „Styrkur", komi: „Ferðastyrkur".
13. Við 13. gr. C. bætist nýr liður, sem verður 20. töluliður: „Skáldlaun til síra Matthíasar Jochumssonar 1000 — 1000".

Alþingi 21. ágúst 1891.

Eiríkur Briem, form. — Skúli Thoroddsen, skrifari og framsögum. — Indriði Einarsson.

Jón Jónsson þm. N.-M. — Jón Þórarinsson. — Sigurður Jensson.

Sigurður Gunnarsson.

Nd. **486. Tillaga**

til þingsályktunar um tilboð til að halda uppi strandferðum. Frá fjárlaganefndinni.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að hlutast til um, að fyrir alþingi 1893 liggi tilboð eins eða fleiri um það, fyrir hve mikið tillag úr landsjóði þeir vilja taka að sjer strandferðir hjer við land árin 1894 og 1895, samkvæmar þingsályktun þeirri um strandferðir, er neðri deild alþingis hefur samþykkt á þessu þingi.

Nd. **487. Nefndarálit**

um frv. til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Frv. þetta hefur tekið þeirri einni breytingu í hinni heiðruðu Ed. að nýrri grein (4. grein) er skotið inn, og er stjórninni þar veitt heimild til að selja spítalaeignina Kaldaðarnes með 7 hjáleigum og 2 kirkjujörðum fyrir að minnsta kosti 10,000 krónur. Þó þess sje eigi getið álítum vjer sjálfsagt að kirkjan sje seld með eigninni.

Nefndin verður að játa að um sölu þessarar jarðar getur hún ekki dæmt svo skýrt sem æskilegt væri, þar sem alls engin skilríki viðvíkjandi þessari jarðeign hafa verið lögð fram fyrir þingið, og telur nefndin það mjög varúðarverða aðferð að hrapa svo að því að gefa einhverja hina skertu eign landsjóðsins fala, sem hin h. Ed. hjer vill gjöra.

Oss er það kunnugt að Kaldaðarnes hefur áður verið gefið falt fyrir 17,000 krónur, og vjer þykjumst þess og fullvissir að það verð hafi verið of hátt sett; hinsvegar er oss eigi fullljóst nema 10,000 kr. sje of lítið verð fyrir eignina, en það höfum vjer í tillögum vorum til h. h. Nd. viljað varast að nokkur jörð sje gefin föl fyrir svo lítið verð, að landsjóður fái eigi sitt uppborið. En allt um það viljum vjer ekki leggja á móti því, að jarðeign þessi sje gefin föl, og treystum vjer því að þar sem frumvarpið ber það með sjer, eins og skýrt er tekið fram í umræðum Ed., að hjer er að eins að tala um heimild til að selja, og ákveðið það verð er eigi má fara niður fyrir, að landsstjórnin, að því er þessa jörð snertir, sjái hag landsjóðs borgið, og láti eigi sölu á eigninni fara fram, nema fullt verð komi fyrir hana.

Vjer leggjum því til að hin h. Nd. samþykki frv óbreytt.

Alþingi 21. ág. 1891.

Þorlákur Guðmundsson framsögumaður. Páll Ólafsson skrifari. Árni Jónsson.

B. Sveinsson. Sigurður Stefánsson.

Nd. **488. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir póstgufuskipa. Frá Jóni Jónssyni þm. N.-Þ., Þ. Kjerúlf, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M., Páli Ólafssyni, Sigurði Jenssyni og Gunnari Halldórssyni.

Við tölul. 3. — »og farþegar á æðra — — — — — sem þeir njóta« falli burtu.

Nd. **489. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 13. gr. c. 19. Aptan við tölulíðinn bætist nýr tölulíður sem verður 20. tölulíður svohljóðandi:

Til Torfhildar Holm til ritstarfa, 500 kr. 500 kr.

Nd. **490. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (468). — Frá Páli Briem.

1. Við 10. gr. C. 4. b. Orðin: „Landshöfðingi úthlutar fje þessu eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða“ falli burt.

2. Við 12. gr. C. a. og b. Í staðinn fyrir:

„a. til strandferða allt að . . 18000 kr.
b. þar að auki allt að . . 3000 —
með því skilyrði að strandferðunum sje í öllu hagað samkvæmt þingsályktun alþingis“

komi:

a. Til strandferða allt að . . . . . 21000 kr.
Upphæð þessi greiðist því að eins, að strandferðunum verði hagað svo, annaðhvort:

a, að póstskip komi við á Seyðisfirði og Eskifirði í janúarmánuði á leið til Reykjavíkur.

b, að póstskip fari um miðjan marz frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur.

c, að póstskip fari 5 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 5 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem yfirstandandi ár og, auk þeirra staða, er póstskipin á yfirstandandi ári koma við á, komi það þá í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík, í 2. ferðinni til og frá Reykjavík við á Fáskrúðsfirði, Hofsós og Borðeyri; í 3. ferðinni, er gengur frá Reykjavík sunnan um land til Berufjarðar í júnímánuði, komi skipið við, ef veður leyfir, innan við Garðskaga; á leiðinni frá Berufirði norður um land í sömu ferðinni á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík og Ólafsvík; og á leiðinni frá Reykjavík á Ólafsvík, Borðeyri og Húsavík; í 4. ferðinni til og frá Reykjavík komi það við á Fáskrúðsfirði, Hofsós, Borðeyri og Flatey, og í 5. ferðinni til Reykjavíkur komi það við á Borðeyri; en í sömu ferð frá Reykjavík komi það við á Flatey, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði.

d, að póstskip fari snemma í maí frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.

e, að póstskip fari um miðjan maí frá Reykjavík til Austfjarða.

f, að póstskip fari síðari hlut júlímánaðar frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði.

g, að póstskip fari í júlímánuði frá Austfjörðum til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Austfjarða sunnan um land.

h, að póstskip komi við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og ef veður leyfir innan við Garðskaga á leið til Reykjavíkur seint í september.

eða svo:

a. að póstskip fari 3 ferðir norðan um land til Reykjavíkur, og 3 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem 1., 3. og 5. strandferð yfirstandandi ár, og með sömu viðkomustöðum.

b. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar sem næst samkv. áætlun á þingskjali 461.

c. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur austur og norður um land mllii Reykjavíkur og Borðeyrar, sem næst samkv. áætlun á þingskjali 462.

Til ferðanna í staflið a. og 1., 2., 3. og 5. ferðar í staflið b. sje varið 9000 kr., en til ferðanna í staflið c. og til 4. og 6. ferðar í staflið b. 12000 kr.

2. Að strandferðaskipin hafi tvenn farþegarúm, hið æðra fyrir eigi færri en 30 farþega og hið óæðra fyrir um 50 farþega.
3. Að milli hafna hjer á landi megi farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegarúmi hafa fæði með sjer, og farþegar á æðra farþegarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það sem þeir njóta.
4. Að farþegagjald og flutningsgjald milli hafna hjer á landi verði eigi sett hærra, en verið hefir að undanförnu.
5. Að farþegagjald hafna á milli á Íslandi sje ódýrara, ef borgað er í einu fyrir að fara með skipinu fram og aptur í sömu ferð.
6. Að útgjörðarmenn skipanna taki á móti lögsókn í Reykjavík í öllum þeim málum, er rísa út af póstskipsferðunum og flutningum með þeim.

Nd. **491. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir 3. umr. í Ed.). Frá Ólafi Briem.

Við 10. gr. C. 4. Á eptir staflið b. komi nýr stafliður svo hljóðandi:

„c. til fjenaðarsýninga allt að 1000 — 1000“.

Ed. **492. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum nema $2^1/_2$ mánuð af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa 3 mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er í á komin.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum eða öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða

ifæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirting má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði sem fyrir er mælt um í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eða fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein, skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

8. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

9. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **493. Breytingartillaga**

við breytingartillögur (þingskjal 490) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Lárusi Halldórssyni.

Á eptir „h.“ komi:

„Til þessara ferða má verja 18000 kr.“.

Nd. **494. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga 1892 og 1893 (þingskjal 468). Frá Lárusi Halldórssyni.

Aptan við fyrri staflið c. bætist: „og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október“.

Ed.

495. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir eina umr. í Nd.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43,000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,057,533 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 299,893 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697 57	75,697 57	51,416 66

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	75,697 57	75,697 57	51,416. 66
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400 »	1,400 »	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
	1892.	1893.	
a. laun umsjónarmannsins	800 kr.	800 kr.	
viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann ...	200 —	200 —	
þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —	
þóknun handa lækni ...	60 —	60 —	
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —	
3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —	
þvottur	30 —	30 —	
til eldiviðar og ljósa ...	520 —	520 —	
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 —	400 —	
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —	
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —	
	4,215 kr.	4,215 kr.	
arður af verkum talinn	615 —	615 —	
	3,600 kr.	3,600 kr.	
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —	3,700 » 3,700 »
4. önnur útgjöld:			
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.	
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —	
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —	
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —	
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —	
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —	
g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	5,200 » 5,200 »
			85,997 57 85,997 57 171,995. 14
flyt			223,411. 80

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar			223,411. 80
C.				
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —	2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal	2,500 kr.			
2. — — á Hólum	3,500 —			
3. — — - Eyðum	2,000 —	1892. 1893.		
4. — — - Hvanneyri	2,000 —	kr. kr. 10,000 10,000		
b. til búnaðarfjelaga		12,000 12,000		
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu. Landshöfðingi úthlutar fje þessu samkvæmt þingsályktun þeirri, er neðri deild alþingis hefur samþykkt.				
c. til fjenaðarsýninga, allt að		1000 1000		
d. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240 240		
e. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300 300		
f. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300 300		
	flyt	23,840 23,840	5,541. »	5,541. » 223,411. 80

	1892. kr.	1893. kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar	23,840	23,840	5,541 »	5,541 »	223,411. 80
g. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200	200			
h. styrkur til sýslunefndar Ísafjarðarsýslu til að koma á fastan fót ábyrgð á þilskipum á Vestfjörðum, fyrra árið	4,000	»			
5. til vitans á Reykjanesi:	1892	1893	28,040 »	24,040 »	
a. til launa vitamannsins.	1,200 kr.	1,200 kr.			
b. til eptirlits með vitanum	60 —	60 —			
c. til að kaupa olíu	1,200 —	1,200 —			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150 —	150 —			
e. til að kaupa steinkol	120 —	120 —			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	200 —	200 —			
g. eptirgjald eptir lóðina	30 —	30 —			
h. til að byggja nýjan bústað handa vitaverði	3,400 —	» —	6,360 »	2,960 »	
6. til vörðuvita			500 »	500 »	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landsjóði			1,000. »	1,000 »	
8. til að bæta turninn á Vestmannaeyja kirkju			500 »	»	
9. til að járnklæða Langholtskirkju í Vestur-Skaptafellssýslu			500 »	»	
			42,441 »	34,041 »	76,482. »
samtals					299,893 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 100,844 kr.:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
1. laun	39,598 »	39,598 »	79,196. »
2. styrkur til 7 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði, ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði, ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
flyt	39,598 »	39,598 »	79,196. »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	39,598 »	39,598 »	79,196 »
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, til hvers þeirra 1000 kr. hvort árið	7,000 »	7,000 »	14,000 »
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —	3,824 »	3,824 »	7,648 »
samtals	50,422 »	50,422 »	100,844 »

12. gr. Til samgöngumála veitast 239,100 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum 2,400 kr.			
b. — póstafgreiðslumönnum 4,700 —			
c. — brjefhirðingamönnum 2,700 —	9,800 »	9,800 »	19,600 »
2. póstflutningur	34,000 »	34,000 »	68,000 »
3. önnur útgjöld:	1892. 1893.		
	kr. kr.		
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500 1,500		
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi $1^0/_{00}$ um	200 200		
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200 200		
d. fyrir prentun á ýmsu	200 200		
e. til áhalda	1,800 600		
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50 50		
g. óviss útgjöld	200 200	4,150 »	2,950 »	7,100 »
samtals		47,950 »	46,750 »	94,700 »
flyt		47,950 »	46,750 »	94,700 »

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar	47,950 »	46,750 »	94,700 »
B.	1892. 1893.			
Til vegabóta:	kr. kr.			
a. til að útvega verkfróðan mann.....	» 3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	30,000 30,000			
c. til fjallvega	3,500 3,500			
d. til að koma tveim svifferjum á Hjeraðsvatnaósana í Skagafirði fyrra árið	2,400 »			
Veitingin er bundin því skilyrði, að sýslufjelagið leggi til það fje, er vantar til þessa fyrirtækis.		35,900 »	36,500 »	72,400 »
C.				
Til gufuskipaferða:	kr.			
a. Til strandferða allt að	21,000			
Upphæð þessi greiðist því að eins:				
1. að strandferðunum verði hagað *annaðhvort svo*:				
a. að póstskip fari um miðjan marz frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur.				
b. að póstskip fari 5 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 5 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem yfirstandandi ár og, auk þeirra staða, er póstskipin á yfirstandandi ári koma við á, komi það þá í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík og Stykkishólmi eða Flatey, í 2. ferðinni til og frá Reykjavík við á Fáskrúðsfirði, Hofsós og Borðeyri; í 3. ferðinni, er gengur frá Reykjavík sunnan um land til Berufjarðar í júnímánuði, komi skipið við, ef veður leyfir, innan við Garðskaga; á leiðinni frá Berufirði norður um land í sömu ferðinni á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík og Ólafsvík; og á leiðinni frá Reykjavík á Ólafsvík, Borðeyri og Húsavík; í 4. ferðinni til og frá Reykjavík komi það við á Fáskrúðsfirði, Hofsós, Borðeyri og Flatey, og í 5. ferðinni til Reykjavíkur komi það við á Borðeyri; en í sömu ferð frá Reykjavík komi það við á Flatey, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði, og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október;				
	flyt 21,000	83,850 »	83,250 »	167,100 »

	kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
flutt	21,000	83,850 »	83,250 »	167,100 »
c. að póstskip fari snemma í maí frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði;				
d. að póstskip fari um miðjan maí frá Reykjavík til Austfjarða;				
e. að póstskip fari síðari hlut júlímánaðar frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði;				
f. að póstskip fari í júlímánuði frá Austfjörðum til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Austfjarða sunnan um land;				
g. að póstskip komi við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og ef veður leyfir innan við Garðskaga á leið til Reykjavíkur seint í september; *eða svo*:				
a. að póstskip fari 3 ferðir norðan um land til Reykjavíkur, og 3 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem 1., 3. og 5. strandferð yfirstandandi ár, og með sömu viðkomustöðum;				
b. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar sem næst samkvæmt áætlun á þingskjali 461;				
c. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur austur og norður um land milli Reykjavíkur og Borðeyrar, sem næst samkvæmt áætlun á þingskjali 462. Til ferðanna í staflið a. og 1., 2., 3. og 5. ferðar í staflið b. sje varið 9000 kr., en til ferðanna í staflið c. og til 4. og 6. ferðar í staflið b. 12000 kr.				
2. Að strandferðaskipin hafi tvenn farþegarúm, hið æðra fyrir eigi færri en 30 farþega og hið óæðra fyrir um 50 farþega.				
3. Að milli hafna hjer á landi megi farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegarúmi hafa fæði með sjer, og farþegar á æðra farþegarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það, sem þeir njóta.				
flyt	21,000	83,850 »	83,250 »	167,100 »

	kr.	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
flutt	21,000	83,850 »	83,250 »	167,100 »
4 Að farþegagjald og flutningsgjald milli hafna hjer á landi verði eigi sett hærra, en verið hefur að undanförnu.				
5. Að farþegagjald hafna á milli á Íslandi sje ódýrara, ef borgað er í einu fyrir að fara með skipinu fram og aptur í sömu ferð.				
6. Að útgjörðarmenn skipanna taki á móti lögsókn í Reykjavík í öllum þeim málum, er rísa út af póstkipsferðunum og flutningum með þeim.				
b. til gufubátsferða á Vestfjörðum	3,000			
c. — —— á Breiðafirði	3,000			
d. — —— á Faxaflóa	3,000			
e. — —— á Austfjörðum	3,000			
f. — —— með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja	3,000	36,000 »	36,000 »	72,000 »
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna ¼ á móti ¾ úr landsjóði.				
samtals		119,850 »	119,250 »	239,100 »

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 263,096 kr.:

	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000 »	7,000 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	9,500 »	10,000 »	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum. Þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	2,700 »	2,700 »	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600 »	600 »	
4. bráðabirgðaruppbót á Gufudals-prestakalli í Barðastrandar-prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum	500 »		
flyt	20,300 »	20,300 »	

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	20,300 »	20,300 »	
5. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi, þó því að eins, að sjerstakur prestur komi til brauðsins	200 »	200 »	
6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,100 »	3,100 »	
7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000 »	1,000 »	
8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla-prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkvæmt lögum 19. febr. 1886	300 »	300 »	
	24,900 »	24,900 »	49,800 »
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun..	9,800 »	9,800 »	
b. önnur útgjöld:			
	1892.	1893.	
1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	1,600 kr.	1,600 kr.	
2. 3 ölmusur.....	600 —	600 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa...	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld.....	200 —	200 —	
	12,800 »	12,800 »	25,600 »
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600 »	3,600 »	
Þar af 400 kr. hvort árið, launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar, 1. kennara.			
b. önnur útgjöld:	1892.	1893.	
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	120 —	120 —	
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —	
4. ferðastyrkur handa læknaefnum.....	300 —	300 —	
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum.....	480 —	480 —	
flyt:	1600 —	1600 —	3,600 »	3,600 »	75,400 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar: 1,600 kr. 1,600 kr.	3,600 »	3,600 »	75,400 »
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði .... 100 — 100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að ..... 200 — 200 —			
8. ýmisleg útgjöld..... 100 — 100 —	2,000 »	2,000 »	
	5,600 »	5,600 »	11,200 »
III. til hins lærða skóla:			
a. laun.....	19,800 »	19,800 »	
b. aðstoðarfje:			
handa Páli Melsteð sem kennara í sögu... .... 1,800 kr.			
handa söngkennaranum ..... 600 —			
handa fimleikakennaranum..... 700 —			
handa dyraverði ..... 1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..... ..... 300 —	4,400 »	4,400 »	
c. önnur útgjöld: 1892. 1893.			
1. til bókasafns skólans 600 kr. 600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa 1,000 — 1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan ..... 1,000 — 1,000 —			
4. til tímakennslu. .... 1,100 — 1,100 —			
5. ölmusur ..... 6,000 — 6,000 —			
6. þóknun handa lækni 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld .... 1,000 — 1,000 —			
8. fyrir prestsverk .... 48 — 48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:			
a. í náttúrusögu .... 500 — 200 —			
b. í eðlisfræði ..... 500 — 200 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni .... 300 — 300 —	12,148 »	11,548 »	
	36,348 »	35,748 »	72,096 »
flyt			158,696 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar:			158,696 »
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600 »	6,600 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna ..... 400 kr.	400 kr.		
2. til eldiviðar og ljósa.....500 —	500 —		
3. til skólahússins utan og innan 200 —	200 —		
4. til viðgjörðar á skólahúsinu... 1,000 —	» —		
5. ýmisleg útgjöld .....400 —	400 —		
6. til styrkveitingar námspiltum 500 —	500 —		
	3,000 »	2,000 »	
	9,600 »	8,600 »	18,200 »
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun.....	1,500 »	1,500 »	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa .. .. 500 kr.			
2. til timakennslu .... 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. .... 200 —	1,300 »	1,300 »	
	2,800 »	2,800 »	5,600 »
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík. . . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . . 2,000 — þar af 800 kr. til húsabygginga.			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . . 1,200 —			
4. — kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 — Öll upphæðin (2000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þar af 500 kr. til námsmeyja.	7,000 »	7,000 »	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Þar af til eptirlits allt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landsjóði.	4,000 »	4,000 »	
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers. Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000 »	4,000 »	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500 »	2,500 »	
d. til kennarafræðslu	500 »	500 »	
flyt	18,000 »	18,000 »	182,496 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar	18,000	18,000	182,496 »
e. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
f. til verzlunarskóla í Reykjavík	250 »	250 »	
g. styrkur handa manni til að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum, fyrra árið.....	1,000 »		
h. til skólaiðnaðarkennslu: 1892 1893.			
til áhaldakaupa handa 10 nemendum ..... 400 kr. » kr.			
til viðgerðar á kennslustofu og húsnæðis .. 200 — » —			
kennslukaup fyrir 8 mánuði 500 — 500 —	1,100 »	500 »	
	21,350 »	19,750 »	41,100 »
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200 »	200 »	
b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi	500 »		
c. til sundkennslu annarstaðar ..... Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800 »	800 »	
	1,500 »	1,000 »	2,500 »
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga: 1892. 1893.			
a. laun bókavarðar .... 1,000 kr. 1,000 kr.			
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur 700 — 700 —			
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga ..... 100 — 100 —			
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá ..... 1,800 — 1,800 —			
flyt 3600 kr. 3600 kr.			226,096 »

		1892.	1893.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar 1892. 3,600 kr. 1893. 3,600 kr.			226,096 »
	e. til eldiviðar og áhalda m.m. 450 — 450 —			
	f. brunabótagjald fyrir safnið 300 — 300 —	4,350 »	4,350 »	
2.	til amtsbókasafnsins á Akureyri og amtsbókasafns Vesturamtsins	400 »	400 »	
3.	til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000 »	1,000 »	
4.	til Þjóðvinafjelagsins	400 »	400 »	
5.	til forngripasafnsins:			
	a. til að útvega forngripi og til áhalda. 1,000 kr.			
	b. til umsjónar 400 —			
	c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja 1,000 —	2,400 »	2,400 »	
6.	styrkur til kennara Benedikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið. Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800 »	800 »	
7.	til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið	600 »	600 »	
8.	styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir í Skaptafellssýslu og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000 »	1,000 »	
9.	til Fornleifafjelagsins. Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300 »	300 »	
10.	til Náttúrufræðisfjelagsins	400 »	400 »	
11.	styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200 »	1,200 »	
12.	ferðastyrkur til hjeraðslæknis Ásgeirs Blöndals.	1,200 »	» »	
13.	ferðastyrkur til cand. med. Guðm. Magnússonar	1,200 »	» »	
14.	ferðastyrkur til cand. polyt. Sigurðar Thoroddsens	1,200 »	» »	
15.	styrkur til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til að koma skipulagi á landskjalasafnið, og halda áfram skrásetningu yfir það	600 »	600 »	
16.	styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600 »	600 »	
	flyt	17,650 »	14,050 »	226,096 »

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
flyt	17,650 »	14,050 »	226,096 »
17. Til tannlæknis O. Nickolins til að halda áfram tannlækningum hjer á landi.....	500 »	500 »	
18. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum.....	500 »	500 »	
19. Til kennara Halldórs Briems til að gefa út kennslubók í þykkvamálsfræði...	300 »		
20. Til Torfhildar Holm til ritstarfa.....	500 »	500 »	
21. Skáldlaun til síra Matthíasar Jochumssonar...	1000 »	1000 »	
samtals	20,450 »	16,550 »	37,000 »
			263,096 »

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thorarensen 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur, sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli, 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 12,266 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um skipun dýralækna á Íslandi öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Gagnfræðaskólanum í Flensborg veitist lán af viðlagasjóði að upphæð allt að 4000 kr. til aðgjörðar á skólahúsinu gegn veði í því með jörðinni Flensborg, og 6% í vexti og afborgun í 28 ár.

Nd.

496. Breytingartillögur

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga 1892 og 1893 (þingskjal 490). Frá Páli Briem.

1. Við 2. a. Á eptir orðunum: „hagað svo annaðhvort“, komi: „1“.
2. Við 1. c. Á eptir orðunum: „komi það í 1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík“, bætist: „og Stykkishólmi og Flatey“.

Nd. **497. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (468). Frá Jóni Jónssyni þm. N.-Þ.

Við tölul. 3. »og farþegar á æðra — — — — — — sem þeir njóta«, falli burtu.

Ed. **498 Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti. (Eptir 2. umr.í Ed.).

Endurborgun sú af láni úr landsjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðum Suður-og Norður-Þingeyjarsýslu, fellur niður um helming frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Ed. **499. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um friðun á laxi.

Við undirskrifaðir 2 nefndarmenn álítum, að breytingar neðri deildar á frumvarpinu eins og það kom frá efri deild sjeu þess eðlis, að vel megi á þær fallast, og með því við erum á þeirri skoðun, að frumvarp þetta, nái þar fram að ganga, sje verulega betra en lög þau, sem nú eru í gildi um þetta efni, viljum við ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarpið óbreytt.

Efri deild alþingis, 22. ágúst 1891.

L. E. Sveinbjörnsson, form. og framsögum.
Grímur Thomsen.

Með fyrirvara
Á. Thorsteinson.
skrifari.

Breytingartillögur

minni hluta nefndar (Á. Th.) við frumv. til laga um friðun á laxi.

1. Við 1. gr. Í stað »2½ mánuð« komi: »3 mánuði«.
2. Aptan við gr. bætist:
»Á þessum veiðitíma skal þó ekki lax veiddur 36 stundir í viku hverri, frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum. Skulu þá laxanet tekin upp og fastar veiðivjelar standa opnar, svo að lax hafi frjálsa göngu. Í stórvötnum, þar sem veitt er með króknetum, skal það nægja, að ásinn sje úr þeim tekinn og oddinn bundinn saman«.
3. Við 2. gr. Aptan við greinina bætist:
»Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskifór í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl«.

Nd. **500. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir eina umr. í Ed.). Frá Indriða Einarssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

»Þó skal og bannað að selja áfenga drykki, hvort heldur er á veitingastöðum eða í verzlunarbúðum, frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum«.

Nd. **501. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (490). Frá Lárusi Halldórssyni.

Fyrri stafliður a. falli burt.

Ed. **502. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á laxi. Frá E. Th. Jónassen, Jóni A. Hjaltalín og J. Havsteen.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin: »nema 2½ mánuð« komi orðin: »nema 3 mánuði«, og fyrir orðin: »3 mánuði« komi: »allt að 3½ mánuði».
2. Aptan við 2. gr. bætist: »Eigi maður einn veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því að eins að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl«.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna: »Þó má ekki — 1. júlí ár hvert« komi: »Þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða selalátra frá 1. maí til 1. ágúst ár hvert«.

Ed. **503. Frumvarp**

til laga um fjárráð giptra kvenna og fleira. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Rjett er að giptar konur sjeu hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna: skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gjörður í tveggja votta viðurvist; og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samninga til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gjöra hjónaefni hjúskaparmála; skal hann áður brullaup fer fram þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum. Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir og skal hann, áður brullaup fer fram, fyrirfram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn eða fyrirfram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvor ábyrgð skuli bera skulda; enda skerðir slíkur hjúskaparmáli þótt þinglesinn sje í engu rjett þeirra, er

áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjör, nema að sannað verði að þeim, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir að það skuli sjereign vera, er öðruhvoru hjóna hlotnast við arf eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu nema öðru vísi sje umsamið í hjúskaparmála. Eigi má hann þó selja, veðbinda nje leigja þær fasteignir, sem konan flutti í búið, nema samþykki hennar komi til.

Nú hefur bóndi gjört slíkan samning að konunni fornspurðri, og er henni þá rjett að ripta gjörningnum, en málsókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi eða frá því að hún fjekk vitneskju um gjörninginn.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu; en heimilt er hvoru hjóna eða erfingjum þess að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu og hefur hún þá ein rjett til að ráða yfir hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi má ekki taka atvinnuarð þenna til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað án þess að samþykki konunnar hafi komið til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimta að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, og skal gjörningur sá þinglesinn á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna er vill, nema sannað verði að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur. Þó er gjöf ógild nema sannað verði að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin. Þessi ákvæði ná þó ekki til smágjafa þeirra, sem hjón gefa hvort öðru, og sem ætluð er því hjóna, er gjöf þáði, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum eða fyrir aldurs sakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds- eða tilsjónarmanns.

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjermeð úr lögum numin.

Ed.

504. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina að taka menn til kennslu:
1) iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;
2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því, að kennslusamningum hefur verið slitið;
3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi, nema brýna nauðsyn beri til.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til eða að það sje berlega áskilið í námssamningnum.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er námstíminn er á

enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefir stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendum. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.).

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir, að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu, að annast hjúkrun og lækning hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði þeim, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annnars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur aptur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;
2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki

innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistari getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samk ræmt því er segir í 11. gr.;
2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;
2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda, eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2. og 4. eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögelg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verið á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr.

skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta—nema þyngri refsingarákvæði eigi við—sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr.—nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga—eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu, eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera, og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra nema 1. gr.—sbr. 3. gr., 1. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr.—og 18. gr.

Sþ. **505. Frumvarp**

til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. (Eptir eina umr. í Nd.).

Opið brjef 26. septbr. 1860, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, er hjer með úr lögum numið. Þó skal og bannað að selja áfenga drykki, hvort heldur er á veitingastöðum eða í verzlunarbúðum, frá miðaptni til miðnættis á helgum dögum.

Nd. **506. Frumvarp**

til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti. (Eptir 3. umr. í Ed.).

Endurborgun sú af láni úr landsjóði til Skjálfandafljótsbrúnna með vöxtum, sem eptir lögum 27. febr. 1880 3. gr. hvíldi á jafnaðarsjóði Norður- og Austuramtsins, sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og sýsluvegasjóðu n Suður og Norður-Þingeyjarsýslu, fellur niður um helming frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Ed. **507. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri eptir óskum og tillögum sýslunefnda; þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sömu sýslu.

2. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn; skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn af flokki kjósenda í kaupstaðnum; en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum, og einn af kjósendum er sýslunefndin kýs. Þessi kjörstjórn skal mæta á kjörstöðum sýslunnar.

Nd. **508. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (Eptir eina umr. í Ed.)

1. gr. Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess ollandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur en ákveðið er í 1. gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landsjóðs.

Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstaklegri einkamálslögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorn tveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landsjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landsjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr.

eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er í hlut á, fer kratan til skaðabóta fyrir tjártjón til þess hjóna, er eptir lifir, og niðja hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landsjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið, áður en þau öðlast gildi.

Ed.

509. Frumvarp

til laga um afnám vistarskyldu og um lausamenn. (Eptir 2. umr. í Ed.).

1. gr. Hverjum þeim manni, konu sem karli, sem er tvítugur að aldri og eigi er sveitþurfi, nje ómagi annars, skal heimilt að losa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef til lausamennsku hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar er hann á lögheimili.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 5 kr., en kvennmaður 2 kr., er rennur í bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Leyfisbrjef þetta gildir, meðan hlutaðeigandi, frá því er hann tók leyfisbrjefið, dvelur samfleytt í sama sveitarfjelagi.

Flytji lausamaður heimilisfang sitt úr því sveitarfjelagi í annað, og fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum þeim fyrir lausamennsku, er sett eru hjer að framan, ber honum að leysa leyfisbrjef til lausamennsku á ný, og greiða hið sama leyfisbrjefsgjald til sveitarfjelags þess, er hann flytur í.

Hið sama er og, ef hann víkur ári lengur úr sveitarfjelagi og vill aptur setjast þar að í lausamennsku.

2. gr. Til þess að maður geti fengið leyfisbrjef það, er ræðir um í 1. gr., verður lausamaður að sanna, að hann eigi víst heimili hjá einhverjum þeim húsráðanda í hreppnum eða bænum, sem oddviti tekur gildan ábyrgðarmann fyrir lausamanninn, ella setja aðra fullgilda ábyrgð.

3. gr. Oddvita hverjum er skylt að halda greinilega bók yfir alla lausamenn í bænum eða hreppnum. Í bókina skal rita nafn lausamannsins, aldur og fæðingarstað, hvenær og hvaðan hann hafi komið, heimili hans, hjá hverjum það sje, hvenær og til hvers húsráðanda hann tjáist fara í annan bæ eða hrepp. Oddviti skal og gefa viðkomandi oddvita til vitundar um flutning lausamannsins.

4. gr. Sektum skal sæta húsráðandi sá, er hilmir yfir með lausamanni, til þess hann komist hjá að greiða lögskyldur eður að villa sveitfesti; skal húsráðandi og, þegar svo á stendur, þess utan skyldur að svara gjöldum þeim öllum, er lausamaðurinn hefir komizt hjá, ella oddviti, ef það sannast á lögmætan hátt, að húsráðandi reynist ógildur borgunarmaður.

5. gr. Þeir menn, er rjett hafa til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 halda þeim rjetti sínum, en að öðru leyti er tilskipunin úr lögum numin að því er lausamenn snertir.

6. gr. Brot gegn 1., 2., 3. og 5. gr. varða sektum allt að 100 kr., er renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr. Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Sþ. **510. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám opins brjefs 26. septbr. 1860. Frá J. Havsteen.

Orðin: »Þó skal og — — — — — á helgum dögum«, falli burtu.

Nd. **511. Nefndarálit.**

Nefndin hefur íhugað frumvarpið til laga um brýrnar á Skjálfandafljóti, eins og það kom frá efri deild, og ræður meiri hluti nefndarinnar hinni háttvirtu neðri deild til þess að samþykkja frumvarp þetta, úr því sem komið er, óbreytt.

Alþingi, 24. dag ágústmán. 1891.

B. Sveinsson, form. og framsögum. Eiríkur Briem.

Jeg get ekki ráðið hinni h. deild til að samþykkja frumvarpið eins og h. efri deild hefur skilizt við það.

Sigurður Stefánsson.

Ed. **512. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893.

Fjárhagsnefndin í efri deild hefur íhugað frumvarp þetta með þeim breytingum, er það hafði tekið í hinni háttvirtu neðri deild, eptir að það hafði verið rætt þar eptir 3. umræðu þess í efri deild.

Nefndin hefur ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Vjer undirskrifaðir, meiri hluti nefndarinnar, leggjum það til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar breytingar:

1. Við 10. gr. C. 4. b. Athugasemdin: „Landshöfðinginn úthlutar . . . samþykkt“ falli burt.
2. Við 10. gr. C. 4. c. „Til fjenaðarsýninga allt að 1000 kr. — 1000 kr.“ falli burt.
3. Við 10. gr. C 4. h. Fyrir: „1000 kr“ komi: „3000 kr.“
   og bætist við svohljóðandi athugasemd: „Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til $^1/_4$ móti $^3/_4$ úr landsjóði“.
4. Við 12. gr. C. a. Stafliðurinn orðist þannig:
   „Til strandferða allt að 21,000 kr.—með því skilyrði að landstjórnin hlutist til um að strandferðunum verði hagað sem næst tillögum alþingis, að unnt er“.

5. Við 12. gr. C. b. Fyrir: „3000 kr.“, komi: „2400 kr.“.
— — — — c. Fyrir: „3000 kr.“, komi: „2400 kr.“.
— — — — d. Fyrir: „3000 kr.“, komi: „2400 kr.“.
— — — — e. Fyrir: „3000 kr.“, komi: „2400 kr.“.
— — — — f. Fyrir: „3000 kr.“, komi: „2400 kr.“.

6. — 13. — A. b. Eptir 4. tölulið bætist inn nýr töluliður (5. töluliður), svo hljóðandi: „bráðabirgðaruppbót handa hinum núverandi presti í Akureyrarprestakalli, gegn því, að presturinn í Grundarþingum njóti leigulausrar ábúðar á kirkjujörðinni Hrafnagili, 600 kr. — 600 kr.“.

7. Við 13. gr. B. VI. b. 1. Orðin: „Þar af til eptirlits allt að 200 kr. hvort árið“, falli burt.

8. Við 13. gr. C. 21. „Skáldlaun til síra Matthíasar Jochumssonar 1000 kr. — 1000 kr.“ falli burt

Leyfum vjer oss svo að leggja það til, að hin heiðraða efri deild samþykki frumvarpið með ofanskrifuðum breytingum.

Efri deild alþingis, 24. ágúst 1891.

E. Th. Jónassen framsögumaður. F. S. Stefánsson Skúli Þorvarðarson.

Sþ. **513. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám opins brjefs 26. sept. 1860. Frá Indriða Einarssyni, Sighv. Árnasyni, Skúla Thoroddsen, Lárusi Halldórssyni, Jens Pálssyni, Páli Ólafssyni, Jóni Þórarinssyni, Árna Jónssyni og Gunnari Halldórssyni.

Í stað orðanna: „Þó skal og bannað“, komi: „Þó skal bannað“.

Ed. **514. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 13. gr. C. 4. Fyrir: „til Þjóðvinafjelagsins 400 — 400“, komi: „til Þjóðvinafjelagsins 600 — 600“.

Nd. **515. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um tilboð til að halda uppi strandferðum (486). Frá fjárlaganefndinni.

Fyrir: »Samkvæmar þingsályktun« o. s. frv. til enda komi: »svo lagaðar sem hjer segir:

1. að strandferðunum verði hagað annaðhvort svo:
   a. að póstskip fari um miðjan marz frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur.
   b. að póstskip fari 5 ferðir norðan um land til Reykjavíkur og 5 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem yfirstandandi ár og, auk þeirra staða, er póstskipin á yfirstandandi ári koma við á, komi það þá í

1. ferðinni til og frá Reykjavík við á Húsavík og Stykkishólmi eða Flatey; í 2. ferðinni til og frá Reykjavík við á Fáskrúðsfirði, Hofsós og Borðeyri; í 3. ferðinni, er gengur frá Reykjavík sunnan um land til Berufjarðar í júnímánuði, komi skipið við, ef veður leyfir, innan við Garðskaga; á leiðinni frá Berufirði norður um land í sömu ferðinni á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík og Ólafsvík; og á leiðinni frá Reykjavík á Ólafsvík, Borðeyri og Húsavík; í 4. ferðinni til og frá Reykjavík komi það við á Fáskrúðsfirði, Hofsós, Borðeyri og Flatey, og í 5. ferðinni til Reykjavíkur komi það við á Borðeyri; en í sömu ferð frá Reykjavík komi það við á Flatey, Sauðárkrók og Fáskrúðsfirði, og haldi þaðan til Reykjavíkur um miðjan október;

c. að póstskip fari snemma í maí frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði;

d. að póstskip fari um miðjan maí frá Reykjavík til Austfjarða;

e. að póstskip fari síðari hlut júlímánaðar frá Reykjavík til Ísafjarðar og þaðan aptur til Reykjavíkur og komi í báðum leiðum við á Breiðafirði;

f. að póstskip fari í júlímánuði frá Austfjörðum til Reykjavíkur og frá Reykjavík til Austfjarða sunnan um land;

g. að póstskip komi við á Seyðisfirði, Eskifirði og Fáskrúðsfirði og ef veður leyfir innan við Garðskaga á leið til Reykjavíkur seint í september;

eða svo:

a. að póstskip fari 3 ferðir norðan um land til Reykjavíkur, og 3 ferðir norður um land frá Reykjavík um sama leyti sem 1., 3. og 5 strandferð yfirstandandi ár, og með sömu viðkomustöðum;

b. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur milli Reykjavíkur og Ísafjarðar sem næst samkvæmt áætlun á þingskjali 461;

c. að póstskip fari 6 ferðir fram og aptur austur og norður um land milli Reykjavíkur og Borðeyrar, sem næst samkvæmt áætlun á þingskjali 462.

2. Að strandferðaskipin hafi tvenn farþegarúm, hið æðra fyrir eigi færri en 30 farþega og hið óæðra fyrir um 50 farþega.

3. Að milli hafna hjer á landi megi farþegar á þilfari og hinu óæðra farþegarúmi hafa fæði með sjer, og farþegar á æðra farþegarúmi þurfi eigi að borga annað fæði en það, sem þeir njóta.

4. Að farþegagjald og flutningsgjald milli hafna hjer á landi verði eigi sett hærra, en verið hefur að undanförnu.

5. Að farþegagjald hafna á milli á Íslandi sje ódýrara, ef borgað er í einu fyrir að fara með skipinu fram og aptur í sömu ferð.

6. Að útgjörðarmenn skipanna taki á móti lögsókn í Reykjavík í öllum þeim málum, er rísa út af póstskipsferðunum og flutningum með þeim.

Sþ.

516. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eptir eina umr. í Ed.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1892 og 1893 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,069,800 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 786,400 kr.

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	23,000	23,000	46,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	12,500	12,500	25,000
4. aukatekjur	20,000	20,000	40,000
5. erfðafjárskattur	1,700	1,700	3,400
6. gjöld af fasteignasölum	1,000	1,000	2,000
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	25,000	25,000	50,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	95,000	95,000	190,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	43 000	43,000	86,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	3,000	3,000	6,000
samtals	393,200	393,200	786,400

3. gr. Tekjur af fasteignum landsjóðs og fl. eru taldar 52,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landsjóðs, alls 35,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls 9,000 —	26,000	26,000	52,000
2. Tekjur af kirkjum	300	300	600
samtals	26,300	26,300	52,600

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 70,600 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	31,000	31,000	62,000
Upp í lán verður borgað:			
á árinu 1892 25,481 kr. 75 a.			
- — 1893 25,102 — 24 -			
50,583 kr. 99 a.			
2. Leigur af láni landsjóðs til landsbankans	4,300	4,300	8,600
samtals	35,300	35,300	70,600

Af láni til Staðarbyggðarmýrar greiðist að eins 4% á ári í leigu og afborgun af hinni upphaflegu upphæð.

Búnaðarskólanum á Hvanneyri veitist frestur á fjárhagstímabilinu á afborgun á lánum til hans af viðlagasjóði.

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 151,000 kr.:

	1892.	1893.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	16,500	14,500	31,000
samtals	76,500	74,500	151,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1892 og 1893 veitast til útgjalda 1,047,733 kr. 80 au. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1892: 12,400 kr., og árið 1893: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 296,893 kr. 80 a.

	1892.	1893.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna	18,900 »	18,916 66	37,816 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800 »	3,800 »	7,600 »
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000 »	3,000 »	6,000 »
	25,700 »	25,716 66	51,416 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000 »	6,000 »	
flyt	75,697 57	75,697 57	51,416 66

			1892.	1893.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	75,697 57	75,697 57	51,416. 66
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400 »	1,400 »	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:				
		1892. 1893.			
	a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
	viðbót fyrir hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 — 100 —			
	þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 — 1,225 —			
	3 skamtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 — 230 —			
	þvottur	30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa ...	520 — 520 —			
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld.	400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni	500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld	150 — 150 —			
		4,215 kr. 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn	615 — 615 —			
		3,600 kr. 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 — 100 —	3,700 »	3,700 »	
4.	önnur útgjöld:				
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn	1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn	50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum	40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk	150 —	5,200 »	5,200 »	
			85,997 57	85,997 57	171,995. 14
		flyt			223,411. 80

	fluttar	1892. kr. a.	1893. kr. a.	alls. kr. a.
				223,411. 80
C.				
Ýmisleg útgjöld:				
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir	1,591 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum	250 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri 40 kr. fyrir örkina	600 —	2,741 »	2,741 »	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200 »	1,200 »	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar		1,600 »	1,600 »	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans í Ólafsdal 2,500 kr.				
2. — — á Hólum 3,500 —				
3. — — - Eyðum 2,000 —	1892. 1893.			
4. — — - Hvanneyri 2,000 —	kr. kr.			
	10,000 10,000			
b. til búnaðarfjelaga	12,000 12,000			
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu.				
